7. Aðrir vextir. Hjer eru taldir vextir af varasjóði Landsverslunar 72 þús. kr., af reksrarfje áfengisverslunar um 30 þús. kr., af láninu til Flóaáveitufjelagsins um 30 þús. kr., auk vaxta af dýrtíðarlánum.

Um 5. gr.

3. Afborganir af dýrtíðarlánum m. m. Hinsvegar er gert ráð fyrir að eiginleg skuld Landsverslunar til ríkissjóðs verði að fullu greidd á árinu 1926.

GJALDABÁLKURINN.

Um 7. gr.

Skrá yfir afborganir og vexti verður afhent fjárveitinganefndum.

Um 8. gr.

Upphæðin er lögákveðin.

Um 9. gr.

Óbreytt eins og í fjárl. 1926.

Um 10. gr.

I. 1. a. Launin eru áætluð með dýrtíðaruppbót samkv. l. nr. 16, 1925.

I. 6. b. Upphæðin lækkuð um 1000 kr. frá því sem nú er vegna væntanlegrar verðlækkunar.

II. 3. Sömuleiðis,

II. 6. Samkvæmt upplýsingum frá hagstofustjóra mun ekki þýða að áætla liðinn lægra en 20 þús. kr.

III. Þegar Sveinn Björnsson beiddist lausnar frá sendiherraembættinu í Kaupmannahöfn árið 1924 og fór heim, var embætti þetta í sparnaðarskyni, vegna þröngs fjárhags ríkissjóðs, látið niðurfalla um stund, en lögin um embættið hjeldust í gildi. Nú hefir hagur ríkissjóðs batnað svo, að fært þykir að endurreisa sendiherraembættið. Fjárveitingin til embættislaunanna og annars kostnaðar við embættið er sett með ráði Sveins Björnssonar, sem þessu er allra manna kunnugastur.

Um 11. gr.

A.

1. a. Launaupphæðin er miðuð við núverandi tilhögun.

4. a. Samkvæmt tillögum bæjarfógeta er gert ráð fyrir aldurshækkun á launum 300 kr. + dýrtíðaruppbót handa Benedikt Þ. Gröndal.

5. a.—b. Laun fulltrúa, skrifara og tollvarða við lögreglustjóraembættið eru hjer áætluð eins og þau nú eru, eða vera mundu með 60% uppbót. Lögreglustjóri hefir farið fram á nokkrar hækkanir, og verður erindi hans lagt fyrir fjárveitinganefnd.

8. Til landhelgisgæslu. Gert er ráð fyrir að halda úti hinu nýja skipi og »Þór« mestan hluta ársins. Sökum þess að reynslu vantar, er ekki unt að gera ábyggilega áætlun um útgerðarkostnað skipanna, en tillagan er miðuð við, að hann verði 400 þús. kr. alls, og komi þar af 125 þús. kr. frá landhelgissjóði en 25 þús. kr. frá Vestmannaeyjakaupstað til endurgjalds fyrir þá sjerstöku veiðigæslu, sem ætlast er til að »Þór« haldi uppi þar á vetrarvertíð.

10. Upphæðin er hækkuð um 1000 kr. frá því sem er í fjárl. 1926, og má ekki lægri vera.

B.

2. Vegna hækkunar á fasteignagjöldum til Reykjavíkurbæjar er óhjákvæmilegt að hækka liðinn upp í 25 þús. kr.

5. Kostnaður við eyðublöð o. þ. h. hefir áður verið greiddur af óvissum gjöldum, en eðlilegra þykir að taka hann hjer inn og áætla eftir því sem reynst hefir undanfarin ár.

Um 12. gr.

1.—10. Þessir liðir eru eins og hinir tilsvarandi í fjárl. 1926.

11. Sjúklingur þessi mundi eiga rjett til vistar á Kleppi, ef pláss væri þar, en hann er erfiður og engin batavon og vill yfirlæknir hliðra sjer hjá því, að taka hann, en aðstandendum hefir tekist að útvega honum stað erlendis. Er þess vegna stungið upp á hjer umræddri fjárveitingu.

13.—15. Þær smávægilegu breytingar á fjárveitingunum til sjúkrahúsanna á Laugarnesi og Kleppi og Heilsuhælisins á Vífilsstöðum, sem felast i tillögunum, eru að mestu gerðar samkvæmt tillögum yfirlæknanna, er lagðar verða fyrir fjvn.

16. c. Að gefnu tilefni er aukið því skilyrði við, að utanhjeraðssjúklingar, sem borgað er fyrir af almannafje, njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar,

Um 13. gr.

A. Póstmál.

Upphæðirnar eru settar alveg eftir tillögum aðalpóstmeistara, lögmælt laun með 60% dýrtíðaruppbót.

B. Vegamál.

Þessi kafli er alveg samhljóða tillögum vegamálastjóra, sem lagðar verða fyrir þingið, að öðru en því, að liðurinn 13. B. IV. er hjer áætlaður 25 þús. kr. eins og tekjuliðurinn 2. gr. 10.

Í yfirliti vegamálastjóra yfir vegabætur og fjárveitingar til þeirra, sem prentað er sem fylgiskjal með nál. fjnd. n. d. 1925 (Alþt. 1925, B. bls. 402—409) var gert ráð fyrir að fjárveitingar til vegabóta yrðu að meðaltali áriu 1926—28 alls 521 þús. kr. árlega, en 623 þús. kr. árin 1929—32. Hjer er nú stungið upp á talsvert hærri upphæð, eða rúmum 830 þús. kr. Hafði ráðuneytið skýrt vegamálastjóra frá því, eins og tekið er fram í greinargerðinni fyrir tillögum hans, að stjórnin vildi flýta fyrir lagningu vegarins milli Borgarness og Norðurlands með því að taka veginn yfir Holtavörðuheiði (36.6 km., um 350 þús. kr.) í 1. flokk nýbygginga, án þess að draga fyrir það neitt úr öðrum tillögum í áðurnefndu yfirliti hans. Ætti þá að verða kominn akvegur fyrir bifreiðar úr Borgarnesi alt norður að Bólstaðarhlíð í Húnavatnssýslu í síðasta lagi 1932. Ennfremur tjáði ráðuneytið vegamálastjóra, að stjórnin vildi yfir höfuð eftir því sem fjárhagur ríkissjóðs leyfði stuðla að því, að vegagerðunum gæti eftirleiðis miðað hraðar áfram en undanfarin ár, og hefir hann samkvæmt þessu einnig farið fram á ríflegri upphæðir til brúargerða og annara vegagerða en áformað var 1925, og hefir ráðuneytið fallist á uppástungur hans í þessu efni.

C. Samgöngur á sjó.

Upphæðin til fjarðabáta er lækkuð um 2000 kr. með hliðsjón af lækkun á útgerðarkostnaði. Að öðru leyti óbreytt.

D. Hraðskeyta- og talsímasamband.

Gjöldin eru áætluð eftir tillögum landssímastjóra, nema liður I, þar hefir landssímastjóri stungið upp á 30 þús. kr., en eigi þótt ástæða til að áætla nema 25 þús. kr.

E. Vitamál.

Tillögum vitamálastjóra, sem lagðar verða fyrir fjvn., er að mestu fylgt. Hefir ekki þótt fært að fresta lengur fjárveitingu til landtökuvita á Dyrhólaey, og er til hans ætluð langstærsta upphæðin, 160 þús. kr.

Um 14. gr.

A. Andlega stjettin.

b. 4. Framlagið til prestlaunasjóðs hækkar um 25 þús. kr. m. a. vegna breytingarinnar sem lög nr. 16, 1925 gera á dýrtíðaruppbót sveitapresta.

B. Kenslumál.

I. j. Stjórn mötuneytis stúdenta hefir farið fram á eftirgjöf á viðlagasjóðsláni Mensæ Academicæ að upphæð 3000 kr., og þykir rjett að verða við þeirri málaleitun eftir að samskonar eftirgjöf hefir í fjárl. 1926, 14. gr. B. V. 8., verið veitt mötuneyti kennaraskólanemenda.

II. Athugasemd sú, sem staðið hefir í fjárlögum um skilyrði fyrir námsstyrk erlendis, þykir mega falla burtu, vegna tilsvarandi ákvæða í lögum nr. 35, 1925.

III. 4. Upphæðin til stundakenslu og prófdómenda er 20500 kr. í fjárl. 1926, en hana má ekki áætla lægri en 27000 kr., eftir þeim nemendafjölda, sem er nú í skólanum.

III. 12, Rektor hefir farið fram á ýmsar umbætur á húsum og lóð mentaskólans, og verða erindi hans lögð fyrir þingið. Í þetta sinn hefir ekki þótt fært að taka upp aðrar fjárveitingar í þessu skyni, en hjer taldar 5000 kr. til malbikunar á skólalóðinni.

IV. b. 1, Ekki mun mega áætla upphæðina lægri en hjer er gjört.

V. b. 1. Upphæðin til stundakenslu hefir verið áætlað of lágt í fjárl. undanfarinna ára.

VIII. 1. c. 4. Upphæðin til ýmislegra gjalda við Hólaskóla er hækkuð úr 5000 kr. upp í 9000 kr., sökum þess að viðhaldi húsanna er mjög ábótavant og óhjákvæmilegt að kosta meira til þess en gert hefir verið.

VIII. 1. d. Áformað er, að skólastjóri taki nú við skólabúinu, en búið er of lítið á jörðina og hefir skólastjórinn sett það skilyrði, að búið verði aukið svo sem hjer er farið fram á.

XIII. 2.—4. Í fjárl. 1926 eru áætlaðar 315000 kr. til launa- og dýrtíðaruppbótar barnakennara, og 9000 kr. til farskóla og eftirlits með heimafræðslu. Fyrnefnda upphæðin mun vera miðuð eingöngu við kennara við fasta skóla, og fer heldur hækkandi, svo að hana má ekki áætla lægri en 324 þús. kr. Laun farkennara, sem skipaðir eru samkvæmt lögum nr. 75, 1919, mun eigi mega áætla lægri en 31000 kr., og er sú upphæð tekin hjer í 3, lið, en aftur má þá síðasttalda upphæðin lækka úr 9000 kr. í 5000 kr., samkvæmt reynslu síðustu ára.

XIV. 1. c. 4. Þessi liður er settur eftir tillögum skólastjóra, og ætlaður til húsmuna í viðbótarbygginguna, sem reist verður á Eiðum samkvæmt veitingu í fjárl. 1926.

Um 15. gr.

1. f. Farist hefir fyrir í nokkur ár, að gefa út ritaukaskrár fyrir landsbókasafnið, og er upphæðin ætluð til þess að þær verði nú gefnar út í einu lagi.

17. a. Rjettara þykir að styrkurinn til yngri skálda og listamanna sje ekki sundurliðaður í fjárlögunum.

17. d. Farið er fram á 1000 kr. hækkun á fjárveitingunni, til að kaupa listaverk, frá því sem nú er.

26. Rjett hefir þótt að verða við umsókn cand. theol. Sveinbjörns Högnasonar um nokkurn styrk til framhaldsnáms, og verður erindi hans lagt fyrir þingið.

40. Það hefir reynst óhjákvæmilegt hin síðari árin, að verja nokkru fje til þess að veita mönnum utanfararstyrki, til þess að sækja alþjóðafundi eða fundi sem boðað er til fyrir Norðurlönd sjerstaklega, eða til að kynnast markverðum nýjungum á ýmsum sviðum. Hafa upphæðir í þessu skyni verið teknar í fjáraukalög, en rjettara þykir að fjárveitingarvaldið ákveði fyrirfram á venjulegan hátt, hve miklu það vill verja í þessu skyni, og því er stungið upp á þessari fjárveitingu.

Um 16. gr.

1. Styrkurinn til Búnaðarfjel. Íslands er eins og í fjárl. 1926 og þýðir það í raun og veru hækkun vegna þverrandi dýrtíðar.

2. Sandgræðslustyrkurinn er talsvert hækkaður, því að sýnilegt er, að það fje ber góðan árangur. Í þetta skifti hefir stjórnin ekki sjeð fært að taka fjárveitingu til húsagerðar í landi Stóruvalla. Telur hún rjettara fyrst um sinn að leigja bændum í kring slægjur í landi jarðarinnar, en að byggja þar býli. — Hinsvegar ber að leggja áherslu á að girða sem mest af sandgræðslusvæðunum.

3. Liðurinn lækkaður um 5000 kr. með tilliti til næsta liðs á eftir.

4. Liðurinn óbreyttur, enda áætlaður.

5. Í samræmi við aðgerðir síðasta þings.

7. Skógræktarfjeð er hækkað talsvert, vegna þess að með því fje, sem nú er veitt, er því nær ekkert unt að gera. Ennfremur er stungið upp á fjárveitingu til styrktar efnilegum manni til þess að nema skógrækt erlendis og verður það að teljast alveg nauðsynlegt. Það nám mun taka 5—6 ár.

9. Liðurinn lækkaður um 2000 kr. vegna lækkunar á verði bæðlyfja.

11. Efnarannsóknarstofan varð að flytja úr húsi Búnaðarfjelags Íslands og leiddi þar af, að hún verður að greiða miklu hærri húsaleigu. Varð að byggja fyrir hana og lána til þess úr Viðlagasjóði, því að hvergi var unt að útvega henni húsnæði.

Forstöðumaður stofunnar kveðst ekki geta rækt skyldur sínar forsvaranlega, nema hann fái að fara utan til þess að kynnast nýjungum í sínu fagi. Fyrir því er tekinn upp 2000 kr. styrkur í þessu skyni, en jafnháa upphæð er gert ráð fyrir að hann fái úr Sáttmálasjóði.

16. Liðurinn lækkaður um 5000 kr.

26. Fjárveitingin til skráritara vörumerkja er hækkuð vegna aukinna starfa og nauðsynjar á betri útbúnaði skrifstofu hans.

28. H. H. Eiríksson námufræðingur er orðinn kennari við kennaraskólann, en hefir umsjón með Helgustaðanámunni og sölu silfurbergs fyrir 2000 kr. þóknun á ári.

31. Liðurinn hækkaður um 300 kr.

33. Liðurinn hækkaður um 3000 kr., með því að reynslan sýnir, að minna dugar alls ekki.

34. Stjórninni þykir rjett að taka upp fjárveitingu til landmælinga, og mun væntanlega verða gerð nánari grein fyrir því í þinginu.

35. Gjöld eftir þessum lið eru lögákveðin.

Um 17. gr.

1. Styrkur til berklasjúklinga. Sá liður fer hraðvaxandi og hefir orðið:

árið	1923	kr. 280914.09
—	1924	— 331747.26
verður —	1925	nál. 500000.00

Með óbreyttri löggjöf tjáir ekki að áætla liðinn lægri en 500 þús. kr., og raunar lítil von um að það reynist nægilegt.

Um 18. gr.

Liðurinn II. f. 19. er nýr, eftirlaun til Kristjáns Blöndals. Hann er með allra elstu póstmönnum á landinu og lætur nú af póstafgreiðslustörfum sakir aldurs og vanheilsu.

Að öðru leyti eru upphæðir þessarar greinar teknar óbreyttar úr fjárl. 1926 með sjálfsögðum leiðrjettingum einungis.

Um 19.—25. gr.

Gefa ekki tilefni til sjerstakra athugasemda.

SKRÁ

yfir lögmælt eftirlaun til embættismanna og embættismannaekkna og barna í árslok 1925.

	kr.	kr.
A. Embættismenn.		
1. Einar Benediktsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu (konungsúrskurður $^{9}/_{4}$ 1907)	641,91	
2. Halldór Briem kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri	1440,00	
3. Marínó Hafstein, sýslumaður í Strandasýslu (konungsúrskurður $^{30}/_{11}$ 1908)	1008,00	
4. Helgi Guðmundsson, hjeraðslæknir í Siglufjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{1}/_{11}$ 1910)	1000,00	
5. Axel Valdimar Tulinius, sýslumaður í Suður-Múlasýslu (konungsúrskurður $^{1}/_{7}$ 1911)	1876,62	
6. Eiríkur Briem, 1. kennari við prestaskólann (konungsúrskurður $^{20}/_{10}$ 1911)	1737,78	
7. Bjarni Jensson, hjeraðslæknir í Síðuhjeraði (konungsúrskurður $^{17}/_{2}$ 1914)	1000,00	
8. Sigurður Þórðarson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu (konungsúrskurður $^{7}/_{10}$ 1914)	2276,70	
9. Björn G. Blöndal, hjeraðslæknir í Miðfjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{28}/_{7}$ 1915)	875,00	
10. Sigurður Ólafsson, sýslumaður í Árnessýslu (konungsúrskurður $^{30}/_{7}$ 1915)	2571,35	
11. Davíð Scheving, hjeraðslæknir í Ísafjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{3}/_{8}$ 1914)	1266,67	
12. Guðmundur Eggerz, sýslumaður í Árnessýslu	1558,52	
13. Skúli Árnason, hjeraðslæknir í Grímsnesshjeraði... ...	800,00	
14. Jón Jónsson, læknir	991,67	
15. Sigurður Magnússon, læknir	963,33	
16. Sigvaldi Kaldalóns, læknir	560,00	
17. Kl. Jónsson, fv. landritari	4000,00	
18. Ólafur Gunnarsson, hjeraðslæknir	490,00	
		25057,55
Flyt ...		25057,55

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	25057,55
B. Embættismannaekkjur og börn:		
1. Camilla Tómasson, ekkja Þórðar Tómassonar hjeraðslæknis, frá 1/13 1873	197,00	
2. Kristjana Hafstein, ekkja Pjeturs Hafsteins amtmanns, frá 1/7 1875...	529,16	
3. Kristín Skúladóttir, ekkja Boga Pjeturssonar hjeraðslæknis, frá 1/1 1890	187,50	
4. Caroline Rósa Jónassen, ekkja E. Th. Jónassen amtmanns, frá 1/10 1891...	750,00	
5. Ragnheiður Guðjohnsen, ekkja Einars Guðjohnsen hjeraðslæknis, frá 1/8 1891	187,50	
6. Ásta Hallgrímsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá 1/1 1894	350,00	
7. Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar hjeraðslæknis í 4. læknishjeraði, frá 1/5 1894...	305,00	
8. Þuríður Johnsen, ekkja Jóns Johnsen sýslumanns í Suður-Múlasýslu, frá 1/11 1895	430,80	
9. Elísabet Ragnhildur Jónsdóttir, ekkja Ólafs Sigvaldasonar hjeraðslæknis, frá 1/6 1896	187,50	
10. Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briems amtmanns, frá 1/1 1905...	625,00	
11. Elín G. Blöndal, ekkja P. Blöndal hjeraðslæknis ...	187,50	
12. Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar hjeraðslæknis	189,37	
13. Lára Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving hjeraðslæknis, frá 1/2 1909	187,50	
14. Elina Marine Bolette Sveinsson, ekkja Hallgríms Sveinssonar biskups, frá 1/1 1910	875,00	
15. Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar hjeraðslæknis í Hróarstunguhjeraði, frá 1/9 1910	150,00	
16. Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar hjeraðslæknis í Sauðárkrókshjeraði, frá 1/11 1910	212,50	
17. Óliva María Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar, frá 1/9 1913...	560,83	
18. Johanne Margrethe Havsteen, ekkja Júlíusar amtmanns Havsteen, frá 1/6 1915	750,00	
19. Sigríður Hjaltadóttir, ekkja Jóns Jenssonar yfirdómara, frá 1/7 1915...	500,00	
Flyt ...	7362,16	25057,55

	kr.	kr.
Flutt ..	7362,16	25057,55
20. Theódóra Thoroddsen, ekkja Skúla Thoroddsen sýslumanns, frá 1/6 1916	535,17	
21. Elín Stephensen, ekkja Magnúsar landshöfðingja Stephensens, frá 1/5 1917...	1166,67	
22. Sofía Johnsen, ekkja fyrv. hjeraðslæknis Þorgríms Johnsen, frá 1/9 1917...	321,53	
23. Þórunn Stefánsdóttir, ekkja fyrv. kennara síra Jónasar Jónassonar, frá 1/10 1917...	200,00	
24. Guðný Bjarnarson, ekkja fyrv. sýslumanns Björns Bjarnarson, frá 1/1 1919	350,00	
25. Vigdís G, Blöndal, ekkja Jóns Blöndals hjeraðslæknis í Borgarfjarðarhjeraði	187,50	
26. Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Jónssonar Aðils prófessors, frá 1/8 1920 ... ... kr. 340,00 Samkv. konungsúrskurði 12/11 1920, handa Jóni Þórði f. 15/1 1913 ... ... — 100,00	440,00	
27. Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar yfirkennara	450,00	
28. Finnboga Árnadóttir, ekkja Odds Jónssonar hjeraðslæknis í Reykhólahjeraði...	187,50	
29. Steinunn Frímannsdóttir, ekkja Stefáns Stefánssonar skólameistara á Akureyri...	715,82	
30. Anna Daníelsson, ekkja hæstarj.d. Halldórs Daníelss.	859,37	
31. Guðrún Björnsdóttir, ekkja Þórðar Pálssonar læknis	187,50	
32. Ágústa Jóhannsdóttir, ekkja Þórhalls Jóhannessonar hjeraðslæknis, frá 1/6 1924	150,00	
33. Ingibjörg Magnúsdóttir, ekkja Júl. Halldórssonar hjeraðslæknis, frá 1/6 1924	212,50	
34. Margrjet Lárusdóttir, ekkja Guðm. Þorsteinssonar hjeraðslæknis, frá 1/4 1924	150,00	
35. Rannveig Tómasdóttir, ekkja Magnúsar Jóhannssonar hjeraðslæknis, frá 1/1 1924 ... ... kr. 187,40 Samkvæmt konungsúrskurði 20/8 1924, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs, 80 kr. árlega: 1. Tómas Gústaf, f. 22/10 1911. 2. Elísabet Vilhelmína, f. 14/7 1914. 3. Karl Jóhann, f. 7/9 1916.		
Flutt... kr. 187,40	13475,72	25057,55

		kr.	kr.
	Flutt ... kr. 187,40	13475,72	25057,55
	4. Guðríður Erla f. 8/1 1921.		
	5. Axel Valgarður, f. 30/9 1922 ... ... kr. 386,67		
		574,07	
36.	Katrín Skúladóttir, ekkja Guðm. Magnússonar prófessors, frá 1/12 1924	425,00	
37.	Til tveggja barna H. Hafsteins.	200,00	
38.	Anna Gunnlaugsson, ekkja Halldórs Gunnlaugssonar, hjeraðslæknis, frá 1/1 1925. ... ... kr. 150,00		
	Samkv. konungsúrskurði 10/8 1925 með hverju barni hennar til 16 ára aldurs: 100 kr. árlega.		
	1. Axel Valdemar, f. 11/6 1911. ... ... — 50,00		
	2. Ellu Vilhelmínu, f. 3/8 1914. .. ... — 100,00		
	1. Gunnar Þóri f. 10/6 1919. ... ... — 100,00		
		400,00	
			15074,79
	C. Uppgjafaprestar:		
1.	Tómas Björnsson, prestur að Barði, frá fardögum 1902	405,28	
2.	Jón Magnússon, prestur að Ríp, frá fardögum 1904	230,00	
			635,28
	D. Prestsekkjur:		
1.	Anna Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað	100,52	
2.	Ásta Þórarinsdóttir frá Grenjaðarstað	170,00	
3.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	100,00	
4.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagafirði	100,00	
5.	Camilla S, Briem frá Hruna	129,43	
6.	Elín Scheving frá Vogsósum	100,00	
7.	Guðríður Pjetursdóttir frá Höfða	114,63	
8.	Björg Einarsdótiir frá Undirfelli	100,00	
9.	Guðrún J. Jóhannesdóttir frá Bergstöðum	107,54	
10.	Guðrún Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	183,78	
11.	Guðrún Ólafsdóttir frá Otradal	100,00	
12.	Guðrún Pjetursdóttir Görðum	314,81	
13.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	134,40	
14.	Halldóra Hallgrímsdóttir frá Görðum á Akranesi ...	154,25	
15.	Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólstað	158,95	
16.	Hansína Þorgrímsdóttir frá Þingeyrum	129,06	
17.	Ingunn Loftsdóttir frá Desjarmýri	101,55	
	Flyt ...	2298,92	40767,62

		kr.	kr.
	Flutt ...	2298,92	440767,62
18.	Jóhanna S. Jónsdóttir frá Viðvík	150,00	
19.	Kristín Sveinbjarnardóttin frá Holti	181,40	
20.	Lilja Ólafsdóttir frá Breiðabólstað	118,43	
21.	Margrjet þórðardóttir frá Gaulverjabæ	139,86	
22.	Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	131,36	
23.	Ragnheiður Pálsdóttir frá Tjörn á Vatnsnesi	118,60	
24.	Ragnhildur Gísladóttir frá Eyvindarhólum	101,81	
25.	Sigríður Jónasdóttir frá Melstað	188,06	
26.	Sigríður Methúsalemzdóttir frá Staðarbakka	131,26	
27.	Vigdís Einarsdóttir frá Grunnavík	104,16	
28.	Þórey Kolbeins frá Staðarbakka	115,53	
29.	Valgerður Jónsdóttir frá Völlum í Svarfaðardal ...	142,00	
30.	Helga Ketilsdóttir frá Grindavík	100,00	
31.	Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli	147,50	
32.	Vilborg Jónsdóttir frá Prestabakka	102,65	
33.	Sigríður Gísladóttir frá Mosfelli í Grímsnesi	147,50	
34.	Sigríður Halldórsdóttir frá Holti í Önundarfirði ...	184,36	
35.	Guðlaug Vigfúsdóttir frá Stafafelli	90,80	
36.	Valgerður Gísladóttir frá Mosfelli	123,44	
37.	Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási	142,10	
38.	Guðfinna Jensdóttir frá Miklabæ	116,96	
39.	Guðrún Sigurðardóttir frá Flatey	118,93	
40.	Guðbjörg Hermansdóttir frá Þingvöllum	118,30	
41.	Þórunn Bjarnadóttir frá Vigur	144,44	
			5458,37
	E. Lög nr. 49, 1922.		
	Einar Þorkelsson, fyrv. skrifstofustjóri alþingis ...	... ...	2500,00
	Samtals ...	... ...	48725,99

2. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1924.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1924, veitast kr. 748,961,65 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru 2.—9. gr. hjer á eftir:

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 10. gr. veitast:

A. Ráðuneytið o. fl.

Við	4.	Annar kostnaður	11460,92	
—	5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	7938,36	
—	6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	2615,69	

B. Hagstofan.

Við	3.	Pappír, prentun o. fl.	3222,40	
—	5.	Húsaleiga, hiti, ljós o. fl.	852,23	
—	6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður...	2425,01	

C. Sendiherra o. fl.

Við	1. d.	Til skrifstofuhalds	5203,59	
—	3.	Ríkisráðskostnaður	2000,00	
—	4.	Kostnaður við sambandslaganefnd...	1972,54	
				37690,74

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. veitast:

A. Dómgæsla og lögreglustjórn.

Við	1	c. Hæstirjettur: Annar kostnaður	571,41	
—	4.	a. Laun	4560,00	
—	—	b. Húsaleiga	150,00	
—	—	c. Hiti, ljós og ræsting	100,00	
—	—	d. Ýmisleg gjöld	1468.40	
—	5.	a. Laun fulltrúa o. fl.	3404,66	
—	5	b. Laun 3. tollvarða	8804,00	
—	—	d. Hiti og ljós	1336,36	
—	—	e. Ýms gjöld	1245,99	
—	6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	19559,90	
—	7.	Til hegningarhússins í Reykjavík o. fl.	1984,59	
		Flyt	43185,31	37690,74

		kr.	kr.
	Flutt	43185,31	37690,74
Við 8.	Annar sakamálakostnaður o. s. frv.	4665,66	
— 9.	Borgun til sjódómsmanna	434,00	
— 10.	Borgun til setu- og varadómara	1836,40	
	B. Ýmisleg gjöld.		
Við 1.	b. Til pappírs og prentunar	2872,14	
— 2.	a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyrir undir embættisbrjef	7894,24	
— 3.	Brunaábyrgðar- og sótaragjöld	18158,06	
— 6.	Til landhelgisgæslu	44142,78	
			123188,59
	4. gr.		
	Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. veitast:		
Við 8.	Til geislalækningastofu ríkisins	5299,76	
— 10.	Holdsveikraspítalinn	5146,39	
— 11.	Geðveikrahælið á Kleppi	88,83	
— 12.	b. Heilsuhælið á Vífilstöðum	30087,25	
— 14.	a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla ...	10826,60	
			51448,83
	5 gr.		
	Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. veitast:		
	A. Póstmál.		
Við 3.	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík	428,13	
— —	d. Önnur gjöld	12204,2	
	B. Vegabætur.		
Við I.	3. Ferðakostnaður og fæðispeningar	104,32	
— —	4. Til aðstoðar og mælinga	519,37	
— —	5. Skrifstofukostnaður	623,59	
— II.	3. Hvammstangabraut	3825,80	
— —	4. Viðhald flutningabrauta	44693,83	
— —	5. Holtavegur	4375,87	
— III.	1. Norðurárdalsvegur	3466,48	
— —	6. Aðrar vegabætur og viðhald	14567,51	
— IV.	Til viðhalds slitlagi á akvegum	3000,00	
	C. Samgöngur á sjó.		
	1. Til strandferða	57657,65	
	2. Til bátaferða o. s. frv.	3225,52	
	Flyt	148692,36	212328,16

			kr.	kr.
		Flutt	148692,36	212328,16
		D. Hraðskeyta- og talsímasamband.		
Við	II.	Til viðauka símakerfa o. fl.	3873,04	
—	IV. 3.	Ritsímastöðin í Reykjavík	8752,85	
—	— 5.	Bæjarsíminn í Reykjavík	6636,19	
—	— 6.	Til aukningar sama síma	2662,06	
—	— 8.	Ritsímastöðin á Akureyri	5522,41	
—	— 9.	— á Seyðisfirði	634,14	
—	— 10.	— á Ísafirði	886,86	
—	— 11.	Símastöðin á Borðeyri	5367,94	
—	— 12.	— í Hafnarfirði	337,47	
—	— 13.	— í Vestmannanyjum	2286,36	
—	— 14.	— á Siglufirði	1047,54	
—	— 15.	Til aukaritsímaþjónustu	1800,00	
—	— 19.	Til eftirlitsstöðva o. fl.	16484,79	
—	V.	Eyðublöð, prentunarkostnaður o. fl.	12227,72	
—	VI.	Viðbót og viðhald stöðvanna	25905,25	
—	VII.	Kostnaður við ferðalög	4585,30	
—	VIII.	Viðhald landsímanna	28109,14	
—	IX.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	615,95	
		E. Vitamál.		
Við	I. 3.	Til skrifstofuhalds	320,90	
—	III.	Rekstrarkostnaður vitanna	21844,49	
—	IV.	Sjómerki o. fl.	3051,71	
—	V.	Ymislegt	31097,24	
				332741,71
		6. gr.		
		Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. veitast:		
		B. Kenslumál:		
Við	I. b.	Til kennara í sögu, málfræði o. s. frv.	480,00	
—	— d. 3.	Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta ...	750,00	
—	— h.	Hiti, ljós o. fl.	1184,13	
—	— i. 3.	Ýms gjöld	5558,40	
—	II.	Námsstyrkur ísl. stúdenta í erlendum háskólum	24151,00	
—	III. b. 2.	Til eldlviðar, ljósa og ræstingar	2238,89	
—	— — 3.	Til skólahússins	751,92	
—	— — 4.	Til tímakenslu og prófdómenda	9578,75	
—	— — 9.	Ýmisleg gjöld	1056,09	
—	— — 12.	Til verðlaunabóka	14,00	
		Flyt	45763,18	545069,87

			kr.	kr.
		Flutt	45763,18	545069,87
Við	IV. b.	4. Til eldiviðar og ljósa	6563,94	
—	— —	7. Til skólahússins	153,92	
—	— —	8. Ýms gjöld	1232,14	
—	V. b.	1. Tímakensla	4550,00	
—	— —	6. Ýmisleg gjöld	229,24	
—	VI. b.	3. Ýmisleg gjöld	761,12	
—	VII. b.	1. Húsnæði m. m.	800,00	
—	— —	3. Ýmiss kostnaður	1555,54	
—	VIII. 1. c.	3. Til eldiviðar og ljósa	2053,07	
—	— —	4. Ýmisleg gjöld	220,57	
—	— 2. c.	3. Til eldiviðar og ljósa	1766,86	
—	XI.	4. Húsaleiga, hiti, ljós o. fl.	300,00	
—	XIII.	4. Til prófdómara við barnapróf	2409,75	
—	XVII.	Til kenslu heyrnar- og málleysingja	13299,10	
				81658,43

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. veitast:

Til vísinda bókmenta og lista.

Við	5. a.	Til eldiviðar, ljósa o. fl.	2117,60	
—	— b.	Til viðhalds og áhalda	1626,49	
—	38.	Til veðurathugana og veðurskeyta	309,56	
				4053,65

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. veitast:

Til verklegra fyrirtækja.

Við	13. e.	Ferðakostnaður yfirmatsmannna	2598,46

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. veitast:

Óviss útgjöld og gengismismunur		115581,24
	Samtals kr.	748961 65

Ástæður

fyrir frumvarpi þessu eru í landsreikningnum 1924, athugasemdum yfirskoðunarmanna við þann reikning og svörum ráðherra gegn þeim athugasemdum.

3. Frumvarp

til laga um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur).

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1. gr.

Happdrætti má ekki hafa nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins og ekki hlutaveltur nema með leyfi lögreglustjóra.

Peningahappdrætti eða önnur þvílík happspil má ekki setja á stofn án lagaheimildar.

2. gr.

Það er, að viðlögðum 500—5000 kr. sektum til ríkissjóðs, bannað mönnum á Íslandi að versla þar með eða selja hluti fyrir erlend happdrætti eða önnur þvílík happspil, eða að hafa þar á hendi nokkur störf, er að þessu lúta.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði fyrstu málsgr. 1. gr. frv. þessa eru að mestu í samræmi við þær reglur, er venju samkvæmt hefir verið fylgt til þessa, og eru sett til lögfestingar þeirra reglna og enn til þess að tryggja það, að eigi verði happdrætti haldin eða hlutavelta án leyfis, ekki einu sinni innan fjelaga. Síðari málsgreinin er ákvæði um það, sem talið hefir verið sjálfsagt þótt ekki sje í lögum, að til stofnunar þar nefndra happdrætta þurfi lagaheimild. Þykir og rjett að hafa lagaákvæði um þetta. Frumvarpið kemur þó fram sjerstaklega vegna þess, að það hefir komið fyrir að menn hjer hafa verslað með eða selt hluti fyrir erlend happdrætti og önnur þvílík happspil, og nýlega hefir verið spurst fyrir um það frá útlöndum, hvort slík verslun sje hjer ekki öllum frjáls. Mun hafa gengið til slíkra kaupa stórfje frá landsmönnum, og væri gott ef unt væri að girða fyrir það, að menn þannig kasti fje á glæ. Í þessu skyni er ákvæði 2. gr. sett. En ekki verður girt fyrir það, að menn í útlönd-

um selji hingað happdrættishluti, en á þann hátt yrði væntanlega ekki eins mikið verslað eins og ef settar yrðu hjer á stofn verslanir með erlenda happdrættishluti.

4. Frumvarp

til taga um samþykt á landsreikningum 1924.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
I. Tekjur:		
1. Fasteignaskattur	215000.00	228482.24
2. Tekju- og eignarskattur	1000000.00	841086.61
3. Aukatekjur	300000.00	402723.29
4. Erfðafjárskattur	45000.00	40974.69
5. Vitagjald	170000.00	321759.55
6. Leyfisbrjefagjöld	10000.00	12608.29
7. Útflutningsgjald	700000.00	969766.39
8. Áfengistollur	350000.00	606540.10
9. Tóbakstollur	400000 00	526103.00
10. Kaffi- og sykurtollur	800000.00	1085877.19
11. Vörutollur	1250000.00	1572661.10
12. Annað aðflutningsgjald	80000.00	86290.81
13. Verðtollur	»	897684.70
14. Gjald af brjóstsykur- og konfektgerð	20000.00	26995.88
15. Stimpilgjald	300000.00	352875.82
16. Lestagjald	40000.00	34939.50
17. Pósttekjur	350000.00	424693.91
18. Símatekjur	1000000.00	1359877.26
19. Víneinkasala	450000.00	454955.41
20. Tóbakseinkasala	200000.00	350000.00
21. Steinolíueinkasala	50000.00	82922.00
22. Skólagjöld	3000.00	15460.00
23. Bifreiðaskattur	22000.00	23674.97
24. Tekjur af fasteignum ríkissjóðs o. fl.	45100.00	39258.57
25. Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl.	340000.00	437730.25
26. Óvissar tekjur, ýmisl. greiðslur og endurgjöld	22300.00	470541.33
27. Tekjur samkv. sjerstökum lögum	»	1470.00
Samtals	8162400.00	11667952.86

	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.
II. Gjöld		
1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	2043705,35	2306621.02
2. Borðfje Hans Hátingnar konungsins	60000.00	60000.00
3. Kosnaður við alþingi og yfirskoðun landreikninganna	184800.00	201981.92
4. Til ráðuneytisins o. fl.:		
A. Ráðuneytið o. fl....	162780.00	172624.44
B. Hagstofan	41000.00	45302.51
C. Gjöld í Kaupmannahöfn	59500.00	62342.79
5. A. Dómgæsla og lögreglustjórn	392820.00	426085.09
B. Ýmisleg gjöld	165600.00	254014.18
6. Læknaskipun og heilbrigðismál	712740.00	1060077.98
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál...	381500.00	398755.98
B. Vegabætur	377140.00	339587.25
C. Samgöngur á sjó	200000.00	260883.17
D. Hraðskeyta- og talsímasamband	1031340.00	897755.08
E. Vitamál...	111820.00	167219.99
8. Til kirkju- og kenslumála:		
A. Andlega stjettin	273806.28	289297.09
B. Kenslumál	961200.00	1045101.28
9. Til vísinda, bókmenta og lista	242170.00	239650.57
10. Til verklegra fyrirtækja	651300.00	509618.80
11. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur... ...	4000.00	27101.45
12. Eftirlaun og styrktarfje	183452.45	181788.51
13. Óviss útgjöld	100000.00	215581.24
14. Eimskipafjelag Íslands	»	60000.00
15. Fjárgreiðslur samkv. lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum...	»	668392.86
16. Afborgun lausra skulda	»	758063.88
17. Aukin innstæða...	»	122990.77
18. Aukinn sjóður	»	896719.91
19. Sjóðmismunur	»	395.10
Samtals ...	8340674.08	11667952.86

Athugasemd við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið samþykt. Landsreikningurinn fyrir árið 1924 verður lagður samhliða þessu frumvarpi fyrir Alþingi, en hann telur allar tekjur og gjöld í sömu röð og fjárlögin, og vísast því til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.

5. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga inn í viðbótarsamning við myntsamning Norðurlanda.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilað að ganga inn í viðbótasamning þann við myntsamning Norðurlanda frá 27. mai 1873 með viðaukasamningi frá 16. okt. 1875, sem Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa gert með sjer 22. mars 1924, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Skiftimynt, sem ríkisstjórnir Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar hafa látið slá samkvæmt myntsamningi dags. 27. mai 1873, viðaukasamningi dags. 16. okt. 1875 ásamt viðaukagreinum, hættir að vera löglegur gjaldeyrir á Íslandi 6 mánuðum eftir að auglýst verður fullgilding á inngöngu Íslands í viðbótarsamning þann, er ræðir um í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ástæður fyrir frumvarpinu.

Hinn 22. mars 1924 gerðu ríkisstjórnir Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar með sjer viðbótarsamning þann við myntsamning Norðurlanda frá 27. mai 1873 með viðaukasamningi 16. okt. 1875, sem prentaður er sem fylgiskjal með lagafrumvarpi þessu, og ætlast er til samkv. 1. gr. að einnig verði prentaður með lögunum, ef frv. þetta verður að lögum. Við undirbúning þessa viðbótarsamnings var Íslandi áskilinn rjettur til þess að ganga inn í samninginn síðar, ef það óskaði þess. Hann heimilar þá undanþágu frá myntsamningunum

1873 og 1875, að hvert ríkjanna geti látið slá skiftimynt, sem aðeins skuli gjaldgeng innanlands, og nái ákvæði myntsamninganna eigi til slíkrar skiftimyntar.

Í 4. gr. samningsins er svo ákveðið, að skiftimynt annara samningsríkja, sem slegin hefir verið samkvæmt fyrri myntsamningum, skuli hætta að vera gjaldgeng í hverju ríki fyrir sig, þegar liðnir eru 6 mánuðir frá því viðbótarsamningurinn gengur í gildi þar.

Loks er ákveðið í 6. gr. samningsins að fullgilda skuli hjer um ræddan viðbótarsamning.

Með því að gera má ráð fyrir að bráðlega verði lokið að slá innlenda skiftimynt samkvæmt lögum nr. 19, 1925 og með því að þá er ekki heldur ástæða til að nota lengur skiftimyntir annara ríkja hjer á landi, þykir rjett að fara fram á heimild til þess að ganga inn í umræddan viðbótarsamning.

Fylgiskjal.

Viðbótarsamningur

við myntsamninginn frá 27. maí 1873 og viðaukasamning frá 16. okt. 1875.

1.

Heimilt skal fjármálastjórn hvers ríkis, án þess að myntsamningurinn og síðari viðaukagreinir við hann skuli vera því til fyrirstöðu, að láta slá á sinn kostnað skiftimynt, er löglegur gjaldeyrir sje að eins í því ríki, er slá lætur myntina.

Það ríki er kosta lætur sláttu skiftimyntarinnar, setur og fyrirmæli um áletraða fjárhæð hennar, hversu málmum er háttað, um þunga hennar, lögun og mótun; þó skal myntin að gerðinni til vera greinilega frábrugðin þeim skiftimyntum, sem hingað til hafa verið slegnar samkvæmt samningnum.

Sú mynt, sem slegin er í samræmi við samninginn, skal einnig talin löglegur gjaldeyrir aðeins í skiftum innanlands í hverju einstöku ríki, með því móti, að gat sje slegið í eða gerð myntarinnar með öðrum jafngreinilegum hætti auðkend svo, að frábrugðin sje upphaflegri gerð.

2.

Ákvæðum samningsins og viðaukagreinum hans verður ekki beitt á þá skiftimynt, sem eingöngu er löglegur gjaldeyrir innanlands í hverju ríki um sig samkvæmt 1. gr. þessa viðbótarsamnings; þó skal hver mynt bera það með sjer, handa hverju ríki, af hverri myntsmiðju og á hvaða ári slegin sje.

3.

Fjármálastjórn hvers ríkis tjáir fjármálastjórn hinna ríkjanna öll þau lög, tilskipanir og fyrirmæli, sem sett kunna að verða um sláttu skiftimynta

þeirra, er einungis skuli vera löglegur gjaldeyrir innanlands. Jafnframt skal sent uppkast að og sýnishorn af öllum slíkum skiftimyntum.

4.

Skiftimynt, sem slegin hefir verið í einhverju ríkjanna samkvæmt samningnum og viðaukagreinum hans, skal hætta að vera löglegur gjaldeyrir í hinum ríkjunum, þegar sex mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er viðbótarsamningur þessi öðlaðist gildi.

5.

Þessi viðbótarsamningur heldur gildi, til þess er eitt ár er liðið frá þeim degi, er eitthvert ríkjanna hefir sagt upp.

Að liðnum uppsagnarfresti skal þó skiftimynt, sem samkvæmt samningnum og viðaukagreinum hans er slegin í einhverju ríkjanna, ekki ná að verða löglegur gjaldeyrir aftur í hinum ríkjunum, og ekki skal heldur skiftimynt, sem samkvæmt 1. gr. þessa viðbótarsamnings er aðeins löglegur gjaldeyrir innanlands í hverju ríki um sig, missa við þetta lögeyrisgildi sitt.

6.

Viðauki þessi skal staðfestur, jafnskjótt sem löggjafarþing þeirra ríkja, er hlut eiga að máli, hafa goldið samþykki við og staðfestingunum síðan komið fyrir til geymslu í Kristjaníu jafnskjótt sem við verður komið.

Viðaukinn öðlast gildi daginn eftir að honum hefir verið komið fyrir til geymslu staðfestum.

6. Frumvarp

til laga um lærða skólann í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1. gr.

Í hinum lærða skóla skulu nemendur fá nauðsynlega undirstöðukunnáttu undir æðra nám og þann þroska, sem þarf til þess að leggja stund á vísindi í háskólum og öðrum æðstu lærdómsstofnunum.

2. gr.

Námi í skólanum skal skift niður á 6 bekki og 6 ár. Læra allir saman í fjórum neðri bekkjunum, en í tveim efstu bekkjunum eru tvær deildir, málfræðideild og stærðfræðideild, er velja skal á milli.

3. gr.

Kenna skal íslensku og sögu íslenskra bókmenta, dönsku, ensku, þýsku, frakknesku og latneska tungu, sagnfræði, landafræði, eðlisvísindi (dýrafræði, grasafræði, jarðfræði, steinafræði og kristallafræði), eðlisfræði (stjörnufræði og efnafræði), stærðfræði, teiknun, söng, leikfimi og glímur. Auk þess skal gefa nemöndum kost á að nema handíðir. Íslensk tunga skal vera höfuðnámsgrein. Latnesk tunga skal vera önnur höfuðnámsgrein í neðri bekkjunum og í málfræðideild, en stærðfræði og eðlisfræði í stærðfræðideild.

4. gr.

Viðtöku í skólann fá engir, sem yngri eru en 12 ára, engir, sem haldnir eru af næmum sjúkdómum eða öðrum kvillum, sem eru hættulegir öðrum, engir nema óspilt mannorð hafi og engir nema þeir sýni kunnáttuvottorð frá kennara eða skóla.

Hver sá, er vill fá inntöku í 1. bekk, verður að standast kunnátturaun í íslenskri tungu og íslenskum stíl og helstu málfræðiatriðum, í reikningi, munnlega og skriflega, og sögu Íslands og sýna að hann skilji sæmilega sænsku eða ríkisnorsku eða dönsku, og geti gert ljettan stíl. Skrifa skal hann og læsilega.

5. gr.

Í hverjum bekk skólans skal hafa vorpróf á hverju ári, en lokapróf efsta bekkjar er stúdentspróf. Hafa má einnig miðsvetrarpróf í hverjum bekk.

Við öll vorpróf skulu vera þrír prófdómarar í hverri grein: kennari í þeirri grein, sem reynt er í, og einhver annar kennari skólans og þriðji maður, skipaður af kenslumálaráðuneytinu.

6. gr.

Kunnáttu skal meta eftir einkunnastiga Örsteds með sama hætti, sem nú er. Einkunnir skulu vera: ágætiseinkunn, fyrsta einkunn, önnur einkunn og þriðja einkunn, reiknaðar í stigatali með sama hætti sem nú er.

Við árspróf og stúdentspróf eru gefnar einkunnir í öllum námsgreinum, sem reynt er í, að undanskildum söng, leikfimi og handíðum.

7. gr.

Skólastjóri ákveður stundafjölda og skifting kenslunnar með ráði kennarafundar. Þó skal latínu ætlaður meiri tími að samanlögðu en nokkuru öðru erlendu máli, og stíltímar að auki. Með sama hætti skal ákveða stundafjölda stærðfræði og eðlisfræði í stærðfræðideildinni. Hálfu meiri tíma skal og verja til leikfimi og íþrótta en verið hefir.

8. gr.

Skólaárið skal telja frá 1. október og eru þessi leyfi lögboðin:
Sumarleyfi 1. júlí til 30. september.

Jólaleyfi 23. desember til 2. janúar.
Öskudagurinn.
Páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum.
Hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðja í hvítasunnu.
Sumardagurinn fyrsti.
Afmælisdagur konungs, 17. júní og 1. desember.
Öðrum leyfum ræður skólastjórn.

9. gr.

Kensluna annast kennarar, sem fullnægja skilyrðum þessara laga. Þeir skulu vera svo margir, að enginn þeirra þurfi að kenna meira en 24 stundir á viku, en skólastjóri 12. Skulu þeir vera skipaðir embættismenn. Stundakennara má taka í viðlögum og um skamman tíma.

10. gr.

Krefjast skal af kennurum, er skipaðir vilja verða, að þeir hafi staðist kunnátturaun í kenslugreinum sínum í einhverjum háskóla, er kenslumálaráðuneytið telur fullgildan, eða sýni með öðrum hætti, að þeir sjeu starfanum vaxnir, að þeir sjeu ekki haldnir af næmum sjúkdómum og að þeir hafi með eins árs reynslu sýnt, að þeir hafi þá kennarahæfileika og þá skapshöfn, sem kennurum er nauðsynleg.

11. gr.

Skólastjóri skal ráða lækni handa skólanum með samþykki kenslumálaráðherra. Skólalæknir skal skoða alla nemendur að haustinu og gæta þess, að enginn sje í skólanum haldinn þeim sjúkdómum, sem hætt er við, að hann beri á skólasystkin sín, og skoðunargerð skal hann hafa á miðjum vetri og auk þess hvert sinn, er hann telur þörf á.

12. gr.

Laun skólastjóra og kennara eru ákveðin í launalögum, lækni skal borga eftir samkomulagi.

Hver fastur kennari skólans skal hafa leyfi frá kenslustörfum 10. hvert ár með fullum launum og ráðstafar skólastjóri kenslu hans á meðan, á ríkisins kostnað.

13. gr.

Heimavistir skulu vera við skólann fyrir ekki færri en 50 nemendur. Skulu þeir njóta þar ókeypis húsnæðis, ljóss og hita. Forgangsrjett til heimavistar hafa þeir nemendur að öðru jöfnu, sem búa utan Reykjavíkur.

14. gr.

Yfirstjórn skólans er í höndum kenslumálaráðuneytisins, er gerir allar meiri háttar ráðstafanir áhrærandi skólann eftir tillögum skólastjóra og kennarafundar.

Að öðru leyti stjórnar skólastjóri skólanum í samráði við kennarana, er hann kveður til fundar, þá honum þurfa þykir.

15. gr.

Ákvæði 13. gr. um heimavistir skulu koma til framkvæmda eigi síðar en haustið 1928. Þangað til skal greiða nemöndum, er inntöku fá í skólann samkvæmt þessum lögum og njóta ættu heimavistar, húsaleigustyrk svo að skaðlausir sje.

16. gr.

Skólastjóri semur skólafyrirsögn með ráði kennarafundar og samþykki kenslumálaráðuneytisins. Í skólafyrirsögn eru fyrirmæli um:

kenslu í skólanum,
próf og flutning milli bekkja,
inntökupróf,
kenslutíma,
framferði og aga,
skyldur skólastjóra og kennara,
afskifti yfirstjórnar skólans.

17. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda í viðtöku nýsveina í 1. bekk 1927 og færast með þeim bekkjarsveinum smám saman yfir allan skólann jafnóðum sem þeir útskrifast, sem nú eru í skólanum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, sem nú er lagt fyrir Alþingi í nokkuð breyttri mynd, var lagt fram á Alþingi 1921 og hefir verið borið fram á öllum þingum síðan. Eins og kunnugt er, var latínuskólanum gamla gerbreytt 1904, var honum þá skift í gagnfræðadeild og lærdómsdeild, latínukenslan minkuð að stórum mun og meiri áhersla lögð á nám nýju málanna og náttúruvísinda. En aðalbreytingin var þó skiftingin í tvent, er miðaði að því, að þeir, er hefði ekki í huga að ganga vísindabrautina eða búa sig undir embættispróf að afloknu stúdentsprófi, fengi góða undirbúningsmentun í þrem neðstu bekkjum skólans. Breyting þessi, er gerð var á latínuskólanum 1904, var í samræmi við líka breytingu, er gerð var á skólafyrirkomulaginu í nágrannalöndunum og miðuðu allar að því að gera skólanámið hagnýtara en áður hafði verið. Reglugerð sú, er gekk í gildi hjer á landi 1904 (Auglýsing um bráðabirgðareglugerð fyrir hinn almenna mentaskóla í Reykjavík 9. sept. 1904, nr. 13, Stj.tíð. 1904 A, 40 nn.) var að mörgu leyti sniðin eftir erlendum fyrirmyndum, en síðan hafa ýmsar viðaukareglur verið settar:

Reglur fyrir nemendur í hinum almenna mentaskóla í Reykjavík 28. des. 1906 nr. 142 (í B-deild Stj.tíð. 1906).

Reglur fyrir umsjónarmenn hins almenna mentaskóla í Reykjavík 28. des. 1906, nr. 143 (í B-deild Stj.tíð. 1906).

Prófreglugerð fyrir gagnfræðadeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík 18. apríl 1907, nr. 40 (í B-deild Stj.tíð. 1907).

Auglýsing um reglugerð til bráðabirgða fyrir lærdómsdeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík 13. mars 1908, nr. 4 (í A-deild Stj.tíð. 1908).

Auglýsing um prófreglugerð fyrir lærdómsdeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík 20. maí 1910, nr. 5 (í A-deild Stj.tíð. 1910).

Auglýsing um breyting á prófreglugerð fyrir lærdómsdeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík frá 20. mai 1910, 5. apríl, nr. 4 (í A-deild Stj.tíð. 1923).

Auglýsing um breyting á prófreglugerð fyrir gagnfræðadeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík frá 18. apríl 1907, 5. apríl 1923, nr. 12 (í B-deild Stj.tíð. 1923).

Aðalbreytingin, er gerð hefir verið á skólanum síðan 1904, er skiftíng lærdómsdeildar í stærðfræðideild og máladeild, er miðaði að því, að þeir, er leggja ætla fyrir sig nám í verkfræði, stærðfræði eða eðlisvísindum, fái fullkomnari undirbúningsmentun í þessum fræðigreinum í 3 efstu bekkjum skólans en þeir, er nema ætla aðrar fræðigreinir; hjá þeim er meiri áhersla lögð á nám nýju málanna en í stærðfræðideildinni. Breyting þessi, er gerð var á skólafyrirkomulaginu, vakti brátt allmikla óánægju meðal mentamanna, kom sú óánægja víða í ljós, í tímaritum og blöðum og á fundum. Þótti mönnum undirbúningsmentun þeirra, er ætluðu að stunda háskólanám, ærið ónóg og þekkingu stúdenta allmjög ábótavant. Kendu menn þetta ónógum latínulærdómi í skóla og einkum þó tvískiftingu skólans í gagnfræðadeild og lærdómsdeild; stúdentar fengi á þenna hátt í raun og veru ekki nema 3 ára undirbúning undir háskólanám sitt, því að gagnfræðadeildin legði eingöngu áherslu á þær námsgreinir, er að hagnýtu gagni mætti verða síðar í lífinu, en legði ekki áherslu á það, sem vera ætti aðalatriðið, að skerpa skilning nemanda og kenna þeim rökfastar hugsanir. Óánægja þessi magnaðist æ meir og kom oft í ljós í Stúdentafjelaginu og var þá einnig kunnugt um að margir mentafrömuðir í nágrannalöndunum litu sömu augum á málið. Var þá borin fram á Alþingi 1919 tillaga til þingsályktunar frá mentamálanefnd neðri deildar (en í henni áttu sæti þeir Stefán Stefánsson frá Fagraskógi, Einar Arnórsson, Jörundur Brynjólfsson, Pjetur Þórðarson og Einar Jónsson) og var hún samþykt:

I. 1) Að endurskoða löggjöf landsins um barnafræðslu og unglinga.
   2) Að endurskoða alt skipulag kennaraskólans, gagnfræðaskóla, búnaðarskóla og alþýðuskóla, svo og að rannsaka hvort heppilegt og gerlegt muni vera að stofna alþýðuskóla í einum eða fleiri landsfjórðungum á kostnað landssjóðs að öllu leyti eða einhverju.
   3) Að undirbúa lagasetning um þessi efni svo fljótt sem því verður við komið.

II. 1) Að tvískifta þegar í haust 3 efstu bekkjum hins almenna mentaskóla og verði önnur deildin málfræðideild og sögu, en hin náttúrufræðideild og stærðfræðideild.
   2) Að rannsaka hvort eigi muni heppilegast að kenslugreinir í 3 neðstu

bekkjum mentaskólans verði hinar sömu sem þær voru áður en núverandi skipulag komst á skóla þenna, svo og hvort eigi skuli setja sömu inntökuskilyrði í hann og sömu einkunnir í honum, sem voru áður en sú skipun var á ger, sem nú er.

3) Að gera þær breytingar á reglugerð skólans, sem nauðsynlegar verða samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar.

III. Loks ályktar Alþingi að heimila stjórninni að greiða úr ríkissjóði það fje, sem nauðsynlegt reynist til framkvæmda atriða þeirra, sem I. og II. töluliður greinir.

Með brjefi stjórnarráðsins 12. mars 1920, var þeim próf. Guðmundi Finnbogasyni og próf. Sig. P. Sivertsen falið að vera stjórninni til aðstoðar í yfirvegun og rannsókn þeirra atriða, er þingsályktunin greinir og voru þeim um mentaskólann falin rannsókn og störf þau, er tekin eru fram í þingsályktunartillögunni II, 2—3.

Ráðuneytið framkvæmdi tvískiftingu þá á lærdómsdeild mentaskólans í málfræðideild og stærðfræðideild, er fólst í þingsályktunartill. II, 1, en nefndin tók þegar til starfa og skilaði áliti sínu um mentaskólann 20. okt. 1920 (Mentaskólinn. Mentamálanefndarálit I. Rvík 1921, 64. bls.).

Mentamálanefnd þessi lagði fram:

1. Álit um hinn almenna mentaskóla í Reykjavík.
2. Frv. til laga um hinn lærða skóla í Reykjavík.
3. Frv. að reglugerð fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík.
4. Aths. við frv. til laga og reglugerðar fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík.

Ennfremur fylgdu áliti nefndarmanna fylgiskjal 1 (svör háskólakennara við spurningum mentamálanefndar) og fylgiskjal 2 (ýmsar skýrslur og línurit)

Skýrsla I.: Um embættispróf við Háskóla Íslands árin 1912—'20.
— II.: Um gagnfræðapróf árin 1910—'19 (A—D).
— III.: Um stúdentspróf árin 1910—'19 (A—D).
— IV.: Um aldur stúdenta árin 1910—'19.

Línurit, er fylgja skýrslum I.—III.

Ráðuneytið fjelsl á frv. mentamálanefndar í öllum aðalatriðum og lagði það fyrir Alþingi 1921 (þskj. 39). Klofnaði mentamálanefnd neðri deildar í tvent um málið og lagði meiri hluti nefndarinnar (Bjarni Jónsson frá Vogi, Magnús Jónsson, Jón Þorláksson) til, að frv. yrði samþykt með nokkrum breytingum (þskj. 306, Alþt. 1921, A, bls. 773 nn.), en minni hlutinn (Þorst. M. Jónsson, Eiríkur Einarsson) vildi fresta málinu vegna þess, að tillögur mentamálanefndar um aðra skóla voru þá ekki fram komnar (nefndarálit þskj. 399, Alþt. 1921, A, 997).

Meiri hluti mentamálanefndar 1921 benti á það, að óskiftur 6 ára skóli væri æskilegri vegna tímatafar og tímakostnaðar fyrir þá, sem ætluðu sjer að halda áfram námi og hugðu þeir, að nemendur myndu missa sem svaraði einum vetri vegna þáverandi fyrirkomulags skólans. Þeir bentu og á, að gagnfræðamentun væri annars eðlis en undirbúningur undir vísindanám og að mikill munur væri nú á inntökuskilyrðum í skólann og áður hefði verið. Gagnfræðaskóli ætti að vera aðgengilegur og laðandi til inngöngu, en lærður skóli ætti að hafa erfið inn-

tökuskilyrði. Sambandið við Akureyrarskólann hefir æ valdið miklum deilum í umræðum um fyrirkomulag mentaskólans í Reykjavík og benti meiri hluti mentamálanefndar 1921 á það, að skólavist á Akureyri væri betri og ódýrari vegna heimavista og þyrfti Reykjavíkurskóli því að keppa að því að koma upp heimavistum. »Má telja þetta höfuðatriðið um framtíð skólans og velgengni, að heimavistum verði komið á í sambandi við hann«. (Alþt. 1921, A, bls. 774).

Meiri hluti þessarar nefndar var þeirrar skoðunar, að gagnfræðaskólinn á Akureyri yrði gerður þannig, að röskir piltar gæti viðstöðulitið gengið undir próf Reykjavíkurskólans með því að leggja á sig nokkurt aukanám. Myndi fyrirhuguð breyting verða til þess, að aðeins úrvalsmenn frá Akureyri kæmist inn í Reykjavíkurskólann og myndi sambandið milli þessara tveggja skóla því geta haldist, en að öðru leyti bæri að kippa Reykjavíkurskóla út úr sambandi við aðra skóla landsins.

Meiri hluti nefndarinnar bar því næst fram breytingartillögur sínar, er að miklu leyti voru orðabreytingar. Þeir vildu fella niður sjerstakt skólaráð (nema Magnús Jónsson), fella burt bókmentafræði sem sjerstaka námsgrein, ennfremur skyndipróf, en vildu hafa latínu til inntökuprófs og færðu fyrir því þær ástæður, að undirbúningur undir síðara latínunám yrði á þann þátt miklu tryggilegri, inngangurinn í skólann yrði erfiðari og að rjett væri, að þeir, sem ætluðu sjer að ganga þenna veg, fengi nokkurn smekk af því, sem jafnríka áherslu ætti að leggja á í skólanum og latínu.

Minni hlutinn benti á, að tíðar breytingar á skólafyrirkomulagi væri óheppilegar og að ýmsir mentamenn utan þings og innan væri andstæðir ýmsum tillögum í frv. mentamálanefndar þeirrar, er stjórnin hafði skipað. Þeir bentu ennfremur á, að nauðsynlegt myndi verða að stofna sjerstakan gagnfræðaskóla, ef fyrirhuguð breyting kæmist á. Annar þingmanna í minni hluta mentamálan. (Þorst. M. Jónsson) kvaðst vilja láta lærða skólann og kennaraskólann rísa upp af alþýðu- og gagnfræðaskólum, en hinn í nefndinni (Eir. Einarsson) tók ekki afstöðu til þessa. Loks báru þeir fram rökstudda dagskrá:

> »Þar sem milliþinganefnd, er sett hefir verið til að rannsaka skólamál landsins, hefir enn ekki lokið störfum sínum og skamt er liðið síðan hún skilaði áliti um mentaskólann, og þar sem tillögur hennar um skólann hafa mætt ákveðinni andstöðu úr ýmsum áttum að svo miklu leyti sem þær hafa enn verið ræddar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Annar þingmanna (Eir. Einarsson) ritaði þó undir þessa dagskrártillögu með fyrirvara.

Umræður um frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík urðu allmiklar á Alþingi 1921 (Alþt. 1921 C, bls. 335—409), en málið komst ekki nema til 2. umræðu í neðri deild og varð ekki útrætt.

Í sambandi við nefndarálit meiri hluta mentamálanefndar í neðri deild 1921 um þörfina á heimavistum við mentaskólann í Reykjavík, bar mentamálanefnd þessarar deildar fram tillögu til þingsályktunar um heimavistir við hinn lærða skóla í Reykjavík:

> »Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að undirbúa og

leggja fyrir Alþingi svo fljótt sem unt er, tillögur um stofnun heimavista við hinn lærða skóla í Reykjavík«. (Alþt. 1921, A, þskj. 311 sbr. bl. 483).

Var þingsályktunartillaga þessi samþykt og afgreidd frá neðri deild. Í sambandi við þessa tillögu bar Þorst. M. Jónsson fram breytingartillögu um, að undirbúningur skyldi líka gerður til að koma á heimavistum við kennaraskólann (umræður um þessar tillögur í Alþt. 1921, C, bls. 21—31) en breytingartillaga þessi var feld. Þannig lyktaði þessu máli á Alþingi 1921.

Á næsta þingi 1922 bar stjórnin fram frv. frá 1921 óbreytt (Alþt. 1922, A, bls. 164—165, vísað í Alþt. 1921, I, bls. 296—297), en mentamálanefnd neðri deildar (Þorst. M. Jónsson, Gunnar Sigurðsson, Sveinn Ólafsson, Sigurður Stefánsson og Jón Þorláksson) skilaði ekki nefndaráliti og urðu því umræður um málið sama sem engar á Alþingi 1922 (Alþt. 1922, C, 552—553).

Á Alþingi 1923 bar Bjarni Jónsson frá Vogi fram frumvarp til laga um lærða skólann í Reykjavík (Alþt. 1923, A, þskj. 134, bls. 280—283) og skýrði hann frá því, að hann hefði samið frumvarp þetta með hliðsjón af frumvarpi milliþinganefndar, en gert smábreytingar á því (í samræmi við breytingar meiri hluta mentamálanefndar neðri deildar 1921). Mentamálanefnd neðri deildar klofnaði um málið og vildi meiri hlutinn (Sig. Stefánsson, Magnús Pjetursson og Einar Þorgilsson) fallast á frumvarpið með nokkrum breytingartillögum (bætt við bókmentafræði og landafræði, inntökuskilyrði 13 ára og latína til inntökuprófs) og bentu þeir meðal annars á, að nauðsynlegt væri að afgreiða mál þetta, því að nemöndum færi fjölgandi með hverju ári (í byrjun skólaárs 1920—21' voru nemendur 162, í byrjun skólaárs 1921—'22 195, í byrjun skólaárs 1922—'23 226, nefndarálit meiri hlutans í Alþt. 1923, A, bls. 737—740).

Minni hlutinn (Þorst. M. Jónsson og Gunnar Sigurðsson) báru fram svo felda rökstudda dagskrá (nefndarálit Alþ. 1923, A. þskj. 589 bls. 976—978);

»Þar sem landstjórnin hefir við umræður um frv. til laga um mentaskóla á Akureyri heitið að leggja fyrir næsta þing tillögur um skólamál landsins, telur deildin ekki tímabært að taka nú þegar fullnaðarákvörðun um hinn almenna mentaskóla einan, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá«.

Aðalágreiningnum olli á þessu þingi, eins og áður, deilan um Akureyrarskólann og bar því form. minni hluta mentamálanefndar 1923, Þorst. M. Jónsson, fram á sama þingi frumvarp til laga um mentaskóla Norður- og Austurlands á Akureyri (Alþt. 1923, A. þskj. 156, bls. 303—305), en frumvarp þetta hafði samið skólameistari á Akureyri, að því er flutningsmaður skýrði frá.

Mentamálanefnd neðri deildar gat ekki orðið sammála um frv. þetta og vildi meiri hlutinn (Sig. Stef., Magnús Pjetursson og Einar Þorgilsson, nefndarálit Alþt. 1923, A, þskj. 320, bls. 511) fella frumvarpið, en minni hlutinn (Þorst. M. Jónsson og Gunnar Sigurðsson) samþykkja það. Bar þá Magnús Jónsson 4. þm. Reykvíkinga, fram rökstudda dagskrá:

»Með skírskotun til þingsályktunar um heimavistir við hinn lærða skóla í Reykjavík frá 1921 og í því trausti, að stjórnin taki til rækilegrar athugunar til næsta Alþingis fyrirkomulag mentaskólans í Reykjavík, einkum það, með hvaða móti megi gera þeim utanbæjarnemöndum, sem til stúdentsprófs lesa þar, vistina sem ódýrasta, og með því að málið vantar nægilegan undirbúning, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Dagskrártillaga þessi var samþykt (með 14 : 12) en í umræðunum um mál þetta (Alþt. 1923, C, bls. 441—521) gat Sig. Eggerz þess (C, bls. 488), að stjórnin hafi ekkert aðhafst út af ályktun þingsins 1921 um heimavistir.

Umræður um frv. til laga um lærða skólann í Reykjuvík urðu allmiklar á Alþingi 1923 (Alþt. C, bls. 591—622), en þeim lyktaði á þann hátt, að dagskrártillaga þeirra Þorst. M. Jónssonar og Gunnars Sigurðssonar á þskj. 589 var samþykt (með 15 : 11).

Á Alþingi 1924 bar Bjarni Jónsson frá Vogi fram sama frumvarp og 1923 (Alþt. 1924, A, þskj. 25, bls. 166—168), en frumvarpið fór ekki í nefnd og urðu engar umræður um málið, vegna veikinda flutningsmanns.

Á Alþingi 1925 bar Bjarni Jónsson frá Vogi enn fram sama frumvarp (Alþt. 1925, A. þskj. 33). Málið komst í nefnd, en mentamálanefnd neðri deildar (Jör. Brynjólfsson, Ásg. Ásgeirsson, Bernh. Stefánsson, Sigurjón Jónsson og Björn Líndal) gat eigi orðið sammála um, hvort sleppa skyldi skiftingunni milli gagnfræðadeildar og lærdómsdeildar. Nefndin lagði því til að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá:

»Þar sem búast má við, að meiri kostnaður muni af frv. leiða en nú þykir fært að ráðast í, og vænta má, að fleiri gögn muni innan skamms fram koma um málið, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

(Björn Líndal með fyrirvara, Alþt. A. þskj. 146, bls. 323). Málið komst þó til 3. umr. í neðri deild og urðu allmiklar umræður um málið (Alþt. 1925, C. bls. 467—568). Snjerust þær aðallega um tvískiftingu skólans eins og hún er nú og þar eð sumir þingmenn vildu bíða heimkomu Jóns Ófeigssonar mentaskólakennara, er dvalist hefir ytra til að kynna sjer skólamál, en aðrir vildu fá rannsakað, hve mikinn kostnað heimavistir við mentaskólann hefði í för með sjer, tók mentamálanefnd dagskrártillögu sína aftur, en tillaga frá þm. Barðstrendinga (Hák. Kristóferssyni) um að vísa málinu til stjórnarinnar var samþykt með 14 atkv. : 13, en einn þm. var fjarstaddur.

Af ágripi þessu af sögu frumv. á síðustu fimm árum á Alþingi eru tvö atriði, sem einkum hafa valdið ágreiningi: sambandið við Akureyrarskóla og kostnaður við heimavistir í Reykjavík. Í umræðunum um núverandi fyrirkomulag skólans hefir oft verið vitnað í skólafyrirkomulag annara þjóða og er því vert að lýsa því að nokkru.

Í *Svíþjóð* er gerður greinarmunur á realskólum (gagnfræðaskólum) og æðri almennum skólum, en þeim er aftur skift í tvær deildir, almenna deild (realgymnasium) og latínudeild (latingymnasium). Í skólalögum Svía frá 1905

eru taldar upp námsgreinir gagnfræðaskóla: Kristin fræði, sænska, þýska, enska, saga, landafræði, stærðfræði og náttúrufræði og auk þess franska fyrir þá lærisveina, er kynnu að óska kenslu í þessari grein. Ennfremur skrift, teikning, söngur og leikfimi, handavinna fyrir stúlkur, ef um samskóla er að ræða og smíði (slöjd).

Í almennri deild æðri skóla (realgymnasium) skal kenna: Kristin fræði, sænsku, þýsku, ensku, frönsku, sögu, landafræði, forspjallsvísindi, stærðfræði, líffræði, eðlisfræði og efnafræði.

Í latínudeild skal kenna: Kristin fræði, sænsku, latínu, grísku, þýsku, ensku, frönsku, sögu, landafræði, forspjallsvísindi, stærðfræði, líffræði og eðlisfræði. Í báðum deildum skal kenna: teikningu, söng, leikfimi og vopnaburð.

Skólalögin sænsku (frá 18. febr. 1905, Svensk författningssamling nr. 6, 1905) gengu smám saman í gildi eftir að þau höfðu verið samin og var ákvæðunum um gagnfræðapróf fyrst beitt vorið 1907, en ákvæðin um stúdentspróf gengu í gildi vorið 1910. Þau taka fram, að gagnfræðaskólar eigi að veita nemöndum almenna mentun (medborgerlig bildning), en að markmið lærðu skólanna (gymnasia) sje að leggja grundvöllinn að vísindalegri þekkingu til undirbúnings námi við háskóla eða aðra æðri skóla. Síðan hafa verið gerðar nokkrar smábreytingar á skólalögunum sænsku, ýms reglugerðarákvæði sett og eru helst þeirra kenslufyrirkomulagsákvæðin frá 1909 (30. spríl 1909, Svensk författningssamling 1909, nr. 28). Gagnfræðaskólanám Svía stendur yfir í 6 ár og geta þá þeir, er burtfararpróf taka, sest í 2. bekk lærða skólans, en annars er venja, að menn fari eftir 3 ára barnaskólanám yfir í gagnfræðaskóla og eftir 5 ára nám í þeim yfir í lærðan skóla. Undir stódentspróf verða menn því að ganga í 5 ár í gagnfræðaskóla og 4 ár í lærðan skóla, en námsgreinunum er skift samkvæmt ákvæðunum frá 1909:

KENSLUSKIFTING

	Almenn deild:				Latínudeild:			
	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.
Námsgreinir:	Stundafjöldi á viku:				Stundafjöldi á viku:			
Kristinfræði	2	2	2	2	2	2	2	2
Sænska	3	2	3	3	3	2	3	3
Latína	»	»	»	»	6	6	6	6
Þýska	2	2	2	2	2	2	2	2
Enska	3	3	2	4	2	2	2	2
Franska	»	4	4	4	»	4	4	4
Saga	3	3	3	3	3	3	3	3
Landafræði	2	1	»	»	2	1	»	»
Forspjallsvísindi	»	»	1	1	»	»	1	1
Stærðfræði	7	6	6	6	5	4	4	5
Líffræði	1	2	2	1	1	2	2	1
Eðlisfræði	3	2	4	3	2	1	2	2
Efnafræði	2	2	2	2	»	»	»	»
Teikning	2	2	2	2	2	2	2	2
Samtals á viku	30	31	33	33	30	31	33	33

Sú breyting hefir þó verið gerð, að í latínudeild skal kenna frönsku 5 stundir á viku í 3. og 4. bekk og fellur þá niður annar tíminn í teikning í þessum bekkjum (sbr. ákvæði frá 1921, Svensk författningssaml. 1921, nr. 191). Þá er og gríska kend í latínudeild þeim, er þess æskja, í 3. og 4. bekk og fá þeir 7 tíma kenslu í grísku bæði árin og sleppa þá 4 tímum í stærðfræði, 2 í teikning og 1 í ensku í 3. bekk, en í 4. bekk 5 tímum í stærðfræði, 2 í teikning (sbr. ákvæðin 1909, 1. timplan, Anm. 1). Síðan hefir þessu verið breytt þannig, að í þriðja bekk skal í stað grískunnar sleppa 4 tímum í stærðfræði, 1 í teikning, 1 í frönsku og 1 í ensku, þannig, að frönskutímar sje 4 á viku, en 1 enskutími. Í 4. bekk skal sleppa í stað grískunnar 5 stærðfræðitímum og 1 í teikning og 1 í frönsku (frönskutímar eru því 4 á viku), sbr. breytingu frá 15. apríl 1921 (Svensk författningssaml. 1921, nr. 191).

Í kensluskiftingunni, er samin var 1909 og getið var, er nákvæmlega skýrt frá, hvernig haga beri náminu í hverri einstakri grein. Þar eru 2 fræðigreinar, er vert er að taka eftir: *forspjallsvísindi*, sem kend eru í 2 efstu bekkjum skólans, og *líffræði* í öllum 4 bekkjum. Í forspjallsvísindum skal einkum lögð áhersla á sálarfræði, en kenna skal og meginatriði rökfræði og á kensla þessi í forspjallsvísindum að miða að því, að skapa samhengi og yfirlit í þekkingu nemanda. Líffræðikensla miðar að því að veita nemöndum þekkingu á lögun, líffærum og lífsstarfi allra lifandi vera, skal kenna í neðri bekkjunum líffeðlisfræði mannsins og heilsufræði, um áhrif tóbaks og annara deyfandi meðala, en í efri bekkjunum einkum lífsstarfsemi hryggdýra, fósturfræði og fornaldarleifafræði.

Lítum þessu næst á skólamál *Dana*. Skólalög þeirra, er nú gilda, eru frá 24. apríl 1903 (Lov om höjere Almenskoler m. m.) og eru þau ásamt öllum síðari breytingum og reglugerðum gefin út af kirkju- og kenslumálaráðuneytinu danska (Lov om höjere Almenskoler m. m., I. Del, Kbh. 1907, De til Lov om höjere Almenskoler hörende Retsregler II. Del, Kbh. 1908, III. Del 1912, IV. Del 1917, V. Del 1923). Samkvæmt lögum þessum taka við af barnaskólum svonefndir miðskólar, er standa yfir í 4 ár, en þá tekur við 3 ára lærður skóli (gymnasium). Sjerstakt inntökupróf er haldið við miðskólana og má enginn nemandi vera yngri en 11 ára, er hann fer inn í miðskóla, og ekki yngri en 15 ára, er hann kemst upp í lærðan skóla. Miðskólinn og lærði skólinn eru því nokkurskonar tvískiftur mentaskóli, þar sem fyrstu fjögur árin miða að því að veita nemöndum almenna fræðslu, en hin þrjú árin eiga að veita undirbúning undir háskólanám. Þeir nemendur miðskólans, er fara ekki í lærða skólann, eiga kost á eins árs viðbótarkenslu í gagnfræðum og taka að því loknu gagnfræðapróf. Í gagnfræðadeild (miðskólanum) er kent (sbr. Cirkulære i Anledning af kongelig Anordning af 26. Maj 1904 angaaende Undervisningen i Mellemskolen):

Námsgreinir.	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	Samtals Kl.st.
	Klukkustundir.				
Kristinfræði	2	2	2	1	7
Danska	5	4	4	5	18
Enska	6	3	3	3	15
Þýska	»	5	4	4	13

Námsgreinir.	1. b.	2. b,	3. b.	4. b.	Samtals
	Klukkustundir.				Kl.st.
Saga	3	2	3	2	10
Landafræði	2	2	2	2	8
Náttúrusaga	2	2	2	2	8
Náttúrufræði	2	2	2	2	8
Reikningur og stærðfr.	4	5	6	7	22
Skrift	2	1	1	1	5
Teikning	2	2	1	1	6
Á viku	30	30	30	30	120
Leikfimi					
Söngur					

Nemöndum er frjálst að byrja á ensku eða þýsku; ef byrjað er á ensku er tímafjöldinn 6 — 3 — 3 — 3, en þýskunnar 0 — 5 — 4 — 4. Lærdómsdeildinni eða lærða skólanum (3 ár) er deilt í þrent: fornmáladeild, nýjumáladeild og stærðfræði- og náttúrufræðideild og er kenslunni í þessum þremur deildum hagað samkvæmt eftirfarandi töflu (sbr. Ministeriets Cirkulære angaaende Undervisningen i Gymnasiet með Udkast til Anordning om Studentereksamen, 4. Dec. 1906):

Fornmáladeild:	Bekkur		
	1.	2.	3.
Námsgreinir:	Klukkust.		
Kristinfræði	1	1	1
Danska	4	4	4
Saga	3	3	4
Gríska	6	6	6
Latína	6	5	6
Fornaldarfræði	»	1	»
Enska eða þýska	2	2	2
Franska	4	4	4
Landafræði / Náttúrusaga / Náttúrufræði	2	2	2
Stærðfræði	2	2	2
Samt.	30	30	30
Leikf., söngur og ef til vill líkamsvinna	6	6	6

Nýjumáladeild.	Bekkur		
	1.	2.	3.
Námsgreinir:	Klukkust.		
Kristinfræði	1	1	1
Danska	4	4	4
Saga	3	3	4
Enska	5	5	5
Þýska	4	4	4
Franska	4	4	4
Latína	4	4	3
Fornaldarfræði	1	1	1
Landafræði / Náttúrusaga / Náttúrufræði	2	2	2
Stærðfræði	2	2	2
Samt.	30	30	30
Leikf., söngur og ef til vill líkamsvinna	6	6	6

Stærðfræði- og náttúruv.d.	Bekkur		
	1.	2.	3.
Námsgreinir:	Klukkust.		
Kristinfræði	1	1	1
Danska	4	4	4
Saga	3	3	4
Stærðfræði	6	6	6
Náttúrufræði	6	6	6
Enska eða þýska	2	2	2
Franska	4	4	4
Fornaldarfræði	1	1	1
Landafræði / Náttúrusaga	3	3	2
Samt.	30	30	30
Leikf., söngur og ef til vill líkamsvinna	6	6	6

Nokkrar breytingar hafa síðan verið gerðar á kensluskifting námsgreina og er sú helst, að byrjað var að kenna frönsku eða latínu í 4. bekk miðskólans til þess að ljetta nokkuð undir náminu í lærdómsdeildinni, en slept í þess stað

jafnmörgum tímum í öðrum námsgreinum (1 st. í stærðfr., 1 st. í dönsku, 1 í skrift og 1 í teikningu).

Eftir að skólalöggjöfin frá 1903 var gengin í gildi fór brátt að bóla á óánægju meðal ýmsra mentafrömuða Dana; fanst þeim, að stúdentar væri ver þroskaðir en áður og kendu um kenslufyrirkomulaginu í undirbúningsskólunum. Varð þetta til þess, að skipuð var 25 manna nefnd með lögum 21. febr. 1919, nr. 77 til þess að rannsaka alt skólafyrirkomulag Dana (uppeldismál, fjármál og stjórn). Kenslumálaráðherra Dana tilnefndi formanninn (K. M. Klausen fólksþingsmann) og 8 nefndarmenn, en 16 voru kjörnir af þinginu. Nefndin skilaði ítarlegu áliti (Betænkning med Lovforslag afgivet af Skolekommissionen i Henhold til Lov nr. 77 af 21. Februar 1919, Köbenh. 1923, 606 bls.), en varð ekki sammála um fyrirkomulag mentaskóla. Meiri hlutinn (16) leggur til, að lærður skóli skuli búa nemendur undir stúdentspróf á 4 árum, en í sambandi við þessa 4 ára lærðu skóla skuli koma fyrir 3 undirbúningsbekkjum eða barnaskólabekkjum (inntökualdur 11—13 ára). Mentaskólanámið skuli því standa í 7 ár, en gagnfræðaprófi eiga nemendur neðri bekkjanna að geta lokið með 2 eða 3 ára framhaldsnámi. Minni hlutinn (8) leggur til að nám mentaskóla skuli vera óslitið 6 ár og inntökualdur 12 ár. Öll nefndin er sammála um að afnema miðskólana og skoðanamismunurinn er minni en í fljótu bragði virðist. Samkvæmt skólalögum Dana frá 1903 eru barnaskólar undirbúningsskólar undir mentaskóla fram að 11 ára aldri, en eftir tillögum minni hluta nefndarinnar ber að flytja þetta aldurstakmark fram til 12 ára; barnaskólarnir eiga að starfa með sitt markmið fyrir augum, en eiga að veita á þessum árum þá fræðslu, að gáfuð og dugleg börn geti að því námi loknu farið yfir í lærðan skóla, er standi í 6 ár. Minni hlutinn vill því bæta einu ári við barnafræðsluna, en heimtar í stað þess 6 ára óslitið nám í lærðum skóla. Öll nefndin er sammála um að halda skiftingunni í máladeildir og stærðfræðideild, þó að nokkrir nefndarmenn (6) vilji sleppa fornmáladeildinni. Samkvæmt tilkynningu kenslumálaráðuneytisins (28. nóv. 1923) tóku 1923 1084 stúdentspróf í Danmörku og höfðu 935 af þeim gengið í skóla, en 149 haft einkaundirbúning. Af skólanemöndum höfðu 44 útskrifast úr fornmáladeildinni, 456 úr nýjumáladeildinni, en 435 úr stærðfræðideild. Á sama tíma luku gagnfræðaprófi 2937 manns.

Í *Noregi* er skólaskylda fyrir börn á aldrinum 7—14 ára, en þeir, er nema ætla til stúdentsprófs, fara 11 ára í 4 ára miðskóla eða 12 ára í 3 ára miðskóla og þaðan í 3 ára lærðan skóla (gymnasium). Í miðskólanum skal kenna: kristinfræði, norsku, þýsku, ensku, sögu, landafræði, náttúruvísindi, reikning og stærðfræði, skrift, teikning og auk þess handiðnir, líkamsæfingar og söng, en í lærðum skóla skal kenna: kristinfræði, norsku, þýsku, ensku, frönsku, sögu, landafræði, náttúruvísindi, stærðfræði, teikning, líkamsæfingar og söng. Skólalögin norsku eru frá 27. júlí 1896 og hafa síðan verið gerðar nokkrar breytingar á þeim. Lærða skólanum var fyrst skift í tvær deildir: máladeild og stærðfræðideild, en 1919 var bætt við einni deild enn, latínudeild (Lov om forandring i lov om höjere almenskoler av 27. 7. 1896, av 18. juli 1919, nr. 5, Alm. norsk lovs. 1916—1819, bls. 1342) og er aðaláherslan lögð á latínunám í þeirri deild og gríska kend þeim er vilja. 1914 var lærða skólanum breytt í 4 ára nám fyrir

þá, er gengið hafa í sveitaskóla (landsfolkeskole), þó verða nemendur þessara sveitaskóla að hafa tekið þátt í 6 mánaða námsskeiði áður en þeir fá inngöngu í lærða skólann (lagabr. 26. júní 1914, sbr. Almindel. norsk lovsamling 1914, bls. 703 nn.). Kensluskrá um skifting námsgreinanna er gefin út af kirkjumáladeild Norðmanna 8. apríl 1897 fyrir miðskólana, en 5. dec. 1899 fyrir lærða skóla og hafa síðan nokkrar smábreytingar verið gerðar, en námsskiftingin er svipuð og við aðra skóla á Norðurlöndum. Í Noregi ganga menn því á mentaskóla annaðhvort 4+3 ár eða 3+3 ár. Skiftingin er því lík og hjer á landi, en þar hefir farið sem annarsstaðar, að óánægja mikil hefir risið út af skólafyrirkomulagi þessu og hafa menn viljað losna við miðskólana og gera námið í lærðu skólunum óslitið, er standi í 6—7 ár. Í stórþinginu 2. júlí 1919 var samþykt þingsályktunartillaga um skipun mentamálanefndar til að gera tillögur um breytingu á skólakerfinu og var nefndin síðan skipuð 1. okt. 1920, en í henni eiga sæti margir ágætir skólamenn Norðmanna (form. Dr. Anton H. Ræder, rektor Kadedralskólans í Oslo). Nefnd þessi hefir enn ekki skilað áliti sínu, en þar í landi virðast hugir manna hneigjast í þá átt að gera lærðu skólana óskifta.

Á *Þýskalandi* ræður hvert land sínum eigin skólamálum, en fyrirkomulagið er mjög svipað, enda skipa alríkislögin frá 1919 svo fyrir, að skólaskylda skuli vera fyrir öll börn í 4 ár (Grundschule) og verða ríkin að koma framhaldsskólum sínum fyrir á þessum grundvelli.

Mentaskólar á Þýskalandi leggja ýmist áherslu á forntungnanám, á nýju málin, á náttúruvísindi o. s. frv. og kallast Gymnasium, Realgymnasium, Oberrealschule og Deutsche Oberschule. Allir þessir skólar hafa óskift 9 ára nám, en skifting námsgreina er mismunandi og sjest af eftirfarandi yfirliti:

Stundafjöldi á viku í 9 bekkjum samtals:

	Gymnasium	Realgymnasium	Oberrealschule	Deutsche Oberschule
Kristinfræði	18	18	18	18
Þýska	31	31	37	44
Latína	53	41	»	»
Gríska	36	»	»	»
Enska eða	15	27 (24)	1. nýmál 40	1. nýmál 46 (43)
Franska		20 (23)	2. — 22	2. — 13 (16)
Saga	19	20	22	25
Landafræði	12	13	14	18
Stærðfræði	33	36	43	37
Náttúruvísindi	18	25	35	30
Teikning	14	18	18	18
Söngur	4	4	4	4
Vikust. í b.	26—29	29	29—30	28—30

Ennfremur tíðkast 6 ára óskift nám í Oberrealschule og Deutsche Oberschule, bygt á 7 ára barnaskólanámi og er náminu þá hagað þannig:

	Oberrealschule	Deutsche Oberschule
Kristinfræði	12 st.	12 st.
Þýska	24 —	28 —
Saga	18 —	21 —
Landafræði	9 —	12 —
Stærðfræði	32 —	26 —
Náttúruvísindi	30 —	27 —
Fyrra nýmál	30 (28)	31 (27)
Annað nýmál	15 (17)	13 (17)
Teikning	12 —	12 —
Samtals	30—31 st.	30—31 st.

á viku í hverjum bekk. Auk þess er leikfimi kend í öllum skólum.

Í Gymnasium og Realgymnasium er latína kend í neðsta bekk 7 stundir á viku, en ekki er byrjað þar á nýju málunum fyr en 3. eða 4. námsárið. Í Gymnasium og Realgymnasium eru sömu námsgreinir kendar fyrstu 3 árin og eins er farið að í Oberrealschule og Deutsche Oberschule. Vert er að taka eftir, hve mikil áhersla er lögð á latínunám; í prússnesku skólunum er latína kend 53 stundir á viku (í Gymnasium) í 9 bekkjum eða sem næst 1 stund á dag í 9 ár, en í Bayern er þessi latínukensla enn meiri eða 63 stundir á viku.

Loks ber enn að nefna *Reformschule*. Skólar með þessu nafni voru stofnaðir 1892 á Þýskalandi og hafa síðan náð allmikilli útbreiðslu, einkum í Prússlandi. Þar er lögð mikil áhersla á þýsku, nýju málin og stærðfræði og er kensluskiftingin í Reformrealgymnasium sem næst þessu:

Kristin fræði	18	stundir.
Þýska	35	—
Latína	16	—
Fyrra nýmál	44 (41)	—
Annað nýmál	23 (26)	—
Saga	22	—
Landafræði	13	—
Stærðfræði	37	—
Teikning	18	—
Söngur	4	—

Í tveim efstu bekkjum í Reformschule hafa nemendur mjög frjálsar hendur um val námsgreina; af 30 kenslustundum á viku eru að eins 18—24 skyldunám og geta þeir því valið sjer listasögu, heimspeki eða aðrar greinir. Fyrirkomulag þessara skóla miðar að því, að nemendur þurfi ekki að velja um lífsstörf fyr en í síðustu lög.

Alger munur er gerður á miðskólunum þýsku (Mittelschule), er hafa 6 ára nám, og ofantöldum skólum. Miðskólarnir veita almenna fræðslu og svara

til gagnfræðaskóla og veita undirbúning undir ýmsa atvinnuskóla, eins og iðnskóla, verslunarskóla o. fl.

Loks skal minst á skólana í *Sviss*. Þar ræður hvert fylki sínu skólafyrirkomulagi, en öll leggja þau áherslu á að halda óslitnu mentaskólanámi að minsta kosti 6 ár. Í reglugerð ríkisstjórnarinnar frá 20. janúar 1925 er kveðið svo á um, að ekki viðurkenni ekki stúdentspróf hjá neinum nemanda sem yngri er en 18 ára enda hafi hann stundað nám að minsta kosti 6 ár í óslitnum lærðum skóla. Í barnaskólum er skyldunám venjulega 8 ár, ef nemandinn fer ekki í æðri skóla. Framhaldsskólar taka við af barnaskólum og eru þar kendar ýmsar hagnýtar fræðigreinir, en skólar þessir jafngilda þó ekki undirdeildum lærðra skóla. Lærðu skólunum er skift í undirdeildir og yfirdeildir og stendur nám í undirdeildunum venjulega yfir í 2 ár, en $4^1/_2$ ár í yfirdeildunum. Yfirdeildunum er skift í tvent í *Zürich:* fornmáladeild og mentadeild, í *Bern* í þrent: máladeild, mentadeild og verslunardeild, í *Genf* í fernt: fornmáladeild, gagnfræðadeild, iðnfræðadeild og kennaradeild. Í Bern verður því venjulega námsleiðin þessi: 4 ár barnaskólanám + 4 ár í undirdeild lærða skólans + $4^1/_2$ ár í yfirdeild, samtals $12^1/_2$ ár. Í Genf: 5 ára barnaskólanám + 3 ára undirdeild lærða skólans + 4 ára yfirdeild, samtals 12 ár. Í Zürich: 6 ára barnaskólanám + 2 ár í undirdeild (Progymnasium) + $4^1/_2$ ár í yfirdeild, samtals $12^1/_2$ ár. Kenslunni er t. d. skift þannig:

Zürich:	Fornmáladeild (2×$4^1/_2$ ár)	Mentadeild (2×$4^1/_2$ ár)
Þýska	23 st.	$23^1/_2$ st.
Latína	42 —	35 —
Gríska	31 —	» —
Franska	21 —	25 —
Enska	» —	$11^1/_2$ —
Saga	$17^1/_2$ —	$17^1/_2$ —
Landfræði	7 —	9 —
Náttúrufræði	9 —	12 —
Eðlisfræði	$6^1/_2$ —	$8^1/_2$ —
Efnafræði	4 —	6 —
Stærðfræði	$25^1/_2$ —	34 —
Söngur	$3^1/_2$ —	$3^1/_2$ —
Skrift	2 —	2 —
Teikning	9 —	13 —
Leikfimi	$13^1/_2$ —	$13^1/_2$ —

Af samanburði þessum verður bert, að nágrannaþjóðir vorar keppa eftir að veita nemöndum sem bestan undirbúning undir háskólann. Þjóðverjar hafa venjulegast óslitið mentaskólanám í 9 ár, Svisslendingar í $6^1/_2$, Svíar slíta að jafnaði sambandinu við aðra skóla eftir 3 ára barnaskólanám og hafa því í raun og veru 9 ára óslitið mentaskólanám (5 + 4 ár). Danir hafa miðskólann sem millilið og slíta því ekki sambandinu fyr en við upptöku í lærðu skólana, en vert er að taka eftir því, að mentamálanefndin frá 1919 er sammála um að afnema mið-

skólana. Það liggur í augum uppi, að þeir nemendur, sem ætla að ganga á verslunarskóla, iðnskóla eða aðra slíka atvinnuskóla, eiga ekki samleið með þeim nemöndum, sem ætla að taka stúdentspróf og ganga síðan á háskóla. Undirbúningsskóli undir háskóla eða lærður skóli á að vera sjerstæð stofnun, er ræður kenslu sinni sjálf og þarf ekki að miða hana við þarfir þeirra manna, er velja ætla sjer aðra leið í lífinu. Reynsla annara þjóða bendir í þá átt, að vjer eigum að koma upp óskiftum lærðum skóla og standi námið yfir að minsta kosti í 6 ár. Skólaárið stendur að jafnaði lengur yfir hjá öðrum þjóðum og þó láta Þjóðverjar sjer ekki nægja skemri tíma en 9 ár, Svíar 9 ár, Svisslendingar $6^1/_2$ ár. Má þá einsætt vera, að oss veitir eigi af 6 ára óslitnu námi til þess að veita nemöndum vorum viðunandi undirbúning undir háskólanám.

Skal þessu næst drepið á *heimavistarþörf* mentaskólans í Reykjavík. Í umræðum á Alþingi á undanförnum árum um lærða skólann í Reykjavík hefir því verið haldið fram, að kostnaður nemanda þeirra, er ganga á gagnfræðaskólann á Akureyri sje að mun minni en þeirra, er í Reykjavíkurskóla ganga, og þess vegna beri að breyta Akureyrarskólanum í mentaskóla með líku sniði og Reykjavíkurskólinn er, svo að nemendur af Norður- og Austurlandi sje eigi ver settir en nemendur þeir, er Reykjavíkurskólann sækja. Virðist ekki ósanngjarnt, að meiri jöfnuði verði komið á milli námskjara þeirra, er stunda nám á Akureyri og í Reykjavík og því er meðal annars farið fram á það í ofangreindu frumvarpi, að komið sje á heimavistum fyrir alt að 50 nemendur í Reykjavík og skuli að öðru jöfnu þeir nemendur sitja fyrir, er búsetu eiga utan Reykjavíkur. Er ætlast til þess, að í sambandi við fyrirhugaða heimavist í Reykjavík sje komið upp mötuneyti fyrir nemendur og mun þá svo fara, að lítill verði munur á kostnaðinum á Akureyri og í Reykjavík. En auk þess mun heimavist hafa verulegt uppeldis- og þroskagildi fyrir nemendur; þeir kynnast hver öðrum betur, hafa betra tækifæri til samvinnu og gagnkvæmra áhrifa, og undir stjórn góðs kennara læra þeir háttprýði og reglusemi betur en nú eru tök á. Skólanum er ætlað að verða heimili, þar sem kennarar og nemendur leggjast á eitt að efla andlegan og líkamlegan þroska nemanda sem best má verða.

Um einstakar greinir frumvarpsins skal tekið fram:

3. gr.: Hjer eru taldar upp námsgreinir þær, er kenna ber í skólanum. Ætlast er til, að kenslumálaráðuneytið skipi síðar fyrir um með reglugerð, að fengnum tillögum skólastjóra og kennara, hvernig skift skuli einstökum námsgreinum (sbr. 7. gr.). Sjálfsagt þykir einnig að kenna dönsku og eðlisfræði í skólanum, sbr. breytingartill. Klem. Jónssonar á Alþingi 1925 (þskj. 162) og Magn. Jónssonar (þskj. 215 og 269).

4. gr.: Hjer er lítilsháttar orðamunur frá frv. 1925, sama próf í stað »sömu reynd«, sbr. breytingartill. Magn. Jónssonar (þskj. 215).

5. og 6. gr.: Hjer eru enn fremur gerðar orðabreytingar, orðið próf sett alstaðar inn í stað »reynd«, sbr. breyt.till. Magn. Jónssonar (þskj. 215).

12. gr.: Hjer er bætt við ákvæði um (sbr. breyt.till. Magn. Jónssonar á Alþingi 1925, þskj. 215) að hver fastur kennari skólans skuli hafa leyfi frá kenslustöfum 10. hvert ár. Ákvæði þetta má teljast sanngjarnt og getur orðið skólanum til mikils gagns. Kennurum er nauðsynlegt að kynnast nýjungum í

sinni grein og þó að sumarleyfi sje alllangt, er kenslustarfið þreytandi og fæstir eru þeir, sem hafa þrek í sjer til að leggja á sig sumarnám að afloknum vetrarstörfum. Kennurum er með þessu ákvæði ætlað að kynnast öllum nýjungum í sinni fræðigrein og endurbótum á kensluaðferðum, svo að þeir geti endurnýjast og hafið starf sitt aftur með nýjum kröftum.

13. og 15. gr.: Hjer er bætt við ákvæðum um heimavistir (sbr. breyt.till. þeirra Bjarnar Líndals, Jóns Sigurðssonar og Þórarins Jónssonar 1925, þskj. 272).

Í viðbót við það, er áður er sagt um undirbúning frumvarps þessa, skal þess getið að frv. með athugasemdum er enn endursamið og saman sett af Bjarna háskólakennara Jónssyni frá Vogi, eða eftir hans fyrirsögn. Síðan hefir Jón mentaskólakennari Ófeigsson yfirfarið það og gert við það breytingartillögur um nokkur atriði, og eru þær allar teknar til greina að einni undantekinni (við 5. gr.).

Hjer fer á eftir áætlun húsameistara um kostnað við að koma upp 50 heimavistum.

Álitsskjal húsameistara.

Samkvæmt ósk hins háa ráðuneytis, hefi jeg gert eftirfarandi áætlun um húsbyggingu fyrir heimavistir við hinn almenna mentaskóla í Reykjavík.

Jeg hefi gert uppdrátt að húsi á lóð skólans fram með Amtmannsstíg. Lengd hússins er 17,80 m. og breidd 11,30 m.: Kjallari, 2 hæðir, port og ris. Í kjallara er borðstofa, eldhús, geymsla fyrir matvæli og kol, miðstöðvarklefi, baðherbergi og vatnssalerni. Á fyrstu hæð eru þrjár þriggjamannastofur, fimm tveggjamannastofur og vatnssalerni. Á annari hæð eru tvær þriggjamannastofur og þrjár tveggjamannastofur, auk þess lestrarstofa og umsjónarmannsíbúð, tvö herbergi. Á efstu hæð er ein einbýlisstofa, ein fjögramannastofa, tvær tveggjamannastofur, herbergi fyrir ráðskonu, tvö herbergi fyrir þjónustustúlkur og vatnssalerni. Í byggingunni eru herbergi fyrir 40 nemendur.

Til frekari skýringar skal jeg geta þess, að einbýlisstofan er að stærð 2,70 × 4,10 m., tveggjamannastofur eru 3,40 × 4,10 m., þriggjamannastofur eru 4,00 × 4,10 m. og fjögramannastofur 4,10 × 5,40 m Lestrarstofan er 4,10 × 5,40 m., borðsalur í kjallara er 6,00 × 7,40 m. Gert er ráð fyrir, að allir klæðaskápar og þvottaskálar sje greypt í veggi. Húsið er úr steinsteypu, og mun byggingarkostnaðurinn verða nálægt kr. 125,000,00 — eitt hundrað tuttugu og fimm þúsund krónur. — Ef gert yrði ráð fyrir 50 heimavistum mundi kostnaðurinn verða nálægt 150 þúsundum króna.

Uppdrættir fylgja.

7. Frumvarp

til laga um fræðslu barna.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

I.

Um fræðsluskyldu.

1. gr.

Fræðslu barna til fullnaðs 10 ára aldurs skulu heimilin annast sjálf og kosta, nema þar sem öðruvísi er ákveðið með skólareglugerð (sbr. 10. gr.). Skal hvert barn 10 ára að aldri geta lesið liðugt og skrifað nokkurn veginn, ef það er til þess hæft. Komist skólanefnd við próf eða á annan hátt að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi fræðslu í þessum greinum, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa húsbænda, ber henni að gera ráðstöfun til, að börnin fái nauðsynlega tilsögn á heimili sínu eða utan þess. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru aðstandendur barnsins skyldir að greiða, en greiða má hann fyrirfram úr sveitarsjóði. Kostnaðinn má taka lögtaki.

2. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á:

1. að geta lesið móðurmálið, latneskt letur og gotneskt, skýrt og áheyrilega, og geta sagt munnlega frá því, er það les; það skal og geta gert skriflega grein fyrir efni, sem það þekkir vel, nokkurnveginn ritvillulaust og málýtalaust; kunna skal það utanbókar nokkur íslensk kvæði, helst ættjarðarljóð og söngljóð, og geta skýrt rjett frá efni þeirra með sínum eigin orðum;
2. að geta skrifað liðugt læsilega og hreinlega rithönd;
3. að hafa lesið með leiðsögn og skýringu valda kafla úr bibliunni, sem svarar 300 bls. í 8 bl. broti, sjerstaklega um líf og kenningu Krists, og skal lögð áhersla á, að það hugfesti sjer einkum orð hans og hafi þau rjett eftir;
4. að kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum (almennum brotum og tugabrotum), og geta notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, meðal annars til þess, að reikna flatarmál og rúmmál einfaldra hluta; það skal og vera leikið í því að reikna með lágum tölum í huganum;
5. að vita nokkuð um merkustu menn þjóðarinnar að fornu og nýju, og þau tímabil, er þau lifðu á;
6. að vera leikið í að nota landabrjef hafa athugað átthagana vandlega og fengið sem ljósasta þekkingu á náttúru Íslands og högum þjóðar vorrar; það skal og bera skyn á legu og atvinnuvegi helstu landa í Evrópu, vita hvernig álfur og höf liggja á hnettinum og hafa fengið nokkra fræðslu um eðlishætti jarðar og stöðu hennar í sólkerfi voru;
7. að hafa vanist á að athuga algengustu fyrirbrigði náttúrunnar, sem það

hefir fyrir augum, svo að það geti lýst þeim; það skal og vita nokkuð um líffæri og lífsstörf mannslíkamans, dýra og jurta, og um helstu atriðin, er að hollustuháttum lúta;
8. að kunna nokkur einföld sönglög, einkum sálmalög og lög við íslensk ættjarðarljóð;
9. að geta gert einfaldar dráttmyndir af hlutum, sem það hefir fyrir sjer eða hugsar sjer;
10. að hafa lært almenn þjónustubrögð, svo sem að hirða skó, festa hnapp, staga sokk, sauma bót á fat, þvo úr flík.

3. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem önnur grein ræðir um, skulu þau börn, 10—14 ára að aldri, er sótt geta fasta heimangönguskóla, öðlast þá frekari fræðslu, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugerðum skólanna.

II.
Um skólahjeruð.

4. gr.

Hver kaupstaður og hver hreppur landsins er skólahjerað út af fyrir sig, nema önnur skipun sje á ger.

Tveir eða fleiri hreppar geta með samþykki yfirstjórnar fræðslumála gengið saman í eitt skólahjerað, ef tillaga um það er samþykt, fyrst af hreppsnefndum þeim, er hlut eiga að máli, en þar næst í hverjum hreppi á fundi, er löglega hafa verð boðaðir til þeir hreppsbúar, er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum.

Skólanefnd hefir á hendi stjórn fræðslumála í skólahjeraði hverju undir umsjón yfirstjórnar fræðslumála.

III.
Um skólahald.

5. gr.

Í kaupstöðum, kauptúnum, sjóþorpum og þjettbýlum sveitum, þar sem eru eða settir verða á stofn fastir heimangönguskólar og reglugerð þeirra og hollustuhættir eru samþykt af yfirstjórn fræðslumála, skulu öll börn, 10—14 ára að aldri, þau er skóla geta sótt að heiman, njóta þar kenslu hinn lögskipaða námstíma, nema skólanefnd veiti undanþágu.

Árlegur námstími skal vera að minsta kosti 24 kensluvikur. Þó getur yfirstjórn fræðslumála veitt leyfi til að stytta þennan námstíma um fjórar vikur, sje það gert til þess, að nota skólann til kenslu barna 7—10 ára að aldri að minsta kosti 8 kensluvikur haust eða vor, samkvæmt reglugerð, er yfirstjórnin samþykkir.

Nú geta ekki öll skólaskyld börn í hjeraðinu gengið að heiman til skólans, og skal þá annaðhvort koma þeim í dvöl í nánd við skólann, eða búa þeim heimavist í skólanum hinn lögskipaða námstíma. Heimilt er þó að ráða þessum börnum farkennara, sjeu þau 12 eða fleiri, og þeim eigi sjeð fyrir nægri kenslu á annan hátt.

6. gr.

Í þeim skólahjeruðum, þar sem settir verða á stofn heimavistarskólar og reglugerð þeirra og hollustuhættir samþykt af yfirstjórn fræðslumála, skulu öll börn skólahjeraðsins,, 10—14 ára að aldri, njóta þar kenslu að minsta kosti 12 vikur á ári, nema skólanefnd veiti undanþágu. Heimilt er þó að láta skólaskyldu þessa ná að eins til 12—14 ára barna, sje yngri börnum sjeð fyrir lögskipaðri fræðslu með farkenslu eða á annan hátt.

7. gr.

Í þeim skólahjeruðum, þar sem ekki eru fastir skólar, skal halda farskóla, er veitti hverju barni í skólahjeraðinu, 10—14 ára að aldri, fræðslu 12 vikur á ári að minsta kosti, nema skólanetnd veiti undanþágu. Geti skólanefnd farskólalaust, með eftirlitskennara eða á annan hátt, sjeð öllum börnum skólahjeraðsins á aldrinum 10—14 ára fyrir fullnægjandi fræðslu, er henni það heimilt.

8. gr.

Skólaskyldualdur miðast við nýár.

9. gr.

Undanþágu frá skólaskyldu þeirri, er ræðir um í 5., 6. og 7. gr., skal skólanefnd veita, ef hún af árlegum prófum þykist hafa tryggingu fyrir því, að sú fræðsla, sem börnin fá utan skólans, verði jafngild þeirri, er skólinn mundi veita. Umsóknir um slíkar undanþágur skulu vera komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok hvers skólaárs.

10. gr.

Yfirstjórn fræðslumála getur veitt skólahjeruðum heimild til að skipa fyrir um skólaskyldu fyrir börn, sem eru yngri en 10 ára, þó ekki yngri en 7 ára fullra.

Sýni próf 8—10 ára barna í einhverju skólahjeraði, að minsta kosti tvisvar á þremur árum, að fjórði hluti þeirra eða meira hafi eigi fengið nægilega fræðslu, skal skólanefnd tilkynna yfirstjórninni það og getur hún þá ákveðið skólaskyldu fyrir börn á þessum aldri í skólahjeraðinu.

11. gr.

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, er barn hafa til framfærslu, ákvæðum 5., 6. eða 7. gr. án gildra ástæðna, og varðar það dagsektum, 2—5 króna, eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð (bæjarsjóð).

12. gr.

Geti framfærandi barns á lögskipuðum skólaaldri fyrir iátæktar sakir ekki staðist kostnað þann, er leiðir af lögboðinni skólasókn þess eða fræðslu, skal sá kostnaður greiðast úr sveitarsjóði (bæjarsjóði) sem önnur gjöld til skólahalds. Umsóknir um slíkar greiðslur skulu komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok hvers skólaárs.

13. gr.

Hin lögskipaða fræðsla 10—14 ára barna veitist ókeypis, og greiðist kostnaðurinn við hana úr sveitarsjóði (bæjarsjóði) að öðru en því, er ríkissjóður leggur til kennaralauna og skólahúsa. — Nú eru fleiri en einn hreppur í skólahjeraði, og greiðir þá hver þeirra kostnaðinn við skólahaldið að rjettri tiltölu við fjölda skólaskyldra barna í hreppnum.

Um kostnaðinn við fræðslu yngri barna en 10 ára fer samkv. 1. gr. (sbr. 12. gr.).

14. gr.

Til að reisa barnaskólahús utan kaupstaða, greiðir ríkissjóður, af því fje, er til þess er veitt í fjárlögum ár hvert, alt að þriðjungi kostnaðar, sje það heimangönguskóli, en alt að helmingi kostnaðar sje það aðallega heimavistarskóli, með því skilyrði, að yfirstjórn fræðslumála samþykki uppdrátt og lýsingu af húslnu og legu þess, enda sje húsið með lóð þess eign hreppsins.

Nú er hætt að nota skólahús til skólahalds, og er þá fje það, er ríkissjóður hefir til þess lagt, afturkræft, þannig að ríkissjóður fái af rjettu andvirði hússins tiltölulega við tillag sitt.

15. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur reglur um gerð, legu og hollustuhætti skólahúsa.

16. gr.

Þegar barnaskólahús er reist frá stofni, stækkað eða endurbygt til skólahalds, skal bæjarstjórn sú eða hreppsnefnd, er hlut á að máli, annast um byggingu eftir uppdrætti og lýsingu, er yfirstjórn fræðslumála hefir samþykt, og afhenda síðan skólanefnd húsið til umsjónar og umráða.

Nú er skólahús ekki bygt samkvæmt uppdrætti og lýsingu, er yfirstjórn fræðslumála hefir samþykt, og getur þá skólanefnd neitað að taka við húsinu, uns það er komið í rjett lag.

17. gr.

Heimilt er yfirstjórn fræðslumála að löggilda barnaskóla, sem stofnaður er og rekinn fyrir fje einstakra manna eða fjelaga, ef hann starfar samkvæmt reglugerð, er yfirstjórn fræðslumála samþykkir, enda lúti slíkir skólar sama eftirliti og aðrir barnaskólar.

Börn á skólaskyldualdri, er slíkan skóla sækja, þurfa ekki leyfi skólanefndar til, en forstöðumaður hans skal fyrir byrjun hvers skólaárs láta skólanefnd í tje skýrslu um það, hvaða börn muni sækja skólann á því ári.

Ekki eiga barnaskólar einstakra manna eða fjelaga heimting á styrk af almannafje.

IV.

Um próf.

18. gr.

Próf skal halda árlega um kunnáttu og þroska barna í hverju skólahjeraði og heldur kennarinn (kennararnir) prófið. Nú hefir skólahjerað fengið undanþágu frá lögskipuðu skólahaldi og skipar þá yfirstjórn fræðslumála prófanda.

Við próf skal jafnan vera prófdómandi, skipaður af yfirstjórn fræðslumála. Utan kaupstaða fær hann 6 kr. og dýrtíðarupphót að auki fyrir hverjar 10 stundir, sem hann vinnur prófdómarastarf. Í kaupstöðum borgast eftir samkomulagi. Kostnaðurinn greiðist úr hlutaðeigandi bæjarsjóði eða sveitar.

Próf skal haldið að vorinu og ákveður prófdómandi stað og tíma í samráði við skólanefnd. Til prófs skulu koma öll börn skólahjeraðsins 8—14 ára að aldri.

Nú kemur barn á þessum aldri ekki til prófs án gildra forfalla, og skal þá prófdómandi prófa barnið á heimili þess eða á öðrum stað, er hann til tekur, og greiðir sá, er barnið hefir til framfæris, prófkostnaðinn.

19. gr.

Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að sterkar líkur sjeu til að það nái eigi lögskipaðri kunnáttu áður en það er 14 ára, ber skólanefnd að gera ráðstafanir til að lögð sje við það meiri rækt en áður, og má hún, ef nauðsyn ber til, kaupa því sjerstaka kenslu á kostnað þess, er barnið hefir til framfærslu, samkvæmt því, er segir í 1. gr.

20. gr.

Barni, sem er fullra 14 ára og hefir eigi fengið hina lögskipuðu kunnáttu, ber skólanefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 19. gr., og er því skylt að koma árlega til prófs, uns það stenst prófið eða er fullra 16 ára. Komi það eigi til prófs, fer samkvæmt síðasta lið 18. greinar. Undanskilin fyrirmælum þessarar greinar og næstu greinar á undan eru þau börn, sem að dómi kennara, læknis og prófdómanda eru óhæf til hins lögboðna náms, sakir andlegs eða líkamlegs vanþroska eða vanheilsu.

21. gr.

Börn þau, er með fullnaðarprófi hafa lokið lögskipuðu námi, skulu fá vottorð um kunnáttu sína og þroska, undirritað af prófdómanda og prófanda.

22. gr.

Að loknu prófi skal prófdómandi senda skólanefnd skriflegt álit sitt um hag barnafræðslunnar í skólahjeraðinu, en hún sendi það yfirstjórn fræðslumála, með öðrum lögboðnum skýrslum.

23. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur reglur um tilhögun prófanna og um skýrslur þær og skírteini, er henni skal senda um prófin.

V.

Um skólanefndir.

24. gr.

Í skólanefnd eiga sæti 5 menn. Skipar yfirstjórn fræðslumála tvo í nefndina, formann hennar og einn skólakennara, eða mann í hans stað, sje enginn kennari í skólahjeraðinu, einn kýs hreppsnefnd (bæjarstjórn), en tveir, ásamt varamönnum þeirra, skulu kosnir af þeim skólahjeraðsmönnum, er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum (bæjarmálum), og fer sú kosning fram á sama hátt og þá kosið er til hreppsnefndar (bæjarstjórnar), og samtímis, þegar því verður við komið.

Nú er ekki kosið til hreppsnefndar (bæjarstjórnar) það ár, er fyrst er kosið í skólanefnd, og er þá rjett að kjósa skólanefndarmenn að eins til þess tíma, er slík kosning fer fram.

Þegar tvö eða fleiri skólahjeruð ganga saman í eitt, eru skólanefndarmenn hins nýja skólahjeraðs skipaðir og kosnir sem áður segir að öðru en því, að hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, kjósa einn mann saman, en hver hreppur sinn mann og varamann; sjeu hrepparnir fleiri en tveir, ræður hlutkesti hverjir tveir hinna kjörnu taka sæti í nefndinni. Hlutkestinu stjórnar formaður skólanefndar.

25. gr.

Skólanefndarmenn fara með umboð sitt í 3 ár, og má fela þeim það á ný að þeim tíma liðnum, en ekki eru þeir skyldir að taka við því fyrri en jafnlangur tími er liðinn og þeir sátu í nefndinni, nema kennarinn, þar sem ekki er um annan að velja. Deyi nefndarmaður eða fari úr nefndinni annara orsaka vegna áður en tími hans er útrunninn, skal sá, er kemur í hans stað, aðeins vera í nefndinni þann tíma af þrem árum, sem enn er eftir.

26. gr.

Enginn nefndarmanna hefir atkvæðisrjett um þau mál, er snerta hann sjálfan persónulega, og er rjett að hann víki af fundi meðan rætt er eða ályktun gerð um málefni, er varðar hann sjálfan.

27. gr.

Formaður kallar nefndina saman til funda svo oft, sem þörf krefur. Nefndin getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sje viðstaddur. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum. Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði formanns ráða. Ályktanir nefndarinnar skulu ritaðar í gerðabók.

28. gr.

Skólanefnd hefir umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum skólahjeraðs síns. Hún auglýsir kennarastöðu, ef laus er, og ræður með sjer, hverjum umsækjanda hún vill mæla með til stöðunnar. Hún hefir eftirlit með því, að kennari geri skyldu sína, sjer um árleg próf, sem fyrirskipuð eru í lögum þessum, hefir eftirlit með skólasókn skólaskyldra barna og annast um að þau geti fengið nauðsynlegar bækur og áhöld eftir því, sem yfirstjórn fræðslumála ákveður. Hún hefir umsjón með og umráð yfir skólahúsum, og annast um, að herbergi þau, sem höfð eru til kenslu, sjeu svo, að heilsu barnanna sje ekki hætta búin. Hún sjer um útvegun nauðsynlegra kensluáhalda. Hún afhendir bæjarstjórn eða hreppsnefnd í tæka tíð áætlun um kostnað við barnafræðsluna ár hvert, og ráðstafar því fje, sem kaupstaðurinn eða hreppurinn veitir til barnafræðslu. Hún semur reglugerð um tilhögun barnafræðslunnar í skólahjeraði sínu, eða gerir breytingar á eldri reglugerðum eftir því, sem þörf krefur, og sendir yfirstjórn fræðslumála til samþyktar. Hún býr út skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn fræðslumála heimtar, um hag barnafræðslunnar.

Verði ágreiningur milli skólanefndar og hreppsnefndar um fjárframlög til barnafræðslu, skal hann lagður undir úrskurð yfirstjórnar fræðslumála.

29. gr.

Formaður skólanefndar hefir á hendi aðalframkvæmd þess, er segir í 28. gr., og sjer um, að öll störf, sem nefndin á að annast, sjeu samviskusamlega unnin. Formaður sjer um bókun á fundargerðum skólanefndar, semur skýrslur þær, er af henni eru heimtaðar, og annast brjefaviðskifti hennar. Hann heldur reikninga yfir tekjur og gjöld barnafræðslunnar í skólahjeraðinu ár hvert, og skal reikningurinn endurskoðaður af hreppsnefnd utan kaupstaða og sendur yfirstjórn fræðslumála í afriti.

30. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur nánari ákvæði um skyldur og störf skólanefnda.

VI.

Ýmisleg ákvæði.

31. gr.

Um læknisefirlit með heilbrigði kennara og skólabarna og hollustuháttum skólanna, fer eftir því, sem yfirstjórn heilbrigðismála ákveður í samráði við yfirstjórn fræðslumála.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og eru frá sama tíma úr gildi numin lög um fræðslu barna frá 22. nóvbr. 1907, lög um breyting á þeim lögum frá 30. júlí 1909 og önnur ákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er komið frá nefnd þeirri, er árið 1920 var skipuð til þess að rannsaka og endurskoða fræðslumál landsins, sjerstaklega barnafræðslu og unglinga, út af þingsályktun um þessi atriði frá 1919. Frumvarpið hefir legið fyrir Alþingi 1921 og 1924, svo að segja óbreytt eins og nefndin gekk frá því. Af frumvarpinu, þótt að lögum yrði, getur ekki orðið neinn verulegur kostnaðarauki. En um fræðsluna er betur búið en eftir þeim lögum, sem nú eru í gildi. Annars eru breytingarnar á gildandi lögum í þessu efni ekki miklar. Fræðslukröfurnar eru nokkru fyllri og ákveðnari. Bætt við námsgreinum: dráttlist og bibliulestri. Próf barna er látið ná til barna frá 8—14 ára í stað þess nú 10—14 ára. Engin greining er gerð á skólahjeruðum og fræðsluhjeruðum, öll nefnd skólahjeruð. Stjórn fræðslunnar hefir í hverju skólahjeraði nefnd 5 manna, sem samkvæmt því heitir skólanefnd.

Það þykir ekki þörf á því, að gera frekari grein fyrir breytingum. Að eins skal það enn tekið fram, er hjer segir: Mentamálanefnd hafði gert ráð fyrir því að formaður skólanefndar fengi lítilfjörlega þóknun fyrir hið sjerstaka ómak sitt. Að vísu hefir hann talsvert ómak fram yfir aðra skólanefndarmenn, sennilega þó einkum utan kaupstaða. Það hefir samt ekki þótt ástæða til að leggja það til að þóknun yrði veitt. Ákvæðum 29. gr. hefir verið breytt frá því, sem áður hefir verið fram borið, á þann hátt að ekki er ætlast til að formaður skólanefndar hafi reikningshaldið í kaupstöðum. Það er gert ráð fyrir að bæjarstjórnirnar sjái um það.

Lög nr. 36 frá 1922 eru að nokkru bygð á tillögum mentamálanefndarinnar og á frv. því, er lagt var fyrir Alþingi 1922. Kvöð sú er lögð er á prestana í 3. gr. þeirra laga er nokkuð sett í sparnaðarskyni. En eftir það, að ákveðið var með lögum nr. 34 frá 1923, að prestum skuli greiða ferðakostnað eftir reikningi, verður sparnaðurinn við umrætt ákvæði laganna nr. 36 frá 1922 engi. Hjer eru því tekin upp ákvæði frumvarps mentamálanefndar, með þeirri breytingu, að þóknunin skuli greidd úr sveitar- (bæjar) sjóði, sem annar skólakostnaður.

8. Frumvarp

til laga um skipströnd og vogrek.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

I. kafli
um skipströnd.

1. gr.

Hver, sem þess verður var, að hafskip sje í hættu statt við land eða strandað, eða að góss úr því reki á land, er skyldur að gera alt, sem í hans valdi stendur, til þess að bjarga mönnum og góssi, enda skal hann tafarlaust skýra hreppstjóra, eða lögreglustjóra, ef auðveldara er að ná til hans, frá atburðum með firðskeyti eða símtali, ef þess er kostur, en ella með skyndiboða. Hreppstjóri skal með sama hætti skýra lögreglustjóra frá skipreika. En lögreglustjóri skýrir síðan dómsmálaráðuneytinu frá því, hvernig komið er, með firðskeyti, ef þess er kostur, en ella með næstu póstferð. Dómsmálaráðuneytið skal svo jafnskjótt sem unt er tilkynna skipreikann fyrirsvarsmanni þess ríkis, sem skip er frá.

2. gr.

Hreppstjóri eða lögreglustjóri, ef hann er fyrr á strandstað kominn, skal svo fljótt sem unt er fá úr því skorið, hvort skip skuli talið strandað. En þá er skip talið strandað eftir lögum þessum, ef það er rekið upp eða fast orðið við land, enda verði því ekki bjargað á sjó út og gert haffært áður en hætta sje á því, að það farist að miklu leyti eða öllu. Fela skal skipstjóra og 2 valinkunnum mönnum að meta þetta að viðlögðum drengskap. Afl atkvæða þeirra ræður, og er úrskurður þeirra fullnaðarúrskurður.

3. gr.

Hreppstjóri skal annast björgun og aðhlynningu manna, varðveislu skips og björgun góss og varðveislu, þar til lögreglustjóri skipar fyrir um þau efni (sbr. þó 4. og 5. gr. og fyrstu málsgrein 7. gr.) En gæta skal hreppstjóri þess, að ekkert það verði gert, er tálma kunni síðar rannsókn nokkurra þeirra atriða, er strandið varða.

4. gr.

Nú neitar skipstjóri eða annar viðstaddur fyrirsvarsmaður skips því skriflega, að góssi verði bjargað eða að ráðstafanir til björgunar verði gerðar, þar til lögreglustjóri kemur, og hlutast hreppstjóri þá ekki um björgun góss eða skips.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur gera eyðublöð með spurningum á íslensku, dönsku, ensku, þýsku og frönsku um skip og skipstjóra, ferð þess, hvernig slysið

vildi til, hvaða ráðstafana óskað sje af hálfu stjórnvalda um björgun og meðferð skipsmanna, og fá lögreglustjórum og hreppstjórum eyðublöð þessi. Skal hreppstjóri leggja eyðublað fyrir skipstjóra eða þann, sem í stað hans kemur, jafnskjótt sem því verður við komið, enda skal skipstjóri skrá svar sitt skýrt og greinilega við hverri spurningu. Nú verður brestur á þessu, og skal þá líta svo á sem skipstjóri óski ekki aðstoðar íslenskra stjórnvalda.

Þegar er því verður viðkomið, skal hjeraðsdómari láta skipstjóra staðfesta áður nefnda skýrslu sína fyrir dómi, svo og halda sjóferðapróf yfir skipbrotsmönnum með þeim hætti, er í sjódómslögum segir og eftir því, sem við á. Sjóferðapróf þarf þó ekki að halda, ef fyrirsvarsmaður þess ríkis, sem skip er frá, telur þess ekki þörf, nema manntjón hafi orðið eða slys á mönnum.

6. gr.

Lögreglustjóri skal svo fljótt sem kostur er á og eftir þörfum skipa fyrir um björgun og meðferð skipbrotsmanna. Ef hann fer ekki sjálfur á vettvang, þá felur hann hreppstjóra eða öðrum umboðsmanni sínum framkvæmdir.

7. gr.

Nú vill skipstjóri eða sá, er í hans stað kemur, eða umboðsmaður útgerðar eða vátryggjanda, annast sjálfur björgun á skipi eða góssi frá öndverðu, og er honum það þá rjett, en ekki er björgunarsamningur þó bindandi, nema samþykki lögreglustjóra eða viðkomandi ræðismanns komi til, enda sje sett, að áliti lögreglustjóra, full trygging af hálfu skips eða góss fyrir efndum samningsins.

Rjett er eiganda eða vátryggjanda strandaðs skips eða góss að taka í sínar hendur björgun og meðferð á skipi og góssi hve nær sem er, enda setji þeir fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu alls áfallins kostnaðar og þess kostnaðar, er síðar kann löglega að falla, þar með kostnaður við heimsending strandmanna. Um björgunarsamninga fer samkvæmt 1. málsgr.

Hvarvetna þess er aðili tekur björgun skips eða góss í sínar hendur, eru íslensk stjórnvöld við hana skilin.

8. gr.

Nú er ekki svo ástatt sem í 1. málsgr. 7. gr. segir, og má þá hreppstjóri eða lögreglustjóri ekki fresta björgun, þó að ósamið sje um bjarglaun. Kveður lögreglustjóri þá á um það, hversu þeim skuli greiða, er að björgun starfa. Bjarglaun skal annaðhvort miða við þann tíma, sem hver hefir unnið, enda komi þá til greina atvik öll, eða við verðmæti þess, sem bjargað er, enda sje þau þá að jafnaði þriðjungur verðs hins bjargaða að frádregnum sölukostnaði.

9. gr.

Lögreglustjóri eða sá, er í stað hans stýrir björgun, skal sjá um það, að alt sem gert verður til að bjarga mönnum, skipi eða góssi, verði unnið svo fljótt og vel sem kostur er. Skal fyrst og fremst, næst mannbjörg, bjarga skipsskjölum. Ef líklegt þykir, að skipi verði af grunni komið og að það verði gert haffært,

þá skal kosta kapps um, að svo megi verða. Af góssi skal björgun á því, sem verðmætast er, ganga fyrir svo sem unt er.

Rjett er aðilja eða umboðsmanni hans að vera við björgun.

10. gr.

Skylt er öllum verkfærum alþýðumönnum sjálfum sjer ráðandi að vinna að björgun og varðveislu bjargaðra muna, er lögreglustjóri eða umboðsmaður hans kveður þá til þess. Með sama hætti er manni skylt að lána heimamenn sína, bát sinn, hesta eða áhöld til björgunar eða flutnings bjargaðra muna á geymslustað. Ennfremur er mönnum skylt að lána hús sín til geymslu bjargaðra muna, ef þeir mega án þeirra vera og þau spillast ekki verulega fyrir slíka notkun. Ef bjargað góss verður ekki geymt á fulltryggan hátt, þá skal setja um það vörð. Endurgjald fyrir lán hesta, skipa og áhalda, svo og kaup varðmanna, ákveður lögreglustjóri.

Ef strandmunir hverfa eða fara forgörðum af mannavöldum, skal hreppstjóri eða sá annar, er með umboð lögreglustjóra fer, skýra honum tafarlaust frá því, enda skal lögreglustjóri rannsaka málið jafnskjótt sem unt er.

11. gr.

Ef skipbrotsmenn geta ekki sjálfir útvegað sjer húsnæði, mat og aðrar nauðsynjar, þar á meðal aðhjúkrun á sjúkum mönnum, þá skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans hlutast til um það, að bætt verði úr nauðsyn þeirra við sanngjörnu endurgjaldi, sem lögreglustjóri ákveður. Með sama hætti skal sjá um greftrun dáinna skipverja, enda skal gera hana með fullri sparsemi, ef greiða skal af strandinu.

Skylt er að veita skipbrotsmönnum húsaskjól og aðhlynningu eftir megni og að því leyti sem ekki fer í bága við sóttvarnarráðstafanir.

Lögreglustjóri skal sjá um það, að skipbrotsmönnum verði veittur nauðsynlegur fararbeini þegar er þeir mega frá strandi hverfa.

Nú tekur umboðsmaður þess ríkis. er skip er frá, að sjer málefni þau, er í grein þessari segir, og eru þá íslensk stjórnvöld frá þeim tíma við þau skilin.

12. gr.

Hreppstjóri heldur dagbók um strand hvert. Þar skal hann skrá nafn skips og heimilisfang og útgerð, hvar, hvernig og hvenær slys hafi að borið, hvenær (dag og klukkustund) hann hafi orðið þess var, hver eða hverir þar hafi fyrst að komið, hver hafi fært honum fregn um atburði, hvenær hann sjálfur hafi á vettvang komið og hvernig hafi þá verið þar umhorfs, hvar skip og góss var, og hvernig það hafi þá verið farið, hvort skipstjóri og skipverjar hafi þar þá verið, hvernig þeir hafi bjargast og hvernig ástatt sje um þá, hvort nokkur hafi farist eða slasast, hverir hafi komið þeim til hjálpar, hvort hann hafi látið meta, hvort skip skyldi talið strandað, hverir hafi gert það og hver niðurstaðan hafi orðið; hvaða ráðstafanir hann hafi gert til björgunar og aðhlynningar manna, og til björgunar og varðveislu góss bæði áður en og eftir að hann fekk fyrirskipanir lögreglustjóra, hverju bjargað hafi verið, enda sje gerð svo nákvæm skrá

um það sem unt er. Þá skal í dagbók skrá, ef skipstjóri afsalar sjer afskiftum hreppstjóra af björgun, hvort hann hafi gefið skýrslu samkvæmt 5. gr., svo og hvað annað, er strandið varðar og hreppstjóri skal annast. Eftirrit úr dagbók sendir hreppstjóri lögreglustjóra ásamt öðrum strandskjölum.

Lögreglustjóri löggildir stranddagbók hreppstjóra. Hana skal og gegnumdraga og tölusetja. Ríkissjóður kostar hana.

Hverju sinni er bókun er lokið, ritar hreppsstjóri nafn sitt undir hana, ásamt skipstjóra eða þeim, er í stað hans kemur, og 2 öðrum valinkunnum mönnum, eftir að bókun hefir verið lesin upp fyrir þeim. Túlk skal hafa, ef hans er kostur og þörf.

Lögreglustjóri skráir í lögreglubók eða sjerstaka strandbók það, er hann gerir og strand eða strandmenn varðar, að undantekinni skýrslu um stranduppboð.

13. gr.

Þeim, sem björgun stýrir eða annast gæslu á strandgóssi, er rjett að vísa burt öllum þeim mönnum, sem engan þátt taka þar í og eru að öðru leyti óviðriðnir strandið. Svo skal og vísa brott þeim bjargendum eða flutningsmönnum strandgóss, er gera sig óhæfa til starfsins vegna óreglu, ótrúmensku eða óspekta. Taka má þá fasta, er ekki fara fúslega. Lögreglustjóri sker úr ágreiningi út af framkvæmdum við björgun eða varðveislu strandgóss, og skal hann síðar bóka úrskurði þá, er hann hefir kveðið upp munnlega.

14. gr.

Lögreglustjóri skal sjá um, að matmæli þau eða drykkjarföng, sem skemst hafa við strand og ef til vill eru skaðvæn heilsu manna, verði rannsökuð af hjeraðslækni, eða, ef ekki næst til hans, af tveimur mönnum, sem vit hafi á því. Skulu þeir segja til um það, hvort nota megi vörurnar og hvernig, án þess að tjón hljótist af, og skal þá selja þær með því skilorði, er þeir setja. Nú reynast vörur svo spiltar, að hætta er talin af notkun þeirra, og skal þá ónýta þær, og hafi lögreglustjóri eða hreppstjóri umsjón með því.

15. gr.

Nú strandar skip, sem ekki hefir fengið heilbrigðisvottorð hjer á landi, eftir að það síðast fór frá útlendri höfn, eða síðast hafði mök við skip á hafi úti, og skal þá að svo miklu leyti sem frekast er unt, fara með skipið og skipshöfnina eftir fyrirmælum gildandi sóttvarnarlaga.

16. gr.

Nú er tollvörum eða bannvörum bjargað, og skal þá lögreglustjóri eða hreppstjóri sjá um, að farið verði með þær lögum samkvæmt.

17. gr.

Strandað skip eða það úr því, sem bjargast hefir, svo og bjargað strandgóss, skal selja á opinberu uppboði, nema aðiljar samþykki annarskonar sölu. Þá skal selja, er hallkvæmast má telja, enda skal gæta þess, að draga ekki sölu

á munum, er ekki þola geymslu eða falla mundu annars í verði fyrir geymslu eða hún yrði svo dýr, að hún svaraði ekki kostnaði.

Lögreglustjóri skal, eða hreppstjóri í umboði hans, gera allar þær ráðstafanir, sem þörf er á vegna uppboðs. Uppboð skal birta þeim, er í grend búa, og ef mikið er til sölu, þá einnig í nágrannasveitum. Lögreglustjóri kveður á um uppboðsskilmála. Þar skal meðal annars vera svo mælt, að skip eða skipsleifar, sem ekki eru fluttar burt úr fjöru eða flæðarmáli innan 2 ára frá skipstrandi talið, verði eign ríkissjóðs eða fjörueiganda samkvæmt 29. gr. laga þessara. Gjaldfrestur má ekki skemmri vera en 14 dagar, en innheimtumaður uppboðsandvirðis ræður því, hverjum gjaldfrestur verður veittur. Rjett er að uppboðshaldari annist innheimtu, en eigi mega innheimtulaun fara fram úr 6 af hundraði, og hálfu minni skulu þau vera, ef greitt er við hamarshögg.

Lögreglustjóri leitar álits aðilja eða umboðsmanns hans um uppboð, ef þess er kostur án verulegs kostnaðar eða tafar, enda metur lögreglustjóri það.

18. gr.

Jafnskjótt sem sölu strandgóss er lokið og kostnaður af strandi allur, þar á meðal kostnaður af farningu skipbrotsmanna til burtfararhafnar hjeðan af landi, er fenginn, semur lögreglustjóri reikning um strandið. Sendir hann dómsmálaráðuneytinu reikninginn tvíritaðan ásamt fylgiskjölum, þar á meðal dagbókareftirriti hreppstjóra, eftirriti úr lögreglubók eða strandbók og uppboðsbók, skipskjölum, sjóferðaprófi o. s. frv. — til endurskoðunar og úrskurðar í öllum atriðum. Þegar dómsmálaráðuneytið hefir úrskurðað reikninginn, sendir það hann fyrirsvarsmanni viðkomandi ríkis, ef það hefir hjer umboðsmann sinn, en ella til annara rjettra aðilja.

Uppboðsandvirði strandgóss, sem afgangs kann að verða kostnaði öllum af strandinu, sendir lögreglustjóri dómsmálaráðuneytinu jafnskjótt sem honum hefir verið tilkynt, að reikningur væri úrskurðaður og gjaldfrestur liðinn. Dómsmálaráðuneytið sendir fjeð síðan fyrirsvarsmanni viðkomandi ríkis eða öðrum aðiljum.

19. gr.

Lögreglustjóri eða umboðsmaður hans eða hreppstjóri skulu fá 10 krónur í fæðispeninga dag hvern, er þeir þurfa að vera að heiman vegna strands, og að auki ferðakostnað eftir reikningi. Þá daga, er hreppstjóri heldur uppboð á strandgóssi, fær hann þó að eins ferðakostnað og lögmælt sölulaun.

Fyrir sjóferðapróf skal gjalda hjeraðsdómara 12 krónur.

20. gr.

Skip og góss, annað en venjulegur farangur skipverja, er þar til það er selt að tilhlutun lögreglustjóra, og síðan andvirði þess, að veði framar öllum öðrum höftum, er á því kynni að hvíla, til tryggingar öllum þeim kostnaði, er af strandi leiðir og áfallinn er fyrir ráðstafanir stjórnvalda eða einstakra manna, er þeir hafa gert af nauðsyn áður en stjórnvöld komu til, svo sem björgunarlaunum, hýsingu, flutningi og heimsendingu skipverja, varðveislu góss, ferðakostn-

aði og dagpeningum, gjöldum fyrir rjettargerðir, eftirrit, sendiferðir, símskeyti o. s. frv.

Ef andvirði strandgóss hrekkur ekki fyrir öllum strandkostnaði, og fyrirsvarsmaður viðkomandi ríkis greiðir hann ekki þegar, þá má eftir ósk lögreglustjóra greiða úr ríkissjóði það, sem á vantar, gegn endurgjaldi frá rjettum aðiljum.

21. gr.

Nú strandar íslenskt skip hjer við land, og taka þá ákvæðin hjer að framan ekki til þess, nema fyrirmæli 1., 3., 6., 9. og 11. gr. um björgun á mönnum og góssi og tilkynningar til hreppstjóra og lögreglustjóra og 14., 15. og 16. gr., svo og 20. gr., að því leyti sem ráðstafanir íslenskra stjórnvalda vegna strandsins hafa haft kostnað í för með sjer.

II. kafli.
Um vogrek.

22. gr.

Það er vogrek, er skip rekur á land eða skipshluta eða aðra muni, sem svo eru merktir eða svo er annars farið um, að ætla má eignarjetti undirorpna.

23. gr.

Ábúandi eða neyslumaður lands skal vogrekum bjarga og veita þeim vörð. Ef enginn er ábúandi eða neyslumaður, þá skal landeigandi bjarga vogrekum og geyma þeirra. Tilkynna skal hreppstjóra eða lögreglustjóra vogrek, enda skulu þeir hlutast til um björgun vogreks, ef þess gerist þörf, og varðveislu. Ef lögreglustjóri hefir ekki sjálfur skoðað vogrek, þá ber hreppstjóra að láta honum jafnskjótt sem verða má glöggva lýsingu á því og áætlun um verðmæti þess.

24. gr.

Nú sannar maður ótvírætt heimild sína til vogreks, áður en það er auglýst, og má þá selja honum það í hendur. Annars kostar skal vogrek auglýsa með þeim hætti, er hjer skal sagt verða:

Ef ætla má eftir framkomnum upplýsingum, að vogrek nemi ekki yfir 200 kr., þá auglýsir lögreglustjóri það með þeim hætti, er hann telur best fallinn til þess að komast fyrir það, hver eigandi sje. Ef telja má vogrek meira virði, þá auglýsir lögreglustjóri það einu sinni í Lögbirtingablaði, enda sendir dómsmálaráðuneytið eitt eintak af auglýsingunni hverjum fyrirsvarsmanni annara ríkja hjer á landi. Í auglýsingu skal lýsa vogreki eftir föngum og skora á tilkallsmenn að gefa sig fram innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar og sanna lögreglustjóra heimildir sínar, því að annars kostar verði vogrek eða andvirði þess eign ríkissjóðs eða fjörueiganda. Áður en liðnir eru 6 mánuðir má engum tilkallsmanni selja vogrek í hendur, nema hann setji fulla tryggingu fyrir því, að hann skili vogreki aftur eða andvirði þess, ef annar skyldi koma áður frestur sje liðinn með ríkari gögn fyrir tilkalli sínu.

25. gr.

Nú sannar maður heimildir sínar að vogreki áður lögmæltur frestur sje á enda, og skal þá selja honum það í hendur eða andvirði þess. Annars kostar verður vogrek eða andvirði þess eign ríkissjóðs, ef það eða andvirði þess nemur 500 kr. eða meira, eftir að allur kostnaður er greiddur, en ella fjörueiganda.

Tilkallsmaður, er gefur sig fram áður en frestur er liðinn, getur borið kröfu sína undir dómstóla, ef lögreglustjóri vill ekki taka hana að öllu til greina. Ef fleiri en einn gera tilkall til vogreks, má engum þeirra selja í hendur fyr en úr því er skorið með fullnaðardómi, hver skuli fá vogrek eða andvirði þess.

Nú ber maður upp kröfu sína eftir að lögmæltur frestur er liðinn, og á hann þess máls aldrei uppreist, nema hann sanni fyrir dómi, að ólöglega hafi með málið farið af hálfu stjórnvalda.

Mál samkvæmt 2. og 3. málsgr. skal höfða á hendur lögreglustjóra á varnarþingi hans, enda sje honum stefna birt áður en liðnir eru 6 mánuðir frá því, er hann synjaði kröfu stefnanda.

Nú þykir tvímælis orka um verðmæti vogreks, og skulu þá 2 dómkvaddir menn meta það.

26. gr.

Vogrek sjálft, meðan það er óselt, en andvirði þess, eftir að það hefir verið selt, er að veði til tryggingar öllum kostnaði af ráðstöfunum þeim, sem löglega eru gerðar til að bjarga því, varðveita það og auglýsa, og gengur veð það fyrir öllum höftum, er vera kynni á vogreki, enda skal jafnan greiða allan þann kostnað áður en vogrek eða andvirði þess sje nokkrum til eignar fengið.

Lögreglustjóri úrskurðar þann kostnað, sem hjer segir, en bera má úrskurð hans undir dómsmálaráðuneytið áður en 3 mánuðir sje liðnir frá dagsetningu úrskurðar lögreglustjóra.

27. gr.

Nú er skip eða skipsflak, sem er vogrek, selt á opinberu uppboði, og skal þá setja í uppboðsskilmála slíkt ákvæði sem í 17. gr. segir um brotthöfn skips af fjöru og láta sama varða, ef af er brugðið.

III. kafli.

Almenn ákvæði.

28. gr.

Nú liggur skip eða skipsflak, þar á meðal vogrek, sem eigandi hefir leitt sig að, óhirt á fjöru 4 ár eða lengur, og skal lögreglustjóri þá auglýsa, eftir beiðni þeirra, er eignast mundu skip eða skipsflak eftir 25. gr., ef það væri vogrek, í Lögbirtingablaði, að skip eða skipsflak verði fengið þeim í hendur til eignar samkvæmt þessari grein, nema skip eða skipsflak hafi verið tekið út áður en 9 mánuðir sjeu liðnir frá birtingu auglýsingar. Ef það hefir ekki verið gert innan

þessa tíma, þá verður skip eða skipsflak eign ríkissjóðs eða fjörueiganda með þeim hætti, sem í 25. gr. segir.

29. gr.

Nú hefir skip eða skipsflak legið óselt á strandstað eitt ár, og getur lögreglustjóri þá látið selja það ásamt því, er því fylgir, á opinberu uppboði, ef óráðlegt þykir vegna hagsmuna almennings, að dómi dómsmálaráðherra, að láta það vera lengur óselt. Í uppboðsskilmálum skal kveða svo á, að skip eða skipsleifar, sem ekki verði flutt burt úr fjöru innan tveggja ára frá því, er strandið varð, skuli verða eign ríkissjóðs eða fjörueiganda samkvæmt 25. gr. Uppboð skal jafnan tilkynna þeim, er hafa sjerstaklega hagsmuna að gæta, ef heimilisfang þeirra er kunnugt, en annars kostar fyrirsvarsmanni þess ríkis, er skip var frá. Uppboðsandvirði að frádregnum kostnaði skal svo greiða samkvæmt 2. málsgr. 18. gr.

Nú hefur aðili björgun eða tekur að vinna úr skipi áður en ár er liðið frá strandinu, og skal dómsmálaráðherra þá veita honum hæfilegan frest til að halda þeim athöfnum áfram, uns 2 ár eru liðin frá þeim atburði, eða alt að 3 árum, ef björgun er sjerstökum erfiðleikum bundin. Sömu fresti skal og veita uppboðskaupanda, sbr. 17. og 27. gr. og fyrri málsgr. þessarar greinar, ef eins er ástatt.

30. gr.

Atvinnumálaráðherra getur látið gera skip eða skipsflak óskaðvænt þegar eftir strand eða skipbrot, ef óhjákvæmileg nauðsyn þykir vegna hættu eða tálma, er af því stafi. Ef skip eða skipsflak verður annars til tálma eða hættu, þá skal vitamálastjórnin auðkenna staðinn, og jafnframt setja þeim, er skip eða skipsflak á, með auglýsingu í Lögbirtingablaði, hæfilegan frest til að hirða það. Að þeim fresti liðnum getur atvinnumálaráðherra látið gera skip eða skipsflak óskaðvænt. Ekki á sá, sem rjett á yfir skipi eða skipsflaki, kröfu til bóta, þó að eign hans sje spilt fyrir þær ráðstafanir, sem í þessari grein segir.

Til tryggingar kostnaði af ráðstöfunum samkvæmt þessari grein er skip eða skipsflak, svo og farmur, ef hætta stafar af honum eða verulegt óhagræði, og andvirði, ef sala hefir farið fram, að veði framar öllum öðrum höftum, er á þeim kynni að hvíla. Má selja það, er bjargast kann á opinberu uppboði til greiðslu kostnaðar, en það er afgangs kynni að verða, skal greiða rjettum aðiljum samkvæmt 18. gr. 2. málsgr.

31. gr.

Fyrirmæli laga þessara hagga ekki reglum þeim um skipsflök á höfnum inni, sem settar eru eða settar kunna að verða í löggiltum reglugerðum kaupstaða eða kauptúna.

32. gr.

Um refsingar fyrir brot á lögum þessum fer sem hjer segir:

1. Ef einstakir menn brjóta það, sem þeim er boðið í 1., 10., 11. og 13. gr., eða hafa í frammi einræði eða mótþróa við björgun eða tefja hana vilj-

andi, þá varðar það 10—1000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

2. Ef lögreglustjóri, sjerstakur umboðsmaður hans eða hreppstjóri eða önnur stjórnvöld brjóta lög þessi, þá fer um refsingar fyrir það eftir almennum hegningarlögum.

33. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Mál vegna brota á lögum þessum fara að hætti almennra lögreglumála, nema sakamálameðferð skuli hafa.

34. gr.

Lög þessi skal þýða á dönsku, ensku, þýsku og frönsku og sjerprenta, enda skal fá lögreglustjórum nægan forða af sjerprentunum og þýðingum til afnota handa hreppstjórum og öðrum, sem á þeim þurfa að halda

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

Frá sama tíma eru úr gildi numin þessi lagaboð:

Opið brjef 4. maí 1778, 1.—4. gr.

Opið brjef 2. apríl 1853.

Lög nr. 1, 14. jan. 1876.

Lög nr. 2, 2. febr. 1894, 6. gr.

Lög nr. 18, 2. nóv. 1914.

Lög nr. 56, 30. nóv. 1914 X. kap., að því leyti sem hann tekur til skipstranda, og loks öll önnur lagafyrirmæli, sem koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Neðri deild Alþingis 1925 samþykti ályktun um að skora á ríkisstjórnina að endurskoða gildandi lagafyrirmæli um skipströnd og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um þetta efni. Dómsmálaráðuneytið taldi nauðsyn að verða við áskorun þessari, með því að gildandi lög um skipströnd eru orðin úrelt, enda eru þau nú 50 ára gömul. Jafnframt þótti rjett að taka til athugunar löggjöf vora um vogrek, enda er það skylt efni, og hún er gömul orðin og ekki sem glöggust. Það hefir verið leitað álits sýslumannsins í Skaftafellssýslu, þess manns, er mesta reynslu mun nú hafa um skipströnd allra sýslumanna landsins. Varð hann vel við og sendi dómsmálaráðuneytinu rækilegar tillögur, sem hefir verið einkar mikill styrkur að, enda hefir mjög verið eftir þeim farið.

Um 1. kafla.

Hjer er safnað þeim fyrirmælum, er skipströnd varða. Er vitanlega bygt á strandlögunum nr. 1, 14. jan. 1876, þar er fært þótti, en víða er þó af brugðið fyrirmælum þeirra fyrir þær sakir, sem þegar hefir verið getið.

Um 1. gr.

Hún er að efni til svipuð 1. og 2. gr. strl. Það er auðvitað sniðið úr, sem nú er ósamrímanlegt ástandinu 1876, og nýju við bætt, sem skipulagi nútímans hæfir.

Um 2. gr.

Nú skortir ákvæði í lögum um það, hvenær skip eigi að telja strandað. Því er hjer stungið upp á fyrirmæli, sem geri þess kosti, að af verði tekinn allur vafi um þetta. Það virðist rjett, að gengið sje úr skugga um þetta atriði svo fljótt sem auðið er, enda þótt vitanlega komi ekki til mála, að fresta framkvæmdum til björgunar, allra síst björgun manna, þótt úrskurður um þetta atriði sje ófenginn. Það verður annars að fela það ráðsvinnu og hagvirki lögreglustjóra og hreppstjóra, eins og svo margt annað um skipströnd, hvenær skera skuli úr því, hvort skip skuli telja strandað eftir þessari grein.

Um 3.—6. gr.

Eins og áður, sbr. og 3. gr. strl., hlýtur hreppstjóri í öndverðu að hafa umsjón og forystu um björgun samkvæmt stöðu sinni. Það þykir nú ekki full nauðsyn á því, enda ekki alvenja nú, að lögreglustjóri fari altaf á strandstað. Hann getur því oft falið hreppstjóra eða þá öðrum manni, er hann telur sjerstaklega vel til fallinn, að hafa alla forystu á strandstað. Í 4. og 5. gr. segir um það, hvernig fara skuli að við fyrirsvarsmann skips. Það hefir tíðkast í framkvæmdinni, að leggja spurningar, slíkar sem í 5. gr. segir, fyrir skipstjóra, og virðist einsætt, að honum beri að svara þeim rjett og skýrt, ef hann óskar aðstoðar íslenskra stjórnvalda til björgunar skips og góss.

Það þykir ekki fært að sleppa sjóprófi, nema fyrirsvarsmaður viðkomandi ríkis telji það óþarft, enda hafi hvorki verulegt slys nje manntjón að höndum borið.

Um 7. gr.

Það er auðsætt, að ríkisvaldið hirðir eigi að þröngva aðstoð sinni upp á aðilja um björgun skips eða góss. Hitt þykir jafn sjálfsagt, að greiða skuli áfallinn kostnað eða tryggja greiðslu, ef aðili tekur málið í sínar hendur, sbr. 5. gr. strl. Afskifti lögreglustjóra af björgunarsamningi eru í því skyni ákveðin, að tryggja það, að hvorugur aðilja misbeiti aðstoð sinni til að þröngva kosti hins eða vjela hann.

Um 8. gr.

Ákvæðin um bjarglaun eru svipuð og nú er eftir 7. gr. strl., eins og henni hefir verið beitt. Fyrirmæli 10. kap. siglingalaganna um þesskonar björgun, sem hjer greinir, þykja ekki hafa átt við, og er því ætlast til, að þau verði afnumin um skipströnd, sjá 35. gr. frv. þessa.

Um 9.—11. gr.

Eru að efni til nokkurn veginn samhljóða 6., 9., 10., 11. og 19. gr. strl.,

nema glöggvar er kveðið á um ýmislegt og nokkru slept, er algerlega óþarft þykir að taka fram.

Um 12. gr.

Með því að vel má vera, að lögreglustjóri telji ónauðsynlegt, að hann fari á vettvang, þá er auðsætt, að hreppstjóra ber að annast margt það, sem lögreglustjóri gerði áður. Það þykir því auðsætt, að hreppstjóri haldi dagbók um það, er fram fer og hann framkvæmir bæði áður en og eftir að lögreglustjóri hefir látið hann fá fyrirskipanir sínar. Ef lögreglustjóri felur öðrum en hreppstjóra strandmál, þá verður hann að gefa honum reglur um bókanir, enda verður sá maður alveg á ábyrgð lögreglustjóra.

Um 13. gr.

Sbr. 13. gr. strl.

Um 14.—16. gr.

Það þykir sjálfsagt, að farið verði með strönduð skip, svo sem unt er, eftir ákvæðum gildandi laga um varúðarreglur við aðkomuskip, sjá lög nr. 31, 20. júní 1923 og gildandi reglugerðir. Ef skipverjar reynast haldnir næmri veiki, er varna skal útbreiðslu að lögum, þá fer eftir sóttvarnarlögum.

Um 17. gr.

Svarar til 17. og 18. gr. strl. Innheimtulaun eru hækkuð í samræmi við það, er nú mun tíðkast alment um innheimtulaun. Ákvæðið um flutning skips eða skipsleifa af fjöru er tekið úr 3. gr., 1. 18/1914, sem síðar eru í frv. þetta tekin að efni til að mestu leyti.

Um 18. gr.

Svarar til 20. gr. strl.

Um 19. gr.

Lagt er til, að fæðispeningar hækki nokkuð frá því, er segir í 21. gr. strl. og 6. gr. l. 2, 1894. Það þykir óþarft að taka það fram, að lögreglustjóri eigi ekki kaup fyrir nein embættisverk, er hann vinnur samkvæmt strandlögum, nema það sje sjerstaklega ákveðið.

Um 20. gr.

Það er glöggt, að strandfje og andvirði þess hlýtur að standa að veði fyrir öllum löglegum kostnaði, þeim er á það fellur samkvæmt strandlögunum, og sá veðrjettur verður að ganga fyrir hverjum öðrum hlutbundnum rjetti í því gossi.

Um 21. gr.

Ákvæði strl. eiga eftir eðli sínu ekki við íslensk skip, því að þá næst jafnan þegar til útgerðarmanns, er svo tekur málið í sínar hendur. Um mannbjörg og aðhlynning skipverja og heilnæmismálefni og kostnað þessara efna, hlýtur þó að fara eftir strandlögunum.

Um 2. kafla.

Hjer segir um vogrek. Koma þau ákvæði í stað op. br. 4. maí 1778, 1.—4. gr., Kansbr. 26. ág. 1809, op. br. 2. apr. 1853 og 22.—24. gr. strl. Siglingalögin geyma þar á móti reglur um laun fyrir björgun eftir 25. gr. strl.

Um 22. gr.

Vogrek er skilgreint í Grágás I. b 133, II. 534 og Jónsb., Landsleigubálki 71. kap. (Rekabálki 12. kap.). Munur reka og vogreks er aðallega sá, að hlutur er vogrek, ef enn má ætla hann eignarrjetti undirorpinn, en reki, ef ætla má hann eigandalausan. Vogrek er ein tegund fundins fjár, en reki er hlutur, sem fjörumanni er áskilinn forrjettur til að leggja undir sig (res jacens).

Um 23. gr.

Hjer segir, hver bjarga skuli vogreki og hver skuli varðveita það. Var landeiganda það skylt eftir Grágás og Jónsbók, tilv. st. Það getur þó verið ástæða til, að stjórnvald hlutist til um þessi atriði, og því er lögreglustjóra og hreppstjóra ætlað að sjá um björgun vogreks, ef þess þykir þörf.

Um 24. og 25. gr.

Það væri óþarft að kosta til auglýsingar á vogreki, þegar eigandi kemur áður til og sannar eða alkunnugt er, að hann er tvímælalaust eigandi vogreks.

Það er auðvitað álitamál, hvaða vogrek eigi að auglýsa í Lögbirtingablaði og hver öðruvísi eftir ráðstöfun lögreglustjóra. Vitanlega getur hann auglýst *öll* vogrek, en ef þau eru svo lítils virði, að þau hrykki eigi fyrir þeim kostnaði, þá væri fjarstætt að auglýsa þau þar. Það er algert álitamál, hver vogrek fjörueigandi skuli fá og hver ríkissjóður. Fyrirmælin eru hjer gerð mjög miklum mun auðveldari í framkvæmd og gleggri en þau eru nú eftir op. br. 4. maí 1778 1.—4. gr., kancbr. 26. ág. 1809 og op. br. 2. apr. 1853. Það virðist ekki hallað rjetti eiganda vogreks með þessum ákvæðum, enda ekki loku fyrir það skotið, að hann fái borið málið fyrir dómstólana.

Um 26. gr.

Svarar til 20. gr. frv. þessa.

Um 3. kafla.

Hjer er safnað almennum fyrirmælum um skip og skipsflök á fjöru, um refsingar, útgáfu laganna og hver lög sje numin úr gildi.

Um 28. gr.

Er nýmæli. Það ber við að skip og skipsflök liggja við land eða á fjörum manna þeim til óþurftar í reiðuleysi árum saman, enda þótt þau hafi seld verið, og eru þá ekki lög til þess nú að hreyfa við þessu, nema *almennings hagsmunir* krefji, sbr. 1. gr. l. nr. 18, 1914. Úr þessu á að bæta með þessari

grein. Virðist naumast hætta á því, að með þessu fyrirmæli verði gengið á hlut eiganda.

Um 29.--31.

Hjer eru tekin að efni til ákvæði laga nr. 18, 1914. Þau eiga við, ef eigi þykir ráðlegt vegna *almennings hagsmuna* að láta skip eða skipflak vera óselt og kyrt á fjöru, og eru því að þessu leyti þrengri en ákvæði 28. gr. En annars eru sömu ástæður nú sem 1914, er l. nr. 18, 1914 voru sett, og virðist því ekki þurfa að færa að nýju rök fyrir lagasetningu þessari. Fyrirmæli um kyrrsetningu, þau sem á 6. gr. laga nr. 18, 1914 eru, þykir ekki nauðsyn að taka, því að kyrrsetningar verður eigi þörf fremur hjer en ella, þegar strandfje eða vogrek er selt, því að lögreglustjóri og uppboðshaldari eða umboðsmenn þeirra, hafa verðmætin í vörslum sínum, að minsta kosti venjulega, en ef hennar reynist þörf, þá mundu duga reglur þær í lögum, sem fyrir eru.

Um 32. gr.

Það virðist ekki þurfa að taka það fram, að þeir sem hafa forystu um björgun af hálfu ríkisvaldsins, megi ekki sjálfir vera aðiljar björgunarsamnings. Það leiðir af almennum reglum, að slíkt er algerlega útilokað, með því að þeir eiga fyrst og fremst að gæta hagsmuna skipbrotsmanna og þeirra, sem strandfje eiga. Það mundi líka varða refsingu eftir almennum hegningarlögum, ef opinber sýslumaður eða embættismaður komi þannig fram gagnstætt embættisskyldu sinni og velsæmi.

Um 33.—35. gr.

Virðist ekki þurfa að skýra.

9. Frumvarp

til laga um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1. gr.

Lög þessi taka til gistihússhalds og veitinga matar og drykkjar fyrir endurgjald, hvort sem þær fara fram í veitingastofum eða öðrum stöðum, sem almenningur á aðgang að, undir þaki, í tjaldi eða undir beru lofti. Lögin taka þó ekki til áfengisveitinga, sbr. þó 6., 11., 12. og 15. gr.

2. gr.

Enginn má gera sjer gistihússhald eða veitingar að atvinnu, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögreglustjóra. Utan kaupstaða geta hreppstjórar þó veitt leyfi til tækifærisveitinga. Leyfislaust má þó reka:

1. Veitingar á kaffi, tei, súkkulaði, mjólk og kókói í kökubúðum (Konditori) ásamt kökum þar gerðum.
2. Tækifærisveitingar til fjelags, er fjelagar einir eiga aðgang að, konur þeirra og börn.

3. gr.

Leyfi má veita körlum sem konum, giftum sem ógiftum, enda hafi rjetturinn ekki verið af aðilja tekinn, ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi og hefir verið það síðasta árið.
2. Er fjárráður.
3. Hefir forræði á búi sínu. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sjerstaklega stendur á.
4. Hefir ekki verið dæmdur sekur um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.
5. Hefir meðmæli bæjarstjórnar og hreppsnefndar, þar sem hann ætlar að reka atvinnuna.
6. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um gistihússhald og veitingasölu.

Atvinnumálaráðherra getur sett ákvæði um bókhald veitingamanna og gestgjafa.

Fyrirmæli 1. og 5. tölul. og næstu málsgreinar hjer á undan taka ekki til tækifærisveitinga.

4. gr.

Leyfi má ekki veita skipstjórum, hafnsögumönnum, embættismönnum nje sýslunar, nje heldur maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að atvinnan samrímist stöðu þeirra.

5. gr.

Nú vill fjelag eða stofnun reka hjer gistihús eða veitingasölu, og skulu þau eiga hjer heimilisfang og varnarþing. Ef nokkrir fjelagar eða allir bera fulla ábyrgð á skuldum fjelags, þá skulu þeir og allir fullnægja skilyrðum 3. gr. 1.—6. tölul. og meðal þeirra, er firmað rita, skal að minsta kosti einn fullnægja þeim skilyrðum, er sett kunna að verða um bókhald. En ef stofnun er eða fjelag, þar sem enginn fjelaga ber ábyrgð á skuldum fjelags, þá skal að minsta kosti einn stjórnandi, þeirra er firmað rita, fullnægja öllum skilyrðum 3. gr. og hinir stjórnendur fullnægja skilyrðum 1.—6. tölul. hennar. Ef hlutafjelag er, þá skal hlutafje enn fremur vera að meira en helmingi eign manna búsettra hjer á landi, enda sje samþyktir fjelagsins samrímanlegar íslenskum lögum.

6. gr.

Leyfishafi fyrirgerir leyfi sínu, ef hann missir einhver þeirra skilyrða, sem í 3. gr. 1,—4. og 6. tölul. segir. Ef maður missir forræði á búi sínu, getur lögreglustjóri þó veitt honum leyfi til að halda atvinnunni áfram.

Nú missir aðili einhverra þeirra skilyrða, sem í 5. gr. segir, og skal lögreglustjóri þá setja honum hæfilegan frest til að koma málinu í löglegt horf. Ef ekki er um bætt áður en frestur er liðinn, þá hefir aðili fyrirgert heimild sinni.

Nú hefir maður þrisvar verið dæmdur sekur um brot, eða undirgengist sektargreiðslu fyrir brot á fyrirmælum laga eða reglugerða, um góða reglu eða velsæmi á gistihúsi sínu eða veitingastað, eða á lögum eða reglugerðum um áfengi, og hefir hann þá fyrirgert leyfi sínu.

7. gr.

Veitingaleyfi og gistihúss er bundið við nafn. Ekkja getur þó haldið áfram atvinnu manns síns látins. Lögreglustjóri getur og leyft erfingjum að halda áfram atvinnu arfleifanda án nýs leyfis alt að ári eftir látið.

8. gr.

Halda skal lögreglustjóri skrá yfir leyfi, önnur en leyfi til tækifærisveitinga, og skal þar vera nafn leyfishafa, hvar atvinnan sje rekin, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk úr gildi, og það annað, er ráðherra kann að ákveða. Lögreglustjóri sendir ráðherra um áramót hver eftirrit af því, er skráð var síðastliðið ár.

9. gr.

Leyfi heimilar einungis atvinnurekstur í ákveðnum hreppi eða kaupstað. Leyfi til veitinga alment felur ekki í sjer rjett til gistihússhalds eða tækifærisveitinga. Leyfi til gistihússhalds felur og í sjer veitingaleyfi.

10. gr.

Nú synjar lögreglustjóri um leyfi eða ágreiningur verður um það, hvort atvinnuheimildin sje niður fallin, og getur aðili þá borið það mál undir dómstólana, enda sje það gert, að undangenginni stefnu til lögreglustjóra, fyrir gestarjetti innan 6 mánaða frá dagsetningu úrskurðar hans, en skylt skal að hlýða þeim úrskurði uns dómur er genginn um málið.

11. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum, eða öðrum stöðum þar sem veitingar fara fram, nema heimilt sje að selja þar vín.

Ekkert fjelag manna má hafa um hönd í fjelagsskap áfengisveitingar nje heldur má áfengisnautn fara fram í fjelagsherbergjum, hvort sem er í húsi fjelagsins eða annara, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

12. gr.

Það er áfengur drykkur samkvæmt lögum þessum, sem í er meira en $2^1/_4\%$ af vínanda að rúmmáli.

13. gr.

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir leyfi:

til gistihússhalds kr. 200,00.
til veitinga alment kr. 150,00.

Fyrir leyfi til tækifærisveitinga skal greiða í sveitarsjóð eða bæjar frá kr. 5,00—50,00 eftir ákvörðun þess er leyfið veitir.

Ráðherra, eða ef tækifærisveitingar eru, þá lögreglustjóri, getur fært gjald niður eða jafnvel gefið það eftir með öllu, ef sjerstaklega stendur á, svo sem ef almenningsnauðsyn þykir vera á gististað eða veitinga, ef ágóða af veitingum skal verja til líknarstarfsemi eða þjóðþrifa, ef fátækir menn eiga hlut að máli o. s. frv.

14. gr.

Skylt er gestgjöfum og veitingamönnum að veita lögreglusjóra og ráðherra upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í því skyni. En skylt er að leyna alla óviðkomandi menn því, er rannsóknarmaður kemst að um hagi aðilja við rannsókn sína eða fyrir upplýsingar þeirra.

15. gr.

Það varðar 50—1000 kr. sektum, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum, ef maður rekur gistihús eða hefir um hönd veitingar, er leyfis þarf til, án þess að hafa fengið það eða eftir að hann hefir mist það, eða byrjar áðurnefndar athafnir án þess að fullnægja settum skilyrðum, eða hann fullnægir ekki settum skilyrðum til að mega halda atvinnu áfram, sem þó er ekki niður lögð, enda valdi því ekki almennar tálmanir.

Það varðar neytendur, þjónustumenn og fjelagsstjórn 200—2000 kr. sektum ef þeir brjóta fyrirmæli 11. gr. Auk þess skal vera upptækt áfengi það, er finnast kann í vörslum hinna brotlegu. Enn fremur getur lögreglustjóri bannað fjelagi samkomur, enda sje þá þegar höfðað mál gegn fjelaginu samkvæmt fyrirmælum stjórnarskrárinnar.

16. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð. Fjelagsstjórn, veitingamaður og gestgjafi ábyrgjast sektagreiðslu og málskostnaðar fyrir þjónustumenn sína, sbr. 15. gr. 2. mgr., enda skal gera aðför í eignum hinna brotlegu, og ábyrgðarmanna ef þörf gerist, til tryggingar sektum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

Þeir sem hötðu á hendi veitingasölu eða gistihússhald 1. jan. 1926 mega halda atvinnunni áfram, en ráðherra úrskurðar hversu fer um þá, sem byrja þá atvinnu á fyrra helmingi ársins 1926.

Frá sama tíma eru úr lögum numin 10. gr. tilsk. 17. nóv. 1786 að því leyti sem þar segir um gistihúshald og lög nr. 12, 22. okt. 1912, svo og önnur lög, er fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Enn vantar í lög almenn fyrirmæli um gistihúshald og veitingar. Einstök ákvæði eru að vísu til um þau efni, bæði í 10. gr. tilsk. 17. nóv. 1786 og í lögum um aðflutningsbann á áfengi. En þau virðast alls ekki vera fullnægjandi. Þess vegna hefir þótt rjett að undirbúa frumvarp um veitingasölu og gistihússhald og leggja það fyrir Alþingi, og er frumvarpið að mörgu með líku sniði gert sem lög um verslunaratvinnu nr. 52, 8. júní 1925.

Um 1.—5. gr.

Það virðist vera ástæða til að binda gistihússhald og veitingasölu við leyfi, eins og gert er um verslun í l. nr. 52, 1925, því að miklu máli skiftir, að til þeirrar atvinnu veljist heiðvirðir menn og vandaðir. Undantekningarnar í 2. gr. svara til undantekninganna í l. nr. 52, 1925 1. gr. 4. og 5. tölul. Það leiðir af 1. gr., að það eru ekki veitingar, er leyfi þarf til, þótt menn hýsi og selji þeim gestum beina, er að garði ber, án þess að sagt verði, að aðili geri sjer slíkt að atvinnu.

Tækifærisveitingar eru þær veitingar nefndar, sem ekki fara fram að staðaldri, heldur einungis við einstök tækifæri, t. d. í rjettum, þar sem almennur mannfagnaður er o. s. frv.

Skilyrði til veitingaleyfis eru sniðin eftir l. nr. 52, 1925 2.—5. gr. Afbrigði eru einungis um gjalþrot, ef maður er undir ákæru og um bókhald. Það virðist mega fela ráðherra að skipa fyrir um það atriði, ef reynslan sýndi þess þörf.

Um 6. gr.

Hún svarar til 7. gr. l. nr. 52, 1925. Nýmæli eru þó í 3. málsgrein.

Um 7. gr.

Svarar til 6. gr. l. nr. 52. 1925. Þó eru erfingjum settar þrengri skorður um áframhald veitinga samkvæmt atvinnuheimild arfleifanda. Veitingamenn munu sjaldan hafa undir höndum miklar vörubirgðir, sem langan tíma þurfi til að koma í peninga, og því virðist ekki ástæða hjer til að hafa þann tíma langan, er erfingjar megi halda atvinnu arfleifanda áfram.

Um 8.—10. gr.

Það virðist einsætt, að veitingaleyfi heimili einungis þann atvinnurekstur í ákveðinni þinghá eða kaupstað, eins og verslunarleyfi. Hinsvegar má veita sama manni leyfi til veitinga í annari þinghá eða öðrum kaupstað, eins og um kaupmenn gildir.

Auðvitað getur aðili, sem lögreglustjóri synjar leyfis, leitað álits ráðherra, en með því að hann er ekki bundinn við það, þá virðist þarflaust að setja fyrirmæli um það, eins og þó hefir verið gert í mörgum lögum, þar á meðal l. nr. 52, 1925.

Um 11. og 12. gr.

Það hefir þótt rjett að taka hjer með ákvæði laga nr. 12, 22. okt. 1912, og eru þessar greinar að efni samhljóða 1. og 2. gr. l. nr. 12, 1912.

Um 13. gr.

Það þykir vera full ástæða til að færa niður leyfisgjald, ef sjerstaklega stendur á, og eru dæmi þess nefnd í þessari grein frv.

Um 14. gr.

Sama efnis sem 15. gr. l. nr. 52, 1925.

Um 15. og 16. gr.

1. málsgr. 15. gr. svarar til l. nr. 52, 1925, 14. gr. 1. og 2. tölul., og 3. málsgr. til 3. og 4. gr. l. nr. 12, 1912, enda mundi hún koma í þeirra stað, ef 11. gr. frv. þessa verður að lögum.

Um 17. gr.

Virðist ekki þurfa að skýra.

10. Frumvarp

til laga um bryggjugerð í Borgarnesi o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta gera bryggju við Stóru-Brákarey í Borgarnesi, að undangenginni rannsókn um hvar á eynni það sje hentugast, enda sje svo mikið dýpi við bryggjuna, að hæfilega stórt skip til flutninga milli Reykjavíkur og Borgarness geti legið við hana í hálffullnum sjó og skal telja kostnað af nauðsynlegum dýpkunum við hana og út frá henni með bryggjugerðarkostnaði.

2. gr.

Ennfremur er landsstjórninni heimilt að láta gera garð eða brú yfir sundið milli eyjar og lands, svo og veg eftir eynni að bryggjunni og vegar-

spotta á landi eftir því sem nauðsynlegt er, til þess að koma vörum að bryggjunni og frá.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af framkvæmdum þeim, er ræðir um í 2. gr. og leggur fram helming kostnaðar við mannvirkin, sem nefnd eru í 1. gr., gegn helmings framlagi annarsstaðar frá, og má ekki byrja á verkinu fyr en það framlag er trygt.

4. gr.

Þegar mannvirki þau, sem ræðir um í lögum þessum eru fullgerð, eru allir, sem ferma og afferma skip í Borgarnesi skyldir til þess að nota bryggjuna, ef unt er, nema hafnarnefnd leyfi annað.

5. gr.

Frá þeim tíma, er bryggjan er tekin til notkunar, skulu allar tekjur hennar renna í sjóð, er nefnist Hafnarsjóður Borgarness. Tekjum hans og eignum má einungis verja í þarfir bryggjunnar eða til annara hafnarbóta. Það sem eftir kann að verða á þeim tíma af núverandi hafnarsjóði rennur í þenna sjóð.

6. gr.

Hreppsnefnd Borgarneshrepps kýs 3 menn, er búsettir sjeu í Borgarnesi í hafnarnefnd, til þess að hafa á hendi umsjón og eftirlit með bryggjunni, reikningshald hennar, viðhald, stækkun hafnarvirkja og annað, sem henni kemur við. Menn þessir bera allir ábyrgð á eignum og tekjum bryggjunnar og eru kosnir til þriggja ára í senn. Atvinnumálaráðherra ákveður hvenær þeir skuli fyrst kosnir.

7. gr.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar og hafnarnefndar er ráðherra heimilt að gefa út reglugerð um notkun bryggjunnar og gjaldskrá um notkunina. Í reglugerðinni má leggja sektir við vanrækslu og brotum gegn henni, setja nánari reglur um skyldur hafnarnefndar og hreppsnefndar og ákveða meðferð mála útaf brotum.

8. gr.

Þegar mannvirki þau, sem í 2. gr. getur, eru fullgerð, teljast þau meðal gatna eða vega Borgarnesskauptúns, og um kostnað af viðhaldi þeirra fer eftir 48. gr. vegalaga 4. júní 1924.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemd við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er gerði vegamálastjóri á þinginu 1925 tillögur um vegalagningar í nánustu framtíð. Lagði hann tillögur þessar fyrir fjárveitinganefnd og skifti vegunum í flokka. Í 1. flokki voru vegir, sem tilætlun hans var að lagðir yrðu fyrir 1933, en öðrum vegum var skift í tvo flokka, eftir nauðsyn þeirra. Í 2. flokki var eftir tillögum þessum vegurinn frá Sveinatungu að Hrútafjarðará.

Stjórninni er það ljóst, að hin mesta nauðsyn er á því, að flýta sem mest akvegi milli Norður- og Suðurlands, og hefir því hugsað sjer, að gerð verði sú breyting á tillögum vegamálastjóra, að vegurinn milli Sveinatungu og Hrútafjarðarár verði færður í 1. flokk, án þess að dregið verði úr öðrum tillögum hans. Við þetta kemur vegurinn í heild miklu fyr að notum, því að óakfærir kaflar milli akfærra kafla draga mjög verulega úr gildi hinna síðarnefndu. Ef farið verður eftir tillögum vegamálastjóra með þeirri breytingu, sem hjer er nefnd, á að verða fært bifreiðum milli Borgarness og Bólstaðarhlíðar í Húnavatnssýslu árið 1933.

Liður í þessari fyrirætlun stjórnarinnar eru fjárveitingar þær, sem hún stingur upp á í fjárlagafrv. fyrir 1927, til vegar upp Norðurárdal og (að minsta kosti að nokkru leyti) til gistihúss í Fornahvammi. Og annar liður í þessari fyrirætlun er frv. það, sem hjer ræðir um, og skal það nú skýrt nokkru nánar.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að langflestir, sem fara milli Reykjavíkur annarsvegar eða staða í nánd við hana og hinsvegar Borgarfjarðar-, Mýra-, Dala-, Stranda-, Húnavatns-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna, fara um Borgarnes, ef þeir fara ekki sjóveg alla leið, því að krókurinn fyrir Hvalfjörð er bæði erfiður og langur. Það er því auðsætt, að í Borgarnesi er mikil umferð. En jafnframt er það alkunnugt, að höfnin í Borgarnesi er mjög erfið og ótrygg, svo að skipum legast þar oft af þeim ástæðum. Það er því hin mesta nauðsyn, samgangnanna vegna, að gera tilraun til þess að bæta úr þessu, því að það stoðar ferðamenn lítið, þótt þeir komist fljótt áfram á landi, ef sjóferðin frá Borgarnesi, eða til, tefur þá, ef til vill dögum saman, eins og oft á sjer stað,

Það er því tilætlun frv. þessa, að reyna að bæta úr þessu, án þess þó að leggja stórfje í sölurnar, en eins og nú stendur verður ekki sagt með vissu hvenær hægt verður að hefjast handa um þetta, þótt auðsætt sje, að það má ekki dragast lengi.

Á árunum 1917—1921 gerðu verkfræðingarnir Th. Krabbe og N. P. Kirk hafnarrannsóknir víða hjer við land og hefir að opinberri tilhlutun verið gefið út rit um rannsóknir þessar. Meðal þeirra staða, sem rannsókn þessi náði til, var Borgarnes.

Niðurstaða Kirks um hafnarbætur í Borgarnesi varð sú, að rjettast væri að brúa Brákarsund eða hlaða garð í það og setja síðan bryggju, sem skip geta legið við, á suðvestanverðri Stóru-Brákarey, dýpka innsiglinguna og leggja veg að bryggjunni og á þessu er frv. bygt. Kostnaður af þessu er áætl-

aður rúmlega 100000 kr., ef garður er hlaðinn í sundið, en ef brú er sett mun kostnaðurinn verða 50—60 þús. kr. meiri. Það er órannsakað enn, hvort byrgja má Brákarsund með garði og eins hvort dýpkun sje miklum erfiðleikum bundin, en að sjálfsögðu er gengið út frá, að slíkt verði vandlega rannsakað áður en í verkið er ráðist. Einnig er geugið út frá, að sjerhverri stjórn sje trúandi til að byrja ekki á framkvæmdum verksins nema með sjerstöku samþykki þingsins, ef verulegu skyldi skakka um kostnaðinn frá því, sem hjer hefir verið gengið út frá.

Af því, sem áður er sagt um samgöngur til og frá Borgarnesi, sjest, að þessi staður er einhver helsta ferðamannahöfn landsins og einstök í sinni röð, að því leyti, að þar lýkur eða hefst landferð eða sjóferð fjölda manna, sem ætla að halda lengra. Vitaskuld eru vöruflutningar töluverðir til þessa staðar og frá og töluvert af fólki, sem aðeins fer milli Borgarness og Reykjavíkur eða grendanna, en aðstaðan virðist þó svo ólík þar í samanburði við það, sem er víðast annarsstaðar, að rjettast þykir, að ríkissjóður taki talsvert ríflegri þátt í hafnarbótum þar en annarsstaðar. Með hliðsjón af þessu er gert ráð fyrir í frv., að ríkissjóður greiði helming hinna eiginlegu hafnarbóta og láti á sinn kostnað eingöngu gera veg að bryggjunni, enda er sú vegargerð alveg óvenjulega dýr og því alls engar líkur til, að hún kæmist í framkvæmd nema með mjög verulegum styrk úr ríkissjóði. Aftur á móti þykir rjettmætt, að hreppurinn haldi veginum við á sinn kostnað, en um bryggjuna er gengið út frá, að henni verði haldið við af bryggjugjöldunum.

Borgarnes á hafnarsjóð, sem nemur rúmlega 27000 kr., og er hann í handbæru fje. Er einsætt, að hann verði notaður til þeirra framkvæmda, sem hjer ræðir um. Skipulagsskrá sjóðsins er í Stj.tíð. 1918 B. bls. 193—194.

Frekari skýringar við frv. sýnast óþarfar.

11. Frumvarp

til laga um raforkuvirki.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1. gr.

Hver sveitar- eða bæjarstjórn hefir einkarjett til þess að stofnsetja raforkuver til almenningsþarfa, önnur en vatnorkuver, og starfrækja þau innansveitar. Til starfrækslu utansveitar þarf samþykki ráðherra.

Um raforkuveitu frá slíku veri fer eftir ákvæðum vatnalaganna um raforkuveitur frá vatnorkuverum, nema þar sem á annan veg er ákveðið með lögum þessum.

2. gr.

Einkarjettur sveitar- eða bæjarstjórna samkvæmt 1. gr. nær eigi til raforkuvirkja, sem einstakur maður eða einstakir menn koma sjer upp og nota innan takmarka húseigna sinna og jarðeigna eingöngu til eigin þarfa, þó þarf leyfi hjeraðsstjórnar í þeim hjeruðum, þar sem hjeraðsstjórn hefir áður komið á stofn raforkuvirki.

3. gr.

Einkarjett þann, sem um ræðir í 1. og 2. gr. getur sveitar- eða bæjarstjórn með samþykki ráðherra veitt einstökum mönnum eða fjelögum. Leyfið skal veitt um tiltekið árabil með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til. Í hvert skifti, sem leyfistími er á enda, á sveitar- eða bæjarstjórn rjett á að fá sjer afhent raforkuvirkið fyrir það verð, er matsnefnd ákveður, ef samkomulag næst ekki.

Um mat og matsnefnd gildir ákvæði vatnalaganna.

4. gr.

Nú vill sveitarstjórn eða bæjar fá handa umdæmi sínu raforkuvirki, er einstakir menn eiga og um ræðir í 3. gr. og má þá, ef samkomulag næst ekki, taka það eignarnámi gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsnefnd, er til skal kvödd samkvæmt 3. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar fyrirtækisins nema eigendur samþykki að einungis nokkur hluti þeirra sje tekinn.

5. gr.

Ráðherra skal heimilt að setja reglur um gerð, frágang og notkun raforkuvirkja, og má í reglum þessum setja ákvæði um:

a. Öryggisráðstafanir, er fylgja ber við uppsetningu og starfrækslu þessara virkja.
b. Skyldu til þess að gefa skýrslu um þau raforkuvirki, sem fyrir hendi eru þegar reglurnar öðlast gildi og um ný virki og aukningu eldri virkja svo og að leyfa ráðherra að láta rannsaka þau.
c. Eftirlit með raforkuvirkjun í húsrúmi, þar sem hætt er við sprengingum eða þar sem erfitt er að halda við nægilega fullkominni einangrun vegna raka eða annara orsaka, svo og með raforkuvirkjum, sem ætla má að hafi í för með sér sérstaka hættu fyrir líf manna eða mikil verðmæti og með raforkuvirkjum í leikhúsum og samkomuhúsum. Eigandi virkjanna greiðir kostnað við eftirlitið.
d. Löggildingu á hæfum raforkuvirkjurum.
e. Sektir allt að 1000 kr. fyrir brot á reglunum.

6. gr.

Raforuvirki mega ekki hafa í för með sjer hættu fyrir eignir annara manna eða hættu við truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru. Sje unt

að afstýra slíkum truflunum með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja, en þó má skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins ef framkvæmd öryggisráðstafana hefir í för með sjer verulega hagsmuni fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða, að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir, sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari eða miður búin tryggingum en venja er til eða krafist verður um ný virki á þeim tíma, þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

Ráðherra sker úr öllum ágreiningi um það:

a. Hvort raforkuvirki hafi í för með sjer hættu við truflunum á starfrækslu eldri virkja.
b. Hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra slíkum truflunum.
c. Hver eigi að koma þeim ráðstöfunum í verk, og
d. Hvort og að hve miklu leyti eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.

Ráðherra getur stöðvað notkun raforkuvirkja, uns öryggisráðstafanir þær, er hún áskilur, eru komnar í framkvæmd.

7. gr.

Sveitarstjórnir, bæjarstjórnir og stjórnir orkuveitufjelaga skulu semja reglugerð um raforkuveituna, er ráðherra staðfestir, og má þar setja sjerstök ákvæði fyrir þá menn, er fást við raforkuvirkjun innan takmarka veitu þeirra, þar á meðal vinnukaupsskrá og reglur um frágang á verkum þeirra, þó má ekki í slíkum reglum heimila lakari frágang á orkuvirkjum nje vægari kröfur til löggildingar raforkuvirkjara en ákveðið verður í reglum ráðherra samkvæmt 6. gr.

8. gr.

Með mál út af brotum á reglum þeim, er segir í 5. gr. og 7. gr. skal fara sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verkfræðingafjelag Íslands hefir bent á, að sjerstök lög um raforkuvirki vantaði, með því að lög nr. 51, 1915, um rafmagnsveitur, voru feld úr gildi með vatnalögunum, án þess að tekin væri upp í vatnalögin ýms ákvæði, sem þá voru úr gildi numin, nje sett þar um önnur lög.

Vatnalögin geta eðlilega ekki fjallað um ýms atriði, sem snerta sjerstaklega raforkuvirki, þar sem oft eru aðrar tegundir afls en vatnsafl notaðar til orkuvinslunnar. Meiri hluta fossanefndarinnar var þetta ljóst og samdi því

jafnframt vatnalagafrumvarpinu annað frumvarp »til laga um raforkuvirki«. Þetta frumvarp var lagt fyrir Alþingi 1919, en varð þá óútrætt eins og vatnalögin. Síðan hefir því ekki verið hreyft.

Þar sem stjórn vatnamála er nú skipað nokkuð á annan veg og óbrotnari en ráðgert var, þá er frumvarp þetta var borið fram af fossanefnd, þótti nauðsynlegt að gera á því talsverðar breytingar og nokkrar viðbætur áður en það yrði lagt fyrir Alþingi. Var því stjórn Verkfræðingafjelagsins falið að að semja nýtt frumvarp, sem leggja mætti fyrir Alþingi og er það þetta frumvarp.

Þessi eru þau helstu atriði, er frumvarpið setur ákvæði um:

1. Rjettur hjeraðsstjórna til þess að stofnsetja og starfrækja rafmagnsver önnur en vatnorkuver.
2. Rjettur ráðherra að setja reglur um gerð, frágang og notkun rafmagnsvirkja.
3. Rjettur ráðherra og fjelagsstjórna að löggilda hæfa menn til þess að vtnna við rafmagnsvirki.

Reynsla undanfarinna ára sýnir ótvírætt, að eigi má án vera laga um þessi atriði. Lögin um rafmagnsveitur frá 1915 komu að góðu gagni þó ófullkomin væru. Þar sem nú á síðustu árum hafa verið stofnsettar rafmagnsstöðvar, sem reknar eru ýmist með vatnsafli eða olíu í allflestum kaupstöðum og kauptúnum hjer á landi, verður því fremur þörf fullkomnari lagasetningar og ítarlegri reglugerða til þess að stofnun þeirra og starfræksla verði sem haganlegust og til þess að samrýmanleg ákvæði gildi um land alt. En á þessu hefir viljað verða nokkur brestur og hafa vitanlega fyrir þá sök farið verðmæti eigi alllítil í súginn að óþörfu.

Um 1.—4. gr.

Greinar þessar eru að nokkru teknar upp úr lögum um rafmagnsveitur frá 1915, en samrýmdar ákvæðum vatnalaganna. Þannig er í síðari málsgrein 2. gr. vísað til vatnalaganna til þess að hvergi komi mótsögn eða sundurleit ákvæði um raforkuveiturnar sjálfar, þótt unnin sje raforkan með öðru afli en vatnsafli, svo sem olíu, kolum eða þvílíku. Um þessi atriði eru ýms ákvæði í vatnalögunum, sem frekar ættu þó heima í þessum lögum.

Um 5.—6. gr.

Þessar greinar eru með nokkrum breytingum teknar upp úr frumvarpi meiri hluta fossanefndar um raforkuvirki. Nægir að vísa til greinargerðar nefndarinnar með tjeðu frumvarpi.

Um 7. gr.

Greinin er tekin úr sama frumvarpi (4. gr.). Ákvæðinu þar um skólahald fyrir raforkuvirkjara er slept þar sem það myndi hafa talsverðan kostnað í för með sjer, enda má telja það óþarft að svo stöddu; aðaláhersluna verður að leggja á verklega æfingu.

Hjer er tekið upp það nýmæli, að hjeraðsstjórn og stjórnir raforkuveitufjelaga sjeu skyldar að setja reglugerð um raforkuvirkjun, er ráðherra staðfesti. Í rafmagnsveitulögunum var slíkt ákvæði ekki, en var engu síður orðin venja, sem vel hefir gefist.

12. Frumvarp

til laga um kynbætur hesta.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1. gr.

Bannað er að láta graðhesta tvævetra og eldri ganga lausa í heimahögum eða á afrjettum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi skal vera hrossakynbótanefnd, skipuð 3 mönnum. Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd. Í fyrsta sinn skal kosið í janúar 1927 og gildir sú kosning þar til næst fer fram kosning í hreppsnefnd.

3. gr.

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd, með samkomulagi við eigendur, velja hæfilega marga graðhesta til undaneldis innanhrepps næsta sumar og ákveða gjald fyrir notkun þeirra. Skal nefndin gera hreppsbúum það kunnugt með auglýsingu fyrir lok marsmánaðar.

Hrossakynbótanefnd getur leyft að kynbótahestar gangi lausir í heimahögum.

4. gr.

Alla graðhesta, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á hjeraðssýningum, er styrks hafa notið hjá Búnaðarfjelagi Íslands, skal merkja með því að klippa Kh. hægra megin á lend þeirra. Eigandi hestsins skal endurnýja merkið svo oft sem með þarf til þess að það sje jafnan glögt.

Nú sannast, að einhver hefir merkt graðhest þessu merki án leyfis kynbótanefndar, enda hafi hann ekki hlotið verðlaun eins og fyr segir, og varðar það sektum. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa honum sem óskilafje og selja án innlausnarfrests.

5. gr.

Alla graðhesta, sem eru $1^1/_2$ árs eða eldri og ekki eru ætlaðir til undaneldis samkvæmt 3. og 4. gr., skal gelda fyrir 20. apríl ár hvert. Graðhesta á þeim aldri, sem eru ekki kynþroska þá, skal gelda svo fljótt sem verða má.

Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn og skal hann þá sekt gjalda og auk þess skaðabætur, ef tjón hlýst af. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist, nema í öruggri vörslu sje, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja hann án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist graðhestur, merktur Kh. hægra megin á lend, gæslulaus án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er hann var valinn fyrir sem undaneldishestur og má þá taka hann í örugga gæslu og, ef þörf gerist, á fóður, á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart svo fljótt sem unt er. Ef hestsins er ekki vitjað og greiddur áfallinn kostnaður áður liðnar eru 6 vikur frá því hann var tekinn, má ráðstafa honum sem óskilagrip og selja án innlausnarfrests.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—500 kr., er renna að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið verður uppvíst og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem hinn seki á heima.

8. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 74, 14. nóv. 1917 og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eftir lögum nr. 74, 14. nóv. 1917, er óheimilt að láta graðhesta eldri en $1^1/_2$ árs ganga lausa innan um hross í afrjettum eða heimahögum, en heimilt er að gera undanþágu frá þessu um hesta, sem ætlaðir eru til undaneldis samkvæmt löggiltri samþykt eftir lögum 11. des. 1891, um samþyktir um kynbætur hesta.

Þessi lagaákvæði munu ekki hafa komið að fullum notum og liggja eflaust til þess þær tvær orsakir, að aldurstakmark hestanna er ekki heppilega valið og að hrossakynbótasamþyktir hafa ekki verið settar nærri alstaðar á landinu.

Um aldurstakmarkið, $1^1/_2$ ár, má benda á það, að langflest folöld hjer á landi fæðast í apríl, maí eða júni. Þau verða þá $1^1/_2$ árs í október, nóvember eða desember. Á þeim tíma ganga flest hross úti víðast á landinu og

bjarga sjer þannig sjálf, sumstaðar gæslulaust og víða gæslulítið. Það er því auðsætt að banni gegn því að láta ógelta fola ganga lausa í högum um þetta leyti árs muni tæplega verða framfylgt, enda mundi það í sumum hjeruðum landsins baka mikið tjón. Ef svo væri, að skaði þessi væri óhjákvæmilegur, ef halda á uppi kynbótum hesta, þyrfti að vega gagnið af kynbótunum á móti skaða hestaeigenda, en skaði þessi virðist einmitt ekki óhjákvæmilegur þótt haldið sje uppi kynbótastarfsemi, því að ógeltir folar, milli $1^1/_2$ árs og 2 ára, munu yfir veturinn vera með öllu óhættulegir kynbótastarfseminni. Ef ákveðið er, að folar á 2. vetur megi ganga lausir, en jafnframt fyrirskipað, að allir folar, sem að vorinu eru $1^1/_2$ árs eða eldri skuli geltir, nema kynbótahestar, virðist hvorutveggju náð, að hefta ekki útigang og halda þó kynbótastarfsemi uppi í fullum mæli.

Um gagnsemi kynbótastarfsins er naumast þörf að ræða, því að það mun nú viðurkent af flestum eða öllum, að hún sje mikil, enda hafa komið fram á Alþingi greinilegar raddir í þá átt. Þannig var á síðasta þingi flutt frv. er fór í svipaða átt og þetta. Fluttu þeir það Jón Sigurðsson þm. Skagf. og P. Ottesen þm. Borgf. og mun Theódór Arnbjarnarson ráðunautur Búnaðarfjelags Íslands hafa átt mikinn þátt í því. Þessu frumvarpi var vísað til landbúnaðarnefndar og breytti hún því töluvert og voru hennar tillögur samþyktar við 2. umr. í Nd., en lengra komst málið ekki.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er sniðið eftir tillögum landbúnaðarnefndar að mestu, en með hliðsjón af öðrum breytingum, sem stungið var upp á á þinginu.

Að þannig vöxnu máli þykir ekki þurfa að ræða um hinar einstöku greinar frumvarpsins.

13. Frumvarp

til laga um löggilta endurskoðendur.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að löggilda endurskoðendur, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.:

1. Löggiltur endurskoðandi skal hafa náð lögaldri; hann skal vera fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.

2. Hann skal sanna fyrir ráðuneytinu, eða fyrir nefnd, sem atvinnumálaráðherra skipar, að hann hafi þá þekkingu á viðskiftum og reikningshaldi, sem krafist verður í reglugerð, sem ráðherra getur sett.

3. gr.

Ef löggiltur endurskoðandi missir fjárforræði sitt, eða mannorð hans flekkast, þá hefir hann fyrirgert löggildingunni. En ef hann fær aftur umráð yfir fje sínu, skal hann mega fá aftur löggilding sína.

4. gr.

Nú láta opinberir sjóðir, fjelög eða einstakir menn löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga sína, og skal þá sú endurskoðun jafngilda endurskoðun dómkvaddra manna.

5. gr.

Vilji dómstólar hafa röksamlega endurskoðun á reikningum og rekstri fyrirtækja eða á þrotabúum, skal til þeirrar skoðunar hafa löggilta endurskoðendur, ef til næst.

6. gr.

Löggiltur endurskoðandi skal heita því við drengskap sinn, að vinna verk sitt eftir bestu vitund og ljósta ekki upp leyndarmálum.

7. gr.

Löggiltir endurskoðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot, sem sýslunarmenn.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur tiltekið nánar verksvið löggiltra endurskoðenda og sker úr ef deilur verða um gjöld fyrir störf þeirra, ef aðiljar óska, enda verða slík mál ekki borin undir dómstólana.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp um löggilta endurskoðendur hefir oft verið borið fram á Alþingi og oftar en einu sinni verið samþykt í neðri deild. Á þingi 1925 var það enn flutt og var þá samþykt í neðri deild, en varð ekki útrætt í efri deild sökum tímaskorts. Það þykir því rjett að flytja það enn á ný, þar sem því virðist ekki verða neitað, að lög um þetta efni sjeu nauðsynleg. Það hlýtur öllum að vera ljóst, að þar sem svo stórir bæir eru og nú er sumstaðar orðið hjer á landi, hlýtur að vera þörf fyrir menn, sem gera endurskoðun að aðalstarfi sínu, enda ber þess raun vitni hjer í bæ og ef til vill víðar. Það er og afareðlilegt, að til þessara manna leiti þeir, sem þurfa að fá endurskoðun framkvæmda. Af þessu er það bert, að nokkur skylda hvíli á því opinbera um það, að við þetta starf

fáist ekki aðrir en þeir, sem trúandi er til, bæði vegna þekkingar og mannkosta, að rækja það sæmilega.

Frv. er hjer flutt að mestu óbreytt frá síðasta þingi. Nokkur breyting er þó gerð á 4. og 8. gr. Breytingin á 4. gr. gengur í þá átt að láta jafnan endurskoðun löggilts endurskoðanda jafngilda endurskoðun dómkvaddra manna og virðist það ekki of langt gengið, því að yfirleitt hljóta slíkir endurskoðunarmenn að vera betur til verksins fallnir en aðrir dómkvaddir menn og drengskaparheit þeirra og viðurlög eins og fyrir sýslunarmenn, á að vera næg trygging í þessu efni.

Breytingin á 8. gr. er einkum í því fólgin, að felt er niður ákvæði, um að stjórnarráðið setji endurskoðendum taxta, því að slíkt mundi vera mjög erfitt. Aftur á móti er atvinnumálaráðaneytinu gert að skyldu að úrskurða ágreining um borgun til endurskoðanda, ef hann og viðskiftamaður hans eru samdóma um að undanþiggja málið dómstólameðferð. Ella verður ágreiningur í þessu efni að sæta úrskurði dómstólanna.

Að öðru leyti virðist frv. ekki þurfa skýringa.

14. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 68, 14. nóvember 1917, um áveitu á Flóann.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1 gr.

Landsstjórninni heimilast að láta gera þau mannvirki á Flóaáveitusvæðinu, auk skurða og garða, sem nauðsynleg verða að teljast, til þess að áveitan komi að fullum notum og greiðist kostnaður af framkvæmdum þessum á þann hátt, sem um semst milli landsstjórnarinnar og íbúa áveitusvæðisins.

2. gr.

Áður en ráðist er í framkvæmdir samkvæmt 1. gr., skal landsstjórnin skipa nefnd manna, er geri tillögur um hver mannvirki skuli gera og hversu þeim skuli haga. Auk þess er stjórninni heimilt að kveðja sjerfræðinga til eftir því, sem nauðsynlegt telst. Kostnaður af nefnd og sjerfræðingum greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Ákvæði laga nr. 68, 14. nóvember 1917, um áveitu á Flóann, ná til mannvirkja þeirra, sem lög þessi ræða um, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

4. gr.

Vegum þeim, sem lagðir kunna að verða á áveitusvæðinu samkvæmt lögum þessum, skal skifta í sýsluvegi og hreppavegi eftir tillögum vegamálastjóra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á næsta vori eða sumri er búist við, að lokið verði við Flóaáveituna, svo að veita megi á, og allvíða munu þá einnig verða komnir flóðgarðar, svo að mikið gagn verði að áveitunni. En til þess að bændur á áveitusvæðinu geti notfært sjer væntanlegan grasauka þarf ýmislegt fleira en sjálfa áveituna. Má þar til nefna vegi um áveitusvæðið, svo að fært sje að koma afurðum frá sjer á aðalveg. Vitaskuld verður ekki til þess ætlast, að hið opinbera annist vegagerð heim að hverju býli, en aftur á móti verður ekki sagt, að hið opinbera skiljist nægilega vel við þetta stærsta landbúnaðarfyrirtæki, sem stofnað hefir verið til hjer á landi, nema veganet sje lagt þar, þannig að ekki megi ókleyft teljast hverjum einstökum að leggja veg heim til sín eða flytja afurðir á veg.

Ef Flóaáveitan hepnast eins og flestir munu gera sjer von um, er ekki efi á því, að mjólkurframleiðsla eykst mjög á áveitusvæðinu og þarf þá að sjá fyrir, að unt sje að koma mjólkinni í peninga. Hversu það megi best verða er enn órannsakað mál, en einsætt virðist, að til þess þurfi sameiginlegt eða sameiginleg mjólkurbú, er ýmist eða annaðhvort vinni úr henni rjóma, smjör eða osta. Mikið álitamál er, hvar bú þessi skuli vera og hvort þau skuli vera eitt eða fleiri. Þarf að rannsaka það mál vandlega og ekki síður gæta þess, að bú það eða þau, sem bygð kynnu að verða, verði með haganlegri nýtiskugerð og ekki dýrari en þörf er á. Ekki virðist ólíklegt, að vegaköflum verði að haga eftir því hvar og hve mörg búin verða.

Það er nú tilgangur þessa frv., bæði að tryggja það, að nauðsynleg rannsókn fari fram í umræddum efnum, og að heimila stjórninni nauðsynlegar framkvæmdir, eftir niðurstöðu rannsóknanna.

Þess má geta, að vegamálastjóri hefir þegar unnið talsvert að rannsóknum á vegakerfi á áveitusvæðinu og að stjórnin hefir gert ráðstafanir til þess að tryggja aðstoð fagmanna í Danmörku, að því er mjólkurbú snertir.

Stjórninni er það vitaskuld ljóst, að til þess að Flóaáveitan komi að fullum notum þarf að bæta samgöngurnar milli Reykjavíkur og áveitusvæðisins, en um það atriði verður ekki rætt í þessu sambandi. Vel má og vera, að einhverjar aðrar framkvæmdir en hjer hafa verið nefndar, verði að teljast nauðsynlegar og falla þær þá undir heimild frumvarpsins.

Í 1. gr. frv. felst að sjálfsögðu heimild fyrir landsstjórnina til þess að greiða úr ríkissjóði þann styrk til mannvirkjanna, sem samningar segja til og í 3. gr. felst heimild til að telja sem áveitukostnað það framlag áveitusvæðisbúa, sem samningar takast um.

Frekari skýringa virðist frv. þetta ekki þurfa.

15. Frumvarp

til laga um útsvör.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

I. KAFLI.
Almenn ákvæði.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Atvinnusveit: Hrepp eða kaupstað þar sem gjaldþegn hefir rekið eða stundað atvinnu, án þess að eiga þar lögheimili.

Dvalarsveit: Hrepp- eða kaupstað, þar sem aðili hefir orðið útsvarsskyldur vegna dvalar, án þess að hann eigi þar lögheimili.

Gjaldár: Það ár, er niðurjöfnun útsvars fer fram.

Heimilissveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem gjaldþegn á lögheimili.

Niðurjöfnunarnefnd: Niðurjöfnunarnefnd í kaupstöðum og hreppsnefnd, ásamt tilkvöddum skattanefndarmanni, í sveitum, nema sjerstaklega sje öðruvísi um mælt.

Sveit: Bæði hrepp og kaupstað.

Sveitarstjórn: Bæði hreppsnefnd og bæjarstjórn.

Útsvarsár: Árið næsta á undan niðurjöfnun.

2. gr.

Reikningsár sveita er almanaksárið.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skulu bæjarstjórnir gera áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðar næsta reikningsár. Ræða skal áætlun á tveim fundum með að minsta kosti viku millibili. Við síðari umræðu skal athuga áætlun lið fyrir lið, og greiða skal atkvæði bæði um hverja grein fyrir sig og áætlun í heild sinni. Áætlun skal liggja til sýnis almenningi 2 vikur í desembermánuði á hentugum stað, er bæjarstjórn tiltekur.

Í hreppum skal hreppsnefnd semja áætlun fyrir yfirstandandi ár áður en niðurjöfnun útsvara hefst.

Áætlun samkvæmt 1. og 2. málsgr. skal síðan vera regla um upphæð gjalda í sveitinni og fjárstjórn hennar á reikningsárinu.

3. gr.

Að því leyti sem aðrar tekjur sveitar hrökkva ekki til að greiða gjöldin, skal jafna niður á gjaldþegna hennar því, er á vantar, að viðbættum 5% —10%, og heitir gjald það *útsvar*. Það má ekki nokkru sinni nema meiru en meðaltali útsvara í sveitinni 3 síðustu árin, að viðbættum fimtungi, nema sýslunefnd veiti hreppsnefndum til þess samþykki sitt, en atvinnumálaráðherra bæjarstjórnum.

Nú þykir sveitarstjórn sýnt, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda, og getur þá sveitarstjórn að fengu samþykki áðurnefndra stjórnarvalda, ákveðið framhaldsniðurjöfnun til greiðslu þess, er á vantar, þannig að því verði bætt við útsvar hvers einstaks gjaldanda eftir ákveðnu hundraðshlutfalli.

II. KAFLI.
Um útsvarsskyldu.

4. gr.

Útsvar skal leggja á eftir efnum og ástæðum. Skal þá til greina taka:

1. Eignir aðilja, hverjar þær eru og hversu verðmætar, hversu miklar skuldir hvíla á aðilja og hversu miklar eignir hann á afgangs skuldum. Ef eigi er lagt sjerstakt útsvar á konu manns, þá skal með sama hætti athuga eignir hennar og skuldir, þegar lagt er á hann.
2. Tekjur aðilja, þær er hann hafði síðastliðið ár, og að því leyti sem útlenda gjaldþegna varðar (6. gr. B, 1—2) og þá er í 25. gr. 2. og 3. tölul. segir, tekjur þær, er þeir hafa haft á gjaldárinu. Þá skal athuga í hverju tekjurnar voru fólgnar, hversu mikil fyrirhöfn, kostnaður og áhætta var samfara öflun þeirra.
3. Ástæður aðilja að öðru leyti, svo sem fjölskyldu hans, heilsufar hans og þeirra, sem á vegum hans eru, höpp eða óhöpp, sem hann hefir orðið fyrir, svo sem slys, dauðsföll, fjárskaða af sjó, veðri eða vötnum, sjerstakan uppeldiskostnað eða menningarkostnað barna hans, er nauðsynlegan má telja eða venjulegan, tap á ábyrgðum og sjerhvað annað, er telja má máli skifta um gjaldþol hans og með sanngirni má til greina taka til hækkunar útsvari hans eða lækkunar.

5. gr.

Ef gjaldþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur eða veitir ekki að öðru leyti þá fræðslu um hagi sína, er niðurjöfnunarnefnd krefur hann, þá skal hún áætla honum ríflegar eignir og tekjur, svo að áreiðanlegt megi telja, að hann vinni ekki á því að halda upplýsingum fyrir nefndinni.

6. gr.

Útsvarsskyldir eru:

A. Aðiljar heimilisfastir á Íslandi:

I. Allir einstaklingar, karlmenn sem konur, ungir sem gamlir, í hverri stöðu sem þeir eru, svo framarlega sem þeir verða taldir færir um að greiða að minsta kosti 5 króna útsvar. Enginn verður útsvarsskyldur eftir þessum lið (I.), nema hann hafi á útsvarsárinu haft hjer á landi heimilisfang að minsta kosti 3 mánuði.

Undanþegnir eru útsvari:

a. Fyrirsvarsmenn annara ríkja hingað sendir og þjónustufólk þeirra, sem er annara ríkja þegnar.
b. Sendimenn íslenska ríkisins, sem erlendis dveljast meira en 9 mánuði á útsvarsárinu, enda þótt þeir teljist að lögum heimilisfastir á Íslandi.
c. Konur, sem giftar eru þegar niðurjöfnun fer fram. Þó má leggja útsvar á gifta konu:
   1. Ef hún hefir sjereign eða hjúskapareign, er gefa arð svo að um muni.
   2. Ef hún hefir atvinnu.
   3. Ef hún hefir slitið samvistir við bónda sinn.

II. Fjelög. Þar til teljast:
1. Fjelög með ótakmarkaðri ábyrgð og fjelög með takmarkaðri ábyrgð, svo sem hlutafjelög og gagnkvæm ábyrgðarfjelög. Eigi má leggja bæði á fjelag og fjelagsmann hjer heimilisfastan vegna eignar hans í fjelagi og tekna, er hann hefir af henni, enda liggi glögg greinargerð fyrir niðurjöfnunarnefnd um þetta efni.
2. Samvinnufjelög. Þau greiða útsvör af arði sakir skifta við utanfjelagsmenn með sama hætti sem kaupmenn á staðnum, enda láti fjelag niðurjöfnunarnefnd í tje glöggva skýrslu um skifti sín við utanfjelagsmenn og ágóða af þeim. Annarskostar skal nefndin áætla þessi skifti og leggja útsvar á fjelag samkvæmt þeirri áætlun.

Undanþegin útsvari eru:
a. Fjelög, sem leyst eru undan útsvarsskyldu með lögum.
b. Fjelög, sem enga atvinnu reka, svo sem fjelög til eflingar listum og vísindum, skemtifjelög, líknarfjelög, stjórnmálafjelög, trúbragðafjelög o. s. frv.
c. Fjelög, sem að vísu reka atvinnu, en verja öllum ágóða af starfsemi sinni beinlínis til almenningsheilla samkvæmt samþyktum sínum.

III. Sjóðir og stofnanir.

Undanþegnir eru þó útsvarskyldu:
a. Ríkissjóður og aðrir sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, svo sem Ræktunarsjóður, Söfnunarsjóður, Thorkilliisjóður, o. s. frv. Um útsvör annara ríkisstofnana fer eftir lögum nr. 47, 4. júní 1924.
b. Sjóðir og stofnanir sem enga atvinnu reka.
c. Sjóðir og stofnanir, sem verja tekjum sínum samkvæmt skipulagsskrá sinni beinlínis til almennings heilla.
d. Landsbanki Íslands og útibú hans.
e. Sparisjóðir.

IV. Bú, er skiftameðferð sæta og tekjur hafa.

B. Aðiljar heimilisfastir erlendis:

1. Þeir, er verið hafa á gjaldárinu sjómenn á skipi skrásettu hjer á landi eða gerðu út hjeðan 3 mánuði á gjaldárinu eða lengur eða hafa stundað hjer atvinnu eða dvalist hjer ekki skemri tíma.
2. Þeir, er reka hjer atvinnu í landi eða landhelgi á gjaldárinu, svo sem verslun, sjávarútveg, fiskverkun, eða hafa hjer laxveiði til atvinnu eða laxár á leigu, afnot af jörð, eiga hjer eignir, er arð gefa o. s. frv.
3. Erlend tryggingarfjelög.

7. gr.

Nú hefir aðili dvalist hjer svo lengi að hann verður útsvarsskyldur (6. gr. A. I niðurl. og B. 1) og skal þá leggja á hann útsvar hlutfallslega eftir dvalartíma hans. Ef aðili stundar hjer atvinnu (6. gr. B. 1) eða rekur hjer atvinnu eða á hjer eignir (6. gr. B. 2), þá skal einungis leggja á þá atvinnu, er hann hafði hjer á landi á gjaldárinu og eignir hans hjer og tekjur af þeim.

Útsvör erlendra tryggingarfjelaga skal miða við skattskyldar tekjur þeirra hjer á landi á útsvarsárinu og iðgjöld þessa árs af tryggingum, er þeir hafa tekist á hendur fyrir milligöngu umboðsmanna sinna hjer.

III. KAFLI.

Hvar leggja skal á gjaldþegn hvern og hvaða sveit fær útsvar hans.

8. gr.

Þar skal leggja útsvar á gjaldþegn sem hann hafði heimilisfang vitanlega eða samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun. Nú á aðili hvergi heimilisfang, og skal þá leggja á hann þar sem hann dvelst, þegar niðurjöfnun fer fram. Nú er heimilislaus maður skráður á skip, sem hjer á heimili eða hjeðan er gert út, og skal þá leggja útsvar á hann í heimilissveit skipseiganda, ef hann gerir skip út, en ella í heimilissveit útgerðarmanns.

Leggja skal samkvæmt 1. málsgr. á allar eignir manns og tekjur á útsvarsárinu, hvar sem þeirra er aflað, þó má leggja á gjaldþegn á fleiri stöðum en einum:

a. Ef hann hefir heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.
b. Ef hann er erlendis búsettur og rekur atvinnu hjer á landi á einum stað eða fleirum, eða stundar hjer atvinnu eða dvelst hjer á gjaldárinu. Á hverjum stað má þó að eins leggja á þær eignir, sem þar eru, og þær tekjur, sem þaðan eru fengnar eða í hlutfalli við dvöl þar.
c. Ef maður hefir lögheimili á fleirum stöðum en einum. Aðili á þó heimtingu á því að hann verði feldur af útsvarsskrá á öðrum staðnum jafnskjótt sem hann sannar, að á hann hafi verið lagt á hinum, enda hafi hann eigi krafist þess, að hann yrði þar einnig feldur af skrá.
d. Þar skal leggja á erlend tryggingarfjelög sem aðalumboðsmaður þeirra hjer á landi er heimilisfastur.

9. gr.

Þar í sveit skal útsvar gjalda, sem það var á lagt, enda á hún alt útsvarið. Þó skal skifta útsvari milli sveita:

1. Ef aðili rekur atvinnu í fleirum sveitum en einni, enda taki fyrirmæli 8. gr. a. og b. liðar eigi til, og sje atvinnan ekki skemur rekin en 8 vikur. Þó skal skifta útsvari, ef rekin hefir verið selveiði, hvalveiði, síldarkaup, síldarsala, síldarverkun eða síldarbræðsla, verksmiðjuiðnaður hverskonar

sem hann 'er, leiguliðaafnot af landi, þótt ekki fylgi ábúð, ábúð á jörð eða jarðarhluta, laxveiði, lóðarafnot, ef þau gefa arð, enda þótt skemur sje rekið, svo og ef skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda að minsta kosti samtals 4 vikur af gjaldárinu.

2. Ef maður stundar atvinnu utan heimilissveitar sinnar að minsta kosti samtals 3 mánuði á gjaldárinu í sömu sveit og hefir fengið kaup að minsta kosti 2000 kr., þar með talið fæði og önnur hlunnindi, er hann kann að hafa haft, reiknuð eins og skattanefnd í þeirri sveit telur þau til tekjuskatts.
3. Ef gjaldþegn flyst búferlum milli sveita eða á samtímis lögheimili í tveimur sveitum á gjaldárinu, en þó fær engin sveit hluta af útsvari, nema aðili hafi að minsta kosti átt þar heima 3 mánuði á gjaldárinu.

10. gr.

Nú skal skifta útsvari eftir 9. gr. 1. tölul., og skal það þá gera með hliðsjón til eigna aðilja í atvinnusveit hans og hversu mikill hluti tekna hans sje þaðan fenginn. Ef svo er ástatt sem í 9. gr. 2. tölul. getur, þá skal skifta útsvari með hliðsjón af því, hversu mikill hluti af tekjum gjaldþegns stafar frá atvinnu hans í atvinnusveit. Þó skal heimilissveit aðilja aldrei fá minna en $^1/_3$ hluta af útsvari hans.

Þegar svo er farið sem í 9. gr. 3. tölul. segir, skal skifta útsvari í hlutfalli við þann tíma, er aðili hefir átt heima eða dvalist í hvorri eða hverri sveit.

11. gr.

Öllum þeim, er í 9. gr. segir, er skylt að senda sveitarstjórn í atvinnusveit eða dvalarsveit skýrslu um atvinnu sína þar eða dvöl, eignir sínar þar og tekjur, atvinnutíma og dvalartíma o. s. frv. áður en þeir hverfa aftur úr atvinnusveitinni.

Öllum þeim, er hafa í þjónustu sinni utansveitarmenn, er skylt að senda sveitarstjórn sinni fyrir hver áramót skrá yfir þá með þeim upplýsingum, er í 1. málsgr. getur. Atvinnumálaráðherra getur lagt dagsektir við, ef á brestur.

Atvinnumálaráðherra setur reglur um eyðublöð undir skýrslur þessar og annað er að þessum atriðum lýtur, enda er honum heimilt að setja reglur um dagsektir, ef brestur verður á skýrslum.

12. gr.

Ef útsvör verða talin hlutfallslega hærri, svo að nemi 10% eða meira, í heimilissveit gjaldþegns en atvinnusveit og útsvörum á að skifta milli þeirra, skal draga frá þeim hluta útsvara, er gjalda skal atvinnusveit þá upphæð, sem ætla má, að aðili mundi minna hafa goldið, ef hann hefði átt heima í atvinnusveit, enda skal heimilissveit hans endurgjalda honum þá upphæð. Með samsvarandi hætti skal bæta við þann hluta, er greiða skal atvinnusveit, ef út-

svör þar verða talin hlutfallslega hærri, svo að 10% eða meira nemi, en í atvinnusveit, enda greiði aðili þá heimilissveit það, er á vantar. Sömu meðferð skal hafa, ef gjaldþegn flytst búferlum milli sveita eða á lögheimili víðar en í einni sveit.

Finna skal, hvort útsvör verði talin hlutfallslega hærri eða lægri í einni sveit en annari, með því að leggja saman í hvorri sveit eða hverri hlutfallið milli skuldlausra eigna gjaldþegna sveitarinnar eftir síðasta skattframtali og útsvara þar, hlutfallið milli skattskyldra tekna þeirra og útsvara og hlutfallið milli gjaldendatölu sveitarinnar og útsvara og deila síðan með 3. Skera þær tölur, er þá koma fram, úr því, í hvorri sveit eða hverri sje hlutfallslega hærra eða hæst útsvar.

Atvinnumálaráðuneytið getur sett reglur til leiðbeiningar um þetta atriði og er heimilt, ef það kemur í ljós, að fyrstnefnda hlutfallsins gætir of mikið, að draga úr gildi þess, með því að deila tekjum samkvæmt skattframtali með tölu, er telst hæfileg, þó ekki hærri en 10.

13. gr.

Útsvar, sem ekki nemur meiru en 20 krónum, fellur altaf óskift til heimilissveitar gjaldþegns.

Ef upphæð sú, er greiða skyldi af einstöku útsvari, nemur ekki 5 krónum, þá fellur útsvar það óskift til heimilissveitar gjaldþegns.

14. gr.

Sveitarstjórn gerir um hver áramót skrár yfir þá gjaldþegna, er hún hyggur sig eiga að fá hluta af útsvörum þeirra frá annari sveit, ásamt upplýsingum um atvinnu hvers, kaup, tekjur og eignir þar í sveit, vinnutíma og dvalartíma o. s. frv. Sendir sveitarstjórn síðan skrárnar til viðkomandi sveitarstjórna. Sveitarstjórnir senda hver sína skrá að lokinni aðalniðurjöfnun til viðkomandi yfirskattanefndar með athugasemdum sínum, og skiftir hún síðan útsvörum innan tveggja mánaða, nema skifti verði að dragast lengur vegna nýrra upplýsinga.

Skjóta má þessum málum til atvinnumálaráðuneytisins, þar til landsyfirskattanefnd kynni að verða sett á stofn.

15. gr.

Sveit, þar sem á aðilja er lagt, greiðir atvinnusveit þann hluta af útsvörum, er henni ber, 2 mánuðum eftir að skifti á útsvörum hafa farið fram samkvæmt 14. gr. 1. málsgr., nema sannað sje með árangurslausu lögtaki eða með öðrum hætti, er atvinnumálaráðherra metur, ef ágreiningur verður, að útsvar sje ófáanlegt. Ef útsvar heimtist síðar, skal það af því gjalda, er eftir stóð.

IV. KAFLI.

Um niðurjöfnun útsvara.

16. gr.

Utan kaupstaða jafnar hreppsnefnd niður útsvörum. Skal hún kveðja til með sjer einn mann úr skattanefnd hreppsins, og er honum skylt að jafna niður útsvörum og úrskurða kærur með nefndinni, enda á hann atkvæði um mál þau öll, sem hreppsnefndarmenn. Hafa skal hann 8 króna þóknun úr hreppssjóði dag hvern eða hluta úr degi, er hann starfar að þessum málum með hreppsnefnd. Óskylt er sama manni að hafa starfann á hendi í senn lengur en 2 ár og eigi þarf hann að taka við endurkjöri fyrr en liðin eru 2 ár frá því að hann gegndi starfanum síðast. Ef einhver skattanefndarmanna er fyrir í hreppsnefnd, þarf hún ekki að kveðja með sjer neinn úr skattanefnd.

Í hreppum með yfir 800 manns getur hreppsnefnd ákveðið sjer þóknun úr hreppssjóði fyrir niðurjöfnunarstarf sitt, er eigi fari fram úr 1 krónu fyrir gjaldanda hvern, sem á aðalskrá útsvara er tekinn.

17. gr.

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Formaður niðurjöfnunarnefndar í Reykjavík er skattstjóri, en í öðrum kaupstöðum formaður skattanefndar. Auk þess eiga sæti í nefndinni 4 menn kosnir hlutbundnum kosningum af bæjarstjórn í nóvembermánuði ár hvert til eins árs í senn. Með sama hætti skal kjósa 4 til vara, er taki sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórna. Skylt er hverjum manni sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára, heilum og hraustum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskylt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri fyr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni. Konur geta skorast undan kjöri.

Áður en niðurjöfnunarmaður tekur fyrsta skifti til starfa í nefndinni, vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og samviskusemi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

18. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skal eiga aðgang að framtölum manna til tekjuskatts og eignarskatts. Einnig er henni rjett að krefja aðilja skýrslna um sjerhvað það, er hún telur skifta máli um útsvar hans.

Alla þá, er veita öðrum atvinnu, svo og banka og sparisjóði, getur nefndin krafið skýrslna um kaup vinnuþiggjenda og innieign í sparisjóði eða banka. Stjórnarvöldum er skylt að veita nefndunum upplýsingar eftir þörfum og eftir föngum. Nú er skýrslu samkvæmt þessari málsgrein haldið fyrir nefndinni, og skal þá atvinnumálaráðherra, ef nefndin krefst þess, leggja fyrir aðilja, að viðlögðum dagsektum, að svara skýrslunni, ef ráðuneytið telur hann geta það og vera það skylt. Þessi atriði verða ekki borin undir dómstóla.

Nefnd er skylt að halda því leyndu fyrir öllum óviðkomandi mönnum, er hún kemst að í starfi sínu um hagi manna.

19. gr.

Nefndin gjörir skrá yfir alla þá, er hún leggur útsvör á, í stafrófsröð eða eftir boðleið og útsvarshæð fyrir aftan hvert nafn, enda skal nefndin undirrita skrána, þá er henni er lokið.

20. gr.

Niðurjöfnunarnefnd er ályktunarfær, ef meir en helmingur nefndarmanna er á fundi. Skylt er öllum nefndarmönnum að greiða atkvæði, nema mál varði sjálfa þá, maka þeirra, frændur þeirra að feðgatali eða niðja eða systkin og jafnnána að mægðum. Afl atkvæða ræður úrslitum. Nú eru atkvæði jöfn, og skal þá sá hlutinn ráða, sem formaður fylgir.

Hjón mega aldrei sitja saman í niðurjöfnunarnefnd nje foreldrar og börn.

21. gr.

Aðalniðurjöfnun útsvara fer fram á tímabilinu febrúar-maí, að báðum mánuðum meðtöldum, eftir nánari ákvörðun sýslunefnda og bæjarstjórna. Útsvarsskrá skal liggja frammi á þingstað hrepps eða öðrum hentugum stað í hreppnum, en í kaupstöðum á skrifstofu bæjargjaldkera eða öðrum hentugum stað, 4 vikur í hreppum og 2 vikur í kaupstöðum, enda skal auglýsa framlagningu skrár í blöðum á staðnum eða með öðrum hætti.

22. gr.

Rjett er manni að finna að útsvari sínu eða að því, ef honum hefir verið slept af skrá, eða að útsvör annara manna sjeu of lág samanborið við hans, eða að öðrum mönnum hafi verið slept af skrá. Kærur skulu brjeflegar vera og stílaðar til niðurjöfnunarnefndar. Skal nefndin úrskurða kærur svo fljótt sem unt er og ekki síðar en 14 dögum eftir kærufrest. Nefnd er heimilt að breyta útsvörum bæði til hækkunar og lækkunar, enda hafi aðilja verið send tikynning um það, að annar gjaldandi hafi borið sig saman við hann, eða að nefndin hafi í hyggju að hækka útsvar hans, enda þótt enginn gjaldenda hafi borið sig saman við hann. Ennfremur er heimilt að hækka útsvar kæranda, enda þótt hann hafi kært það til lækkunar, án þess að honum sje sú fyrirætlun tilkynt.

Nefndin skal jafnan svo fljótt sem þess er kostur senda aðilja tilkynningu, ef hún tekur mann á skrá samkvæmt kæru eða breytir útsvari manns eða kæru hans er ekki sint.

Ef útsvari manns er breytt samkvæmt þessari grein, er honum heimilt að kæra það fyrir yfirskattanefnd, enda þótt hann hafi ekki kært til hreppsnefndar eða niðurjöfnunarnefndar.

23. gr.

Nú vill maður ekki una úrskurði niðurjöfnunarnefndar, og er honum þá rjett að bera málið til úrskurðar fyrir viðkomandi yfirskattanefnd, enda sje kæra komin í hendur formanns yfirskattanefndar áður liðnar sje 4 vikur frá dagsetningu úrskurðar í hreppum og 2 vikur í kaupstöðum. Yfirskattanefnd úrskurðar kærur á næstu tveim vikum frá lokum kærufrests talið, nema draga verði úrskurð af því að afla þurfi frekari upplýsinga. Niðurjöfnunarnefnd lætur yfirskattanefnd í tje útsvarsskrá eða eftirrit af henni. Fyrirmæli 18. og 22. gr. taka og til yfirskattanefndar, enda er hreppsnefnd og niðurjöfnunarnefnd skylt að veita yfirskattanefnd upplýsingar um útsvarsálagningu sína eftir föngum.

Yfirskattanefnd fær þóknun fyrir störf sín samkvæmt þessum lögum, og skal reikna hana eftir lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þóknun greiðist úr sýslusjóði eða bæjarsjóði.

Ef ágreiningur verður um þóknun yfirskattanefndar, þá sker atvinnumálaráðherra úr.

24. gr.

Sá, er ekki vill hlíta úrskurði yfirskattanefndar, getur næstu 2 almanaksmánuði eftir dagsetning úrskurðar hennar skotið honum til atvinnumálaráðuneytisins, þar til sett kynni að verða á stofn landsyfirskattanefnd. Ráðuneytið skal venjulega hafa kveðið upp úrskurð sinn 2 mánuðum eptir lok kærufrests. Það hefir sama rjett til að krefjast upplýsinga sem yfiskattanefnd, en það breytir ekki útsvörum annara gjaldþegna en þeirra, sem yfirskattanefnd hefir kveðið upp úrskurð um útsvör þeirra.

Úrskurður ráðuneytisins er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

25. gr.

Aukaniðurjöfnun fer fram í lok júní, september og desember ár hvert. Sveitarstjórn getur vikið frá þessum ákvæðum eftir þörfum. Þá skal leggja útsvör á þá:

1. Er teknir skyldu hafa verið á aðalskrá, en hefir verið slept.
2. Er útsvarsskyldir hafa orðið síðan aðalniðurjöfnun fór fram og leggja skal á í þeim hreppi eða kaupstað.
3. Er flutst hafa búferlum á gjaldárinu, en eigi var lagt á þá útsvar í fyrri heimilissveit þeirra.

Skrá skal gera með sama hætti sem aðalskrá. Um framlagning hennar, kærur og úrskurði fer með sama hætti sem fyr segir um aðalniðurjöfnun.

26. gr.

Kærum, sem koma eftir kærufrest, verður ekki sint. Ekki má yfirskattanefnd eða atvinnumálaráðuneyti heldur breyta útsvari, nema svo reynist að það hafi verið að minsta kosti 10% ofhátt eða oflágt.

V. KAFLI.

Um gjalddaga útsvara, ábyrgð á þeim, innheimtu o. fl.

27. gr.

Gjalddagi útsvara eftir aðalniðurjöfnun í hreppum er 15. júlí. Í kaupstöðum skal greiða annan helming útsvara 1. virkan dag næsta mánaðar eftir lok niðurjöfnunar, en hinn helminginn 1. september.

Eindagi útsvara eftir aukaniðurjöfnun fer eftir ákvörðun niðurjöfnunarnefndar, en má þó ekki síðar vera en 1. október, ef útsvar var lagt á fyrir þann dag, en ella ekki síðar en 31. desember.

Eindagi á öllu útsvari erlendis búsettra gjaldþegna (6. gr. B, 1—3) skal ávalt vera sá dagur, er útsvarsálagningu á þá er hverju sinni lokið.

28. gr.

Hjón ábyrgjast ekki hvort annars útsvar. Þó ábyrgist bóndi útsvar konu sinnar, er á hana var lagt áður en þau gengu að eigast. Ennfremur getur niðurjöfnunarnefnd kveðið svo á, að hjón skuli ábyrgjast annað fyrir bæði og bæði fyrir annað hvort annars útsvar, ef reynt hefir verið lögtak fyrir síðasta útsvari hjá því þeirra, er það var á lagt, án þess að það hafi að fullu verið goldið, enda búi hjón saman þegar niðurjöfnun fer fram.

29. gr.

Umboðsmaður erlends tryggingarfjelags ber ábyrgð á útsvari þess, eins og það væri sjálfs hans útsvar.

Atvinnuveitandi þeirra, er í 6. gr. B. 1. getur, ábyrgist sem sjálfs síns skuld útsvar slíkra manna, án tillits til þess hvernig kaupgjaldi er varið, og er atvinnuveitanda heimilt að halda eftir alt að 10% af því kaupi, er hann geldur, enda sje honum tilkynt álagningin svo fljótt sem unt er.

Eignir erlendis búsetts atvinnurekanda, þær, er hann á hjer á landi, skulu vera að lögveði til tryggingar útsvari, sem lagt er á hann hjer á landi, næst á eftir sköttum, er á þeim kunna að hvíla til ríkissjóðs Íslands, enda má kyrsetja þær til tryggingar útsvarsgreiðslum, án þess að beiðandi þurfi að setja tryggingu, og halda kyrsetningarmáli til laga fyrir gestarjetti á kyrsetningarvarnarþingi.

30. gr.

Ef útsvar er ekki greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldþegn greiða hreppssjóði eða bæjarsjóði dráttarvöxtu af því, sem ógreitt er, 1% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

31. gr.

Útsvör og dráttarvöxtu má taka lögtaki.

VI. KAFLI.

Ákvæði til bráðabirgða. Niðurlagsákvæði.

32. gr.

Tímabilið frá fardögum 1926 til ársloka 1927 telst eitt reikningsár.

Utan kaupstaða gerir hreppsnefnd áætlun samkvæmt 2. gr. fyrir reikningsárið frá fardögum 1926 til ársloka 1927 í októbermánuði 1926, enda er henni þá rjett að jafna niður, með gjalddaga 31. desember næsta á eftir, þeim hluta af ákveðinni útsvarsupphæð, er hún telur þurfa til greiðslu hreppsgjalda, þar til útsvör, sem jafnað verður niður með aðalniðurjöfnun 1927, taka að gjaldast.

Ef útsvör áætlunar þeirrar, sem gerð er í október 1926, þurfa að vera hærri en samtala útsvara hreppsins þrjú síðustu reikningsárin að fimtungi viðbættum og deilt með 2, þá þarf samþykki sýslunefndar.

33. gr.

Í kaupstöðum, þar sem aðalniðurjöfnun útsvara skal lúka fyrir nóvembermánaðarlok eftir gildandi lögum, má jafna niður fyrir næsta nýár $^1/_3$ af upphæð útsvara kaupstaðarins, svo sem þau hafa verið ákveðin í áætlun hans fyrir 1927, enda sje gjalddagi 31. desember 1926.

34. gr.

Um kærur yfir útsvörum, sem lögð hafa verið á árið 1926, fer eftir eldri lögum.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927. Frá sama tíma eru úr gildi numin þessi lagafyrirmæli:

Tilsk. 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 18. gr. 2. og 3. málsgr., 19. gr. 1. málsl., 21. gr., 23. gr. 2.—5. málsgr. og 24. gr.

Lög nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, 18. gr., 21. gr., það sem enn er af henni í gildi, 22. og 23. gr.

Lög nr. 43, 10. nóv. 1905 (sveitarstjórnarlög) 35. gr., 37. gr. 2. málsgr. og 38.—44. gr.

Lög nr. 75, 22, nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 19. og 21.—24. gr.

Lög nr. 48, 10. nóv. 1913, um breyting og viðauka við lög. 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 2. og 3. gr.

Lög nr. 49, 30. nóv. 1914, um breyting á tilsk. 20. apr. 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 6. og 9. gr.

Lög nr. 65, 14. nóv. 1917, um breytingu á lögum nr. 22. 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, og lögum nr. 43, 11. júlí 1911, um breyting á þeim lögum, 10.– 12. gr.

Lög nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 18. gr. 1. og 2. málsgr. 19.—22. gr. og 23. gr., að því leyti sem hún varðar útsvör.

Lög nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 20. gr. 1.—2. málsgr., 21.—24. gr, og 25. gr., að því leyti sem hún varðar útsvör.

Lög nr. 58, 28. nóv. 1919, um breytingu á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 18.—24. gr.

Lög nr. 61, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 15. og 17.—21. gr.

Lög nr. 47, 27. júní 1921, um breytingu á lögum nr. 67. 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Lög nr. 49, 27. júní 1921, um viðauka við og breytigar á logum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði, 2. gr.

Lög nr. 65, 27. júní 1921, um breyting á lögum nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Lög nr. 25, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Lög nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905, 1. gr.

Lög nr. 26, 4. júní 1924, um viðauka við lög nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Lög nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, 1. og 12. gr., að því leyti sem þær verða útsvör, og 7.—11. gr.

Lög nr. 46, 4. júní 1914, um útsvarsálagningu erlendra vátryggingarfjelaga.

Svo og öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á alþingi síðasta var borin upp í n. d. tillaga til þingsályktunar um að skora á atvinnumálaráðherra að skipa 5 manna nefnd »til að íhuga sveitarstjórnar,- bæjarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins«. (Alþtíð. 1925 A. þsk. 199). Tillaga þessi var samþykt í n. d., en í e. d. varð það að ráði, að vísa málum þessum til stjórnarinnar, og bjet hún því að undirbúa lagasmíð um 2 atriði, er til mála þessara teljast: Um aukaútsvör og kosningar í bæjar- og sveitamálefnum. Má nú hjer sjá annað þessara frumvarpa. Það má telja mikla nauðsyn á því að samræma löggjöf landsins um útsvör. Um þau eru nú ákvæði í sveitarstjórnarlögum nr. 43, 10. nóv. 1905 með breytingum í lögum nr. 29, 19. júní 1922, og lögum nr. 26, 4. júní 1924, og í hvorki meira nje minna en í lögum 7 kaupstaða. Og lagaákvæði ýmsra kaupstaðanna eru ekki í einu lagi, heldur í mörgum bútum, enda víða erfitt að átta sig á því, hvað ennþá gildir og hvað er úr gildi numið. Loks eru ákvæðin í ýmsu hvert öðru frábrugðin. Í Reykjavík gilda t. d. í verulegum atriðum aðrar reglur en í hinum kaupstöðunum. Í sveitum gilda aðrar reglur en í kaupstöðum o. s. frv. Samræming og bálkun útsvarslöggjafarinnar virðist því vera mjög mikið nauðsynjamál.

Um I. kafla.

Hjer eru tekin almenn ákvæði og skal um hverja grein athugað:

Um 1. gr.

Orðaskýringarnar eru til hægðarauka, til þess að forðast endurtekningar og skýringar á sömu hugtökunum í lagatextanum.

Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er almanaksárið nú reikningsár allra kaupstaðanna, tilsk. 20. apríl 1872, 18. gr. 3. málsgr. (Reykjavík, skammst.: Rv.), lög nr. 22, 8. okt. 1883, 18. gr. (Akureyri skammst.: Ak.), lög nr. 75, 22. nóv. 1907 19. gr. (Hafnarfjörður, skammst.: Hf.), lög nr. 67, 14. nóv. 1917 18. gr. (Ísafjörður, skammst.: Ísf.), lög nr. 26, 22. nóv. 1918 20. gr. (Vestmannaeyjar, skammst.: Vm.), lög nr. 58, 28. nóv. 1919 18. gr. (Siglufjörður, skammst.: Siglf.), og lög nr. 61, s. d. 15. gr. (Seyðisfjörður, skammst.: Seyðf.). Utan kaupstaða er fardagaárið enn reikningsár, sveitarstjórnarlög, (skammst.: svstjl.), nr. 43, 10. nóv. 1905, 35. gr. Það virðist vel mega breyta þessu þannig, að reikningsár hreppa verði einnig hjer eftir almanaksárið, enda eru margar sveitarstjórnir því eindregið meðmæltar. Og upp á þessari breytingu er stungið í frumvarpi þeirra Þórarins Jónssonar og Jóns Sigurðssonar 1925. (Alþt. A. þsk. 53), enda sagt þar, að þessi breyting sje orðin almenn ósk.

2. málsgr. sbr. 4. málsgr. er í öllu verulegu samkvæm núgildandi lögum, Ak. 18. gr., Hf. 18. gr., Rv. lög nr. 49, 30. nóv. 1914 6. gr., Ísf. 18. gr., Vm. 20. gr., Siglf. 18. gr. og Seyðf. 15. gr.

3. málsgr., samanber 4. málsgr., sjá lög nr. 29, 19. júní 1922 1. gr. 1. málsgr. Breytingin stafar af því, að í frv. er stungið upp á öðrum niðurjöfnunartíma og honum ekki í fastákveðnum mánuði, sjá 21. gr. frv.

Um 3. gr.

Um 1. málsgr. má vísa til áðurnefndra kaupstaðarlaga, sbr. Rv. tilsk. 1872, 19. gr., Ak. 1883, 18. gr. 3. málsgr., Hf. 19. gr. 3. málsgr., Ísf. 18. gr. 2. málsgr., Vm. 20. gr. 2. málsgr., Siglf. 18. gr. 2. málsgr. og Seyðf. 15. gr. 2. málsgr. Það þykir rjett, að ákvæðið um útsvarshæðina í heild taki einnig til hreppa, enda skuli þar leita til sýslunefndar um samþykki, sbr. svstjl. 53. gr. 1. tl.

Um 2. málsgr. skal það athugað, að það verður undir ákvörðun sveitarstjórnar og sýslunefndar og atvinnumálaráðherra komið, hvort jafna skuli niður viðbótarútsvörum eftir þessari málsgr. eða tekið lán til að standast gjöld þau, sem áður á lögð útsvör hafa ekki hrokkið til að greiða. sbr. Rv. 1872, 18. gr. 2. málsgr.

Um II. kafla.

Hjer er safnað fyrirmælunum um útsvarsskyldu, hverir skuli yfir höfuð vera útsvarsskyldir *hjer á landi.* Í III. kafla segir þar á móti, *hvar í sveit* leggja skuli á hvern gjaldþegn og hvaða sveit skuli útsvar hans fá eða hluta af því. Ef frv. þetta verður að lögum, þá gilda ein lög um land alt um útsvarsskyldu, og fyrirmælin um hana verða öll á einn stað komin.

Um 4. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skal nú leggja á útsvar eftir *efnum* gjaldþegna *og ástæðum*. Þessari reglu er alment haldið í frv. þessu. Hún er gamalreynd og hefir yfirleitt reynst vel. Það þykir því eigi ástæða til að víkja frá henni, enda verður nú auðveldara að framkvæma hana en áður var, utan Reykjavíkur, því að hjer er ætlast til þess, að niðurjöfnunarnefndir hafi aðgang að skattframtölum manna og aðstoð manna þeim kunnugum, sjá 18. gr. frv. Þau atriði, er efni manna varða og ástæður, verða auðvitað aldrei talin til hlítar Hjer eru talin ýms helstu atriði, er það mál varða, og ætti nefndunum að verða fremur stoð að því.

Um 5. gr.

Er nauðsynlegt ákvæði til þess að varna því, að gjaldþegnar leyni niðurjöfnunarnefnd atriðum, er máli skifta.

Um 6. gr.

Hjer eru aðalreglurnar um útsvarsskyldu. Í A. eru taldir innlendir gjaldþegnar, og í I. lið þar undir einstaklingar. Það er ætlast til, að 5 krónur verði lægsta útsvar, sem nokkrum manni verður gert að greiða. Eins og peningaverði er farið, þá virðist lægra útsvar varla svara kostnaði. Að öðru leyti er upphaf þessa liðar samkvæmt gildandi reglum. Eftir þeim eru engir, hvorki ungir nje gamlir, undanþegnir útsvari, en þeim ákvæðum hefir verið beitt svo, að ekki hefir verið lagt á börn og unglinga eða gamalmenni, nema alveg sjerstaklega standi á, þau hafi átt eignir og haft tekjur þar af. 3. mánaða vist á landinu hefir líka alment verið útsvarsskilyrði, því að 3 mánaða vist hefir skemsta þurft til útsvarsskyldu í sveit, sbr. lög nr. 29. 1922 1. gr. (hreppar), lög nr. 25 s. á. (Hf.), lög nr. 36, 1924 7. gr. (Rv.), Ak. lög nr. 65, 1917 10. gr. 1. málsgr. Íf. 1917, 19. gr. 1. málsgr. Vm. 1918, 21. gr. 1. málsgr., Siglf. 1919, 19. gr. 1. málsgr. og Seyðf. 1919, 17. gr. 1. málsgr.

Undantekningarnar í I. a—c eru samkvæmar núverandi framkvæmd laga um útsvör. Um c-lið athugast þó, að 1. tilvikið um hjúskapareign er vitanlega nýtt, af því að það hugtak er óþekt fyrr en í lögum nr. 20, 20. júní 1923.

Í II. tölul. eru fjelög talin. Það er aðalregla, að þau sje útsvarsskyld. En það er hjer sjerstök ástæða til að taka niðurjöfnunarnefnd vara fyrir að leggja tvisvar á sömu eign og sömu tekjur, svo framarlega sem aðiljar gera glöggva grein fyrir þessum atriðum.

Ákvæðin um samvinnufjelög í II. 2 eru samkvæm lögum nr. 36, 1921 38. gr. 2. tölul., nema að því, að niðurjöfnunarnefnd áætlar fjelagi tekjur af viðskiftum við utanfjelagsmenn, ef þess verður þörf, og það virðist hún geta nú, er hún hefir aðgang að skattaframtölum gjaldþegna.

Fjelög undanþegin útsvarsskyldu með lögum eru nú h. f. Íslandsbanki, lög nr. 66, 1905 12. gr., og Eimskipafjelag Íslands, lög nr. 43, 4. júní 1924 2. gr.

Undanþágur í b. eru samkvæmar framkvæmd gildandi útsvarsákvæða.

Ákvæðin í III. eru og samkvæm framkvæmd gildandi ákvæða. Það þykir

rjett að láta gildandi fyrirmæli í lögum nr. 47, 1924 um útsvarsskyldu annara ríkisstofnana en sjóða þeirra, sem undir ríkisstjórninni eru, haldast.

Undantekningarnar í III. a—e eru sumar áður lögákveðnar (Landsbankinn) eða lögunum hefir verið svo beitt, að þeir sjóðir, sem þar greinir, hafa ekki borið útsvör. Ef sparisjóðir greiða stofnendum sínum engan arð, þá eru þeir nú venjulega útsvarsfrjálsir, en það virðist svo sem sparisjóðir ættu yfirhöfuð að vera útsvarsfrjálsir, eins og bankar þeir, sem nú eru, enda hefir löggjafinn viðurkent nytsemi sparisjóða svo vel sem á verður kosið.

Ákvæði IV. liðar eru líka í samræmi við framkvæmd gildandi laga.

Í B segir um útsvarsskyldu erlendis búsettra gjaldþegna. Reglan í 1. tölul. er í samræmi við 7. gr. laga nr. 36, 1924, þó með þeirri viðbót, að sjómenn á skipum, sem hjeðan eru gerð út, þótt þau sje ekki skrásett hjer, verða útsvarsskyldir. Á öðrum stað (í 9 gr.) segir, hvar skuli útsvar gjalda og hversu langur dvalartími vera skuli til þess að sveit eigi tilkall til útsvars. Og er þar einnig talinn skemsti tími, sem til atvinnurekstrar fer og orkar útsvarsskyldu. Ef atvinna hefir alstaðar verið skemur rekin en í 9 gr. segir, þá verður aðili hvergi útsvarsskyldur. »Að reka atvinnu« er haft um rekstur aðilja á fyrirtæki fyrir sinn reikning, en að »stunda atvinnu« merkir verknað, sem framkvæmdur er fyrir annan aðilja, fyrir atvinnurekanda t. d. 3. tölul. svarar til laga nr. 46, 4. júní 1924.

Um 7. gr.

1. málsgr. er samkvæm núgildandi reglum, eins og þeim er beitt, sbr. einkum lög nr. 36, 1924 7. gr. og lög nr. 29. 1922 1. gr.

2. málsgr. kveður skýrar á um útsvarsálagningu tryggingarfjelaga en gert er í lögum nr. 46, 1924. Hundraðshlutann ákveða þau stjórnarvöld, sem útsvörum ráða.

Um III. kafla.

Samkvæmt núgildandi lögum má leggja á aðilja útsvar, ef hann hefir haft fast aðsetur í sveit 3 mánuði á gjaldárinu. Með þeim hætti getur sami aðili orðið skyldur að greiða útsvar sama árið vegna dvalar sinnar í sveit á 3 eða jafnvel 4 stöðum. Og engin takmörk eru fyrir því, hversu víða sami aðili eigi sama ár að greiða útsvar af atvinnurekstri sínum, sbr. lög 29, 1922 1. gr. (sveitir) og lög 36, 1924 7. gr. (Rv.), lög nr. 65, 1917 10. gr. (Ak.), lög nr. 67, 1917 19. gr. (Ísf.), lög nr. 26, 1918 12. gr. (Vm.), lög nr. 58, 1919 19. gr. (Sigluf.), lög 61, 1919 17. gr. (Seyðf.) og lög nr. 25, 1922 (Hf.). Það verður oft alls eigi unt að taka fult tillit til allra þeirra útsvara, sem aðilja er gert að greiða utan heimilissveitar sinnar, þegar þar er lagt á hann útsvar, því að útsvar atvinnusveitar getur vel verið hærra en útsvar heimilissveitar og hefir oft verið það. Auk þess er oft undan því kvartað, að stjórnarvöld geri utansveitarmönnum mjög harðleikið um útsvarsálagningu, enda stoði þeim lítt að bera kærumál sín undir sýslunefndir eða bæjarstjórnir, síst utansýslumönnum. Hjer er því tekin upp sú meginregla, *að útsvar sje einungis lagt á gjaldþegn hvern á einum stað, í heimilissveit hans*, og þar skal leggja á allar eignir hans, hvar sem þær eru, og allar tekjur hans,

hvar sem þeirra er aflað. Þetta er aðalreglan um aðilja, sem ekki eiga erlendis heimili. Um erlendis búsetta aðilja verður þar á móti að sitja við það ástand, sem nú er. Annað mundi varla verða framkvæmanlegt.

Um 8. gr.

Auk þess, sem tekið er fram um þenna kafla má hjer geta þess, að undantekningin í a-lið er af hallkvæmisástæðum gerð. Kunnugleiki niðurjöfnunarnefndar á heimilisfastri atvinnustofnun þar á staðnum mun venjulega vera meiri en nefndarinnar í heimilissveit aðilja. Hinsvegar er einsætt, að sú nefnd má þá ekki leggja á þær eignir og tekjur, sem annarsstaðar hefir verið lagt á. Aftur á móti er það eitt aðriði í efnum aðilja og ástæðum, hvort hátt eða lágt útsvar er lagt á hann í atvinnusveit. C-liður er eiginlega ekki til hlítar undantekning frá aðalreglunni, því að aðili getur látið fella sig af skrá í annari hvorri sveitinni. D-liður er einskonar viðauki við b-lið, og er í samræmi við lög nr. 46, 1924.

Um 9. gr.

Það er auðvitað aðalreglan, að sveit eigi að taka útsvar, þar sem það var á lagt. En gera verður þó undantekningar þar frá. Og taka þær undantekningar til sömu tilvika sem heimila eftir gildandi lögum atvinnusveit eða dvalarsveit, að leggja útsvar á utansveitaraðilja, þegar frá er talið tilvikið eftir 8. gr. a-lið. Og nýmælin eru 2000 kr. takmörkun í 2. tölul. Er það álitamál, hversu hátt kaupið skuli vera til þess að útsvari skuli skifta, og mun þar um sitt sýnast hverjum.

Um 10. gr.

Það virðist einsætt, að taka skuli til greina sem best verður samband aðilja við atvinnusveit sína, þegar skifta skal útsvörum, eins og það atriði skal nú til greina tekið, þegar hún leggur útsvör á utansveitarmenn. Með því að heimilissveit aðilja hefir venjulega ríkastar skyldur við hann, þá er stungið upp á því, að hún fái alt af að minsta kosti þriðjunginn af útsvari hans. Það er vitanlega álitamál, hvaða tölu skuli hjer taka. Annars verður skiftingin vitanlega einatt mikið sanngirnisatriði og álitamál.

Um 11. gr.

Er óhjákvæmileg til þess að atvinnusveit geti haft nauðsynlegt eftirlit með því, að heimilissveit gjaldþegna greiði frá sjer þann hluta útsvara, er henni ber skylda til að gjalda.

Um 12. og 13. gr.

Nú er lagt á utansveitarmenn, að minsta kosti sumstaðar, einungis með hliðsjón af þörfum atvinnusveitar og með samanburði á útsvörum annara gjaldanda þar í sveit. En eftir frv. hlýtur heimilissveit aðilja að leggja á hvern gjaldþegn sinn einungis með sínar þarfir og sitt ástand fyrir augum. Af þessu leiðir það, að atvinnusveitin getur borið skarðan hlut frá borði, ef útsvör í heimilis-

sveit eru tiltölulega miklu lægri en í atvinnusveit. Ennfremur getur það orðið mönnum hvöt til að flytja sig búferlum úr atvinnusveit sinni, ef þeir finna heimili í nágrannasveit, þar sem lægri eru útsvör. Og gæti slíkt jafnvel orðið sumum sveitum hættulegt. Hinsvegar er eigi ástæða til að láta heimilissveit græða á því eða tapa, hvernig útsvörum er annarsstaðar háttað. Báðar eiga að vera svo skaðlitlar sem unt er af skiftingu útsvara, og atvinnusveit þess vegna, af því að hún fær ekki að leggja á aðilja. Það þykir þó ekki ástæða til að skifta hverju útsvari, hversu lítið sem það er eða hversu lítill sem sá hluti er, sem atvinnusveit ætti að fá af því. En um takmörkin má auðvitað deila. Ekki þykir heldur ástæða til að skifta útsvari milli sveita, hverju smáræði, sem það nemur. Ekki virðist heldur eiga að leggja við eða draga frá útsvari, sem atvinnusveit er greitt, nema að minsta kosti megi telja 10% mun á útsvörum atvinnusveitar og heimilissveitar. Því er sett sú takmörkun:

Að ekki skal við bæta eða draga frá, ef ætla má, að aðili hefði ekki fengið 10% hærra útsvar eða lægra, ef hann hefði átt heima í atvinnusveit.

Nú eru útsvör lögð á eftir efnum og ástæðum. Viðbót vegna hærri útsvara í atvinnusveit eða frádráttur vegna lægri útsvara þar verður því eigi gerður með fullri nákvæmni og yrði reyndar ef til vill aldrei gerður svo, hvernig sem álagningu væri hagað. Hjer verður því að reyna að finna notandi reglu. Það hefir þótt fara næst því rjetta, að reikna eftir meðaltali þriggja hlutfalla: a) milli skuldlausra eigna (e) og útsvara (ú), b) skattskyldra tekna (t) og útsvara og c) gjaldendatölu (g) og útsvara. Virðist þá best koma fram þau atriði, sem útsvarsálagning er bygð á.

Sem dæmi skulu teknar 2 sveitir, A með eignir 200000 kr., tekjur 100000 kr., gjaldendur 50 og útsvör 5000 kr., og B með eignir 40000000 kr., tekjur 15000 000, gjaldendur 8000 og útsvör 1800000 kr.

Hlutföllin yrðu þá þessi:

$$\text{A:}\ \frac{e}{ú} = \frac{200000}{5000}$$

$$\frac{t}{ú} = \frac{100000}{5000}$$

$$\frac{g}{ú} = \frac{50}{5000}$$

Þau samanlögð og deilt með 3 =

$$\left(\frac{200000}{5000} + \frac{100000}{5000} + \frac{50}{5000}\right) : 3 = \frac{300050}{15000}$$

$$\text{B:}\ \frac{e}{ú} = \frac{40000000}{1800000}$$

$$\frac{t}{ú} = \frac{15000000}{1800000}$$

$$\frac{g}{ú} = \frac{8000}{1800000}$$

Þau samanlögð og deilt með 3 =

$$\left(\frac{40000000}{1800000} + \frac{15000000}{1800000} + \frac{8000}{1800000}\right) : 3 = \frac{55008000}{5400000}$$

Til þess að finna, hvort hlutfallið er stærra, eru þau gerð samnefnd og verður þá:

$$A = \frac{108018000}{5400000}; \quad B = \frac{55008000}{5400000}$$

Útsvörin í A-sveit eru rúmum 98% lægri tiltölulega (miðað við eignir, tekjur og gjaldendatölu) en í B-sveit.

Ef miðað væri eingöngu við eignir, þá hefðu útsvör í A átt að vera 4500 í stað 5000, borið saman við útsvörin í B.

En ef útsvör í A eru eingöngu miðuð við tekjur, þá hefðu þau, miðað við B, átt að vera 12000. Og eftir gjaldendatölu einni hefðu útsvör í A átt að vera, miðað við B, 11250.

Um 14. og 15. gr.

Það virðist vandfundinn greiðari vegur til að skifta útsvörum en sá, er hjer er stungið upp á. Það verður ekki með öllu komist hjá skriftum út af þessum málum, en reynt er að búa svo um, að þær verði sem minstar. Og vafalaust verða allmargar sveitir landsins alveg fyrir utan þessi mál, eða því sem næst.

Um IV. kafla.

Hjer segir um stjórnarvöld þau, er með útsvarsmál fara. Hefir verið nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar frá því, sem nú er, og verða þær helstu nefndar í sambandi við einstakar greinar.

Um 16. gr.

Það virðist hentugt, að einn skattanefndarmanna hrepps starfi jafnan með hreppsnefnd að niðurjöfnun útsvara og úrskurðum um útsvarskærur. Hann getur veitt nefndinni ýmsar leiðbeiningar, meðal annars um notkun framtalsskýrslnanna, er nefndin á nú að hafa aðgang að.

Um 17. gr.

Lagt er til að niðurjöfnunarnefndir í öllum kaupstöðum verði skipaðar með sama hætti sem nú er í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 36, 1924 8. gr. Samvinna skattstjóra og niðurjöfnunarnefndar þykir hafa reynst vel og má því ætla, að heppilegast muni reynast í hinum kaupstöðunum, að formaður skattanefudar verði einnig formaður niðurjöfnunarnefndar. Liggja og til þess sömu rök sem segir í aths. við 16. gr. um hluttöku skattanefndarmanns í niðurjöfnun útsvara í hreppum.

Um 18. gr.

Það er nýmæli, að niðurjöfnunarnefndir skuli, utan Reykjavíkur, eiga aðgang að framtölum. Það er og nýmæli, sem á sinn líka í skattalögum nr. 74 1921, að ráðherra geti lagt fyrir menn að veita nefndinni upplýsingar, og lagt dagsektir við. Miða ákvæði þessi til tryggingar því, að nefndin hafi svo góð gögn til að byggja gerðir sínar á sem unt er.

Um 19. gr.

Virðist ekki þurfa að skýra.

Um 20. gr.

Það eru nýmæli, er hjer segir um niðurjöfnunarnefndir. En þau virðast sjálfsögð, enda er 2. mgr. að efni til tekin úr lögum um kosningarrjett í málefnum sveita og kaupstaða, sjá lög nr. 49, 30. júlí 1909, 2. gr.

Um 21. gr.

Reikningsári hreppa á að breyta og niðurjöfnunarnefndir eiga að nota framtalsskýrslur gjaldþegna. Þær koma, að Reykjavík undanskilinni, eigi fyrr en í febrúar og mars. Þess vegna verður að láta niðurjöfnun fara fram á tímabilinu febrúar — maí, samkvæmt ákvörðun sýslunefnda og bæjarstjórna. Niðurjöfnun getur því eigi byrjað fyrr en í febrúar og skal henni lokið vera fyrir mánaðarlok.

Um 22.—24. gr.

Hjer er aðalbreytingin fólgin í því, að yfirskattanefndir eiga að vera yfirdómur í málum um útsvarskærur, í stað bæjarstjórna og sýslunefnda, og úrskurðum yfirskattanefnda á að mega áfrýja til atvinnumálaráðuneytis, þar til landsyfirskattanefnd kynni að verða skipuð. Þykja betur trygð rjettlát úrslit útsvarsmála með þessum hætti en nú er, því að yfirskattanefndir og ráðuneytið verða væntanlega enn síður óhlutdrægar en bæjarstjórnir og sýslunefndir.

Ef menn skilur á um útsvarsskyldu, er auðvitað jafnheimilt að bera það mál undir dómstóla sem áður var, eins og líka má sjá á 2. málsgr. 24. gr.

Um 25. gr.

Það þykir rjett að gefa aðiljum nokkurn veginn frjálsar hendur um það, hvenær aukaniðurjöfnun skuli fram fara, enda hagar ekki eins til á öllum stöðum. Aukaniðurjöfnun getur því farið fram, þegar verkefni er fyrir hendi. Annars er greinin samkvæm þeim reglum, sem nú er eftir farið, nema kærufrestir eru þó hafðir hinir sömu sem um aðalniðurjöfnun. Er það hættulaust, því að gjalddaga útsvara má ákveða án tillits til kærufrests.

Um 26. gr.

Er að efni til samhljóða gildandi reglum.

Um V. kafla.

Hjer segir um innheimtu útsvara og ábyrgð á þeim o. fl.

Um 27. gr.

Í hreppum mun mörgum verða ógreitt um útsvarsgreiðslur fyrr en að sumrinu eftir að þeir hafa komið afurðum sínum, einkum ullinni, að einhverju leyti í peninga. Í kaupstöðum mun eindagi útsvara verða sami og nú er í Reykjavík eftir lögum nr. 36, 1924, 11. gr.

Það þykir óhættulegt að heimila niðurjöfnunarnefnd innan lögmætra takmarka að kveða á um eindaga þeirra útsvara, sem lögð eru á með aukaniðurjöfnun.

Vegna hættu á brottför útlendra manna af landinu hefir þótt tryggast að ákveða gjalddaga þeirra útsvara þegar er þau hafa verið lögð á.

Um 28. gr.

Það er ekki ótítt, að menn geri nú kaupmála við konur sínar og ánafni þeim allar eigur sínar. Þegar hefir svo átt að gera lögtak hjá þeim, þá hafa þeir vísað til kaupmálans, og ekkert hefir fundist hjá bónda, er tekið yrði. Tilætlun síðasta málsl. greinarinnar er að ráða nokkra bót á þessu.

Um 29. gr.

1. málsgr. er í samræmi við lög nr. 47, 4. júní 1924.

2. málsgr. er nýmæli, er miðar til að tryggja innheimtu útsvara hjá erlendum mönnum, er hjer vinna. Annars er ekki ætlast til að vinnuveitendur ábyrgist útsvör starfsmanna sinna.

3. málsgr. er og nýmæli, er miðar til að tryggja innheimtu á útsvörum erlendra aðilja.

Um 30. og 31. gr.

Ákvæði laga nr. 36, 1924, 12. gr. um dráttarvexti bæjargjalda hafa flýtt mjög fyrir innheimtu í Reykjavík, og er því stungið upp á, að samskonar regla verði lögleidd um land allt.

Um VI. kafla.

Það ber nauðsyn til að setja ákvæði til bráðabirgða vegna breytinga á reikningsári hreppa og ef til vill vegna fyrirmæla kaupstaðalaganna, annara en Reykjavíkur, um niðurjöfnun útsvara í nóvembermánuði. Eins og gert er í frv. á þingskj. 53 í Alþt. 1925 A, er stungið hjer upp á því, að tímabilið frá fardögum 1926—31. des. 1927 verði eitt reikningsár, og verður þá óhjákvæmilegt, að hreppum verði sjeð fyrir tekjum framan af árinu 1927. Samsvarandi kann að verða um kaupstaði, að undantekinni Reykjavík.

Niðurlagsákvæði 32. gr. er í samræmi við 1. málsgr. 3. gr. frv. Af því að áætlunin eftir 32. gr. gildir fyrir rúmlega $1^1/_2$ ár, eða rúmlega helming, að tíma-

lengd, af 3 árunum, sem útsvarsupphæðin er miðuð við eftir almennu reglunni, þá verður hjer að deila með 2, í stað 3 eftir reglunni í 3. gr.

Ef t. d. útsvör hafa verið 3 síðustu árin 7000, 6000 og 8000, þá er meðaltal þar af 7000, og útsvör eftir 3. gr. mættu þá vera

$$7000 + \frac{20 \times 7000}{100} = 8400.$$

En eftir reglu 32. gr. mættu útsvörin vera

$$\frac{7000 + 6000 + 8000}{2} = 10500$$

að viðbættum 20%, eða 12600.

16. Frumvarp

til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

I. kafli.

Um kosningarrjett og kjörgengi.

1. gr.

Rjett til að kjósa hreppsnefndarmenn, sýslunefndarmenn, bæjarfulltrúa, borgarstjóra (bæjarstjóra) og alla aðra starfsmenn í hreppum og kaupstöðum, er almenningur kýs, hafa allir, konur sem karlar, ef þeir:

1. Eru fullra 25 ára gamlir á kjördegi.
2. Eru fjár síns ráðandi.
3. Eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa jafnrjetti við þá.
4. Hafa átt lögheimili í kjördæmi (hreppi eða kaupstað) síðasta árið fyrir kjördag.
5. Hafa óflekkað mannorð, og
6. Standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

2. gr.

Sá er kjörgengur til starfa samkvæmt 1. gr., sem kosningarrjett hefir. Um borgarstjóra (bæjarstjóra) gildir ákvæði 1. gr. 4 tölul. þó ekki.

Ekki mega hjón nje menn skyldir að feðgatali eða niðja sitja samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn.

3. gr.

Skylt er hverjum karlmanni sjálfum sjer ráðandi, yngri en sextugum og heilum og hraustum að taka við kjöri í hreppsnefn og bæjarstjórn. Þeim, er setið hefir 6 ár samfleytt eða lengur í nefnd, er þó óskylt að taka við kjöri til hennar fyrr en 6 ár eru liðin síðan hann átti þar síðast sæti.

Rjett er konum að skorast undan kosningu.

4. gr.

Kjörstjórn úrskurðar um kjörgengi til bæjarstjórnar, borgarstjóra (bæjarstjóra) og hreppsnefnda. Skjóta má úrskurði kjörstjórnar til hreppsnefndar í hreppum og bæjarstjórnar í kaupstöðum. Hreppsnefnd og bæjarstjórn úrskurðar, hvort aðili hafi mist kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn eða víkja honum frá starfanum. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndar og úrskurði bæjarstjórnar til atvinnumálaráðherra.

Sýslunefnd úrskurðar þau atriði, sem í 1. málsgr. segir, ef sýslunefndarmaður á hlut að máli.

Ef manni er vikið úr sýslunefnd eða bæjarstjórn, þá getur hann borið málið undir atvinnumálaráðherra.

II. kafli.

Um kjörtíma, kjörskrár, kjörstjórnir o. fl.

5. gr.

Í kaupstöðum skal bæjarstjórn vera skipuð 6—15 bæjarfulltrúum, er kosnir sjeu til 6 ára í senn. Atvinnumálaráðherra ákveður töluna í hverjum kaupstað samkvæmt tillögum bæjarstjórnar. Á hverjum 2 ára fresti fer einn hluti bæjarstjórnar frá þannig að bæjarfulltrúar hafi allir gert það að 6 árum liðnum frá kjöri sínu, eftir þessum reglum:

1. Ef talan 3 gengur upp í tölu bæjarfulltrúa, þá fer þriðjungur þeirra frá að hverjum 2 árum liðnum.
2. Ef talan 3 gengur ekki upp í tölu bæjarfulltrúa, þá skal þriðjungur þeirra fara frá fyrsta skifti, en þriðjungur að einum viðbættum annaðhvort hitt skiftið eða bæði skiftin eftir því sem á stendur.

Nú fer maður úr bæjarstjórn áður en kjörtími hans er liðinn, og skal þá kjósa í stað hans fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

6. gr.

Í hreppi hverjum skal vera hreppsnefnd skipuð 3—5 mönnum, svo sem verið hefir, og eru þeir kosnir til 6 ára í senn. Fjölga má hreppsnefndarmönnum úr 3 í 5 með samþykki sýslunefndar. Fara hreppsnefndarmenn frá á hverjum 3 ára fresti kjörtímabils, meiri hlutinn (2 af 3 og 3 af 5) hið fyrra skiftið, en minni hlutinn hið síðara.

Fyrirmæli 2. málsgr. 5. gr. taka einnig til hreppsnefnda.

7. gr.

Kosningar bæjarfulltrúa og borgarstjóra (bæjarstjóra) fara fram í janúarmánuði, en hreppsnefndarmanna á hreppaskilaþingi á vor.

Ef hreppi er skift, þá skal kjósa hreppsnefnd í hinum nýju hreppum jafnskjótt sem því verður við komið.

8. gr.

Hreppsnefnd í hreppum og bæjarstjórn í kaupstöðum skal semja skrá yfir alla kjósendur í kjördæmi, er á kjördegi hafa kosningarrjett. Skulu þar vera í stafrófsröð nöfn kjósenda með stöðu, heimili og aldri. Skráin skal liggja til sýnis almenningi á hentugum stað að minsta kosti 14 daga. Kærur vegna þess, að einhver sé vantalinn eða oftalinn á skrá, skulu vera komnar í hendur kjörstjórnar eigi síðar en viku eftir að skráin lá frammi, og úrskurðar kjörstjórn kærurnar innan 3 daga þar frá.

9. gr.

Hreppsnefnd og bæjarstjórn kýs 3 menn úr sínum flokki í kjörstjórn hverju sinni er kjósa skal bæjarfulltrúa, borgarstjóra (bæjarstjóra) eða hreppsnefndarmenn. Nú eru nefndarmenn 3, og eru þeir þá sjálfkjörnir. Eigi má borgarstjóri (bæjarstjóri) vera í kjörstjórn, er kjósa skal í stað hans.

Í hreppum skal geta kosningar í hreppsfundarboði. Ef leynileg kosning hefir verið ákveðin, skal hreppsnefnd auglýsa það viku fyrir kjörfund. Í kaupstöðum auglýsir kjörstjórn kjörfund, stað og stund, með hæfilegum fyrirvara, í blöðum eða með þeim hætti, er almennar auglýsingar eru þar birtar á staðnum.

III. kafli.

Um kosningarathöfn.

10. gr.

Bæjarfulltrúa skal kjósa leynilega hlutbundnum kosningum, með þeim hætti sem segir í eftirfarandi greinum.

11. gr.

Skrá skal á lista nöfn þeirra fulltrúaefna, sem stungið er upp á. Lista skal afhenda oddvita kjörstjórnar, er veitir vottorð um viðtöku listans, 2 sólarhringum fyrir kosningar. Meðmælendur, er hafi kosningarrjett og sje eigi færri en 20, riti nöfn sín með stöðu og heimili undir hvern lista.

Gildur er listi, þótt á honum standi færri nöfn en kjósa á fulltrúa, en ógildur, ef fleiri eru. Fult nafn hvers fulltrúaefnis, ásamt stöðu og heimili, skal á lista setja, svo að eigi verði um vilst. Nú er ókjörgengur maður á lista eða eigi þykir örugt, við hvern er átt, og skal þá strika það nafn af lista.

Úrskurð um útstrikun nafns af lista eða um ógilding nafns af lista,

skal skrá í kjörbók. Kjörstjórn er skylt að láta fulltrúaefni listans eða meðmælanda í tje eftirrit af úrskurði áður en kosning byrjar.

Kjörstjórn merkir þá lista, er hún tekur gilda, hvern með sínum bókstaf (A. B. C. o. s. frv.)

12. gr.

Ef fulltrúaefni eru eigi fleiri á listum, sem metnir eru gildir, en kjósa skal, þá lýsir kjörstjórn, að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag, þá menn kosna.

Nú eru fulltrúaefni samtals á gildum listum fleiri en kjósa skal, og lætur þá kjörstjórn tafarlaust gera kjörseðla og festir jafnframt upp auglýsingar um það, hvaða listar sjeu í kjöri, með tilgreindum listabókstaf og nöfnum fulltrúaefna.

Á kjörseðli skal öðrum megin prenta eða fjölrita þá lista, sem hafa verið teknir gildir, þannig að hver listi, með óbreyttri nafnaröð sinni, sje við annars hlið eftir stafrófsröð með glöggum langstrikum á milli, en þverstrik skulu vera milli nafna á lista hverjum. Fyrirsögn á kjörseðli skal vera: Kjörseðill við bæjarstjórnarkosning í N kaupstað, með dagsetningu og ártali. Eigi má annað á seðil letra en nú var mælt.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum og þykkum pappír og brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig að eigi sjáist letrið á þeim. Skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er þeir hafa verið notaðir.

13. gr.

Bæjarstjórn sjer um, að atkvæðakassi og kjörklefi sje til taks. Kjörklefi skal vera áfastur herbergi, þar sem kosning fer fram, og þaðan að eins skulu dyr vera kjörklefa. Tjald skal festa fyrir glugga á kjörklefa, svo að eigi megi inn um hann sjá eða stinga kjörseðli út í glugga, svo að hann sjáist að utan. Lesbjart skal vera í kjörklefa og vera skal þar borð og nægilega margir almennir, svartir blýantar.

Atkvæðakassi skal vera lokaður með rifu á loki, er stinga skal kjörseðli niður um.

14. gr.

Frá upphafi kosningargerðar skulu listar með bókstöfum sínum og greinilegum nöfnum fulltrúaefna vera almenningi til sýnis á kjörstað, þar sem mikið ber á þeim. Þar skal og festa upp leiðbeiningar handa kjósendum með aðalákvæðum laga þessara.

15. gr.

Kosningarathöfn hefur á því, að oddviti skýrir frá, hverjir sjeu í kjörstjórn, hve marga eigi að kjósa í bæjarstjórn, og hverja lista hann hafi fengið samkv. 11. gr. Hann sýnir atkvæðakassann, svo að það sjáist, að hann sje tómur, og lokar honum síðan. Án leyfis kjörstjórnar mega ekki vera í kjör-

stofu með henni aðrir en fulltrúaefni, 2 meðmælendur fyrir hvern lista, og kjósendur, er koma og fara.

Heimilt er bæjarstjórn að skifta kjósendum í deildir, enda skipar hún þá undirkjörstjórn í hverja deild, og hefir hver þeirra sinn atkvæðakassa og kjörklefa.

Kjósendur koma fram og kjósa í þeirri röð, er þeim sjálfum líst, og eftir því, sem þeir komast að. Þá er kjörstjórn hefir kannast við mann og sannfært sig um, að hann hafi kosningarrjett, afhendir hún kjósanda kjörseðil. Fer kjósandi með hann inn í kjörklefa að borði því, er þar stendur, og gerir þar kross við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill atkvæði gefa. Ef hann vill breyta nafnaröð á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Ef hann getur ekki felt sig við eitthvert nafn á lista þeim, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá eigi með við samtalning atkvæða. Krossinn við listabókstafinn, tölustafina við nöfnin og útstrikun nafns skal hann gera með blýanti, sem kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan brýtur kjósandi seðilinn saman í sömu brot, sem hann var í, er hann tók við honum, gengur svo inn að kjörborðinu, og stingur sjálfur seðlinum þannig samanbrotnum í atkvæðakassann, gegnum rifuna á lokinu.

Annar meðkjörstjórinn skal hafa fyrir sjer eftirrit af kjörskrá og gera merki við nafn hvers kjósanda, jafnóðum og hann hefir neytt kosningarrjettar síns, en hinn meðkjörstjórinn skal rita nöfn þeirra, er atkvæði greiða, á sjerstaka skrá með áframhaldandi töluröð fyrir framan hvert nafn. Enginn getur neytt kosningarrjettar, nema hann sje sjálfur á kjörfundi og greiði atkvæði. Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn telur gilda ástæðu, sje ófær til að framkvæma kosninguna á fyrirskipaðan hátt, og skal þá maður úr kjörstjórn, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum. Þetta skal bóka í kjörbók og greina ástæður.

Ef kjörseðill rangmerkist eða skemmist eftir að kjósandi tók við honum, þá getur hann afhent kjörstjórninni skemda seðilinn og fengið í staðinn nýjan kjörseðil, ef seðlabirgðir eru ekki þrotnar, enda sje ekki ástæða til að ætla, að hann hafi ónýtt seðilinn af ásettu ráði.

16. gr.

Kosningargerð má eigi standa yfir skemur en 3 tíma, nema allir kjósendur, sem á kjörskrá eru, hafi neytt kosningarrjettar. Þegar sá tími er liðinn og engir kjósendur gefa sig fram, greiðir kjörstjórn sjálf atkvæði, og lýsir því þar næst yfir, að kosningarathöfn sje nú lokið, og má eigi eftir það taka við neinum atkvæðum.

Óskylt er kjósanda að skýra frá því fyrir dómi, í hvaða máli sem er, hvaða lista hann hafi kosið, eða hvort hann hafi greitt atkvæði með eða móti einhverju fulltrúaefni.

Enginn úr kjörstjórn eða nokkur sá, sem samkvæmt 15. gr. er staddur í kjörstofunni, má gefa nokkrum kjósanda ráð meðan á atkvæðagreiðslu stendur, tilvísun eða áminningu um það, hvaða lista hann skuli kjósa. Enginn má heldur skýra frá því, ef hann hefir orðið áskynja um það í kjörstofunni, hvort eða hvernig einhver hefir þar kosið.

Brot gegn þessum ákvæðum varða fangelsi, eigi minna en viku einföldu fangelsi eða sektum, ef málsbætur eru, þó eigi undir 50 krónum.

17. gr.

Talning atkvæða fer fram í heyranda hljóði, þegar er kosningarathöfn er lokið. Oddviti kjörstjórnar opnar atkvæðakassann. Ef kjósendum er skift í kjördeildir, lætur kjörstjóri atkvæðaseðlana úr atkvæðakössum deildanna óskoðaða saman í hæfilega stórt, tómt ílát með loki yfir, og skulu seðlarnir hristir vel saman, áður en talning byrjar.

Því næst tekur oddviti upp einn og einn kjörseðil í einu, og les upp listabókstaf þann, sem krossað er við á honum. Sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum fyrirsvarsmönnum listanna og leggur síðan sammerkta kjörseðla í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hvað margir seðlar fara í hvern bunka.

Kjörseðill verður ógildur, ef sýnt þykir, að kjósandi hefir:

sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleirum listum en einum,

bætt nafni eða nöfnum við á lista, skrifað nafn sitt á seðilinn, sett á seðilinn einkenni, er geti gert hann þekkjanlegan,

eða notað annan seðil en kjörstjórn hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt eftir skrá þeirri, sem haldin var samkvæmt 15. gr. yfir þá, sem neyttu kosningarrjettar. Ef samtölunum ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla og atkvæðaskrána, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

18. gr.

Til þess að finna, hve mörg fulltrúa fni hafi náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því hve marga fulltrúa á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, og standi útkomutölur þessar í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á fulltrúa, og fær hver listi jafnmarga fulltrúa kosna, sem hann á af tölum þessum. Ef eigi standa svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess að finna, hver fulltrúaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks fulltrúaefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, ef hann hefir eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og ef hann hefir aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann, er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra fulltrúaefna, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá fyrirsvarsmönnum listans og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði. Þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje jafnt tölu fulltrúa þeirra, er kjósa skal, að frádreginni tölu þeirra fulltrúaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með fulltrúatölunni. Síðan skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Ef sami maður hefir fengið atkvæði á fleirum en einum lista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefir mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strikast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur, eru kosnir, svo margir af hverjum lista, sem honum ber samkvæmt því, sem áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

Ef jöfn verða atkvæði lista eða fulltrúaefna, og úr þarf að skera, skal hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúaefna, sem jöfn atkvæði hafa, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, er dreginn er, segir þá til, hvern taka skal.

19. gr.

Þegar einungis á að velja einn fulltrúa, er hann kosinn meirihlutakosningu, en að öðru leyti eftir framanskráðum reglum.

20. gr.

Hreppsnefndarmenn skal kjósa í heyranda hljóði. Hver, sem neyta vill kosningarrjettar, verður sjálfur að sækja kjörfund og skýra munnlega frá því, hvern hann kýs eða hverja. Kjörstjórn ritar atkvæðin jafnóðum í kjörbók. Þá er allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði og þau eru öll bókuð, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyrr en að minsta kosti klukkustund er liðin frá því, er hún hófst. Formaður kjörstjórnar les þá upp öll greidd atkvæði, en meðkjörstjórar rita þau upp og telja saman. Þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rjett kjörnir hreppsnefndarmenn. Hlutkesti ræður, ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði.

21. gr.

Rjett er að hafa hreppsnefndarkosningar leynilegar, ef hreppsnefnd

kveður svo á eða $^1/_3$ kjósenda lýsir ósk sinni um það skriflega fyrir oddvita kjörstjórnar 2 vikum fyrir kjörfund.

Kjósandi hver kýs svo marga menn sem kjósa skal.

22. gr.

Áður en kosning byrjar, skal kjörstjórn hafa til hæfilega marga kjörseðla, alla jafnstóra, með sama lit, gerða úr strikuðum pappír þannig:

Nr. á kjörskrá.

_____

_____

_____

_____

_____

_____

svo og lokaðan atkvæðakassa, með rifu á lokinu, og skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum.

Framan við nöfn manna á kjörskránni skulu standa tölurnar 1, 2, 3 o. s. frv., eftir því sem hver er í röðinni.

23. gr.

Við húsið, þar sem kosning fer fram, skal vera annað herbergi áfast, svo lagað, að eigi verði gengið í það, nema úr kjörstofunni. Ef þess er eigi kostur, má tjalda fyrir eitt hornið á kjörstofunni, svo að eigi sjáist þangað.

Í kjörklefa skal vera borð, sem skrifa má við, og á því skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum, og ritblý til afnota handa kjósendum.

24. gr.

Þá er kosning hefst, vísar formaður kjörstjórnar einum kjósanda í senn inn í kjörklefann, eftir sömu röð og kjósendur standa á kjörskrá, og fær honum einn kjörseðil.

Kjósandinn fer síðan inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og athugar, hvaða tala stendur á kjörskránni fyrir framan nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa, er hann vill velja, og skrifar þær með ritblýi á kjörseðilinn, hverja tölu fyrir neðan aðra. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn einu sinni saman, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann.

25. gr.

Kjörseðill er ógildur, ef einhver merki hafa verið sett á hann, sem gera seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum eða ef annar seðill er notaður.

Ef kjörseðill ónýtist hjá kjósanda, skal kjörstjórnin láta hann fá annan seðil.

Nú færir kjósandi ástæðu fyrir því, er kjörstjórn tekur gilda, að hann geti ekki vegna sjónleysis eða annarar líkamsbilunar kosið á fyrirskipaðan hátt, og skal þá maður úr kjörstjórn, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum.

26. gr.

Meðkjörstjórar skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar síns.

Þá er allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því er hún hófst.

27. gr.

Formaður kjörstjórnar skal þá opna atkvæðakassann, er hann hefir hrist hann rækilega. Tekur hann því næst upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp tölurna eða tölurnar, sem á honum standa, og rjettir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir merkja jafnótt á blað atkvæðatöluna við nafn hvers, sem kosinn er.

Sá eða þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rjett kjörnir.

Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

28. gr.

Hreppsnefnd tilkynnir sýslumanni jafnan kosningarúrslit.

Fyrirmæli 2.—4. málsgr. 16. gr. gilda og um leynilegar kosningar utan kaupstaða,

29. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður hlutbundnar kosningar í hreppsnefnd, ef skrifleg krafa um það kemur frá að minsta kosti svo mörgum kjósendum, sem samkvæmt kjörskrá mundi þurfa til þess að koma með hlutfallskosningum einum manni í kreppsnefnd þar í hreppi. Kosningar fara þá með þeim hætti sem segir í 10.—18. gr. laga þessara.

30. gr.

Lausa borgarstjórastöðu (bæjarstjórastöðu) skal auglýsa með að minsta kosti 6 vikna fyrirvara. Umsóknir ásamt meðmælum að minsta kosti 100 kjósenda í Reykjavík og 30 annarstaðar skal senda til kjörstjórnar, enda auglýsir hún kosningu með hæfilegum fyrirvara. Semja skal kjörskrá með

sama hætti sem sagt var um bæjarstjórnarkosningar. Kosning er leynileg. Skal kjörstjörn láta prenta nöfn frambjóðenda á kjörseðil, og verður sá kosinn, er flest gild atkvæði fær. Hlutkesti ræður, ef tveir frambjóðendur eða fleiri fá jöfn atkvæði. Að öðru leyti skal fara eftir fyrirmælum 11.—18. gr. laga þessara svo sem við á.

31. gr.

Kosningar þær, er að framan segir, má kæra skriflega innan 14 daga fyrir bæjarstjórn í kaupstöðum og hreppsnefnd utan kaupstaða. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku í kaupstöðum og 14 daga í hreppum frá því að hún fekk kæruna, og hreppsnefnd kveða upp úrskurð sinn innan 14 daga og bæjarstjórn innan viku þar frá. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar innan 14 daga frá dagsetningu hans og úrskurðum bæjarstjórnar til atvinnumálaráðherra innan viku.

32. gr.

Kosningar í nefndir, er bæjarstjórn kýs, skulu jafnan vera leynilegar og hlutbundnar, ef fleiri skal kjósa en einn mann. Um lista, merkingu þeirra og úrskurð um úrslit kosninga fer með sama hætti sem segir í lögum um þingsköp Alþingis.

33. gr.

Í hreppi hverjum skal kjósa einn sýslunefndarmann á manntalsþingi til 6 ára, og einn varamann til sama tíma. Sýslumaður er oddviti kjörstjórnar, og skipa hana með honum 2 hreppsbúar, er sýslunefnd kýs.

Kosningu skal haga eins og segir í 20. gr., enda má leynilega kosningu hafa samkvæmt 21.—27. gr.

Kæra má kosningu skriflega innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

34. gr.

Helmingur sýslunefndarmanna og varasýslunefndarmanna gengur úr sýslunefnd 3. hvert ár, ef tala hreppa í sýslu er jöfn, en ella minni hluti og meiri hluti á víxl 3. hvert ár.

35. gr.

Nú er hreppi skift, og gengur þá sýslunefndarmaður hans og varasýslunefndarmaður þegar úr sýslunefnd. Á næsta manntalsþingi á eftir skal kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann í hinum nýju hreppum, og fara þeir úr nefndinni, næst er skifti verða, eftir hlutkesti, annar ef jöfn er tala hinna nýju hreppa, en ella meiri hlutinn. Sá eða þeir, er þá verða eftir, fara næst, er skifti verða.

36. gr.

Kjósendur, sem ekki geta verið viðstaddir á kjördegi, mega neita atkvæðisrjettar sins á skrifstofu bæjarfógeta í kaupstöðum og hjá hreppstjóra

í sveitum, svo og á skipum, er úr hreppi eða kaupstað ganga, eftir sömu reglum sem gilda um kosningar til Alþingis, þegar eins stendur á.

IV. kafli.

Niðurlagsákvæði.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927. Þeir, sem kosnir hafa verið fyrir þann tíma, halda sætum sínum, þar til þeir skyldu víkja úr þeim eftir eldri lögum.

Frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, eru úr lögum numin:

Tilsk. 20. apr. 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 9. og 10. gr. og 11. gr. 2. málsgr., að því leyti sem þar segir um nefndarkosningar.

Lög nr. 22 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, 5.—10. gr., ásamt lögum nr. 65 14. nóv. 1917 um breytingu á þeim lögum, 2.—6. gr.

Lög nr. 43 10. nóv. 1905 (sveitarstjórnarlög) 6.—23., 55.—59. 1 málsgr. og 61.—64. gr.

Lög nr. 75 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 4.—11. gr., að því leyti sem þær eru enn í gildi.

Lög nr. 49 30. júlí 1909, um breyting á lögum, er snerta kosningarrjett og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfjelaga.

Lög nr. 19 20. okt. 1913, um kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

Lög nr. 49 30. nóv. 1914, um breyting á tilsk. 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 1.—4. gr., að því leyti sem þær eru enn í gildi og varða kosningar.

Lög nr. 49 3. nóv. 1915, um viðauka við sveitarstjórnarlög frá 10. nóv. 1905.

Lög nr. 67 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 4.—11. gr.

Lög nr. 26 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 6.—13. gr.

Lög nr. 58 28. nóv. 1919, um breytingar á lögum nr. 30 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 4.—11. gr.

Lög nr. 61 s. d., um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 4.—9. gr.

Lög nr. 19 19. júní 1922, um breyting á tilsk. um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apr. 1872.

Lög nr. 30 4. júní 1924, um kosningar í bæjarmálefnum Reykjavíkur.

Lög nr. 33 27. júní 1925, um viðauka við lög nr. 22 frá 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

Svo og öll önnur fyrirmæli í lögum, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ráði var á Alþingi 1925 að setja milliþinganefnd í sveitarstjórnarmál og fátækramál landsins, en loks var þó sá kostur tekinn, að fela stjórninni undirbúning tveggja atriða þessara mála: um aukaútsvör og kosningar, þar á meðal um kosningarrjett og kjörgengi. Hjer getur að líta frumvarp til laga um annað þessara atriða.

Það má telja heppilegt að koma saman í ein lög öllum þeim fyrirmælum, er gilda eiga um kosningar í kaupstöðum og sveitum, og samræma þau, enda var svo komið, að eigi giltu sömu lög um kosningarrjett og kjörgengi í kaupstöðum og sveitum, og ekki heldur í öllum kaupstöðunum.

Um lög þau, sem hjer verður vísað til, nægir alment að benda á 37. gr. frv. þessa.

Um I. kafla.

Frumvarpið hefur á fyrirmælum um kosningarrjett og kjörgengi, enda byggjast aðrar reglur frumvarpsins á þessu tvennu. Um einstakar greinar skal athuga:

Um 1. gr.

Skilyrði kosningarrjettar eru hjer sömu sem um alþingiskjör eftir 29. gr. stjórnarskrárinnar, að undanskildu ákvæðinu um 5 ára búseta í landinu, sem ekki hefir þótt nægilega ástæða til að taka í þetta frv.

Um 2. gr.

Akvæði laga nr. 30, 4. júní 1924 1. gr. um það, að borgarstjóraefni þurfi, eins og kjósendur, að hafa átt lögheimili í kaupstað síðasta árið fyrir kosningu, þykir ekki heppilegt, með því að það gæti vel bægt hæfum utanbæjarmönnum frá kjöri til borgarstjórastöðu. 2. málsgr. er í samræmi við gildandi lög.

Um 3. gr.

Er í samræmi við gildandi reglur

Um 4. gr.

Það virðist rjett, að kjörstjórn eigi úrskurð um kjörgengi, þar á meðal um kjörgengi borgarstjóraefna, því að hentugra er, að það mál sje úrskurðað til hlítar áður en kosið er en eftir, svo að eigi sje ef til vill kosið um ókjörgenga menn, og kosning verði svo ónýtt. Annars eru fyrirmæli greinar þessarar að efni til samkvæm gildandi lögum.

Um II. kafla.

Hjer segir um það, er næst má telja grundvöll kosninga, kjörtíma, kjörskrár og kjörstjórnir.

Um 5. gr.

Eigi hæfir, að jafnmargir sje bæjarfullrúar í öllum kaupstöðum. Í kosningalögum verður að tiltaka tölu bæjarfulltrúa. En óþarft virðist að telja upp alla kaupstaðina og bæjarfulltrúa í hverjum þeirra. Það virðist mega tiltaka, hversu margir bæjarfulltrúar skuli vera hið flesta og hversu fáir hið fæsta, og að hver kaupstaður geti svo lagt til, hversu þeir skuli vera þar margir. Kjörtímabil er hið sama sem nú, en setja þarf almenna reglu um, hversu fulltrúar gangi úr nefnd, því að eigi þarf alt af að vera svo háttað, að rjettur þriðjungur fari frá hverju sinni. Þess vegna eru reglurnar í 1. og 2. tölul. Ef fulltrúar eru t. d. 7, þá ganga 2 úr eftir 2 ár, aðrir 2 eftir 4 ár og 3 eftir 6 ár. Ef þeir eru 8, þá ganga 2 úr eftir 2 ár og 3 eftir 4 og 6 o. s. frv.

Um 6. og 7. gr.

Eru samkvæmar reglum sveitarstjórnarlaga nr. 43, 1905 og kaupstaðalaganna.

Um 8. gr.

Einnig samkvæm gildandi lögum að efni til.

Um 9. gr.

Sömuleiðis. Um auglýsingu leynilegra kosninga í sveitum segir nú í lögum nr. 49, 1915.

Um III. kafla.

Um þetta eru reglur, er í kaupstöðum gilda, í lögum nr. 20, 1913 og lögum nr. 30, 1924 (Reykjavík), og í 18. gr. sveitarstjl., um opinberar kosningar í sveitum, og loks í lögum nr. 49, 1915 um leynlegar kosningar þar.

Um 11.—19. gr.

Þær eru teknar úr lögum nr. 20, 1913, nema hvað orðalagi er allvíða vikið við og málið stytt.

Um 20. gr.

Hjer er tekin reglan um opinberar og óbundnar kosningar í hreppsnefnd úr lögum nr. 43, 1905 18. gr.

Um 21.—27. gr.

Þær eru teknar úr lögum nr. 49, 1915. Sú er aðalbreyting, að kjósandi hver getur ekki gefið nokkrum manni meira en 1 atkvæði. Reglan í l. nr. 49, 1915, þar sem kjósanda er leyft að gefa sama manni svo mörg atkvæði sem hreppsnefndarmenn skal kjósa, gæti leitt til þess, að eigi yrði svo margir kosnir, og mun líka vera einstæð. Reglan í 29. gr. um hlutbundnar kosningar í sveitinni getur bætt úr því misrjetti, er minni hluti kann að verða beittur. En tilætlun með áðurnefndri reglu í l. nr. 49, 1915 mun hafa verið að vernda hags-

muni minnihlutans. Breytingin á kjörseðlinum og á orðalagi í 2. málsgr. 24. gr. sbr. 2. málsgr. 4. gr. l. nr. 49, 1915, stafar af breytingu á áðurnefndri reglu.

Um 28. gr.

1. málsgr. er samhjóða 20. gr. sveitarstjórnarl. nr. 43, 1905. Í 2. málsgr. er nýtt og sjálfsagt ákvæði.

Um 29. gr.

Er nýmæli. En auðsætt virðist, að víða í hreppum sje eða geti orðið full ástæða til að vernda minni hlutann eins og nú er gert með hlutbundnum kosningum í kaupstöðum. Það er ætlast til þess, að hlutbundnar kosningar verði, eitt skifti fyrir öll, ákveðnar í hreppi, þegar skilyrði til þess eru fyrir hendi. Skapar sú ákvörðun kjósendum og kjörstjórn yfirleitt sömu rjettindi og skyldur sem segir í 11.—18. gr. frv.

Um 30. gr.

Það er ætlast til, að sama meðferð verði höfð á borgarstjórakjöri í öllum kaupstöðum landsins. Í Reykjavík segir nokkuð um þessar kosningar í lögum nr. 30, 1924, 4. og 6. gr. og í reglum um borgarstjórakosningu 26. mars 1920 (Stjt. B, bls. 24—28). Er ætlast til, að kosningar þessar fari með sama hætti sem bæjarstjórnarkosningar, að því leyti sem eigi eru gerðar undantekningar í greininni, og að því leyti sem ákvæðin um bæjarstjórnarkosningar eiga ekki sjerstaklega við hlutbundnar kosningar.

Um 31. gr.

Er samkvæm gildandi reglum í öllu verulegu.

Um 32. gr.

Það virðist í bestu samræmi við hlutbundnar bæjarstjórnarkosningar, að nefndarkosningar innan bæjarstjórnar verði einnig hlutbundnar, eins og hafa má þær í Reykjavík eftir lögum nr. 19, 1922 og Akureyri samkvæmt lögum nr. 33, 1925.

Um 33.—35. gr.

Eru að efni til samkvæmar í aðalatriðum fyrirmælum sveitarstjórnarlaga nr. 43, 1905, 55., 56. og 59. gr., og 61.—64. gr., um kjör sýslunefndarmanna, og lögum nr. 49, 1915 um leynilegar kosningar þeirra.

Um IV. kafla.

Aðalákvæðin um kosningarrjett og kjörgengi, kjörskrár og kjörtíma m. fl. eru í greinum kaupstaðalaganna, sem falla úr gildi, ef frv. þetta verður að lögum, og eru þau þar auðfundin.

17. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1925.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru á fjárlögum fyrir 1925, veitist samkv. 2.—7. gr. hjer á eftir kr. 196581,14

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin á 12. gr. veitast:

		kr.	kr.
1.	Til að senda fulltrúa á alþjóðafund geislalækna í London	1000,00	
2.	Fyrir miðstöðvarketil í Geðveikrahælið á Kleppi ...	7000,00	
3.	Til aðgerðar á holdsveikraspítalanum í Lauganesi...	2500,00	
4.	Til að standast kostnað við lækningar þeirra sem lamast hafa af mænusótt	10000,00	
5.	Til aðgerðar á sóttvarnarhúsinu í Reykjavík... ...	9600,00	
			30100,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöld á 14. gr. veitast:

1.	Til stúdentaráðs Háskóla Íslands, styrkur til að senda fulltrúa á alsherjarstúdentamót í Oslo	1000,00	
2.	Til sjera Bjarna Jónssonar og sjera Friðriks Rafnar: Styrkur til að sækja alþjóðaprestafund í Svíþjóð, 400 kr. til hvors...	800,00	
3.	Styrkur til húsabóta á prestssetrinu í Kollafjarðarnesi	9266,64	
4.	Til miðstöðvarhitunartækja í bændaskólann á Hólum	11079,78	
5.	Til aðgerðar gagnfræðaskólanum á Akureyri... ...	12513,87	
6.	Launabót handa Sigurbirni Á. Gíslasyni, kennara við vjelstjóraskólann	1500,00	
7.	Launabót handa Guðm. Kristjánssyni, kennara við stýrimannaskólann	1500,00	
			37660,29

4. gr,

Sem viðbót við gjöldin á 15. gr. veitast:

1.	Styrkur til Finnlandsfarar, til að sækja fornminjafræðingafund	600,00	
	Flyt	600,00	67760,29

		kr.	kr.
	Flutt	600,00	67760,29
2.	Styrkur til að sækja fund norrænna embættismanna í Helsingfors	1802,10	
3.	Til að gegna störfum þjóðminjavarðar í fjarveru hans...	300,00	
4.	Til Kjartans Sveinssonar, fyrir aðstoð á þjóðminjasafninu	300,00	
5.	Til aðgerðar Landsbókasafnshúsinu...	33789,55	
			36791,65

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin á 16. gr. veitast:

1.	Viðbót við styrk handa Búnaðarfjelagi Íslands ...	36000,00	
2.	Til sjóvarnargarðs á Siglufirði	23000,00	
3.	— sjóvarnargarðs á Sauðárkróki	11000,00	
4.	— sjóvarnargarðs á Stokkseyri	3255,25	
5.	— sjóvarnargarðs á Eyrarbakka	5194,25	
6.	— að endurreisa stöpla í Hraunsá	850,00	
7.	— fyrirhleðslu fyrir Hjeraðsvötn	7300,00	
8.	— kostnaðar við mælingar og uppdrætti af kauptúnum og sjávarþorpum	3000,00	
			89599,50

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin á 18. gr. veitast:

1.	Fyrv. bókav. Halldór Briem, frá 1/10	427,20	
2.	— vitav. Vigfús Sigurðsson, frá 1/6	311,50	
3.	Til frú Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	534,00	
4.	Til frú Ágústu Jóhannsdóttur. ekkju Þórhalls Jóhannessonar, hjeraðslæknis...	534,00	
5.	Fyrv. prestur Guttormur Vigfússon, frá 1/6	623,00	
			2429,70
	Samtals		196581,14

Athugasemdir við frumvarpið.

Upphæðin, sem greidd hefir verið alls upp á væntanlega aukafjárveitingu, er að þessu sinni talsvert hærri en síðastliðið ár. Langmestur hlutinn hefir gengið til viðhalds á opinberum byggingum, sem hafði setið á hakanum undangengin

fjárkreppuár, en þoldi nú ekki bið, og ekki þótti rjett að fresta lengur eftir því sem á stóð um fjárhag ríkissjóðs, og svo til mannvirkja, til varnar skemdum af ágangi sjávar og vatna, sem ekki var unt að fresta.

Um 2. gr.

1. Það verður að teljast nauðsynlegt að fylgjast með í því, er gerist um geislalækningar, og verður þá ekki komist hjá að hafa mann á alþjóðafundum um þær lækningar, að minsta kosti af og til.
2. Miðstöðvarketill geðveikrahælisins á Kleppi var orðinn svo úr sjer genginn, að óhjákvæmilegt var að fá nýjan ketil þangað.
3. Baðklefarnir á holdsveikraspítalanum þurftu mikillar aðgerðar við. Meðal annars voru gólfin orðin svo fúin, að hætta var á, að menn færu niður úr þeim. Ennfremur varð ekki komist hjá því, að mála alla glugga og sjúkraherbergin að innan.
4. Eins og kunnugt er, kom hjer upp mænuveiki 1924 og hafa síðanaallmargir tekið veiki þessa hjer og hvar um landið. Margir sjúklingar ná aldrei heilsu aftur, eftir þenna sjúkdóm, en sumir af þeim, er veikina hafa fengið slæma, gèta þó náð aftur heilsu og orðið vinnufærir með læknisaðgerðum, sem verða að standa yfir um langan tíma, og verða þá svo dýrar, að menn geta ekki fengið lækning, nema ríkissjóður hjálpi til. Þetta þótti heilbrigðisstjórninni sjálfsagt að gert yrði, ekki síst þar sem sjúklingar voru flestir ungir og hefðu án hjálpar orðið aumingjar alla æfi. Lækningarnar hafa haft góðan árangur. Búast má við að eitthvað þurfi ríkissjóður enn að leggja fram vegna mænusóttarinnar.
5. Sóttvarnarhúsið í Reykjavík var orðið lítt nothæft að ýmsu leyti. Múrinn á veggjum innanhúss var víða dottinn af, svo ekki var orðið unt að hreinsa veggina. Vegna þess að ekki var nægilega vel gengið frá þakinu, var húsið svo kalt, að erfitt var að hita það upp. Samkvæmt lögum nr. 34, frá 1925 er þetta hús nú eina sóttvarnarhús ríkisins, og rak það á eftir. Þegar svo var komið, mátti ekki dragast að setja húsið í sæmilegt stand. Veggir voru pússaðir, húsið málað, flísar lagðar í eldhúsi og búri, stoppað þakið og raflögn komið fyrir.

Um 3. gr.

1. Stúdentaráðinu hjer var boðið að senda fulltrúa á allsherjarstúdentamót í Osló, og þótti rjett að styðja að því að það gæti orðið.
2. Alþjóðaprestafundur var haldinn í Svíþjóð, og varð ekki hjá því komist að leggja fje til þess að prestar hjeðan gætu sótt fund þenna.
3. Prestsseturshúsið í Kollafjarðarnesi brann til kaldra kola. Auk venjulegs 5000 kr. embættisláns, varð ekki komist hjá að veita prestinum styrk til að koma upp íbúðarhúsi.
4. Eldfæri í húsum bændaskóláns á Hólum voru mjög úr sjer gengin og mátti ekki dragast að endurnýja þau. Þótti þá einsætt að setja heldur miðstöðvarhitun í húsin, vegna meiri eldhættu m. a,, og auk þess var hin eldri upphitun svo ófullnægjandi að ekki gat lengur talist forsvaranlegt.

5. Gagnfræðaskólahúsið á Akureyri var nú nauðsynlegt að járnklæða alt. Áður var aðeins járnvarinn annar gaflinn. Svo mátti og ekki draga að mála alt trjeverk utanhúss til varnar skemdum.
6.—7. Samskonar launabætur og áður hafa verið greiddar, og nú teknar upp í fjárlög fyrir árið 1926.

Um 4. gr.

1.—2. Það er hið sama um þessa liðina að segja eins og annars, þegar ræða er um fje til þátttöku í fundum erlendis, að það þótti ekki rjett að sitja hjá.
3.—4. Þjóðskjalavörður fór utan vegna samninga, um endurheimtu skjala úr dönskum söfnum, og varð eigi hjá því komist að halda þjóðskjalasafninu opnu að einhverju leyti á meðan.
5. Stigarnir í Landsbókasafnshúsinu voru að verða ónýtir. Á þeim voru engar marmaraþynnur, svo að steypan var farin að slitna mjög. Slitlag var ekkert á gólfum hússins, og þetta olli því að mikið ryk varð í húsinu, svo að ekki var við unandi. Þá þurfti að setja nýja miðstöðvarkatla í húsið. Annar þeirra fjekst þó með því að láta gera við ketilinn, sem ónýtur var orðinn á geðveikrahælinu. Marmaraþynnur voru settar á alla stiga, gert var við öll gólf í bókaherbergjum og sett á þau slitlag. Hið nauðsynlegasta innanhúss var málað og gert mikið við flestallar hurðir í húsinu, sem höfðu gisnað mjög.

Um 5. gr.

1. Það kom í ljós á Búnaðarþinginu 1925, að fjárveiting þingsins til Búnaðarfjelags Íslands fyrir árið 1925 mundi reynast ófullnægjandi eftir því, sem Búnaðarþingið krafðist af Búnaðarfjelaginu og lýsti atvinnumálaráðherra því yfir við fjárveitinganefnd Nd., að hann mundi sjá sjer fært að greiða upp á væntantega aukafjárveitingu viðbót við styrkinn 1925, eftir því sem honum þætti þörf á, þó ekki yfir 48,000 kr. Þessu var fjárveitinganefnd Nd. samþykk og samkvæmt þessu hafa 36,000 kr. verið greiddar upp á væntanlega aukafjárveitingu.
2. Vegna sjóskemda á Siglufirði þótti óhjákvæmilegt að ljúka við sjóvarnargarðinn þar, og kostar ríkissjóður það verk að hálfu.
3. Til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki var nauðsynlegt að veita þetta fje, þareð ýmsum húsum þar stafaði mikil hætta af sjávargangi og vörn fyrir skemdum mátti ekki dragast að reyna að framkvæma, og var verkið unnið eftir fyrirsögn verkfræðings. Því miður hefir nú þetta mannvirki reynst of veikt og eyðilagst aftur, að nokkru af sjávargangi í vetur, svo að varla verður komist hjá nýrri stórri fjárveitingu í þessu skyni.
4.—6. Sjóvarnargarðar þessir og stöplar í Hraunsá skemdust og eyðilögðust að mestu í ofviðri og sjávargangi á öndverðum síðastliðnum vetri og var eigi tekin nein endanleg ákvörðun um styrkveitingu til endurreisnar þessara mannvirkja á síðasta Alþingi, enda þótt málið væri þar borið upp, og mun það einkum hafa verið af því, að málið þótti ekki nægilega upplýst og beinar tillögur um styrk lágu ekki fyrir. Með því nú að endurreisn garðanna mátti ekki dragast, en það hinsvegar hlaut að verða hlutaðeigandi sveitum mjög

tilfinnanlegur kostnaður, ef þær ættu einar að bera hann, var ákveðið að ríkissjóður skyldi greiða 1/4 hluta af honum og eru það þær 3255 kr. 25 au. og 5194 kr. 25 au., sem hjer um ræðir. — Af kostnaðinum við endurreisn Hraunsárstöpla var meira greitt, sem sje 850 kr. af 1400 kr., sem verkið kostaði alls, en stöplarnir eru nú traustari en áður og veru auk þess í byrjun reistir með mjög ríflegum styrk úr ríkissjóði. Framrásin til sjávar milli stöplanna (Hraunsá) má eigi stíflast vegna Flóaáveitunnar.

7. Mannvirki það, sem hjer um ræðir, var óhjákvæmilegt að gera þegar í stað til þess að koma í veg fyrir að Hjeraðsvötn brytust yfir í gamlan farveg út yfir »Hólminn« í Skagafirði, er hefði orsakað stórkostleg landspjöll og tjón. Þótti sjálfsagt að ríkissjóður tæki mikinn þátt í kostnaðinum við fyrirhleðsluna, og með hliðsjón af þátttöku hans í Djúpósfyrirhleðslunni var, eftir tillögum, vegamálastjóra ákveðið að greiða 2/3 hluta af kostnaðinum, sem nam rúmum 11,000 kr. alls. Reikningsskil eru eigi fullgerð enn um verkið og því eigi hægt að tiltaka endanlega upphæð kostnaðarins.
8. Hjer er um að ræða kostnað við mælingar og uppdrætti samkv. lögum nr. 55, 27. júní 1921, sem fram hafa farið á árinu 1925 og sem greiða verður úr ríkissjóði samkvæmt þeim lögum að hálfu.

Um 6. gr.

Allar upphæðirnar eru greiðslur fyrir árið 1925, eða hluta úr því, á eftirlaunum, sem Alþingi hefir fallist á að veita með því að taka þau upp í 18. gr. fjárlaga fyrir 1926.

18. Tillaga

til þingsályktunar um sæsímasambandið við útlönd o. fl.

(Lögð fyrir Alþingi 1926).

Alþingi ályktar að heimila atvinnumálaráðherra að útvega konungsúrskurð, er leyfi h.f. Hinu mikla norræna ritsímafjelagi í Kaupmannahöfn að starfrækja sæsímann milli Hjaltlands, Færeyja og Íslands, með þeim skilmálum, sem samkomulag hefir náðst um.

Greinargerð.

Í fjárlögum fyrir árið 1926 var landsstjórninni falið að gera samning um skeytasamband við umheiminn frá þeim tíma, er einkaleyfi Mikla norræna ritsímafjelagsins er á enda.

Þessir samningar hafa nú verið gerðir og fara þeir hjer á eftir í íslenskri þýðingu jafnhliða hinu danska frumriti, til þess að hægt sje að dæma um hvort þýðingin sje rjett.

Þetta mál er lagt fyrir Alþingi eftir fyrirlagi þess í athugasemd við 13. gr. D. fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, og þess óskað, að heimild verði veitt til þess að gera bindandi samninga.

Samningurinn milli dönsku símastjórnarinnar og ritsímafjelagsins, um símagjöldin til og frá Færeyjum, er tekinn upp hjer á eftir, bæði af því, að hann er hluti af samningunum í heild og snertir oss að því er kemur við gjöldunum milli Íslands og Færeyja.

Samningarnir eru svohljóðandi:

Þýðing.

Á fundi í Kaupmannahöfn hinn 30. nóv. 1925, þar sem saman voru komnir ráðherra opinberra verka í Danmörku, atvinnumálaráðherra Íslands og tveir framkvæmdarstjórar Mikla norræna ritsímafjelagsins, urðu þessir aðiljar sammála um að reyna að fá samþykt hið nýja leyfisbrjef, sem hjer með fylgir,

Under en Sammenkomst i København den 30. November 1925 mellem den danske Minister for offentlige Arbejder, den islandske Erhvervsminister og to af Det Store Nordiske Telegraf-Selskabs Direktører er bemeldte Parter enedes om at söge vedlagte nye Koncession for Kablet mellem Island—Færöerne og

um sæsímann milli Íslands, Færeyja og Hjaltlands, svo og samninga þá, sem við leyfið eru tengdir, en þeir eru:

Fylgiskjal 1.
Samningur milli Danmerkur, Íslands og fjelagsins um gjöld fyrir símskeyti til Íslands og frá.

Fylgiskjal 2.
Samningur milli Danmerkur og fjelagsins um gjöld fyrir símskeyti til Færeyja og frá.

Fylgiskjal 3.
Samningur milli Íslands og fjelagsins um fjárviðskifti og annað, er snertir leyfi fjelagsins.

Kaupmannahöfn 30. nóvember 1925.

(Sign.) J. Friis-Skotte.
(Sign.) M. Guðmundsson.
(Sign.) Kay Suenson.
(Sign.) O. Scavenius.

Shetlandsöerne gennemført tillige med vedlagte til Koncessionen hörende Overenskomster, nemlig:

Bilag 1.
Takstoverenskomst mellem Danmark, Island og Selskabet vedrörende Islandskorrespondancen,

Bilag 2.
Takstoverenskomst mellem Danmark og Selskabet vedrörende Færökorrespondancen,

Bilag 3.
Overenskomst mellem Island og Selskabet vedrörende finansielle og andre Forhold i Tilknytning til Koncessionen.

Köbenhavn, den 30. November 1925.

(sign.) J. Friis-Skotte.
(sign.) M. Guðmundsson.
(sign.) Kay Suenson.
(sign.) O. Scavenius.

Leyfisbrjef.

— — — — — — — — — —

— — — — — — — — — —

Að, þar sem leyfi það fyrir hlutafjelagið »Hið mikla norræna ritsímafjelag«, til þess að stofna og starfrækja neðansjávarritsíma milli Hjaltlands, Færeyja og Íslands er á enda hinn 1. september 1926, þá endurnýjum við, ráðherra opinberra verka í Danmörku eftir heimild í lögum nr. 84, 11. maí 1897, um ritsíma og talsíma og að þar til fengnu samþykki ríkisdagsins og atvinnumálaráðherrann á Íslandi eftir konungsúrskurði, dags. . . . . og að fengnu samþykki Alþingis, eftir beiðni fjelagsins, leyfi þess til þess að starfrækja áðurnefndan neðansjávarritsíma frá 1. september 1926, með eftirfarandi skilmálum:

Koncession.

— — — — — — — — — —

— — — — — — — — — —

At da den Aktieselskabet Det Store Nordiske Telegraf-Selskab i sin Tid meddelte Koncession paa Anlæg og Drift af et undersöisk Telegrafkabel mellem Shetlandsöerne, Færöerne og Island udlöber den 1. September 1926, saa meddeler vi, Ministeren for offentlige Arbejder i Danmark og Erhvervsministeren i Island, efter Selskabets derom fremsatte Andragende, for Danmarks vedkommende i Henhold til Lov Nr. 84 af 11. Maj 1897 om Telegrafer og Telefoner og med Rigsdagens dertil givne Samtykke og for Islands Vedkommende i Medför af kongelig Resolution af . . . . og med Altingets dertil givne Samtykke bemeldte Selskab fornyet Koncession paa fortsat Drift fra den 1. September 1926

1. gr.

Leyfi þetta gildir til 31. desember 1934. Áður sá tími er á enda getur annaðhvort ríkjanna eða fjelagið sagt því upp með árs fyrirvara frá næstu áramótum. Slík uppsögn getur þó ekki valdið brottfalli leyfisins fyr en 1. janúar 1930 og síðan aðeins annanhvorn 1. janúar.

2. gr.

Þegar leyfistíminn er á enda getur leyfið fengist endurnýjað. Danmörk og Ísland eiga rjett á, ef ríkin óska, að heimta, að sæsíminn sje framseldur þeim til eignar endurgjaldslaust, þegar svo stendur á sem hjer segir:

Ef fjelagið segir upp leyfinu fyr en 1934, samkvæmt 1. gr., eða ef það óskar ekki að leyfistímanum loknum að fá leyfið endurnýjað með óbreyttum skilmálum og með símagjöldum, sem stjórnir þær, er leyfið hafa veitt, eru sammála um að telja hæfileg — í því sambandi er það tekið fram, að kostnaður fjelagsins af kaupum og lagningu sæsímans telst að fullu greiddur með framlagi ríkjanna á fyrra leyfistímanum — eða ef fjelagið brýtur leyfið af sjer.

Ef annaðhvort ríkjanna vill ekki eiga þátt í að taka við sæsímanum til eignar á hitt ríkið rjett á að fá hann til eignar að nokkru eða öllu leyti.

3. gr.

Meðan leyfið stendur fær fjelagið allar tekjur af sæsímanum. Gjöldin fyrir notkun sæsímans eru ákveðin samtímis samningum um leyfisbrjef þetta, og verður þeim ekki breytt meðan leyfið stendur nema með samningi milli fjelagsins og stjórna ríkjanna.

at regne af det fornævnte Kabel paa følgende Vilkaar:

§ 1.

Nærværende Koncession er gældende indtil den 31. December 1934. Forinden den Tid kan den af en af Staterne eller af Selskabet opsiges med eet Aars Varsel til en 1. Januar; saadan Opsigelse kan dog tidligst finde Sted til den 1. Januar 1930 og derefter kun til hveranden 1. Januar.

§ 2.

Naar Koncessionen er udlöben, vil den kunne fornyes. Danmark og Island er berettiget til, saafremt de önsker det, at fordre sig Kablet overdraget uden Vederlag i følgende Tilfælde:

Saafremt Selskabet forinden 1934 opsiger Koncessionen i Henhold til § 1, eller saafremt Selskabet ved Koncessionens Udlöb ikke önsker at faa Koncessionen fornyet paa uforandrede Vilkaar og med Takster, som de koncessionsgivende Regeringer enes om at finde passende — i hvilken Henseende bemærkes, at Selskabets Udgifter til Kablets Anskaffelse og Udlægning betragtes som amortiserede gennem Regeringstilskuddene i förste Koncessionsperiode — eller saafremt Koncessionen erklæres forbrudt.

Önsker den ene af Staterne ikke at deltage i Overtagelsen af Kablet, er den anden Stat berettiget til helt eller delvis at overtage dette.

§ 3.

I Koncessionstiden oppebærer Selskabet alle af Kablets Drift flydende Indtægter. Taksterne for Kablets Benyttelse er fastsatte samtidig hermed og kan i Koncessionstiden kun ændres ved Overenskomst mellem Selskabet og Regeringerne.

4. gr.

Fjelagið sjer um starfrækslu sæsímans í Færeyjum, Danmörku að kostnaðarlausu.

Starfræksla sæsímans á Íslandi er í höndum símastöðvar, sem íslenska ríkið heldur uppi og skipar íslenska stjórnin starfsmenn á þeirri stöð. Hafa þeir á hendi, eftir nánara samkomulagi við fjelagið, þær mælingar á sæsímanum, sem nauðsynlegar eru eftir venjum fjelagsins. Með samningi milli stjórnarinnar og leyfishafa verður ákveðið hvaða greiðslu leyfishafa ber að inna af hendi vegna þessarar starfrækslu.

5. gr.

Meðan leyfið stendur ber fjelagið allan kostnað, sem stafar af viðhaldi sæsímans. Ef sæsíminn skemmist eða slitnar, er fjelagið skylt til, svo fljótt sem unt er, að gera ráðstafanir til þess að bæta það, sem aflaga fór. Stjórnir þær, sem leyfið veita, eiga enga kröfu til skaðabóta vegna tekjurýrnunar, er stafar af, að sæsímanum er áfátt. Slit eða bilun á símalínunni milli landtökustaðar sæsímans og Reykjavíkur lætur íslenska stjórnin endurbæta eins fljótt og unt er.

Ekki á leyfishafi undir neinum kringumstæðum kröfu til skaðabóta fyrir tekjurýrnun vegna bilana á símalínum þeim eða stöðvum, sem eru í sambandi við sæsímann.

6. gr.

Leyfishafi getur því aðeins framselt öðrum rjett sinn eftir leyfi þessu, að stjórnir þær, sem það hafa veitt, samþykki. Slíkt samþykki þarf einnig, ef núverandi leyfishafi, Hið mikla norræna ritsímafjelag, skyldi óska að breyta

§ 4.

Betjeningen af Kablet paa Færöerne sker ved Selskabets Foranstaltning uden Udgift for Danmark.

Betjeningen af Kablet i Island sker paa islandsk Statstelegrafstation ved det af den islandske Regering antagne Telegrafpersonale, som ogsaa, efter nærmere Aftale med Selskabet, foretager de efter dettes almindelige Praksis fornödne Maalinger af Kablet. Det fastsættes ved Overenskomst mellem Regeringen og Koncessionshaveren, hvilke Ydelser Koncessionshaveren i den Anledning vil have at udrede.

§ 5.

I Koncessionstiden afholder Selskabet alle med Kablets Vedligeholdelse og Drift forbundne Omkostninger. Indtræffer der Fejl paa eller Afbrydelser af Kablet, er Selskabet pligtigt til hurtigst muligt at træffe Foranstaltninger til Fejlens Afhjælpning. De koncessionsgivende Regeringer har intet Krav paa Erstatning for Indtægtsforringelse fra Fejl paa Kablet. Afbrydelser eller Fejl, der maatte indtræffe paa Telegrafledningen mellem Kablets Landingssted og Reykjavik, vil af den islandske Regering blive afhjulpne hurtigst muligt.

For Indtægtsforringelse ved Kablets Drift, der skyldes Forstyrrelser paa de i Forbindelse med Kablet staaende Landlinier eller Stationer, har Koncessionshaveren under ingen Omstændigheder noget Krav paa Erstatning.

§ 6.

Koncessionshaveren kan kun med de koncessionsgivende Regeringers Samtykke overdrage nærværende Koncession til andre. Saadant Samtykke er ogssaa nödvendigt, hvis den nuværende Koncessionshaver, Det Store Nordiske Telegraf-

þjóðerni eða flytja aðsetur sitt frá Kaupmannahöfn í annað lögsagnarumdæmi.

7. gr.

Á leyfistímanum má ekki veita neinum öðrum en fjelaginu rjett til símalagningar eða annara rafmagnssambanda, sem ætluð eru til almenningsnota, milli Íslands og Færeyja eða milli Íslands og og Færeyja og annara hluta Norðurálfu. Aftur á móti er leyfi þetta ekki því til fyrirstöðu, að reistar sjeu á Íslandi og í Færeyjum loftskeytastöðvar til sambands við skip á sjó úti.

Blaðaskeyti, — þar með talin frjettaskeyti, sem send eru þráðlaust og ekki ætluð einstökum mönnum, — veðurskeyti og skeyti til og frá Grænlandi, má þó afgreiða til og frá loftskeytastöð á Íslandi, sem íslenska stjórnin byggir og rekur. Einnig má slík loftskeytastöð annast öll firðskeytaviðskifti þegar sæsíminn er slitinn, ef styrjöld ber að höndum og annars þegar svo sjerstaklega stendur á, að fjelagið telur sjer ekki fært að koma símskeytum áfram hindrunarlaust. Ennfremur má einstaka sinnum senda skeyti til og frá slíkri stöð, ef ókeypis er og ekki meira en svo að telja megi fjárhagslega þýðingarlaust. Sömu rjettindi til þráðlausra skeytasendinga, sem Ísland hefir eftir þessari grein, hefir Danmörk einnig að því er kemur til Færeyja.

8. gr.

Þeir starfsmenn, sem skipaðir verða til þess að rækja símastöðina í Þórshöfn, skulu hafa rjett innborinna manna í Danmörku. Þeir skulu vinna heit það,

Selskab, skulde önske at forandre Selskabets Nationalitet eller flytte sit Sæde fra Kjöbenhavn og henlægge det under anden Jurisdiktion.

§ 7.

I Koncessionstiden skal der ikke kunne gives nogen anden end Selskabet Koncession paa Kabler eller andre til offentligt Brug bestemte elektriske Forbindelsesmidler mellem Island og Færöerne indbyrdes eller mellem Island og Færöerne og nogen Del af Europa. Derimod skal nærværende Koncession ikke være til Hinder for, at der paa Island og Færöerne oprettes traadlöse Telegrafstationer til Udveksling af Telegrammer med Skibe i Söen.

Pressetelegrammer, herunder traadlöse Nyhedstelegrammer uden Enkeltmandsadresse, og meteorologiske Telegrammer samt Telegrammer til og fra Grönland kan dog besörges til og fra en af den islandske Regering anlagt og drevet Radiotelegrafstation paa Island, ligesom hele Telegrafkorrespondancen kan henlægges til en saadan Radiotelegrafstation, naar Kablet er afbrudt og i Krigstilfælde samt under andre ekstraordinære Forhold, hvor Selskabet ikke ser sig i Stand til at befordre Korrespondancen uhindret. Endvidere kan i Undtagelsestilfælde uden ökonomisk Betydning ogsaa andre Telegrammer besörges gebyrfrit over den nævnte Radiotelegrafstation. De samme Rettigheder, som i denne Paragraf er tillagt Island med Hensyn til Radiobesörgelsen, tilkommer ogsaa Danmark, for saa vidt angaar Færöerne.

§ 8.

De Personer, der ansættes til Kablets Betjening paa Stationen i Thorshavn, skal have dansk Indfödsret. De skal aflægge det for danske Telegraftjeneste-

um að gæta þagnarskyldunnar, sem fyrirskipað er dönskum símamönnum og skulu hlíta hegningarákvæðunum í 18. gr. laga 11. maí 1897.

9. gr.

Stjórnir þær, sem leyfið veita, áskilja sjer rjett til þess að hætta að nota sæsímann þegar þörf er á því, vegna almenningsöryggis, án þess að fjelagið eigi skaðabótakröfu af því.

10. gr.

Eftir lok hvers reikningsárs er fjelaginu skylt að senda ráðuneyti opinberra verka og atvinnumálaráðuneytinu íslenska reikning yfir tekjur og gjöld sæsímans hið liðna reikningsár.

11. gr.

Ef ágreiningur rís um skilning á leyfisbrjefi þessu, er fjelaginu skylt að hlíta þeim úrskurði, sem stjórnir þær, er leyfið veita, eru sammála um, en annars ber að vísa deilumálum til dómstólanna.

Haldi fjelagið ekki þær skuldbindingar, sem því eru lagðar á herðar í leyfisbrjefi þessu, geta stjórnir þær, er leyfið veittu, svift það leyfinu.

mænd foreskrevne Löfte paa Overholdelse af Telegrafhemmeligheden og er underkastede Straffebestemmelserne i Lov af 11. Maj 1897, § 18.

§ 9.

De koncessionsgivende Regeringer forbeholder sig Ret til at standse Trafiken paa Kablet af Grunde, der vedrörer den offentlige Sikkerhed, uden at der i den Anledning af Selskabet skal kunne rejses noget Krav paa Erstatning.

§ 10.

Efter hvert Regnskabsaars Udgang vil der af Selskabet være at tilstille Ministeriet for offentlige Arbejder og det islandske Erhvervsministerium en Opgörelse over Kablets Indtægter og Udgifter i det forlöbne Regnskabsaar.

§ 11.

Skulde der opstaa Uenighed om Fortolkningen af nærværende Koncession, er Selskabet underkastet den Afgörelse, som de koncessionsgivende Regeringer maatte være enige om, hvorimod Tvivlsspörgsmaal i andre Tilfælde henvises til Domstolene.

Overholder Selskabet ikke de det i nærværende Koncession paalagte Forpligtelser, kan Koncessionen af de koncessionsgivende Regeringer erklæres for forbrudt.

1. fylgiskjal.

Samkvæmt 3. gr. leyfisbrjefs þess handa Mikla norræna ritsímafjelaginu, sem út hefir verið gefið, um sæsímann milli Hjaltlands, Færeyja og Íslands og öðlast gildi hinn 1. september 1926, er Danmörk, Ísland og fjelagið ásátt um, að gjaldið fyrir notkun sæsímans milli Hjaltlands, Færeyja og Íslands, verði,

Bilag 1.

I Medför af § 3 i den for Det Store Nordiske Telegraf-Selskab med Gyldighed fra 1. September 1926 udfærdigede Koncession paa et Telegrafkabel mellem Shetlandsöerne, Færöerne og Island er der mellem Danmark, Island og Selskabet opnaaet Enighed om, at Taksten for Benyttelsen af Kablet mellem Shet-

um leið og leyfisbrjefið öðlast gildi hinn 1. september 1926, 16½ cts. fyrir hvert gjald-orð í öllum þeim skeytum frá Íslandi, sem fara gegnum allan sæsímann, þannig að símskeytagjaldið fyrir hvert orð milli Íslands og Englands verði til samans 38½ cts., er skiftist þannig, að Ísland fær 10 cts, sæsíminn 16½ cts. og England 12 cts. Gjaldið milli Danmerkur og Íslands, sem á að vera hið sama og gjaldið milli Íslands og Englands, færist niður í hlutfalli við þann gjaldhluta, sem hinir 3 aðiljar eiga að fá eftir alþjóða samningum og skiftist þannig: Ísland 7 cts., Íslandssæsíminn 12 cts., England 7 cts., Norðursjávarsæsíminn 7 cts. og Danmörk 5½ cts. Gjaldið milli Íslands og Færeyja verður 23 cts., og fær Ísland af því 8 cts., sæsíminn 12 cts. og Færeyjar 3 cts.

Gjaldið fyrir símskeyti um sæsímann milli Íslands annars vegar og Noregs og Svíþjóðar hinsvegar má setja niður í 15 cts., svo framarlega sem Ísland annars vegar og Noregur og Svíþjóð hins vegar verða ásátt um að færa niður að minsta kosti hlutfallslega sendi- og móttökugjöld sín og sæsímagjöld.

Framannefnd gjöld eru ákveðin með það fyrir augum, að Ísland og England taki þau móttöku- og sendigjöld, sem þau geta krafist, hið fyrnefnda 10 cts. og hið síðarnefnda 12 cts. Ef breytingar verða á þessu á leyfistímanum, getur gjaldbreyting sú, sem þar af leiðir fyrir símskeyti milli Íslands og Danmerkur ekki snert það gjald, 12 cts., sem ákveðið er í þessu sambandi handa Íslandssæsímanum.

Þessi samningur breytir í engu hinum sjerstöku samningum, sem hingað til hafa gilt, um símskeyti, er ríkisstjórnirnar senda og þess háttar skeyti.

landsöerne, Færöerne og Island samtidig med den ny Koncessions Ikrafttræden den 1. September 1926 fastsættes til 16½ cts. pr. Takst-Ord for al med og via Island over hele Kablet udvekslet Korrespondance, saaledes at Telegramtaksten pr. Ord mellem Island og England bliver ialt 38½ cts. fordelt med 10 cts. til Island, 16½ cts. til Kablet og 12 cts. til England. Taksten mellem Danmark og Island, der skal udgöre samme Belöb som Taksten mellem Island og England, egaliseres i Forhold til de de 3 Parter efter de internationale Konventioner tilkommende Takstandele og fordeles saaledes: Island 7 cts., Islandskablet 12 cts., England 7 cts., Nordsökabel 7 cts. og Danmark 5½ cts. Taksten mellem Island og Færöerne bliver 23 cts., nemlig 8 cts. til Island, 12 cts. til Kablet og 3 cts. til Færöerne.

I Forbindelse med Norge og Sverige skal Kabeltaksten for Islandstrafiken kunne nedsættes til 15 cts. under Forudsætning af, at Island paa den ene og henholdsvis Norge og Sverige paa den anden Side indgaar paa at foretage en i det minste tilsvarende Reduktion af de paagældende Terminal- og Kabeltakster.

De forannævnte Takstudregninger er fastsatte under Forudsætning af, at Island og England for Trafik mellem disse to Lande opretholder de dem tilkommende Terminaltakster af henholdsvis 10 og 12 cts. Saafremt der i Koncessionsperioden skulde ske Ændringer heri, skal den derved forvoldte Takstregulering for Forbindelsen mellem Island og Danmark ikke kunne indvirke paa den for Islandskablet i denne Forbindelse fastsatte Takst af 12 cts.

De hidtil gældende Særaftaler med Hensyn til Statstelegrammer, Statspressetelegrammer og lignende beröres ikke af nærværende Overenskomst.

2. fylgiskjal.

Yfirstjórn símamálanna og Mikla norræna ritsímafjelagið eru sammála um það, sem hjer segir:

Um leið og hið nýja leyfi fjelagsins um rekstur sæsímans milli Hjaltlands, Færeyja og Íslands öðlast gildi, eru gjöldin fyrir notkun sæsímans í símaviðskiftum til og frá Færeyjum þannig: Færeyjar — Ísland 12 ctms. hvert gjaldskylt orð, Færeyjar — Hjaltland 12 ctms., og verður símagjaldið milli Færeyja og Íslands því 23 ctms., er skiftist þannig: Færeyjar 3 ctms., sæsíminn 12 ctms., Ísland 8 ctms. Gjaldið milli Færeyja og Englands verður 30 ctms., sem skiftist þannig: Færeyjar 8 ctms., sæsíminn $11^1/_2$ ctms. og England $10^1/_2$ ctms. Gjaldið milli Færeyja og Danmerkur verður einnig 30 ctms., sem skiftist þannig: Færeyjar 0, sæsíminn 9 ctms., England 7 ctms., Norðursjávarsæsíminn $7^1/_2$ ctms. og Danmörk $6^1/_2$ cmts.

Símagjaldið milli Færeyja og Noregs og Færeyja og Svíþjóðar skal ákveðið þannig, að það að minsta kosti verði ekki hærra en gjaldið milli Íslands og Noregs og Íslands og Svíþjóðar. Sendi- og móttökugjaldið á Færeyjum rennur til fjelagsins meðan það rekur símastöðina í Þórshöfn.

Með því að sendi- og móttökugjald Færeyja samkvæmt þessu er hluti af borgun til fjelagsins upp í gjöld, er stafa af starfrækslu símans í Færeyjum, mun yfirstjórn símamálanna, ef nauðsynlegt verður vegna annara þjóða að breyta þeim sendi- og móttökugjöldum, sem að framan eru nefnd, reyna að fá þá skipun á gjöldunum, að tekjur fjelagsins minki ekki.

Að öðru leyti eru gjöldin óbreytileg á leyfistímanum nema samþykki beggja aðilja komi til.

Bilag 2.

Mellem Generaldirektoratet for Telegrafvæsenet og Det Store Nordiske Telegraf-Selskab er der opnaaet Enighed om følgende:

Samtidig med Selskabets nye Koncession paa Kablet mellem Shetlandsöerne, Færöerne og Island træder i Kraft, fastsættes Taksterne for Kablets Benyttelse til Trafik til og fra Færöerne saaledes: Færöerne—Island 12 ctms. pr. Takstord, Færöerne—Shetlandsöerne 12 ctms., saaledes at Telegramtaksten Færöerne—Island bliver 23 ctms., der fordeler sig saaledes: Færöerne 3 ctms., Kablet 12 ctms., Island 8 ctms. Taksten Færöerne-England bliver 30 ctms., der fordeles saaledes: Færöerne 8 ctms., Kablet $11^1/_2$ ctms., England $10^1/_2$ ctms. Taksten Færöerne—Danmark bliver ligeledes 30 ctms., der fordeler sig saaledes: Færöerne 0, Kablet 9 ctms., England 7 ctms., Nordsökablet $7^1/_2$ ctms., Danmark $6^1/_2$ ctms. Taksten Færöerne—Norge og Sverige skal reguleres saaledes, at den i hvert Fald ikke bliver höjere end Taksten Island—Norge og Sverige. Terminaltaksten paa Færöerne tilfalder Selskabet, saalænge det driver Stationen i Thorshavn.

Under Hensyn til, at den færöiske Terminaltakst saaledes udgör Del af Selskabets Dækning for Udgifter til Betjening af Kablet paa Færöerne, vil Generaldirektoratet, dersom internationale Hensyn skulde nödvendiggöre en Ændring i de ovenfor anförte Terminaltakster, tilstræbe en Takstordning, hvorved Selskabets Indtægter ikke formindskes.

Iövrigt kan Taksterne ikke i Koncessionsperioden ændres uden begge Parters Samtykke.

3. fylgiskjal.

Samkvæmt 4. gr. í leyfisbrjefi Mikla norræna ritsímafjelagsins, dags. . . . ., um rekstur sæsímans milli Hjaltlands, Færeyja og Íslands, er gerður svofeldur samningur milli íslensku stjórnarinnar og fjelagsins:

1.

Fyrir rekstur sæsímans á Íslandi greiðir fjelagið Landssíma Íslands 27,7 af hundr. af brúttó-tekjum sæsímans af Íslands-símskeytum, þó ekki nema af helmingi af skeytum er aðeins fara milli Íslands og Færeyja. Með Íslands-símskeytum er átt við öll símskeyti til Íslands og frá eða sem fara um Ísland.

Þessi skeytaviðskifti eru talin munu gefa í tekjur alls hjerumbil 234600 gullfranka með þeim orðafjölda, sem gert er ráð fyrir og með gjöldum þeim, sem orðið hafa að samkomulagi, og 27,7 af hundraði af því verða þá hjer um bil 65000 gullfrankar. Hin síðastnefnda fjárhæð greiðist með 16250 gullfrönkum í ársfjórðungsreikningunum, þannig að í reikningnum yfir 1. ársfjórðung eru endanlegir reikningar gerðir upp fyrir síðastliðið ár með viðbótargreiðslu eða endurgreiðslu eftir því hvort sæsímatekjurnar af viðskiftunum við Ísland hafa verið yfir eða undir 234600 gullfrönkum.

2.

Fjelagið greiðir til ríkissjóðs Íslands 12,8 af hundraði af brúttó-tekjum sæsímans af Íslands-símskeytum, eins og þau eru skilgreind í 1. gr., þó þannig, að af þeirri fjárhæð sem tekjur þessar nema umfram 234600 gullfranka greiðir fjelagið ennfremur 9,5 af hundraði eða samtals 22,3 af hundraði.

Þetta gjald sem verður hjerumbil 30000 gullfrankar á ári með sömu

Bilag 3.

I Henhold til § 4 i Det Store Nordiske Telegraf-Selskabs Koncession af . . . . . paa Drift af Kablet mellem Shetlandsöerne, Færöerne og Island træffes följende Aftale mellem den islandske Regering og Selskabet:

1.

For Betjening af Kablet i Island betaler Selskabet til det islandske Telegrafvæsen 27,7 pCt af Brutto-Takstindtægten paa Kablet af Islandskorrespondancen, dog kun Halvdelen af Takstindtægten for Terminalkorrespondance mellem Island og Færöerne. Ved Islandskorrespondance forstaas al Korrespondance til og fra Island eller transiterende Island.

Denne Korrespondance er med det nu anslaaede Ordantal og med de vedtagne Takster beregnet at ville indbringe ca. Guldfrancs 234.600, og 27,7 pCt. heraf skulde saaledes udgöre ca. 65.000 Guldfrancs. Sidstnævnte Belöb indgaar med Guldfrancs 16.250 i Kvartalsafregningerne, saaledes at man i Afregningen for Januar Kvartal regulerer Forholdet for det foregaaende Aar ved Tillægsbetaling eller Tilbagebetaling, efter som Kabelindtægten af Islandstrafiken har været over eller under 234.600 Guldfrancs.

2.

Som Afgift til Islands Statskasse betaler Selskabet 12,8 pCt af Brutto-Takstindtægten paa Kablet af Islandskorrespondancen, saaledes som denne er angivet i § 1, dog at der af det Belöb, hvormed bemeldte Takstindtægt overstiger 234.600 Guldfrancs, betales yderligere 9.5 pCt eller ialt 22,3 pCt.

Denne Afgift, som, beregnet paa den i § 1 angivne Maade, vil udgöre ca.

reikningsaðferð, sem lýst er í 1. gr., greiðist með 7500 gullfrönkum í hverjum ársfjórðungsreikningi. Lokareikningsskil fara fram eftir þeim reglum, sem í 1. gr. segir.

Fjelagið er undanþegið sköttum til ríkis og sveitar- eða bæjarfjelaga af símastarfseminni. Hið sama er um gjöld af efni til sæsímaviðgerðar.

3.

Reikningur yfir símskeytagreiðslurnar, þar með taldar viðbótargreiðslur samkvæmt alþjóða-símareglugerðinni, er gerður á þann hátt sem fyrir er mælt í nefndri reglugerð, ef aðiljar verða ekki ásáttir um annað.

Mismunur sá, sem kemur fram á reikningunum, greiðist ársfjórðungslega í gullfrönkum eftir gengi á kauphöll Kaupmannahafnar á greiðsludegi.

4.

Um leið og áðurnefnt leyfisbrjef öðlast gildi, tekur íslenska stjórnin við fasteignum Mikla norræna ritsímafjelagsins á Seyðisfirði, en þær eru: símahúsið með útihúsum, starfsmannabústaður og sæsímahúsið. Í afsalinu eru fólgin húsin sjálf með lóðum þeim er fylgja, eða lóðarrjettindum, vatnsleiðslurjettindi og öll símaáhöld, símaefni, skrifstofuhúsgögn, skrifstofugögn og húsgögn, sem fjelagið á nú í húsunum, eins og þetta er eftir skrá, sem sýnd hefir verið, en með þeim breytingum, sem leiða af venjulegum rekstri og notkun þangað til afhending fer fram.

Samtímis afhendingunni verður gefið út afsal fyrir eignunum og greiðir kaupandi allan kostnað, sem er samfara afsalinu.

Kaupverðið er ákveðið 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur danskar og greiðist með skuldabrjefi kaupanda

Guldfrancs 30.000 aarlig, betales med Guldfrancs 7500 ved hver Kvartalsafregning. Den endelige Regulering vil finde Sted efter de i § 1 nævnte Regler.

Selskabet skal være fritaget for Skatter til Stat og Kommune i Anledning af Telegrafvirksomheden, herunder ogsaa for Afgifter af det til Kabelreparation bestemte Materiale.

3.

Afregning over Telegramgebyrerne, herunder indbefattet Tillægsgebyrer i Henhold til det internationale Telegrafreglement, foregaar, med mindre anden Aftale træffes, paa den i det internationale Telegrafreglement foreskrevne Maade.

Den ifölge Afregningerne fremkommende Saldo afgöres kvartalsvis i Guldfrancs efter Kursen paa Kjöbenhavns Börs paa Betalingsdagen.

4.

Samtidig med fornævnte Koncessions Ikrafttræden overtager den islandske Regering Store Nordiske Telegraf-Selskabs faste Ejendomme paa Seydisfjord, nemlig Telegrafbygningen med Udhuse og Funktionærboligen samt Kabelhuset. Under Overdragelsen er indbefattet Bygningerne med tilhörende Grundarealer eller Grundrettigheder samt Vandledningsrettigheder og alle i Bygningerne værende og Selskabet nu tilhörende Telegrafapparater, Telegrafmateriel, Kontorinventar, Kontormateriale og Indbo, som det foreligger ifölge foreviste Specifikationer med de Ændringer, som normal Drift og Brug indtil Overtagelsen maatte medföre.

Samtidig med Overtagelsen udfærdiges Sköde paa Ejendommene og samtlige med Overdragelsen forbundne Udgifter bæres af Köberen.

Köbesummen er fastsat til ialt kr. 100.000 — skriver Eet Hundrede Tusinde

til fjelagsins fyrir þeirri fjárhæð og samhljóða uppkasti, sem fylgir.

Fjelagið skal, þar til afhending fer fram, vátryggja húsin og lausafjármunina fyrir fullu verði þeirra. Ef bruna ber að höndum áður en afhending fer fram, ganga skaðabæturnar fyrir brunann, eftir því sem fyrir er mælt í vátryggingarskírteini, til kaupanda, um leið og afhending fer fram, en að öðru leyti á hann ekki kröfu á seljanda.

5.

Íslenska símastjórnin gerir ekki breytingar, sem lúta að faglegum rekstri stöðvarinnar og torvelda samvinnuna við stöðvar utan Íslands, nema með samþykki fjelagsins. Ekki má flytja stöðina nje gera aðrar breytingar, sem máli skifta fyrir samvinnuna, nema ráðgast sje um það áður.

6.

Þessi samningur gildir meðan leyfisbrjefið er í gildi.

Kroner — dansk Mönt og berigtiges ved, at Köberen afgiver Gældsbevis til Selskabet for dette Belöb i Overensstemmelse med vedlagte Koncept.

Indtil Overtagelsen skal Selskabet holde Bygningerne og Lösöret forsikret for fulde Værdi. I Tilfælde af Ildsvaade inden Overtagelsen oppebærer Köberen ved Overtagelsestiden Erstatningsbelöb for Brandskade paa statutmæssige Vilkaar, men kan iövrigt ikke göre Krav gældende mod Sælgeren.

5.

Det islandske Telegrafvæsen vil ikke uden Aftale med Selskabet foretage tekniske Forandringer i Stationstjenesten, som vanskeliggör Samarbejdet med Stationer udenfor Island. Forandring i Stedet for Stationstjenesten samt andre Forandringer af væsentlig Betydning for Samarbejdet vil kun ske efter forudgaaende Forhandling.

6.

Nærværende Overenskomst er gældende, saalænge Koncessionen gælder.

Skuldabrjef.

Landssími Íslands viðurkennir hérmeð að skulda *h/f »Hinu mikla norræna ritsímafjelagi«* í Kaupmannahöfn 100000 — eitt hundrað þúsund — kr. danskar, vegna kaupa á ritsímahúsinu á Seyðisfirði með útihúsum, starfsmannahúsinu og sæsímahúsinu, ásamt lóðum þeim og lóðarrjettindum sem húsunum fylgja, vatnsleiðslurjettindum, öllum símaáhöldum, öllu símaefni, skrifstofuhúsgögnum, skrifstofugögnum og húsgögnum, sem tjeð fjelag á nú í húsum þessum á Seyðisfirði, og er lausafjeð keypt eftir skrám, sem sýndar hafa verið og með þeim breytingum, sem af venjulegum

Obligation.

Som Godtgörelse for Overtagelsen fra *Det Store Nordiske Telegraf-Selskab, Aktieselskab,* i Kjöbenhavn af de Selskabet tilhörende Ejendomme i Seydisfjord, nemlig Telegrafbygningen med Udhuse og Funktionærboligen samt Kabelhuset, herunder indbefattet Bygningerne med tilhörende Grundarealer eller Grundrettigheder samt Vandledningsrettigheder og alle i Bygningerne værende og Selskabet nu tilhörende Telegrafapparater, Telegrafmateriel, Kontorinventar, Kontormateriale og Indbo, som det foreligger ifölge foreviste Specifikationer med de Ændringer, som normal Drift og Brug

rekstri og notkun leiða, þar til afhending fer fram.

Af andvirðinu eða þeim hluta þess, sem á hverjum tíma er ógreiddur, greiðir Landssími Íslands Hinu mikla norræna ritsímafjelagi 5 af hundraði í vöxtu á gjalddaga 1. júní og 1. desember ár hvert, í fyrsta sinni 1. júní 1927.

Landssími Íslands skuldbindur sig ennfremur til þess að greiða kaupverðið á 10 árum, þannig að hinn 1. júní 1927 og síðan hvern 1. desember og 1. júní greiðist 5000 kr. í afborgun. Allar fjárhæðirnar greiðast skaðlaust til fjelagsins í Kaupmannahöfn.

Landssími Íslands á rjett á að greiða hærri afborganir en að framan er sagt.

Ef vextir og afborganir greiðast ekki á rjettum gjalddaga, eða ef íslenska stjórnin segir upp leyfi fjelagsins um rekstur sæsímans til Íslands, er heimilt að krefjast greiðslu á því, sem ógeitt er með 3 (þriggja) mánaða fyrirvara.

indtil Overtagelsen maate medføre, erkender *Islands Telegrafvæsen* at være Selskabet skyldig danske Kr. 100.000, — er Eet Hundrede Tusinde Kroner.

Af Overtagelsessummen, eller hvad deraf til enhver Tid maatte være til Rest, svarer Islands Telegrafvæsen Det Store Nordiske Telegraf-Selskab en aarlig Rente af 5 pCt, der forfalder med Halvdelen hver 1. Juni og 1. December, første Gang den 1. Juni 1927.

Islands Telegrafvæsen forpligter sig derhos til at betale Overtagelsessummen i Løbet af 10 Aar, saaledes at der den 1. Juni 1927 og fremdeles hver 1. December og 1. Juni betales et Afdrag af Kr. 5,000. Alle Beløbene indbetales skadeslöst til Selskabet i Kjöbenhavn.

Islands Telegrafvæsen er berettiget til at foretage större Afdrag end de nævnte.

Hvis forfaldne Renter og Afdrag ikke maatte blive punktlig erlagte, eller hvis Selskabets Koncession paa Driften af Islands Kablet maatte blive opsagt af den islandske Regering, skal det til enhver Tid skyldige Beløb kunne opsiges til Udbetaling med 3 (tre) Maaneders Varsel.

Nd. **19. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar um síldveiðilöggjöf.

Flutningsmaður: Jörundur Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að kjósa 3 manna milliþinganefnd í sameinuðu þingi, með hlutfallskosningu, til þess að íhuga og gera tillögur um, hvernig hagkvæmast muni að haga síldveiði hjer við land til frambúðar. Kostnað þann, er leiðir af nefndarstörfunum, skal greiða úr ríkissjóði.

20. Frumvarp

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út ný bankavaxtabrjef.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabrjef, alt að 10 miljónum króna. Vaxtabrjefunum má skifta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 5. flokkur veðdeildarinnar og hinir í áframhaldandi töluröð þar á eftir. Fjármálaráðherra ákveður hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefir gert tillögur um það. Fyrstu fjögur árin, eftir að 5. flokkur er settur á stofn, veitist tillag til þessara veðdeildarflokka úr ríkissjóði 8000 kr. á ári.

2. gr.

Veðdeildin getur út skuldabrjef er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabrjefanna. Fjármálaráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabrjefin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabrjefum, en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabrjefum.

3. gr.

Auk veðskuldabrjefa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabrjefum þessara flokka vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggínganna 1—3, skal gera það í þeirri röð sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabrjefunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rjett til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fje veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verslunarstöðum, en gegn veði í húseignum því að eins, að þær sjeu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda.

Lánsupphæð má ekki fara fram úr $^3/_5$ af virðingarverði fasteignarinnar.

Ennfremur er heimilt að veita lán bæjar-, sýslu- og sveitarfjelögum.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sú er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini sem bankastjórnin tekur gild fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhjeraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarflokkanna skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar: Skal í reglugerð deildarinnar ákveða hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar, og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti. Minsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera alt að 40 árum, sje veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og alt að 30 árum, sje veðið vandað timburhús. Sje lánið bæjarlán, sýslulán, eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgenga peninga end-

urgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir og verðfall.

Veðdeildin hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabrjefa þessara flokka fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki fjármálaráðherrann söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskifti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

Verði eigendaskifti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiftin.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sjer greiðslu á láni úr þessum flokkum, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sjer, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrjett sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sjer.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru, og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sjer, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er $^1/_2$ % á ári af upphæð lánsins, eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða auka afborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum hlutaðeigandi flokks eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu ef bankastjórnin samþykkir, þó því að eins, að það sje veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr.

Sjerhver skuldunautur, sem hefir eigi innan 1. nóvember borgað árleg gjöld sín, er hann átti að lúka á næst undangengnum gjalddaga, skal í drátt-arvöxtu af nefndum gjöldum greiða 2 af hundraði fyrir hvern mánuð frá 1. nóvember til borgunardags, og skal þá sá mánuður, sem komið er fram í, teljast sem heill.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabrjef þau, er hlutaðeigandi veðdeildarflokkur hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef í stærra stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rjett hafa handhafar brjefanna þótt eigi sjeu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar og í samsvarandi auglýsingarblöðum erlendis, þar sem ætla má að brjefin sjeu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef með sömu upphæð, sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. -- Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

20. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur

skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu deildarinnar, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

21. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugerð veðdeildarflokkanna skal ákveða á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.) hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr. eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en skráðu gangverði og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsett verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokað er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiftist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti rjettrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefir þaðan aflast.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars nauðsynlegs kostnaðar má greiða alt að 8000 krónum. Til endurskoðenda má verja 500 kr. til hvors.

Lög þessi ganga í gildi nú þegar.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Þegar ákveðið var á Alþingi 1925 að skipa milliþinganefnd í bankamálum var það fram tekið, að meðal þeirra verkefna, sem nefndinni væri ætlað að leysa af hendi, skyldi vera undirbúningur löggjafar um fasteignaveðlán, en slík löggjöf var nauðsynleg og vegna þess að 4. flokkur veðdeildar Landsbankans var á þrotum, og er nú alveg uppgenginn. Eftir tilmælum stjórnarinnar um að hraða þessu máli, sendi nefndin með brjefi 3. febr. 1926 frumvarp til laga, samnefnt því, er hjer liggur fyrir, ásamt athugasemdum. Stjórnin getur í öllum aðalatriðum fallist á uppástungu nefndarinnar, og er frv. það, er hjer liggur fyrir, að mestu leyti gert eftir frv. nefndarinnar, að frátöldum örfáum efnisbreytingum og nokkrum orðabreytingum. Skal hjer gerð grein fyrir helstu breytingunum frá nefndarfrv., en að öðru leyti vísað til athugasemda nefndarinnar, sem prentaðar eru í heild hjer aftan við.

Um 1. gr.

Ástæða þykir til að hafa útgáfuheimild fyrir 10 milj. kr, í stað 8, sem nefndin stingur upp á, sökum þess að ekki þykir ólíklegt að lánveitingar verði meiri og upphæðin því gangi fyr til þurðar en nefndin og Landsbankastjórnin gera ráð fyrir, einkum ef bærilega tekst til með sölu vaxtabrjefanna. Þá hefir og þótt rjett að ákveða beinlínis að næsti flokkurinn nefnist 5. flokkur veðdeildar, og svo áfram. Felt er úr nefndarfrv. ákvæði er skyldar til að verja ákveðinni upphæð árlega í 4 ár til þess að auglýsa vaxtabrjefin, því að slíkt lagaboð getur orðið alveg óviðeigandi, ef t. d. er samið fyrirfram um sölu vaxtabrjefa, og virðist yfir höfuð fremur eiga heima í reglugerð en í sjálfum lögunum.

Um 3. gr.

Orðabreytingar á þessari grein og ýmsum öðrum gr., sem eigi verður um getið sjerstaklega, miða að því að gera það ljóst, sem líka virðist hafa vakað fyrir nefndinni, að hver þeirra flokka, sem stofnsettir verða eftir þessum lögum, á að vera sjálfstæð heild á sama hátt og veðdeildarflokkar þeir, sem hingað til hafa verið stofnsettir með aðskildum fjárhag. En þar að auki er hjer sú breyting gerð á till. nefndarinnar, að upp er tekin sameiginleg ábyrgð lántakenda. alt að 10%, eins og ákveðið er í lögunum um 4. fl. veðdeildar. Það má að vísu

segja að þessi sameiginlega ábyrgð sje ekki allskostar eðlileg, meðan lántakendur taka ekki þátt í stjórn stofnunarinnar, en þar sem hjer er einungis að ræða um bráðabirgðarskipulag, í beinu framhaldi af 4. fl. veðdeildar, og þar sem ekki þykir rjett að auka ábyrgð ríkissjóðs með því að fella burt tryggingu á undan þeirri ábyrgð, án þess þá að setja neitt annað í hennar stað, þá er stungið upp á að halda sömu ákvæðum um þetta, sem giltu um 4. flokk.

Um 8. gr.

Hún er ekki í frv. nefndarinnar, en leiðir beint af ákvæðinu um sameiginlega ábyrgð í 3. gr. þessa frv.

Um 15. gr.

Nefndin stingur upp á að dráttarvextir, sem voru 1% fyrir hvern ábyrjaðan mánuð í reglugerð 4. flokks, verði 5% fyrir hvern ábyrjaðan mánuð. Þetta þykir alt of langt farið, og er ákvæðið hjer orðað þannig, að fyrir greiðslu í fyrsta mánuði eftir gjalddaga verða dráttarvextir eins og áður, 2%, en síðan bætast 2% við fyrir hvern ábyrjaðan mánuð.

Um 24. gr.

Greinin er orðuð öðru vísi en tilsvarandi grein, (23. gr.) í nefndarfrv., meðfram fyrir þá sök, að orðalag hennar gerði einungis ráð fyrir einum flokki, og var því ekki í fullu samræmi við frv. að öðru leyti, en efnisbreyting er óveruleg.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda nefndarinnar, en við samanburð þeirra við þetta frv. verður að hafa í huga að 8. til 24. gr. í nefndarfrv. svarar grein fyrir grein til 9.—25. gr. í þessu frv.

Athugasemdir milliþinganefndarinnar í bankamálum við frumvarp hennar.

Nefndin hafði afráðið að haga störfum sínum þannig, að taka fyrst fyrir seðlaútgáfufyrirkomulagið, og síðan þau önnur verkefni sem henni voru falin enda gerir þingsályktunin um nefndarskipunina ráð fyrir því, að frumvarp um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar verði afgreitt svo fljótt, að það verði lagt fyrir Alþingi 1926. Samkvæmt þessu var ráðgert að festa íhugun um fyrirkomulag fasteignaveðlánastofnunar þar til nefndin hefði afgreitt seðlaútgáfumálið. — Þó voru gerðar undirbúningsráðstafanir um fasteignalánamálið.

En á síðastliðnu hausti tjáði fjármálaráðherra formanni nefndarinnar að IV. fl. veðdeildarinnar mundi útgenginn fyrir þing 1926; væri því brýn nauðsyn að nefndin gerði einhverjar tillögur um það mál fyrir þingið. — Ræddi nefndin síðan málið á nokkram fundum og var sammála um það, að óhugsandi væri, að tími ynnist til þess að gera tillögur um frambúðarfyrirkomulag á fasteignaveðlánsstofnun í landinu, nema, ef til vill, ef seðlaútgáfumálið væri látið verða útundan. En það taldi nefndin ekki heimilt. Auk þess taldi nefndin óheppilegan

tíma einmitt nú til þess að fastbinda slíkt framtíðarfyrirkomulag fasteignalána hjer á landi, aðallega af tveim ástæðum. — Ræktunarsjóðurinn er alveg nýtekin til starfa og reynsla eigi enn fengin um hann. — Ef útvega á markað fyrir fasteignabrjef erlendis, að meira eða minna leyti, er tíminn nú óhentugur vegna þess að peningagengi vort og landa þeirra, sem hugsanlegt væri að keyptu slík brjef, er ekki enn orðið svo stöðugt, að komist verði hjá áhættu á annanhvorn bóginn, annaðhvort fyrir lánsstofnunina hjer og lánþega í henni, eða fyrir kaupendur brjefanna erlendis. Var því ákveðið að snúa sjer að því, *sem bráðabirgðaráðstöfun*, að gera tillögu um útgáfu nýrra bankavaxtabrjefa.

Leitaði nefndin svo álits Landsbankastjórnarinnar, sem með brjefi dags. 15. des. 1925, tjáði sig fylgjandi því að gerð væri sú bráðabirgðaráðstöfun að gefa út ný bankavaxtabrjef og gerði jafnframt ákveðnar tillögur um þær breytingar frá ákvæðum laga nr. 51, 10. nóv, 1913 (IV. fl. veðdeildarinnar), sem hún teldi æskilegt að gerðar væru í lögum um útgáfu nýrra bankavaxtabrjefa.

Nefndin fjelst að mestu á tillögur bankastjórnarinnar, og hefir auk þess gert nokkrar aðrar breytingar frá lögunum 1913, sem annars hafa verið höfð til fyrirmyndar við samning frumvarps þessa. Verður gerð nánari grein fyrir þeim hjer á eftir í aths. við einstakar greinar frumvarpsins, Verða þar og tilfærðar ástæður Landsbankastjórnarinnar fyrir breytingartillögum hennar.

Um 1. gr.

Grein þessi er orðuð samkv. tillögu bankastjórnarinnar. Síðasta setning greinarinnar: »Af þessum« til greinarloka er frá nefndinni.

Bankastjórnin segir í ástæðum sínum:

»Þar sem framundan er mikil óvissa um vaxtahæð, virðist nauðsyn á, að heimilað sje í lögunum, að skifta megi bankavaxtabrjefunum í flokka, ef þess yrði þörf vegna verulegrar breytingar á vöxtum alment, Annars gæti svo farið, að söluverð brjefanna yrði mjög óhagkvæmt vegna mismunar á vöxtum af brjefunum og annara vaxta.

Til starfrækslu 4. flokks voru lagðar 5000 kr. á ári fyrstu fjögur árin. Þar sem kostnaður við rekstur slíkrar deildar er miklu hærri nú, en áður var, virðist eigi mega ákveða tillagið úr ríkissjóði lægra en 8000 kr. á ári.

Upphæð sú, er hjer er nefnd — 8 milj. kr. — má gera ráð fyrir að nægi í 10 til 12 ár«.

En þar sem hjer er eingöngu um bráðabirgðaráðstöfun að ræða mætti máske segja að upphæðin — 8 milj. kr. — sje óþarflega há, ef hún á að endast í 10 til 12 ár. Nefndin hefir þó ákveðið að halda henni. Bæði er hjer um ágiskun að ræða, hve lengi upphæðin muni nægja, sem draga mætti í efa hvort stæðist, sjerstaklega með tilliti til þess, að gera má ráð fyrir að bygt verði óvenjulega mikið, aðallega í Reykjavík og nærlendis, einmitt á næstu árum, til 1930. Auk þess er hjer stungið upp á fyrirkomulagi, sem gerir mögulegt að loka flokki og hætta öllum lánveitingum, hve nær sem komið væri á fót öðru fasteignalánafyrirkomulagi. Ætti því ekki að verða að sök þótt upphæðin sje ákveðin rífleg. Með því móti ætti og að vera útilokað að enn nýja löggjöf þyrfti um þetta áður en bundinn er endir á fyrirkomulag fasteignalána. En nefndin tekur það skýrt

fram, að upphæðin breytir engu um þá skoðun hennar, að hjer eigi að eins að vera um *bráðabirgaráðstöfun* að ræða.

Nefndin telur heppilegt að gert sje eitthvað til að auglýsa bankavaxtabrjefin og gera almenningi kunnugt að hentugt sje að verja sparifje sínu til kaupa á bankavaxtabrjefum. Auk þess að fastbinda að varið sje ákveðinni upphæð árlega til slíkra auglýsinga, ætlast nefndin til að niðurlagsákvæði greinarinnar geti orðið til þess að bankastjórnin hafi jafnan vakandi auga á því að reyna að útvega markað fyrir brjefin. Einn nefndarmanna, Magnús Jónsson, telur nægilegt að þetta sje orðað sem *heimild* fyrir bankastjórnina.

Um 2. gr.

Greinin er samhljóða að efni 2. gr. laga 1913.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. l. 1913, nema að kipt er burtu ákvæðinu um sameiginlega ábyrgð lántakenda fyrir alt að 10%.

Nefndin telur ákvæði þetta geta verið til þess að gera veðdeildarlánin óaðgengilegri í augum sumra lántakenda, en hinsvegar ekki vera af atriði um verðmæti bankavaxtabrjefanna, sem telja verður fulltryggð að öðru leyti.

Það leiðir af þessari breytingu að 8. gr. l. 1913 er ekki tekin upp í frv. þetta.

Um 4. og 5. gr.

Samhljóða að efni 4. og 5. gr. l. 1913. Orðalagið í byrjun 4. gr. »hvern flokk« er afleiðing af 1. gr.

Um 6. gr.

1. málsgr. er samhljóða 1. málsgr. 6. gr. l. 1913. Tvær síðustu málsgr. koma í stað síðustu málsgr. í 6. gr. laga 1913, sem hljóðar svo: »Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar«.

Breyting þessi er gerð eftir tillögu Landsbankastjórnarinnar, sem segir í ástæðum sínum:

»Úr fjórða flokki veðdeildarinnar hafa verið veitt lán til bæjar-, sveita- og sýslufjelaga samkvæmt 9. gr. laganna frá 1913. Virðist þó rjettara að taka þessa heimild upp í 6. gr, þar sem í þeirri grein eru talin þau lán er veita megi.

Í lögunum um fjórða flokk veðdeildarinnar er heimilað, að lánsupphæðin megi vera alt að helmingi virðingarverðs. Undanfarin ár hafa lánin verið allmikið fyrir neðan þetta hámark, vegna hins óvissa verðlags og gjaldeyrisgengis hefir þótt sjerstök ástæða til þess að fara varlega í sakirnar. Meðfram hefir það haft áhrif í þessu efni, að virðingargerðir hafa verið ærið misjafnar og því eigi nothæfar sem skyldi. Á síðustu árum hefir allmikið unnist í þá átt, að virðingargerðir eru ábyggilegri og fullkomnari, en áður var, og vænta má enn bóta í þessu efni. — Með tilliti til þessa verður að teljast áhættulaust að heimila lánveitingu alt að $^{8}/_{5}$ virðingarverðs. Sú heimild yrði að sjálfsögðu eigi notuð fyr en festa er komin á verðlagið og þá að eins, er fyrir liggja í alla staði fullkomnar virðingargerðir«.

Nefndin lítur svo á að treysta verði bankastjórninni til þess að ákveða í hverju einstöku tilfelli hve mikið megi lána af virðingarverði svo fulltrygt sje, þótt hámarkið sje hækkað þetta. Hinsvegar virðist sanngjarnt að lánið sje eigi einskorðað við helming virðingarverðs hve gætilega sem virt er, sjerstaklega með því að hjer fæst að jafnaði hvergi lán gegn 2. veðrjetti í fasteignum sem stendur. Enda gott eftirlit með virðingum og gætileg lán, mun meiri trygging fyrir örygg brjefanna, en lagaákvæði um helmingshámark, ef hins er ekki gætt.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. í l. 1913.

Um 8. gr.

Í l. 1913 er hámark lánsupphæðar ákveðið 50 þúsund kr. Landsbankastjórnin lagði til að það yrði fært upp í 150,000 kr. með þeim ástæðum að í þessu felist »í sjálfu sjer engin breyting frá því sem var, þegar tillit er tekið til rýrnunar þeirrar, er orðið hefir á gildi peninga. Sjerstaklega með tilliti til Reykjavíkur álítum vjer að hámarkið megi ekki vera lægra, og það jafnvel þótt gert sje ráð fyrir að ísl. gjaldeyair nái aftur gullgildi. Það má búast við að hjer í bæ, verði á komandi árum bygð stór fjölbýlishús og er það nauðsyn að sjá þeim er byggja slík hús, fyrir sæmilegum 1. veðrjettarlánum«.

Nefndin vill fara skrefi lengra, en það sem landsbankastjórnin telur vera *lægsta* hámarkið og leggja það á vald bankastjórnarinnar í hverju einstöku tilfelli hve hátt lán skuli veita.

Hámarkslánstími út á stein- eða steinsteypuhús og timburhús er hjer lengdur um 5 ár, frá því sem var 4. fl. eftir tillögu bankastjórnarinnar.

Um 9. gr.

Samhljóða að efni 10. gr. 1. 1913.

Um 10. gr.

Hjer eru gerðar tvær breytingar frá 11. gr. 1. 1913.

1. að ákveða megi í reglugerð að 1% lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi. Er það gert eftir tillögu bankastjórnarinnar, til þess að ljetta fyrir lántakendum.
2. Felt er burt sjerstakt gjald 1%, er greiðast átti í varasjóð við hver eigandaskifti.

Bankastjórnin lagði til að gjald þetta yrði fært niður í 1% og segir, að það virðist nægilega hátt. En nefndin telur varasjóði 1% svo lítinn tekjubæti, að hans vegna sje óhætt að fella gjaldið alveg niður.

Gjaldi þessu, sem var nýjung í ákvæðum veðdeildarinnar 1913, mun hafa verið ætlað að ljetta eftirlitið með því, að menn tilkyntu eigendaskifti að fasteignum, sem veðsettar væru veðdeildinni, og átti það að tvöfaldast ef eigendaskiftin voru eigi tilkynt með næsta pósti eftir að salan fór fram. Eftir því sem nefndinni er tjáð af bankastjórn og starfsmönnum veðdeildarinnar, og nefndinni er raunar kunnugt á annan hátt, hefir gjald þetta verið mjög óvinsælt. Menn

hafa átt erfitt með að fallast á, að það væri rjettlát aukabyrði, sem með því er lögð á lánþega í veðdeild. Svo virðist og sem þetta aukagjald geti freistað manna til þess gagnstæða því, sem því er ætlað, þ. e. að tilkynna *ekki* eigendaskifti í því skyni, að reyna að komast hjá gjaldinu. Enda er nefndinni tjáð, að slíkt komi eigi sjaldan fyrir.

Af þessum ástæðum telur nefndin rjett, að fella gjaldið alveg niður.

Um 11., 12., 13., 15., 16. og 17. gr.

Greinar þessar eru að efni samhljóða 12., 13., 14., 15., 16. og 17. gr. í l. 1913.

Um 14. gr.

Slík ákvæði eru ekki í l. 1913, en í *reglugerð* veðdeildarinnar. Eru þar ákveðnir 1% dráttarvextir fyrir hvern mánuð, af reglulegum árlegum veðdeildargjöldum, sem eigi eru greidd innan 1. nóvember.

Nefndinni þykir rjettara, að lagaheimild sje fyrir slíku refsigjaldi. Hinsvegar er nefndinni tjáð, að gjaldið sje svo lágt, að það nái alls eigi tilgangi sínum, að hvetja menn til greiðslu á rjettum gjalddaga. Ársgreiðslur eru að jafnaði svo lágar upphæðir, t. d. fjöldi þeirra innan við 100 krónur alt niður í 25 krónur, að 1% af þeim munar fáa um. Enda er nefndinni tjáð, að ýmsir menn, sem auðveldlega geta greitt á rjettum gjalddaga, hafi þá venju, að láta greiðsluna dragast einn mánuð eða fleiri fram yfir. Slíkri stofnun, sem veðdeildinni, er svo brýn nauðsyn á, að ársgjöld greiðist reglulega, að sjálfsagt virðist að ákveða dráttarvexti svo háa, að menn láti sig muna eitthvað um þá.

Í þessu sambandi þykir rjett að benda á hvort eigi væri rjett að rýmka greiðsludagana fyrir árgjöld og uppborgun lána frá því sem nú er, 1.—14. október, og hafa þá allan óktóbermánuð. Enda falla nú eigi á dráttarvextir ef greitt er fyrir 1. nóvember.

Um 18. gr.

Samhljóða 18. gr. í l. 1913, nema í l. 1913 er ákveðið að auglýsa skuli bjefin í Ríkistíðindum í Kaupmannahöfn, en hjer sett í staðinn: »í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má að brjefin sjeu í umferð«. Þessi breyting virðist eðlileg og þarf væntanlega ekki frekari skýringar.

Um 19.—21. gr.

Samhljóða 19.—21. gr. í l. 1913.

Um 22. gr.

Í l. 1913 endar 22. gr. svo: »eða sjeu bankavaxtabrjefin verðlögð í erlendum kaupstöllum, þá eigi hærra verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík«. Þetta er felt burt, en greinin látin enda svo: »en þá eigi hærra verði en skráðu gengisverði og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er«. Orðalag þetta virðist heppilegra, einnig með tilliti til þess, að væntanlega dregst ekki lengi, að skráð verði verðlag þessara brjefa hjer á landi.

Um 23. gr.

Grein þessi er sett inn eftir tillögu bankastjórnarinnar með þeim ástæðum, að varasjóð, sem safnast kunni, megi skoða sem eign lántakenda, en þar sem eigi virðist framkvæmanlegt að skila honum til rjettra hlutaðeigenda, virðist rjett og eðlilegt, að honum sje ráðstafað á þann hátt, sem segir í greininni.

Um 24. gr.

»8000 kr.« í samræmi við 1. gr. Þóknun endurskoðenda var 300 kr í l. 1913, en er hjer sett 500 kr. Greinin að öðru leyti samhljóða 23. gr. l. 1913.

Um lokaákvæðið.

Þar sem 4. fl. veðdeildarinnar er nú þegar tæmdur, er æskilegt, að lög þessi komist til framkvæmda sem allra fyrst, svo sem styst verði bilið, er veðdeildarlán eru ófáanleg.

Ed. 21. Nefndarálit

um frumvarp til laga um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað ofangreint frumvarp. Er hún algerlega samþykk þeirri hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir frumvarpinu, að það beri að stemma sem mest stigu fyrir þeirri varhugaverðu viðleitni bæði einstaklinga og fjelaga að afla sjer fjár, ýmist með happdrætti, ýmist með hlutaveltum.

Að því er snertir happdrættisaðferð þá, sem farin er að tíðkast í verslun og minst var á við 1. umr. þessa máls, þá lítur nefndin svo á, að hana beri að hefta sem óeðlilega og óviðeigandi verslunaraðferð, en telur hinsvegar, að það haft felist fullkomlega í ákvæðum 1. gr., ekki hvað síst, ef smávægileg breyting, sem nefndin leggur til að gerð sje á henni, verður samþykt.

Að því er snertir 2. gr. frv., þá leggur nefndin til að breyta henni á þann hátt, að fella úr henni sektarákvæðið, en setja í þess stað inn í frumvarpið nýja grein, er innihaldi sektarákvæði fyrir brot bæði gegn 1. og 2. gr. þess.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frumvarpið sje samþykt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu »Happdrætti« komi: hverrar tegundar sem er.
2. Við 2. gr. Orðin: »Að viðlögðum — til ríkissjóðs« falli burt.

3. Við 2. gr. Orðin: »Með brot gegn — lögreglumál« (síðari málsgr.) falli burt.
4. Á eftir 2. gr. komi ný grein (3. gr.), svo hljóðandi:
   Brot gegn 1. gr. sæta sektum til ríkissjóðs, 50—2000 kr., en brot gegn 2. gr. 500—5000 kr., og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.
5. 3. gr. verður 4. gr.

Alþingi, 11. febr. 1926.

Jóh. Jóhannesson, form.	Eggert Pálsson, fundaskr. og frsm.	Guðm. Ólafsson.

Nd. **22. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Flutningsm.: Jakob Möller.

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn er bæjarstjórnum heimilt að gera samþyktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskifti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sje þar seldur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1926.

Greinargerð.

Frv. þetta er samhljóða frv., sem samþykt hefir verið í neðri deild á tveim síðustu þingum, en felt í efri deild. En á síðasta þingi var það felt með aðeins eins atkvæðis mun, og má því fullyrða, að það hafi nú ríflegan meiri hluta í þinginu. Það virðist því rjett að láta það koma fram enn á ný.

Lögin um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum voru sett í því skyni aðallega að vernda starfsmenn verslananna gegn óhæfilega löngum vinnutíma, og það er auðsætt, að nákvæmlega sömu rök eru fyrir þessum viðauka við lögin. Hinsvegar er það auðvitað á valdi bæjarstjórnanna, hvort þær nota lagaheimildina, en það fer væntanlega eftir því, hve brýn þörfin er talin á hverjum stað.

Til frekari greinargerðar fyrir frv. þessu vísast til þskj. Nd. 56, 1925.

Nd. **23. Frumvarp**

til laga um skiftíng Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Gullbringu- og Kjósarsýsla skal vera eitt kjördæmi og kjósa einn alþingismann.

2. gr.

Hafnarfjarðarkaupstaður skal vera eitt kjördæmi og kjósa einn alþingismann.

3. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda við næstu almennar óhlutbundnar kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Það hefir um langt skeið verið almenn krafa Hafnfirðinga, að kaupstaðurinn yrði gerður að sjerstöku kjördæmi. Nú er kaupstaðurinn einhver hinn stærsti á landinu; íbúar eru nú um 3000 (2998 við manntal í nóv. 1925). Sú hefir og verið regla löggjafarvaldsins, að gera kaupstaðina að sjerstökum kjördæmum jafnóðum og þeir hafa vaxið svo að mannfjölda, að þeir áttu sanngirniskröfu til þess, móts við önnur kjördæmi. En slík rjettarbót handa íbúum Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir dregist svo, að lengur má ekki við una.

Ed. **24. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga inn í viðbótarasmning við myntsamning Norðurlanda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv., fellst á ástæður þær, sem fyrir því hafa verið færðar, og leyfir sjer að ráða háttv. deild til þess að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 12. febrúar 1926.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Eggert Pálsson, fundaskrifari og frsm.	Guðm. Ólafsson.

Ed. **25. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um raforkuvirki.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og er hún sammála um, að þörf sje fyrir lög um þetta efni, en þau hafa ekki verið til síðastl. 2 ár, eða síðan lög um rafmagnsveitur frá 1915 fjellu úr gildi 1. jan. 1924.

Leggur því nefndin til, að háttv. deild samþ. frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. Á eftir orðunum »og má þá« bætist inn í: er $^4/_5$ hlutar leyfistímans eru liðnir.
2. Við 6. gr. Í staðinn fyrir »miður búin tryggingum« í niðurlagi 1. málsgreinar komi: miður trygg.
3. Við 7. gr. a. Á eftir orðunum »verkum þeirra« bætist inn í: svo og um sektir, alt að 500 krónum, fyrir brot gegn reglugerðinni.
   b. Fyrir »6. gr.« í enda greinarinnar komi: 5. gr.

Alþingi, 12. febrúar 1926.

Jóh. Jóhannesson, form.	Eggert Pálsson, fundaskrifari.	Guðm. Ólafsson, frsm.

Nd. **26. Frumvarp**

til laga um breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Styrk, sem veittur er samkvæmt fatækralögum frá 10. nóv. 1905, má eigi skoða sem sveitarstyrk, ef hann er veittur vegna elli. En sá styrkur skal talinn veittur vegna elli, sem veittur er styrkþurfa, sem er fullra 60 ára að aldri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú breyting á fátækralögunum, sem hjer er um að ræða, hefir áður verið flutt á Alþingi, en þá í sambandi við aðrar breytingar á lögunum. Þykir ekki þörf að skýra frv., svo sjálfsögð og rjettlát er breyting sú, er í því felst.

Ed. **27. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn á Norðfirði.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Nesverslunarstaður í Norðfirði skal tekinn í tölu kaupstaðanna og vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Nær umdæmið yfir allan hinn núverandi Neshrepp og heitir Norðfjarðarkaupstaður.

Umdæmi þetta skal hjer eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Suður-Múlasýslu, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað og kaupstaðarbúa, er átt við alt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Landsstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Neshreppi, sem ekki eru útkljáð þegar lögin öðlast gildi, skuli skift milli sýslumannsins í Suður Múlasýslu og bæjarfógetans á Norðfirði.

3. gr.

Verslunarlóð kaupstaðarins er strandlengjan norðan fjarðarins, frá Bakkalæk að Naustalæk, 330 stikur á breidd frá flóðmáli til fjalls.

4. gr.

Í Norðfjarðarkaupstað skal skipaður bæjarfógeti með 3000 króna árslaunum, er greiðast úr ríkissjóði. Hann hefir á hendi öll hin sömu störf, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, alt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum.

Hann hefir og á hendi stjórn málefna kaupstaðarins og innheimtur og greiðslur bæjarsjóðs. Fær hann að launum fyrir þau störf 3000 krónur árlega, er greiðast úr bæjarsjóði. Heimilt er þó bæjarstjórn að skipa sjerstakan bæjargjaldkera, ef þörf krefur.

5. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; hann er oddviti og hefir atkvæðisrjett á fundum.

6. gr.

Bæjarfulltrúar eru átta. Tölu þeirra má stjórnarráðið breyta, eftir tillögum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúana kjósa kaupstaðarbúar, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

7. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til þriggja ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta sinni, fara þrír frá 1. og 2. árið, en tveir þriðja árið. Hlutkesti skal ráða um það, hverjir fari frá í 1. og 2. skiftið. Fari fulltrúi frá á kjörtímabilinu af öðrum ástæðum en þeim, að kjörtímabil hans sje útrunnið, skal þegar kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

8. gr.

Kosningarrjett hafa allir kaupstaðarbúar, konur og karlar, sem átt hafa lögheimili í kaupstaðnum í 1 ár, þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti til Alþingis.

Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrjett hefir; þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, foreldrar og börn, nje heldur móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Konum er jafnan heimilt að skorast undan kosningu.

Innan sextugs aldurs er hver kjörgengur karlmaður skyldur að taka við kosningu, hafi hann ekki sennilega ástæðu til að skorast undan. Kjörstjórn sker úr þessu, en úrskurði hennar má skjóta til bæjarstjórnar.

Sá, sem hefir gegnt fulltrúastörfum 3 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast á hendur þann starfa aftur, fyr en eftir jafnlangan tíma og þann, er hann hefir verið fulltrúi.

9. gr.

Almennar fulltrúakosningar fara fram einhvern fyrsta virkan dag í janúar. Skrá skal semja um alla þá, er kosningarrjett hafa; skrána semur kjörstjórn, en hana skipa: oddviti bæjarstjórnar og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórnin kýs. Kjörskráin skal liggja bæjarbúum til sýnis á hentugum stað í 15 daga á undan kjördegi. Kærur gegn kjörskrá á að bera upp fyrir kjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum á undan kjördegi, og leggur hún þá úrskurð sinn á þær.

10. gr.

Formaður kjörstjórnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minsta kosti viku fyrir kjördag og með þeim hætti, sem vant er að boða þing eða fundi í kaupstaðnum.

11. gr.

Kærur yfir kosningargerð eða úrskurðum kjörstjórnar verður að bera skriflega undir bæjarstjórn innan 8 daga eftir að kosningin fer fram. Leitar bæjarstjórnin álits kjörstjórnar um kærurnar og leggur úrskurð sinn á málið innan 8 daga. Innan 15 daga, eftir að slíkur úrskurður er upp kveðinn, má kæra hann fyrir stjórnarráðinu.

Eftir almennar kosningar fara bæjarfulltrúar þeir, er frá eiga að fara, þá fyrst úr bæjarstjórn, er fullnaðarúrskurður er lagður á framkomnar kærur. Þurfi uppkosning að fara fram, skal þegar til hennar stofnað og við hana nota hina síðast leiðrjettu kjörskrá.

12. gr.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn áður en kjörtími hans er liðinn, og ákveður hún þá, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður ennfremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá þá, eða honum vikið úr bæjarstjórn um stund, af því að hann hefir vanrækt eða færst undan að gera það, sem hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn, kæra til stjórnarráðsins á þann hátt, sem segir í næstu grein á undan.

13. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fram fara í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður.

Til þess, að lögmæt ákvörðun sje gerð, verður, auk oddvita, minst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og á móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningar, ef þess er krafist.

Það skal kunngert bæjarfulltrúunum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda þegar oddvita þykir nauðsyn til

bera, eða þegar minst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Oddviti skal á undan fundum, ef því verður við komið, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og á sjerhver fulltrúi rjett á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið samþykkir þau.

14. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórnin tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi oddvita.

Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfjelagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, sem á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins.

Með samþykt, er stjórnarráðið staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, er þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana.

15. gr.

Í málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurjett á fundum bæjarstjórnarinnar, en atkvæðisrjett því aðeins, að hann sje bæjarfulltrúi.

16. gr.

Bæjarstjórnin skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnarinnar.

Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttasemjara.

17. gr.

Bæjarstjórnin ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana oddviti, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórnin kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til stjórnarráðsins.

Nú þykir bæjarstjórn rjett, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með byggingarsamþykt, er

bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir. Í byggingarsamþykt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþyktar hafa í för með sjer; svo má þar og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir.

Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf einstakra manna skulu hafa lögtaksrjett og renna í bæjarsjóð.

18. gr.

Almanaksárið telst reikningsár bæjarins. Innan fyrsta dags nóvembermánaðar ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld bæjarins næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Því, sem á vantar til þess að standa straum af bæjarþörfum, skal jafnað niður eftir efnum og ástæðum. Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða á tveimur fundum með minst viku millibili. Við síðari umræðu skal íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein hennar fyrir sig. Skal áætlunin, í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram eigi síðar en 1. desember, og skal hún vera öllum til sýnis í 15 daga.

Án samþykkis stjórnarráðsins má ekkert ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa en svari meðaltali allra bæjargjalda 3 síðustu árin, að fimtungi viðbættum.

19. gr.

Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum nær til allra, sem lögheimili hafa eða fast aðsetur í bænum eigi skemur en 3 mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum og ástæðum, nema þeir hafi líka á gjaldárinu haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; þá skal draga það frá útsvarinu tiltölulega eftir þeim tíma, er þeir dvöldust annarsstaðar, þó eigi meira en þeir guldu þar.

Á hverskonar atvinnu, sem rekin er í bænum og talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskap eða útgerð, má leggja gjald, þó ekki sje rekin nema 4 vikur og atvinnurekandi eigi heimili annarsstaðar. Á síldveiði og síldarverkun í bænum eða á höfninni, á allskonar bræðslu og allskonar verksmiðjuiðnað, á ábúð á jörð eða jarðarhluta, á leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi, og lóðaafnot eða húseignir, er einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin skemri tíma.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög, sem hafa leyst borgarabrjef, hafa sölubúð og vörur til sölu, má leggja útsvar, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að bæjarbúar sendi henni, á þar til gerðum eyðublöðum, skýrslu um árstekjur sínar og aðrar

upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Skylt er nefndinni og bæjarstjórn að halda slíkum upplýsingum leyndum.

20. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skipa 5 menn, og skulu þeir kosnir í febrúarmánuði til 6 ára. Á hverjum 3 ára fresti fara frá 3 og 2 nefndarmenn til skiftis. Um kosningarrjett þeirra og kjörgengi gildir hið sama og ákveðið er um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar, svo og um kosningaraðferðina; einnig um ályktanir nefndarinnar og atkvæðagreiðslur.

Enginn, sem kjörgengur er í bæjarstjórn, getur skorast undan kosningu í niðurjöfnunarnefnd; þó má enginn sitja samtímis í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn. Hver sá, sem verið hefir 6 ár í nefndinni eða lengur, er undanþeginn endurkosningu næstu 6 ár. Niðurjöfnunarnefndin kýs formann úr sínum flokki.

Niðurjöfnunarnefnd skal hafa lokið störfum fyrir lok aprílmánaðar.

Til þess, að áætluð upphæð gjaldanna eftir efnum og ástæðum náist full og rýrist eigi við lækkun bæjargjalda, burtför gjaldenda eða árangurslaust lögtak o. s. frv., er nefndinni heimilt að jafna niður alt að 10 af hundraði meira en til er tekið í áætluninni.

Niðurjöfnunarskráin skal liggja til sýnis frá 1.—15. maí á hentugum stað, er nefndin auglýsir. Hverjum, sem bæjargjald er gert, er heimilt að kæra yfir skattgjaldi því, sem á hann er lagt eða aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, svo og yfir því, að einhverjum hafi verið slept. Kærur yfir niðurjöfnuninni skulu sendar nefndinni skriflega fyrir 31. maí. Innan 15 daga þar á eftir skal nefndin skriflega tilkynna kæranda, hvort eða að hve miklu leyti kæra hans hafi verið tekin til greina. Ályktun nefndarinnar má svo innan 15 daga þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórn, sem leggur úrskurð sinn á málið innan 15 daga.

Ef kvartað er yfir skattgjaldi annars manns, eða að einhverjum hafi verið slept, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni áður en niðurjöfnunarnefnd eða bæjarstjórn fellir úrskurð sinn.

Kærur, sem koma fram eftir hinn tiltekna tíma, verða eigi teknar til greina.

Enginn getur, með því að kæra skattgjald sitt, komist hjá því að greiða það á rjettum gjalddaga, en verði það lækkað, skal greiða aftur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

21. gr.

Aukaniðurjöfnun skal fram fara í fyrri hluta septembermánaðar, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flust hafa til bæjarins eftir að aðalniðurjöfnun fór fram, eða skattskyldir eru samkvæmt því, sem áður segir.

Aukaniðurjöfnunin skal lögð til sýnis vikutíma á sama hátt og fyr greinir.

22. gr.

Verði ágreiningur á milli Norðfjarðarkaupstaðar og einhvers annars sveitarfjelags um það, hvernig skifta beri skattgjaldi manns, sker stjórnarráðið úr því.

Þykist einhver ekki vera skattskyldur í bænum, má hann skjóta máli sínu til dómstólanna.

23. gr.

Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. október ár hvert, og ber gjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur bæjarins. Sjeu þau eigi greidd innan eins mánaðar frá gjalddaga, þá ber að taka þau lögtaki.

Sá, sem flytur sig burt úr bænum einhverntíma á árinu, er gjaldskyldur til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig.

Sá, sem flytur sig í bæinn á árinu og er settur á aukaniðurjöfnunarskrá, er gjaldskyldur frá þeim tíma, er hann fluttist inn.

24. gr.

Bæjarstjórn, og oddviti bæjarstjórnar sjerstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; ennfremur gæta þess, að geymt sje, og eftir atvikum ávaxtað, fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða útgjöld hans. Bæjarstjórn hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabrjefum og öðrum eignum bæjarins.

25. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafist, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðsskýrslu, er sýni bæði, hvað goldist hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt.

Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun oddvita. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykt af tveimur bæjarfulltrúum, er þau eiga undir.

26. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á smíðum, vegavinnu, útvegun á verknaði, varningi o. fl. skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

27. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í tje skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstal, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

28. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki hvílir á henni samkvæmt lögum,

ekki taka af innstæðufje bæjarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af þess árs tekjum, sem í hönd fer, nje heldur að endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

29. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir tekjur allar og gjöld bæjarins umliðið ár og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok marsmánaðar. Lætur oddviti reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis í 15 daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðunarmenn bæjarreikninga eru tveir, kosnir til 3 ára í senn. Skulu þeir kosnir samtímis og á sama hátt og niðurjöfnunarnefnd. Ekki mega þeir eiga sæti í bæjarstjórn. Þeir skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því er þeir fengu hann.

Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum endurskoðunarmanna, — en það skal hann hafa gert innan 15 daga, — skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórnina, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sjerstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sje rjettur, enda sje honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því sjeu tilgreind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

30. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning yfir umliðið reikningsár með öllum fylgiskjölum.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn krefur, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

31. gr.

Hið fyrsta eftir að lög þessi öðlast gildi skal stofna slökkvilið á Norðfirði. Bæjarstjórnin semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

32. gr.

Bæjarstjórnin hefir yfirumsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sjerstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

33. gr.

Með samþykt þeirri, er um getur í 14. gr., má setja nánari reglur um sjerhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal um brot á þeim.

34. gr.

Stjórnarráðið gerir ráðstafanir til, að lög þessi öðlist gildi 1. dag júnímánaðar 1926.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Norðfjarðar hinsvegar gera með sjer samning um skifti á eignum og skuldum sýslusjóðsins. — Rísi nokkur ágreiningur um þau skifti, sker stjórnarráðið úr.
2. Fyrsta fjárhagsár kaupstaðarins telst frá 1. júní 1926 til 31. des. sama ár.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefir það ávalt verið að koma betur og betur í ljós, hve afaróþægilegt það er fyrir íbúa Neskauptúns, að yfirvald þeirra skuli vera búsett á Eskifirði — í margra mílna fjarlægð.

Eins og nærri má geta, þarf hinn mikli mannfjöldi, sem þarna er saman kominn, oft að leita yfirvalds síns, og eins er það bráðnauðsynlegt vegna atvinnurekstrarins á staðnum, hinnar miklu verslunar þar og siglinganna þangað, að yfirvald sje þar að öllum jafnaði til taks. Það virðist heldur ekki ósanngjarnt að ætlast til þess, að á fjölmennasta staðnum á Austurlandi eigi sæti maður, er gæta skuli laga og rjettar.

Kröfurnar um breytingu í þessa átt hafa orðið háværari með hverju ári, sem liðið hefir.

Hreppsnefndin í Nesverslunarstað fór fram á það við sýslunefnd Suður-Múlasýslu á sýslufundi síðastl. vor, að sýslunefndin mælti með því við hið háa Alþingi, að Neshreppi yrði veitt bæjarrjettindi. Vísaði sýslunefnd málinu frá »vegna ónógs undirbúnings«, eins og það var orðað. Fylgdi þó glögg greinargerð beiðni hreppsnefndarinnar. Eftir þeim undirtektum telur hreppsnefndin þýðingarlaust að beiðast aftur meðmæla sýslunefndar, vegna þess að sýslunefndin mun að sjálfsögðu framvegis og án frekari röksemda telja undirbúninginn ónógan.

Öllum þeim, sem best þekkja til í Suður-Múlasýslu, er það vel kunnugt, að vegna staðhátta á kauptún þetta lítið sameiginlegt með sýslunni yfirleitt og að það er best komið sem sjerstakt umdæmi, og er krafan um aukna sjálfstjórn að því leyti hin fyllsta sanngirniskrafa. En til þess að atvinnulíf kauptúnsins geti blómgast enn betur en verið hefir hingað til, er því brýn þörf ýmsra mikilvægra breytinga. Þess vegna er mál þetta nú flutt fyrir hinu háa Alþingi, að íbúar staðarins treysta rjettsýni þess í því mikla nauðsynja- og umbótamáli, sem þetta er öllum íbúum Norðfjarðar.

Frumvarp það, sem hjer er lagt fram, er — eftir áskorun almennra sveitarfunda þar í kauptúninu — samið af hreppsnefndinni í Neshreppi, samþykt af henni og flutt eftir beiðni hennar. Við samningu þess hefir verið farið eftir gildandi bæjarlögum fyrir önnur bæjarfjelög, og þá einkum eftir lögum þeirra bæja, sem líkast er ástatt um, svo sem Siglufjörð og Seyðisfjörð.

Við síðastliðin áramót voru búsettir menn í Neskauptúni tæpt 1 þúsund, og er það um 100 manns fleira en um áramót næstu á undan, svo augljóst er, hve kauptúnið er í hröðum vexti. Meginorsök þessarar miklu mannfjölgunar er auðvitað fyrst og fremst sú, að hægara er að stunda þaðan fiskiveiðar en frá flestum öðrum stöðum austanlands, bæði vegna þess, að beint út af Norðfirði liggja einhver hin ágætustu bátafiskimið, sem til eru fyrir Austurlandi, og eins vegna hins, að innsiglingin til Norðfjarðar er bæði stutt og hrein og höfnin góð. Berst því stundum ógrynni fiskjar þar á land, enda eru gerðir út úr kauptúninu yfir 30 vjelbátar og skip og um 40 róðrarbátar.

Auk íbúa kauptúnsins, sem atvinnu sína hafa af fiskveiðum, fiskverkun og versluninni á staðnum, er þar á sumrin fjöldi aðkomufólks, sem einnig starfar að þessari vinnu, því auk þess fiskjar, sem aflað er á skip og báta frá Norðfirði, er mikið keypt af útlendum fiskiskipum (einkum færeyskum).

Siglingar til kauptúnsins eru altaf að aukast, eins og sjá má af því, að árið 1924 komu þangað 164 fiski- og flutningaskip, en 1925 voru þau 280, og má búast við, að þeim fremur fjölgi en fækki á næstu árum. Siglingarnar hafa það í för með sjer, að meiri þörf er yfirvalds þar á staðnum en verið hefir. En eins og nú er ástatt er ekki hægt um vik að ná til sýslumannsins á Eskifirði. Er það a. m. k. altaf mjög kostnaðarsamt og oft nærri ókleift, þó þörfin sje brýn, því eins og nærri má geta er þörf meiri löggæslu á svo fjölmennum stað sem Norðfjörður er en valdalítill hreppstjóri getur int af hendi.

Auk þessa er enn eitt, sem benda má á og er mikilsvert. Það er innheimta á tekjum ríkissjóðs á Norðfirði. Tekjur ríkissjóðs af kauptúni þessu munu nema hátt á þriðja hundrað þúsund króna árlega tvö síðastliðin ár. Innheimtu þessara ríkistekna annast sýslumaður Suður-Múlasýslu að nokkru leyti sjálfur, en að öðru leyti annast hana hreppstjórinn í Neshreppi. Af tekjum síðasta árs hefir hreppstjórinn innheimt yfir 100 þús. krónur,

Af þessu má sjá, að það eru ærnir hagsmunir, sem ríkissjóður hefir að gæta þar, og því ekki nema sanngjarnt, að hann leggi eitthvað af mörkum til þessa. En eins og nú er ástatt, er hreppstjórastarfið aukastarf, og því ósanngjarnt að gera kröfu til, að það verði rækt svo vel sem krefjast mætti, ef um launað yfirvald væri að ræða.

Þetta tvent: *að* ríkinu sje tryggður þar trúnaðarmaður, er ávalt sje til taks til að gæta hagsmuna ríkisins og halda uppi landslögum, og *að* íbúar þessa fjölmenna kauptúns eigi sem greiðastan aðgang að aðstoð lögreglustjóra og dómara, þegar þörf þeirra krefur, er svo mikilsvert, að það eitt ætti að nægja til þess, að breyting í þá átt, sem fram á er farið í frv., gæti náð fram að ganga.

En auk þessarar hliðar málsins er einnig önnur breyting, sem nauðsynlegt er, að fáist framgengt, og svo vel vill til, að hjer getur orðið hinni samferða. Er þar átt við breytingu á fyrirkomulagi á stjórn sveitarmálefnanna.

Það hefir þegar sýnt sig með öll fjölmennari kauptún hjer á landi, að sveitarstjórnarlögin hafa reynst þeim ófullnægjandi, er kauptúnin urðu mannmörg og atvinnulíf margþætt og umsvifamikið. Eins er og verður auðvitað ástatt um Norðfjörð.

Nú þegar eru þau störf, sem á oddvita hvíla, svo umfangs- og ábyrgðarmikil, að ekki getur rjett talist að láta þau hvíla sem lítt launuð aukastörf á manni eða mönnum, sem öllum sínum tíma verða að verja til annara starfa. Því til sönnunar, að svo er nú orðið, vil jeg benda á, að skuldlausar eignir hreppsins eru nú um 60 þús. krónur, reikningsumsetning síðasta árs um 50 þús. krónur hvorumegin og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs að upphæð kr. 58400. — Þegar svo hjer við bætist, að ákveðið er á næstu árum að ráðast í ýms bæjarfyrirtæki, svo sem skólahúsbyggingu, byggingu rafstöðvar o. fl., hlýtur öllum að vera ljóst, hve nauðsynlegt er, að slíkt starf sem stjórn sveitarmálefnanna er, verði fengið í hendur manni, er gegni því svo vel sem verða má, enda fái hann full laun fyrir.

Ennfremur má benda á það, að ýms ákvæði sveitarstjórnarlaganna, svo sem reikningsárið, kosningafyrirkomulag, útsvarsálagning, innheimtutími gjalda o. fl. geta varla talist eiga lengur við á stað eins og Norðfirði, enda hefir þeim ákvæðum flestum verið breytt í kaupstöðunum.

Frv. ber með sjer, hverjar breytingar á því sviði eru taldar æskilegar, og skal eigi lengra farið út í það hjer.

Eins og nú er ástatt á Norðfirði mundi einn vel hæfur maður geta annast bæði lögreglustjórn, dómstjórn og stjórn kaupstaðarmálefnanna, þó vitanlega þyrfti hann skrifstofuhjálpar við, a. m. k. tíma úr árinu.

Virðist því svo, sem sú krafa, er hjer er fram borin, sje ekki ósanngjörn. Hreppsnefndinni og öllum íbúum kauptúnsins er það vel ljóst, að hjer er ekki um fjárhagslegt sparnaðaratriði að ræða fyrir kauptúnið, en hinsvegar eru allir sammála um, að því fyrirkomulagi, sem nú er á löggæslu í kauptúninu og stjórn hreppsmálefna, verði að breyta og að það getur ekki breyst til batnaðar nema meira fje sje varið til þess en hingað til hefir verið gert. Er því sú leið, sem ráðgert er að fara með frv. þessu, hin eina, sem sameinar þær nauðsynjakröfur, sem þörf er að fá framgengt á þann hátt, sem minstur kostnaður en mestur vinningur er að bæði fyrir ríkið og sveitarfjelagið.

Nd. **28. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 21, 4. júní 1924. [Sauðfjárbaðanir].

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson, Jón Sigurðsson, Sigurj. Jónsson, Kl. Jónsson og Ásgeir Ásgeirsson.

Á eftir orðunum: »með ráði dýralæknis« í 1. gr. laganna kemur: Þó má með samþykki atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins einnig nota Coopersbaðlyf.

Greinargerð.

Víðsvegar af landinu hafa komið mjög eindregnar áskoranir um það, að fá betra baðefni til sauðfjárbaðana en nú hefir verið notað um stund. Eftir ýmsum fregnum að dæma víða um land, hefir fjárkláði gert að mun meira vart við sig nú upp á síðkastið en fyrir nokkrum árum, þrátt fyrir það, þó betur hafi verið vandað til sauðfjárbaðana í seinni tíð en áður. Eru flestir á einu máli um það, að baðefni það, er menn hafa nú notað síðustu árin, hafi oft reynst ónýtt. Hinsvegar mun það vera álit flestra sauðfjáreigenda, að ekkert baðefni hafi reynst hjer eins gott til þrifaböðunar og Coopersbaðmeðal. Og fyrir því förum vjer fram á, að heimiluð verði notkun þess, þeim er vilja. Er hjer um svo alvarlegt og mikilvægt mál að ræða, að ekki er rjett að þvinga menn með lögum að nota það baðefni, er fullsannað er, að reynist ærið oft algerlega óhæft, en meina notkun þess baðefnisins, er best hefir þótt gefast að dómi mjög margra mætra manna.

Nd. 29. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919. [Ritsíma- og talsímakerfi].

Flutningsm.: Þórarinn Jónsson.

Aftan við lagagreinina bætist:

Lína frá Hvammstanga um Stóra-Ós, Lækjamót, Breiðabólsstað, Ós og Tjörn að Illugastöðum, með hliðarlínu að Víðidalstungu. Ennfremur lína frá Melstað að Núpdalstungu.

Greinargerð.

Árið 1923 gerði sýslunefnd V.-Húnavatnssýslu tillögur um lagningu og fyrirkomulag símalína í hjeraðinu og óskaði umsagnar landssímastjóra. Landssímastjóri gerði nokkrar breytingar við fyrirkomulagið, sem hjeraðsbúar hafa fallist á, og er frv. þetta bygt á þeim.

Umsögn landssímastjóra um málið nú er á þessa leið:

Fylgiskjal.

LANDSSÍMASTJÓRINN.

Reykjavík 11. febr. 1926.

Herra alþingismaður Þórarinn Jónsson hefir með brjefi 8. þ. m. ítrekað áskorun þingmálafundar í Vestur-Húnavatnssýslu um lagningu síma í Vesturhóp,

norður Vatnsnes, vestur að Illugastöðum og frá Melstað að Núpdalstungu, og óskar hann þess, að línur þessar verði teknar inn á símalögin.

Í brjefi mínu til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 2. maí 1923, hefi jeg gert tillögur um fyrirkomulag þessara síma, og var áætlunarupphæðin þá samtals kr. 69250,00, enda var þá gert ráð fyrir tvöfaldri línu alla leið.

Nú hefi jeg athugað mál þetta nokkru nánar, og hygg jeg, að nota megi einfalda línu fyrir álmuna frá Lækjamóti um Breiðabólsstað, Vesturhópshóla, Ósa og Tjörn að Illugastöðum, sömuleiðis frá Melstað að Núpdalstungu. Kostnaðurinn við þessar línur, þannig gerðar, áætlast nú ca. kr. 41000,00.

Jeg er því meðmæltur, að línur þessar verði teknar inn á símalögin og lagðar svo fljótt sem ástæður leyfa.

O. Forberg.

G. Hlíðdal.

Til
atvinnumálaráðuneytisins.

Nd. **30. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 53, 11. júlí 1911, um verslunarbækur.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

Á eftir 2. málsgr. 2. greinar laga nr. 53, 11. júlí 1911, komi svofeld viðbót:

Óski fastir viðskiftamenn verslana fremur að fá sundurliðað eftirrit af viðskiftunum í þar til gerðar viðskiftabækur, er skylt að láta þær í tje, og skulu þær hafa sama gildi og samritin.

Ástæður.

Sú bókfærsla, sem hófst með og bygð er á ofannefndum lögum, má telja, að nú hafi fengið fulla reynslu. Hefir reynslan ekki að öllu leyti svarað til þess, sem ætlað var, að gera reikningsviðskifti auðveldari og tryggari. Þvert á móti hefir ýmsum þótt örðugra að fylgjast með um viðskifti sín; á það þó einkum við um sveitamenn. Orsakir til þessa eru einkum þær, að örðugt er, og verður því misbrestur á, að varðveita frumbókareftirritin.

Áður en lögin um verslunarbækur komu í gildi, höfðu ýmsir þá reglu að láta skrá samrit af viðskiftum sínum í þar til gerðar hentugar viðskiftabækur, ýmist jafnhliða og viðskiftin voru gerð eða á stuttum fresti. Þetta hafði þann kost, jafnhliða og það gaf tryggingu fyrir rjettri færslu, að það gaf kost á að

fylgjast með, hvernig viðskiftin stæðu á hverjum tíma, og veitti þar með aðhald um að takmarka útgjöldin við það, sem efni leyfðu.

Frv. þetta hnígur að því að skapa mönnum rjett — þeim sem þess óska — til að fá viðskifti sín skráð þannig, að þeir geti sem best fylgst með um heildarviðskiftin, en hamlar á engan hátt að halda því formi, sem nú tíðkast, þeim sem þykir það henta sjer betur.

Nd. **31. Nefndarálit**

um frv. til laga um kynbætur hesta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er öll á einu máli um það, að kynbætur búfjenaðarins sje ein af aðalleiðunum til eflingar landbúnaði vorum og því beri að styðja þá viðleitni. Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er allverulegt spor í þessa átt. Í fyrsta lagi knýja ákvæði þess hrossaeigendur til nokkurs úrvals á undaneldishestum, og í öðru lagi ættu ákvæði frv. að geta hamlað því, að einstakir hrossaeigendur eyðileggi fyrir öðrum árangurinn af kynbótastarfseminni. Á hinn bóginn telur nefndin rjettara að draga lítilsháttar úr þeim ákvæðum frv., sem örðugast yrði að framfylgja, þar til vaknaður er almennur áhugi meðal hrossaeigenda fyrir þessu máli. Samkvæmt framansögðu leggur nefndin því til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Aftan við síðari málsgreinina bætist: á tímabilinu frá 1. okt.—20. apr

2. Við 5. gr.
   a. Fyrir orðin í fyrri málsgr. »skal gelda fyrir 20. apríl ár hvert« komi: skal gelda eða taka í örugga vörslu fyrir 14. maí ár hvert.
   b. Á eftir orðunum í upphafi síðari málsgr. »láta gelda hest sinn« komi: eða taka í trygga vörslu.

3. Við 6. gr. Í stað orðanna í niðurlagi greinarinnar »og selja án innlausnarfrests« komi: og selja með 4 vikna innlausnarfresti.

4. Á eftir 10. gr. komi svo hljóðandi:

Ákvæði um stundarsakir.

Hrossakynbótanefnd getur fyrst um sinn, í síðasta skifti 1930, leyft, að

kynbótahestar gangi lausir í heimahögum á tímabilinu frá 20. apríl—1. október ár hvert, og gildir leyfið fyrir 1 ár í senn.

Alþingi, 15. febrúar 1926.

Hákon J. Kristófersson, formaður. Árni Jónsson. Halldór Stefánsson.

Jón Sigurðsson, framsögum. Jörundur Brynjólfsson.

Ed. **32. Tillaga**

til þingsályktunar um aldurstryggingu.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis skorar á landsstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frv. um almenna ellitryggingu. Jafnframt sje ákveðið, að sjóð aldurstryggingarinnar skuli ávaxta að jöfnu í vaxtabrjefum ræktunarsjóðs og veðdeildar.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum gerði dr. Ólafur Daníelsson allítarlegar rannsóknir fyrir landsstjórnina um þetta mál. Mun að miklu leyti mega byggja frv. það, er hjer ræðir um, á þeim undirbúningi.

Ed. **33. Frumvarp**

til laga um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur).

(Eftir 2. umr. í Ed).

1. gr.

Happdrætti, hverrar tegundar sem er, má ekki hafa nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins, og ekki hlutaveltur nema með leyfi lögreglustjóra.

Peningahappdrætti eða önnur þvílík happspil má ekki setja á stofn án lagaheimildar.

2. gr.

Það er bannað mönnum á Íslandi að versla þar með eða selja hluti fyrir erlend happdrætti eða önnur þvílík happspil, eða að hafa þar á hendi nokkur störf, er að þessu lúta.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. sæta sektum til ríkissjóðs, 50—2000 kr., en brot gegn 2. gr. 500—5000 kr., og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **34. Nefndarálit**

um frv. til laga um löggilta endurskoðendur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin getur fallist á, að þörf geti verið á löggiltum endurskoðendum í kaupstöðum landsins, sjerstaklega í Reykjavík, og leyfir sjer því að leggja til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

VIÐAUKATILLÖGUM.

1. Við 2. gr.
Á eftir 2. lið bætist 3. liður, svo hljóðandi:
Hann má ekki reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega endurskoðunarstarfinu.

2. Við 8. gr.
Milli orðanna »verða« og »slík« bætist: þá.

Alþingi, 15. febrúar 1926.

Jóh. Jóhannesson, form. Eggert Pálsson, fundaskr. og frsm.

Guðm. Ólafsson.

Ed. **35. Frumvarp**

til laga um raforkuvirki.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hver sveitar- eða bæjarstjórn hefir einkarjett til þess að stofnsetja raforkuver til almenningsþarfa, önnur en vatnorkuver, og starfrækja þau innansveitar. Til starfrækslu utansveitar þarf samþykki ráðherra.

Um raforkuveitu frá sliku veri fer eftir ákvæðum vatnalaganna um raforkuveitur frá vatnorkuverum, nema þar sem á annan veg er ákveðið með lögum þessum.

2. gr.

Einkarjettur sveitar- eða bæjarstjórna samkvæmt 1. gr. nær eigi til raforkuvirkja, sem einstakur maður eða einstakir menn koma sjer upp og nota innan takmarka húseigna sinna og jarðeigna eingöngu til eigin þarfa. Þó þarf leyfi hjeraðsstjórnar í þeim hjeruðum, þar sem hjeraðsstjórn hefir áður komið á stofn raforkuvirki.

3. gr.

Einkarjett þann, sem um ræðir í 1. og 2. gr., getur sveitar- eða bæjarstjórn með samþykki ráðherra veitt einstökum mönnum eða fjelögum. Leyfið skal veitt um tiltekið árabil með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til. Í hvert skifti, sem leyfistími er á enda, á sveitar- eða bæjarstjórn rjett á að fá sjer afhent raforkuvirkið fyrir það verð, er matsnefnd ákveður, ef samkomulag næst ekki.

Um mat og matsnefnd gildir ákvæði vatnalaganna.

4. gr.

Nú vill sveitarstjórn eða bæjar fá handa umdæmi sínu raforkuvirki, er einstakir menn eiga og um ræðir í 3. gr., og má þá, er $^4/_5$ hlutar leyfistímans eru liðnir, ef samkomulag næst ekki, taka það eignarnámi gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsnefnd, er til skal kvödd samkvæmt 3. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar fyrirtækisins, nema eigendur samþykki, að einungis nokkur hluti þeirra sje tekinn.

5. gr.

Ráðherra skal heimilt að setja reglur um gerð, frágang og notkun raforkuvirkja, og má í reglum þessum setja ákvæði um:

a. Öryggisráðstafanir, er fylgja ber við uppsetningu og starfrækslu þessara virkja.

b. Skyldu til þess að gefa skýrslu um þau raforkuvirki, sem fyrir hendi eru þegar reglurnar öðlast gildi, og um ný virki og aukningu eldri virkja, svo og að leyfa ráðherra að láta rannsaka þau.
c. Eftirlit með raforkuvirkjum í húsrúmi, þar sem hætt er við sprengingum eða þar sem erfitt er að halda við nægilega fullkominni einangrun vegna raka eða annara orsaka, svo og með raforkuvirkjum, sem ætla má að hafi í för með sjer sjerstaka hættu fyrir líf manna eða mikil verðmæti, og með raforkuvirkjum í leikhúsum og samkomuhúsum. Eigandi virkjanna greiðir kostnað við eftirlitið.
d. Löggildingu á hæfum raforkuvirkjurum.
e. Sektir, alt að 1000 kr., fyrir brot á reglunum.

6. gr.

Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sjer hættu fyrir eignir annara manna eða hættu við truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru. Sje unt að afstýra slíkum truflunum með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja, en þó má skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana hefir í för með sjer verulega hagsmuni fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða, að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir, sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari eða miður trygg en venja er til eða krafist verður um ný virki á þeim tíma, þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

Ráðherra sker úr öllum ágreiningi um það:
a. Hvort raforkuvirki hafi í för með sjer hættu við truflunum á starfrækslu eldri virkja.
b. Hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra slíkum truflunum.
c. Hver eigi að koma þeim ráðstöfunum í verk, og
d. Hvort og að hve miklu leyti eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.

Ráðherra getur stöðvað notkun raforkuvirkja, uns öryggisráðstafanir þær, er hann áskilur, eru komnar í framkvæmd.

7. gr.

Sveitarstjórnir, bæjarstjórnir og stjórnir orkuveitufjelaga skulu semja reglugerð um raforkuveituna, er ráðherra staðfestir, og má þar setja sjerstök ákvæði fyrir þá menn, er fást við raforkuvirkjun innan takmarka veitu þeirra, þar á meðal vinnukaupsskrá og reglur um frágang á verkum þeirra, svo og um sektir, alt að 500 krónum, fyrir brot gegn reglugerðinni. Þó má ekki í slíkum reglum heimila lakari frágang á orkuvirkjum nje vægari kröfur til löggildingar raforkuvirkjara en ákveðið verður í reglum ráðherra samkvæmt 6. gr.

8. gr.

Með mál út af brotum á reglum þeim, er segir í 6. gr. og 7. gr., skal fara sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **36. Frumvarp**

til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Flutningsmenn: Magnús Jónsson, Jón Baldvinsson og Jakob Möller.

1. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar er bönnuð öll sú vinna, úti og inni, er hefir hávaða í för með sjer eða fer fram á þeim stað eða með þeim hætti, að hún raskar friði helgidagsins. Á höfnum, þar sem skip liggja eigi við bryggjur eða bólverk, er þó heimilt að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar, þó eigi á föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna, og eigi heldur á kirkjustöðum, frá kl. 11 f. h. til kl. 3 síðdegis, nema brýna nauðsyn beri til og lögreglustjóri leyfi.

Á öruggum höfnum, þar sem skip liggja við bryggjur eða bólverk, er bannað að ferma eða afferma skip, þar með talin fiskiskip og vjelbátar, á föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna, svo og á öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar frá kl. 10 f. h. til kl. 4 síðdegis. Þó mega strandferðaskip, sem aðallega flytja póst og farþega, fá afgreiðslu. Fisk má breiða til kl. 10 árdegis á helgum dögum, en fiskvinnunni skal svo hagað, að öll vinna hvíli frá kl. 10 f. h. til kl. 4 síðdegis, nema bjarga þurfi fiski undan skemdum og skal það yfir höfuð vera heimilt að vinna þau verk, sem eigi má fresta eða miða til þess að bjarga eða hjálpa öðrum, sem í hættu eru staddir eða eiga hana yfir höfði sjer.

2. gr.

Kaup og sala má eigi fara fram á helgidögum þjóðkirkjunnar í sölubúðum kaupmanna nje annara sölumanna, og skulu búðir þeirra vera lokaðar. Undanþegnar þessu banni eru:

1. Lyfjabúðir að því er lyfjasölu snertir.
2. Bifreiðastöðvar til fólksflutninga.
3. Brauð- og mjólkurbúðir að því er snertir sölu á brauði og mjólk.
4. Fiskbúðir.
5. Blaðaafgreiðslur.

Þó skulu búðir þær, er taldar eru undir 4.—5. tölulið, vera lokaðar frá kl. 12—4 síðdegis.

Bann þetta nær einnig til kauptjelaga og annara fjelaga, er hafa sölubúð fyrir fjelagsmenn. Gestgjafar og aðrir veitingamenn mega eigi á helgidögum þjóðkirkjunnar selja eða veita mönnum áfenga drykki.

Á götum, torgum og opnum svæðum í kaupstöðum og kauptúnum er einnig öll sala bönnuð á helgidögum þjóðkirkjunnar. Þó má selja fisk á götunum til kl. 11 f. h. og eftir kl. 4 síðdegis. Bækur, blöð og bæklinga, aðgöngumiða að íþróttamótum, happdrættismiða og þess háttar má og selja á götunum til kl. 11 f. h. og eftir kl. 6 síðdegis.

3. gr.

Eigi má markaði halda á helgidögum þjóðkirkjunnar.

4. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar má ekki á neinum almennum veitingastað halda veislur eða aðra hávaðasama fundi fyr en eftir miðaftan.

5. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar má hvorki halda neinar almennar skemtanir nje heldur mega nokkrar þær athafnir, sem hávaði er að, eiga sjer stað, nema lögreglustjóri leyfi, fyr en eftir miðaftan.

6. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar má eigi, nema brýn nauðsyn beri til, halda sveitar- eða bæjarstjórnarfund, þing, gegna fógetastörfum eða skjalaskrifarastörfum, halda skiftafundi, uppboðsþing eða gegna öðrum dómsstörfum. Ekki skal heldur stefna eða boða neinn fyrir dóm eða yfirvald á helgidögum, nema brýna nauðsyn beri til, og þess sje þá beinlínis krafist af valdsmanni þeim, er stefna lætur, og skal þó eigi stefna lesin meðan á messu stendur.

7. gr.

Almenna fundi má eigi halda um veraldleg efni á helgidögum þjóðkirkjunnar fyr en um nónbil. Þá er guðsþjónusta fer fram eftir nón, er þó heimilt að halda almenna fundi samtímis, sje þess gætt, að fundurinn sje eigi haldinn svo nálægt kirkju eða bænhúsi, að guðsþjónustan verði trufluð af því.

8. gr.

Bönn þau, er talin eru í undanfarandi greinum, ná yfir allan daginn föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna.

9. gr.

Kveldið fyrir helgidag mega engar almennar skemtanir standa lengur en til miðnættis. Kveldið fyrir stórhátíðisdaga eru allar almennar skemtanir bannaðar eftir miðaftan.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 5–1000 kr., er renna í sveitarsjóð; auk þess má með dómi svifta mann rjetti til að hafa veitingahús eða annan almennan veitingastað, hafi hann þrisvar sinnum sætt sektum fyrir brot gegn lögum þessum. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Nú virðist lögreglustjóra, að brot á móti lögum þessum sje sprottið af afsakanlegum misskilningi, og skal hann þá aðeins gefa þeim áminningu, er brotið hefir, og, ef þörf er á, gefa út almenna auglýsingu mönnum til leiðbeiningar og viðvörunar.

12. gr.

Lög nr. 19, 6. nóv. 1897, um heimild til að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar, og lög nr. 47, 20. des. 1901, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, svo og önnur lagaákvæði um sunnu- og helgidagahald, er koma í bága við lög þessi, eru feld úr gildi.

Greinargerð.

Greinargerð fyrir frumvarpi þessu er í fylgiskjali því, sem prentað er hjer á eftir. Flutningsmenn flytja það óbreytt, en áskilja sjer rjett til einstakra breytinga. Einkum virðist svo, að hentugra væri, að sá tími venjulegra helgidaga, sem alfriðaður á að vera, sje jafnan sá sami, en ekki mismunandi langur og á mismunandi tímum eins og í frumvarpinu. Mundi með því móti komast betur inn í meðvitund almennings og verða ljettari í framkvæmd.

Fylgiskjal.

Frumvarp þetta er borið fram samkvæmt áskorun á sameiginlegum fundi dómkirkjusafnaðarins og fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík 28. okt. f. á. og hefir verið undirbúið af 5 manna nefnd, sem sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins og safnaðarstjórn fríkirkjusafnaðarins hafa tilnefnt til þess að athuga nauðsynlegar breytingar á núgildandi helgidagalöggjöf.

Aðalbreytingarnar í frumvarpi þessu frá núgildandi lögum um þetta efni eru í því fólgnar að takmarka nokkuð heimild þá, er nú er til að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar, svo og í kaupstöðum og kauptúnum að banna alla sölu á götum og torgum á helgidögum þjóðkirkjunnar, með þeim undantekningum, er ræðir um í 2. gr. frumvarpsins, og er þetta sjerstaklega gert til þess að fyrirbyggja sölu á blöðum og bæklingum, happdrættismiðum, aðgöngumiðum að íþróttamótum og þess háttar, meðan stendur á guðsþjónustum, en þessi sala

hefir, að minsta kosti bjer í Reykjavík, mikinn hávaða í för með sjer, en hefir verið látin óátalin, jafnvel um hámessutímann.

En þótt breytingarnar sjeu ekki yfirgripsmiklar, hefir þótt hentugra að koma fram með heildarlög um þetta efni heldur en lög um breytingu á einstökum greinum í hinum eldri lögum um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Um einstök ákvæði frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 19, 6. nóv. 1897, sbr. 1. gr. laga nr. 47, 20. des. 1901, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, má svo heita, að ferming og afferming skipa sje leyfð takmarkalaust á helgidögum þjóðkirkjunnar, en þótt þetta hafi þá þótt nauðsynlegt, er nú öðru máli að gegna, bæði sökum þess, að nú eru ekki óvíða komnar upp öruggar hafnir, bryggjur og bólverk, er skip geta legið við og fengið fljóta afgreiðslu, svo og sökum þess, að útgerð fiskiskipa og skipaferðir yfirleitt hafa aukist svo mjög á síðustu árum, að almannafriðar gætir nú lítt á helgidögum í hinum stærri útgerðarstöðum.

Það er því lagt til, að nefnd lög, 6. nóv. 1897, verði feld úr gildi, en í þess stað komi ákvæði þau, er sett eru í 1. gr. frumvarps þessa. En þar er greint á milli, hvort um öruggar hafnir sje að ræða eða ekki. Á óvörðum höfnum, þar sem skip liggja ekki við bryggju eða bólverk, er álitið nauðsynlegt, til þess að hindra ekki afgreiðslu skipa, að leyfa fermingu og affermingu þeirra á helgidögum þjóðkirkjunnar, þó ekki á föstudaginn langa og hinn fyrri helgidag stórhátíðanna, og eigi heldur á kirkjustöðum, frá kl. 11 f. h. til kl. 3 síðdegis, nema brýna nauðsyn beri til og lögreglustjóri leyfi. Þykir það hentugt, að lögreglustjóri dæmi um það í hvert sinn, hvort sú nauðsyn sje til staðar.

Á öruggum höfnum er bannað að ferma og afferma skip, þar með talin fiskiskip og vjelbátar, á föstudaginn langa og hinn fyrri helgidag stórhátíðanna, svo og á öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar, frá kl. 10 f. h. til kl. 4 síðdegis; þó er gerð undanþága að því er snertir strandferðaskip, sem aðallega flytja póst og farþega, og er þar sjerstaklega átt við skip eins og Esju, sem hafa marga viðkomustaði og þrönga ferðaáætlun.

Þá er í þessari grein ákveðið, að fisk megi breiða til kl. 10 f. h. og að fiskvinnunni sje yfirleitt svo hagað, að öll vinna hvíli frá kl. 10 f. h. til kl. 4 síðdegis. Að öðru leyti er grein þessi samhljóða 1. gr. í lögum nr. 47, 20. des. 1901.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lagt til, að auk lyfjabúða og brauð- og mjólkursölubúða megi bifreiðastöðvar til fólksflutninga, fiskbúðir og blaðaafgreiðslur vera opnar á helgidögum; þó skulu fiskbúðir og blaðaafgreiðslur vera lokaðar frá kl. 12—4 síðdegis.

Þá er lagt til, að aftan við greinina bætist ákvæði um það, að á götum, torgum og opnum svæðum í kaupstöðum og kauptúnum skuli öll sala vera bönnuð, þó megi selja fisk á götunum til kl. 11 f. h. og eftir kl. 4, og að bækur, blöð og bæklinga, aðgöngumiða að íþróttamótum, happdrættismiða og þess háttar megi og selja á götunum til kl. 11 f. h. og eftir kl. 6 síðdegis.

Það hefir verið látið óátalið hjer í Reykjavík, að seld væru á götunum blöð og bæklingar, gamanvísur, happdrættismiðar og aðgöngumiðar að íþróttamótum alla helgidaga. Þessa sölu annast aðallega börn og unglingar, og fylgir henni mikill hávaði og köll, jafnvel um hámessutímann, en þetta ákvæði á að fyrirbyggja þessa hávaðasömu sölu nokkurn hluta dagsins, eða frá kl. 11 f. h. til kl. 6 síðdegis.

Um 3.—7. gr.

Þessar greinar eru óbreyttar eins og í lögunum 20. des. 1901.

Um 8. gr.

Sú breyting er hjer gerð, að skírdegi er ekki gert hærra undir höfði en venjulegum sunnudögum; er það aðallega gert vegna fiskveiðanna, með því að það þykir varhugavert að banna ferming og afferming fiskiskipa tvo heila daga í miðri viku um hávertíð.

Um 9. gr.

Þessi grein er óbreytt.

Um 10. gr.

Með því að sektarákvæði laga nr. 47, 20. des. 1901, þykja nú úrelt, er lagt til, að brot gegn ákvæðum laga þessara varði sektum 5—1000 kr. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Um 11. og 12. gr.

Fyrri greinin er óbreytt og síðari greinin gefur ekki tilefni til skýringa.

Nd. **37. Frumvarp**

til laga um breyting á vegalögum nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsm.: Bernh. Stefánsson.

2. gr. vegalaga nr. 41, 4. júní 1924, breytist þannig:
Aftan við C. 3. komi:
4. Eyjafjarðarbraut frá Akureyri að Kristsnesi.

Greinargerð.

Með vegalögunum eru spítalavegirnir til Laugarness, Klepps og Vífilsstaða teknir í tölu þjóðvega. Hjer er farið fram á, að vegurinn frá Akureyri að fyrirhuguðu heilsuhæli í Kristsnesi verði einnig tekinn í þjóðvegatölu, og virðist það sjálfsögð sanngirniskrafa.

Nd. **38. Frumvarp**

til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson og Pjetur Ottesen.

1. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að veita bræðrunum Sturlu Jónssyni og Friðriki Jónssyni, báðum til heimilis í Reykjavík, einkaleyfi til stofnunar íslensks happdrættis (lotterí) með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a) Happdrætti hvers árs skiftist í tvo flokka, sem eru hvor öðrum óháðir, og eru jafnmargir drættir í hvorum. Hlutatalan má ekki vera meiri en 15000 í hvorum flokki. Í hvorum flokki mega ekki vera fleiri en 5 drættir.

b) Iðgjald til hvors flokks fyrir heilan hlut skal vera 200 íslenskar krónur, og eru 10% af því skattur til ríkisins. Þegar seldir eru yfir 5000 seðlar, upp að 10000, greiðast 5% að auki af því, sem eftir er, en vinningar skulu þó vera hinir sömu (70%).

Þegar selst hafa 10000 seðlar, upp í 15000, skal aukagjaldið af síðustu 5000 seðlunum vera 10% (vinningar 70% eins og áður). Hlutina má selja bæði í heilu lagi og sundurskifta. Þó má ekki skifta í smærri hluta en áttundir.

c) Í hvorum flokki happdrættisins eiga vinningarnir að nema 70% af iðgjöldunum samantöldum fyrir alla hlutana í flokknum, að frádregnum 10% skatti til ríkisins.

Fjárhæð vinninganna skal skifta niður eftir áætlun, sem er samþykt af ráðuneytinu, og skal þar einnig ákveðin hlutatalan, hvenær dregið skuli og reglur um auglýsingu um úrslit dráttanna, hvenær vinningarnir verði greiddir af hendi og um missi vinninga, sem ekki er vitjað í tæka tíð.

Vinningarnir eru greiddir af hendi affallalaust í íslenskum krónum.

Vinningar, sem ekki er krafist borgunar á í tæka tíð, renna til ríkisins.

d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík, og skal happdrættinu stjórnað þaðan, undir eftirliti nefndar, er ráðuneytið skipar til þess. Skulu í henni sitja 5 menn, og skal að minsta kosti 1 nefndarmanna vera lögfræðingur, sem gengur er í æðri dómstóla. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, hvort sem er meðan dráttur fer fram eða eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með happdrættinu. Kostnaðinn af þessu ber happdrættið.

e) Einkaleyfið til að reka happdrættið má veita um alt að því 15 ár, frá 1. okt. 1926 að telja.

Einkaleyfishafarnir geta notað leyfið sjálfir og, að fengnu samþykki ráðuneytisins, selt það á leigu eða fengið það í hendur hlutafjegi, en þeir hafa fyrirgert rjetti sínum, ef happdrættið er ekki tekið til starfa 1. mars 1927, og ef þeir gegna ekki skyldu sinni með greiðslu gjalda þeirra, er þeir

eiga að inna af hendi til ríkissjóðs samkvæmt leyfisbrjefinu, eða ef reglugerð sú, sem samþykt er fyrir happdrættið, er brotin af þeirra hálfu. Skal ráðuneytinu þá heimilt að selja einkaleyfið öðrum í hendur.

f) Einkaleyfishafar skulu greiða til ríkisins 10% af iðgjöldum seldra hluta, auk aukagjalds, sem um getur í b-lið þessarar greinar, þó aldrei lægri fjárhæð en 50000 kr. á missiri.

g) Til tryggingar fyrir fullnægingu skuldbindinga þeirra, sem á einkaleyfishöfum liggja, skal, áður en happdrættið megi taka til starfa, mynda tryggingarsjóð, er hafi að geyma örugg verðbrjef, sem nemi helmingnum af samanlagðri fjárhæð vinninganna í hvorum flokki. Tryggingarsjóðurinn skal geymdur í Landsbanka Íslands.

Skerðist tryggingarsjóðurinn fyrir sakir áfallandi fjártjóns, eru leyfishafarnir skyldir, áður en næsti dráttur fer fram, að fylla upp í skarðið, svo að sjóðurinn nemi áskildri fjárhæð, eða setja bankatryggingu fyrir því, sem á vantar, er ráðuneytið tekur gilda.

Ráðuneytið hefir eftirlit með og ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs, að trygging sú, sem hjer ræðir um, sje til. Þá skulu leyfishafar og, áður en happdrættið tekur til starfa, setja ríkissjóði tryggingu, sem ráðuneytið tekur gilda, fyrir því, að þeir greiði ríkissjóði skilvíslega áskilið gjald samkvæmt f-lið greinar þessarar, en ekki þarf trygging sú að fara fram úr lágmarki missirisgjalds.

h) Ráðuneytið setur nánari ákvæði um fyrirkomulag happdrættisins.

2. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að leyfa, að selja megi á Íslandi alt að 2500 heila hluti í happdrættinu á þann hátt, sem það kveður nánar á um.

3. gr.

Meðan einkaleyfi það til happdrættis, sem veitt er samkvæmt lögum þessum, er í gildi, má ekki setja á stofn neitt peningahappdrætti fyrir Ísland nje leggja þar á það stimpilgjald.

Um sama tímabil skal það og, að viðlögðum 200 til 2000 kr. sektum til ríkissjóðs, vera bannað að versla með eða selja á Íslandi hluti fyrir happdrætti utanríkis eða hafa þar á hendi nokkur störf þar að lútandi.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Ágóðahluti ríkisins samkvæmt lögum þessum rennur að $^2/_3$ til ræktunarsjóðsins og $^1/_3$ til landhelgissjóðs Íslands, enda setur Alþingi með lögum nánari reglur um þann hluta, er til landbúnaðar gengur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1924 var borið fram frumv. í neðri deild um stofnun íslensks happdrættis, að miklu leyti samhljóða þessu frumvarpi. Málið kom mjög seint fram á þinginu og varð því ekki útrætt.

Þetta frumv. er þó frábrugðið hinu fyrra frumv. að því leyti, að tekjuvon landsins samkvæmt þessu frumv. er mun meiri, eða sem nemur 200 þús. kr. á ári. Ef vel gengur með sölu happdrættismiðanna, ættu beinar tekjur landsins af happdrættinu að geta numið um 800 þús. kr. á ári. Auk þess hefði landið miklar tekjur af starfsemi happdrættisins, fyrir frímerkjasölu, símanot o. fl. Myndi mikið fje koma landinu til tekna á þann hátt.

Á það má og benda, að erlend »lotterí« selja nú hjer á landi afarmikið af seðlum sínum, og þeir fjármunir, er fara úr landi á þennan hátt, skifta tugum eða jafnvel hundruðum þúsunda kr. árlega, og af því fje hlotnast landinu engar tekjur, en tvímælalaust myndi stofnun slíks happdrættis, sem hjer um ræðir, reynast öruggasta leiðin til að koma í veg fyrir sölu erlendra »lotterí«seðla hjer á landi.

Tekjum þeim, sem landinu áskotnast fyrir starfsemi þessa happdrættis, álítum við best og hagkvæmast varið á þann hátt að láta þær renna til ræktunarsjóðsins og landhelgissjóðsins. En hlutverk þessara sjóða er að stuðla að eflingu og þróun höfuðatvinnuvega landsins, hvers á sínu sviði. Og því færari verða þeir til að inna af hendi þetta mikilsverða hlutverk, sem þeim er veittur meiri fjárhagslegur stuðningur.

Ed. **39. Frumvarp**

til laga um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Flutningsm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Fje það, sem útheimtist til að standa straum af útgjöldum Vestmannaeyjakaupstaðar til bæjarþarfa, skal, að svo miklu leyti, sem það verður ekki lagt á með niðurjöfnun útsvara og liggur í sjerstökum tekjum, fengið með því að leggja gjald á allar fasteignir í kaupstaðnum.

2. gr.

Fasteignagjald samkv. 1. gr. skal miða við virðingarverð eftir fasteignamatslögum, og ákveðst það þannig:

Af öllum húseignum í bænum, úr hvaða efni sem þau eru og til hvers

sem þau eru notuð, ennfremur af öllum lóðum, sem einstakir menn eiga eða hafa leigurjett yfir, skal greiða í fasteignagjald 0,4% — fjörutíu aura af hverjum hundrað krónum — virðingarverðs, samkv. fasteignamatslögum.

Undanskilin gjaldi þessu eru öll tún og hagar, svo og allar fasteignir bæjarins og allar eignir ríkissjóðs, sem ekki eru öðrum leigðar.

Gjald þetta greiði eigendur húsa og lóða, eða leigjendur, sem samkv. byggingarbrjefi eða öðrum heimildum hafa umráð þeirra eigna, er gjaldið hvílir á.

3. gr.

Fyrir gjald þetta annast bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sót-, sorp- og salernahreinsun og gerir ráðstafanir til þess að fyrirbyggja eldsvoða.

4. gr.

Fasteignagjald skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkerans í Vestmannaeyjum, og er gjalddagi 15. maí ár hvert.

5. gr.

Fasteignagjaldið hvílir sem lögveð á fasteign þeirri, sem það er lagt á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum á eigninni. Brenni hús eftir gjalddaga, hefir fasteignagjaldið og forgangsrjett í brunabótum á sama hátt.

6. gr.

Sje fasteignagjald, útsvar eða önnur bæjargjöld ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi skattsins greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi 1% — einni krónu af hverjum 100 krónum — fyrir hvern mánuð eða part úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

Sömu dráttarvexti skal greiða, ef gjöld til hafnarsjóðs Vestmannaeyja, svo sem festagjöld, lestagjöld, vörugjöld, uppsátursgjöld o. fl., eru ekki greidd innan tveggja mánaða frá gjalddaga.

Dráttarvextir hafa lögtaksrjett á sama hátt og sjálf gjöldin.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæðum 6. greinar um dráttarvexti skal þó ekki beitt fyr en 3 mánuðum eftir gildistöku laganna. Fasteignagjald samkv. 1. gr. reiknist fyrst frá 1. janúar 1927.

Greinargerð.

Vestmannaeyjakaupstaður hefir tekist á hendur að annast sorp- og salernahreinsun fyrir bæjarbúa, og er fasteignagjaldi þessu ætlað að bæta bæjarsjóði upp þann kostnað, er af þessu hlýst, auk útgjalda til sótara og eftirlits með eldstæðum.

Ed. **40. Frumvarp**

til laga um löggilta endurskoðendur.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að löggilda endurskoðendur, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.:

1. Löggiltur endurskoðandi skal hafa náð lögaldri; hann skal vera fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.
2. Hann skal sanna fyrir ráðuneytinu, eða fyrir nefnd, sem atvinnumálaráðherra skipar, að hann hafi þá þekkingu á viðskiftum og reikningshaldi, sem krafist verður í reglugerð, sem ráðherra getur sett.
3. Hann má ekki reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega endurskoðunarstarfinu.

3. gr.

Ef löggiltur endurskoðandi missir fjárforræði sitt, eða mannorð hans flekkast, þá hefir hann fyrirgert löggildingunni. En ef hann fær aftur umráð yfir fje sínu, skal hann mega fá aftur löggilding sína.

4. gr.

Nú láta opinberir sjóðir, fjelög eða einstakir menn löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga sína, og skal þá sú endurskoðun jafngilda endurskoðun dómkvaddra manna.

5. gr.

Vilji dómstólar hafa röksamlega endurskoðun á reikningum og rekstri fyrirtækja eða á þrotabúum, skal til þeirrar skoðunar hafa löggilta endurskoðendur, ef til næst.

6. gr.

Löggiltur endurskoðandi skal heita því við drengskap sinn að vinna verk sitt eftir bestu vitund og ljósta ekki upp leyndarmálum.

7. gr.

Löggiltir endurskoðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur tiltekið nánar verksvið löggiltra endurskoðenda og sker úr ef deilur verða um gjöld fyrir störf þeirra, ef aðiljar óska, enda verða þá slík mál ekki borin undir dómstólana.

Nd. **41. Frumvarp**

til laga um kynbætur hesta.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Bannað er að láta graðhesta tvævetra og eldri ganga lausa í heimahögum eða á afrjettum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi skal vera hrossakynbótanefnd, skipuð 3 mönnum. Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd. Í fyrsta sinn skal kosið í janúar 1927, og gildir sú kosning þar til næst fer fram kosning í hreppsnefnd.

3. gr.

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd, með samkomulagi við eigendur, velja hæfilega marga graðhesta til undaneldis innanhrepps næsta sumar og ákveða gjald fyrir notkun þeirra. Skal nefndin gera hreppsbúum það kunnugt með auglýsingu fyrir lok marsmánaðar.

Hrossakynbótanefnd getur leyft, að kynbótahestar gangi lausir í heimahögum á tímabilinu frá 1. október til 20. apríl.

4. gr.

Alla graðhesta, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á hjeraðssýningum, er styrks hafa notið hjá Búnaðarfjelagi Íslands, skal merkja með því að klippa Kh. hægra megin á lend þeirra. Eigandi hestsins skal endurnýja merkið svo oft sem með þarf til þess að það sje jafnan glögt.

Nú sannast, að einhver hefir merkt graðhest þessu merki án leyfis kynbótanefndar, enda hafi hann ekki hlotið verðlaun eins og fyr segir, og varðar það sektum. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa honum sem óskilafje og selja án innlausnarfrests.

5. gr.

Alla graðhesta, sem eru $1^1/_2$ árs eða eldri og ekki eru ætlaðir til undaneldis samkvæmt 3. og 4. gr., skal gelda eða taka í örugga vörslu fyrir 14. maí ár hvert. Graðhesta á þeim aldri, sem eru ekki kynþroska þá, skal gelda svo fljótt sem verða má.

Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn eða taka í trygga vörslu, og skal hann þá sekt gjalda og auk þess skaðabætur, ef tjón hlýst af. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist, nema í öruggri vörslu sje, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja hann án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist graðhestur, merktur Kh. hægra megin á lend, gæslulaus án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er hann var valinn fyrir sem undaneldishestur, og má þá taka hann í örugga gæslu og, ef þörf gerist, á fóður á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart svo fljótt sem unt er. Ef hestsins er ekki vitjað og greiddur áfallinn kostnaður áður liðnar eru 6 vikur frá því hann var tekinn, má ráðstafa honum sem óskilagrip og selja með 4 vikna innlausnarfresti.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—500 kr., er renna að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið verður uppvíst, og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem hinn seki á heima.

8. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 74, 14. nóv. 1917, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Ákvæði um stundarsakir.

Hrossakynbótanefnd getur fyrst um sinn, í síðasta skifti 1930, leyft, að kynbótahestar gangi lausir í heimahögum á tímabilinu frá 20. apríl til 1. október ár hvert, og gildir leyfið fyrir 1 ár í senn.

Nd. **42. Frumvarp**

til laga um húsaleigu í Reykjavík.

Flutningsm.: Magnús Jónsson, Jakob Möller.

1. gr.

Lög nr. 24, 12. sept. 1917, lög nr. 45, 28. nóv. 1919, og lög nr. 50, 27. júní 1921, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, en þó má eigi segja upp húsnæðum til burtflutnings fyr en frá 1. okt. 1926.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var borið fram frumvarp um þetta sama efni, en náði ekki afgreiðslu. Nú hefir sú ástæða til afnáms þessara laga bætst við, sem sjest af brjefi borgarstjóra, því sem hjer er prentað sem fylgiskjal. Ráðuneytið hefir ekki orðið við tilmælum þeim, sem í brjefinu felast, og því er þetta frumvarp fram komið.

Fylgiskjal.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík, 4. des. 1925.

Bæjarstjórnin hefir á fundi sínum í gær falið mjer að fara þess á leit við ráðuneytið, að því mætti þóknast að gera ráðstafanir til, að húsaleigulögin verði numin úr gildi nú þegar, en í lögum þessum, nr. 24, 12. sept. 1917, er svo ákveðið, að þegar ekki þykir lengur þörf fyrir ákvæði þeirra megi fella þau úr gildi með konunglegri tilskipun.

Þessari ósk bæjarstjórnarinnar um afnám húsaleigulaganna leyfi jeg mjer hjer með að beina til ráðuneytisins.

K. Zimsen.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

Ed. **43. Tillaga**

til þingsályktunar um fyrirhleðslu fyrir Þverá eða brú á hana.

Flutningsmaður: Eggert Pálsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að byrja á þessu ári á framkvæmdum til að fyrirbyggja framrensli Markarfljóts í Þverá, samkvæmt lögum nr. 69, 14. nóv. 1917.
2. Að láta rannsaka brúarstæði á Þverá og gera áætlun um brúarkostnað, ef ekki telst mögulegt í náinni framtíð að koma í veg fyrir, að Markarfljótsvatnið renni í Þverárfarveginn.

Ástæður.

Þverá rennur, eins og kunnugt er, því sem næst þvert í gegnum Rangárvallasýslu, alla leið frá insta hluta Fljótshlíðar og út undir Þykkvabæ, þar sem

hún nú fellur til sjávar í sameiningu með Rangánum. Og þegar Markarfljótsvatnið nær farvegi hennar, eins og nú hefir átt sjer stað um samfeld 30 ár, rífur hún gegndarlaust niður lönd þeirra jarða, sem að henni liggja, um leið og hún á stundum, þegar vatnavextir eru, hindrar alla umferð dögum og jafnvel vikunum saman, og það því fremur, sem ómögulegt er að koma við ferju yfir hana.

Nauðsynin á því að koma í veg fyrir það, að Markarfljótsvatnið leiti í Þverárfarveginn hefir lengi verið viðurkend, eins og lög nr. 69, 14. nóv. 1917, bera vott um, enda hafa margar og margvíslegar mælingar verið gerðar slíku verki til undirbúnings. En þar sem engin framkvæmd hefir alt til þessa orðið á því að bægja Markarfljótsvatninu frá Þverárfarveginum, eru ýmsir sýslubúar orðnir úrkula vonar um, að það verði nokkurntíma gert, og hafa þess vegna sent áskoranir um, að Þverá verði brúuð, til þess á þann hátt að losna við farartálmana, sem hún veldur.

Nd. **44. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Flutningsm.: Jón Kjartansson og Björn Líndal.

Við 1. gr.

a. Fyrir »t. d. konfektbúða« komi: þó að undanteknum konfektbúðum.
b. Aftan við greinina bætist: Ákvæði þetta gildir þó ekki um vinnustofur, þegar eigandi sjálfur eða fjölskylda hans annast alla afgreiðslu.

Nd. **45. Frumvarp**

til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir fyrir hönd ríkissjóðs sölu og útflutning á allri þeirri síld, sem útflutningshæf telst og veidd er hjer við land og verkuð er í landi eða landhelgi.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning síldar og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending síldar til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

3. gr.

Allur kostnaður við sölu og útflutning greiðist af söluverði síldarinnar, og skal draga þann kostnað frá áður en eigendum er greitt andvirði vörunnar.

4. gr.

2% af söluverði síldar skulu renna í ríkissjóð, enda greiðist ekki neitt annað sjerstakt útflutningsgjald af síld. Af tekjum þeim, sem ríkissjóður þannig fær af söluverði síldar, má verja alt að 50% til að leita uppi nýjan markað fyrir síld og til tilrauna í þessu skyni.

5. gr.

Ríkisstjórnin má greiða eigendum andvirði útfluttrar og seldrar síldar í íslenskum peningum, þótt andvirði vörunnar sje greitt í erlendri mynt.

6. gr.

Andvirði seldrar síldar afhendir ríkisstjórnin eftir reglum, sem hún setur þar um, og getur ríkisstjórnin sett meðalverð á hverja jafngóða vörutegund frá sama framleiðslutímabili.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða alt að 50 þúsund króna sektum, er renna í ríkissjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög þau eða lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. júlí 1926.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi, en varð eigi útrætt. 1923 var það einnig borið fram; fylgdi því þá svo látandi greinargerð:

»Síldarútvegurinn er orðinn það stór þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar, að ekki verður lengur gengið fram hjá því skipulagsleysi, sem ríkt hefir í þeim atvinnuvegi síðan 1919, sjerstaklega að því er sölu síldarinnar snertir. Þetta hefir síldarútvegsmönnum sjálfum líka verið ljóst, því að 1921 leituðu þeir aðstoðar löggjafarvaldsins til þess að koma skipulagi á þennan atvinnuveg. Þingið tók að vísu vel í þetta mál, en nokkur mistök urðu á afgreiðslu þess fyrir þá sök, að málið var svo seint á ferðinni í þinginu, að afgreiðsla þess varð nokkuð flausturskend.

Með þessu frv. er það trygt, að hægt er að hafa fult skipulag á framboði og sölu síldarinnar erlendis. Þegar öll síldin, sem veiðist, er á einni hendi, er hægt að haga sölunni þannig, að ekki verði boðið fram meira í einu en markaðurinn þolir. En annað enn mikilsverðara í frv. er þó það, að ríkisstjórnin hefir til umráða fje til þess að finna nýja markaði og gera tilraunir í þá átt. Þetta mundi verða ofvaxið þeim einstaklingum, sem nú reka síldarsöluna. Atvinnuvegurinn er, eins og nú stendur, of mikið áhættuspil til þess, að þeir geti r ðist í að gera kostnaðarsamar tilraunir til að finna nýja markaði. En ríkinu er þetta alt auðveldara. Það getur valið úr starfskröftum til að vinna að þessu. Og það getur fyrir milligöngu fulltrúa sinna erlendis notið ívilnana, sem einstaklingar verða ekki aðnjótandi.

Nokkuð hefir verið um það rætt, að þörf muni vera á að takmarka veiði á síld. Í frv. er ekki gert ráð fyrir þessu. Á hitt verður að leggja aðalábersluna, að koma skipulagi á söluna og vinna nýjan markað fyrir síldina. Telji þingið þetta nú samt sem áður nauðsynlegt, mætti bæta ákvæði um þetta inn í frv., ef hægt er að finna færa leið til að koma slíkri takmörkun í framkvæmd.

Um 1. gr.

Einkasalan tekur fyrst og fremst til allrar þeirrar síldar, sem söltuð er í tunnur á venjulegan hátt og ætluð er til útflutnings, en lögin ná einnig til síldar, sem kann að vera öðruvísi tilreidd. Um það, hvort síld skuli talin útflutningshæf eða ekki, ráða að sjálfsögðu síldarmatslögin. En þar sem þau ná ekki til, verður ríkisstjórnin eða umboðsmaður hennar að skera úr.

Um 2. gr.

Ríkisstjórnin verður að hafa víðtækar heimildir til þess að geta skipað fyrir um alt, sem snertir afhending síldar til útflutnings, skyldu eigenda til að geyma síldina o. s. frv.

Um 3. og 4. gr.

Kaup þeirra manna, er ríkisstjórnin skipar til að hafa söluna á hendi, svo og skrifstofukostnaður þeirra, telst og með kostnaði við sölu og útflutning síldar. En auk þess renna 2% af söluverðinu í ríkissjóð. Og má verja, og ætti að verja, helmingi þess fjár til að leita nýs markaðs fyrir íslenska síld, þar til lítil eða engin hætta er orðin á því, að við getum ekki selt alla þá síld fyrir viðunandi verð, sem landsmenn geta veitt. Síldarútflutningsgjaldið, sem nú er 1 kr. 50 a. á hverja síldartunnu, fellur niður, ef frv. verður samþykt.

5.—8. gr. virðast ekki þurfa skýringar við.«

Um 9. gr.

Lögunum er ætlað að ganga í gildi 1. júlí 1926, og kæmu þau þá þegar í framkvæmd á komandi sumri.

Nd. **46. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40 1919, um forkaupsrjett á jörðum.

Flutningsm.: Þórarinn Jónsson og Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Á eftir 2. gr. laga nr. 40 1919 kemur ný grein, sem verður 3. gr., svo látandi:

Ákvæði 1. gr. og fyrri málsl. 2. gr. ná ekki til þess, er jarðeigandi selur barni sínu, kjörbarni eða fósturbarni eða systkini.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Í stað »2. gr.« í 4. gr. laganna kemur: 4. gr.

3. gr.

Í stað »3. gr.« í fyrstu og síðustu málsgr. 5. gr. laganna kemur: 4. gr.

4. gr.

Í stað »1.—7. gr.« í 6. gr. laganna kemur: 1.—6. gr.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa þau inn í meginmá laga nr. 40 1919 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Forkaupsrjettarákvæðin í lögunum um forkaupsrjett á jörðum frá 1919 hafa valdið talsverðri óánægju víða, þar sem jarðareigandi getur ekki fyrirvaralaust selt barni sínu eða nánustu ættingjum jörð, nema þeir hafi eða fái ábúð á jörðinni. Einatt er þó svo, að ábúð getur ekki átt sjer stað frá þeirra hálfu nema með krókum og leppmensku. Þetta sýnist bæði vera ranglátt frá því sjónarmiði, að jarðir haldist í eign ætta, og líka hins, að löggjöfin gefi tilefni til þess, að farið sje í kringum lögin.

Nd. **47. Frumvarp**

til laga um einkasölu á saltfiski.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir fyrir hönd ríkissjóðs sölu og útflutning á söltuðum og þurkuðum fiski, sem veiddur er hjer við land og verkaður er í landi eða fluttur er á land og útflutningshæfur telst.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning á fiski þeim, sem ríkisstjórnin hefir einkasölu á samkvæmt lögum þessum, og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending á fiski til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

3. gr.

Allur kostnaður við sölu og útflutning greiðist af söluverði fiskjarins, og skal draga þann kostnað frá áður en eigendum er greitt andvirði vörunnar.

4. gr.

2% af söluverði fiskjarins skulu renna í ríkissjóð, enda greiðist ekki neitt annað sjerstakt útflutningsgjald af fiski þeim, er ríkisstjórnin hefir einkasölu á. Af þessum tekjum má ríkissjóður verja alt að 50% til að útvega nýjan markað fyrir fisk og til tilrauna í þessu skyni.

5. gr.

Ríkisstjórnin má greiða eigendum andvirði fiskjar í íslenskum peningum, þótt það hafi verið greitt henni með erlendum gjaldeyri.

6. gr.

Andvirði fiskjarins afhendir ríkisstjórnin eftir reglum, sem hún setur þar um, og getur ríkisstjórnin sett meðalverð á hverja jafngóða vörutegund frá sama framleiðslutímabili.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 50 þúsund krónum, er renna í ríkissjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau lög eða lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. júlí 1926.

Greinargerð.

Frv. þetta var borið fram á síðasta þingi, en var þá felt. Greinargerð þessi fylgdi frv.:

»Þær almennu ástæður, sem bornar eru fram fyrir frv. um einkasölu á síld, eiga að mestu einnig við um frv. þetta. En gott skipulag á sölu fiskjarins er þeim mun mikilsverðara, að fiskveiðarnar eru annar aðalatvinnuvegur landsmanna, og mistök þar hafa stórkostlegri og háskalegri afleiðingar fyrir landsmenn, eins og reynsla undanfarinna ára hefir því miður sýnt.

Einstakar greinar frv. þykir ekki þörf að skýra«.

Ed. 48. Nefndarálit

um frv. til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Löggjöfin um kosningarrjett og kjörgengi í málefnum sveita og kaupstaða hefir þótt, og það ekki að ástæðulausu, vera komin mjög á ringulreið, að því leyti, að gildandi ákvæði um þessi efni eru ekki að finna öðruvísi en í mörgum lögum. Þannig eru t. d., fyrir utan sveitarstjórnarlögin frá 1905 og lög um breytingar á þeim og viðauka við þau, sjerstök lög um kosningar fyrir hvern hinna sjö kaupstaða landsins, með ýmsum breytingum á sumum þeirra.

Alþingi hefir á síðustu árum verið það ljóst, að þörf væri á að samræma þessi mörgu svipuðu lagaákvæði og taka þau síðan upp í ein lög, eins og ákveðið er í frumvarpi því, er hjer liggur fyrir og lagt er fyrir Alþingi af hæstv. atvinnumálaráðherra samkvæmt þingsályktun frá síðasta þingi.

Allsherjarnefnd hefir rætt frumvarpið á mörgum fundum og lagt í það talsverða vinnu; hún hefir og rækilega borið það saman við öll þau lagaákvæði, sem falla úr gildi, ef frumvarpið verður að lögum.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt með nokkrum breytingartillögum við það, er flestar miða annaðhvort að því að gera fyrirmæli þess skýrari eða vafningsminni í framkvæmd.

Að öðru leyti verður í framsögu gerð nánari grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar, sem hjer fara eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 3. gr. Á milli orðanna í síðari málsgrein »Rjett er« og »konum« komi: giftum.
2. Við 4. gr. Í stað orðsins »sýslunefndar« í niðurlagi 1. málsgr. komi: sýslunefndaroddvita.
3. Við 6. gr. a. Í stað »3—5« í fyrsta málslið komi: 3—7.
   b. Eftir orðin »3 í 5« í öðrum málslið komi: og 5 í 7.
   c. Orðin »(2 af 3 og 3 af 5)« falli burt.
   d. Í stað orðanna »2. málsgr.« komi: síðari málsgr.
4. Við 7. gr. Í stað orðanna í fyrri málsgr. »hreppaskilaþingi á vori« komi: vorhreppaskilaþingi.
5. Við 8. gr. a. Fyrsti málsliður orðist svo:
   Hreppsnefnd í hreppum og bæjarstjórn í kaupstöðum skal árlega, í hreppum fyrir 15. apríl og í kaupstöðum fyrir 15. desember, semja eða láta semja skrá yfir alla kjósendur í kjördæmi, er á kjördegi hafa kosningarrjett.
   b. Í stað »kjörstjórnar« í 4. málslið komi: hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.
   c. Í staðinn fyrir »kjörstjórn« í sama málslið komi: hún.
6. Við 11. gr. 3. málsgr. Orðin »nafns af« á síðari staðnum falli burt.
7. Við 12. gr. Síðasti málsliður 3. málsgr. orðist svo:
   Eigi má annað á seðil letra en nú var mælt, nema nauðsyn sje á til aðgreiningar samnefndum mönnum.
8. Við 14. gr. Í stað »kosningargerðar« komi: kosningarathafnar.
9. Við 15. gr. Aftan við 3. málsgrein bætist: og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Að öðrum kosti er seðillinn ógildur, og má ekki láta hann í atkvæðakassann.
10. Við 16. gr. Í stað orðsins »Kosningargerð« (í upphafi greinarinnar) komi: Kosningarathöfn.
11. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
    Þegar einungis á að velja einn fulltrúa, er hann kosinn listakosningu eftir framanskráðum reglum, að því leyti, sem við getur átt.
12. Við 20. gr. Í stað orðanna »klukkustund er liðin« komi: 2 klukkustundir eru liðnar.
13. Við 24. gr. Aftan við síðari málsgreinina bætist: og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Að öðrum kosti er seðillinn ógildur, og má ekki láta hann í atkvæðakassann.
14. Við 29. gr. Í stað orðsins »Atvinnumálaráðherra« (í upphafi greinarinnar) komi: Oddviti sýslunefndar.
15. Við 30. gr. Í stað orðanna »Semja skal — bæjarstjórnarkosningar« komi: Við kosninguna skal fara eftir gildandi kjörskrá við bæjarstjórnarkosningar.
16. Við 31. gr. Í stað »sýslunefndar« komi: oddvita sýslunefndar.

17. Við 32. gr. Í stað 2. málsliðs komi: Skal beita hlutfallskosningu sem hjer segir: Þeir bæjarfulltrúar, er komið hafa sjer saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda formanni bæjarstjórnar, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A., B., C. o. s. frv., eftir því, sem hann sjálfur ákveður eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skifti fyrir öll þann kjörtíma. Síðan les formaðurinn upp stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa bæjarfulltrúarnir þannig, að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A., B., C. o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir formanni, og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifarar rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern lista, hve mörg á A., hve mörg á B. o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skift, fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3, o. s. frv., eftir því, sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð, hver niður undan annari, og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum, þannig, að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næsthæsta hlutatölu, o. s. frv., þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hver listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð, sem þeir standa á listanum. Sje ekki stungið upp á fleiri nefndarmönnum en kjósa á, lýsir formaður þá rjett kjörna án atkvæðagreiðslu.

18. Við 34. gr. Í stað orðanna »minni hluti og meiri hluti« komi: meiri hluti og minni hluti.

19. Við 37. gr. Í stað »2.—6. gr.« í 4. málsgrein komi: 2.—5. gr.

Alþingi, 20. febr. 1926.

Jóh. Jóhannesson, form.	Eggert Pálsson, fundaskrifari.	Guðm. Ólafsson, frsm.

Nd. **49. Frumvarp**

til laga um löggildingu verslunarstaðar við Jarðfallsvík á Málmey.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson.

1. gr.

Við Jarðfallsvík á Málmey í Skagafjarðarsýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt fyrir mjög eindregin tilmæli Málmeyinga. — Nánari greinargerð í framsögu, ef þurfa þykir.

Nd. **50. Frumvarp**

til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Leita skal stöðvunar á verðgildi íslenskra peninga á þeim grundvelli, að gengi þeirra gagnvart erlendum peningum sje í samræmi við kaupmátt þeirra innanlands — með því markmiði að festa endanlega verðgildi peninganna á þeim grundvelli.

2. gr.

Skipa skal nefnd, sem hafi á hendi skráningu á gengi íslenskra peninga og annist aðrar framkvæmdir samkvæmt lögum þessum. Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skipar fjármálaráðherra einn, og sje hann formaður nefndarinnar, tveir skulu tilnefndir af bönkunum, sinn af hvorum, einn af stjórn Fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda í Reykjavík, og einn af stjórn Sambands íslenskra samvinnufjelaga. Nefndin er bundin þagnarskyldu.

3. gr.

Gengisnefnd skal láta fara fram árlega rannsókn á því, hvert sje hið raunverulega verðgildi peninganna í viðskiftum innanlands. Skal nefndin því næst, innan hæfilegs tíma, færa verð krónunnar til samræmis við niðurstöðu þeirrar rannsóknar. Þá er peningarnir hafa náð þessu gengi, má hámark verðsveiflunnar upp á við aldrei vera meira en $2^1/_2\%$ og niður á við aldrei meira en $2^1/_2\%$.

4. gr.

Úr ríkissjóði skal greiða $^5/_6$ hluta af því tapi, sem bankarnir, samkvæmt mati gengisnefndar, kunna að verða fyrir af kaupum og sölu erlendra

peninga við hinu skráða gengi, frá því að lög þessi öðlast gildi og þar til því markmiði er náð, sem getið er í niðurlagi 1. gr.

5. gr.

Lögreglustjóri lætur nefndinni í tje nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru jafnskjótt og skip það, er vöruna flytur, er lagt frá landi. Ennfremur getur nefndin, með samþykki fjármálaráðherra, krafist þess, að sjerhvert fjelag, stofnun eða einstaklingur, sem á erlendan gjaldeyri, þar með talin verðbrjef, þegar lög þessi öðlast gildi, eða eignast hann síðar, gefi nefndinni upplýsingar um, hve mikill hann sje og hvernig honum sje fyrir komið.

6. gr.

Kostnað við nefndarstörfin greiðir ríkissjóður að $^{3}/_{5}$, en Landsbanki Íslands og Íslandsbanki að $^{1}/_{5}$ hvor. Fjármálaráðuneytið úrskurðar þá reikninga.

7. gr.

Lög nr. 9, 27. maí 1925, um framlenging á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun og breyting á þeim lögum, eru úr gildi numin.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skýrsla og tillögur frá fulltrúa landbúnaðarins í gengisnefndinni.

Samkvæmt lögum, er sett voru á síðasta Alþingi um framlenging á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun og breyting á þeim lögum, var jeg tilnefndur á síðastliðnu vori af stjórn Sambands ísl. samvinnufjelaga til þess að taka sæti í gengisnefndinni sem fulltrúi fyrir landbúnaðinn.

Tel jeg mjer skylt að bera fram fyrir hæstvirt Alþingi:

1. Skýrslu um það, hvernig farið hefir um framkvæmd á vilja Alþingis í gengismálinu, eins og jeg hefi skilið hann samkvæmt áðurnefndum lögum, og
2. Tillögur um það, »hvort ekki væri rjett að festa gengi íslensku krónunnar í náinni framtíð,« »og með hverjum hætti það mætti verða« samkvæmt fyrirmælum þeirrar nefndar í neðri deild Alþingis, sem um málið fjallaði (Alþt. B. 2711, sbr. þingskjal 411).

Jeg ber þessa skýrslu og tillögur fram einn sem minni hluti gengisnefndarinnar, fyrst og fremst af því, að jeg hefi verið einn um að bera fram skriflegar tillögur um framkvæmd áðurnefndra laga; í öðru lagi af því, að jeg hygg, að jeg standi einn uppi í nefndinni með þá skoðun, að þegar beri að gera ráðstafanir

til að festa gengi íslensku krónunnar; og loks tel jeg mjer skylt sem fulltrúi landbúnaðarins í nefndinni að gera sjerstaklega grein fyrir málinu af hans hálfu.

I.

Framkvæmdin á vilja Alþingis í gengismálinu.

Í niðurlagi 1. greinar áðurnefndra laga um gengisskráning og gjaldeyrisverslun segir svo um verkefni gengisnefndarinnar: »Ber nefndinni ennfremur, eftir því sem ástæður eru til, að gera tillögur til landsstjórnarinnar um ráðstafanir, er stefna að því að festa gengi íslensks gjaldeyris og stuðla að varlegri hækkun krónunnar.«

Nú verður því ekki neitað, að ágreiningur hefir orðið um það, hversu skilja beri áðurnefnd ummæli laganna, og þykir mjer því hlýða að fara um það nokkrum orðum.

1. Jafnframt því sem Alþingi síðasta framlengdi gildi laganna um gengisskráning og gjaldeyrisverslun, var gerð breyting á orðalagi einmitt þessa þýðingarmikla atriðis um verkefni gengisnefndarinnar. Í lögum frá 1924 segir, að nefndin eigi »að gera tillögur til landsstjórnarinnar um ráðstafanir, er stefna að því *að festa og hækka* gengi íslensks gjaldeyris,« en í lögunum, sem nú gilda, er þessu breytt í þá átt, sem áður segir: »að festa gengi íslensks gjaldeyris *og stuðla að varlegri hækkun krónunnar.*« Það er ljóst, að hjer er um stefnubreytingu að ræða hjá Alþingi í gengismálinu. Ástæðan til þessarar lagabreytingar er sú að sjálfsögðu, að Alþingi leit svo á, að sú hækkun krónunnar, sem þá var orðin, hefði ekki verið »varleg«, og því mætti ekki halda áfram á sömu braut. Breytingartillagan um þetta var borin fram til sigurs af þeim mönnum, sem lögðu megináherslu á þetta. Vilji Alþingis var tvímælalaust sá, að að svo miklu leyti, sem ekki tækist að halda gengi íslensku krónunnar föstu, bæri gengisnefnd að gera tillögur, sem stuðla að því að hækkunin verði varleg, þ. e. varlegri en áður hefði verið. Styðst þessi skoðun enn frekar við eftirfarandi atriði.
2. Alþingi gerði ennfremur aðra breytingu á lögunum. Það bætti tveim nýjum mönnum í gengisnefndina, fulltrúum fyrir sjávarútveg og landbúnað. Kom það opinberlega fram á Alþingi, að tilgangurinn væri sá, að þeir gætu einmitt haft áhrif á það — þótt ekki hefðu þeir atkvæðisrjett um sjálfa gengisskráninguna —, að hækkun krónunnar yrði svo varleg, að atvinnurekendur gætu þolað hana. (Sbr. t. d. ummæli eins þm. úr fjárhagsnefnd (Jóns A. Jónssonar), »Okkur nefndarmönnum fanst sjálfsagt, að seljendur gjaldeyris, sem hafa orðið fyrir þyngstum búsifjum af hækkun krónunnar, fái menn í nefndina, er geti gefið allar upplýsingar um það, hvernig horfi við í það og það skiftið, og hafi það verksvið að halda í fremur en örva hækkun krónunnar» (Alþt. B. 2731).
3. Þessi vilji Alþingis um varlega hækkun krónunnar kom loks mjög skýrt fram í umræðum þeim, sem um málið urðu í neðri deild Alþingis, um leið og breytingarnar urðu gerðar á lögunum.

Framsögumaður fjárhagsnefndar segir: »Í breytingartillögunni stendur, að nefndin eigi að festa gengi krónunnar og stuðla að varlegri hækkun. Þetta er hið sama og í lögunum stendur, nema hjer er talað um varlega hækkun. Þetta hefir fjárhagsnefnd fallist á, eins og tekið er fram í nefndarálitinu. Það verður að fara gætilega í þetta mál. Stórar sveiflur upp eða niður eru stórhættulegar.« (Alþt. B. 2734). — Framsögumaður víkur einnig að undanförnu starfi gengisnefndarinnar og segir: »En ýmsir eru þó á því, að hún (gengisnefndin) hafi farið of frekt í það að hækka krónuna. Þetta kom fram í ræðum þeirra hv. 1. þm. G.-K. (Á. F.), hv. þm. Str. (Tr. Þ.) og hv. þm. Borgf. (P. O.), og einn þeirra ljet í ljós, að hann gæti sannað það, að menn hefðu beðið tjón af hækkuninni.« (Alþt. B. 2732).

Annar fjárhagsnefndarmaður (Jón A. Jónsson) segir meðal annars: »Jeg skal þá fyrst viðurkenna það, að atvinnurekendur horfa með ótta fram á það, að gengi krónunnar hækki ört.« Og síðar segir hann: »Þess vegna er það ekki að undra, þótt atvinnurekendur sjeu kvíðafullir.« (Alþt. B. 2731).

Elsti og reyndasti útgerðarmaðurinn á Alþingi (Ágúst Flygenring) segir svo: »Á síðasta þingi vakti einkum fyrir mönnum, að gengi ísl. krónunnar bæri að festa af varúð . . . . . Mörgum hefir þótt hækkun krónunnar of ör síðan í fyrra.« (Alþt. B. 2712). Og enn segir hann: »Ef þetta ráð hefði verið upp tekið í fyrra, að fulltrúar landbúnaðar og sjávarútvegar ættu einnig sæti í nefndinni, þá hefði áreiðanlega af því blotist, að gengishækkun krónunnar hefði orðið meira hægfara en raun varð á. Það er nú líka svo, að alt of hraðfara gengishækkun getur bakað stórtjón, af henni getur blotist kyrstaða eða kreppa í atvinnulífi þjóðarinnar. Þeir, sem fást við atvinnurekstur, vita glegst, að þjóðarheildinni er stór hætta búin, ef gengishækkuninni er ekki stilt í hóf eftir föngum, eftir því sem við á.« (Alþt. B. 2713).

Einn af flutningsmönnum breytingartillagnanna (Pjetur Ottesen) segir svo: »Það, sem fyrir okkar tillögumönnum vakti, var það, að okkur þótti ískyggilegt, ef halda ætti áfram hækkun gengisins eins ört og verið hefir. Hækkunin síðan gengisnefndin tók til starfa nemur nú 18—20%, og er þó hækkunin orðin nokkru meiri frá því, er krónan stóð lægst. Þetta þykir okkur nokkuð hraðfara hækkun, þar sem engin lækkun hefir orðið á framleiðslukostnaði. Virðist hjer stefna í óvænt efni fyrir atvinnuvegina, og því full ástæða til að athuga þetta betur. Eins og málið horfði við þótti okkur sú leið heppilegust, sem farið er fram á í tillögunni. Í fyrsta lagi að draga nokkuð úr orðalaginu eins og það nú er í lögunum um gengisskráninguna, um hækkun krónunnar, og svo bæta við 2 nýjum fulltrúum í nefndina fyrir hönd útflytjenda.« (Alþt. B. 2727—2728).

Loks vil jeg aðeins minna á ummæli aðalflutningsmanns breytingartillagnanna (Tr. Þ.), sem allra ákveðnast hnigu í sömu átt.

Tel jeg óþarfa að fara um þetta fleiri orðum. Jeg tel það alveg tvímælalaust, hver var vilji Alþingis í gengismálinu. Breytingarnar á lögunum, ummæli fjárhagsnefndar og einstakra þingmanna úr þeim þingmeirihluta, sem breytingarnar gerði á lögunum, sýna tvímælalaust, að vilji Alþingis var sá, að fara *varlegar* en áður með hækkun krónunnar.

En framkvæmdin hefir orðið önnur.

Um það leyti, sem margnefnd lög voru samþykt á Alþingi — í byrjun maímánaðar — var sterlingspund.ð skráð hjer á kr. 26.85. Stuttu síðar var það fallið í kr. 26.15, og hjelst í því verði lengi sumars. Síðast í ágústmánuði fjell það í kr. 26 og úr því fjell það, oft í stórum stökkum og á tiltölulega mjög stuttum tíma, þangað til það loks 27. okt. staðnæmdist í því verði, sem það hefir enn, kr. 22.15.

Frá því Alþingi samþykti lögin til 27. okt., eða á ca. $5^1/_2$ mánuðum, hefir hið skráða verðgildi íslensku krónunnar hækkað um $17^1/_2\%$. Verður það með engu móti talin »varleg hækkun,« í samræmi við vilja Alþingis, heldur þvert á móti. Þessi hækkun er miklu »óvarlegri« vegna þess, að hún bætist ofan á hina miklu undangengnu hækkun krónunnar, sem einkum varð síðari hluta árs 1924 og síðan fyrri hluta árs 1925. Báðir fulltrúar atvinnuveganna voru sammála um þetta. Sameiginlega og samhljóða mótmæltum við gengishækkuninni með skírskotun til vilja Alþingis í hvert skifti sem hækkað var, eins og fundarbók gengisnefndarinnar ber með sjer. Bárum við báðir fram rökstudd ummæli um það, hversu hættuleg gengishækkunin væri atvinnuvegunum, og kröfðumst þess sameiginlega, á fundi, sem gengisnefndin átti með ráðherrunum 1. sept., að Alþingi yrði kvatt til aukafundar vegna þessa máls, og á fundi gengisnefndar 12. sept. krafðist jeg, að gengisnefnd óskaði aukaþings þessa vegna. En hvorug krafan var tekin til greina.

Þá er svo var komið, í byrjun septembermánaðar, að hið skráða verð sterlingspundsins var fallið í kr. 24.00, þá er mótmælin í gengisnefndinni reyndust árangurslaus, en fyrirsjáanlegt var, að ef ekki yrði gripið til sjerstakra ráða, þá myndi enn meiri og óvarlegri hækkun krónunnar standa fyrir dyrum, taldi jeg mjer skylt, samkvæmt niðurlagsorðum 1. gr. margnefndra laga um gengisskráning og gjaldeyrisverslun, að snúa mjer til hæstvirtrar landsstjórnar með tillögur um, hvað gera bæri til þess að vilji Alþingis um varlega hækkun krónunnar yrði framkvæmdur, a. m. k. að nokkru. Gerði jeg það með brjefi dags. 8. sept. f. á.

Aðstaðan var þá orðin sú, og varð síðan allan tímann meðan gengishækkunin stóð yfir, að það, sem rjeði skráning krónunnar í gengisnefnd, var ekki fyrst og fremst það, hvað nefndin áliti að væri hæfilegt verð á krónunni, og ekki það, hve mikla gengishækkun nefndin áliti atvinnuvegunum fært að bera. Það, sem rjeði skráningunni, var annað. Aðeins annar bankinn (Landsbankinn) var kaupandi að þeim erlenda gjaldeyri, sem fram var boðinn, nálega allan tímann, sem hækkunin stóð yfir, og miðaði verðið, sem hann vildi gefa fyrir hann (sterlingspundið), fyrst og fremst við það, hve mikla áhættu bankinn gæti tekið á sig vegna kaupanna, vegna væntanlegrar áframhaldandi hækkunar krónunnar. Verður stjórn Landsbankans, að mínu viti, ekki áfeld fyrir þetta. Þar sem gengisnefndin og landsstjórnin hinsvegar litu svo á, að nauðsyn bæri til, að hið skráða gengi væri »effektivt,« var verð krónunnar jafnan skráð í samræmi við kauptilboð þessarar einu stofnunar, sem erlendan gjaldeyri keypti. Öll hin gífurlega hækkun krónunnar, úr 26 kr. í 22.15 kr. sterlingspundið, er fram komin af þessu mati Landsbankans á áhættunni að kaupa erlenda gjaldeyrinn.

Mjer var það ljóst, hver hætta landbúnaðinum stóð af áframhaldandi mikilli gengishækkun, allra helst einmitt á þessum tíma, þá er sala landbúnaðarafurðanna var að byrja. Mjer var það ennfremur ljóst, hve óheilbrigt það væri og

óeðlilegt og algerlega andstætt vilja Alþingis, að krónuhækkunin ætti sjer stað af þeirri höfuðástæðu, sem nú hefir verið nefnd. Hinsvegar var mjer það ljóst, að gengisnefnd hafði ekki vald eða aðstöðu til að taka í taumana.

Þess vegna sneri jeg mjer til landsstjórnarinnar með áður nefndu brjefi og ljet svo ummælt, að »þar sem Landsbankinn teldi sjer ekki fært, áhættunnar vegna, að kaupa erlendan gjaldeyri svo föstu verði hjer eftir, að telja megi, að fyrirmælum laganna um varlega hækkun krónunnar sje fylgt, verð jeg að álíta, að landsstjórninni beri skylda til að taka á sig áhættuna af því að framfylgja þingviljanum.«

Bar jeg fram eftirfarandi tillögur:

»Þangað til Alþingi verður kvatt til fundar skal lágmarksverð sterlingspundsins ákveðast 24 kr. eins og nú er.

Til þess að bankarnir telji sjer kleift að kaupa erlendan gjaldeyri við þessu lágmarksverði, ábyrgist landsstjórnin af landsins hálfu það tap, sem af þessu kann að hljótast vegna síðari verðlækkunar þessa gjaldeyris, og með hæfilegri seðlaútgáfu í þessu skyni gefur landsstjórnin bönkunum aðstöðu til að annast þessi kaup.

Til þess hinsvegar að hindra, að »spekulationir« eigi sjer stað í sambandi við þetta, skuldbinda bankarnir sig til að kaupa ekki við þessu verði annan gjaldeyri en þann, sem þeir telja víst, að nota eigi, eða notaður hefir verið, til þess að kaupa fyrir innlendar afurðir, framleiddar á þessu ári, eða innstæður íslenskra borgara erlendis.«

Um áhættuna af því, að ríkið ljeti bönkunum slíka ábyrgð í tje, gat jeg þessa í brjefinu, samhliða tillögunum: »Jeg álít, að sú áhætta sje í raun og veru ekki mikil. Jeg hygg, að ástæðan til, að eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri er svo lítil nú, sje ekki sú, að ekki sje þörf fyrir hendi, og það jafnvel svo mikil, að jafnaðist á við framboð, heldur sú, að allur þorri manna vonast nú fastlega eftir hækkun íslensku krónunnar og bíður með að kaupa erlendan gjaldeyri. Væri því nú sýnt ljóslega, að gengi íslensku krónunnar ætti ekki að hækka á næstunni, tel jeg víst, að sala bankanna á erlendum gjaldeyri verði svo mikil, að það komi á daginn, að áhættan yrði sem engin, eða alveg engin, af að halda nú föstu gengi a. m. k. til Alþingis.«

Með brjefi dags. $^{12}/_{9}$, sem lagt var fram á fundi gengisnefndar sama dag, lýsti landsstjórnin því yfir, að hún gæti ekki fallist á þessar tillögur. Þrátt fyrir eindregin mótmæli beggja fulltrúa atvinnuveganna hjelt krónan áfram að hækka, í samræmi við mat Landsbankans á áhættu þeirri, sem honum væri fært að taka á sig vegna gjaldeyriskaupanna, uns verð sterlingspundsins loks staðnæmdist í kr. 22.15.

En jeg tel mjer skylt að sýna, hvernig reynslan hefir skorið úr um það, hver áhættan var af því ef landsstjórnin hefði viljað taka á sig ábyrgð á væntanlegu tapi af gjaldeyriskaupunum, samkvæmt tillögum mínum, og þar með af því að framkvæma, a. m. k. að nokkru, þingviljann um varlega hækkun krónunnar. Sjest það ljóslega, ef athugað er framboð og eftirspurn á erlendum gjaldeyri á tímabilinu, í heild, frá því í septemberbyrjun og til Alþingis.

Gefa bankarnir gengisnefnd vikulega skýrslu um innieign sína eða skuld

erlendis, og samkvæmt þeim skýrslum hefir ritari gengisnefndarinnar látið mjer í tje eftirfarandi tölur um það.

Samkvæmt næstu vikuskýrslu eftir að jeg bar fram áðurnefndar tillögur mínar, hinn 14. sept. f. á., var nettóinnieign bankanna erlendis (öllu breytt í sterlingspund) 293454 sterlingspund.

En samkvæmt síðustu vikuskýrslu þeirra áður en Alþingi kom saman er nettóinnieignin ca. 120000 sterlingspund. (Hjer eru ekki taldar með samningsbundnar skuldir bankanna erlendis).

Innieignin nú er m. ö. o. að mun meir en helmingi minni en hún var, er jeg bar fram tillögur mínar. Á þessu tímabili hafa bankarnir selt að mun meiri gjaldeyri en þeir hafa keypt. Það hefir reynst satt, sem jeg hjelt fram um hvað ylli hinni litlu eftirspurn, sem var um tíma eftir erlendum gjaldeyri. Eftirspurnin eftir erlendum gjaldeyri hefir reynst að mun *meiri* en framboðið á þessu tímabili. *Ábyrgðinni, sem landsstjórnin, af ríkisins hálfu, hefði tekið á sig, til þess að halda sterlingspundinu í 24 kr. verði til Alþingis, til að komast þannig a. m. k. nær því að framfylgja vilja Alþingis um varlega krónuhækkun, fylgdi engin áhætta, eins og reynslan nú hefir sýnt.*

Sem fulltrúi landbúnaðarins í gengisnefndinni verð jeg að láta í ljós mikla óánægju mína yfir því, að hæstvirt landsstjórn treystist ekki til að taka á sig þessa áhættu, sem reynslan nú hefir sýnt, að var engin.

Vegna þeirrar óviturlegu, óþörfu og órjettmætu hækkunar krónunnar, sem varð, hafa atvinnurekendur landsins verið skattlagðir stórkostlega.

Hinn 28. ágúst f. á. var sterlingspundið felt úr 26 kr. verðinu. Þá var nettóinnieign bankanna í útlöndum, samkvæmt síðustu skýrslu þeirra, 24. s. m., 209475 sterlingspund. En í lok janúar var hún, eins og áður segir, ca. 120000 sterlingspund. Er ljóst af því, að engin áhætta hefði verið því samfara, meir að segja, að halda því verði óbreyttu til Alþingis, því að nettóinnieignin er nú að mun minni en þá. Báru báðir fulltrúar atvinnuveganna fram þá kröfu, eins og áður getur, enda hefði þá til fulls mátt kalla, að framkvæmdur hefði verið vilji Alþingis um varlega hækkun.

Af skýrslum þeim, sem lögreglustjórar gefa gengisnefndinni, er hægt að gera sjer grein fyrir, hverjar afleiðingarnar hafa orðið af gengishækkuninni fyrir framleiðendur.

Fer hjer á eftir skýrsla um útfluttar sjávar- og landafurðir mánuðina sept. f. á. til janúarloka þ. á. Verð afurðanna er hjer sett eins og lögreglustjórunum er gefið það upp, þegar greitt er af þeim útflutningsgjald, og er því breytt í sterlingspund eftir meðalgengi pundsins á mánuði, en það var í september kr. 23.36, í okt. 22.39 og í nóvember, desember og janúar kr. 22.15.

Lítur sú skýrsla þannig út:

Sjávarafurðir:	sept.	9.211.915	=	£	394.345
	okt.	7.382.233	=	£	329.711
	nóv.	4.933.755	=	£	222.742
	des.	2.544.090	=	£	114.857
	jan.	3.366.603	=	£	151.991
	ísl. kr.	27.438.596	=	£	1.213.646

Landbúnaðarafurðir:	sept.	182.535	=	£	7.814
	okt.	3.560.955	=	£	159.042
	nóv.	2.085.275	=	£	94.143
	des.	410.650	=	£	18.540
	jan.	147.497	=	£	6.659
	ísl. kr.	6 386.912	=	£	286.198

Ef hinsvegar hefði verið farið eftir tillögum mínum um að halda verði sterlingspundsins föstu til Alþingis í 24 kr. verði, hefði verð sjávarafurða orðið

£ 1.213.648 á 24 kr. ... ... =	ísl. kr.	29.127.504
en það varð	— —	27.438.596
Mismunur	ísl. kr.	1.688.908
Og verð landbúnaðarafurða hefði orðið £ 286.198 á 24 kr. =	ísl. kr.	6.868.752
en það varð	— —	6.386.912
Mismunur	ísl. kr.	481.840

En samtals er mismunurinn á verði allra afurðanna ísl. kr. 2.170.748. En, ef framkvæmdur hefði verið vilji Alþingis um »varlega« hækkun, og sterlingspundið hefði aldrei verið felt úr 26 kr. verðinu, samkvæmt samhuga kröfu beggja fulltrúa atvinnuveganna í gengisnefnd, hefði verð sjávarafurðanna orðið

£ 1.213.646 á 26 kr. ... ... =	ísl. kr.	31.554.796
en það varð	— —	27.438.596
Mismunur	ísl. kr.	4.116.200
Og verð landb.afurðanna hefði orðið £ 286.198 á 26 kr. =	ísl. kr.	7.441.148
en það varð	— —	6.386.912
Mismunur	ísl. kr.	1.054.236

Og samtals er mismunurinn á verði allra afurðanna ísl. kr. 5.170.436.

Jeg hika ekki við að fullyrða, að þessi mismunur, rúmar 5 miljónir í íslenskum krónum, sem framleiðendurnir hafa fengið fyrir afurðir sínar vegna gengishækkunarinnar lægri en verið hefði, ef framkvæmdur hefði verið vilji Alþingis og sterlingspundinu haldið í 26 kr. verði, er beinn skattur á atvinnurekendur, beinn verðtollur á framleiðsluvörur þeirra.

Hefir þetta að vísu verið dregið í efa, og nú síðast af hæstv. fjármálaráðherra, í ræðu hans, er hann lagði fjárlagafrumvarpið fyrir Alþingi. En mínu máli til sönnunar vil jeg aðeins draga fram eitt atriði, sem jeg get farið með eftir ábyggilegustu heimild, um aðalframleiðsluvöru bændanna, kjötið.

Kjötsalan í Noregi var byrjuð *áður en* hækkun ísl. krónunnar hófst verulega. Sú sala varð grundvöllurinn undir allri saltkjötssölunni í haust. *Áhrif gengishækkunarinnnr á saltkjötssöluna urðu því eingöngu þau, að lækka verðið í íslenskum krónum í beinu hlutfalli við gengishækkunina.*

Jeg vil loks bæta því við, að tjónið, sem íslenskir bændur hafa beðið af gengishækkuninni, kemur ekki nema að nokkru leyti fram í tölum þeim, sem að framan eru nefndar. Mikill hluti landbúnaðarafurðanna er seldur innanlands og verðlagið fyrst og fremst miðað við verðið á útlenda markaðinum. Hefir það að vísu orðið öðrum innlendum mönnum til góðs, en bændur hafa orðið að greiða hlutfallslega háan verðtoll af þeim framleiðsluvörum, sem þeir hafa selt innanlands.

Jeg verð að líta svo á, að þessi gríðarháa skattur, sem lagður hefir verið

á atvinnurekendur, bæði til sjávar og sveita, hafi verið hvorttveggja í senn, bæði ranglátur og óviturlegur, auk þess sem hann er lagður á þvert á móti yfirlýstum vilja Alþingis.

Ranglátur er hann þessi skattur, því að allan kostnað við að afla hinna útfluttu afurða höfðu framleiðendur yfirleitt þurft að borga löngu áður en þeir seldu afurðirnar, og gengishækkunin verður því í hundraðstölu tilsvarandi hár beinn skattur á framleiðendur. Fyrir landbúnaðinn er þessi skattur sjerstaklega þungbær, vegna þess að sumpart erfitt tíðarfar, sumpart óhagstæð verslun hefir undanfarin ár þrengt mjög kosti bændastjettarinnar. Var bændum því hin mesta þörf á sæmilegu verslunarári. Ef verðlag peninga hefði verið óbreytt, hefði og árið 1925 reynst sæmilegt verslunarár. En vegna gengishækkunarinnar verður hið gagnstæða uppi á teningunum. Má nefna til sönnunar það, sem jeg get fullyrt eftir bestu heimildum, að í kaupfjelögum landsins auka bændur skuldir sínar á árinu, svo nemur hundruðum þúsunda króna, er á heildina er litið.

En óviturleg er þessi gífurlega hækkun krónunnar fyrir þá sök, að telja má meir en vafasamt, eins og nú horfir um afkomu landsins, að unt verði að halda krónunni áfram í þessu verðgildi. Hitt getur engu síður vofað yfir, að gengi krónunnar hljóti að falla aftur ekki óverulega. Enn vafasamara er, að hægt verði í náinni framtíð að hækka verðgildi krónunnar í fyrra gullverðið, en allra vafasamast, að unt verði að halda gullverðinu, þó að næðist, því að fyrirsjáanlegt er, hvernig hag atvinnuveganna verður þá komið.

Sem fulltrúi landbúnaðarins í gengisnefndinni verð jeg að telja mjer skylt að mótmæla þessum skatti, sem á hann hefir verið lagður, og mótmæla því, að bændur landsins megi eiga yfir höfði sjer vofandi á þessu ári og næstu sömu eða álíka harða skattasvipu gengishækkunar. Jeg verð að telja það einhverja æðstu skyldu þjóðfjelagsins að tryggja borgurum landsins verðfasta peninga í stað svikinna, sem nú hafa gilt um hríð. Og um leið og jeg hefi talið mjer skylt að gefa hæstvirtu Alþingi þessa skýrslu um, hvernig tekist hefir til um framkvæmdina á vilja þess um »varlega hækkun« íslensku krónunnar, og hverjar ástæður eru til að svo hefir farið, vil jeg leggja áherslu á, að eigi nokkur trygging að vera fyrir því, að vilji Alþingis í gengismálinu verði framkvæmdur á þessu ári, verður að búa öðruvísi um hnútana en gert var í þetta sinn.

II.

Tillögur um festing á verðgildi íslensku krónunnar.

Í nefndaráliti fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis um frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun (þingskjal 411) segir svo, að fjárhagsnefnd »telur hinsvegar, að öll (gengis-)nefndin eigi að taka alvarlega til athugunar, hvaða ráðstafanir þurfi að gera, verði að því ráði horfið að festa endanlega gengi íslenskrar krónu og gera hana innleysanlega með gulli, t. d. einhversstaðar nálægt því gullgildi, sem hún hefir nú, og beri fram tillögur sínar um það fyrir næsta Alþingi«.

Framsögumaður nefndarinnar útskýrir þetta svo frekar í framsöguræðu

sinni: »Í fjárhagsnefnd kom til tals, að sjálfsagt væri að athuga, hvort ekki væri rjett að festa gengi íslensku krónunnar í náinni framtíð. Leit nefndin svo á, að eitt *aðalhlutverk* gengisnefndarinnar yrði að athuga, hvort ástæða væri til þess og með hverjum hætti það mætti verða, og leggja síðan tillögur sínar í því efni fyrir næsta þing. Gengisnefndin fær því nægilegt verkefni til að leysa af hendi«. (Alþt. B. 2711). Og í niðurlagi máls síns segir framsögumaður af nefndarinnar hálfu: »Öll (fjárhags)nefndin telur sjálfsagt, að gengisnefndin starfi áfram, og meiri hlutinn vill bæta við hana a. m. k. 2 mönnum, til þess að hún megi leysa störf sín sem best af hendi, ekki aðeins sjálfa gengisskráninguna, heldur einnig allan undirbúning þess máls, hvort rjett muni vera að festa gengi íslensku krónunnar«. (Alþt. B. 2712)

Undireins á fyrsta fundi gengisnefndarinnar, eftir að jeg hafði verið skipaður í nefndina, vakti jeg máls á því, að þessi undirbúningsvinna yrði unnin, í samræmi við það, sem fram hafði komið af hálfu fjárhagsnefndar neðri deildar og um er getið hjer að framan. Á langflestum fundum nefndarinnar síðan hefi jeg endurtekið áskorun um, að nefndin í heild sinni ynni þetta verk.

Samkvæmt tillögu minni var það gert, sem og var eitt hið nauðsynlegasta um undirbúning málsins. Hagstofustjóri var boðaður á fund gengisnefndarinnar 4. des. og honum falið að rannsaka, hvert væri hið raunverulega (innra) verðgildi íslensku krónunnar. Mæltist jeg eindregið til, að þeirri rannsókn yrði lokið fyrir nýár, ef unt væri, en ekki var þess krafist af nefndinni í heild sinni. Kom og engin skýrsla um þá rannsókn fyrir áramót, og enn er hún ekki komin, þá er þetta er skrifað. Er þetta og mikið vandaverk. En ekki vil jeg efa, að skýrslan komi nógu snemma til þess að Alþingi geti haft hana til hliðsjónar við endanlega afgreiðslu málsins, því að án skýrslunnar verður ekki ákveðið um festing verðgildis peninganna, ekki einu sinni til bráðabirgða.

Á fundi gengisnefndarinnar 11. sept. bar jeg ennfremur fram þá tillögu, að til þess að hægt yrði að skila málinu sem best undirbúnu í hendur Alþingis, yrði maður sendur af gengisnefndarinnar hálfu til Danmerkur og Noregs, til þess að kynnast rekstri gengismálsins í þeim löndum og heyra álit helstu fjármálamanna. Er það alkunnugt, að í báðum þeim löndum er gengismálið eitthvert mesta og alvarlegasta málið á dagskrá þjóðanna, og rannsókn hefir verið látin fara fram í báðum löndunum um það, hvort rjett væri og mögulegt að festa verðgildi krónunnar. Á Alþingi síðasta kom það og fram (t. d. bæði hjá J. Þorl. (2725—6) og P. Ott. (2727)), að aðgerðir allar í málinu yrðu að nokkru háðar því, sem þessar nágrannaþjóðir okkar, sem við höfum svo mikil skifti við, mundu gera. — Fyrir allra hluta sakir þótti mjer því sjálfsagt og líklegt, að af því mætti nokkuð læra að kynnast aðgerðum þessara þjóða. Æskti jeg þess oft á síðari fundum nefndarinnar, að þessi tillaga yrði tekin til greina, en svo hefir ekki orðið, og yfirleitt hefir því ekkert verið gert af gengisnefndarinnar hálfu til þess að draga að upplýsingar um málið þessa leiðina. Tel jeg mjög miður farið, að þetta var ekki gert, enda hefði það getað orðið mjög kostnaðarlítið, t. d. ef fulltrúa Íslands í Kaupmannahöfn, Jóni Krabbe, hefði verið falið að inna þetta starf af hendi.

Þar sem svo hefir farið, er ljóst, að mun erfiðara er að bera fram endanlegar tillögur um verðfesting krónunnar en ef fyrir hefði legið áðurnefnd skýrsla

frá hagstofustjóra og glögg frásögn um gerðar eða væntanlegar framkvæmdir og álit merkustu fjármálamanna í nágrannalöndunum.

Jeg get ekki álitið, að það hafi verið tilætlun Alþingis, að gengisnefndin ljeti uppi álit sitt alment um það að verðfesta gildi pappírspeninga nálægt raunverulegu verðgildi þeirra og bæri fram um það ástæður með og móti.

Um hina almennu hlið málsins hefir verið ritað meir ytra hin síðari ár en um nokkurt annað fjárhagsmál. Eiga allir, sem vilja, aðgang að þeim ritum. En sjerstaklega vildi jeg leyfa mjer — eins og höfundur hins fyrsta rits, sem um gengismálið hefir verið ritað á Íslandi — að skírskota til rita G. Cassels háskólakennara í Stokkhólmi, sem »hefir náð viðurkenningu um allan heim fyrir skarpskygni sína á þessu sviði«, (Jón Þorlaksson: Lággengi, í formála), og þó einkum til eins hins síðasta rits hans: »Stabiliseringsproblemet eller vägen till ett fast penningväsen«.

Jeg vil ennfremur aðeins minna á, og leggja sjerstaka áherslu á, að honum og flestum öðrum hinum merkustu fjármálamönnum nútímans (Keynes og fl.) ber saman um það, að land, sem hefir svo verðfallna peninga sem okkar land, eigi að gera ráðstafanir til að festa verð þeirra endanlega nálægt raunverulegu núverandi verðgildi þeirra. Svo sem það þykir sjálfsagt, þá er sjúkdóm ber að höndum, að fara eftir ráðum sjerfræðings, læknisins, svo virðist hitt og vera jafnsjálfsagt, að fara eftir ráðum sjerfræðinganna, hinna fægustu fjármálamanna, þá er um það er að ræða að lækna þær meinsemdir, sem orðið hafa í fjármálalífinu.

Um öll þau almennu atriði málsins, sem hjer verða talin á eftir, vil jeg vísa til ummæla hinna erlendu fræðimanna, og G. Cassels háskólakennara í áðurnefndri bók sjerstaklega:

1. um nauðsyn þess að fá verðfasta peninga, og það sem allra fyrst.
2. um möguleikana til að ná því marki með því að festa verð peninganna sem næst því verði, sem þeir hafa, þá er það er framkvæmt, þ. e. í öðru, lægra verði en þeir höfðu, áður en þeir fjellu í verði.
3. um að miklu hægara sje, og líklegra að takist endanlega, að verðfesta peningana nálægt því verði, sem þeir hafa þá, heldur en að hækka fyrst í gamla gullverðið og reyna svo að halda því verðlagi þeirra endanlega föstu.
4. um hina miklu hættu, að peningarnir falli aftur í verði, ef kept er að því að hækka þá, og að sú hætta er því meiri, því lægra sem peningarnir hafa fallið.
5. um að engu landi í heiminum hefir enn tekist að hækka aftur í gamla verðið peninga, sem jafnmikið voru fallnir í verði og íslenskir peningar.
6. um erfiðleika þá, sem verða á því að hækka peningana í verði, einkanlega fyrir alla atvinnurekendur, svo að það hefir verið orðað svo af einum merkasta hagfræðingi Dana, að leiðin til gullverðsins gamla liggi yfir lík atvinnurekendanna.
7. um þá miklu stöðvun á atvinnulífinu, atvinnuleysi og kaupgjaldsdeilur, sem óhjákvæmilega eru samfara hækkun á verðgildi peninganna.
8. um það, hvernig líklegast sje að ná rjettlæti í máli þessu: að þá er verðfall

peninganna hefir staðið alllengi og stórkostleg breyting orðið á eignaumráðum og efnahagsástæðum manna, þá verði miklu meira ranglæti framið á atvinnurekendum með hækkun peninganna en sem svarar rjettlátum krófum sparifjáreigenda, þareð hlutfallslega mikill hluti þeirra hefir eignast og lagt inn sparifje sitt í verðföllnum peningum, og möguleikinn fyrir aukningu sparifjárins skapast sumpart beinlínis af þeirri auknu seðlaútgáfu, sem olli verðfalli peninganna.

9. um það, hver áhrif slík festing gengisins muni hafa á álit landsins út á við.
10. um það, að það sje yfirleitt lögum samkvæmt að festa endanlega verðgildi krónunnar annarsstaðar en í gullverðinu gamla, og
11. um það, að verðfesting peninganna sje höfuðnauðsyn til að skapa aftur heilbrigði í viðskiftum, því að ekkert er öruggara til að valda spillingu og siðferðishnignun í viðskifta- og framleiðslulífinu en sífeldar gengisbreytingar.

En um hina hlið málsins, að hve miklu leyti aðstaða Íslands í gengismálinu verður að teljast alveg sjerstök, vildi jeg taka fram eftirfarandi:

1. Raddir þær, sem fram hafa komið og vikið er að hjer að framan, um nauðsyn okkar að fylgjast með nágrannaþjóðunum á Norðurlöndum, Dönum og Norðmönnum, hafa í sjer þann sannleika, að það er yfirleitt mjög nauðsynlegt, að peningagildi okkar og landa þeirra, sem við skiftum við, sje fast. En það land, sem okkur má skifta mestu máli um í þessu efni, er England, því að langsamlega mesti hlutinn af verslun okkar fer nú fram í enskum peningum, og eru allar horfur á, að þau viðskifti eigi eftir að vaxa að mun. Nú er verðgildi sterlingspundsins þegar orðið fast, eins og kunnugt er, og því er okkur það höfuðnauðsyn að hafa verðfasta peninga gagnvart enskum peningum. Þar sem meginið af verði útfluttra afurða Íslands er greitt í sterlingspundum, er það einmitt mesta hættan, að sá gjaldeyrir eigi fyrir sjer að lækka í verði jafnt og þjett, eða í stórum stökkum.
2. Í flestum þeim nálægum löndum, sem hafa orðið eða eru enn að ráða fram úr gengismálinu með svipaða aðstöðu og við Íslendingar, er sá mikli hængur á, að víða hvar á mikill þorri almennings, *frá gamalli tíð*, mikið af verðbrjefum og sparifje. Þetta á við t. d. um Danmörku, Svíþjóð, Holland, England, Frakkland o. fl. gagnauðug lönd, sem standa á gömlum merg fjárhagslega. En hjer á Íslandi er aðstaðan öll önnur. Ísland er í þessum efnum nýtt land. Verðbrjefaeign meðal almennings er til þessa dags næsta óalgeng. Hinsvegar varð byltingin í eignaumráðum manna á stríðsárunum, og næstu árum eftir stríðið, yfirleitt öll þau árin, sem peningar hafa verið óinnleysanlegir, svo stórfeld, að í langsamlega flestum tilfellum mun það vera svo, að það, að A. á nú sparifje, en B. skuldar, stafar af þeim tíðindum, sem gerðust á þessum miklu umrótsárum, og stafar það ósjaldan af því, að A. hjelt höndunum að sjer og hafðist ekki að, en B. var að brjótast í því að framkvæma eitthvað, sem til nytsemdar mátti verða og leiddi af sjer atvinnu fyrir sjálfan hann og aðra. Jeg tel það alveg fullvíst, að hjer á Íslandi yrði þessa vegna framið meira ranglæti en sennilega nokkursstaðar annarsstaðar í heiminum í þessu efni, ef krónan yrði látin hækka í gullverðið gamla. Leyfi jeg mjer þessu máli til stuðnings að vísa til eftirfarandi yfirlits um sparifjeð í

Landsbankanum í Reykjavík á nokkrum undanfarandi árum. Þurfa engin ummæli að fylgja þeirri skýrslu, því hún talar svo skýru máli sjálf. Aðeins skal því bætt við, að 1. sept. f. á. stóðu inni á hlaupareikningi í Landsbankanum ca. 9 milj. kr., og þarf ekki orðum að því að eyða, að alt eru það verðfallnar krónur.

Sparisjóður:

Ár	Lagt inn á árinu ásamt vöxtum.	Tekið út á árinu.	Innieign í árslok.
1915	kr. 4444784,98	kr. 3254130,92	kr. 4404455,77
1916	— 7990600,74	— 6369727,25	— 6025329,26
1917	— 9996934,84	— 8603205,11	— 7419058,99
1918	— 11833223,64	— 9968213,58	— 9284069,05
1919	— 16314179,91	— 13810047,70	— 11788201,26
1920	— 25340517,76	— 23595162,79	— 13533556,23
1921	— 25583155,38	— 23841231,02	— 15275480,59
1922	— 21684059,25	— 21075523,92	— 15884015,91
1923	— 20970271,49	— 22195925,43	— 14658361,97
1924	— 25898014,83	— 23286654,17	— 17269722,63
1/9 1925	— 23355372,01	— 20575637,65	— 20049456,99

Innlánsskírteini:

Ár	Lagt inn á árinu ásamt vöxtum.	Tekið út á árinu.	Innieign í árslok.
1915	kr. 289209,02	kr. 70488,55	kr. 787355,06
1916	— 388727,44	— 246801,46	— 929281,04
1917	— 510967,53	— 241112,01	— 1199136,56
1918	— 756882,81	— 465333,18	— 1490686,19
1919	— 664711,51	— 370947,92	— 1784449,78
1920	— 1101160,20	— 874544,51	— 2011065,47
1921	— 751796,42	— 547564,64	— 2215297,25
1922	— 919089,54	— 664828,18	— 2469558,61
1923	— 489248,87	— 327208,10	— 2631599,38
1924	— 1186551,10	— 772712,58	— 3045437,90
1/9 1925	— 853470,48	— 565895,44	— 3333012,94

3. En þýðingarmest í þessu efni er að gera sjer grein fyrir, hvernig atvinnulífi Íslendinga er háttað, og skal jeg þá fyrst ræða stuttlega um sjávarútveginn, þó að jeg játi, að aðrir hljóti að bera betra skyn á það mál en fulltrúi landbúnaðarins í gengisnefndinni: 1.) Getur engum dulist, að stórútgerðin, togaraútgerðin,. verður með ári hverju stærri og stærri liður af sjávarútveg-

inum, og hefir hún vaxið allra örast síðustu árin. Langsamlega flest togarafjelögin eru ný fyrirtæki. Tiltölulega mjög fá standa á gömlum merg. Flest munu vera meira og minna skuldug. Skipin eru undantekningalítið keypt fyrir verðfallnar krónur, fiskstöðvar reistar og önnur mannvirki, hús o. s. frv. að langmestu leyti fyrir verðfallnar krónur. Getur nokkurt annað land í heiminum haft líka aðstöðu, að sá atvinnureksturinn, sem fjárhagsafkoma landsins er langmest undir komin, eins og stendur, er að miklu leyti nýr af nálinni? Það getur ekki hjá því farið, að stórkostleg hætta vofi yfir stórútgerðinni, hún hlýtur að vofa yfir nú þegar, en enn meira ef krónan heldur áfram að hækka og lánin til allra þessara ungu fyrirtækja eiga að greiðast í 25—50% verðhærri krónum en þeim, sem teknar voru að láni til þess að koma þessum fyrirtækjum á fót. — 2.) Allir vita, að stórútgerðin er mjög áhættusamur atvinnurekstur. Slíkum atvinnurekendum er það lífsspursmál að eignast varasjóði, til þess að geta staðist þau áföll, sem vissulega koma fyrir við og við. Stórútgerðin íslenska hefir yfirleitt ekki getað eignast slíka varasjóði. Fyrir einum tveim árum síðan, og er þess skamt að minnast, þó að svo sje sem margir hafi gleymt því nú, var hagur stórútgerðarinnar svo þröngur, að margir örvæntu um framtíð hennar, og mörg útgerðarfjelögin gátu þá því aðeins haldið áfram, að landið gengi í ábyrgð fyrir nokkrum hluta af skuldum þeirra. Árið 1924 var meira góðæri að öllu leyti fyrir sjávarútveg Íslands en nokkurntíma hefir þekst, og skifti þá stórum um til bóta um hag útgerðarinnar. Árið sem leið var ágætt aflaár, en þó er sagt, að sum útgerðarfjelögin hafi tapað, en önnur berjist í bökkum. En það er eins víst og nótt fylgir degi, að erfiðu árin koma aftur. Ef útgerðarfjelögin fá að nota góðærin til þess að safna í varasjóði, til þess að standast erfiðu árin, er góð von um, að alt fari vel. En hitt verður, að mínu áliti, að teljast meira en óhyggilegt, jeg verð að kalla það beinlínis glannalegt og algerlega óverjandi fjárhættuspil með framtíð útgerðarinnar, að hækka gengi krónunnar gífurlega þessi góðærisár, og skattleggja þannig útgerðarfjelögin svo grimdarlega með gengishækkun, að þau geta ekki borgað það, sem þyrfti, af skuldum sínum og safnað í varasjóði til að mæta erfiðu árunum, sem koma. Eins og stendur eru tekjur ríkissjóðs að mjög miklu leyti háðar afkomu stórútgerðarinnar. Með þessu áframhaldi verð jeg að telja, að ekki sje einungis teflt fjárhættuspil um afkomu stórútgerðarinnar, heldur og um afkomu ríkissjóðsins. — 3.) Jeg nefni aðeins í þessu sambandi þriðja atriðið, sem haldið er fram opinberlega af kunnugum manni (Pjetur Halldórsson: Góðæri og gengismál), að auk þess, sem öllum almenningi er kunnugt um, hve stórútgerðin er áhættusöm, þá megi markaðurinn fyrir fiskinn teljast næsta óábyggilegur. Með öðru sýnir þetta atriði, hve það er glæfralegt að stofna til áframhaldandi stórfeldrar gengishækkunar á svo ungan atvinnuveg, sem að langmestu leyti hefir verið stofnaður á lággengisárunum. — 4.) Jeg kann ekki að dæma um horfur sjávarútvegarins nú, enda eru þeir margir á Alþingi, sem frætt geta um það betur en jeg, en þeir menn kunnugir, sem jeg hefi átt tal við um það mál, tjá mjer, að horfurnar, vegna gengishækkunarinnar, sjeu svo alvarlegar, að langt sje síðan svo alvarlegar hafi verið.

4. Frá mínu sjónarmiði er þó enn alvarlegra að gera sjer grein fyrir, hvernig málið horfir við, er litið er á afstöðu hins aðalatvinnuvegarins: landbúnaðarins. — 1.) Öll árin, nema eitt, sem liðin eru síðan íslenska krónan fjell í verði, hafa verið mjög erfið fyrir landbúnaðinn. Og þetta eina ár, 1924, sem var dágott fyrir nokkurn hluta bændastjettarinnar, var eitt mesta ótíðarár á stórum svæðum á landinu. Öll árin hin hafa ýmist verið óhagstæð verslunarár eða harðindaár, eða hvorttveggja. Árið sem leið var loks víða á landinu gott ár hvað tíðarfar snerti, en þá veldur gengishækkunin, framkvæmd á allra óhagstæðasta tíma, því, að ef litið er á heildina, auka bændur skuldir sínar svo nemur hundruðum þúsunda króna á árinu, eins og áður er um getið. Afleiðing þessa ástands undanfarin ár er sú, að bændastjett Íslands er nú miklu skuldugri en heilbrigt er, og það er ekki vegna sjálfskaparvíta, forsjárleysis eða eyðslu: Það stafar sumpart af völdum óblíðrar veðráttu, sumpart af óhagstæðri verslun (kjöttollurinn norski eitt árið) og sumpart og ekki síst nú síðustu tvö árin af hinni stórfeldu gengishækkun, sem fram hefir komið eins og beinn verðtollur á framleiðsluvörur bændanna. Þessar skuldir bændastjettarinnar nú eru yfirleitt stofnaðar í verðföllnum krónum, og að töluvert miklu leyti í miklu verðlægri krónum en krónan er nú skráð. Jeg er ekki í vafa um, að áframhaldandi hækkun krónunnar er hið hróplegasta ranglæti gagnvart bændastjett Íslands, og hún mun, einnig á þessu sviði, leggja drápsklyfjar á mikinn þorra bændastjettarinnar, og allra helst á þann hluta hennar, sem mestur er skaðinn að ef bognar, hina ungu og framtakssömu bændur. — 2.) Síðasta mannsaldurinn hefir landbúnaðurinn, svo sem alkunnugt er, dregist aftur úr í samkepninni. Sjávarútvegurinn hefir sogað til sín megnið af fjármagni landsins og vinnur nú með hinum fullkomnustu vinnutækjum, sem þekkjast. Hliðstæð framsókn af bændanna hálfu er rjett nýlega byrjuð, en öllum, sem um hugsa, er ljóst, að það er beinlínis lífsskilyrði fyrir landbúnaðinn að hefja alhliða framsókn. Hvert árið, sem líður án aukinna framkvæmda og umbóta á öllum sviðum landbúnaðarins, gerir hættuna enn meiri, að landbúnaðurinn verði undir í samkepninni. Er þetta og viðurkent í verki af því opinbera, og þarf aðeins að nefna fernt: áveiturnar á Suðurlandi, hinn stórum aukna styrk til Búnaðarfjelags Íslands, jarðræktarlögin og ræktunarsjóðslögin. Þetta á að vera fyrsta undirstaðan, þótt enn sje ófullkomin, undir alhliða framsókn, sem er lífsskilyrði fyrir landbúnaðinn. En sú mikla gengishækkun, sem orðið hefir undanfarið, og jeg tala nú ekki um, ef enn verður haldið áfram á sömu braut, er spor í þveröfuga átt. Afleiðingin er þegar orðin stórum auknar skuldir bændastjettarinnar, og það og áframhaldandi gengishækkun hlýtur að hafa í för með sjer fullkomna kyrstöðu og afturför um allar framkvæmdir hjá bændastjettinni. Jeg er ekki í vafa um, að þetta er hið allra hættulegasta, sem komið getur fyrir landbúnaðinn nú. Sje yfirleitt hægt að búa landbúnaði Íslands banaráð, þá er ráðið til þess það, að drepa niður, með áframhaldandi gengishækkun, þann framsóknarhug og umbótaviðleitni, sem nú hefir lifnað meðal bænda um alt Ísland, og sem hið opinbera hefir stutt með fjárframlögum og löggjöf. Þeir, sem eru þeirrar skoðunar, eins og sá, er þetta skrifar, að fram-

tíð Íslands sje að langsamlega mestu leyti undir því komin, að hjer nái að dafna þroskamikill landbúnaður, ekki einungis vegna menningar þjóðarinnar, hreysti og andlegrar heilbrigði, heldur og beinlínis fjárhagslega, vegna þess, hver hætta er á, að sjávarútvegurinn standi á ótraustum grundvelli, — þeir munu líta svo á, að það að stofna landbúnaðinum út í hættu, með áframhaldandi gengishækkun, sje bein banaráð við framtíð þjóðarinnar í heild sinni.

5. Umsetningartími íslenskra atvinnuvega er svo langur, að stór munur er á og yfirleitt í öðrum löndum. Iðnaðar- og námavörur komast á markaðinn á tiltölulega mjög stuttum tíma, en alt af líða margir mánuðir frá því fiskurinn er veiddur í sjónum, þangað til hann kemst á markaðinn sem verkaður saltfiskur. Danskir bændur t. d. að taka selja afurðir úr búum sínum vikulega, jafnóðum svo að segja og þeir framleiða þær. Aðalframleiðsluvara íslenskra bænda fellur til einu sinni á ári. Með andvirði hennar þurfa þeir að greiða framleiðslukostnað ársins. Liggur í augum uppi, hve atvinnurekendur Íslands eiga miklu erfiðara að standast gengissveiflur þessa vegna, og einkum af því, að þær hafa komið hingað til og munu koma hjer eftir, verði haldið áfram á sömu braut, á allra versta tíma, þá er sala afurðanna er rjett að byrja. Ísland hefir alveg sjerstöðu að þessu leyti, og því alveg sjerstaka þörf fyrir verðfasta peninga. Af þessari ástæðu leiðir það einnig, að hægfara hækkun krónunnar, sem svo margir tala um sem hina æskilegustu lausn í gengismálinu, verður enn óframkvæmanlegri á Íslandi, þar eð aðstaðan er þessi, að langsamlega meginhluti útflutningsvaranna fellur til á fáum mánuðum. Í nágrannalöndunum hefir reynslan og sýnt, allra best á árinu sem leið, að hægfara hækkun er óframkvæmanleg, enda hafa hinir lærðustu hagfræðingar sýnt fram á óframkvæmanleik hennar. En í allra ríkustum mæli á þetta við á Íslandi.

6. Fábreytni hinna íslensku atvinnuvega annarsvegar og hinsvegar það, að vart munu í nokkru nálægu landi atvinnuvegirnir vera eins háðir árferði og vart mun í nokkru landi eins mikill munur á góðu og illu árferði og á Íslandi, veldur því ennfremur, að okkar land hefir algerða sjerstöðu í þessu efni. — Það er áreiðanlega miklu hættulegra í okkar landi en í gagnauðugum löndum, sem standa á gömlum merg, hafa fjölbreytilegt atvinnulíf, að miklu leyti óháð árferði, að breyta stórkostlega ár frá ári um verðgildi peninganna, og gera atvinnureksturinn þar með enn þá ótryggari og áhættumeiri en áður. Á Íslandi er áreiðanlega miklu meiri hætta á afturkastinu, nýrri gengissveiflu niður á við, en í nokkru nágrannalandi okkar. En öllum mun koma saman um, að ef svo færi, væri betur heima setið og að aldrei hefði verið byrjað á því að reyna að hækka krónuna. Þessa vegna einnig er jeg hiklaust þeirrar skoðunar, að á engu landi sje eins mikil ástæða til og nauðsyn að festa sem allra fyrst gildi hinna föllnu peninga og á Íslandi.

7. Ein afleiðing áframhaldandi gengishækkunar, í hvaða landi sem er, hlýtur að verða mikil töp bankanna. Reglan er sú, að hækkunin verður aðallega á þeim tíma, er þeir eiga miklar erlendar innieignir, sem falla í verði, þá er innlendu peningarnir hækka. Í annan stað lenda sjerstök töp á bönkunum

vegna þess, að ýmsir af skuldunautum þeirra geta ekki staðið við skuldbindingar sínar og verða að gefast upp vegna gengishækkunarinnar. Komi hinsvegar afturkastið, gengislækkunin, er einnig hætta á, að bankarnir tapi. Reglan er sú, að það ber að, þá er bankarnir skulda erlendis. Gengislækkunin veldur því, að þær skuldir aukast. — Mun öllum í minni gengistap íslensku bankanna árið 1924, en reikningar þeirra fyrir síðastl. ár eru ekki komnir út. Vegna erfiðleika undanfarinna ára, sem ljóslega hafa komið fram á bankareikningunum, þar sem þeir hafa orðið að afskrifa sem tapaðar stórar fjárhæðir — verð jeg að telja það vafasamt, að íslensku bankarnir sjeu við því búnir að standast áframhaldandi gengissveiflur.

Með skírskotun til alls þess, sem hjer hefir verið nefnt, bæði hinna almennu ástæðna, sem erlendir fræðimenn hafa borið fram, og hinna alveg sjerstöku ástæðna, sem eru á Íslandi, þar sem tillitið til rjettlætisins virðist heimta það, alveg sjerstaklega á Íslandi, þar sem rökstutt er af hinum merkustu vísindamönnum, að raunverulega sje alveg tilgangslaust að hækka verð peninga, og að það er misskilinn metnaður, sem þeim tillögum ræður, sem verður næsta einkennilegur, þar sem hann hefir í för með sjer mikla rangsleitni gagnvart yfirgnæfandi fjölda einstaklinga þjóðfjelagsins — hika jeg ekki við að leggja það eindregið til, að Ísland fari að ráðum hinna vitrustu manna í þessum efnum og geri ráðstafanir til að festa verðgildi peninga sinna nálægt núverandi raunverulegu verðgildi þeirra.

Um framkvæmdina á því að festa endanlega verðgildi krónunnar nálægt núverandi raunverulegu verðgildi hennar vil jeg leyfa mjer að taka fram eftirfarandi, sem sumpart styðst við reynslu erlendra þjóða í þessu efni.

1. Hin fyrsta nauðsyn er það, að fá ábyggilega rannsókn á því, hvert sje nú hið raunverulega verðgildi krónunnar (innlendur kaupmáttur). Eins og áður er sagt, hefir hagstofustjóra verið falið á hendur að inna þá rannsókn af hendi. Mun ekki orka tvímælis, að fyrstu sporin á festingarbrautinni verða þau, að reyna að halda því verðgildi krónunnar sem föstustu, og til að byrja með er sennilegt að fara að dæmi Finna um það, að gera ráð fyrir fráviki, sem næmi ca. 2% frá því verðgildi. Þar sem árangur þessarar rannsóknar hagstofustjóra er enn ókunnur, tel jeg ekki rjett að nefna neina tölu um það, hvert þetta verð ætti að vera, því það yrði aðeins ágiskun. Aðeins vil jeg láta í ljós það álit mitt, sem styðst við kenningar fræðimanna, að viturlegra sje og líklegra til endanlegs árangurs að hefja festinguna við heldur *lægra* verðgildi, með það fyrir augum að hækka það þá eilítið endanlega, ef fært reyndist.
2. Samkvæmt reynslu Finna — sem í því efni sem öðrum hafa farið eftir ráðum prófessors Cassels — tel jeg hiklaust rjett, eins og ljóst er af því, sem áður er sagt, að þó að ákvörðun sje nú tekin um, að verðgildi krónunnar sje fest, þá verði látinn líða alllangur undirbúningstími undir hina endanlegu verðfestingu, hið endanlega verð verði því ekki ákveðið þegar í stað, og breyting á myntlögunum og uppsögn myntsambandsins við Norðurlönd, eða breyting á því og innlausnarskyldu krónunnar við gulli þess vegna slegið á

frest. — Ein helsta ástæðan til þess, að Finnar höfðu þetta undirbúningstímabil undir hina endanlegu verðfestingu var sú, að sterlingspundið var þá enn ekki orðið fast í verði. Er sú ástæða nú að vísu burt fallin. En engu að síður er þetta undirbúningstímabil nauðsynlegt. Grundvöllur sá, sem við höfum um að meta hið raunverulega verðgildi krónunnar, er svo ótraustur, að mjög óvarlegt væri að festa það verðgildi þegar, breyta myntlögunum og gera krónuna þegar innleysanlega við því verði. Við verðum að fá reynsluna til hjálpar og ekki festa verðgildið endanlega fyr en reynsla er fengin t. d. í 2—3 ár, fyrir því, að verðgildið sje sett á heilbrigðum grundvelli og fái staðist. Það undirbúningstímabil ber og að nota til undirbúnings undir að geta fullnægt innlausnarskyldunni, og er það að sjálfsögðu verk seðlabanka landsins. Ástæða virðist ekki til að ákveða um það fyrirfram, hve þetta undirbúningstímabil skuli vera langt.

3. Opinber yfirlýsing þarf að koma fram frá Alþingi um það, að ákveðið sje að festa endanlega verðgildi krónunnar. Tel jeg brotaminst, að sú yfirlýsing komi fram sem breyting á lögunum um gengisskráning og gjaldeyrisverslun. Jafnframt þarf sú lagabreyting að fela í sjer heimild fyrir landsstjórnina til þess að veita bönkunum allan þann fjárhagsstuðning, sem til þess þarf að framkvæma festinguna, sem fæli það og í sjer, að seðlaútgáfunni yrði hagað með þetta markmið fyrir augum. Áhættunni af gjaldeyriskaupum og sölu, af því að halda genginu föstu, yrði ríkið að taka á sig og ljetta af bönkunum að tölu verðu leyti.
4. Jeg hygg, að gengisnefndin, eins og hún er skipuð nú, sje sá rjetti aðili til að annast framkvæmdina, ákveða verðgildi krónunnar, eins og byrjað yrði með verðfestinguna, með hliðsjón af rannsókn hagstofustjóra, og heimila frávik frá því verði — hafa með öðrum orðum skráningu krónunnar á hendi — innan þess ramma, sem lögin heimiluðu. Í gengisnefnd eru fulltrúar landsstjórnarinnar, bankanna beggja og aðalatvinnuveganna beggja. Jeg kem ekki auga á, að hægt sje að skapa aðra stofnun, sem betri aðstöðu hafi til þessa eða eigi að vera öðruvísi skipuð.
5. Ákvæði gengisskráningarlaganna um, að fulltrúar atvinnuveganna hafi ekki atkvæðisrjett um skráninguna, er þá sjálfsagt að fella niður. Sömuleiðis tel jeg rjett, að fyrirsögn laganna sje breytt í samræmi við aðaltilgang þeirra.
6. Tel jeg mjer ekki skylt að koma inn á þá hlið þessa máls, hvað gera þurfi af bankanna hálfu og fjármálastjórnar, til þess að tryggja það í nútíð og framtíð, að verðgildi peninganna sje fast.

Jeg leyfi mjer því að bera fram frumvarp til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga.

Reykjavík, 12. febrúar 1926.

Tryggvi Þórhallsson.

Nd. **51. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Breytingin á fátækralögunum, sem í frv. felst, að styrkur veittur vegna elli skuli ekki varða rjettindamissi, getur að minu áliti eigi verið varhugaverð, hvernig sem á málið er litið. En það ranglæti er leiðrjett með breytingunni, að menn, er unnið hafa sveitarfjelagi sínu alt það gagn, er þeir máttu, öll manndómsár sín, verði, að því er snertir þátttöku í opinberum málum, settir á bekk með glæpamönnum, ef þeir á elliárum neyðast til að »þiggja af sveit«.

Þótt undarlegt megi virðast, vill meiri hluti allsherjarnefndar eigi fallast á frv. Ber meiri hlutinn fyrir sig þá ástæðu, að nú væri verið að endurskoða fátækralöggjöfina, og því ætti eigi að samþykkja þessa breytingu. En sje þessi breyting bæði rjettlát og sanngjörn, sem mjer heyrist flestir vilja samsinna, þá sje jeg ekki neina ástæðu til þess að skjóta henni á frest, þótt von sje um, að fram komi á næsta þingi eða næstu þingum einhverjar breytingar á fátækralögunum.

Það er því tillaga mín, að frv. á þskj. 26 verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 22. febrúar 1926.

Jón Baldvinsson.

Nd. **52. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1925.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykt með eftirfarandi breytingum, sem nánari grein verður gerð fyrir í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. 2. Fyrir »7000 kr.« komi: 7426,96 kr.
2. Við 2. gr. 5. Fyrir »9600 kr.« komi: 9610,88 kr.
3. Við 3. gr. Nýr liður, sem verði fyrsti liður:
   1. Ferðastyrkur á þriðja biskupafund Norðurlanda 1924 . . . . 600 kr.
4. Við 4. gr. 2. Fyrir »embættismanna« komi: lögfræðinga.

5. Við 4. gr. 3. og 4. Fyrir »þjóðminjavarðar« og »Þjóðminjasafninu« komi: þjóðskjalavarðar og Þjóðskjalasafninu.

Alþingi, 22. febr. 1926.

Þorleifur Jónsson, form. Tryggvi Þórhallsson, frsm.

Magnús Torfason. Pjetur Ottesen. Þórarinn Jónsson.

Jón Sigurðsson. Ing. Bjarnarson.

Nd. **53. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar telur ekki ósanngjarnt, þó gerðar væru svipaðar breytingar á lögunum sem frv. fer fram á, enda þótt sú rjettarbót, sem í því felst, mundi falla í skaut aðeins örfárra einstaklinga. Hinsvegar er það vitanlegt, að ýmsar breytingar á fátækralöggjöfinni — meðal annars sú, er hjer um ræðir— liggja nú fyrir landsstjórninni til íhugunar og endurskoðun nefndrar löggjafar í heild sinni; það þykir líklegt, að árangur af þeirri endurskoðun verði lagður fyrir næsta þing. Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að breytingu á lögum 10. nóv. 1905 verði frestað að þessu sinni og mál þetta afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem endurskoðun á fátækralöggjöfinni stendur fyrir dyrum og líklegt að þeirri endurskoðun verði lokið á þessu ári og væntanlegar breytingar lagðar fyrir næsta þing, þykir ekki ástæða til að taka til meðferðar sjerstaklega atriði það, sem frumvarp þetta fjallar um, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 22. febrúar 1926.

Jón Kjartansson, form. Pjetur Ottesen. Árni Jónsson, fundaskrifari. Pjetur Þórðarson frsm.

Ed. **54. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919 *[Yfirsetukvennalög]*.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

1. gr.

Í stað 4.—8. málsgreinar 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919: »Launin í hverju . . . . . hámarki launa sinna« kemur:

Í þeim umdæmum, þar sem ríkissjóður borgar launin að hálfu móti sýslusjóði, eru launin 400 kr., en hækka 3. hvert ár um 50 kr., upp í 700 kr.

Í þeim umdæmum, þar sem bæjarsjóður borgar öll launin, eru þau 1200 kr., en hækka 3. hvert ár um 100 kr., upp í 1500 kr. Auk þess skal ljósmæðrum sjeð fyrir ókeypis síma.

Á laun þessi er greidd dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

2. gr.

Í stað 2. gr. laganna kemur:

Í stað 5. gr. kemur:

Þær ljósmæður, sem starfað hafa í full 10 ár samfleytt, en verða þá vegna sjúkdóms eða annara lögmætra forfalla að láta af starfi sínu, fá eftirlaun, er nema $^1/_3$ af launum þeirra, og þær, sem starfað hafa 15 ár eða lengur, fá helming launa. Á eftirlaun þessi greiðist dýrtíðaruppbót.

Greinargerð.

Sem greinargerð fyrir frv. þessu læt jeg mjer nægja að tilfæra eftirfarandi kafla úr brjefi til Alþingis frá Ljósmæðrafjelagi Íslands, dags. 10. þ. m.:

»Samkvæmt yfirsetukvennalögunum frá 22. okt. 1912 fengu skipaðar ljósmæður kr. 70,00 í árslaun, ef 300 manns eða minna voru í umdæmi, og skyldu launin hækka um kr. 5,00 fyrir hverja fulla 5 tugi manns, sem fram yfir voru 300, upp í kr. 500,00. Samkv. 7. gr. sömu laga skyldi ljósmóðir fá kr. 5,00 fyrir að sitja yfir og 1 kr. fyrir hvern dag, sem hún dveldi hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tók á móti barninu, en 50 aura fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni, þar sem ljósmóðir bjó.

Þessum launakjörum ljósmæðra var að nokkru breytt með lögum um breyting á áðurnefndum lögum frá 1912, nr. 76, 28. nóv. 1919, er gengu í gildi 1. jan. 1920. Samkv. þeim lögum eru launakjörin þessi:

Launin skulu greidd að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði og greiðast einu sinni ári, á manntalsþingum. Í kaupstöðum skulu öll launin greiðast úr bæjarsjóði og greiðast mánaðarlega.

Launaupphæðin ákveðst þannig, að í umdæmum, þar sem fólkstal er minna en 300, skulu árslaunin vera kr. 200,00. Í þeim umdæmum, sem hafa meira en 300 manna, skulu árslaunin vera 200 krónur, að viðbættum 10 krónum fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó þannig, að launin fari aldrei fram úr kr. 1000,00.

Í kaupstaðaumdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri ljósmæður, skal deila íbúatölunni jafnt á milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum ljósmæðrum, þó aldrei yfir kr. 1000,00.

Laun allra ljósmæðra skulu hækka fimta hvert ár um kr. 25,00, uns launabótin nemur kr. 75,00, og er það launahámark.

Eftirlaun skulu sömu aðilar greiða í sömu hlutföllum.

Auk þess ber ljósmóður sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna og að auki ókeypis fararbeini báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi minni en kr. 7,00 fyrir að sitja yfir og kr. 2,50 fyrir hvern dag, sem ljósmóðir dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 1 króna fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni, þar sem ljósmóðir býr.

Þessi lög frá 1919 voru, eins og gefur að skilja, mjög mikil rjettarbót frá því, sem verið hafði síðan 1912, og sýndi hið háa Alþingi með því mjög lofsverða viðleitni til að bæta kjör stjettar þessarar. En þrátt fyrir þessa endurbót er nú svo komið, að ljósmæður landsins telja sig eigi geta búið lengur við þau kjör, sem þær hafa nú. Það mun og vera sanni nær, að engin stjett í landinu sje yfir höfuð jafnilla launuð. Er það þó talsvert undarlegt, þar sem um jafnábyrgðarmikla stöðu er að ræða, og stöðu, sem sú, er starfið hefir á hendi, er jafnbundin við.

Þrátt fyrir þann styrk úr ríkissjóði, sem ljósmæðranemar hafa nú, kostar þær námið minst kr. 600,00. Ljósmóðirin verður og að hafa með sjer ýms meðul, svo sem sóttvarnarlyf, bómull o. fl.

Engin stúlka, sem stundar ljósmóðurstörf, þótt í fámennu umdæmi sje, getur ráðið sig í neina aðra vinnu; þess vegna þarf hún að hafa föst laun, sem ekki sjeu minni en vinnukonulaun, sem nú munu vera nálægt 600 krónur á ári, auk fæðis og húsnæðis, ásamt öðrum hlunnindum, svo sem skótau o. fl. Þá er ólíku saman að jafna, hvað af þessum tveimur stjettum er heimtað.

Ljósmóðirin verður að fara út í hvaða veður sem er og oft lítt færar leiðir, bæði á sjó og landi. Svo má hún ekki vera burtu úr umdæmi sínu lengur en sólarhring í einu, nema með leyfi hjeraðslæknis, og ekki fara burt af heimili sínu, svo að ekki einhver viti, hvar hana (ljósmóðurina) er að finna.

Ekki er gifta ljósmóðirin betur sett hvað launin snertir; hún verður að hafa stúlku á sínu heimili, sem hún getur treyst þegar hún gegnir störfum sínum, sem oft getur verið lengri tíma í senn.

Svo eru kaupstaðaljósmæður; þær verða beinlínis að hafa vinnukonu, starfsins vegna, borga háa húsaleigu og háa skatta.

Enda þótt laun ljósmæðra hafi hækkað frá því sem áður var, hafa þau ekki hækkað hlutfallslega við önnur laun. Tökum til dæmis þegar laun ljósmæðra voru kr. 40,00 á ári, þá hafa vinnukonulaun verið í hæsta lagi kr. 30,00.

Vegna einróma álits allra ljósmæðra á landinu um, að launakjör þeirra væru alveg óviðunandi, sendi ljósmæðrafjelag Íslands síðasta Alþingi kröfur þeirra,

sem var synjað. Þess vegna samþykti síðasti aðalfundur ljósmæðrafjelagsins að leita enn einu sinni álits allra ljósmæðra á landinu, og hefir stjórnin fengið svar flestra þeirra, og hafa áttatíu sagt, að þær sæju sjer ekki fært að halda starfinu áfram sem skipaðar, ef kröfur síðasta aðalfundar verða ekki samþyktar; hinar, sem ekki hafa gefið svona hrein svör, eru allar á eitt sáttar um, að kröfurnar megi ekki minni vera.

Ljósmæðrafjelag Íslands leyfir sjer nú hjer með samkv. ályktun síðasta aðalfundar enn á ný að leita til hins háa Alþingis um fulltingi til að koma í kring ... breytingum á gildandi lögum um yfirsetukonur.

... ...

Við skulum geta þess, að samkv. upplýsingum, er Ljósmæðrafjelagið hefir aflað sjer frá nokkrum af nágrannalöndunum, eru ljósmæðralaunin þar eins og hjer segir:

Í Svíþjóð: árslaun 800 krónur, auk tveggja aldursuppbóta, 100 kr. í hvert sinn, eftir ákveðin þjónustuár, bústaður: 1 herbergi og eldhús, kjallari, eða önnur geymsla, svo og dálítill garður. Annars fá þær sjerstakl. kr. 200,00 í þóknun fyrir húsal. Þær þjóna þar til þær eru 55 ára. — Þá fá þær eftirlaun, kr. 1000,00 á ári.

Í Noregi eru launin kr. 900,00, auk aldursviðbóta og eftirlauna samkv. launal. ríkisins.

Í Finnlandi eru launin kr. 900,00, auk viðbóta og eftirlauna samkv. launal. ríkisins.

Við væntum þess fastlega, að hið háa Alþingi sjái sjer fært að taka kröfur þessar til greina«.

Nd. 55. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga inn í viðbótarsamning við myntsamning Norðurlanda.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta lagði stjórnin fyrir hv. Ed., og var það samþykt þar óbreytt. Allsherjarnefnd leggur og til, að frv. verði samþykt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 24. febr. 1926.

Jón Kjartansson, form.	Árni Jónsson, fundaskrifari.	Jón Baldvinsson, frsm.

Pjetur Þórðarson. Pjetur Ottesen.

Nd. **56. Nefndarálit**

um frv. til laga um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það nái fram að ganga óbreytt.

Alþingi, 24. febr. 1926.

Jón Kjartansson, form.	Árni Jónsson, fundaskrifari, frsm.	Jón Baldvinsson, með fyrirvara.

Pjetur Þórðarson. Pjetur Ottesen.

Nd. **57. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 68, 14. nóvember 1917, um áveitu á Flóann.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta eftir því sem hún hafði tök til. Er hún sammála ríkisstjórninni um það, að sjálfsagt sje að vanda sem best til þessarar ræktunar og stuðla að því af fremsta megni, að þetta fyrirtæki gefi sem mestan arð. En til þess að svo geti orðið, verður að gera þær framkvæmdir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, sem allra bráðast. Tilkostnaðurinn við t. d. lagningu nýrra vega verður mjög mismunandi fyrir einstök býli og hreppa, eftir legu þeirra á áveitusvæðinu, og ef þær framkvæmdir ætti að framkvæma án þess að þær væru teknar með í heildarkostnaði við áveituna, yrðu einstök sveitarfjelög mjög hart úti. En frv. gerir einmitt jöfnuð á þessu, og verður landbúnaðarnefndin að telja það heppilegt og vel ráðið. Nefndin leitaði álits vegamálastjóra um það atriði frv., er hans starf snertir, og gerði hann nefndinni grein fyrir þeim undirbúningi, er hann hefir gert um lagningu nýrra vega um áveitusvæðið, og fjellst nefndin á þær tillögur, er hann hefir gert um það efni.

Það atriði frv., að byggingarkostnaður mjólkurbús eða mjólkurbúa verði einnig talinn með stofnkostnaði áveitunnar og landið styrki það að sínum hluta, álítur nefndin rjettmætt, einkum fyrir þá sök, að um nýmæli er að ræða hjer á landi, sem við höfum enga reynslu um, hvernig gefast muni, svo búast má við, að það verði sitthvað mun dýrara við stofnun þeirra og

starfrækslu fyrst í stað heldur en máske þyrfti að vera. Og er þá vel til fallið að ljetta undir kostnaðinn með nokkrum fjárstyrk. Hepnist Flóaáveitan, sem menn vona, verður heyafli þar afarmikill. Mjólkurframleiðsla hlýtur að aukast þar stórkostlega. Nú er þannig ástatt um mjólkurmarkað hjer fyrir óunna mjólk, að hún selst lítið meira hjer í kauptúnunum, Rvík og Hafnarfirði, heldur en nú er framleitt í bæjunum og í grend við þá, svo ekki er um annað að ræða en að vinna úr mjólkinni. Hvað haganlegast verður í þeim efnum og arðvænlegast, er rannsóknarefni fyrir þá, er þetta mál fá til meðferðar.

Þegar svo reynsla er fengin fyrir því við þetta fyrirtæki, á hvern veg haganlegast og arðsamast er að vinna úr mjólkinni, gætu önnur hjeruð landsins haft afarmikið hagræði af því. Á þetta sjerstaklega við þau hjeruð, sem hafa góð skilyrði til aukinnar mjólkurframleiðslu, eins og t. d. Borgarfjörður og Mýrasýsla, Skagafjörður, Eyjafjörður o. fl.

Við 1. umr. málsins var vikið að því af þm. Strandam., að ekki sæist á frv., að ætlast væri til þess, að Búnaðarfjelag Íslands ætti að hafa neitt að segja um tilhögunina á þessu ræktunarfyrirtæki. Atvinnumálaráðherra gaf þá þegar þá yfirlýsingu, að ef það kæmi til sinna kasta að tilnefna menn til að annast um framkvæmd þessara atriða, sem frv. þetta fjallar um, þá myndi hann ekki ganga fram hjá Búnaðarfjelagi Íslands; því myndi verða gefinn kostur á að vera með í ráðum. En út af umræðunum um þetta atriði átti nefndin tal við búnaðarmálastjóra og spurði hann, hvort Búnaðarfjelag Íslands hefði nokkrar sjerstakar tillögur að gera viðvíkjandi framkvæmdum á Flóaáveitunni, eða hvort Búnaðarfjelagið hefði nokkuð rannsakað, á hvern hátt áveitan kæmi best að notum. Búnaðarmálastjóri kvað Búnaðarfjel. Ísl. ekki hafa haft hjer til afskifti af þessari áveitu, og fyrir því hefði það ekki neitt rannsakað, á hvern veg áveitan gæfi mestan arð eða best yrði að færa sjer hana í nyt; en kvaðst hinsvegar gjarnan vilja, að ákvörðun yrði tekin um það, hvort ætlast væri til, að Búnaðarfjelag Íslands ætti að sjá um þetta ræktunarfyrirtæki, svo að það gæti nú sem fyrst látið málið til sín taka.

Eins og kunnugt er, hefir Flóaáveitan verið framkvæmd til þessa eftir sjerstökum lögum, án nokkurrar íhlutunar af hálfu Búnaðarfjelags Íslands. Áveituverkinu er ekki lokið enn, þó það sje vel á veg komið, hvað þá heldur ýmsar aðrar framkvæmdir, sem óhjákvæmilegt er, að verði gerðar nú þegar, ef áveitan á að koma að fullum notum, t. d. vegagerð á áveitusvæðinu o. fl. Þetta mikla ræktunarfyrirtæki er því alls ekki nærri fullgert enn. Nú er nefndin þeirrar skoðunar, að ekki sje heppilegt að skifta um umsjá með þessu verki fyr en það er fullgert, og að best muni að halda áfram verkinu með umsjá þeirra aðilja, sem hafa annast það hjer til, uns því er að fullu lokið. Hinsvegar ætlast nefndin til þess, og getur í því skyni skírskotað til ummæla atvinnumálaráðherra við 1. umr. málsins, að Búnaðarfjelagi Íslands verði ætlað að hafa fullrúa í þeirri nefnd, sem ætlast er til að skipuð verði samkv. þessu frv., og annist um framkvæmd þessa máls, svo að það geti fylgst sem best með framkvæmdum málsins og gert tillögur um þau atriði, er því þurfa þykir. Með því móti ætti Búnaðarfjelaginu að vera sjeð fyrir því, að það geti komið fram þeim tillögum, er það telur miklu máli skifta.

Eitt atriði frv. þykir nefndinni nokkuð varhugavert að samþykkja algerlega óbreytt eða án viðauka. Er það síðasta setning 1. gr., »sem um semst milli landsstjórnarinnar og íbúa áveitusvæðisins«. Þó að nefndin óttist ekki þetta ákvæði í þessu máli út af fyrir sig og treysti núverandi stjórn til þess að framkvæma verkið, þó að hún fengi svona rúma heimild, þykir nefndinni þó ekki víst nema menn síðar meir vildu skoða þetta sem fordæmi til að afla stjórnum víðtækra heimilda til ýmiskonar framkvæmda, sem vel gætu verið þess eðlis, að allmikil fjármunaleg áhætta fylgdi. Fyrir þessar sakir vill nefndin, að framkvæmdum samkvæmt 1. gr. frv. verði frekari takmörk sett en frv. ber með sjer nú.

Nefndin leggur því til, að háttv. deild samþykki frv. með svofeldum

VIÐAUKA:

Við 1. gr. Aftan við gr. komi: enda nemi tillag ríkissjóðs til vegagerðarinnar aldrei meiru en helmingi kostnaðar, og ekki yfir 1/4 kostnaðar til annara framkvæmda.

Alþingi, 23. febr. 1926.

Hákon Kristófersson, form. Jörundur Brynjólfsson, frsm. Árni Jónsson.

Jón Sigurðsson. Halldór Stefánsson.

Nd. 58. Nefndarálit

um frv. til laga um skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir klofnað um þetta mál, og vill meiri hluti nefndarinnar víst eigi, að frv. gangi fram.

Minni hlutinn fellst aftur á frv. og telur rjett, að það verði samþykt. Sjerstaklega má líta á þá ástæðu fyrir skiftingunni, að atvinnuhögum er talsvert öðruvísi háttað í Hafnarfirði en annarsstaðar í kjördæminu. Enn er að vísu kaupstaðurinn mannfærri en sýslurnar báðar, en vel mætti svo fara, að sá munur yrði eigi teljandi, er lögin koma til framkvæmda. Með núverandi íbúatölu er Hafnarfjörður þó nokkuð fyrir ofan meðaltal mannfjölda í öðrum kjördæmum landsins.

Alþingi hefir áður skift kjördæmum, þegar óskir hafa komið fram um það og ástæður annars mælt með því.

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði hefir sent Alþingi tillögu, er hún hefir samþykt í þessu máli, er sýnir, að bæjarstjórnin mælir eindregið með frv. Er sú ályktun prentuð aftan við nefndarálitið sem fylgiskjal.

Tillaga okkar er, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 25. febr. 1926.

Jón Baldvinsson, frsm. minni hl. Pjetur Þórðarson.

Fylgiskjal.

Útdráttur úr gerðabók bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Ár 1926, hinn 16. febrúarmánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sjer á venjulegum stað og tíma. Var honum stýrt af bæjarstjóra Magnúsi Jónssyni.

Á fundinum gerðist það, er hjer segir:

1. .....
.....

2. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar sendir áskorun til Alþingis um, að Hafnarfjarðarkaupstaður verði gerður að sjerstöku kjördæmi nú þegar á þessu þingi, með tilliti til mismunandi hagsmuna kaupstaðar og sýslna, og fólksfjölda annara kaupstaða, sem eru sjerstakt kjördæmi. —

Fundi slitið. Magnús Jónsson.

Gunnl. Kristmundsson. Ólafur Böðvarsson. Þorv. Árnason. Ásgr. Sigfússon. Kjartan Ólafsson. Guðm. Jónasson. Davíð Kristjánsson. Jón Einarsson. Björn Jóhannesson.

Rjetta útskrift staðfestir.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði hinn 17. febr. 1926.

Magnús Jónsson.

Nd. **59. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um sæsímasambandið við útlönd o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Samgöngumálanefnd Nd. hefir athugað samninga þá, sem atvinnumálaráðherrann hefir gert 30. nóv. 1925 við framkvæmdarstjórn Mikla norræna ritsímafjelagsins um framlenging ritsímasamningins ásamt nýju leyfisbrjefi og samningum þeim, sem við leyfið eru tengdir.

Nefndin aðhyllist þá stefnu, að rjettara væri að endurnýja hinn gamla samning, ef sæmileg kjör fengjust, í stað þess að taka upp ný sambönd, t. a. m. loftskeytasambönd eingöngu, og með því að nefndin telur, að hinir nýju samningar sjeu í alla staði viðunanlegir, leggur hún til, að þingsályktunartillagan verði samþykt með þeirri einu breytingu, að tilvitnun í sjálfa samningana sje tekin upp í tillöguna.

Nefndin hefir haft til hliðsjónar ítarlega greinargerð um málið eftir O. Forberg landssímastjóra, og þykir nefndinni rjett, að hún komi fyrir almenningssjónir, og er hún því prentuð hjer á eftir, og vill nefndin vísa til hennar til frekari skýringar.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að þingsályktunartillagan verði samþykt með þessari

BREYTINGU.

Í stað orðanna í niðurlaginu »sem — náðst um« komi: sem greinir í samningum 30. nóv. 1925.

Alþingi, 25. febrúar 1926.

Jón A. Jónsson, formaður.	Kl. Jónsson, fundaskrifari og frsm.	Jón Kjartansson.
Sveinn Ólafsson.	Hákon J. Kristófersson.	

Fylgiskjal.

LANDSSÍMASTJÓRINN.

Reykjavík, 25. jan. 1926.

Samkvæmt ósk yðar sendi jeg yður eftirfarandi stutt yfirlit yfir samningagerðir þær, sem fram hafa farið árin 1924 og 1925 við Mikla norræna ritsímafjelagið út af símasambandi Íslands við útlönd eftir 1. sept. 1926.

Þegar árið 1905 varð það að samkomulagi milli Íslands, Danmerkur og Mikla norræna, að símskeytagjöld milli Íslands og Danmerkur skyldu ekki vera hærri en milli Íslands og nokkurs annars lands og að framangreindir þrír hlutaðeigandi aðiljar skyldu allir lækka gjöld sín *hlutfallslega*, til þess að ná þessu marki. Mikla norræna hafði þá nýlega fengið framlengt til 20 ára sjerleyfi til sæsímareksturs milli Englands og Danmerkur og leyfi til að taka 16½ ctms. fyrir orðið á þessum sæsímum. Fjelagið ljet þó — gagnstætt því, sem Ísland og Danmörk höfðu gengið út frá — sinn hluta af gjaldalækkuninni á símaviðskiftum milli Íslands og Danmerkur að öllu leyti falla á sæsímann milli Íslands og Englands, í stað þess að skifta honum hlutfallslega á Íslandssæsímann og Danmerk-

ur — Englandssæsímann. Þessi skifting fjelagsins á sínum hluta af tekjum fyrir símaviðskifti milli Íslands og Danmerkur undangengin 20 ár hefir að vísu enga fjárhagslega þýðingu haft fyrir Ísland og Danmörku, en orsakar hinsvegar aðra útkomu og óhagstæðari en ella hefði verið á yfirlitum fjelagsins yfir rekstur Íslandssæsímans.

Þótt hið árlega rekstursyfirlit fjelagsins yfir rekstur Íslandssæsímans hafi þannig að mínu áliti ekki verið rjett, hefir þetta þó ekki heldur haft nein áhrif á ákvörðun sæsímagjaldanna, því að við endurskoðun þeirra hefi jeg ávalt sýnt fram á þetta ósamræmi og jafnað gjaldalækkuninni á símaviðskiftin milli Íslands og Danmerkur hlutfallslega jafnt niður á Norðursjávar- og Íslandssæsímann.

Haustið 1924 hófust samningar milli dönsku símastjórnarinnar og Mikla norræna um endurnýjun á sjerleyfi fjelagsins til reksturs Norðursjávarsímans milli Englands og Danmerkur. Landsstjórn Íslands áleit þá, að tími væri kominn til að leita samtímis undirbúningssamkomulags um væntanlega endurnýjun á sjerleyfi Íslandssæsímans, og afrjeð, að landssímastjóri færi þá utan í þeim erindum.

Með því símaviðskiftin milli Íslands og Danmerkur eru nálægt því 40% af öllum okkar erlendum símaviðskiftum, var það nauðsynlegt, áður en hinir eiginlegu samningar við M. n. um Íslandssæsímann byrjuðu, að fá því áorkað, að í samninga þá, sem stóðu yfir milli Danmerkur og M. n. um Norðursjávarsæsímana, yrðu tekin upp ákvæði um, að þeir sæsímar skyldu taka hlutfallslegan þátt í niðurfærslu símagjaldanna milli Íslands og Danmerkur, svo framarlega sem Danir legðu nokkra áherslu á slíka niðurfærslu framvegis.

Frá Dana hálfu var því haldið fram, að örðugt væri að leggja hart að fjelaginu og fá það til að taka á *Norðursjávarsæsímana* nokkra sjerstaka gjaldaívilnun fyrir símaviðskifti Íslands. Að lokum hepnaðist þó að fá vilyrði um þetta, og er skylt að taka fram, að það var ekki hvað síst að þakka áhrifum hinna dönsku sambandslaganefndarmanna, að svo fór.

Að öðru leyti strönduðu samningaumleitanir vorar við M. n. í þetta sinn. Olli þar um bæði það, að samningarnir milli dönsku símastjórnarinnar og M. n. drógust á langinn, og Danmörk vildi ekki taka þátt í samningum um Íslandssæsímann fyr en lokið væri samningum um Norðursjávarsæsímana, og þó sjerstaklega það, að fjelagið hafnaði gersamlega þeim samningsgrundvelli, sem af hálfu okkar Íslendinga var stungið upp á.

Eftir nokkur brjefaviðskifti og eftir að Alþingi 1925 hafði falið stjórninni að semja um símasambönd Íslands við útlönd að sæsímasjerleyfistímanum útrunnum (1. sept. 1926), hófust samningar af nýju í nóvembermánuði 1925. Finn jeg ekki ástæðu til að skýra hjer nákvæmlega frá gangi samninganna, því hann er kunnur atvinnumálaráðherra, sem sjálfur tók þátt í samningsgerðinni. Jeg skal aðeins taka það fram, að svo leit út í byrjun, sem samningarnir mundu stranda einnig þetta sinn, því M. n. hafnaði enn á ný þeim grundvallaratriðum vorum, sem frá vorri hálfu voru skilyrði fyrir því, að gengið yrði yfir höfuð til samninga um framhaldsrekstur sæsímans. Þessi skilyrði voru:

1. Tillagið falli niður.
2. Frumgjöld þau, sem ákveðin eru á Norðursjávarsæsímum fjelagsins milli Englands og Danmerkur á hverjum tíma sem er, skuli einnig gilda fyrir síma-

viðskifti milli Íslands og Danmerkur, en auk þess taki Norðursjávarsæsímarnir þátt í niðurfærslu símagjalda milli þessara landa, í sama hlutfalli og Íslandssæsíminn.

3. Ísland taki við rekstri stöðvarinnar á Seyðisfirði gegn 65000 gullfranka árlegu endurgjaldi, er greiðist af tekjum sæsímans.
4. Af tekjum sæsímans greiðist Íslandi ennfremur árlega 30000 gullfrankar sem nokkurskonar sjerleyfisgjald.
5. Sæsímagjöldin verði miðuð við sæsímaviðskiftin eins og þau voru 1924, þannig að tekjurnar hrökkvi fyrir greiðslu framangreindra 95000 franka og auk þess hæfilega áætlaðri upphæð handa fjelaginu til viðhalds og reksturs sæsímans.
6. Fari sæsímaviðskiftin fram úr því, sem þau voru 1924, fái Ísland 60% af sæsímagjöldunum fyrir það, sem fram yfir er, en fjelagið 40%.
7. Til sæsímaviðskifta (sbr. 5. og 6. lið) teljist öll símaviðskifti til og frá Íslandi og yfir Ísland (sbr. þó 9. lið). Þó teljist aðeins helmingur af símaviðskiftunum við Færeyjar, enda sje símaviðskiftum Færeyja að öðru leyti svo og útgjöldum við starfræksluna í Færeyjum haldið utan við þessa reikninga.
8. Sjerleyfið veitist í $8^1/_2$ ár, en sje þó uppsegjanlegt að minsta kosti þrisvar sinnum á sjerleyfistímabilinu.
9. Öll símaviðskifti Íslands við útlönd skulu ganga gegnum sæsímann — þegar þráðsambandið er ekki bilað — að undanskildum blaðaskeytum, veðurskeytum og radióskeytum, sem ætluð eru almenningi, en ekki neinum ákveðnum manni eða stofnun.

Eins og ráðherranum er kunnugt, kaus M. n. eftir nánari yfirvegun heldur að ganga að þessum skilyrðum í öllum aðalatriðum en að missa sjerleyfið. Hin einasta verulega breyting, sem teljandi er, var sú, að vjer gengum inn á að lækka ágóðahluta vorn af auknum tekjum sæsímans (samkv. 6. lið) ofan í 50%. Af öðrum markverðum ákvæðum í hinu nýja sjerleyfi má nefna, að Ísland hefir rjett til að afgreiða öll símaviðskifti sín við útlönd þráðlaust, ef nokkurt annað land krefst skeytaskoðunar á afgreiðslu sæsímans.

Ákvæðin um eignarrjett á sæsímanum að sjerleyfinu loknu eru nálega jafnóákveðin og þau voru í hinu fyrra sjerleyfi, enda virtist ekki ástæða til fyrir Ísland að leggja sjerstaklega mikla áherslu á þetta atriði. Þó er felt burtu í nýja sjerleyfinu hið óeðlilega ákvæði gamla sjerleyfisins um, að Danmörk skuli eignast $^2/_3$, en Ísland $^1/_3$ af sæsímanum, ef hann afhendist ríkjunum.

Til þess að hægt væri að ákveða sæsímagjöldin varð fyrst að ákveða rekstrarútgjöld sæsímans. Allar tekjur og gjöld sæsímans er reiknað í gullfrönkum. Fyrsti gjaldaliður er 95000 gullfrankar til Íslands (sbr. 3. og 4. lið að framan). Þess utan krafðist fjelagið að fá 161500 franka sem rekstrarkostnað. Til þess að geta gert sjer grein fyrir rjettmæti þessarar kröfu verður að athuga útgjöldin, eins og þau hafa verið undangengin ár, til viðhalds og rekstrar sæsímans. Samkvæmt reikningsyfirlitum fjelagsins hafa þessi gjöld — að undanskildri Seyðisfjarðar- og Færeyjastöðinni — verið að meðaltali ca. 103000 gullfrankar á 10 ára tímabilinu 1916—1925, en sje miðað einungis við síðustu 5 árin, verður meðaltalan ca. 115500 gullfrankar á ári. Fjelagið krafðist einnig, að

gert væri ráð fyrir 5000 frönkum á ári í skrifstofukostnað á Englandi til eftirlits og endurskoðunar á viðskiftum sæsímans, því hingað til hafði Seyðisfjarðarstöðin það á hendi, en kostnaðurinn við hana nú feldur burtu og greiðslan til landssímans sett í staðinn. Upphæðin, um 148000 danskar krónur, til árlegrar afborgunar á hinu upphaflega verði sæsímans var einnig feld burtu svo og allur kostnaður við Færeyjastöðina (sbr. 7. lið).

Við nánari gagnrýning á kröfum fjelagsins komumst vjer að raun um, að unt væri án misrjettis að færa hin áætluðu rekstrargjöld nokkuð niður. Hinsvegar var örðugt að mótmæla þeirri staðhæfingu fjelagsins, að viðhald sæsímans hlyti að fara vaxandi eftir því sem hann eldist. Einnig varð ekki komist hjá því, að fjelaginu væri ætluð einhver upphæð fyrir ófyrirsjeðum útgjöldum, áhættu og ágóða. Að síðustu náðist samkomulag um að reikna ca 100000 gullkrónur eða nákvæmlega 139600 gullfranka fyrir árlegum rekstrarkostnaði sæsímans auk áðurgreindra 95000 gullfranka.

Á framangreindum grundvelli voru svo sæsímagjöldin reiknuð og miðuð við orðafjöldann eins og hann var 1924. Á þann hátt lækka sæsímagjöldin á Íslandssæsímanum um 34% eða úr 25 ctms. niður í 16½ ctms. fyrir orðið, og fyrir viðskifti við skandinavisku löndin verða þau enn lægri. Fyrir skeyti milli Danmerkur og Íslands er sæsímanum nú fært til tekna aðeins 10 ctms., en samkvæmt nýju samningunum fær hann 12 ctms. fyrir hvert orð, og lækkar þá skeytagjaldið jafnmikið til Danmerkur og til Englands. Þetta er að þakka lækkuninni á Norðursjávarsæsímagjöldunum, sem að framan er minst á.

Þótt fengist hafi þessi mikla lækkun á sæsímagjöldunum frá 1. sept. 1926, geta þó sæsímagjöldin milli Íslands og annara landa ekki lækkað það sem því nemur, frá því sem þau eru nú, því nokkur hluti þessarar lækkunar verður að vega á móti þeirri *gjaldahækkun landanna*, sem ákveðin var á alþjóðasímaráðstefnunni í Paris síðastliðið haust og sem gengur í gildi 1. apríl 1926, og sem Ísland hefir engin tök á að sporna við. T. d. fekk England og Danmörk landagjöld sín (Terminaltakst) hækkuð um 3 ctms. á hvert orð, en Ísland, Noregur og Svíþjóð um 1 ctms.

Vilji maður gera tölulegan samanburð á fjárhagslegri aðstöðu Íslands samkv. hinu nýja og hinu gamla sjerleyfi, verður sparnaðurinn eða hagnaðurinn þessi:

1.	Sparað tillag til M. n., með núverandi gengi	ca. ísl. kr.	38000,00
2.	Sjerleyfisgjald (30000 gullfrankar)	— —	30000,00
3.	Ágóði á rekstri Seyðisfjarðarsæsímastöðvarinnar, gegn 65000 gullfr. endurgjaldi	— — —	25000,00
4.	Hreinar tekjur af veðurskeytum til útlanda, sem nú verða vor eign	— — —	20000,00
5.	Hluti Íslands, 50% af sæsímagjöldum af viðskiftum fram yfir það, sem var 1924, áætlað að meðatali ca. 500000 orð á ári á ca. 15 ctms.	— — —	37000,00
	Samtals	ca. ísl. kr.	150000,00

Hjer við bætist svo, að með því að fá sæsímagjöldin lækkuð um 8½ ctms. á hvert orð, sparast viðskiftamönnum símans árlega ca. 170000 gullfrankar

eða nálega sama upphæð í ísl. krónum, sje gengið út frá, að viðskiftamagnið sje ca. 2000000 orð á ári að meðaltali yfir sjerleyfistímabilið. Þessi upphæð er öll tekin frá sjerleyfishafa, enda stendur fjelagið nú mun betur að vígi, þar sem lokið er að afborga sæsímann.

Samkvæmt núgildandi gjaldskrá er símskeytagjaldið til Englands og Danmerkur 43 ctms. fyrir orðið. Samkvæmt hinum nýja samningi verður það 34½ ctms. frá 1. sept. 1926, en þar við bætist hækkunin á landagjöldum, sem áður var nefnd og sem nemur 4 ctms., þannig að gjaldið verður 38½ ctms.

Sje þetta borið saman við símskeytagjöld milli annara landa, þar sem sæsímar liggja, t. d. milli Englands og skandinavisku landanna: Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, en þar eru gjöldin 28½ ctms. fyrir orðið frá 1. apríl 1926, — þá verður ekki annað sagt en að Ísland fái lág símskeytagjöld, sjerstaklega þegar tekið er tillit til þess, að á Norðursjávarsæsímunum eru afgreidd mörgum sinnum meiri orðafjöldi en á Íslandssæsímanum. Símskeytagjaldið til Noregs verður sennilega 45 ctms. í stað 52 ctms. nú. Við Svíþjóð er samningum ekki lokið enn þá. Komist íslenska krónan upp í gullgengi, verður símskeytagjaldið til Englands og Danmerkur ca. 30 aurar fyrir orðið.

Eins og ráðherranum er kunnugt, hafði jeg bæði árið 1924 og 1925 leitað fyrir mjer í Noregi um þráðlaust skeytasamband (sjerstaka radíóstöð), ef til þess kæmi, að Ísland þyrfti að hverfa að því. Og jeg hefi fulla ástæðu til að ætla, að til vandræða hefði ekki horft í því efni, þótt samningar um áframhaldandi sæsímasamband hefði farið út um þúfur. Í þessu sambandi var jafnframt minst á gjöld fyrir þráðlaust skeytasamband til nærliggjandi landa, og liggja þau gjöld mjög nálægt því, sem nú er ákveðið samkvæmt hinu nýja sæsímasjerleyfi, þó eitthvað hærra til sumra landa.

Eftir að M. n. hafði gengið inn á, að landssími Íslands tæki við rekstri sæsímastöðvarinnar á Seyðisfirði, fór fjelagið fram á, að Ísland keypti eignir þess á Seyðisfirði fyrir ca. 150000 danskar krónur. Eignir þær, sem um er að ræða, eru þessar: 1.) stöðvarhúsið, 2.) nýlegt íbúðarhús fyrir 2 fjölskyldur (kostaði 1920 með tilheyrandi lóð d. kr. 121700,00), 3.) sæsímahúsið með ritsímalínunni milli þess og stöðvarinnar, 4.) öll tæki í stöðinni og sæsímahúsinu svo og öll húsgögn og annað lauslegt í stöðvarhúsinu og íbúðarhúsinu. Fjelagið lagði fram skrá yfir tækin og húsgögnin, sem sýndi, að framleiðsluverð tækjanna (M. n. á sjálft ritsímatækjaverksmiðju) og innkaupsverð húsgagnanna nam d. kr. 39900,00. Eins og ráðherrann man, leituðum vjer í tilefni af þessum kaupum upplýsinga hjá bæjarfógetanum á Seyðisfirði um, fyrir hvaða verð umræddar húseignir mundu nú seljanlegar manna á milli á Seyðisfirði. Í samræmi við þær upplýsingar og nokkrar frekari sömdum vjer svo við fjelagið um kaup á framangreindum eignum þess fyrir samtals d. kr. 100000,00, er greiddist á 10 árum með 5% ársvöxtum. Í samningagerð þessari voru húsin metin á ca. kr. 70000,00, en tækin og annað á ca. kr. 30000,00.

Veðurskeyti eru undanþegin frá viðskiftum sæsímans. Fyrir veðurskeyti frá Íslandi hefir M. n. hingað til fengið árlegt gjald frá veðurfræðisstofnunum ýmsra landa, sem nemur nú ca. 24000 gullfrönkum. Nú hefir verið samið um, að framvegis fái Ísland þetta gjald, og jafnframt gengið út frá því, að veðurskeytin

verði send loftleiðina, enda er ætlast til, að loftskeytastöðin í Reykjavík verði stækkuð, svo að hún geti fullnægt þeim kröfum, sem gerðar eru til sendingar slíkra skeyta.

Einnig hefir verið samið um, að skeytaviðskifti Grænlands gangi yfir Ísland, og fær Ísland vel viðunanlegt gjald af þeim.

Að lokum vil jeg benda á, að fljótt á litið getur mörgum virst svo, sem framanumræddir samningar við M. n. fjelagið, sem landsstjórnin leggur nú fyrir Alþingi til samþyktar, bindi oss að nýju um of við sæsímann og að símaviðskiftum vorum við útlönd verði þá fyrst fullkomlega borgið, er oss væri frjálst að nota jöfnum höndum sæsímann eða loftskeyti á hverjum tíma sem vera skyldi. Án þess að leggja fjárhagslega mikið í sölurnar er þetta þó því miður ekki enn þá gerlegt. Í uppkasti mínu til undirbúningssamninga 1924 kom mjer til hugar að undanskilja símaviðskifti vor við Noreg og Svíþjóð frá sæsímasendingu og láta þau ganga loftleiðina, en útreikningar sýndu, að við það yrðu sæsímagjöldin að hækka að miklum mun fyrir hin önnur sæsímaviðskifti. Því er — því miður — svo farið, að skeytaviðskifti vor við útlönd eru ekki enn þá svo mikil, að þau geti borið kostnað af að starfrækja *bæði* sæsímasamband *og fullkomið* loftskeytasamband án þess að gjöldin verði óhæfilega há.

Burtsjeð frá þessari skiftingu milli loftskeyta- og sæsímasambands gat hjer verið um þrjár leiðir að ræða: 1) að halda áfram sæsímasambandi sem aðalsambandi með loftskeytastöð til vara, 2) að taka upp loftskeytasamband með sæsímann til vara, og 3) loftskeytasamsand án varasambands.

Fyrsta leiðin hefir þann kost, að bæði er sambandið trygt, og auk þess er nú hægt að komast af með mun lægri gjöld en hingað til, þegar búið er að afborga sæsímann. Hinsvegar var oss það ljóst, að yrði þessi leið valin, er nauðsynlegt að halda samvinnu við M. n. fjelagið, því hvorki Ísland nje Danmörk, nje heldur bæði ríkin í sameiningu, geta tekið að sjer rekstur sæsímans, til þess skortir bæði fje og reynslu o. fl.

Önnur leiðin getur naumast komið til mála, því sæsíminn sem varasamband mundi auka kostnaðinn fram úr hófi. Starfsmannahald á sæsímastöðvunum, er afkastað gæti afgreiðslunni, þegar um bilanir eða truflanir á loftskeytasambandinu væri að ræða, kostar mikið, og viðhald sæsímans jafnmikið, hvort hann er notaður mikið eða lítið.

Þriðja leiðin virðist fljótt á litið frjálslegri, en hún hefir líka marga annmarka, því eins og að framan er á minst, mundu skeytagjöldin verða frekar hærri að meðaltali en með sæsímanum, auk þess sem loftskeytasamband verður enn þá að álítast mun ótryggara en sæsímasamband, og eins og hjer hagar til á þessu fámenna landi, óttast jeg, að mörgum þætti ógeðfelt að vita, að hver og einn morse-fróður maður gæti í mörgum tilfellum komist að innihaldi skeytanna. Þótt jeg verði að álíta, að stigið væri spor aftur á bak með því að leggja niður sæsímasambandið og taka upp loftskeytasamband, verð jeg samt að segja, að þessi leið væri ekkert neyðarúrræði, ef M. n. hefði verið ófáanlegt til hagkvæmra samninga um sæsímasambandið.

Að öllu þessu athuguðu álítum vjer sjálfsagt að reyna að komast að hagkvæmum samningum við M. n. um framhald sæsímasambandsins fyrst um

sinn. Og það hygg jeg að oss hafi tekist. Eins og samningarnir bera með sjer, öðlumst vjer hlutdeild í tekjum sæsímans, og það svo ríflega hlutdeild, að fjelagið fann ástæðu til að kvarta undan, að það yrði aðeins leigjandi sæsímans. Með því fyrirkomulagi, sem samningarnir gera ráð fyrir, yrði að skoða það að nokkru leyti sem samkepni við sjálfan sig, ef vjer undanskildum til sendingar loftleiðina meira af viðskiftunum en gert er í sjerleyfinu.

Að endingu vil jeg geta þess, að ákvæðið um alþingissamþykt á samningunum, sem jeg var upprunalega mótfallinn, hefir að mínu áliti orðið frekar til stuðnings við samningana.

O. Forberg.

Nd. **60. Tillaga**

til þingsályktunar um leigu á skipi til strandferða.

Frá samgöngumálanefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að leigja um 500 smálesta skip til strandferða, ásamt »Esju«, frá í ágúst og fram í desember næstk., er aðallega annist vöruflutninga með ströndum fram, en hafi þó nokkurt farþegarúm.

Greinargerð.

Með þingsályktun 13. maí f. á., var ákveðið að skipa 5 manna nefnd, ólaunaða, milli þinga, til þess að gera tillögur um skipun strandferða. Nefndin var skipuð með brjefi ráðherra 9 júlí f. á., og hefir hún 12. þ. m. skilað svofeldu áliti:

.....

»Eftir að hafa haldið fundi um málið, hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að mikil þörf sje á því, að strandferðirnar sjeu auknar og bættar. Til þess að bæta samgöngurnar með ströndum fram, geta ýmsar leiðir komið til greina, og hefir nefndin orðið ásátt um að leggja fram eftirfarandi tillögur, sem svo má velja á milli, eftir því sem stjórn og Alþingi þykir best henta.

1. Tillaga:

Að byggja annað strandferðaskip eins og es. »Esju«, sem vjer gerum ráð fyrir að kosta muni um. .. .. kr. 650.000.00
Árlegur styrkur til rekstursins ... ... — 180.000.00

2. Tillaga:

Að byggja skip, sem aðallega væri vöruflutningaskip, en hefði þó einhvern farþegaútbúnað, og teljum vjer, að það muni kosta um ... kr. 500—525.000.00

Árlegur styrkur til reksturs þess ... ... — 160.000.00

Hvað þessar tillögur snertir, þá álítum vjer, að ef til vill sje ekki enn kominn tími til þess að framkvæma þær, vegna þess hve enn er dýrt að byggja skip, enda þótt það væri æskilegast.

3. Tillaga:

Að kaupa notað vöruflutningaskip, um 500 smál., en með nokkrum farþegaútbúnaði eða möguleika til þess að koma fyrir einhverju farþegarúmi. Áætlum vjer, að það muni kosta um ... ... kr. 300—325.000.00

Árlegur styrkur til rekstursins (hærri vegna meiri kolaeyðslu) .... — 175.000.00

Við þessa tillögu er það að athuga, að mjög erfitt er að fá slíkt skip, sem hefir farþegaútbúnað og oss hentar vel, og enda þótt notast mætti við það út úr neyð um tíma, þá verður það aldrei til frambúðar; auk þess verður viðhaldskostnaður á gömlum skipum ávalt mikill, ennfremur allmikill kostnaður við breytingu á skipinu, og loks verða flokkunarviðgerðir mjög dýrar.

4. Tillaga:

Að leigja um 500 smál. vöruflutningaskip til strandferða 8 mánuði ársins. Gerum vjer ráð fyrir, að sá kostnaður yrði:

Gjöld (leiga af skipinu o. fl.) um. ... ... kr. 230.000.00
Tekjur ... ... — 135.000.00
Styrkur til rekstursins ... ... — 95.000.00

Ætlumst vjer til þess, að skip það, sem tekið yrði á leigu, hefði dálítið farþegarúm og að það annaðist strandferðirnar ásamt e.s. Esju frá því í apríl og þangað til um miðjan desembermánuð. Álítum vjer það mjög æskilegt, ef þetta ráð yrði tekið fyrst um sinn, með því að þetta myndi bæta strandferðirnar mikið, enda þótt vjer sjáum vel ýmsa ágalla á því að leigja erlent skip til strandferða hjer við land. Ef stjórn og Alþingi telur þessa tillögu hafa of mikinn kostnað í för með sjer, viljum vjer leggja mikla áherslu á það, að síðasta tillaga vor, sú sem hjer fer á eftir, verði framkvæmd.

5. Tillaga:

Að leigja um 500 smál. vöruflutningaskip til strandferða um 4 mánuði, frá því í ágúst og þangað til í desember, og gerum vjer ráð fyrir að styrkur sá, sem muni þurfa til þess, nemi um kr. 45.000.00.

Þyrfti að vera einhver lítilsháttar farþegaútbúnaður í skipi þessu, og með því að leigja það frá því í miðjum ágúst, má byrja strandferðirnar þ. 1. september og halda þeim áfram þangað til í byrjun desember, sem er mesti annatíminn vegna haustvöruflutninga. Hefir það komið í ljós, að e.s. Esja getur ekki nándar nærri annað þeim flutningum ein, en á þessum tíma ríður mikið á því, að afurðirnar, svo sem ull, kjöt, gærur, fiskur o. fl., náist frá lakari höfnunum, svo að hægt sje að koma þeim í tíma til útlanda, og einnig er oft áríðandi á þessum tíma að geta komið vörum milli hafna og til Reykjavíkur utan af landi.

Ef stjórn og Alþingi kýs að framkvæma síðastnefndu tillöguna, viljum vjer jafnframt mæla með því, að þá verði veittur styrkur til mótorskips, sem haldið gæti uppi ferðum milli Hornafjarðar og Skála á Langanesi á tímabilinu frá því í mars og til júníloka og aftur frá 1. september og þangað til í nóvember, þar sem vjer álítum, að sá hluti landsins hafi þá mesta þörf fyrir auknar strandferðir.

Reykjavík, 12. febrúar 1926.

Virðingarfylst.

Emil Nielsen. Garðar Gíslason. Jónas Jónsson.

Kristján Jónsson (með fyrirvara). S. Sigurðsson (með fyrirvara).

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, Reykjavík«.

Samgöngumálanefnd neðri deildar hefir, eftir ósk ráðherra, tekið framanritað álit milliþinganefndarinnar til meðferðar, og hefir hún, eftir að hafa borið málið undir samgöngumálanefnd efri deildar, orðið sammála um að taka þegar upp 5. tillögu milliþinganefndar og flytja um hana framanskráða þingsályktunartillögu.

Ætlumst vjer til, að leiguskip það, sem ályktunin ræðir um, geti hafið strandferðir seint í ágúst eða fyrst í september og haldið þeim áfram að minsta kosti til 15. desember. Ætti haustvöruflutningur allur að verða greiðari og haganlegri meðan það gengur og »Esju« þá að gefast svigrúm til fljótari og fleiri ferða með póst og farþega en ella, enda líklegt, að takmarka mætti kostnað við rekstur sumra flóabáta og jafnvel fella þá niður að haustinu, svo sem Hornafjarðarbát.

Aðrar tillögur milliþinganefndarinnar hefir samgöngumálanefnd eigi sjeð sjer fært að aðhyllast, aðallega vegna kostnaðarins.

Vjer álítum að vísu, að stefna beri að tíðari og meiri strandferðum en fengist geta með Esju-ferðum og leiguskipi að haustinu og að rekstur þeirra geti eigi haganlegur orðið fyr en aðgreindir eru að mestu vöruflutningar og flutningur pósts og farþega og hentugt, innlent flutningaskip fer strandferðir ásamt »Esju«; en vjer teljum samt, að með umræddu leiguskipi að haustinu geti mikilsverð samgöngubót fengist á þessu ári og gagnleg reynsla fyrir tilhögun strandferða eftirleiðis.

Nd. **61. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1925.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1925, eru veittar samkv. 2.—7. gr. hjer á eftir kr. 197618,98.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til að senda fulltrúa á alþjóðafund geislalækna í London	1000,00	
2.	Fyrir miðstöðvarketil í geðveikrahælið á Kleppi ...	7426,96	
3.	Til aðgerðar á holdsveikraspítalanum í Laugarnesi...	2500,00	
4.	Til að standast kostnað við lækningar þeirra, sem lamast hafa af mænusótt	10000,00	
5.	Til aðgerðar á sóttvarnarhúsinu í Reykjavík... ...	9610,88	
			30537,84

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

1.	Ferðastyrkur á þriðja biskupafund Norðurlanda 1924	600,00	
2.	Til stúdentaráðs Háskóla Íslands, styrkur til að senda fulltrúa á allsherjarstúdentamót í Oslo... ...	1000,00	
3.	Til sjera Bjarna Jónssonar og sjera Friðriks Rafnars: Styrkur til að sækja alþjóðaprestafund í Svíþjóð, 400 kr. til hvors...	800,00	
4.	Styrkur til húsabóta á prestssetrinu í Kollafjarðarnesi	9266,64	
5.	Til miðstöðvarhitunartækja í barnaskólann á Hólum	11079,78	
6.	Til aðgerðar gagnfræðaskólanum á Akureyri... ...	12513,87	
7.	Launabót handa Sigurbirni Á. Gíslasyni, kennara við vjelstjóraskólann	1500,00	
8.	Launabót handa Guðm. Kristjánssyni, kennara við stýrimannaskólann	1500,00	
			38260,29

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1.	Styrkur til Finnlandsfarar, til að sækja fornminjafræðingafund	600,00	
	Flyt	600,00	68798,13

		kr.	kr.
	Flutt	600,00	68798,13
2.	Styrkur til að sækja fund norrænna lögfræðinga í Helsingfors	1802,10	
3.	Til að gegna störfum þjóðskjalavarðar í fjarveru hans...	300,00	
4.	Til Kjartans Sveinssonar, fyrir aðstoð á þjóðskjalasafninu	300,00	
5.	Til aðgerðar landsbókasafnshúsinu	33789,55	
			36791,65

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1.	Viðbót við styrk handa Búnaðarfjelagi Íslands ...	36000,00	
2.	Til sjóvarnargarðs á Siglufirði	23000,00	
3.	— sjóvarnargarðs á Sauðárkróki	11000,00	
4.	— sjóvarnargarðs á Stokkseyri	3255,25	
5.	— sjóvarnargarðs á Eyrarbakka	5194,25	
6.	— að endurreisa stöpla í Hraunsá	850,00	
7.	— fyrirhleðslu fyrir Hjeraðsvötn	7300,00	
8.	— kostnaðar við mælingar og uppdrætti af kauptúnum og sjávarþorpum	3000,00	
			89599,50

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

1.	Fyrv. bókav. Halldór Briem, frá 1/10	427,20	
2.	— vitav. Vigfús Sigurðsson, frá 1/6	311,50	
3.	Til frú Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	534,00	
4.	Til frú Ágústu Jóhannsdóttur. ekkju Þórhalls Jóhannessonar, hjeraðslæknis...	534,00	
5.	Fyrv. prestur Guttormur Vigfússon, frá 1/6	623,00	
			2429,70
	Samtals		197618,98

Nd. **62. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar getur ekki fallist á, að sá munur sje á atvinnu-

rekstri manna í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði, að skifting kjördæmisins sje óhjákvæmileg af þeim ástæðum.

Um fólksfjöldann er það að segja, að hann út af fyrir sig rjettlætir ekki skiftinguna, því þar koma margar aðrar ástæður til greina.

Alþingi, 25. febr. 1926.

Jón Kjartansson, formaður. Árni Jónsson, fundaskrifari.

Pjetur Ottesen, framsögum. meiri hlutans.

Nd. 63. Breytingartillaga

við frv. til laga um raforkuvirki.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 4. gr. Orðin »er 4/5 leyfistímans eru liðnir« falli niður.

Varatillaga: Í stað »er 4/5 leyfistímans eru liðnir« komi: er helmingur leyfistímans er liðinn.

Nd. 64. Frumvarp

til laga um innflutningsbann á dýrum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Það er öllum bannað að flytja hingað til lands frá útlöndum lifandi spendýr og fugla. Þó má atvinnumálaráðuneytið, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, veita undanþágu frá banni þessu, enda setji þá tryggilegar reglur um í hvert sinn.

2. gr.

Frá löndum eða landshlutum, þar sem næmir húsdýrasjúkdómar ganga, er atvinnumálaráðuneytinu skylt, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, að banna um stundarsakir allan innflutning á heyi, hálmi, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, mjólk, brúkuðum fóðurmjölssekkjum og öðrum þeim vörum, sem sjerstök hætta telst á, að sóttnæmi geti borist með.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100 til 1000 kr., fyrir skipstjóra þann, er dýrin eða bannvöruna flutti inn, og jafnháum fyrir eigandann, og skulu dýrin og bannvaran gerð upptæk og öllu lógað, að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft á skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borgi allan þar af leiðandi kostnað.

Brot gegn reglum þeim, sem atvinnumálaráðuneytið setur samkvæmt 1. gr., varðar eiganda 100 til 1000 kr. sektum, enda bæti hann að auki allan skaða, er af þeim dýrum hlýtst, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkvæmt reglum ráðuneytisins.

4. gr.

Lög nr. 56, 10. nóv. 1905, um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje, og viðaukalög nr. 25, 9. júlí 1909, eru úr gildi numin.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur frv. þetta að tilhlutun atvinnumálaráðherra. Frv. er þó lítið eitt breytt frá því, sem það barst nefndinni.

Dýralæknirinn í Reykjavík hefir samið frv. og ljet því fylgja svohljóðandi greinargerð:

»Eftir núgildandi lögum er bannað, nema sjerstakt leyfi komi til, að flytja hingað til lands sauðfje, nautgripi, hesta, svín, geitur og hunda, bæði vegna sjúkdómshættu og svo til að forðast spilling innlendra kynja af blöndun með útlendum. Öll önnur dýr má flytja inn eftirlitslaust, en með þeim gætu borist sjúkdómar í innlendu alidýrin. Þess vegna þarf að hafa eftirlit með innflutningi allra spendýra og fugla, en það verður ekki gert nema sækja þurfi um leyfi til innflutnings í hvert skifti.

Þótt mest hætta sje á því, að dýrasjúkdómar berist hingað með lifandi dýrum, má ekki loka augunum fyrir þeirri hættu, sem stafað getur af innflutningi á heyi og ýmsum öðrum vörum, sem sóttnæmi hæglega getur borist með. Undir venjulegum kringumstæðum þarf ekki að óttast þetta, að því er nágrannalöndin snertir, en sjálfsagt er, að heimild sje til að banna slíkan innflutning, þegar illkynjaðir sjúkdómar ganga í útflutningslandinu og haga sjer þannig, að stjórnarvöldin þar ráða ekki við, eins og átt hefir sjer t. d. stað undanfarið með munn- og klaufasýkina í Danmörku.

Ætlast er til, að stjórnarvöldin hjer sjái um, að nægileg vitneskja fáist hjer að staðaldri um gang næmra sjúkdóma í þeim löndum, sem vjer höfum mest viðskifti við.«

Breyting sú, er nefndin hefir gert á frv., snertir aðeins 2. gr. þess. Í frv. dýral. var heimild fyrir atvrh. að banna innflutning þeirra vara, sem þar ræðir um, með ráði dýral. í Rvík. Nefndinni þótti þetta fyrirkomulag ekki nógu

tryggilegt og setti í staðinn skyldu ráðuneytisins til að banna innflutning, þegar sjúkdómshætta gæti verið á ferðum.

Frekari greinargerðar telur landbúnaðarnefnd ekki þörf.

Nd. **65. Nefndarálit**

um frv. til laga um raforkuvirki.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta hefir hv. efri deild haft til meðferðar, og gerði hún nokkrar breytingar á því. Meiri hluti nefndarinnar ræður hv. deild til þess að samþykkja frv. óbreytt, en einn nefndarm., J. Bald., hefir ákveðið að koma fram með breytingartill. við frv.

Alþingi, 26. febr. 1926.

Jón Kjartansson, form. og frsm. Árni Jónsson, fundaskrifari.

Pjetur Þórðarson. Jón Baldvinsson. Pjetur Ottesen.

Nd. **66. Frumvarp**

til laga um verðtoll á nokkrum vörum.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Alla reikninga um vörur, er um ræðir í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, svo og reikninga um fólksflutningabifreiðar, skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, og skulu allir slíkir reikningar stimplast með 12½% af innkaupsverði þeirra vara, nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

A. Með 20% stimplast eftirtaldar vörur: Flugeldar og flugeldaefni. Gimsteinar og hverskonar skrautgripir. Glysvarningur og leikföng allskonar. Gullsmíðis- og silfursmíðisvörur. Jólatrjesskraut. Kaffibætisefni. Lakkskór. Loðskinn og fatnaður úr þeim. Plettvörur. Silki og silkivarningur. Silkihattar. Silkiskór og flosskór. Skrautfjaðrir. Sólhlífar. Veggmyndir.

B. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur þær, er nú skal greina: Asbestþráður, Áttavitar. Ávextir, nýir. Baðmullartvinni. Bambus. Bast. Bifreiða- og hjólhestadekk og slöngur. Blaðgull til gyllingar. Blautsápa. Boltar og rær. Botnvörpur. Botnvörpugarn. Brennisteinssýrur. Bronce. Burstar og sópar. Bæs. Dynamit. Dælur. Efni og áhöld til logsuðu og logskurðar. Efni til gasframleiðslu. Efni til bókbands. Eldavjelar- og ofnhlutar. Flöskumiðar og tappar. Garn allskonar. Ger. Gerduft. Gibslistar. Gleraugu. Glóðarlampar. Gluggajárn. Grænmeti, nýtt. Gummihælar og sólar. Hagldabrauð og tvíbökur. Hellulitur. Heygrímur. Heymælar. Hjólnafir. Hljóðfæri, nema grammófónar og grammófónplötur. Hnoð. Hunang. Hurðarhandföng. Húsgagnafjaðrir og keðjubotnar í rúm. Húsnúmer. Hvalur. Hvítmálmur. Karbolin. Kátsjúk (óunnið). Keðjulásar. Kensluáhöld. Kítti. Kolsýra. Kondensatorþráður. Kopar. Koparrör. Lamir. Lampaglös. Lampakveikir. Lásar. Látún. Leður og skinn (sútað). Leðurlíking. Ljósker. Lofthanar. Loftskeytatæki. Lyfjavörur. Lyklar og skrár. Læknistæki. Lökk. Málning. Meðalalýsi. Mottur til umbúða. Nálar. Niðursoðin mjólk. Olíuhanar. Olíulampar. Ostahleypir. Pakkalitir. Pottar. Prentletur. Prentsverta. Prjónar. Prjónavjelar. Pönnur. Rafmagnstæki og mælar. Ratin. Reikningsspjöld. Reikningsvjelar. Ritvjelar. Fjölritarar. Talningavjelar. Röntgenstæki. Sáraumbúðir. Saumavjelar. Seglgarn. Síldarkrydd. Sink. Skipsbrauð. Skotfæri. Skriðmælar. Skrifbækur. Skrúfur. Smiðatól. Smjörlíki. Sporvagnar. Stoppefni í húsgögn. Svínafeiti. Terpentína, Talsíma- og ritsímatæki. Trjelím. Trjeskór og klossar. Tvinni. Ullarkambar. Varahlutar til viðgerðar á vjelum og áhöldum, sem undanþegin eru verðtolli. Vatnshanar. Vaxdúkar. Vefjarskeiðar. Veggalmanök. Veggfóður. Vír úr járni og kopar. Vitatæki og ljósmerkjatæki, og efni til þeirra. Vjelaeinangrunarefni. Vjelareimar. Vjelavaselin. Vjelaþjettingar. Vogir og lóð. Vörpukeðjur. Þurkefni. Tvistdúkur. Flónel (Bommesie). Shirting. Lasting. Ljereft (dowlas, stout). Molskinn. Nankin. Boldang.

Enn fremur er stjórninni heimilt að undanskilja þessum tolli þær efnisvörur, sem innlend iðnaðarfyrirtæki sanna fyrir henni, að þau noti til starfrækslu sinnar, svo og allar vjelar til iðnaðar og framleiðslu.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ákvæði 4. til 15. greinar laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um innheimtuna, um greiðslu stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem eru sendar til landsins í pósti, og annað,

er snertir framkvæmd laganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar. 1927.

Athugasemdir við frumvarpið.

Í athugasemdum við fjárlagafrv. fyrir 1927 er gerð grein fyrir því, að ekki þyki fært að missa með öllu verðtollinn sem tekjustofn, og eru tekjur af honum áætlaðar í því frv. 850 þús. kr. Hinsvegar falla lögin um bráðabirgðaverðtoll úr gildi í árslok 1926. Þykir því óhjákvæmilegt að bera fram nýtt frv. um verðtoll, og verður að gera ráð fyrir, að sú löggjöf haldist þá fyrst um sinn.

Tekjur ríkissjóðs af verðtollinum hafa verið:

1924 kr. 897000
1925 kr. 2074000

Nú var verðtollur í gildi einungis $^3/_4$ hluta ársins 1924, en ef hann hefði verið í gildi allt árið og gefið hlutfallslega jafnmiklar tekjur, þá hefði upphæðin orðið 1196 þús. kr., og meðaltal beggja áranna um 1630 þús. kr.

Frá 1. apr. 1924 til 1. júní 1925 var verðtollurinn 20% af innkaupsverði allra vara, sem undir hann fjellu, en frá 1. júní 1925 hafa verið 3 tollflokkar, 30%, 20% og 10%. Langmest af tollvörunum hefir þó fallið undir miðflokkinn. Eptir reynslunni hjer úr Reykjavík má áætla, að um 10% af innkomnum tolli eptir $^1/_6$ 1925 stafi frá vörum í hæsta flokki, um 82% frá miðflokknum, og um 8% frá lægsta flokknum, og virðist flokkaskiftingin ekki hafa haft veruleg áhrif á upphæð tollteknanna í heild. Hundraðsgjaldið í þessum 3 flokkum lækkar svo 1. mars 1926 niður í 20%, 15% og 5%.

Í frv. er nú stungið upp á að hafa tvo tollflokka, hinn hærri með 20% gjaldi, eins og verður eptir $^1/_3$ 1926. Hundraðsgjaldið í lægri flokknum verður svo að ákveða þannig, að tollurinn í heild gefi þá upphæð, sem til er ætlast, og getur orðið þeim mun lægra sem fleiri vörur falla undir það.

Sje gengið út frá meðalinnflutningi áranna 1924 og 1925 og meðalupphæð tollsins á ári kr. 1630000, má ætla, að hann skiftist h. u. b. þannig á milli tollflokkanna:

30%	fl.	kr.	163000
20%	-	-	1337000
10%	-	-	130000

Eptir lækkunina $^1/_3$ 1926 og með óbreyttum innflutningi og innkaupsverði mundi útkoman verða:

20%	fl.	kr.	108667
15%	-	-	1002750
5%	-	-	65000
		Samtals	1176417

Í hærri tollflokkinn er hjer tekið meginið af þeim vörum, sem nú eru tollaðar í hæsta flokki, en þó er eftir samráði við lögreglustjórann í Reykjavík stungið upp á að sleppa þaðan nokkrum vörutegundum, sem litlar tekjur eru af, en mjög erfitt er að greina frá öðrum vörum á innkaupsreikningum, og svo nokkrum vörum, sem ekki þykir eðlilegt að halda í tollflokki með óþarfavörum. Hinsvegar er bætt við kaffibætisefni, sem má naumast bera lægri toll en 20% meðan ekki er lögleitt sjerstakt gjald af innlendum kaffibæti. Með þessum breytingum þykir mega áætla þennan hluta tollsins 110 þús. kr. árlega, og þarf þá lægri eða almenni flokkurinn að gefa um 740 þús. kr. árlega.

Ef gert er ráð fyrir, að lægsti núverandi tollflokkur falli alveg burtu, og að almenni flokkurinn eftir þessu frv. svari sem næst til miðflokksins eftir núgildandi lögum, þá ættu tekjur af honum að verða samkvæmt framansögðu og með óbreyttu verðlagi:

Með 15% gjaldi um 1 milj. 003 þús.
— 12½% — — 836 —
— 10% — — 669 —

Hjer við er þó að athuga, að framanskráð áætlun öll er bygð á því, að ekki einungis vörumagn, heldur og verðlag haldist það sem var 1924—25, en nú er vitanlegt, að gengi íslenskra peninga var mestan hluta þessa tímabils miklum mun lægra en það nú er orðið, og þá innkaupsverð á erlendum varningi tilsvarandi miklu hærra að krónutali en nú. Sje tekið tillit til þeirrar verðlækkunar að krónutali, sem leiðir beinlínis af hækkun ísl. krónunnar, þá má ætla, að allar tollupphæðirnar lækki eftir hlutfallinu 63 (meðalgengi ísl. kr. 1924—25) á móti 81½ (núverandi gengi). Við þetta lækkar áætlunin um toll eftir hærra flokki úr 100 þús kr. niður í .. .. 85 þús.
og eftir lægra fl. úr 836 þús. kr. niður í ... ... 643 —
eða samtals í 728 —

Vantar þá enn 122 þús kr., sem vinnast þurfa upp með auknu tollvörumagni. Má gera ráð fyrir, að þetta náist að einhverju leyti af vaxandi innflutningi vegna fólksfjölgunar og aukinnar framleiðslu í landinu, og að nokkru leyti af því, að undir tollákvæði þessa frv. falla fáeinar vörutegundir, sem nú eru í lægsta tollflokki.

Það hefði þótt mjög æskilegt að koma aðalflokki verðtollsins niður í 10%, en slíkt virðist ekki unt nema taka nokkrar þær vörur undir hann, sem hafa ekki áður verið verðtollaðar.

Af tolltekniskum ástæðum er það mjög óheppilegt, að sum álnavara er verðtolluð, en sum ekki, og takmörkin verða ávalt óskýr, og vitanlegt, að framkvæmdin er mismunandi, og hætt við, að hún verði það ávalt. Er mjög margt, sem mælir með því að láta eitt yfir alla vefnaðarvöru ganga, og væri þá sennilega unt að lækka tollinn niður í 10%. Má í því sambandi geta þess, að vörutollurinn kemur yfir höfuð ljettast niður á vefnaðarvöru eftir verðmæti, og getur hún því fremur borið verðtoll en aðrir vöruflokkar.

Að öðru leyti hefir verið reynt að orða undantekningarnar frá verðtollinum þannig, að sem minstum efa eða óreglu þurfi að valda í framkvæmdinni. En frv. er í sama formi og núgildandi lög, sem virðist heppilegast, þar sem innheimtumennirnir þegar eru orðnir því formi vanir.

Ed. **67. Frumvarp**

til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. kafli.

Um kosningarrjett og kjörgengi.

1. gr.

Rjett til að kjósa hreppsnefndarmenn, sýslunefndarmenn, bæjarfulltrúa, borgarstjóra (bæjarstjóra) og alla aðra starfsmenn í hreppum og kaupstöðum, er almenningur kýs, hafa allir, konur sem karlar, ef þeir:

1. Eru fullra 25 ára gamlir á kjördegi.
2. Eru fjár síns ráðandi.
3. Eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa jafnrjetti við þá.
4. Hafa átt lögheimili í kjördæmi (hreppi eða kaupstað) síðasta árið fyrir kjördag.
5. Hafa óflekkað mannorð, og
6. Standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

2. gr.

Sá er kjörgengur til starfa samkvæmt 1. gr., sem kosningarrjett hefir. Um borgarstjóra (bæjarstjóra) gildir ákvæði 1. gr. 4 tölul. þó ekki.

Ekki mega hjón nje menn skyldir að feðgatali eða niðja sitja samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn.

3. gr.

Skylt er hverjum karlmanni sjálfum sjer ráðandi, yngri en sextugum og heilum og hraustum að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn. Þeim, er setið hefir 6 ár samfleytt eða lengur í nefnd, er þó óskylt að taka við kjöri til hennar fyr en 6 ár eru liðin síðan hann átti þar síðast sæti.

Rjett er giftum konum að skorast undan kosningu.

4. gr.

Kjörstjórn úrskurðar um kjörgengi til bæjarstjórnar, borgarstjóra (bæjarstjóra) og hreppsnefnda. Skjóta má úrskurði kjörstjórnar til hreppsnefndar í hreppum og bæjarstjórnar í kaupstöðum. Hreppsnefnd og bæjarstjórn úrskurðar, hvort aðili hafi mist kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn eða víkja honum frá starfanum. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndaroddvita og úrskurði bæjarstjórnar til atvinnumálaráðherra.

Sýslunefnd úrskurðar þau atriði, sem í 1. málsgr. segir, ef sýslunefndarmaður á hlut að máli.

Ef manni er vikið úr sýslunefnd eða bæjarstjórn, þá getur hann borið málið undir atvinnumálaráðherra.

II. kafli.

Um kjörtíma, kjörskrár, kjörstjórnir o. fl.

5. gr.

Í kaupstöðum skal bæjarstjórn vera skipuð 6—15 bæjarfulltrúum, er kosnir sjeu til 6 ára í senn. Atvinnumálaráðherra ákveður töluna í hverjum kaupstað samkvæmt tillögum bæjarstjórnar. Á hverjum 2 ára fresti fer einn hluti bæjarstjórnar frá, þannig að bæjarfulltrúar hafi allir gert það að 6 árum liðnum frá kjöri sínu, eftir þessum reglum:

1. Ef talan 3 gengur upp í tölu bæjarfulltrúa, þá fer þriðjungur þeirra frá að hverjum 2 árum liðnum.
2. Ef talan 3 gengur ekki upp í tölu bæjarfulltrúa, þá skal þriðjungur þeirra fara frá fyrsta skifti, en þriðjungur að einum viðbættum annaðhvort hitt skiftið eða bæði skiftin, eftir því sem á stendur.

Nú fer maður úr bæjarstjórn áður en kjörtími hans er liðinn, og skal þá kjósa í stað hans fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

6. gr.

Í hreppi hverjum skal vera hreppsnefnd, skipuð 3—7 mönnum, svo sem verið hefir, og eru þeir kosnir til 6 ára í senn. Fjölga má hreppsnefndarmönnum úr 3 í 5 og 5 í 7, með samþykki sýslunefndar. Fara hreppsnefndarmenn frá á hverjum 3 ára fresti kjörtímabils, meiri hlutinn hið fyrra skiftið, en minni hlutinn hið síðara.

Fyrirmæli síðari málsgr. 5. gr. taka einnig til hreppsnefnda.

7. gr.

Kosningar bæjarfulltrúa og borgarstjóra (bæjarstjóra) fara fram í janúarmánuði, en hreppsnefndarmanna á vorhreppaskilaþingi.

Ef hreppi er skift, þá skal kjósa hreppsnefnd í hinum nýju hreppum jafnskjótt sem því verður við komið.

8. gr.

Hreppsnefnd í hreppum og bæjarstjórn í kaupstöðum skal árlega, í hreppum fyrir 15. apríl og í kaupstöðum fyrir 15. desember, semja eða láta semja skrá yfir alla kjósendur í kjördæminu, er á kjördegi hafa kosningarrjett. Skulu þar vera í stafrófsröð nöfn kjósenda með stöðu, heimili og aldri. Skráin skal liggja til sýnis almenningi á hentugum stað að minsta kosti 14 daga. Kærur vegna þess, að einhver sje vantalinn eða oftalinn á skrá, skulu vera

komnar í hendur hreppsnefndar eða bæjarstjórnar eigi síðar en viku eftir að skráin lá frammi, og úrskurðar hún kærurnar innan 3 daga þar frá.

9. gr.

Hreppsnefnd og bæjarstjórn kýs 3 menn úr sínum flokki í kjörstjórn hverju sinni er kjósa skal bæjarfulltrúa, borgarstjóra (bæjarstjóra) eða hreppsnefndarmenn. Nú eru nefndarmenn 3, og eru þeir þá sjálfkjörnir. Eigi má borgarstjóri (bæjarstjóri) vera í kjörstjórn, er kjósa skal í stað hans.

Í hreppum skal geta kosningar í hreppsfundarboði. Ef leynileg kosning hefir verið ákveðin, skal hreppsnefnd auglýsa það viku fyrir kjörfund. Í kaupstöðum auglýsir kjörstjórn kjörfund, stað og stund, með hæfilegum fyrirvara, í blöðum eða með þeim hætti, er almennar auglýsingar eru þar birtar á staðnum.

III. kafli.

Um kosningarathöfn.

10. gr.

Bæjarfulltrúa skal kjósa leynilega hlutbundnum kosningum, með þeim hætti, sem segir í eftirfarandi greinum.

11. gr.

Skrá skal á lista nöfn þeirra fulltrúaefna, sem stungið er upp á. Lista skal afhenda oddvita kjörstjórnar, er veitir vottorð um viðtöku listans, 2 sólarhringum fyrir kosningar. Meðmælendur, er hafi kosningarrjett og sje eigi færri en 20, riti nöfn sín með stöðu og heimili undir hvern lista.

Gildur er listi, þótt á honum standi færri nöfn en kjósa á fulltrúa, en ógildur, ef fleiri eru. Fult nafn hvers fulltrúaefnis, ásamt stöðu og heimili, skal á lista setja, svo að eigi verði um vilst. Nú er ókjörgengur maður á lista eða eigi þykir örugt, við hvern er átt, og skal þá strika það nafn af lista.

Úrskurð um útstrikun nafns af lista eða um ógilding lista skal skrá í kjörbók. Kjörstjórn er skylt að láta fulltrúaefni listans eða meðmælanda í tje eftirrit af úrskurði áður en kosning byrjar.

Kjörstjórn merkir þá lista, er hún tekur gilda, hvern með sínum bókstaf (A. B. C. o. s. frv.)

12. gr.

Ef fulltrúaefni eru eigi fleiri á listum, sem metnir eru gildir, en kjósa skal, þá lýsir kjörstjórn, að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag, þá menn kosna.

Nú eru fulltrúaefni samtals á gildum listum fleiri en kjósa skal, og lætur þá kjörstjórn tafarlaust gera kjörseðla og festir jafnframt upp auglýsingar um það, hvaða listar sjeu í kjöri, með tilgreindum listabókstaf og nöfnum fulltrúaefna.

Á kjörseðli skal öðrum megin prenta eða fjölrita þá lista, sem hafa

verið teknir gildir, þannig að hver listi, með óbreyttri nafnaröð sinni, sje við annars hlið eftir stafrófsröð með glöggum langstrikum á milli, en þverstrik skulu vera milli nafna á lista hverjum. Fyrirsögn á kjörseðli skal vera: Kjörseðill við bæjarstjórnarkosning í N kaupstað, með dagsetningu og ártali. Eigi má annað á seðil letra en nú var mælt, nema nauðsyn sje á til aðgreiningar samnefndum mönnum.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum og þykkum pappír og brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig að eigi sjáist letrið á þeim. Skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er þeir hafa verið notaðir.

13. gr.

Bæjarstjórn sjer um, að atkvæðakassi og kjörklefi sje til taks. Kjörklefi skal vera áfastur herbergi, þar sem kosning fer fram, og þaðan aðeins skulu dyr vera kjörklefa. Tjald skal festa fyrir glugga á kjörklefa, svo að eigi megi inn um hann sjá eða stinga kjörseðli út í glugga, svo að hann sjáist að utan. Lesbjart skal vera í kjörklefa, og vera skal þar borð og nægilega margir almennir, svartir blýantar.

Atkvæðakassi skal vera lokaður með rifu á loki, er stinga skal kjörseðli niður um.

14. gr.

Frá upphafi kosningarathafnar skulu listar með bókstöfum sínum og greinilegum nöfnum fulltrúaefna vera almenningi til sýnis á kjörstað, þar sem mikið ber á þeim. Þar skal og festa upp leiðbeiningar handa kjósendum með aðalákvæðum laga þessara.

15. gr.

Kosningarathöfn hefur á því, að oddviti skýrir frá, hverjir sjeu í kjörstjórn, hve marga eigi að kjósa í bæjarstjórn, og hverja lista hann hafi fengið samkv. 11. gr. Hann sýnir atkvæðakassann, svo að það sjáist, að hann sje tómur, og lokar honum síðan. Án leyfis kjörstjórnar mega ekki vera í kjörstofu með henni aðrir en fulltrúaefni, 2 meðmælendur fyrir hvern lista, og kjósendur, er koma og fara.

Heimilt er bæjarstjórn að skifta kjósendum í deildir, enda skipar hún þá undirkjörstjórn í hverja deild, og hefir hver þeirra sinn atkvæðakassa og kjörklefa.

Kjósendur koma fram og kjósa í þeirri röð, er þeim sjálfum líst, og eftir því, sem þeir komast að. Þá er kjörstjórn hefir kannast við mann og sannfært sig um, að hann hafi kosningarrjett, afhendir hún kjósanda kjörseðil. Fer kjósandi með hann inn í kjörklefa að borði því, er þar stendur, og gerir þar kross við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill atkvæði gefa. Ef hann vill breyta nafnaröð á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja, o. s. frv. Ef hann getur ekki felt sig við eitthvert

nafn á lista þeim, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá eigi með við samtalning atkvæða. Krossinn við listabókstafinn, tölustafina við nöfnin og útstrikun nafns skal hann gera með blýanti, sem kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan brýtur kjósandi seðilinn saman í sömu brot, sem hann var í, er hann tók við honum, gengur svo inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum þannig samanbrotnum í atkvæðakassann, gegnum rifuna á lokinu, og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Að öðrum kosti er seðillinn ógildur, og má ekki láta hann í atkvæðakassann.

Annar meðkjörstjórinn skal hafa fyrir sjer eftirrit af kjörskrá og gera merki við nafn hvers kjósanda, jafnóðum og hann hefir neytt kosningarrjettar síns, en hinn meðkjörstjórinn skal rita nöfn þeirra, er atkvæði greiða, á sjerstaka skrá með áframhaldandi töluröð fyrir framan hvert nafn. Enginn getur neytt kosningarrjettar, nema hann sje sjálfur á kjörfundi og greiði atkvæði. Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn telur gilda ástæðu, sje ófær til að framkvæma kosninguna á fyrirskipaðan hátt, og skal þá maður úr kjörstjórn, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum. Þetta skal bóka í kjörbók og greina ástæður.

Ef kjörseðill rangmerkist eða skemmist eftir að kjósandi tók við honum, þá getur hann afhent kjörstjórninni skemda seðilinn og fengið í staðinn nýjan kjörseðil, ef seðlabirgðir eru ekki þrotnar, enda sje ekki ástæða til að ætla, að hann hafi ónýtt seðilinn af ásettu ráði.

16. gr.

Kosningarathöfn má eigi standa yfir skemur en 3 tíma, nema allir kjósendur, sem á kjörskrá eru, hafi neytt kosningarrjettar. Þegar sá tími er liðinn og engir kjósendur gefa sig fram, greiðir kjörstjórn sjálf atkvæði, og lýsir því þar næst yfir, að kosningarathöfn sje nú lokið, og má eigi eftir það taka við neinum atkvæðum.

Óskylt er kjósanda að skýra frá því fyrir dómi, í hvaða máli sem er, hvaða lista hann hafi kosið, eða hvort hann hafi greitt atkvæði með eða móti einhverju fulltrúaefni.

Enginn úr kjörstjórn eða nokkur sá, sem samkvæmt 15. gr. er staddur í kjörstofunni, má gefa nokkrum kjósanda ráð meðan á atkvæðagreiðslu stendur, tilvísun eða áminningu um það, hvaða lista hann skuli kjósa. Enginn má heldur skýra frá því, ef hann hefir orðið áskynja um það í kjörstofunni, hvort eða hvernig einhver hefir þar kosið.

Brot gegn þessum ákvæðum varða fangelsi, eigi minna en viku einföldu fangelsi eða sektum, ef málsbætur eru, þó eigi undir 50 krónum.

17. gr.

Talning atkvæða fer fram í heyranda hljóði, þegar er kosningarathöfn er lokið. Oddviti kjörstjórnar opnar atkvæðakassann. Ef kjósendum er skift í kjördeildir, lætur kjörstjóri atkvæðaseðlana úr atkvæðakössum deildanna óskoð-

aða saman í hæfilega stórt, tómt ilát með loki yfir, og skulu seðlarnir hristir vel saman, áður en talning byrjar.

Því næst tekur oddviti upp einn og einn kjörseðil í einu og les upp listabókstaf þann, sem krossað er við á honum. Sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum fyrirsvarsmönnum listanna og leggur síðan sammerkta kjörseðla í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hvað margir seðlar fara í hvern bunka.

Kjörseðill verður ógildur, ef sýnt þykir, að kjósandi hefir:

sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleirum listum en einum,

bætt nafni eða nöfnum við á lista, skrifað nafn sitt á seðilinn, sett á seðilinn einkenni, er geti gert hann þekkjanlegan,

eða notað annan seðil en kjörstjórn hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt eftir skrá þeirri, sem haldin var samkvæmt 15. gr. yfir þá, sem neyttu kosningarrjettar. Ef samtölunum ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla og atkvæðaskrána, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

18. gr.

Til þess að finna, hve mörg fulltrúaefni hafi náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því hve marga fulltrúa á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, og standi útkomutölur þessar í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á fulltrúa, og fær hver listi jafnmarga fulltrúa kosna, sem hann á af tölum þessum. Ef eigi standa svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess að finna, hver fulltrúaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks fulltrúaefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, ef hann hefir eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og ef hann hefir aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann, er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra fulltrúaefna, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá fyrirsvarsmönnum listans og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði. Þeir, sem eru aftar í

röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje jafnt tölu fulltrúa þeirra, er kjósa skal, að frádreginni tölu þeirra fulltrúaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með fulltrúatölunni. Síðan skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Ef sami maður hefir fengið atkvæði á fleirum en einum lista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefir mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strikast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur, eru kosnir, svo margir af hverjum lista, sem honum ber samkvæmt því, sem áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

Ef jöfn verða atkvæði lista eða fulltrúaefna og úr þarf að skera, skal hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúaefna, sem jöfn atkvæði hafa, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, er dreginn er, segir þá til, hvern taka skal.

19. gr.

Þegar einungis á að velja einn fulltrúa, er hann kosinn listakosningu eftir framanskráðum reglum, að því leyti, sem við getur átt.

20. gr.

Hreppsnefndarmenn skal kjósa í heyranda hljóði. Hver, sem neyta vill kosningarrjettar, verður sjálfur að sækja kjörfund og skýra munnlega frá því, hvern hann kýs eða hverja. Kjörstjórn ritar atkvæðin jafnóðum í kjörbók. Þá er allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði og þau eru öll bókuð, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyr en að minsta kosti 2 klukkustundir eru liðnar frá því, er hún hófst. Formaður kjörstjórnar les þá upp öll greidd atkvæði, en meðkjörstjórar rita þau upp og telja saman. Þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rjett kjörnir hreppsnefndarmenn. Hlutkesti ræður, ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði.

21. gr.

Rjett er að hafa hreppsnefndarkosningar leynilegar, ef hreppsnefnd kveður svo á eða $^1/_3$ kjósenda lýsir ósk sinni um það skriflega fyrir oddvita kjörstjórnar 2 vikum fyrir kjörfund.

Kjósandi hver kýs svo marga menn sem kjósa skal.

22. gr.

Áður en kosning byrjar, skal kjörstjórn hafa til hæfilega marga kjörseðla, alla jafnstóra, með sama lit, gerða úr strikuðum pappír þannig:

Nr. á kjörskrá.

svo og lokaðan atkvæðakassa, með rifu á lokinu, og skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum.

Framan við nöfn manna á kjörskránni skulu standa tölurnar 1, 2, 3 o. s. frv., eftir því sem hver er í röðinni.

23. gr.

Við húsið, þar sem kosning fer fram, skal vera annað herbergi áfast, svo lagað, að eigi verði gengið í það, nema úr kjörstofunni. Ef þess er eigi kostur, má tjalda fyrir eitt hornið á kjörstofunni, svo að eigi sjáist þangað.

Í kjörklefa skal vera borð, sem skrifa má við, og á því skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum, og ritblý til afnota handa kjósendum.

24. gr.

Þá er kosning hefst, vísar formaður kjörstjórnar einum kjósanda í senn inn í kjörklefann, eftir sömu röð og kjósendur standa á kjörskrá, og fær honum einn kjörseðil.

Kjósandinn fer síðan inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og athugar, hvaða tala stendur á kjörskránni fyrir framan nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa, er hann vill velja, og skrifar þær með ritblýi á kjörseðilinn, hverja tölu fyrir neðan aðra. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn einu sinni saman, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Að öðrum kosti er seðillinn ógildur, og má ekki láta hann í atkvæðakassann.

25. gr.

Kjörseðill er ógildur, ef einhver merki hafa verið sett á hann, sem gera seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum, eða ef annar seðill er notaður.

Ef kjörseðill ónýtist hjá kjósanda, skal kjörstjórnin láta hann fá annan seðil.

Nú færir kjósandi ástæðu fyrir því, er kjörstjórn tekur gilda, að hann geti ekki vegna sjónleysis eða annarar líkamsbilunar kosið á fyrirskipaðan

hátt, og skal þá maður úr kjörstjórn, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum.

26. gr.

Meðkjörstjórar skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar síns.

Þá er allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því er hún hófst.

27. gr.

Formaður kjörstjórnar skal þá opna atkvæðakassann, er hann hefir hrist hann rækilega. Tekur hann því næst upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp töluna eða tölurnar, sem á honum standa, og rjettir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir merkja jafnótt á blað atkvæðatöluna við nafn hvers, sem kosinn er.

Sá eða þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rjett kjörnir.

Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

28. gr.

Hreppsnefnd tilkynnir sýslumanni jafnan kosningarúrslit.

Fyrirmæli 2.—4. málsgr. 16. gr. gilda og um leynilegar kosningar utan kaupstaða.

29. gr.

Oddviti sýslunefndar ákveður hlutbundnar kosningar í hreppsnefnd, ef skrifleg krafa um það kemur frá að minsta kosti svo mörgum kjósendum, sem samkvæmt kjörskrá mundi þurfa til þess að koma með hlutfallskosningum einum manni í hreppsnefnd þar í hreppi. Kosningar fara þá með þeim hætti, sem segir í 10.—18. gr. laga þessara.

30. gr.

Lausa borgarstjórastöðu (bæjarstjórastöðu) skal auglýsa með að minsta kosti 6 vikna fyrirvara. Umsóknir ásamt meðmælum að minsta kosti 100 kjósenda í Reykjavík og 30 annarsstaðar skal senda til kjörstjórnar, enda auglýsir hún kosningu með hæfilegum fyrirvara. Við kosninguna skal fara eftir gildandi kjörskrá við bæjarstjórnarkosningar. Kosning er leynileg. Skal kjörstjörn láta prenta nöfn frambjóðenda á kjörseðil, og verður sá kosinn, er flest gild atkvæði fær. Hlutkesti ræður, ef tveir frambjóðendur eða fleiri fá jöfn atkvæði. Að öðru leyti skal fara eftir fyrirmælum 11.—18. gr. laga þessara, svo sem við á.

31. gr.

Kosningar þær, er að framan segir, má kæra skriflega innan 14 daga fyrir bæjarstjórn í kaupstöðum og hreppsnefnd utan kaupstaða. Skal leita umsagnar

kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku í kaupstöðum og 14 daga í hreppum frá því að hún fekk kæruna, og hreppsnefnd kveða upp úrskurð sinn innan 14 daga og bæjarstjórn innan viku þar frá. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til oddvita sýslunefndar innan 14 daga frá dagsetningu hans og úrskurðum bæjarstjórnar til atvinnumálaráðherra innan viku.

32. gr.

Kosningar í nefndir, er bæjarstjórn kýs, skulu jafnan vera leynilegar og hlutbundnar, ef fleiri skal kjósa en einn mann. Skal beita hlutfallskosningu sem hjer segir: Þeir bæjarfulltrúar, er komið hafa sjer saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda formanni bæjarstjórnar, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A., B., C. o. s. frv., eftir því, sem hann sjálfur ákveður eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skifti fyrir öll þann kjörtíma. Síðan les formaðurinn upp stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa bæjarfulltrúarnir þannig, að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A., B., C. o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir formanni, og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifarar rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern lista, hve mörg á A., hve mörg á B. o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skift, fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3, o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð, hver niður undan annari, og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum, þannig að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næsthæsta hlutatölu, o. s. frv., þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hver listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð, sem þeir standa á listanum. Sje ekki stungið upp á fleiri nefndarmönnum en kjósa á, lýsir formaður þá rjett kjörna án atkvæðagreiðslu.

33. gr.

Í hreppi hverjum skal kjósa einn sýslunefndarmann á manntalsþingi til 6 ára, og einn varamann til sama tíma. Sýslumaður er oddviti kjörstjórnar, og skipa hana með honum 2 hreppsbúar, er sýslunefnd kýs.

Kosningu skal haga eins og segir í 20. gr., enda má leynilega kosningu hafa samkvæmt 21.—27. gr.

Kæra má kosningu skriflega innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

34. gr.

Helmingur sýslunefndarmanna og varasýslunefndarmanna gengur úr sýslunefnd 3. hvert ár, ef tala hreppa í sýslu er jöfn, en ella meiri hluti og minni hluti á víxl 3. hvert ár.

35. gr.

Nú er hreppi skift, og gengur þá sýslunefndarmaður hans og varasýslunefndarmaður þegar úr sýslunefnd. Á næsta manntalsþingi á eftir skal kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann í hinum nýju hreppum, og fara þeir úr nefndinni, næst er skifti verða, eftir hlutkesti, annar ef jöfn er tala hinna nýju hreppa, en ella meiri hlutinn. Sá eða þeir, er þá verða eftir, fara næst, er skifti verða.

36. gr.

Kjósendur, sem ekki geta verið viðstaddir á kjördegi, mega neita atkvæðisrjettar síns í skrifstofu bæjarfógeta í kaupstöðum og hjá hreppstjóra í sveitum, svo og á skipum, er úr hreppi eða kaupstað ganga, eftir sömu reglum sem gilda um kosningar til Alþingis, þegar eins stendur á.

IV. kafli.
Niðurlagsákvæði.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927. Þeir, sem kosnir hafa verið fyrir þann tíma, halda sætum sínum, þar til þeir skyldu víkja úr þeim eftir eldri lögum.

Frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, eru úr lögum numin:

Tilsk. 20. apr. 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 9. og 10. gr. og 11. gr. 2. málsgr., að því leyti sem þar segir um nefndarkosningar.

Lög nr. 22 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, 5.—10. gr., ásamt lögum nr. 65 14. nóv. 1917 um breytingu á þeim lögum, 2.—5. gr.

Lög nr. 43 10. nóv. 1905 (sveitarstjórnarlög) 6.—23., 55.—59. 1 málsgr. og 61.—64. gr.

Lög nr. 75 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 4.—11. gr., að því leyti sem þær eru enn í gildi.

Lög nr. 49 30. júlí 1909, um breyting á lögum, er snerta kosningarrjett og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfjelaga.

Lög nr. 19 20. okt. 1913, um kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

Lög nr. 49 30. nóv. 1914, um breyting á tilsk. 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 1.—4. gr., að því leyti sem þær eru enn í gildi og varða kosningar.

Lög nr. 49 3. nóv. 1915, um viðauka við sveitarstjórnarlög frá 10. nóv. 1905.

Lög nr. 67 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 4.—11. gr.

Lög nr. 26 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 6.—13. gr.

Lög nr. 58 28. nóv. 1919, um breytingar á lögum nr. 30 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 4.—11. gr.

Lög nr. 61 s. d., um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 4.—9. gr.

Lög nr. 19 19. júní 1922, um breyting á tilsk. um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apr. 1872.

Lög nr. 30 4. júní 1924, um kosningar í bæjarmálefnum Reykjavíkur.

Lög nr. 33 27. júní 1925, um viðauka við lög nr. 22 frá 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

Svo og öll önnur fyrirmæli í lögum, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Ed. **68. Breytingartillaga**

við frv. til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

Við 3. gr.:

1. Fyrsta málsl. fyrri málsgr. skal orða svo: Skylt er hverjum manni sjálfum sjer ráðandi, yngri en sextugum og heilum og hraustum, jafnt karli sem konu, að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn.
2. Síðari málsgrein (Rjett er . . . kosningu) falli burt.

Ed. **69. Fyrirspurn**

til ríkisstjórnarinnar um útibú í Stykkishólmi frá Landsbankanum.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

Hvað hefir ríkisstjórnin gert til þess, að útibú frá Landsbankanum verði sett á stofn í Stykkishólmi samkv. þingsályktunartillögu frá Alþingi árið 1919?

Nd. **70. Frumvarp**

til laga um viðauka við og breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Styrk, sem veittur er samkvæmt fátækralögum frá 10. nóv. 1905, má eigi skoða sem sveitarstyrk, ef hann er veittur vegna ómegðar. En sá styrkur skal

talinn veittur vegna ómegðar, sem veittur er þeim, er hefir fleiri en 3 skylduómaga, ef það er karlmaður, en ef kona á í hlut, skal fleiri en einn skylduómagi talin ómegð. Til skylduómaga í þessu sambandi teljast aðeins þeir, sem í raun og veru eru á framfæri framfæranda, annaðhvort á heimili hans eða á meðgjöf frá honum hjá öðrum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Með þessu frv. er Alþingi gefinn kostur á að leiðrjetta það ranglæti í fátækralögunum, að menn skuli sviftir kosningarrjetti, ef þeir þurfa að þiggja opinberan styrk vegna ómegðar.

Nd. **71. Breytingartillaga**

við frv. til laga um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur).

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 1. gr. Í stað »dómsmálaráðuneytisins« komi: bæjar- eða sveitarstjórnar, þar sem happdrættið fer fram.

Ed. **72. Frumvarp**

til laga um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.

Flutningsm.: Einar Árnason.

1. gr.

Til greiðslu á kostnaði þeim, er bæjarsjóður Siglufjarðar hefir haft af byggingu sjóvarnargarðsins þar, skal árlega greiða skatt í bæjarsjóð, svo sem hjer segir, af öllum útmældum lóðum innan löggilts verslunarsvæðis í kaupstaðnum og af húsum á þeim lóðum:

1. Af lóðum, er liggja að sjó í Bakka, Hvanneyrarkrók, Siglufjarðareyri og innan Siglufjarðareyrar og austan fjarðar, 6 af þúsundi af virðingarverði fasteigna samkvæmt fasteignamati.
2. Af húsum á þeim lóðum 3 af þúsundi.
3. Á aðrar fasteignir í kaupstaðnum heimilast bæjarstjórn að leggja árlegan skatt, 3 af þúsundi af lóðum og $1^1/_2$ af þúsundi af húsum.

Tún og garðar og fasteignir, sem eru eigi fasteignaskattskyldar samkvæmt lögum nr. 66 1921, eru undanskildar þessum skatti.

Þá er lokið er greiðslu á kostnaði þeim, er bæjarsjóður hefir haft af sjóvarnargarðinum, fellur skatturinn niður. Komi það í ljós síðar, að bæjarsjóður þurfi að leggja fram fje til viðhalds eða endurbyggingar garðinum, þá er bæjarstjórninni heimilt að taka skattinn upp af nýju og verja til lúkningar þeim kostnaði.

2. gr.

Skatturinn greiðist á manntalsþingi af þeim, sem hefir fasteignirnar á leigu eða til afnota, og innheimtist af bæjarfógeta Siglufjarðarkaupstaðar, gegn 4% innheimtulaunum. Skatturinn innheimtist í fyrsta sinn á manntalsþingi 1927.

3. gr.

Skattinn má taka lögtaki, og gengur hann í tvö ár frá gjalddaga fyrir öllum veðkröfum á eignum, er hann hvílir á, næst eftir fasteignaskatti til ríkissjóðs.

Greinargerð.

Þetta frumvarp er í öllum aðalatriðum samhljóða frumvarpi, er flutt var á síðasta þingi og var þá látið óútrætt. Nefnd sú, er þá hafði málið til meðferðar, gerði við það nokkrar breytingartillögur, og eru þær allar teknar til greina í þessu frumvarpi, að einni undantekinni.

Nýmæli er það í frumvarpinu, að fastákveðið er, til hvers skattinum skuli varið, og sömuleiðis að hann getur verið tímabundinn.

Siglufjarðarbær hefir orðið að taka stórt lán, 50—60 þús. kr., til að byggja sjóvarnargarðinn að sínum hluta. Lán þetta er mestalt fengið hjá ríkissjóði. Telur bæjarstjórnin brýna nauðsyn á nýjum tekjustofni fyrir bæjarsjóð til að greiða þetta lán. Auk þessa kostnaðar hefir bærinn tekið að sjer viðhald garðsins að hálfu leyti móti ríkissjóði, samkvæmt ákvörðun Alþingis.

Nd. **73. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 53, 11. júlí 1911, um verslunarbækur.

Frá allsherjarnefnd.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið nái fram að ganga. Frv. er komið fram til þess að tryggja þeim, er þess óska, rjett á að fá viðskifti

sín skráð í sjerstakar viðskiftabækur (kontrabækur). Þessi viðskiftavenja mun tíðkast allvíða enn, þótt ekki sjeu um hana lagafyrirmæli. Hjer er gert ráð fyrir að ákveða með lögum, að viðskiftabækur þessar fái sama gildi og frumbókareftirritin hafa nú. Þykir rjett, að til sjeu lagafyrirmæli um þetta atriði, úr því að þessi viðskiftavenja hefir haldist. Frumbókareftirritin glatast oft, og er þá erfitt að vita jafnan til fulls, hvað viðskiftunum líður.

Einn nefndarmanna (J. K.) er andvígur frumvarpinu, af því að hann telur ekki heppilegt, að það verði að lögum.

Alþingi, 27. febrúar 1926.

Árni Jónsson, fundaskrifari, frsm. | Jón Kjartansson, form. | Jón Baldvinsson.

Pjetur Þórðarson. | Pjetur Ottesen.

Nd. 74. Nefndarálit

um frv. til laga um húsaleigu í Reykjavík.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hl. allsherjarnefndar ræður háttv. deild til þess að samþykkja frv. með svofeldri

BREYTINGU:

Við 2. gr. Í stað »1. okt. 1926« komi:
14. maí 1927.

Alþingi, 1. mars 1926.

Jón Kjartansson, form. og frsm. | Árni Jónsson, fundaskr. | Pjetur Ottesen.

Nd. 75. Breytingartillaga

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

Frá landbúnaðarnefnd.

3. gr. skal orða svo:
Þeim hluta kostnaðar af framkvæmdum samkvæmt 1. gr., sem um semst

að íbúar áveitusvæðisins skuli greiða, jafnar stjórn áveitufjelagsins niður á áveitujarðirnar, aðallega eftir þeim notum, sem þær, hver um sig, hafa af framkvæmdum þessum. Að öðru leyti ná ákvæði laga nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann, til mannvirkja þeirra, sem lög þessi ræða um, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

Ed. **76. Breytingartillaga**

við frv. til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá Ingibjörgu H. Bjarnason.

Við 3. gr.:

1. »Skylt er hverjum karlmanni« komi: Skylt er bæði konum og körlum.
2. Síðasta málsgrein sömu greinar falli burtu.

Nd. **77. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga inn í viðbótarsamning við myntsamning Norðurlanda.

(Afgreidd frá Nd. 1. mars).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilað að ganga inn í viðbótarsamning þann við myntsamning Norðurlanda frá 27. maí 1873 með viðaukasamningi frá 16. okt. 1875, sem Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa gert með sjer 22. mars 1924 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum*).

2. gr.

Skiftimynt, sem ríkisstjórnir Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar hafa látið slá samkvæmt myntsamningi, dags. 27. maí 1873, viðaukasamningi, dags. 16. okt. 1875, ásamt viðaukagreinum, hættir að vera löglegur gjaldeyrir á Íslandi 6 mánuðum eftir að auglýst verður fullgilding á inngöngu Íslands í viðbótarsamning þann, er ræðir um í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*) Sjá fylgiskjalið á þskj. 5.

Ed. **78. Breytingartillögur**

við frv. til laga um kosningar á málefnum sveita og kaupstaða.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 3. gr. a. Á eftir orðinu »karlmanni« í byrjun greinarinnar komi: og ógiftum kvenmanni.
   b. Síðari málsgrein falli burt.
2. Við 4. gr. Aftan við 3. málsgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Úrskurði sýslunefndaroddvita og atvinnumálaráðherra eftir þessari grein má skjóta til dómstólanna.
3. Við 9. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Hverju sinni er kjósa skal hreppsnefndarmenn, bæjarfulltrúa eða borgarstjóra (bæjarstjóra), skal kjósa kjörstjórn. Hreppsnefndaroddviti í hreppum og borgarstjóri (bæjarstjóri) í kaupstöðum er formaður kjörstjórnar. Og auk þess kýs hreppsnefnd og bæjarstjórn 2 menn úr sínum flokki í hana. Nú eru nefndarmenn 3, og eru þeir þá sjálfkjörnir. Er kjósa skal borgarstjóra (bæjarstjóra), kýs bæjarstjórn formann kjörstjórnar úr flokki bæjarfulltrúa.

Ed. **79. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1925.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin er sammála um að leggja það til, að háttv. deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 1. mars 1926.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Eggert Pálsson, fundaskrifari og frsm.

Einar Árnason. Guðm. Ólafsson. Ingibjörg H. Bjarnason.

Nd. **80. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1 gr.

Landsstjórninni heimilast að láta gera þau mannvirki á Flóaáveitu-

svæðinu, auk skurða og garða, sem nauðsynleg verða að teljast, til þess að áveitan komi að fullum notum, og greiðist kostnaður af framkvæmdum þessum á þann hátt, sem um semst milli landsstjórnarinnar og íbúa áveitusvæðisins, enda nemi tillag ríkissjóðs til vegagerða aldrei meiru en helmingi kostnaðar, og ekki yfir 1/4 kostnaðar til annara framkvæmda.

2. gr.

Áður en ráðist er í framkvæmdir samkvæmt 1. gr., skal landsstjórnin skipa nefnd manna, er geri tillögur um, hver mannvirki skuli gera og hversu þeim skuli haga. Auk þess er stjórninni heimilt að kveðja sjerfræðinga til, eftir því sem nauðsynlegt telst. Kostnaður af nefnd og sjerfræðingum greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Þeim hluta kostnaðar af framkvæmdum samkvæmt 1. gr., sem um semst að íbúar áveitusvæðisins skuli greiða, jafnar stjórn áveitufjelagsins niður á áveitujarðirnar, aðallega eftir þeim notum, sem þær, hver um sig, hafa af framkvæmdum þessum. Að öðru leyti ná ákvæði laga nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann, til mannvirkja þeirra, sem lög þessi ræða um, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

4. gr.

Vegum þeim, sem lagðir kunna að verða á áveitusvæðinu samkvæmt lögum þessum, skal skifta í sýsluvegi og hreppavegi eftir tillögum vegamálastjóra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **81. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um fyrirhleðslu fyrir Þverá eða brú á hana.

Frá samgöngumálanefnd.

Svo sem kunnugt er, var Þverá fyr á öldum smá-á, samsafn af lækjum úr Fljótshlíðinni, en fyrir nokkrum mannsöldrum braut Markarfljót sjer farveg inn í hana og gerði hana að skaðræðisfljóti, sem lagt hefir engjar og tún í auðn, sbr.: »Þar sem að áður akrar huldu völl | ólgandi Þverá veltur yfir sanda«.

Nefndin er á einu máli um það, að mikla nauðsyn beri til að afstýra því tjóni, sem Þverá veldur árlega á jörðum þeim, sem að henni liggja, svo og að bæta úr samgönguteppu þeirri, er hún veldur. Nefndin leitaði álits vegamálastjóra um þetta mál. Var það eindregið álit hans, að það, sem gera þyrfti, væri fyrirhleðsla samkvæmt lögum nr. 69, 14. nóv. 1917. En með þeirri fyrirhleðslu á að fyrirbyggja rensli Markarfljóts í Þverá og halda öllu fljótinu í einum ál, vestanvert við Eyjafjöll, til sjávar. Þarf þá, að þeirri fyrirhleðslu lokinni eða sam-

hliða henni, að brúa Markarfljót. En brú á Þverá verður óþörf, þar sem hún er þá aðeins orðin smá-á.

Hin leiðin, sem komið hefir til orða, að brúa Þverá, en hlaða ekki fyrir útrensli úr Markarfljóti, virðist ófær, þar sem kunnugt er, að framrensli Markarfljóts er svo breytilegt, að það rennur í einum farveginum þetta árið og öðrum hitt. Ef Þverá væri brúuð í ár, gæti svo farið, að næsta ár væri hið mikla vatnsmegn hennar komið í annan farveg, en brúin væri því sem næst á þurru landi.

Með því nú að fyrirhleðsla sú, sem að framan er getið, og brú á Markarfljót í sambandi við hana, er allkostnaðarsamt verk, sem þarf mikinn undirbúning, virðist nefndinni rjett, að gerð sje bráðabirgðafyrirhleðsla til reynslu fyrir Þverá þegar á þessu ári, og gerir því svofeldar

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Tillögugreinina skal orða svo:
   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja á þessu ári alt að 5000 krónum til að fyrirbyggja með bráðabirgðafyrirhleðslu framrensli Markarfljóts í Þverá. Kostnað við það má á sínum tíma telja með kostnaði við fyrirhleðslu samkvæmt lögum nr. 69, 14. nóv. 1917.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:
   Tillaga til þingsályktunar um fyrirhleðslu fyrir Þverá.

Alþingi, 27. febr. 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Ágúst Helgason, fundaskrifari og frsm.	Sig. Eggerz, með fyrirvara.

Einar Árnason. Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. **82. Tillaga**

til þingsályktunar um ríkisborgararjett, hvernig menn öðlast hann og missa.

Flutningsm.: Ingibjörg H. Bjarnason.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að beitast fyrir endurskoðun á lögum 6. okt. 1919, nr. 21, um ríkisborgararjett.

Greinargerð.

Tillaga þessi um endurskoðun á lögum um ríkisborgararjett er fram borin í því skyni sjerstaklega, að fá lögunum breytt þannig — í samræmi við lög

annara Norðurlandaþjóða — að konur njóti á þessu sviði, sem á öðrum, fullkomins jafnrjettis við karlmenn.

Nd. **83. Frumvarp**

til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 67, með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sjer ráðandi, yngri en sextugum og heilum og hraustum, að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn. Þeim, er setið hefir 6 ár samfleytt eða lengur í nefnd, er þó óskylt að taka við kjöri til hennar fyr en 6 ár eru liðin síðan hann átti þar síðast sæti.

4. gr. hljóðar svo:

Kjörstjórn úrskurðar um kjörgengi til bæjarstjórnar, borgarstjóra (bæjarstjóra) og hreppsnefnda. Skjóta má úrskurði kjörstjórnar til hreppsnefndar í hreppum og bæjarstjórnar í kaupstöðum. Hreppsnefnd og bæjarstjórn úrskurðar, hvort aðili hafi mist kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn eða vikja honum frá starfanum. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndaroddvita og úrskurði bæjarstjórnar til atvinnumálaráðherra.

Sýslunefnd úrskurðar þau atriði, sem í 1. málsgr. segir, ef sýslunefndarmaður á hlut að máli.

Ef manni er vikið úr sýslunefnd eða bæjarstjórn, þá getur hann borið málið undir atvinnumálaráðherra.

Úrskurði sýslunefndaroddvita og atvinnumálaráðherra eftir þessari grein má skjóta til dómstólanna.

9. gr. hljóðar svo:

Hverju sinni er kjósa skal hreppsnefndarmenn, bæjarfulltrúa eða borgarstjóra (bæjarstjóra), skal kjósa kjörstjórn. Hreppsnefndaroddviti í hreppum og borgarstjóri (bæjarstjóri) í kaupstöðum er formaður kjörstjórnar. Og auk þess kýs hreppsnefnd og bæjarstjórn 2 menn úr sínum flokki í hana. Nú eru nefndarmenn 3, og eru þeir þá sjálfkjörnir. Er kjósa skal borgarstjóra (bæjarstjóra), kýs bæjarstjórn formann kjörstjórnar úr flokki bæjarfulltrúa.

Í hreppum skal geta kosningar í hreppsfundarboði. Ef leynileg kosning hefir verið ákveðin, skal hreppsnefnd auglýsa það viku fyrir kjörfund. Í kaupstöðum auglýsir kjörstjórn kjörfund, stað og stund, með hæfilegum fyrirvara, í blöðum eða með þeim hætti, er almennar auglýsingar eru þar birtar á staðnum.

Nd. **84. Tillaga**

til þingsályktunar um sæsímasambandið við útlönd o. fl.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að heimila atvinnumálaráðherra að útvega konungsúrskurð, er leyfi h.f. Hinu mikla norræna ritsímafjelagi í Kaupmannahöfn að starfrækja sæsímann milli Hjaltlands, Færeyja og Íslands, með þeim skilmálum, sem greinir í samningum 30. nóv. 1925.

Nd. **85. Frumvarp**

til laga um líkhús.

Flutningsm: Magnús Jónsson og Jakob Möller.

Þegar söfnuður samþykkir að reisa líkhús í kirkjugarði sínum, skal með það farið, að því er snertir samþykt verksins og umsjón með því, niðurjöfnun kostnaðar og innheimtu, eins og fyrir er mælt í lögum nr. 39, 8. nóv. 1901, um kirkjugarða, og lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Greinargerð.

Ástæður fyrir frv. þessu sjást í fylgiskjali því, sem hjer er prentað, en það er brjef frá sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins og safnaðarstjórn fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík.

Fylgiskjal.

Í reglugerð um kirkjugarða, frá 16. ágúst 1902, stendur í fyrstu grein:

»Sje grafreitur töluvert langt frá kirkju, skal þar vera líkhús eða að minsta kosti klukka sæmileg með útbúnaði til líkhringingar«.

Oss er ekki kunnugt um, að talað sje annarsstaðar um líkhús í íslenskum lögum eða almennum reglugerðum, en hins vegar er fyrir hendi að reisa líkhús í kirkjugarði Reykjavíkur samkvæmt samþyktum safnaðafunda dómkirkju- og fríkirkujusafnaðarins í fyrra vor, og ekki ólíklegt, að svipaðar óskir komi brátt í ljós hjá fleiri kaupstaðarsöfnuðum, þar sem langt er milli kirkju og grafreits. Oss virðist langeðlilegast að telja líkhús, þar sem svo til hagar, með nauðsynlegum mannvirkjum í kirkjugörðum, og því sje farið með byggingu, viðhald og

allan kostnað þeirra vegna alveg á sama veg og girðingu um kirkjugarða, en þar sem engin bein fyrirmæli um þau efni munu vera til í íslenskum lögum, leyfum vjer oss að biðja háttvirta þingmenn Reykjavíkur að flytja á þessu Alþingi lagafrumvarp, er að efni til sje í samræmi við framangreinda uppástungu vora um lög um líkhús.

Reykjavík, 8. febrúar 1926.

Í sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins:
S. Á. Gíslason, Sigurbjörn Þorkelsson, Pjetur Halldórsson,
Guðmundur Bjarnason, Jón Gunnarsson.

Í safnaðarstjórn fríkirkjunnar í Reykjavík:
Árni Jónsson, Jón Magnússon, Jón Ólafsson, Halldór Sigurðsson,
Sighv. Brynjólfsson, Arinbj. Sveinbjarnarson.

Til alþingismanna Reykjavíkur.

Nd. **86. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson, Jakob Möller og Magnús Jónsson.

Í Reykjavík skal skrá yfir gjaldskylda til ellistyrktarsjóðs liggja almenningi til sýnis frá 1.—7. dags marsmánaðar ár hvert. Kærufrestur og afgreiðslutími skrárinnar skulu vera jafnlangir og ákveðið er í lögunum.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum bæjarstjórnar Reykjavíkur, sbr. brjef borgarstjórans, sem prentað er hjer á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK.
Reykjavík 20. febrúar 1926.

Fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur leyfi jeg mjer að biðja háttvirta þingmenn Reykjavíkur að flytja á Alþingi, er nú situr, meðfylgjandi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Breytingin er í því fólgin, að sá tími, sem ætlaður er til að semja ellistyrktarsjóðsskrá, lengist um 1 mánuð, og er nauðsynlegt, ef unt á að vera að

semja skrána sæmilega vel, en það er orðið svo mikið verk, að það er í raun-inni alveg óvinnandi á þeim tíma, sem núverandi lög ákveða.

Skráin byggist á manntali, sem tekið er seinast í nóvembermánuði, en það liggur ekki fyrir fullbúið frá hendi lögreglustjóra fyr en seinni hluta janúar-mánaðar, og þar sem bæði ellistyrktarsjóðsskrá og kjörskrá eiga að vera tilbúnar fyrir lok janúarmánaðar, liggur í augum uppi, að tíminn er of stuttur, þar sem nú eru hjer um 11200 gjaldendur til ellistyrktarsjóðs og 9239 kjósendur.

K. Zimsen.

Til alþingismanna Reykjavíkur.

Nd. **87. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson, Jakob Möller og Magnús Jónsson.

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist:

Í Reykjavík skal kjörskráin vera fullbúin 1. mars, og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað í bænum.

2. gr.

15. gr. laganna breytist þannig:

1. Á eftir 1. málslið komi nýr málsliður:
   Í Reykjavík skal önnur skráin send oddvita yfirkjörstjórnar 1. dag maí-mánaðar.
2. Í þriðja málslið komi á eftir orðunum: »fyrir 1. dag maímánaðar«: í Reykjavík fyrir 1. dag júnímánaðar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum bæjarstjórnar Reykjavíkur, sbr. brjef borgarstjórans, sem prentað er hjer á eftir sem fylgiskal.

Fylgiskjal.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK.
Reykjavík 20. febrúar 1926.

Fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur leyfi jeg mjer að biðja háttvirta þingmenn Reykjavíkur að flytja á Alþingi, er nú situr, meðfylgjandi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosning til Alþingis.

Breytingin er í því fólgin, að sá tími, sem ætlaður er til að semja kjörskrá, lengist um 1 mánuð, og er nauðsynlegt, ef unt á að vera að semja skrána sæmilega vel, en það er orðið svo mikið verk, að það er í rauninni alveg óvinnandi á þeim tíma, sem núverandi lög ákveða.

Skráin byggist á manntali, sem tekið er seinast í nóvembermánuði, en það liggur ekki fyrir fullbúið frá hendi lögreglustjóra fyr en seinni hluta janúarmánaðar, og þar sem bæði ellistyrktarsjóðsskrá og kjörskrá eiga að vera tilbúnar fyrir lok janúarmánaðar, liggur í augum uppi, að tíminn er of stuttur, þar sem nú eru hjer um 11200 gjaldendur til ellistyrktarsjóðs og 9239 kjósendur.

K. Zimsen.

Til alþingismanna Reykjavíkur.

Nd. **88. Frumvarp**

til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.

Flutningsm.: Jakob Möller, Jón Baldvinsson og Magnús Jónsson.

Fyrir gjöldum þeim, er ræðir um í 10. gr. hafnarlaga fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911, sektum eftir reglugerð samkvæmt 17. gr. sömu laga, svo og skaðabótum, er skipum kann að vera gert að greiða fyrir skemdir á hafnarvirkjunum, skal hafnarsjóður Reykjavíkur hafa lögveð í hlutaðeigandi skipi, er gangi fyrir öllum kröfum á hendur skipum, samhliða öðrum lögveðsbundnum opinberum gjöldum.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum bæjarstjórnar Reykjavíkur, sem samið hefir frumvarpið eftir tillögum hafnarnefndar, sbr. brjef borgarstjóra, sem prentað er hjer á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK.
Reykjavík 20. febrúar 1926.

Fyrir hönd bæjarstjórnarinnar leyfi jeg mjer að biðja háttvirta þingmenn Reykjavíkur að flytja á Alþingi, er nú situr, meðfylgjandi frumvarp til laga um viðauka við hafnarlög nr. 19, 11. júlí 1911, fyrir Reykjavíkurkaupstað.

Bæjarstjórnin hefir samið frumvarpið eftir tillögu hafnarnefndar, og er það

fram komið vegna þess, að núgildandi ákvæði hafnarlaganna um lögtaksrjett fyrir gjöldum til hafnarinnar reynast ekki fullnægjandi til að firra hafnarsjóð tapi á þeim gjöldum, sem skipum ber að greiða fyrir afnot hafnarinnar, og aukast töp hafnarsjóðs ár frá ári af þeirri ástæðu.

K. Zimsen.

Til alþingismanna Reykjavíkur.

Nd. **89. Tillaga**

til þingsályktunar um heimild til tilfærslu á veðrjetti ríkissjóðs í togurum hf. »Kára«.

Frá fjárhagsnefnd.

Alþingi ályktar að heimila ráðherra að færa veðrjett ríkissjóðs í togurum hf. »Kára« aftur fyrir alt að 150 þús. kr. skuld fjelagsins til Íslandsbanka, að því tilskildu, að fjelagið fái nægilegt rekstrarlán til þess að halda áfram útgerð skipanna, fyrst um sinn til loka næstu vertíðar.

Greinargerð.

Árið 1923 tókst ríkissjóður á hendur gagnvart Íslandsbanka sjálfskuldarábyrgð fyrir 5000 sterlingspundum af skuld fiskiveiðahlutafjelagsins »Kára« við enskan banka og fjekk jafnframt til tryggingar fyrir ábyrgðinni 2. veðrjett í tveimur togurum fjelagsins, næst á eftir 20,000 sterlingspunda veðskuld við sama banka. Þennan veðrjett má nú telja nálega einskis virði, sakir verðlækkunar skipanna. Íslandsbanki hefir neitað fjelaginu um frekari lán, nema ríkissjóður færi til veðrjett sinn, á þann hátt, er greinir í tillögunni. En fjárhagur fjelagsins er svo bágborinn, að það getur ekki haldið útgerðinni áfram án þess að fá nýtt rekstrarlán. Nefndin telur það ekki rjett, að ríkissjóður verði þessu fiskiveiðafjelagi að falli með því að neita um þá tilslökun, sem hjer er farið fram á, enda sennilega engu með tilslökuninni fórnað af hálfu ríkissjóðs. Aftur á móti verður það naumast talið alveg vonlaust, að fjelagið geti rjett við fjárhag sinn, ríkissjóði til hagsmuna, ef því er hjálpað til þess að halda áfram útgerðinni.

Nd. **90. Breytingartillögur**

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

Frá atvinnumálaráðherra.

1. Við 3. gr.

Fyrir »íbúar áveitusvæðisins« komi: Flóaáveitufjelagið.

2. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Stjórn áveitufjelagsins skal skipuð 3 mönnum, er kosnir sjeu til 3 ára. Ganga þeir úr stjórninni sitt árið hver, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti.
3. Við fyrirsögn:
   Fyrir »viðauka við lög« komi: viðauka við og breyting á lögum.

Nd. **91. Breytingartillaga**

við frv. til laga um innflutningsbann á dýrum o. fl.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 2. gr.

a. Orðin »hálmi« »mjólk« falli niður.
b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Þá er ráðherra og heimilt, með ráði dýralæknisins, að banna, að hey og hálmur, sem eitt sinn hefir verið notað til umbúða (pökkunar), sje eftirleiðis notað til nokkurs annars.

Ed. **92. Tillaga**

til þingsályktunar um kaup á snjóbíl.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að nota alt að 10 þús. kr. af landsfje nú í ár til að kaupa og láta gera tilraunir með snjóbíl, bæði á vegleysum og snjó, til að fá örugga reynslu um, hvort þetta flutningatæki getur komið hjer að notum.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum fullgerði rússneskur hugvitsmaður, er heima á í Frakklandi, bifreið, sem getur farið um vegleysur, sanda, snjóbreiður og upp brattar brekkur, sem ófærar eru öðrum bifreiðum. Frakkar hafa í bifreiðum þessum farið yfir Sahara-eyðimörkina þvera og endilanga, yfir þvera Mið-Afríku, og nú síðast frá Kaspíhafinu og austur að Indus. Stærsta bílaverksmiðja Frakklands, Citroën, gerir bíla þessa. Hún hefir útibú í Khöfn, og væri einn slíkur bíll fljótfenginn þaðan. Margt bendir til, að þessi bifreið gæti komið að miklu haldi í snjóahjeruðum landsins, til vetrarflutninga, og til sumarferða um rudda vegi, sem þó eru ófærir venjulegum bifreiðum.

Ed. **93. Frumvarp**

til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni heimilast að láta gera þau mannvirki á Flóaáveitusvæðinu, auk skurða og garða, sem nauðsynleg verða að teljast til þess að áveitan komi að fullum notum, og greiðist kostnaður af framkvæmdum þessum á þann hátt, sem um semst milli landsstjórnarinnar og íbúa áveitusvæðisins, enda nemi tillag ríkissjóðs til vegagerða aldrei meiru en helmingi kostnaðar, og ekki yfir 1/4 kostnaðar til annara framkvæmda.

2. gr.

Áður en ráðist er í framkvæmdir samkvæmt 1. gr., skal landsstjórnin skipa nefnd manna, er geri tillögur um, hver mannvirki skuli gera og hversu þeim skuli haga. Auk þess er stjórninni heimilt að kveðja sjerfræðing til, eftir því sem nauðsynlegt telst. Kostnaður af nefnd og sjerfræðingum greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Þeim hluta kostnaðar af framkvæmdum samkvæmt 1. gr., sem um semst að Flóaáveitufjelagið skuli greiða, jafnar stjórn áveitufjelagsins niður á áveitujarðirnar, aðallega eftir þeim notum, sem þær, hver um sig, hafa af framkvæmdum þessum. Að öðru leyti ná ákvæði laga nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann, til mannvirkja þeirra, sem lög þessi ræða um, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

4. gr.

Vegum þeim, sem lagðir kunna að verða á áveitusvæðinu samkvæmt lögum þessum, skal skifta í sýsluvegi og hreppavegi eftir tillögum vegamálastjóra.

5. gr.

Stjórn áveitufjelagsins skal skipuð þrem mönnum, er kosnir sjeu til 3 ára. Ganga þeir úr stjórninni sitt árið hver, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **94. Frumvarp**

til laga um framlag til kæliskipskaupa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Þegar h/f Eimskipafjelag Íslands lætur byggja nýtt millilandaskip, er ríkisstjórninni heimilt að veita til þess styrk úr ríkissjóði, alt að 350000 kr., gegn því, að skipið hafi fullkominn kæliútbúnað, 2 milliþilför og að efsta þilfar, efra milliþilfar, skipshliðar og þverveggir milli lestarúma sje einangrað fyrir kæliflutning.

2. gr.

Ríkisstjórninni er ennfremur heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs það eða þau lán, sem fjelagið þarf til skipsbyggingar þessarar, enda sje skipið að veði gagnvart lánveitanda eða ríkissjóði.

3. gr.

Eimskipafjelaginu er óheimilt að selja skipið, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar, og ef skipið strandar, er fjelaginu skylt, annaðhvort að láta smíða nýtt skip af sömu gerð, eða endurgreiða ríkissjóði framlag hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefndin flytur mál þetta eftir beiðni atvinnumálaráðherra, og fylgdi því þessi greinargerð:

Hinn 28. sept. f. á. reit atvinnumálaráðuneytið Eimskipafjelagi Íslands svohljóðandi brjef:

»Með því að komið mun hafa til orða, að Eimskipafjelag Íslands bæti við skipi, aðallega til flutninga, áður langt um líður, og með því að mjög hefir verið um það rætt, að útvega þurfi kæliskip með sjerstöku tilliti til útflutnings á kjöti, vill ráðuneytið hjer með leyfa sjer að spyrjast fyrir um það hjá stjórn Eimskipafjelagsins, hvort hún fyrir sitt leyti mundi ekki geta fallist á, að skip það, er aukið væri við núverandi skipastól, yrði kæliskip, gegn því, að ríkissjóður legði fram til skipakaupanna það fje, sem samningar tækjust um, þannig að skipið yrði eign og þá að sjálfsögðu undir stjórn fjelagsins, enda sæi það um útvegun þess og smíði að öllu leyti. Hversu mikið ríkissjóður mundi leggja fram, verður ekki sagt um, enda þarf til þess samþykki Alþingis, en ef um hentugt og

vel út búið skip væri að ræða, þykir ráðuneytinu líklegt, að Alþingi mundi taka vel í málið.

Svar við þessu væri æskilegt að fá við fyrstu hentugleika.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson«.

Til svars þessu brjefi hefir atvinnumálaráðuneytinu borist svo hljóðandi brjef, dags. 24. febr. þ. á.:

»Út af brjefi hins háa ráðuneytis, dags. 28. sept. f. á., viðvíkjandi nýju skipi með kæliútbúnaði, skal stjórn h.f. Eimskipafjelags Íslands leyfa sjer að tjá ráðuneytinu það, sem hjer segir:

Stjórnin hefir íhugað rækilega möguleikana á því að afla slíks skips, leitað tilboða í útlöndum o. s. frv. Hefir stjórnin að loknum þeim íhugunum og rannsóknum ákveðið að svara fyrirspurn ráðuneytisins á þessa leið:

Fjelagið er fúst til að láta byggja nýtt kæliskip, með skipsskrokk og vjel eins og á Goðafossi, með rúmi fyrir 20 farþega á 1. og 20 á 2. farrými, tveim milliþilförum, og sje efsta þilfar, efra milliþilfar, skipshliðar og þverveggir milli lestarúma einangrað fyrir kæliflutning. Áætlað er, að slíkt skip kosti um 1050 þús. danskar kr. (ca. 1260 þús. ísl. kr.). Þau skilyrði eru sett, að ríkissjóður leggi fram til skipasmíðarinnar 350 þús. kr. án kröfu til endurgjalds eða eignarhluta í skipinu og láni fjelaginu 600 þús. kr., er það þarf að fá til viðbótar láni á 1. veðrjetti í skipinu, eða ábyrgist slíkt lán, ef fáanlegt er annarsstaðar. Umræddar 350 þús. kr. (tillagið) samsvarar verði sjálfs kæliútbúnaðarins og þess hluta af skipsverðinu sjálfu, er samsvarar lestarmagni því, er fer forgörðum vegna kæliútbúnaðarins. Við ákvörðun þessarar upphæðar gekk fjelagsstjórnin út frá því, að sjálfur kæliútbúnaðurinn kosti um 125 þús. d. kr.

Stjórnin er fús á að gefa ráðuneytinu eða þingnefnd þær frekari upplýsingar í málinu, sem hún getur, sýna uppdrætti o. s. frv., ef óskað verður.

Virðingarfylst.

H.f. Eimskipafjelag Íslands.

Sveinn Björnsson, formaður. H. Benediktsson.

Eggert Claessen. Jón Árnason«.

Brjef þessi sýna svo glögt, hvernig málið liggur fyrir, að naumast virðist þörf að skýra það nánar. Þess má þó geta, að Goðafoss hefir reynst eitthvert besta skipið, sem hefir verið í siglingum hjer við land, og má því telja æskilegt að fá annað skip af sömu gerð. Rjett er og að geta þess, að þetta skip mundi verða mjög hentugt fjárflutningaskip.

Skipasmíðastöðin mun þurfa um 8 mánuði til að smíða slíkt skip sem

þetta, og virðist rjettast að hefja byggingu þess sem fyrst og ekki síðar en svo, að það yrði tekið til notkunar haustið 1927. Nánari skýringar munu koma fram í meðferð málsins á þinginu.

Nd. **95. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

16. gr. laga nr. 43, 3. nóv. 1915, orðist svo:

Meðan völntun er á mönnum, er tekið hafa vjelstjóraþróf samkvæmt lögum þessum, er atvinnumálaráðuneytinu heimilt að veita mönnum, sem fengið hafa vjelstjóraskírteini í öðrum löndum, samkvæmt þar gildandi lögum, skírteini þau, sem ræðir um í 5., 7., 9. og 11. gr., en þess sje þó gætt, að til þess að öðlast hið útlenda skírteini hafi orðið að fullnægja eins miklum krófum eins og til að öðlast hið íslenska, sem um er sótt.

Sama rjett eiga þeir íslenskir ríkisborgarar og aðrir, sem sömu rjettinda njóta, sem lokið hafa vjelstjóraprófi erlendis.

Heimilt er ráðuneytinu og, meðan svo stendur á sem í byrjun 1. málsgr. segir, að veita efnilegum kyndurum undirvjelstjóraskírteini á fiskigufuskipum með minna en 900 hestafla vjel, þó aðeins til eins árs í senn. Beiðni um slík skírteini skulu fylgja meðmæli samkvæmt 5. gr. b.

Þá er ráðuneytinu og heimilt, meðan svo er sem til er skilið í byrjun 1. málsgr., að veita manni yfirvjelstjóraskírteini samkvæmt 7. gr., þótt hann hafi ekki verið nema eitt ár undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 200 hestafla vjel, ef hann að öðru leyti fullnægir krófum 7. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sjávarútvegsnefndin flytur frv. þetta eftir beiðni atvinnumálaráðherra, og fylgdu því þessar athugasemdir:

Skipastóll landsins hefir aukist svo ört á síðustu árum, að því fer mjög fjarri, að nægilegt sje af vjelstjórum, er fullnægja skilyrðum laganna um vjelgæslu. Það er því alveg nauðsynlegt að rýmka undanþáguheimild þá, sem landsstjórnin hefir í þessu efni eftir gildandi lögum, því að ella getur svo farið, að fleiri eða færri skipum verði ekki haldið úti.

Frv. er því borið fram til þess að ráða bót á þessu, en þess skal getið, að venja er að bera undanþágubeiðnir, sem ráðuneytinu berast, undir þann fagmann, sem stjórnin hefir til ráðuneytis í þessum efnum, og ætti það að vera nægileg trygging.

Nd. **96. Tillaga**

til þingsályktunar um fyrirhleðslu fyrir Þverá.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja á þessu ári alt að 5000 krónum til að fyrirbyggja með bráðabirgðafyrirhleðslu framrensli Markarfljóts í Þverá. Kostnað við það má á sínum tíma telja með kostnaði við fyrirhleðslu samkvæmt lögum nr. 69, 14. nóv. 1917.

Ed. **97. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir Landsbanka Íslands til að gefa út ný bankavaxtabrjef.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er fram komið að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, vegna þess, að 4. fl. veðdeildar Landsbankans er nú þegar fyrir nokkru alveg uppgenginn. Frv. er að vísu ekki annað en framhald, með litlum breytingum af því ástandi, sem verið hefir síðan veðdeildin var sett á stofn, framhald, sem þó er nauðsynlegt á meðan að öðru fyrirkomulagi fasteignaveðlánsstofnana er ekki horfið.

Nefndin er því samþykk, eftir atvikum, að Landsbankinn fái á ný lagaheimild til að gefa út bankavaxtabrjef, eða nýja flokka veðdeildar, sem nefndin álítur að sje meira rjettnefni.

Nefndin vill samt leggja það til, að nokkrar breytingar verði gerðar á frv., og er hin fyrsta þeirra sjerstaklega gerð í samráði við fjármálaráðherra.

Það er ekki ósennilegt, að það gæti verið hentugt fyrir lántakendur, að 2 flokkar veðdeildar starfi í senn, annar með hærri vöxtum og þar af leiðandi hærra gengi brjefanna; gætu þá lántakendur sjálfir valið um, í hvorum flokknum þeir vildu heldur taka lán.

Hjer ætlast nefndin til þess, að aðeins sje um heimild að ræða, sem mætti nota, ef stjórn veðdeildarinnar og fjármálaráðherra litist að reyna þetta fyrirkomulag.

Breytingartillagan við 14. gr. er sjálfsögð. Nafnverð brjefanna er lægst 100 krónur. Aukaafborganir þær, er um ræðir, verða að standa á rjettu hundraði, til þess hægt sje með þeim að innleysa vaxtabrjef sömu upphæðar og nemur hinu innborgaða fje.

Lögin um stofnun 4. fl. veðdeildar frá 10. nóv. 1913 kveða að vísu eins á eins og gert er í frv., en í reglugerðinni fyrir 4. fl. veðdeildarinnar, frá 7. maí 1914, er þetta orðað eins og nefndin nú leggur til.

15. gr. frv. felur í sjer ákvæði, sem ekki er að finna í lögunum frá 1913, þeim er áður getur um. Hinsvegar er í reglugerðina tekið upp ákvæði svipað því, er í 15. gr. stendur.

Nefndin áleit, að ef ætti að taka upp í frv. þetta reglugerðarákvæði, þyrfti að taka upp í það líka ákvæði tveggja annara greina reglugerðarinnar.

Til þess samt sem áður, að tilgangi 15. gr. verði náð, að því leyti sem með henni fæst lagaheimild fyrir því að reikna dráttarvexti þegar afborgana- og vaxtagreiðsla fer ekki fram í tæka tíð, hefir nefndin breytt greininni þann veg, að heimila, að dráttarvextir sjeu reiknaðir án þess að setja nánari ákvæði um þá, en gerir ráð fyrir, að það verði gert með reglugerð, eins og að undanförnu hefir átt sjer stað.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   Á eftir orðunum »tillögur um það« næst á undan síðasta málslið greinarinnar komi: Heimilt er, með samþykki fjármálaráðherra, að hafa 2 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hvor flokkur þá vera stærri en $2^1/_2$ miljón krónur.
2. Við 14. gr.
   Í stað orðanna »þó ekki minna en 100 krónur« í þriðja málslið greinarinnar komi: þó svo, að ávalt standi á 100 krónum.
3. Við 15. gr.
   Greinin orðist svo:
   Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti af afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.
4. Við fyrirsögn.
   Í stað orðanna »ný bankavaxtabrjef« komi: nýja veðdeildarflokka.

Alþingi, 5. mars 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og frsm.

Jónas Jónsson. Gunnar Ólafsson. Ingvar Pálmason.

Nd. **98. Frumvarp**

til laga um tilbúinn áburð.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Á tímabilinu 1927—1930, að báðum árum meðtöldum, hefir Búnaðarfjelag Íslands á hendi verslun með hverskonar tilbúin áburðarefni og selur hrepps- og bæjarfjelögum, búnaðarfjelögum og samvinnufjelögum bænda.

2. gr.

Meðan Búnaðarfjelag Íslands annast útvegun og sölu tilbúins áburðar samkvæmt 1. gr., skulu skip ríkissjóðs annast flutning hans endurgjaldslaust bæði frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem þau annars koma við á. Að svo miklu leyti sem flutningi verður ekki komið við á skipum ríkisins, heimilast ríkisstjórninni að semja við Eimskipafjelag Íslands um flutninginn. Kostnaðurinn skal greiðast úr ríkissjóði.

3. gr.

Búnaðarfjelag Íslands skal gefa út nákvæman leiðarvísi um notkun tilbúins áburðar og annast útbýting hans til bænda.

4. gr.

Kaupverð áburðarins skal greiða við móttöku, og selst hann álagningarlaust á öllum viðkomustöðum skipanna.

5. gr.

Rekstrarfje til verslunar þessarar og allan kostnað við framkvæmd laga þessara greiðir ríkissjóður.

6. gr.

Ríkisstjórnin setur, í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, nánari reglur um framkvæmd laga þessara, t. d. um, hvenær auglýsa skuli áætlað verð á áburði, hvenær pantanir á áburði skuli vera komnar til Búnaðarfjelags Íslands og um endurskoðun reikninga verslunarinnar.

Greinargerð.

Á síðasta þingi bar flutningsmaður fram samskonar frumvarp að aðalefni til og tilgangi. Var því vísað til nefndar, en fjekk ekki afgreiðslu frá nefndinni. Síðan hafa víða um land verið samþyktar áskoranir til Alþingis um að setja lög í þessa átt.

Um tilgang frv. og undirtektir búnaðarþings vísast til greinargerðar þeirrar, er frv. fylgdi í fyrra.

Skipulag verslunarinnar með tilbúinn áburð er hjer hugsað á nokkuð annan veg en gert var ráð fyrir í frv. í fyrra, samkvæmt bendingu við fyrstu umræðu málsins í fyrra.

Síðan í fyrra hefir aðstaðan um áburðarverslunina breyst þannig, að enn meiri þörf er á aðgerðum af hálfu hins opinbera til þess að tryggja, að bændur eigi kost á að fá þessa bráðnauðsynlegu vöru við sannvirði. Verður gerð nánari grein fyrir því við flutning málsins.

Nd. **99. Frumvarp**

til laga um mentaskóla Norður- og Austurlands á Akureyri.

Flutningsmaður: Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Við gagnfræðaskólann á Akureyri, sem eftirleiðis kallast mentaskóli Norður- og Austurlands, skal bætt lærdómsdeild. Hún hefir rjett til að útskrifa stúdenta til háskóla Íslands. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið semur, í samráði við skólameistara og kennara gagnfræðaskólans á Akureyri, reglugerð handa skólanum og gefur hana út.

Þangað til sú reglugerð verður samin starfar skólinn með líku sniði, og verða í honum kendar sömu námsgreinar sem í lærdómsdeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík.

2. gr.

Kennarar skólans eru fimm, og er einn þeirra skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með kennurum skólans, nemendum hans, húsum, áhöldum og eignum. Um laun kennara og skólameistara fer sem ákveðið er í launalögum.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 20, 9. júlí 1909, um gagnfræðaskólann á Akureyri.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1926.

Greinargerð.

Fyrir þessu þingi liggur frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík. Verði það að lögum, er um leið slitið sambandi því, sem verið hefir milli gagnfræðaskólans

á Akureyri og hins almenna mentaskóla í Reykjavík. Sá rjettindamissir, sem Norðlendingar og Austfirðingar þannig verða fyrir, yrði bættur með því að gefa Akureyrarskólanum rjett til að útskrifa stúdenta. Er því rjett, að áðurnefnt frv. um lærða skólann í Reykjavík og þetta frv. um mentaskóla Norður- og Austurlands á Akureyri fylgist að.

Frv. til laga um mentaskóla Norður- og Austurlands á Akureyri var borið fram á Alþingi 1923, en náði þá ekki fram að ganga. Er þetta frv. að mestu leyti samhljóða því, og vísast því að öðru leyti til greinargerðar, sem fylgdi frv. þá (þskj. 156 1923).

Ed. 100. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um löggilding verslunarstaðar við Jarðfallsvík í Malmey.

Flutningsm.: Einar Árnason, Guðm. Ólafsson, Gunnar Ólafsson og Jóhann Þ. Jósefsson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við Jarðfallsvík í Málmey í Skagafjarðarsýslu og Melstaður í Selárdal í Barðastrandarsýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.
2. Við 2. gr. Fyrir »verslunarlóðarinnar« komi: verslunarlóðanna.
3. Við fyrirsögn. Aftan við »Málmey« komi: og að Melstað í Selárdal.

Ed. 101. Frumvarp

til laga um gróðaskatt.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Allir gjaldþegnar á Íslandi, sem skyldir eru samkvæmt lögum að greiða til landssjóðs tekju- og eignarskatt, skulu þar að auki greiða sjerstakan gróðaskatt, ef skattskyldar tekjur þeirra eru 15 þús. krónur eða meira eitthvert ár, eða skattskyldar eignir 50 þús. kr. eða meira. Gróðaskatturinn miðast við alla upphæðina.

2. gr.

Gróðaskatturinn er viðbót við hinn almenna tekju- og eignarskatt. Hann er lagður á gjaldþegnana af skattanefndum og skattstjóranum í Reykjavík og eftir sömu heimildum eins og tekju- og eignarskattur. Þeir, sem innheimta tekju- og eignarskatt fyrir landssjóðs hönd, innheimta og gróðaskattinn, hver í sínu umdæmi. Kærum út af gróðaskatti má skjóta til sama úrskurðarvalds, og gilda um hann sömu reglur á hverjum stað og tíma eins og um álagning, áfrýjun og innheimtu hins almenna tekju- og eignarskatts.

3. gr.

I. Skattgjald af tekjum, er um ræðir í 1. og 2. gr., reiknast þannig af allri skattskyldu upphæðinni:

Frá	15000	kr. til	20000	greiðist	25	kr. af hverju	þúsundi.
—	20000	— —	30000	—	50	— — —	—
—	30000	— —	40000	—	75	— — —	—
—	40000	— —	50000	—	100	— — —	—
—	50000	— —	60000	—	125	— — —	—
—	60000	— —	70000	—	150	— — —	—
—	70000	— —	80000	—	175	— — —	—
—	80000	— eða meira		greiðist	200	— — —	—

II. Af skuldlausri eign, sem er 50 þús. eða meira, greiðir hver gjaldþegn í gróðaskatt 15 kr. af hverju þúsundi.

4. gr.

Jafnóðum og gróðaskattur greiðist til innheimtumanna ríkissjóðs, skulu þeir endurgreiða skattinn til Landsbanka Íslands. Stjórn Búnaðarfjelags Íslands ráðstafar gróðaskattinum árlega eftir því, sem fyrir er mælt í lögum um byggingar- og landnámssjóð og reglugerð hans.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. um byggingar- og landnámssjóð, sem borið var fram á síðasta þingi, en ekki útrætt í það sinn, er hjer borið fram aftur, lítið eitt breytt og nú í tveim frv. Fjallar annað um, hversu afla beri sjóðnum tekna, en hitt um meðferð fjárins til að fjölga heimilum í sveit og auka ræktun landsins. Aðalhugsun frv. byggist á því, að allur almenningur sje nú svo hlaðinn sköttum sem mest má verða, en að á háar tekjur og miklar eignir megi leggja nokkrar byrðar. Og þar sem stórauður safnast hjer á landi að miklu leyti við vinnuafl, sem sveitir landsins leggja til, sýnist öll sanngirni mæla með, að tekjuhæstu og eignamestu menn landsins leggi aftur nokkurn skerf til að auka ræktun landsins.

Ed. **102. Frumvarp**

til laga um byggingar- og landnámssjóð.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er heitir byggingar- og landnámssjóður. Verksvið hans er að gera efnalitlum bændum og grasbýlamönnum við kauptún fært að endur-

byggja bæi sína eða að reisa nýbýli, með skiftingu jarða við erfð eða öðruvísi, þar sem hentug ræktunarskilyrði eru. Stjórn Búnaðarfjelags Íslands stýrir sjóðnum, en Landsbanki Íslands annast bókhald og gjaldkerastörf fyrir hann, þar til öðruvísi er ákveðið.

2. gr.

Starfi byggingar- og landnámssjóðs skal vera þannig háttað, að hann ábyrgist að greiða alla eða nokkurn hluta af vöxtum tiltekinna lána, er varið hefir verið eftir fyrirmælum þessara laga til endurbyggingar á sveitabæjum eða til landnáms. Stjórn byggingar- og landnámssjóðs má þó ekki veita framangreind hlunnindi í vaxtagreiðslum, nema lánið sje að minsta kosti veitt til 25 ára og að bæði lánveitandi og lánþiggjandi hafi samningslega skuldbundið sig til að uppfylla eftirfarandi skilyrði gagnvart byggingar- og landnámssjóði:

1. Að byggingin sje úr haldgóðu efni og að stærð og dýrleika samsvarandi gildi lands þess, er henni fylgir.
2. Að sjerfróðir trúnaðarmenn Búnaðarfjelags Íslands hafi fallist á teikningar af húsum þeim, er byggja skal, og samþykt ráðagerð lánþiggjanda viðvíkjandi ræktun þeirri, er framkvæma skal.
3. Að lán til byggingar hafi ekki farið fram úr sannvirði hins óhjákvæmilega, aðflutta byggingarefnis, eins og meðalverð þess hefir verið í kaupstöðum landsins það ár, og helmings af útlögðu kaupi steinsmiða og trjesmiða, er að dómi stjórnar Búnaðarfjelags Íslands hafa þurft að vinna við hverja tiltekna byggingu eftir stærð hennar. Dagkaup smiða skal metið eftir meðalkaupgjaldi slíkra manna það ár í því hjeraði, þar sem mannvirkið hefir verið reist.
4. Að lán til ræktunar hafi ekki farið fram úr helmingi af óhjákvæmilegum kostnaði, þar í talið landbrot, girðing, framræsla, fræ og áburður tvö fyrstu árin.
5. Á hverri þeirri jörð eða nýbýli, sem notið hefir hlunninda í vaxtagreiðslum úr byggingar- og landnámssjóði, liggur sú kvöð, að stjórn Búnaðarfjelags Íslands verður að samþykkja bæði eigenda- og ábúendaskifti. Aldrei má söluverð slíkrar fasteignar, eða leiga, ef um ábúð er að ræða, verða hærri en sem svarar innlánsvöxtum Landsbankans af verði eignarinnar samkvæmt gildandi fasteignamati.

3. gr.

Nú hefir bóndi eða nýyrki fengið loforð fyrir láni til húsabóta eða ræktunar, þannig að uppfylt eru öll skilyrði 2. gr., og hefir þá stjórn Búnaðarfjelags Íslands fyrir hönd byggingar- og landnámssjóðs heimild til að gera við lánþiggjanda bindandi samning um að greiða um tiltekið árabil alla eða tiltekinn hluta af vöxtunum af láninu til þeirrar peningastofnunar, sem veitti lánið. Í reglugerð, sem stjórn Búnaðarfjelags Íslands semur, en atvinnumálaráðherra samþykkir, skal ítarlega mælt fyrir um skilyrði fyrir vaxtahlunnindum byggingar- og landnámssjóðs.

4. gr.

Allar þær tekjur, sem landssjóði hlotnast samkvæmt lögunum um gróðaskatt, renna í byggingar- og landnámssjóð. Jafnskjótt og sá skattur er af inn-

heimtumönnum ríkissjóðs goldinn í Landsbankann er fjeð komið undir fullkomin yfirráð stjórnar Búnaðarfjelags Íslands.

5. gr.

Endurskoðendur landsreikninganna endurskoða árlega alla reikninga byggingar- og landnámssjóðs. Skýrsla um starfsemi sjóðsins með áritun þeirra skal árlega birt í Stjórnartíðindunum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1927. Jafnframt eru þá úr gildi numin öll eldri lög og fyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Í Noregi starfar banki, sem ríkið starfrækir til að greiða fyrir landnámi. Hefir hann á liðugum 20 árum lánað út um 150 miljónir kr., þannig að ríkissjóður greiðir meira eða minna af vöxtunum, eftir því hve þjóðnýtur tilgangurinn þykir vera. Til að greiða sem mest fyrir landnámi og byggingu hollra híbýla lánar sá banki stundum alt að því 90% af virðingarverði fasteigna, enda er þá ábyrgð sveitarfjelags á bak við. — Hjer er hallast að sömu meginstefnu. Bóndinn eða landneminn geta tekið lánið í hvaða lánsstofnun sem vera skal, ef samkomulag fæst milli lánveitanda og lántakanda að uppfylla skilyrði byggingar- og landnámssjóðs. Þó getur stjórn sjóðsins ljett að meira eða minna leyti undir með lántakanda með vaxtagreiðsluna. Í sumum tilfellum, t. d. við landnám eins og það hlýtur að verða á áveitusvæðunum, eða þar sem landneminn styðst ekki að einhverju leyti við ræktað land, myndi ekki veita af, að sjóðurinn borgaði alla vexti af tilgreindu láni mörg fyrstu árin. Reynslan myndi leiða í ljós, hvenær fært væri að ætla lánþiggjendum að greiða nokkurn hluta vaxtanna, eða þá alla. Stjórn sjóðsins myndi þá haga ákvæðum reglugerðarinnar viðvíkjandi vaxtakjörunum eftir þeirri reynslu.

Enginn vafi er á, að með tiltölulega litlu fjármagni mætti koma miklu til leiðar í þessu efni. Ef vextir væru 6%, mætti með 60 þús. kr. borga alla vexti af einni miljón. Og með þeirri fjárhæð mætti hjálpa áleiðis fjöldamörgum fjölskyldum, er vildu byggja framtíð sína á ræktun landsins, en geta það ekki undir núverandi kringumstæðum.

Í öllum nálægum menningarlöndum leggja ríkin nú stórfje í að fjölga heimilum í sveitum. Í Danmörku bætast sum árin við um 2000 ný heimili í sveit. Fróðir menn þar í landi telja, að vel ræktað og sæmilega húsað nýbýli kosti nú um 25 þús. kr. Ríkið og sveitarfjelögin leggja árlega stórfje til þessa landnáms, enda er alveg fráleitt, jafnvel í Danmörku, að nýbýlin geti í fyrstu borið vexti og afborganir af þeim höfuðstól, sem í þau verður að leggja. En forráðamenn þjóðarinnar telja býlafjölgunina svo mikla landsnauðsyn, að þess vegna er eytt til þessara framkvæmda miklu af almannafje. Býlafjölgunin í sveitunum, studd af þjóð-

fjelaginu, er nálega eina áhrifamikla úrræðið, sem enn er þekt til að draga úr óeðlilegum ofvexti bæja og borga. Finnar og Norðmenn vinna á sama hátt að innlendu landnámi. Og nú er í Englandi vakin öflug hreyfing í þá átt að rækta og byggja landið með framlögum af opinberu fje. Þá hreyfingu hefir vakið frægasti núlifandi stjórnmálamaður Englendinga, og hann telur það mál langþýðingarmest af öllum viðfangsefnum ensku þjóðarinnar.

Fordæmi nágrannaþjóðanna og knýjandi þörf heima fyrir að stöðva hinn vaxandi fólksstraum úr sveitunum verða væntanlega nógu þungar röksemdir á metunum til að þingið hrindi í framkvæmd þessu mikla og merkilega máli.

Nd. 103. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 19. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og mælir með því, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 8. mars 1926.

Jón Kjartansson, form. og frsm.	Árni Jónsson, fundaskrifari.	Pjetur Ottesen.

Pjetur Þórðarson.

Nd. 104. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, telur breytinguna á lögunum nauðsynlega og leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 8. mars 1926.

Jón Kjartansson, form.	Pjetur Þórðarson, frsm.	Árni Jónsson, fundaskrifari.

Pjetur Ottesen.

Nd. **105. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um löggilta endurskoðendur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. 2. Í stað niðurlagsorðanna »getur sett« komi: setur.
2. Við 5. gr. Niðurlagið orðist svo:
   Skal að jafnaði hafa til þeirrar skoðunar löggilta endurskoðendur, ef til næst.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna »getur tiltekið« komi: tiltekur.

Alþingi, 1. mars 1926.

Jón Kjartansson, form.	Árni Jónsson, fundaskrifari, frsm.	Jón Baldvinsson, með fyrirvara.

Pjetur Þórðarson. Pjetur Ottesen.

Ed. **106. Fjáraukalög**

fyrir árið 1925.

(Afgreidd frá Ed. 9. mars).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1925, eru veittar samkv. 2.—7. gr. hjer á eftir kr. 197618,98.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til að senda fulltrúa á alþjóðafund geislalækna í London	1000,00	
2. Fyrir miðstöðvarketil í geðveikrahælið á Kleppi ...	7426,96	
3. Til aðgerðar á holdsveikraspítalanum í Laugarnesi...	2500,00	
4. Til að standast kostnað við lækningar þeirra, sem lamast hafa af mænusótt	10000,00	
5. Til aðgerðar á sóttvarnarhúsinu í Reykjavík... ...	9610,88	
		30537,84
Flyt		30537,84

		kr.	kr.
	Flutt		30537,84
	3. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:		
1.	Ferðastyrkur á þriðja biskupafund Norðurlanda 1924	600,00	
2.	Til stúdentaráðs Háskóla Íslands, styrkur til að senda fulltrúa á allsherjarstúdentamót í Oslo	1000,00	
3.	Til sjera Bjarna Jónssonar og sjera Friðriks Rafnars: Styrkur til að sækja alþjóðaprestafund í Sviþjóð, 400 kr. til hvors...	800,00	
4.	Styrkur til húsabóta á prestssetrinu í Kollafjarðarnesi	9266,64	
5.	Til miðstöðvarhitunartækja í bændaskólann á Hólum	11079,78	
6.	Til aðgerðar gagnfræðaskólanum á Akureyri... ...	12513,87	
7.	Launabót handa Sigurbirni Á. Gíslasyni, kennara við vjelstjóraskólann	1500,00	
8.	Launabót handa Guðm. Kristjánssyni, kennara við stýrimannaskólann	1500,00	
			38260,29
	4. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:		
1.	Styrkur til Finnlandsfarar, til að sækja fornminjafræðingafund	600,00	
2.	Styrkur til að sækja fund norrænna lögfræðinga í Helsingfors	1802,10	
3.	Til að gegna störfum þjóðskjalavarðar í fjarveru hans...	300,00	
4.	Til Kjartans Sveinssonar, fyrir aðstoð á þjóðskjalasafninu	300,00	
5.	Til aðgerðar landsbókasafnshúsinu	33789,55	
			36791,65
	5. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:		
1.	Viðbót við styrk handa Búnaðarfjelagi Íslands ...	36000,00	
2.	Til sjóvarnargarðs á Siglufirði	23000,00	
3.	— sjóvarnargarðs á Sauðárkróki	11000,00	
4.	— sjóvarnargarðs á Stokkseyri	3255,25	
5.	— sjóvarnargarðs á Eyrarbakka	5194,25	
6.	— að endurreisa stöpla í Hraunsá	850,00	
7.	— fyrirhleðslu fyrir Hjeraðsvötn	7300,00	
8.	— kostnaðar við mælingar og uppdrætti af kauptúnum og sjávarþorpum	3000,00	
			89599,50
	Flyt		195189,28

	kr.	kr.
Flutt		195189,28

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

1. Fyrv. bókav. Halldór Briem, frá 1/10	427,20	
2. — vitav. Vigfús Sigurðsson, frá 1/6	311,50	
3. Til frú Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	534,00	
4. Til frú Ágústu Jóhannsdóttur. ekkju Þórhalls Jóhannessonar, hjeraðslæknis...	534,00	
5. Fyrv. prestur Guttormur Vigfússon, frá 1/6	623,00	
		2429,70
Samtals		197618,98

Ed. **107. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaða við Jarðfallsvík í Málmey og að Melstað í Selárdal.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Við Jarðfallsvík í Málmey í Skagafjarðarsýslu og Melstaður í Selárdal í Barðastrandarsýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðanna samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **108. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um löggilding verslunarstaða við Jarðfallsvík í Málmey og að Melstað í Selárdal.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við Jarðfallsvík í Málmey í Skagafjarðarsýslu, á Melstað í Selárdal í Barðastrandarsýslu og í Leirhöfn á Sljettu í Þingeyjarsýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.
2. Fyrirsögnin verði: Frumvarp til laga um löggilding verslunarstaða.

Nd. **109. Frumvarp**

til laga um kirkjugjöld í Prestsbakkasókn í Hrútafirði.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Bæirnir Guðlaugsvík, Kolbeinsá, Heydalur og Skálholtsvík í Prestsbakkasókn í Strandaprófastsdæmi skulu eftirleiðis greiða kirkjugjöld til sinnar eigin sóknarkirkju, Prestsbakkakirkju í Hrútafirði.

2. gr.

Kirkjustjórnin skal láta semja skýrslu um, hversu hárri upphæð hafi numið að meðaltali undanfarin 5 ár kirkjugjöld af þessum bæjum. Skal greiða úr ríkissjóði til Óspakseyrarkirkju, í eitt skifti fyrir öll, höfuðstól í krónutali, sem svari, með 6% vöxtum, jafnhárri upphæð og það meðaltal.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram samkvæmt ósk sóknarbúa í Prestsbakkasókn við Hrútafjörð og í samráði við sóknarbúa í Óspakseyrarsókn í Bitrufirði.

Með lögum nr. 26, 2. nóv. 1885, var gerð breyting á skipun prestakalla í Strandaprófastsdæmi og víðar. Samhliða því var svo ákveðið, að þessir fjórir nefndu bæir skyldu gjalda kirkjugjöld til Óspakseyrarkirkju, þótt þá væru fluttir til Prestsbakkasóknar. Var Prestsbakkakirkja þá ljenskirkja, þ. e. í ábyrgð þess opinbera, en Óspakseyrarkirkja var bændakirkja, svo að svo má líta á, sem ríkið hafi þannig afsalað bændakirkjueigendunum þessar tekjur. Nú eru kirkjur þessar báðar komnar í umsjón safnaða, og alstaðar annarsstaðar mun sú regla gilda, að sóknarbúar greiði kirkjugjöldin til sinnar eigin kirkju, en ekki annarar. Er því hjer um alveg einstakt fyrirkomulag að ræða. Mun og ekki að efa, ef til sjerstakra útgjalda kæmi vegna Prestsbakkakirkju, þá yrðu þessir fjórir bæir að standa undir þeim, með öðrum bæjum í sókninni. Virðist því alveg sjálfsagt, að breytt sje þessu úrelta og óeðlilega fyrirkomulagi, um að þeir gjaldi til annarar kirkju en sinnar eigin, er krafa kemur fram um það, þótt sóknarnefnd hafi í bili yfirsjest að bera fram þá kröfu um leið og söfnuðurinn tók við kirkjunni.

Hinsvegar væri ósanngjarnt að lögleiða þessa breytingu án þess að bættur yrði tekjumissir sá, sem Óspakseyrarkirkja verður fyrir, því að Óspakseyrarsöfnuður hefir tekið við umsjón og fjárhaldi kirkju sinnar á grundvelli þessa skipulags, og þar sem ríkið á sinni tíð ljet þáverandi eiganda Óspakseyrarkirkju halda tekjunum af þessum bæjum, virðist rjettlátt, að það beri þann kostnað,

sem af því leiðir að koma þessu í rjettlátt horf. En alls er hjer aðeins um að ræða nokkur hundruð króna.

Af framansögðu verður ráðið, að hjer er ekki um neitt hættulegt fordæmi að ræða.

Leitað hefir verið umsagnar biskups, og fer hún hjer á eftir.

»Mjer er það mikið ánægjuefni að mega eiga von á frumvarpi til laga eins og þessu, þótt lítið sje í sjálfu sjer, því að verði það að lögum, þá ætti með því að vera loku fyrir það skotið, að Prestsbakkakirkja þurfi lengur að búa við það misrjetti, sem hún að rjettu lagi hefir búið við í næstliðin 40 ár, eða síðan er lögin nr. 26, 2. nóv. 1885, gengu í gildi. Því að jeg get ekki valið því vægara heiti en misrjetti, þegar dembt er ósanngjarnri kvöð á einn, til þess að bæta öðrum halla, sem hann verður fyrir. En svo var farið með Prestsbakkakirkju fyrir 40 árum. Með þessum lögum frá 1885 voru færð sóknartakmörkin milli Óspakseyrar- og Prestsbakkasókna, sem nú sögðu sundur með sjer eftir margra ára samveru, svo sem systursóknir innan eins og sama prestakalls. Við þá færslu skyldi fjórir nafngreindir bæir úr Óspakseyrarsókn sameinast Prestsbakkasókn, en til þess að bændakirkjan á Óspakseyri misti einskis í við það, að gjaldendum fækkaði við þetta, þá var það ráð tekið að mæla svo fyrir í lögum þessum, að ljenskirkjan á Prestsbakka tæki að vísu við kirkjugjöldum af þessum fjórum bæjum, en greiddi það, sem þeim svaraði, til Óspakseyrarkirkju úr sjóði sínum(!) Með þeim hætti bar Prestsbakkakirkja það eitt úr býtum við þá fjölgun gjaldenda, sem leiddi af færslu sóknartakmarkanna, að mega í sínu nafni heimta inn tekjur af þessum 4 bæjum, til þess svo eftir á að afhenda þær Óspakseyrarkirkju! Sem betur fer hygg jeg, að jafn-ankannalegt fyrirkomulag sje einsdæmi, en umboðsstjórn þeirra tíma fanst nú þetta ráð heppilegt, til þess að losa hið opinbera við að greiða Óspakseyrarkirkju skaðabætur vegna tekjumissis af nefndri ástæðu. Að öðru leyti en þessu fæ jeg ekki betur sjeð en að hjer á landi, ekki síður en annarsstaðar, hafi trúlega verið fylgt hinni gömlu kirkjurjettarlegu reglu, að »gjald skuli til þeirrar kirkju greiða, sem maður á sókn til«. En með þessu umrædda lagaákvæði er svo langt farið, að menn eru ekki aðeins skyldaðir til að gjalda til kirkju, sem ekki er lengur sóknarkirkja þeirra, heldur er og orðin sóknarkirkja í öðru prestakalli! Hefði Prestsbakkakirkja um þær mundir, sem lögin urðu til, verið komin í umsjón og fjárhald safnaðar, hefði mönnum ekki komið til hugar að setja þetta ákvæði í lögin, þar sem menn máttu vita, að því yrði jafnharðan mótmælt sem ákvæði, er ekki næði neinni átt. En kirkjan var enn ljenskirkja, í umsjón sóknarprests, og því gat umboðsstjórnin komið þessu fram. Þó er hitt merkilegra, að þetta misrjetti skuli hafa getað viðgengist í 40 ár, svo auðveldlega sem því hefði átt að mega kippa í lag, er kirkjur þessar urðu safnaðarkirkjur, — Óspakseyrar 1907, en Prestsbakkakirkja 1912! — Að nokkur söfnuður skuli hafa fengist til að taka að sjer Prestsbakkakirkju til umsjónar og fjárhalds með slíkri árlegri gjaldkvöð, er því að eins hugsanlegt, að söfnuðinum, sem til þessa hafði aldrei komið nærri reikningshaldi kirkjunnar, hafði verið alveg ókunnugt um þessa gjaldkvöð, og enginn til að benda honum á hana.

Jeg hefi vandlega yfirfarið frv. og ástæður flytjanda og ekkert fundið við það að athuga. Eftir kirkjureikningum síðari ára munu þessi kirkjugjöld nema c.

48 kr. á ári, sje reiknað með 38 gjaldendum alls. Með 6% samsvarar það kr. 800,00, er greiðast ætti Óspakseyrarkirkju í skaðabætur eitt skifti fyrir öll, og ætti það ekki að vera neinum tilfinnanlegt.

Að endingu skal það eitt mælt, að jeg vona fastlega, að frumvarp þetta fái góðan byr á þingi og megi verða að lögum«.

Nd. **110. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 44, 27. júní 1925, um slysatryggingar.

Flutningsmaður: Jón A. Jónsson.

1. gr.

Við 1. gr. 2. b. Eftir orðinu »fiskverkun« komi: í þurkhúsum.

2. gr.

Við 6. gr. Eftir »til útgjalda« bætist við: nema þar sem slysatrygður vinnur fyrir hlut af afla eða hundraðsgjaldi af tekjum fyrirtækisins, en þá greiðir hinn slysatrygði iðgjaldið að jöfnu við útgerðarmann eða atvinnurekanda.

3. gr.

Við 7. gr. Í stað »útgerðarmenn vjelbáta . . . . . úr ríkissjóði« komi: Útgerðarmenn róðrarbáta greiði aðeins $^1/_2$ iðgjalds, útgerðarmenn vjelbáta og seglbáta alt að 12 rúmlesta $^2/_3$ iðgjalds og útgerðarmenn stærri vjelskipa og seglskipa $^4/_5$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þessar tegundir skipa, en það, sem á vantar fult iðgjald, greiðist úr ríkissjóði.

Ástæður.

Það má ef til vill virðast nokkuð kynlegt, að nú þegar komi fram breytingar við lögin um slysatryggingar.

Það ætti líka að vera venjan að hrófla ekki við jafnnýjum lagasetningum, þó að á þeim væru sýnilegir smágallar, heldur bíða fleiri ár og lofa agnúunum að koma betur í ljós.

Hjer er þó um svo stórfelda galla á lagasmíðinni að ræða, að ekki má við una og alls ekki verjandi að bæta ekki þegar á þessu þingi að nokkru úr því misrjetti, sem einn af atvinnuvegum landsmanna, smábáta- og vjelbátaútgerðin, verður fyrir með slysatryggingarlögunum.

Það mun reynast svo, að aðstaða íslenskra atvinnuvega gerir almennar slysatryggingar á þeim grundvelli, sem lagður var á síðasta þingi, mjög erfiðar í framkvæmdinni, en um það skal ekki fjölyrt að þessu sinni, enda ekki tilætlun-

in með þessu frv. önnur en sú, að ljetta að nokkru þeim óbærilegu álögum, sem lagðar voru á smáútgerðir með nefndum lögum.

Nú sem stendur ber útgerðarmanni 5 lesta vjelbáts og þaðan af stærri að borga iðgjöld öll fyrir skipverja. Þessi iðgjöld eru kr. 1,20 á viku hverri fyrir skipverja hvern. Á smærri vjelbátum eru oftast 6 skipverjar, stundum 7, á vjelbátum 20—40 lesta 12—15 menn.

Sjeu veiðar stundaðar 40 vikur á ári, þá greiðir útgerðarmaður 5 lesta báts í iðgjald 288—336 krónur árlega, en á stærri vjelbátum alt að 720 krónur.

Með þeim feikna erfiðleikum, sem þessi útvegur hefir átt við að stríða og á enn, þá eru þessi aukaútgjöld óbærileg og í fjöldamörgum tilfellum sama og stöðvun útgerðarinnar.

Hjer verður því að finna skjót ráð til úrlausnar.

Í lögum nr. 32, 27. júní 1921, var svo ákveðið, að útgerðarmenn róðrarbáta og vjelbáta minni en 5 lesta greiddu $^1/_5$ og $^3/_{10}$ iðgjaldsins, skipverjinn $^1/_2$ iðgjald, en ríkissjóður $^3/_{10}$ og $^1/_5$.

Nú er og þess að geta, að víðast hvar munu skipverjar ekki hafa óskað þess að vera gjaldfríir, heldur mun það miklu fremur hafa verið ósk þeirra, að iðgjöld þeirra væru hækkuð, *ef* við það hefðu fengist hærri slysa- og dánarbætur.

Það verður og að teljast sjálfgefið, að þar sem skipverjinn eða verkamaðurinn hefir hlutdeild í tekjum útgerðarinnar (fyrirtækisins), t. d. hlut af afla eða hundraðsgjald, að hann þá greiði nokkurn hluta iðgjaldsins.

Vegna þess hvað lögin um slysatryggingar eru ný, hefi jeg ekki viljað koma með aðrar breytingar en hinar allra nauðsynlegustu að þessu sinni.

Hins vegar er það skoðun mín, að slysatrygging sjómanna eigi að vera algerlega sjerstök og til hennar lagt ríflega af ríkisfje, ennfremur að hún eigi að vera samtrygging, þar sem ekki sje eingöngu farið eftir áhættu hverrar deildar þessa atvinnuvegar að því er snertir upphæð iðgjaldanna, heldur jafnframt eftir því, hvað útvegsmenn og skipverjar hverrar deildar bera úr býtum í atvinnurekstrinum alment.

Að sjálfsögðu leiðir breyting sú, sem hjer er farið fram á, til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóðinn, að því er næst verður komist um 18500 kr., en þar sem öllum er vitanlegt, hversu sjávarútvegurinn, og þá einkum smábáta- og mótorbátaútgerðin, stendur höllum fæti, þá má vænta þess, að öllum sje ljúft að fylgja þessu frv., þar sem það miðar að því að ljetta að nokkru undir með þessum aðþrengda atvinnuvegi.

Bátaútvegurinn er á hraðri afturför og vjelbátaútvegurinn er á sömu leið, þó hægar fari; seglskipin eru bráðum úr sögunni, en gufuskipum og stórum vjelskipum fjölgar ár frá ári.

Þetta sjest glögt á skýrslu þeirri yfir tryggingarvikur árin 1919—24, sem hagstofustjóri hefir látið mjer í tje. Þá ber þess að gæta, að á árinu 1925 hefir gufuskipum fjölgað meir en nokkru sinni áður; frá því í sept. 1924 til ársloka 1925 hafa verið keyptir til landsins 10 togarar og 6 eða 8 línuveiðagufuskip. Má gera ráð fyrir nálega tilsvarandi afturför innan hinna deildanna.

Skýrsla hagstofustjóra:

Ár	Gufuskip	Seglskip	Mótorbátar yfir 12 l.	Mótorbátar undir 12 l.	Róðrarbátar	Tryggingarvikur samtals
1919	20630	17381	48737	33566	34203	154517
1920	33642	14274	37410	38792	24194	148312
1921	37781	11532	40625	36228	21329	147493
1922	46452	13765	45169	33051	21847	160284
1923	41319	6820	44257	30460	18507	141365
1924	56701	8710	52806	33734	21408	173359
Trygg.vik.	236525	72482	269004	205831	141488	925330

Nd. **111. Breytingartillaga**

við frv. á þskj. 33 *[Happdrætti og hlutaveltur]*.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við fyrirsögn. Orðin í svigum »(lotteri)« »(tombólur)« falli burt.

Nd. **112. Lög**

um happdrætti (lotteri) og hlutaveltur (tombólur).

(Afgreidd frá Nd. 9. mars).

1. gr.

Happdrætti, hverrar tegundar sem er, má ekki hafa nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins, og ekki hlutaveltur nema með leyfi lögreglustjóra.

Peningahappdrætti eða önnur þvílík happspil má ekki setja á stofn án lagaheimildar.

2. gr.

Það er bannað mönnum á Íslandi að versla þar með eða selja hluti fyrir erlend happdrætti eða önnur þvílík happspil, eða að hafa þar á hendi nokkur störf, er að þessu lúta.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. sæta sektum til ríkissjóðs, 50—2000 kr., en brot gegn

2. gr. 500—5000 kr., og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **113. Lög**

um raforkuvirki.

(Afgreidd frá Nd. 9. mars).

1. gr.

Hver sveitar- eða bæjarstjórn hefir einkarjett til þess að stofnsetja raforkuver til almenningsþarfa, önnur en vatnsorkuver, og starfrækja þau innansveitar. Til starfrækslu utansveitar þarf samþykki ráðherra.

Um raforkuveitu frá slíku veri fer eftir ákvæðum vatnalaganna um raforkuveitur frá vatnsorkuverum, nema þar sem á annan veg er ákveðið með lögum þessum.

2. gr.

Einkarjettur sveitar- eða bæjarstjórna samkvæmt 1. gr. nær eigi til raforkuvirkja, sem einstakur maður eða einstakir menn koma sjer upp og nota innan takmarka húseigna sinna og jarðeigna eingöngu til eigin þarfa. Þó þarf leyfi hjeraðsstjórnar í þeim hjeruðum, þar sem hjeraðsstjórn hefir áður komið á stofn raforkuvirki.

3. gr.

Einkarjett þann, sem um ræðir í 1. og 2. gr., getur sveitar- eða bæjarstjórn með samþykki ráðherra veitt einstökum mönnum eða fjelögum. Leyfið skal veitt um tiltekið árabil með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til. Í hvert skifti, sem leyfistími er á enda, á sveitar- eða bæjarstjórn rjett á að fá sjer afhent raforkuvirkið fyrir það verð, er matsnefnd ákveður, ef samkomulag næst ekki.

Um mat og matsnefnd gildir ákvæði vatnalaganna.

4. gr.

Nú vill sveitarstjórn eða bæjar fá handa umdæmi sínu raforkuvirki, er einstakir menn eiga og um ræðir í 3. gr., og má þá, er $^4/_5$ hlutar leyfistímans eru liðnir, ef samkomulag næst ekki, taka það eignarnámi gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsnefnd, er til skal kvödd samkvæmt 3. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar fyrirtækisins, nema eigendur samþykki, að einungis nokkur hluti þeirra sje tekinn.

5. gr.

Ráðherra skal heimilt að setja reglur um gerð, frágang og notkun raforkuvirkja, og má í reglum þessum setja ákvæði um:

a. Öryggisráðstafanir, er fylgja ber við uppsetningu og starfrækslu þessara virkja.
b. Skyldu til þess að gefa skýrslu um þau raforkuvirki, sem fyrir hendi eru þegar reglurnar öðlast gildi, og um ný virki og aukningu eldri virkja, svo og að leyfa ráðherra að láta rannsaka þau.
c. Eftirlit með raforkuvirkjum í húsrúmi, þar sem hætt er við sprengingum eða þar sem erfitt er að halda við nægilega fullkominni einangrun vegna raka eða annara orsaka, svo og með raforkuvirkjum, sem ætla má að hafi í för með sjer sjerstaka hættu fyrir líf manna eða mikil verðmæti, og með raforkuvirkjum í leikhúsum og samkomuhúsum. Eigandi virkjanna greiðir kostnað við eftirlitið.
d. Löggilding á hæfum raforkuvirkjurum.
e. Sektir, allt að 1000 kr., fyrir brot á reglunum.

6. gr.

Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sjer hættu fyrir eignir annara manna eða hættu við truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru. Sje unt að afstýra slíkum truflunum með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja, en þó má skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana hefir í för með sjer verulega hagsmuni fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða, að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir, sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari eða miður trygg en venja er til eða krafist verður um ný virki á þeim tíma, þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

Ráðherra sker úr öllum ágreiningi um það:

a. Hvort raforkuvirki hafi í för með sjer hættu við truflunum á starfrækslu eldri virkja.
b. Hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra slíkum truflunum.
c. Hver eigi að koma þeim ráðstöfunum í verk, og
d. Hvort og að hve miklu leyti eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.

Ráðherra getur stöðvað notkun raforkuvirkja, uns öryggisráðstafanir þær, er hann áskilur, eru komnar í framkvæmd.

7. gr.

Sveitarstjórnir, bæjarstjórnir og stjórnir orkuveitufjelaga skulu semja reglugerð um raforkuveituna, er ráðherra staðfestir, og má þar setja sjerstök ákvæði fyrir þá menn, er fást við raforkuvirkjun, innan takmarka veitu þeirra, þar á meðal vinnukaupsskrá og reglur um frágang á verkum þeirra, svo og

um sektir, alt að 500 krónum, fyrir brot gegn reglugerðinni. Þó má ekki í slíkum reglum heimila lakari frágang á orkuvirkjum nje vægari kröfur til löggildingar raforkuvirkjara en ákveðið verður í reglum ráðherra samkvæmt 5. gr.

8. gr.

Með mál út af brotum á reglum þeim, er segir í 5. gr. og 7. gr., skal fara sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **114. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Í stað orðanna í síðustu málsgrein 1. gr. »að veita manni yfirvjelstjóraskírteini samkvæmt 7. gr.« komi: að veita manni yfirvjelstjóraskírteini samkvæmt 7. og 11. gr.

Ed. **115. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út ný bankavaxtabrjef.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þingskjali 20, með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabrjef, alt að 10 miljónum króna. Vaxtabrjefunum má skifta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 5. flokkur veðdeildarinnar og hinir í áframhaldandi töluröð þar á eftir. Fjármálaráðherra ákveður hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefir gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki fjármálaráðherra, að hafa 2 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hvor flokkur þá vera stærri en 2½ miljón

krónur. Fyrstu fjögur árin, eftir að 5. flokkur er settur á stofn, veitist tillag til þessara veðdeildarflokka úr ríkissjóði, 8000 kr. á ári.

14. gr. hljóðar svo:

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er $^1/_2\%$ á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó svo, að ávalt standi á 100 krónum, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum hlutaðeigandi flokks eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sje veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr. hljóðar svo:

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti af afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.

Nd. **116. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Flutningsm.: Árni Jónsson, Jakob Möller, Tryggvi Þórhallson, Ólafur Thors, Magnús Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 40, 20. júní 1923, orðist svo:

Í öllum kaupstöðum landsins, og sömuleiðis í hverju því kauptúni, sem hefir 500 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemtanir, sem aðganga er seld að.

2. gr.

a-liður 2. flokks 2. gr. laganna orðist svo:

a. Dansleikar allir, sem fram fara á opinberum stöðum, hvort sem haldnir eru fyrir fjelaga einstakra fjelaga eða allan almenning.

3. gr.

Aftan við c-lið 3. gr. komi nýr málsliður:

Undanþágа þessi nær þó ekki til innanfjelagsdansleika.

4. gr.

Aftan við 3. gr. bætist nýr liður:

d. Dansleikar skóla, annara en dansskóla, og skólafjelaga, enda fari þeir fram í herbergjum hlutaðeigandi skóla og sjeu fyrir nemendur og kennara eina ásamt gestum þeirra.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 40, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sjer tvær höfuð-breytingar á núgildandi lögum, og miða báðar að því að auka tekjur af skemtanaskatti og flýta fyrir því, að reist verði þjóðleikhús.

Önnur breytingin er sú, að láta lögin ná til fleiri kauptúna en nú gera þau, enda verður ekki sjeð, að rjettlátt sje, að þeir kaupstaðir einir, er hafa 1500 íbúa eða fleiri, beri kostnaðinn af stofnun og rekstri þjóðleikhússins. Hinsvegar þykir ekki taka því að skattskylda til þjóðleikhússjóðs kauptún, sem hafa minna en 500 íbúa.

Hinni breytingunni er ætlað að ráða bót á því, að eins og núgildandi lög eru úr garði gerð, eru nálega allir dansleikar undanþegnir skemtanaskatti, með því að fjöldi þeirra er haldinn í nafni ýmsra fjelaga. Er bersýnilegt, að slíkum skemtunum á síst að hlífa við skatti.

Nd. **117. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924. [Gengisviðauki].

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

25% gengisviðauki sá, er ræðir um í lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, skal lækka 1. júlí 1926 niður í 15%, og falla alveg niður í árslok 1926.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926. Lög nr. 2, frá 27. mars 1924, og lög nr. 37, 27. júní 1925, skulu falla úr gildi 31. des. 1926.

Greinargerð.

Hinir afarþungbæru skattar, sem á voru lagðir 1924, hafa að sjálfsögðu aukið að mun dýrtíðina í landinu, og afnám þeirra mundi ljetta mikið afkomu almennings. Dugir ekki að einblína á það, þótt ríkissjóður missi þar nokkurs í, heldur verður líka að taka tillit til þess, hvort landsmenn eru færir um að bera skattabyrðar þær, sem nú hvíla á þeim, eða ekki.

Upphaflega var gengisviðaukanum aðeins ætlað að vera til bráðabirgða, meðan sterlingspundið væri skráð á 25 kr. eða hærra, svo sem lögin frá 1924 bera með sjer. Á síðasta þingi var þessu að vísu breytt og takmörkun sú, er snertir gengi á sterlingspundi, numin burt, en lögunum þó ekki ætlað að standa lengur en til ársloka 1927.

Þar sem hin upphaflega ástæða fyrir gengisviðaukanum er nú úr sögunni, þá þykir rjett að láta skattinn falla niður frá næstu áramótum.

Nd. **118. Frumvarp**

til laga um afnám laga um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

1. júlí 1926 skulu falla úr gildi lög nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og lög nr. 8, 27. maí 1925, um framlenging og breyting á sömu lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ástæðurnar fyrir afnámi verðtollsins eru hinar sömu og fyrir afnámi gengisviðaukans, nema að því leyti ríkari, að verðtollurinn hvílir enn þyngra á almenningi. Verðtollurinn var, eins og nafnið á lögunum bendir til, aðeins settur til bráðabirgða, en hefir þó staðið nú í nærfelt 2 ár.

Ed. **119. Nefndarálit**

um frv. til laga um kynbætur hesta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um það, að þörf sje á lögum um kynbætur hesta, og getur fallist á frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, að öðru en því, að í það

vantar ákvæði um, hvernig afla skuli tekna til að standast kostnað þann, sem óhjákvæmilega leiðir af kynbótastarfseminni, svo sem leiga fyrir kynbótahesta, girðingakostnaður o. s. frv.

Þá telur nefndin einnig rjettara, að í lögunum sje ákvæði um þóknun fyrir starf hrossakynbótanefnda. Starf þeirra verður allviðfangsmikið, ef kynbótaviðleitnin á að vera annað en kák, og virðist órjettmætt að ætla mönnum að vinna það endurgjaldslaust.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM.

Á eftir 6. gr. komi ný grein þannig:

Hreppsskilafundur ákveður þóknun fyrir starf hrossakynbótanefndar.

Öllum kostnaði við hrossakynbæturnar jafnar nefndin niður á folöld þau, sem fæðast í hreppnum á því ári. Skulu eigendur folaldanna greiða gjald þetta árlega til hrossakynbótanefndar á þeim tíma, er hún tiltekur. Gjaldið má taka lögtaki.

Greinatala frumvarpsins breytist samkvæmt þessu, verður 7. gr. 8. gr. o. s. frv.

Alþingi, 8. mars 1926.

Eggert Pálsson, form.	Ágúst Helgason, skrifari og frsm.	Gunnar Ólafsson.

Nd. **120. Breytingartillögur**

við frv. til laga um framlag til kæliskipskaupa o. fl.

Flutningsmenn: Sveinn Ólafsson, Þorleifur Jónsson, Halldór Stefánsson, Benedikt Sveinsson, Ásgeir Ásgeirsson.

1. Á eftir 3. gr. komi ný 4. gr., þannig:
   Ríkisstjórnin lætur ennfremur byggja sjerstakt skip til strandferða, hæfilega stórt (um 160 fet að lengd), útbúið kælirúmi, sem svari 2000 teningsfetum, og farþegarúmi fyrir 40—50 menn. Má til skipsbyggingarinnar verja alt að 400000 kr. úr ríkissjóði. Byggingu skipsins skal lokið svo snemma, að það geti hafið strandferðir vorið 1927.
2. 4. gr. frumvarpsins verður 5. gr.
3. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:
   Frumvarp til laga um framlag til kæliskipskaupa og byggingar strandferðaskips.

Nd. **121. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaða.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Við Jarðfallsvík í Málmey í Skagafjarðarsýslu, á Melstað í Selárdal í Barðastrandarsýslu og í Leirhöfn á Sljettu í Þingeyjarsýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðanna samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **122. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

16. gr. laga nr. 43, 3. nóv. 1915, orðist svo:

Meðan völntun er á mönnum, er tekið hafa vjelstjórapróf samkvæmt lögum þessum, er atvinnumálaráðuneytinu heimilt að veita mönnum, sem fengið hafa vjelstjóraskírteini í öðrum löndum, samkvæmt þar gildandi lögum, skírteini þau, sem ræðir um í 5., 7., 9. og 11. gr., en þess sje þó gætt, að til þess að öðlast hið útlenda skírteini hafi orðið að fullnægja eins miklum kröfum eins og til að öðlast hið íslenska, sem um er sótt.

Sama rjett eiga þeir íslenskir ríkisborgarar og aðrir, sem sömu rjettinda njóta, sem lokið hafa vjelstjóraprófi erlendis.

Heimilt er ráðuneytinu og, meðan svo stendur á sem í byrjun 1. málsgr. segir, að veita efnilegum kyndurum undirvjelstjóraskírteini á fiskigufuskipum með minna en 900 hestafla vjel, þó aðeins til eins árs í senn. Beiðni um slík skírteini skulu fylgja meðmæli samkvæmt 5. gr. b.

Þá er ráðuneytinu og heimilt, meðan svo er sem til er skilið í byrjun 1. málsgr., að veita manni yfirvjelstjóraskírteini samkvæmt 7. og 11. gr., þótt hann hafi ekki verið nema eitt ár undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 200 hestafla vjel, ef hann að öðru leyti fullnægir kröfum 7. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **123. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins.

Flutningsmaður: Jörundur Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að kjósa þriggja manna milliþinganefnd í sameinuðu þingi, með hlutfallskosningu, til þess að athuga og endurskoða alla landbúnaðarlöggjöf vora og gera tillögur um að samrýma hana, og ennfremur að gera tillögur um nýja löggjöf í ýmsum greinum landbúnaðarins, er miklu máli skifta, svo sem:

1. Lög fyrir Búnaðarfjelag Íslands.
2. — um not á erfðafestulöndum og leigulóðum.
3. — um stofnun nýbýla og skifting jarða í því skyni.
4. Athuga, hvort ekki muni rjett að breyta lögunum um búnaðarskólana í þá átt, að nemendum verði gert að skyldu að stunda verklegt nám í skólunum eða í sambandi við þá.
5. Endurskoða jarðræktarlögin samkv. 43. gr. nefndra laga.
6. Endurskoða lög um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 1884.
7. Gera tillögur um alt það, er nefndinni líst geti orðið til að auka og flýta fyrir ræktun landsins og landbúnaðinum yrði til styrktar og eflingar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði. Útgjöld fyrir aðstoð við nefndarstörfin og til þess að útvega upplýsingar skal telja til nefndarkostnaðar.

Nd. **124. Nefndarálit**

um frv. til laga um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefir haft mál þetta til meðferðar nú um hríð, rætt það á mörgum fundum og auk þess hafa nefndarmenn varið allmiklum tíma til athugunar á málinu.

Einnig hefir nefndin kynt sjer brjef þau frá hreppsnefndum víðsvegar á landinu, sem stjórnarráðinu hafa borist, þar sem hreppsnefndirnar láta í ljós álit sitt um það, hverjar sjeu nauðsynlegastar breytingar á útsvarslöggjöfinni og raunar fleiri ákvæðum sveitarstjórnarlaganna.

Þessir eru nú yfirleitt taldir mestir gallar á útsvarslöggjöfinni:

1. *Að* lög um þetta efni sjeu í svo mörgu lagi, að vart verður tölu á komið, *að* önnur ákvæði gilda fyrir sveitir en kaupstaði og *að* lagaákvæðin fyrir kaupstaðina sjeu auk þess hvert öðru frábrugðin.

2. *Að* heimildin til að leggja útsvör á menn utan heimilissveitar sje orðin alt of víðtæk.
3. *Að* niðurjöfnunarnefnd í atvinnusveit bresti venjulega allan kunnugleik til að leggja á utansveitarmenn eftir efnum og ástæðum.
4. *Að* fardagaárið sje reikningsár hreppanna.

Allir munu vera sammála um það, að það valdi miklum erfiðleikum, hvað lagaákvæðin um útsvarsskylduna eru í mörgu lagi og mismunandi á hinum ýmsu stöðum og að það sje nauðsynjaverk að samræma og draga saman í eina heild lög um þetta efni.

Með frv. því, sem hjer liggur fyrir, er ráðin bót á þessu. Samkvæmt því eiga ein og sömu lög um öll útsvarsmálefni að gilda fyrir land alt.

Annar höfuðgallinn á útsvarslöggjöfinni er sá, hvað heimildin til þess að leggja útsvör á menn utan heimilissveitar er orðin víðtæk.

Nú getur sami maður orðið skyldur til að greiða útsvar sama árið vegna dvalar utan heimilissveitar á mörgum stöðum.

Það kemur þráfaldlega fyrir, þegar svona stendur á, að rjettur heimilissveitar til þess að leggja útsvar á slíkan mann er gersamlega fyrir borð borinn, því þau útsvör, sem lögð eru á hann utan heimilissveitar, án þess að vita nokkuð til hlítar um hagi hans, eru oft svo há, að gjaldþoli hans er ofboðið með því.

Það er ekkert ónáttúrlegt, þótt mjög hafi brytt á óánægju út af þessu upp á síðkastið.

Því er ekki að leyna, að heimild sú, sem Reykjavíkurbæ var veitt 1924 til þess að leggja útsvör á utansveitarmenn, sem þar eru lögskráðir á skip, hefir aukið mjög á óánægjuna, þó meiri hl. nefndarinnar, Á. J., J. Bald. og J. K., telji þá óánægju ekki alls kostar rjettmæta.

Það er almannarómur, að nauðsynlegt sje að ráða bót á þessu, þannig, að rjettur gjaldþegns og heimilissveitar sje betur tryggður en hann er nú.

Það er mjög alment litið svo á, að heppilegasta lausnin í þessu máli sje sú, að það skerði ekki rjett heimilissveitar til þess að leggja fult útsvar á menn og njóta þess, þó þeir kunni að dvelja eitthvað utan heimilissveitar og stunda þar atvinnu að einhverju leyti; því aðalskyldurnar gagnvart þessum mönnum hvíla vitanlega á heimilissveitinni, og það þykir æfinlega fara best á því, að saman fari skyldur og rjettindi.

Því er ekki að neita, að með þessu frv. er að sumu leyti bætt úr þeim ágöllum á útsvarslöggjöfinni, sem nú hefir verið lýst. Samkv. frv. verða þeir, sem stunda atvinnu utan heimilissveitar, ekki útsvarsskyldir í atvinnusveit, nema þeir hafi dvalið þar í 3 mánuði, haft þar 2000 kr. tekjur, að þeir eigi að greiða heildarútsvar, sem fari fram úr 20 kr., og að útsvarið er á þá lagt í heimilissveit.

Með þessum takmörkunum þykir allsherjarnefnd of skamt gengið í áttina til þess að tryggja rjett heimilissveitar, og það því fremur, sem útsvarsskyldan er að öðru leyti færð út á miklu víðara svið en verið hefir, með því að nú á útsvarsskyldan alment að ná til utansveitarmanna þar sem þeir eru lögskráðir á skip.

Nefndinni þykir því hlýða að bera fram tillögur, sem ganga í þá átt, að menn, sem stunda atvinnu utan heimilissveitar, verði þar ekki útsvarsskyldir, nema sú atvinna sje sjerstaklega arðsöm.

Einnig virðist nefndinni rjettmætt að gera nokkurn mun á því, hvort menn verða útsvarsskyldir fyrir það að stunda atvinnu í landi eða sem lögskráðir á skip.

Það eru svipuð ákvæði um það í þessu frv. og í núgildandi lögum, hvaða atvinnurekstur orki útsvarsskyldu í atvinnusveit og hve langan tíma þurfi til þess, að sá atvinnurekstur verði þar útsvarsskyldur. Ein veruleg undantekning er þó í frv. frá ákvæðum gildandi laga í þessu efni. Það eru ákvæðin í 9. gr., um það, þegar afli er lagður á land utan heimilissveitar útgerðarmanns.

Samkv. þessum ákvæðum getur sveit gert kröfu til útsvars, ef afli er lagður á land utan heimilissveitar útgerðarmanns 4 vikur *samtals* á gjaldárinu.

Samkv. núgildandi lögum má leggja útsvar á þilbátaútgerð eða bátfiski, ef rekið er 4 vikur samtals, en útsvarsskyldan nær alls ekki til þessa atvinnurekstrar, ef heimilissveit útgerðarmanns er innan sömu sýslu eða við sama fjörð og flóa og staðurinn þar sem útgerðin er rekin. Í gildandi lögum um þetta efni svarar rekstur útgerðar til ákvæðanna í frv. um að leggja afla á land.

Nú er þessu undantekningarákvæði í sama sýslufjelagi, eða við sama fjörð og flóa, kipt í burtu, án þess, að nokkuð komi í þess stað, og tímatakmarkinu breytt.

Þetta hvorttveggja veldur því, að heimildin til að skifta útsvari milli sveita eða færa út útsvarsskylduna er að þessu leyti líka á sviði atvinnurekstrarins aukin að verulegum mun, og viðurkennir nefndin, að þessi ákvæði geti komið nokkuð hart niður á mönnum undir vissum kringumstæðum, en minni hluti nefndarinnar, P. O., telur breytinguna að þessu leyti allsendis óhæfa, og þar sem einnig að öðru leyti leiðir af henni hið mesta ranglæti, þá ber hann fram breytingu í þá átt, að fella þetta ákvæði frv. niður.

Í frv. er tekin upp sú meginregla, að útsvar sje einungis lagt á gjaldþegn hvern á einum stað, í heimilissveit hans, og að þar sje lagt á allar tekjur hans, hvar og hvernig sem þeirra er aflað.

Útsvarinu á svo að skifta milli heimilissveitar og atvinnusveitar, þegar skilyrði til þess eru fyrir hendi.

Nefndin telur, að þessi ákvæði sjeu til mikilla bóta, sjerstaklega þegar um það er að ræða, að einstakir menn hafa orðið útsvarsskyldir í atvinnusveit fyrir það, að þeir hafa stundað þar atvinnu. Þá er rjettur þeirra miklu betur trygður en nú.

Nefndinni virðist, að undir þessa meginreglu geti og vel komið atvinnurekstur allur annar en sá, sem bundinn er að einhverju leyti við afnot fasteigna.

Undantekningar eru þó nokkrar frá þessari meginreglu, og er sú helst, að leggja má á fasta atvinnustofnun þar í sveit, þótt atvinnurekandi sje heimilisfastur annarsstaðar. Þetta er af hallkvæmisástæðum gert, og fellst nefndin á, að þetta sje rjettmætt, en meiri hluti lítur hinsvegar svo á, að samskonar ákvæði ættu einnig og ekki síður að gilda, þegar svona er ástatt, um jarðarafnot, ábúð á jörð og önnur staðbundin jarðarafnot.

Hvað viðkemur skiftingunni á útsvörum milli heimilissveitar og atvinnusveitar, þá kemur meiri hluti nefndarinnar ekki auga á aðra leið en þessa, sem tryggi það betur, að hver sveit fái sinn hlutfallslega skerf, en hitt dylst nefndinni

ekki, að framkvæmdin á þessu verður allerfið og að það muni kosta allmikla fyrirhöfn á ýmsan veg að afla þeirra gagna, sem nauðsynleg eru til þess að leggja til grundvallar fyrir skiftingunni.

Samkv. gildandi lögum er almanaksárið reikningsár allra kaupstaðanna. Það er og mjög almenn ósk, að samskonar ákvæði verði tekin upp fyrir sveitirnar líka. Það er nú orðið meginregla að gera upp alla reikninga við áramót, og fellur það því betur saman við þessa meginreglu, að svo sje þessu einnig háttað um hreppareikningana. Það eru og fleiri stoðir, sem hníga undir það, að heppilegt sje, að reikningsárinu sje breytt. Þegar lögin um tekju- og eignarskatt voru samþykt, var lausafjártíund úr lögum numin og þar með kipt í burtu þeim grundvelli, sem hreppsnefndir víðsvegar um land höfðu að nokkru stuðst við um útsvarsálagningu. Í stað fasteignar- og lausafjártíundar komu skýrslur um tekjur og eign, en þær eru orðnar hjer um bil ársgamlar þegar niðurjöfnunarnefnd getur notfært sjer þær, og eru því þegar af þessari ástæðu orðnar óábyggilegar sem mælikvarði á efni og ástæður útsvarsgreiðanda þegar niðurjöfnun fer fram.

Með breytingunni á reikningsárinu og niðurjöfnun útsvara á tímabilinu febr.—maí er bætt úr þessum ágalla. Þá getur niðurjöfnunarnefnd haft til hliðsjónar nýjar skýrslur um tekjur og eign, og því betri aðstöðu hefir niðurjöfnunarnefnd til þess að notfæra sjer skýrslurnar, þar sem hún á nú samkv. frv. að hafa aðgöngu að framtalsskýrslunum sjálfum.

Samkvæmt þessu frv. verður það aðalreglan að leggja til grundvallar fyrir niðurjöfnun útsvara efni manna og ástæður á árinu næsta á undan niðurjöfnuninni, útsvarsárinu (sbr. skýringarnar í 1. gr.), og virðast niðurjöfnunarnefndir hafa á þann hátt yfirleitt fastara undir fótum við niðurjöfnunina en með núverandi fyrirkomulagi.

Niðurjöfnunartíminn febr.—maí getur að vísu valdið óþægindum þar, sem svo hagar til, að margir menn dvelja utan heimilissveitar á þessu tímabili, t. d. við sjóróðra eða því um líkt, en með breytingu á 21. gr. má greiða úr þessu.

Það mun að sjálfsögðu reynast mikið vandaverk að koma svo fyrir í einu lagi löggjöf um þetta efni, að vel megi við una, svo mjög sem skoðanir manna eru skiftar um þessi mál.

Þó að nefndin hafi ýmislegt við frv. að athuga, eins og að framan segir og breytingartillögurnar bera með sjer, þá hefir hún fallist á stefnu frv. í aðalatriðum og telur, ef breytingartillögurnar verða samþyktar, að veruleg bót sje ráðin á verstu annmörkunum á núgildandi útsvarslöggjöf.

Nefndin er sammála um það, að frumvarpið sje vel undirbúið, framsetning efnisins skýr og skipuleg.

Þess skal getið, að nefndarmenn eru ekki allskostar ánægðir með sum ákvæði frv., þótt þeir beri ekki fram fleiri brtt. en þessar. Þó mun einn nefndarmanna, J. Bald., koma fram með brtt. um einstök atriði.

Loks skal þess getið, að einn nefndarmanna, P. Þ., hefir að vissu leyti sjerstöðu í þessu máli, og mun hann bera fram breytingartillögur þar að lútandi.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 8. gr. Í stað orðanna »skipseiganda . . . . . útgerðarmanns« í niðurl. 1. málsgr. komi: skips, eða ef þess er ekki kostur, þá þar sem útgerð er rekin.
2. Við 8. gr. Á eftir a-lið kemur nýr stafliður:
   Ef hann hefir leiguliðaafnot af landi, þótt ekki fylgi ábúð, þar með talin laxveiði, ábúð á jörð eða jarðarhluta, lóðarafnot, ef þau gefa arð, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.
3. Við 9. gr. a. Fyrir »a. og b. liðar« í tölul. 1. kemur: a.—c. liðar.
   b. Orðin »leiguliðaafnot . . . . . ef þau gefa arð« í tölul. 1. falli burt.
   c. Fyrir »2000 kr.« í tölul. 2. komi: 3000 kr.
   d. Á eftir tölulið 2. kemur nýr töluliður:
   Ef maður er lögskráður á skip utan heimilissveitar að minsta kosti 3 mánuði af gjaldárinu samfleytt í sömu sveit og hefir fengið kaup, að minsta kosti 5000 kr., þar í talin hlunnindi þau, er getur um í 2. tölulið, reiknuð eins og þar segir.
4. Við 10. gr. a. Fyrir »2. tölul.« í 1. málsgr. komi: 2. og 3. tölul.
   b. Fyrir »3. tölul.« í 2. málsgr. komi: 4. tölul.
5. Við 11. gr. Fyrstu málsgrein skal orða svo:
   Öllum þeim, er í 8. gr. a. og b. og 9. gr. segir, er skylt að senda sveitarstjórn í atvinnusveit eða dvalarsveit skýrslu um atvinnu sína þar og dvöl, eignir sínar þar og tekjur, atvinnutíma og dvalartíma o. s. frv., eftir því sem við á, þeim, er í 8. gr. getur, fyrir febrúarlok, en hinum áður en þeir hverfa aftur úr atvinnusveitinni.
6. Við 12. gr. a. Aftan við fyrstu málsgrein bætist:
   Þó svo, að ef útsvör eru hærri í þeirri sveit, sem í er flutt, getur niðurjöfnunarnefnd þar jafnað útsvarsaukanum á gjaldþegn með aukaniðurjöfnun.
   b. Fyrir »tekjum« í þriðju málsgrein kemur: eignum.
7. Við 16. gr. a. Þriðji málsliður (»Hafa skal . . . . . með hreppsnefnd«) fellur niður.
   b. Síðari málsgrein skal orða svo:
   Heimilt er sýslunefnd að ákveða þóknun fyrir niðurjöfnunarstörf í hreppum, þó ekki yfir 5 kr. á dag til hvers nefndarmanns. Þóknun þessi greiðist úr hreppssjóði.
8. Við 21. gr. Á eftir fyrri málslið bætist:
   Þó getur atvinnumálaráðuneytið heimilað hreppsnefnd, eftir beiðni hennar, að láta aðalniðurjöfnun útsvara fram fara síðar á árinu, ef ríkar ástæður mæla með því.
9. Við 27. gr. Fyrstu málsgrein skal orða svo:
   Gjalddagar útsvara eftir aðalniðurjöfnun skulu vera tveir. Í hreppum skal greiða annan helming útsvara 15. júlí, en hinn helminginn 15.

október. Í kaupstöðum skal greiða annan helming útsvara fyrsta virkan dag næsta mánaðar eftir lok niðurjöfnunar, en hinn helminginn 1. september. Nú er heimilað að jafna síðar niður en 15. júlí, sbr. 21. gr., og ákveður þá hreppsnefnd gjalddaga.

Alþingi, 10. mars 1926.

Jón Kjartansson, form.	Árni Jónsson, fundaskrifari.	Jón Baldvinsson.
Pjetur Þórðarson, með skírskotun til niðurlagsorðanna í nefndarál.		Pjetur Ottesen, framsögum.

Nd. **125. Breytingartillaga**

við frv. til laga um útsvör.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (P. O.).

Við 9. gr.

Orðin »svo og ef skip . . . . af gjaldárinu« í niðurlagi 1. tölul. falli burt.

Nd. **126. Frumvarp**

til laga um skyldu útgerðarmanns til að tryggja fatnað og muni lögskráðs skipverja.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Útgerðarmaður gufuskips skal skyldur að tryggja fatnað og muni hvers lögskráðs skipverja, ef skipi hlekkist á, það strandar, eldur kemur upp í því eða það ferst, fyrir eigi lægri fjárhæð en 800 kr.

Sömu skyldu hefir útgerðarmaður mótorskips og mótorbáts, nema mótorbátur sje minni en 20 smálestir, en þá skal trygging á munum og fatnaði hvers lögskráðs skipverja eigi nema lægri fjárhæð en 400 kr.

2. gr.

Iðgjald fyrir tryggingu greiðir útgerðarmaður, og má hann eigi draga það af kaupi eða hlut skipverja.

Ríkissjóður greiðir hálft iðgjald fyrir tryggingu á fatnaði og munum skipverja á mótorbátum, sem eru 20 smálestir og minni.

3. gr.

Ef skipi hlekkist á, það strandar, eldur kemur upp í því eða skip ferst og fatnaður og munir skipverja farast eða brenna, þá skal greiða skipverjum tryggingarfjárhæðina að fullu.

Bjargist fatnaður og munir að nokkru, skal greiða skipverjum af tryggingarfje eftir mati dómkvaddra manna skemdir eða tap á fatnaði eða munum.

Við tryggingarfje þeirra, er farast, taka erfingjar.

4. gr.

Vanræki útgerðarmaður að tryggja muni og fatnað skipverja samkvæmt lögum þessum, skal hann eigi að síður skyldur til að greiða tryggingarfje eftir 3. gr. Sjóveð í skipi, eða vátryggingarfje skips, sje trygging fyrir skaðabótagreiðslum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

Greinargerð.

Hjá sjómannastjettinni eru slysin því miður tíð og margvísleg. Við fje verða fæst þeirra bætt. En þó er skylt að gera alt til þess að draga úr afleiðingum þeirra; þetta frv. miðar í þá átt.

Oft verður strand og árekstur þannig, að menn bjargast að vísu, en svo naumlega, að þeir sleppa aðeins lítt klæddir og láta að mestu eða öllu leyti fatnað sinn og muni. Þetta er mönnum stórskaði, því hlífarföt eru dýr, og á togurum og stórum mótorbátum hafa menn og nokkuð af munum og algengum fatnaði um borð.

Rjett þykir, að útgerðarmaður hafi skyldu til að tryggja muni og fatnað skipverja og greiði frá sjálfum sjer öll iðgjöld. Þó er stungið upp á því, að ríkissjóður greiði hálft iðgjald fyrir útgerðarmenn mótorbáta, sem minni eru en 20 smálestir. Mun og dýrara að tryggja á slíkum bátum en t. d. togurum; hættan talin þar meiri.

Frv. er flutt samkvæmt beiðni Sjómannafjelags Reykjavíkur, og fylgir hjer með sem fylgiskjal brjef frá formanni fjelagsins viðvíkjandi þessu máli.

Fylgiskjal.

»Reykjavík, 6. mars 1926.

Herra alþingismaður Jón Baldvinsson.

Á fundi Sjómannafjelags Reykjavíkur 25. f. m. var samþykt af öllum viðstöddum fundarmönnum eftirfarandi ályktun:

»Fundurinn samþykkir að skora á Alþingi, að trygt verði með lögum, að íslenskir sjómenn fái greitt andvirði fatnaðs síns og muna, sem þeir kunna að missa við strand, eldsvoða eða önnur atvik, sem valda því, að menn missa fatnað sinn og muni, þó þeir sjálfir haldi lífi.

Fundurinn felur þingmanni flokksins að bera fram frumvarp til laga á þessu þingi um þetta efni«.

Tilefni þessarar ályktunar er í stuttu máli þetta:

Þegar að skip stranda, sökkva af árekstri, eldur kemur upp í skipi eða skip ferst, og skipverjar í flestum tilfellum bjarga lífi sínu, þá missa þeir þó ávalt mikið verðmæti, sem er fatnaður þeirra og aðrir nauðsynlegir munir, er þeir hafa með sjer á sjóinn. Enda þótt ekki væri annað en fatnaðurinn einn um að ræða, er það ærið nóg tap fyrir fátæka menn að verða fyrir.

Á öllum stærri skipum hafa menn fatnað meðferðis, er nemur frá 500—800 hundruð króna virði, og auk þess ýmsa nauðsynjamuni sjer til gagns og skemtunar. Það verður því mjög tilfinnanlegt tap fyrir fátæka menn að missa þetta verðmæti, þó þeir sjálfir haldi lífi.

Síðasta dæmið: Ása strandar í desember s. l., skipverjar bjargast naumulega, án þess að geta bjargað nokkru af fatnaði sínum. Engum ber lagaleg skylda til að greiða þeim þetta tjón. Til ríkisstjórnarinnar hefir verið leitað og hún neitað, og útgerðarmaður skipsins hefir ekki látið neitt af mörkum. Í öllum tilfellum þessum líkum hafa skipverjar fyrr og síðar orðið að bera skaða sinn, þó skip og farmur sje vátrygt af hálfu þeirra, sem eiga.

Í nágrannalöndum vorum hafa útgerðarmenn skipa fallist á að tryggja fatnað og muni skipverja þeim að kostnaðarlausu.

Hjer hjá okkur teljum við öruggustu leiðina, svo að öllum farmönnum og fiskimönnum á landinu komi að gagni, að fá ákveðið með lögum þessa tryggingarskyldu á hendur útgerðarmönnum.

Við viljum því hjer með, fyrir hönd Sjómannafjelags Reykjavíkur og sjómannastjettarinnar í heild, fela yður að bera fram frumvarp á Alþingi um þetta efni.

Reykjavík, 6. mars 1926.

F. h. stjórnar Sjómannafjelags Reykjavíkur.
Sigurjón A. Ólafsson, formaður«.

Nd. **127. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um útsvör.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (P. Þ.).

1. Við 4. gr. a. Í fyrstu málsgr. á eftir orðunum »afgangs skuldum« komi: Svo og ef lögboðnir skattar til sveitarsjóðs hvíla sjerstaklega á eignum.

b. Aftan við 1. lið bætist:

Að öllu þessu athuguðu skal gjaldskyld eignafjárhæð aðilja ákveðin.

c. Við 2. lið. a. Á eftir orðunum »síðastliðið ár« komi: til þeirra teljast hverskonar arður, höpp og hagsmunir, sem metnir verða til verðmætis.

b. Í stað »6.« komi: 4.

c. Í stað »25.« komi: 22.

d. Í stað »kostnaður og áhætta« komi: og kostnaður.

d. 3. liður orðist svo:

Ástæður aðilja að öðru leyti, svo sem vexti og kostnað af skuldum, ómegð, vanheilsu, slys, dauðsföll, tap á ábyrgðum, sjerstakan uppeldiskostnað eða menningarkostnað barna hans, er nauðsynlegan má telja eða venjulegan, og sjerhvað annað, er telja má til sjerstakra útgjalda og lækkunar tekjum hans.

e. Niðurlag greinarinnar verði:

Að athuguðum 2. og 3. lið, skal gjaldskyld teknafjárhæð aðilja ákveðin.

f. Greinin verði 9. gr. og upphaf IV. kafla.

g. Á eftir 4. gr. komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:

10. gr.

α. Heimilt er að jafna niður nokkrum hluta útsvara með persónugjaldi á hvern verkfæran mann, heimilisfastan í sveitinni, þó ekki yfir 10 kr. á hvern.

11. gr.

β. Þegar útsvörum er jafnað niður, skal finna meðal-hundraðshluta þeirrar upphæðar, er jafna þarf niður, í mismunandi hlutfalli við eign annarsvegar og tekjur hinsvegar, lægra hlutfallið við eign, en hærra hlutfallið við tekjur; munurinn má þó ekki meiri vera en 1 á móti 7.

Þegar finna skal útsvarsupphæð hvers gjaldanda, skal hækka og lækka meðal-hundraðshluta eftir því sem hæfa þykir, þ. e. búa til gjaldstiga, þó þannig, að eign með lægsta hundraðsgjaldi má eigi meiri vera en 5000 krónur og stigmunur ekki minni en 5000 krónur. Tekjur með lægsta hundraðsgjaldi mega ekki meiri vera en 1000 kr. og stigmunur ekki minni en 1000 kr.

Gjaldstigi, sem saminn er við aðalniðurjöfnun, gildir fyrir aukaniðurjöfnun síðar á árinu. Ef aukaniðurjöfnun fer fram fyr á árinu en aðalniðurjöfnun, þá gildir gjaldstigi síðasta árs.

Útsvarsupphæð, sem fram kemur eftir reglunum í

þessari grein, má hækka eða lækka að því leyti, sem hún stendur ekki á heilum eða hálfum tug króna.

2. Við 5. gr. Greinin verði 12. gr.

3. Við 6. gr. a. Við A. III. c. Aftan við liðinn bætist:
Þar með taldar bústofnslánadeildir.

b. Við B. 2. Í stað niðurlagsorðanna »eða hafa hjer . . . . . arð gefa« o. s. frv. komi: eða hafa hjer laxveiðinot eða laxár á leigu, afnot lands eða lóða, eiga hjer eignir, er arð geta gefið o. s frv.

c. Á eftir B. 3. komi nýr liður:
C. Aðiljar, sem hvergi teljast heimilisfastir.

d. Greinin verði 4. gr. og upphaf II. kafla.

4. Við 7. gr. Greinin verði 5. gr.

5. Við 8. gr. a. Niðurlag 1. málsgreinar, í stað »skipseiganda . . . . . útgerðarmanns« komi: skips, eða ef þess er ekki kostur, þá þar sem útgerð er rekin.

b. Í annari málsgrein fyrir »manns« komi: aðilja.

c. a-liður orðist svo:

1. Ef hann hefir heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, annarsstaðar en í heimilissveit, leiguliðaafnot lands, þótt ekki fylgi ábúð, ábúð á jörð eða jarðarhluta — þó ekki ítök eða hlunnindi, sem metin eru með jörð eða heimatekjum embættis í heimilissveit — laxveiði og lóðarafnot, ef þau gefa arð.

d. b-liður verði töluliður 2.

e. c-liður orðist svo:

3. Ef aðilji rekur atvinnu í fleirum sveitum en einni, enda taki fyrirmæli 1. og 2. liðar ekki til, og sje atvinnan ekki skemur rekin en 8 vikur. Svo og ef rekin hefir verið selveiði, hvalveiði, síldarkaup, síldarsala, síldarverkun eða síldarbræðsla, og verksmiðjuiðnaður hverskonar sem er, enda þótt skemur sje rekið.

f. d-liður orðist svo:

4. Ef maður stundar atvinnu eða er lögskráður á skip utan heimilissveitar sinnar, einungis að því leyti, sem hann fær meira kaup í einni sveit en 3000 krónur, þar með talið fæði og önnur hlunnindi, er hann kann að hafa haft, reiknað eins og skattanefnd í þeirri sveit telur það til tekjuskatts.

g. Á eftir d-lið komi tveir nýir töluliðir:

a. Ef skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda að minsta kosti 4 vikur samtals af gjaldárinu, enda má þá ekki að því leyti leggja þar útsvar á skipverja eftir ákvæðum 4. liðs. Útsvar eftir þessum lið má þó aldrei hærra vera en 1 af hundraði af verðgildi afla,

sem á land er lagður, að frádregnum þeim hluta hans, sem kann að tilheyra einhverjum gjaldþegni búsettum þar.

β. Ef gjaldþegn flyst búferlum milli sveita eða á samtímis lögheimili í tveim sveitum, enda hafi hann átt heima eða dvalist í hvorri eða hverri sveit eigi skemur en 3 mánuði á gjaldárinu. Þar skal leggja á erlend tryggingarfjelög, sem aðalumboðsmaður þeirra hjer á landi er heimilisfastur.

Að því leyti, sem lagt er á aðilja í atvinnusveit eða dvalarsveit eftir ákvæðum þessarar greinar, má ekki leggja á hann í heimilissveit hans.

b. Greinin verði 6. gr.

6. Við 9. gr. a. Í 1. málsgrein »Þó skal skifta — —« til enda greinarinnar falli burt.

b. Greinin verði 7. gr.

7. Við 10. gr. Greinin falli burt.

8. Við 11. gr. a. Í stað »9. gr.« komi: 6. gr., 3., 4, 5. og 6. lið.

b. Í stað »fyrir hver áramót« komi: áður en þeir fara úr sveitinni.

c. Greinin verði 8. gr.

9. Við 12. gr. 12., 13., 14. og 15. gr. falli burt.

10. Við fyrirsögn IV. kafla. Fyrirsögnin verði: V. kafli. Um niðurjöfnunarnefndir.

11. Við 16. gr. a. Í fyrri málsgrein »Skal hún kveðja — — úr skattanefnd« falli burt.

b. Síðari málsgrein orðist svo:

Í hreppum getur hreppsnefnd ákveðið sjer þóknun fyrir niðurjöfnunarstarf sitt, þó ekki yfir 5 kr. á dag til hvers nefndarmanns.

c. Greinin verði 13. gr.

d. Greinatalan breytist eftir því.

12. V. kafli verði VI. kafli.

13. Við 29. gr. a. Í annari málsgrein, í stað »6. gr. B. 1.« komi: 4. gr. B. 1. og 6. gr. 4. lið.

b. Á eftir 2. málsgrein komi ný málsgrein:

Skipstjóri eða formaður skips ber ábyrgð á útsvari eftir 6. gr. 5. lið.

14. VI. kafli verði VII. kafli.

Nd. **128. Frumvarp**

til laga um veðurstofu á Íslandi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Veðurfræðistöð skal stofnuð og starfrækt á landi hjer. Skal hún nefnd veðurstofa Íslands og standa undir umsjón atvinnumálaráðuneytisins.

2. gr.

Starfssvið veðurstofunnar skal vera sem hjer segir:

a. Að safna gögnum til rannsókna á loftslagi landsins. Skal til þess hafa nægilega margar veðurstöðvar úti úm land, sem standa undir umsjón og eftirliti veðurstofunnar.
b. Að vinna úr veðurskýrslum frá veðurstöðvunum og gefa út veðurfarsskýrslur, er sýni skilyrði þau og takmörk, sem veðráttan setur atvinnuvegum landsins.
c. Að safna daglegum veðurskeytum, innlendum og erlendum, og senda út fregnir um veðurútlit. Skal einkum lögð stund á að vara við stormhættu á landi og a miðum úti og segja fyrir um úrkomu að sumrinu.
d. Að safna nákvæmum fregnum um hafís og senda út ísfregnir til skipa, þegar ástæða er til. Sama gildir og þegar eldgos og öskufall ber að höndum.
e. Að standa fyrir, í samráði við ríkisstjórnina, öllum þeim málum, sem snerta alþjóðasamvinnu í veðurfræði og Ísland varða að einhverju leyti. Hjer með er talin umsjón með því, að sem glegstar veðurfregnir sjeu sendar til annara landa frá hæfilega mörgum íslenskum veðurstöðvum.

3. gr.

Skylt er veðurstofunni að hafa eftirlit með landskjálfta- og segulmagnsmælingum (áttaskekkju), þegar þess er krafist af ríkisstjórninni og nauðsynleg fjárveiting er fyrir hendi.

4. gr.

Veðurfregnir, sem veðurstofan gefur út, skulu sendar með síma eða loftskeytum, svo fljótt sem föng eru á, og tafarlaust birtar á símastöðvunum. Setur atvinnumálaráðherra nánari reglur um, hvernig sendingu þeirra og birtingu skuli hagað; hann ákveður og gjald það, sem veðurstofan greiðir landssímanum fyrir veðurskeytin.

Sjerstakar fregnir um stormhættu, hafísa og öskufall skulu ganga fyrir öðrum skeytum, enda sjeu þau undanþegin símagjöldum.

5. gr.

Fastir starfsmenn skulu vera tveir veðurfræðingar, forstjóri og fulltrúi. Skulu báðir færir um að annast veðurspár, enda hafa nægilega þekkingu í þeim fræðigreinum, sem lúta að veðurfræði, þ. e. eðlisfræði, stærðfræði og jarðeðlisfræði, svo og landskjálfta- og segulmagnsmælingum. Engan má skipa veðurfræðing fyr en hann hefir verið eitt ár í stöðinni til reynslu. Ekki má hann gegna stöðunni lengur en tvö ár án þess að hafa fengið veitingu fyrir henni.

Atvinnumálaráðherra veitir þessi embætti.

6. gr.

Forstjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr., upp í 6000 kr.

Auk þess hefir forstjóri ókeypis íbúð í byggingu veðurstofunnar, sbr. 7 gr., enda hafi hann eftirlit með áhöldum hennar.

Byrjunarlaun fulltrúa skulu vera 4000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár, upp í 5000 kr.

Forstjóri og fulltrúi njóta báðir samskonar uppbótar á launum sínum og embættismenn landsins fá samkvæmt launalögum.

7. gr.

Svo fljótt sem ástæður leyfa skal reist sjerstök bygging fyrir veðurstofuna, á stað, sem er hentugur fyrir störf þau, sem hún hefir með höndum eða kunna að verða henni falin.

8. gr.

Lög þessi gilda frá 1. janúar 1927.

Ákvæði um stundarsakir.

Verði núverandi forstöðumaður veðuratbugana forstjóri veðurstofu Íslands, skulu árslaun hans þegar vera 6000 kr., auk uppbótar samkvæmt niðurlagi 6. gr.

Verði Jón Eyþórsson veðurfræðingur skipaður fulltrúi í veðurstofu Íslands, skulu árslaun hans vera 5500 kr., auk uppbótar samkvæmt niðurlagi 6. gr.

Greinargerð.

Máli þessu var hreyft á þingi 1917 og 1918. Var það samþykt í neðri deild bæði árin, en vísað frá í efri deild með rökstuddri dagskrá, þess efnis, að stjórninni skyldi falið að undirbúa það, þegar hún áliti það tímabært.

Þegar sambandslögin gengu í gildi, varð landið að taka við umsjón með veðurathugunum og greiða kostnað þann, sem af þeim leiðir. Frá 1872 fram að þeim tíma hafði danska veðurfræðistöðin annast veðurathuganir á Íslandi eins og í Danmörku og á Grænlandi. Sannleikurinn er því sá, að hjer hefir starfað veðurstofa síðan 1919, enda þótt engin lög mæli svo fyrir, og hefir verið veitt fje til hennar á ári hverju, síðastl. ár 40 þús. krónur. Enda þótt stofan hafi að mörgu leyti átt örðugt uppdráttar og vantað bæði nauðsynlegar veðurfregnir frá öðrum löndum og starfskrafta, mun mega fullyrða, að starf hennar gefi góðar vonir um allmikinn stuðning fyrir atvinnuvegi landsins í framtíðinni. Af því að svo miklu fje hefir verið varið til þessa fyrirtækis, þykir sjálfsagt að reyna að gera það svo úr garði, að sem mest gagn megi að verða, eða að öðrum kosti nema það af með öllu. Þetta síðarnefnda úrræði mun þó varla tiltækilegt, meðfram vegna þess, að það þykir siðferðileg skylda í hverju menningarlandi að halda uppi veðurathugunum og senda út veðurfregnir til nálægra landa. Gildir þetta ekki síst um íslensk veðurskeyti, sem eru alnauðsynleg fyrir veðurspár allra landa í Norðvestur- og Mið-Evrópu.

Ed. **129. Breytingartillaga**

við frv. til laga um kynbætur hesta.

Flutningsm.: Einar Árnason.

Við 2. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Rjett er konum að skorast undan kosningu.

Ed. **130. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 119 (Kynbætur hesta).

Flutningsm.: Einar Árnason.

Fyrir »Öllum kostnaði — lögtaki« komi:
Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, fóður, hagagöngu og umsjón kynbótahests eða leigu eftir hann, jafnar nefndin niður á folöld þau, sem fæðast í hreppnum á því ári, þó svo, að aldrei verði hærra gjald en 8 kr. á hvert folald. Skulu eigendur greiða gjald þetta árlega til hrossakynbótanefndar á þeim tíma, er hún tiltekur, og er gjaldið lögtakskræft. Nú verður kostnaðurinn meiri en hámarksgjaldi nemur á hvert folald, og greiðir þá hlutaðeigandi sveitarsjóður afganginn.

Nd. **131. Frumvarp**

til laga um löggilta endurskoðendur.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að löggilda endurskoðendur, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.:

1. Löggiltur endurskoðandi skal hafa náð lögaldri; hann skal vera fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.
2. Hann skal sanna fyrir ráðuneytinu, eða fyrir nefnd, sem atvinnumálaráð-

herra skipar, að hann hafi þá þekkingu á viðskiftum og reikningshaldi, sem krafist verður í reglugerð, sem ráðherra setur.

3. Hann má ekki reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega endurskoðunarstarfinu.

3. gr.

Ef löggiltur endurskoðandi missir fjárforræði sitt, eða mannorð hans flekkast, þá hefir hann fyrirgert löggildingunni. En ef hann fær aftur umráð yfir fje sínu, skal hann mega fá aftur löggilding sína.

4. gr.

Nú láta opinberir sjóðir, fjelög eða einstakir menn löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga sína, og skal þá sú endurskoðun jafngilda endurskoðun dómkvaddra manna.

5. gr.

Vilji dómstólar hafa röksamlega endurskoðun á reikningum og rekstri fyrirtækja eða á þrotabúum, skal að jafnaði hafa til þeirrar skoðunar löggilta endurskoðendur, ef til næst.

6. gr.

Löggiltur endurskoðandi skal heita því við drengskap sinn að vinna verk sitt eftir bestu vitund og ljósta ekki upp leyndarmálum.

7. gr.

Löggiltir endurskoðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið tiltekur nánar verksvið löggiltra endurskoðenda og sker úr, ef deilur verða um gjöld fyrir störf þeirra, ef aðiljar óska, enda verða þá slík mál ekki borin undir dómstólana.

Ed. **132. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um leigu á skipi til strandferða.

Frá samgöngumálanefnd.

Þar sem strandferðaskipið Esja fullnægir hvergi nærri flutningaþörfinni, virðist óhjákvæmilegt að fá skip til viðbótar. Leggur nefndin því til, að tillagan verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 11. mars 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Ágúst Helgason, fundaskrifari og frsm.	Sig. Eggerz.
Einar Árnason.	Jóhann Þ. Jósefsson.	

Ed. **133. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út ný bankavaxtabrjef.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr.
   Í staðinn fyrir »2½ miljón« komi: 3 miljónir.
2. Við fyrirsögnina.
   Fyrir orðin »ný bankavaxtabrjef« komi: nýja flokka (seriur) bankavaxtabrjefa.

Nd. **134. Breytingartillögur**

við frv. til laga um útsvör.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (J. Bald.).

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:
   Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sjerstakt sveitarfjelag, má þó eigi leggja viðbótarútsvar á 80 króna aðalútsvar eða lægra og annarsstaðar eigi á 40 króna útsvar eða lægra.
2. Við 6. gr. II. 1. Orðin »Eigi má . . . . . þetta efni« falli niður.
3. Við 17. gr. Orðin »konur geta skorast undan kjöri« falli niður.
4. Við 23. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Úrskurður yfirskattanefndar er fullnaðarúrskurður um útsvarsfjárhæð.
5. Við 24. gr. Greinin falli niður.
6. Við 26. gr. Orðin »eða atvinnumálaráðuneyti heldur« falli niður.
   Greinatala breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

135. Frumvarp

til laga um breytingar á lögum nr. 17, 4. júní 1924, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1. gr.

Aftan við kröfurnar um kunnáttu í dönsku, í 6. gr., bætist: svo og að geta skrifað nokkurnveginn rjett danskan stíl um samskonar efni og hefir verið lesið.

2. gr.

Aftan við kröfurnar um kunnáttu í ensku, í 6. gr., bætist: svo og að geta skrifað nokkurnveginn rjett enskan stíl um samskonar efni og hefir verið lesið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík, sem forstöðumaður skólans sendi ráðuneytinu með brjefi 22. október 1920, var meðal annars tekið fram, að við farmannaprófið ætti að gera stíl bæði í dönsku og ensku, enda hefir svo jafnan verið áður.

Við endurskoðun frumvarps þessa af mentamálanefndinni og kennurum stýrimannaskólans hafa af einhverju ógáti fallið burtu kröfurnar um stílagerð í dönsku og ensku, því það var einróma álit allra þeirra manna, sem frumvarpið ræddu, að stílar skyldu gerðir í þessum tungumálum, enda ber frumvarpið með sjer, að kröfurnar eru gerðar meiri en áður var. Fyrir því er sjálfsagt að fá ofannefnd lög endurbætt í þá átt, sem hjer er farið fram á.

136. Frumvarp

til laga um friðun Þingvalla o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1. gr.

Almannagjá og sá hluti Brúsastaða- og Þingvallakirkjulands, sem er austan hennar og Fjárhúsamúla, sunnan Ármannsfells og vestan Sleðaáss, Sleðaásgjár, Leirugjár, Háugjár og framhalds hennar, alt út til Þingvallavatns, að undanskildu Þingvallatúni, skulu tekin undan jörðunum að öllu leyti, þegar er þær losna úr núverandi ábúð, og vera friðlýstur almenningur.

2. gr.

Landsstjórnin sjer um, að svæði það, sem nefnt er í 1. gr., sje ákveðið nákvæmlega, og er henni heimilt að láta girða það fjárheldri girðingu.

3. gr.

Meðan jarðirnar Þingvellir og Brúsastaðir eru í ábúð þeirra manna, er nú hafa þar ábúðarrjett, skal landsstjórnin, ef þess er kostur, gera samn-

ing við þá um afsal afnotarjettar yfir hinu greinda svæði, að þeim blettum undanteknum, er hjer segir, æski ábúendur jarðanna þess: Í Brúsastaðalandi: Sá hluti Almannagjár, sem nefnist Hestagjá, og svæðið milli hennar og Þingvallavatns, fyrir suðvestan ystu þingbúðaleifar. Í Þingvallalandi: Lóð gistihússins »Valhallar« (120×80 álnir) og lóð undir sumarhúsi því, sem nú er í Fögrubrekku, meðan núgildandi leigurjettindi yfir þessum tveim lóðum eru í gildi; ennfremur slægjublettir þeir á Leirunum, sem núverandi ábúandi Þingvalla hefir látið girða.

4. gr.

Nú tekst landsstjórninni ekki að komast að viðunandi samningum við ábúendur Þingvalla og Brúsastaða um afsal samkvæmt 3. gr., og skal þá landsstjórnin taka greindan afnotarjett eignarnámi samkvæmt lögum, og skal núverandi ábúendum greidd uppbót fyrir skerðing landareignanna samkvæmt óvilhallra, dómkvaddra manna mati.

5. gr.

Til aðstoðar landsstjórninni ræður nefnd manna yfir hinu friðlýsta svæði. Í nefnd þessari eiga sæti þjóðminjavörður og þeir menn aðrir, er landsstjórnin skipar.

6. gr.

Verkefni þeirrar nefndar, er ræðir um í 5. gr., er að gera ráðstafanir til að verja hið friðlýsta svæði hverskonar skemdum. Samkvæmt tillögum hennar ákveður landsstjórnin með sjerstakri reglugerð um notkun þess og friðun. Ennfremur er landsstjórninni heimilt að ráða sjerstakan umsjónarmann með því, og setur hún honum þá erindisbrjef.

7. gr.

Í Þingvallaskógi eða annarsstaðar í þeim hluta Þingvallakirkjulands, er verður austan hins friðlýsta almennings og Ármannsfells, en sunnan Lágafells, má engin nýbýli taka upp nje reisa þar sumarbústaði án samþykkis landsstjórnarinnar.

8. gr.

Á svæði því, er nefnt er í 7. gr., skal skógur ekki högginn nje hrís nje lyng rifið, nema eftir fyrirmælum skógræktarstjóra, sem setur reglur um notkun skóglendisins, og skal hafa strangar gætur á, að farið sje eftir þeim.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 20—1000 kr. Slík viðurlög er landsstjórninni og heimilt að ákveða í reglugerð, settri samkvæmt lögunum. Með brot skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

31. mars 1925 skipaði ráðuneytið þá Matthías Þórðarson þjóðminjavörð, Geir Zoëga landsverkfræðing og Guðjón Samúelsson húsameistara í nefnd til þess að athuga og gera tillögur um það, hverjar framkvæmdir og ráðstafanir skuli gera á hinum forna alþingisstað, Þingvelli, og í nágrenni hans í framtíð, sjerstaklega fyrir árið 1930, með tilliti til væntanlegra hátíðahalda það ár vegna þúsund ára afmælis Alþingis.

Nefnd þessi hefir sent ráðuneytinu tillögur sínar, og þar á meðal frv. til laga um friðun Þingvalla og Þingvallaskógar.

Ráðuneytið hefir fallist á fyrstu 8 greinar frumvarps þessa, þykir rjett, að svæði það, er um ræðir í 1. gr. sje, friðlýstur almenningur, og telur ákvæðin um friðlýsing þessa svæðis að öðru leyti heppileg. Það þykir og rjett, að það sje bundið samþykki viðkomandi ráðuneytis, ef byggja á nýbýli eða sumarbústaði á svæði því, er um ræðir í 7. gr. Það getur verið efamál, hvort fyrirmælum 8. gr. verði að fullu beitt gegn ábúendum þeim, er nú sitja jarðir þær, er svæði það liggur undir, er um ræðir í þessari grein. En ekki virðist það fjarri sanni, að reglur verði settar til eftirlits með meðferð jarðanna, sem eru almenningseign, og aðalatriði er að ekki spillist.

En ráðuneytið hefir ekki fallist á 9.—11. gr. frumvarps nefndarinnar, þar er ákvæði eru um heimild til að leggja niður ábúð á nokkrum jörðum í Þingvallasveit. Ráðuneytið getur ekki sjeð að nein nauðsyn beri til þessa.

Alþingi mun verða gefinn kostur á að kynna sjer álit þingvallanefndarinnar.

137. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararjettar.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

Ríkisborgararjettur veitist eftirnefndum mönnum:

1. Claus Gerhard Nilsen, hafnarverkamanni í Reykjavík, fæddum í Noregi.
2. Júlíusi Schopka, verslunarfulltrúa í Reykjavík, fæddum í Þýskalandi, enda sanni hann innan árs frá því að lög þessi öðlast gildi fyrir dómsmálaráðherra, að hann sje leystur frá því að vera þýskur ríkisborgari.

Greinargerð.

1. Claus Gerhard Nilsen, hafnarverkamaður í Reykjavík, sem er fæddur í Trondenesprestakalli í Noregi 4. febr. 1886, kom hingað til lands árið 1905 og hefir dvalið í Reykjavík síðan.

2. Júlíus Schopka, verslunarfulltrúi í Reykjavík, sem er fæddur í Þýskalandi 15. febr. 1896, kom hingað til lands árið 1920 og hefir dvalið hjer síðan. Hann er kvongaður íslenskri konu. Það er venja, þegar um þýska menn er að ræða, að setja sem skilyrði, að þeir sjeu áður leystir frá því að vera þýskir ríkisborgarar.

Af þeim, sem stjórnin lagði til við síðasta Alþingi, að fengju íslenskan ríkisborgararjett, sbr. frumvarp á þingskjali 169—171, hafa aðeins þessir tveir menn sótt á ný um ríkisborgararjett, og verður að álítast rjett nú, eins og þá, að veita mönnum þessum hinn umbeðna ríkisborgararjett.

Nd. **138. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 21, 4. júní 1924. [Sauðfjárbaðanir].

Frá 1. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefndin hefir átt ítarlegt viðtal við dýralæknirn í Reykjavík um þetta mál. Er það álit dýralæknis í stuttu máli, að sjálfsagt sje, að Alþingi geri sem allra fyrst, og þá helst á þessu þingi, ráðstöfun til útrýmingar fjárkláðanum. En eftir að sú ákvörðun væri tekin, þyrfti um það 2 ár til undirbúnings útrýmingarböðuninni, til rannsóknar baðlyfja, er nota ætti til þeirrar böðunar, o. fl. Meiri hluti nefndarinnar (Á. J., H. Stef., Jör. B. og J. S.) er sammála dýralæknirnum um þetta atriði, og mun áður en langt um líður bera fram frv. um þetta mál, og fyrir þá sök fjölyrðum við ekki frekar um þetta atriði málsins nú.

En út af þessu frv. tók dýralæknir það fram, að hann teldi sjálfsagt að nema lögin frá 1914 og 1924 um sauðfjárbaðanir úr gildi og sauðfjáreigendur væru óháðir, hvort þeir böðuðu eða ekki, og frjálst að baða sauðfje sitt til þrifaböðunar úr hvaða baðefni, sem þeir kysu helst, þar til böðun til útrýmingar fjárkláðanum færi fram.

Við erum ekki algerlega sammála dýralæknirnum um þetta atriði. Við teljum að vísu, að rjett sje, að fjáreigendur sjeu nokkuð frjálsir að því, hvaða baðlyf þeir nota, og fyrir það berum við fram brtt. við 3. gr. laga frá 1914, er rýmkar nokkuð til fyrir sauðfjáreigendum í þessu efni, en við teljum í mesta máta óhyggilegt að gefa notkun allra baðlyfja algerlega frjálsa og látið sje með öllu afskiftalaust, á hvern hátt þrifaböðun fer fram frekar en lög nr. 40, 8. nóv. 1901, mæla fyrir um. Við teljum sjálfsagt, að þrifabaðanir á sauðfje verði framkvæmdar eftir föstu skipulagi, með þeim baðefnum aðeins, er til þess verða löggilt þar til reglulég fjárkláðaböðun fer fram. Með því móti er best sjeð fyrir því, að þrifabaðanir komi að góðum notum.

Af þessum ástæðum viljum við, að lög nr. 58, 30. nóv. 1914, fái að standa með þeirri breytingu á 3. gr., að auk þeirra baðlyfja, er atvinnumálaráðuneytinu kann að berast tillögur um til löggildingar, að þá verði heimilt að flytja inn og nota Coopers-duft.

Leggjum við þetta til fyrir þá sök, að víðsvegar af landinu hafa komið til þingsins eindregnar áskoranir frá sauðfjáreigendum um að mega baða úr Coopers-dufti. Teljum við, að þessar óskir hafi við svo mikil rök að styðjast, að ekki sje gerlegt að meina mönnum að nota þetta baðlyf.

Við leyfum okkur því að bera fram svofeldar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Í stað frumvarpsgreinarinnar komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. 3. gr. laga nr. 58, 30. nóv. 1914, orðist svo:
      Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur, með ráði dýralæknis, út fyrirskipun um það, hvaða baðlyfjategundir skuli nota og jafnframt greinilegar leiðbeiningar um meðferð þeirra. Ennfremur er heimilt að flytja inn og nota Coopers-duft til sauðfjárbaðana.
   b. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 21, 4. júní 1924 (um sauðfjárbaðanir).
   c. Lög þessi öðlast þegar gildi.
2. Fyrirsögnin verði:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir.

Alþingi, 10. mars 1926.

Jörundur Brynjólfsson, framsögum. Jón Sigurðsson.

Ed. **139. Frumvarp**

til laga um kynbætur hesta.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Bannað er að láta graðhesta tvævetra og eldri ganga lausa í heimahögum eða á afrjettum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi skal vera hrossakynbótanefnd, skipuð 3 mönnum. Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd. Í fyrsta sinn skal kosið í janúar 1927, og gildir sú kosning þar til næst fer fram kosning í hreppsnefnd.

3. gr.

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd, með samkomulagi við eigendur, velja hæfilega marga graðhesta til undaneldis innanhrepps næsta sumar og ákveða gjald fyrir notkun þeirra. Skal nefndin gera hreppsbúum það kunnugt með auglýsingu fyrir lok marsmánaðar.

Hrossakynbótanefnd getur leyft, að kynbótahestar gangi lausir í heimahögum á tímabilinu frá 1. október til 20. apríl.

4. gr.

Alla graðhesta, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á hjeraðssýningum, er styrks hafa notið hjá Búnaðarfjelagi Íslands, skal merkja með því að klippa Kh. hægra megin á lend þeirra. Eigandi hestsins skal endurnýja merkið svo oft sem með þarf til þess að það sje jafnan glögt.

Nú sannast, að einhver hefir merkt graðhest þessu merki án leyfis kynbótanefndar, enda hafi hann ekki hlotið verðlaun eins og fyr segir, og varðar það sektum. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa honum sem óskilafje og selja án innlausnarfrests.

5. gr.

Alla graðhesta, sem eru $1^1/_2$ árs eða eldri og ekki eru ætlaðir til undaneldis samkvæmt 3. og 4. gr., skal gelda eða taka í örugga vörslu fyrir 14. maí ár hvert. Graðhesta á þeim aldri, sem eru ekki kynþroska þá, skal gelda svo fljótt sem verða má.

Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn eða taka í trygga vörslu, og skal hann þá sekt gjalda og auk þess skaðabætur, ef tjón hlýst af. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist, nema í öruggri vörslu sje, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja hann án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist graðhestur, merktur Kh. hægra megin á lend, gæslulaus án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er hann var valinn fyrir sem undaneldishestur, og má þá taka hann í örugga gæslu og, ef þörf gerist, á fóður á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart svo fljótt sem unt er. Ef hestsins er ekki vitjað og greiddur áfallinn kostnaður áður liðnar eru 6 vikur frá því hann var tekinn, má ráðstafa honum sem óskilagrip og selja með 4 vikna innlausnarfresti.

7. gr.

Hreppskilafundur ákveður þóknun fyrir starf hrossakynbótanefndar.

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, fóður, hagagöngu og umsjón kynbótahests eða leigu eftir hann, jafnar nefndin niður á folöld þau, sem fæðast í hreppnum á því ári, þó svo, að aldrei verði hærra gjald en 8 kr. á hvert folald. Skulu eigendur greiða gjald

þetta árlega til hrosssakynbótanefndar á þeim tíma, er hún tiltekur, og er gjaldið lögtakskræft. Nú verður kostnaðurinn meiri en hámarksgjaldi nemur á hvert folald, og greiðir þá hlutaðeigandi sveitarsjóður afganginn.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—500 kr., er renna að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið verður uppvíst, og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem hinn seki á heima.

9. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 74, 14. nóv. 1917, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Ákvæði um stundarsakir.

Hrossakynbótanefnd getur fyrst um sinn, í síðasta skifti 1930, leyft, að kynbótahestar gangi lausir í heimahögum á tímabilinu frá 20. apríl til 1. október ár hvert, og gildir leyfið fyrir 1 ár í senn.

Nd. **140. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 28, 8. nóv. 1883, um að stofna slökkvilið á Ísafirði.

Flutningsm.: Sigurj. Jónsson.

1. gr.

Í stað 2. málsgr. 2. gr. laganna komi:

Þegar eldsvoði kemur upp, eru allir verkfærir karlmenn í bænum skyldir til að koma til brunans. Þeim er skylt að hlýða fyrirskipunum yfirmannsins yfir slökkviliðinu, eða aðstoðarmanna hans, um alt, er að því lýtur að bjarga úr eldinum, slökkva hann eða varna útbreiðslu hans.

Bæjarstjórnin semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir, og má ákveða sektir, alt að 50 kr., fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Sektir renna í bæjarsjóð Ísafjarðar.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Með mál út af brotum gegn reglugerð þeirri, er um er getið í 2. gr., skal farið sem opinber lögreglumál.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram samkv. ósk bæjarfógetans á Ísafirði, vegna þess, að með núverandi löggjöf sje ekki unt að koma fullnægjandi skipun á brunamál Ísafjarðar, en með þessari breytingu á lögunum frá 1883 ætti að vera bót á því ráðin.

Nd. **141. Nefndarálit**

um frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Meiri hluti mentamálanefndar er samþykkur þeim höfuð-breytingum, sem frv. fer fram á, en þar sem mál þetta hefir verið fyrir undanförnum þingum og verið rætt þá mjög vandlega, telur nefndin enga þörf á að telja hjer enn fram rök sín fyrir þessari afstöðu, en mun gera það í umræðunum, ef tilefni gefst.

Í nokkrum einstökum atriðum vill nefndin gera smábreytingar.

Hún sjer ekki ástæðu til að fella niður kristin fræði í skólanum, því að það verður að teljast til almennrar mentunar, að kunna skil á uppruna og þróun sinna eigin trúarbragða, og mætti jafnvel vænta nokkurrar þekkingar á helstu trúarbrögðum mannkynsins yfirleitt. Heilsufræði telur nefndin og, að rjett væri að kenna.

Nýmæli er það, að gefa nemendum efstu bekkja kost á að velja um nokkurt sjernám, en fella niður annað, sem er miður við óskir þeirra og hæfi. T. d. væri einsætt, að þeir, sem ráðnir eru í því að nema guðfræði, gætu fengið þá tilsögn í grísku, sem þörf er á fyrir það nám, og svo mun vera um fleiri greinir. Annarsstaðar er nú þetta mjög að færast í vöxt, og þó að hjer sje ekki hægt að ganga líkt því eins langt og víða annarsstaðar er gert í þessu efni, sýnist þó rjett að gera nokkra tilraun í þessa átt.

Aldurstakmark fyrir inngöngu í skólann vill meiri hlutinn færa upp um eitt ár með tilliti til þess, að um leið og skólinn yrði færður í það horf, sem frumvarpið gengur út á, má búast við því, að nám í neðstu bekkjum skólans verði að mun þyngra en nú er, og má því varla vænta þess, að menn hafi náð nægilegum þroska almennt fyr en 13 ára.

Þá þykir nefndinni ekki rjett að binda inntöku í skólann eingöngu við inntöku í 1. bekk, heldur vill hún leyfa, að menn gangi inn í aðra bekki skólans, ef þeir sýna, að þeir hafa stundað hliðstætt nám og standast próf með námsmönnum skólans.

Nú um tíma hefir tíðkast að hafa aðeins tvo prófdómara við ársprófin í skólanum, og hefir reynst vel. Sýnist því naumast ástæða til þess að breyta þessu, en aðalatriði er þetta ekki.

Eðlilegast virðist og, að skólastjóri ráði, hvenær frí eru veitt í skólanum auk lögboðinna leyfa, t. d. vegna jarðarfara eða slíks, en þurfi ekki að fara lengra með þá ráðstöfun.

5. brtt. er til samræmingar.

Fullkomin sanngirni mælir með því, að kennarar, sem hafa mikið starf við skriflegar úrlausnir, fái nokkra linun á skyldutímum sínum.

Samkvæmt framangreindu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. a. Á eftir orðunum í upphafi greinarinnar »kenna skal« kemur: kristin fræði.
   b. Á eftir »landafræði« kemur: líkams- og heilsufræði.
   c. Aftan við greinina kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Auk þess má gefa nemendum í 2 efstu bekkjum skólans kost á aukanámi í einhverjum greinum skólans eða öðrum greinum, þar á meðal grískri tungu. Má þá heimila nemendum að fella burt skyldugrein, sem svarar alt að $^3/_4$ þess náms, er þeir bæta við sig, enda hafi þeir numið undirstöðuatriði þeirrar greinar í neðri bekkjum skólans. Gefa skal einkunnir í slíkum aukanámsgreinum og telja þær í prófskírteinum.
2. Við 4. gr. a. Í stað »12« kemur: 13.
   b. Aftan við greinina kemur ný málsgrein, er svo hljóðar:
   Hver sá, er lokið hefir hliðstæðu námi í öðrum skóla eða öðlast sömu þekkingu undir handleiðslu og tilsögn hæfs manns, má ganga undir inntökupróf í þann bekk skólans, er samsvarar þekkingu hans og þroska, enda fullnægi hann öðrum settum skilyrðum. Skal hann þá sýna vottorð um nám sitt og ganga undir próf á sama hátt og nemendur skólans.
3. Við 5. gr. a. Í stað »þrír« kemur: tveir.
   b. Í stað »og þriðji« kemur: eða.
4. Við 8. gr. Í stað »skólastjórn« í síðustu málsgrein kemur: skólastjóri.
5. Við 9. gr. a. Á eftir »skipaðir embættismenn« kemur: (sbr. þó 10. gr.).
   b. Aftan við greinina kemur ný málsgrein, er svo hljóðar:
   Heimilt er að veita þeim föstum kennurum, sem hafa verulega aukavinnu við leiðrjettingu skriflegra úrlausna, 1—3 stunda eftirgjöf á skyldustundum á viku.
6. Við 13. gr. Orðin »að öðru jöfnu« falli burt.

Alþingi, 12. mars 1926.

Magnús Jónsson,
formaður, frsm. meiri hluta.

Sigurj. Jónsson. Þórarinn Jónsson.

Nd. **142. Frumvarp**

til laga um kosning þingmanns fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Flutningsm.: Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Siglufjarðarkaupstaður skal vera sjerstakt kjördæmi og kjósa einn alþingismann. Þegar þannig hefir bæst við þingmaður, breytist tala þeirra þingmanna, er skipa neðri deild Alþingis.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda við næstu almennar, óhlutbundnar kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Ef frv. til laga um skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi, sem liggur nú fyrir Alþingi, verður samþykt, þá verður Siglufjörður eini kaupstaður landsins, sem ekki hefir sjerstakan þingmann. Virðist þó sjálfsagt, að Siglufjörður fái sama rjett í þessu efni og aðrir kaupstaðir.

Nd. **143. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 21, 4. júní 1924 (Sauðfjárbaðanir).

Frá 2. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Mál þetta hefir verið fyrir nefndinni frá því á öndverðu þingi og verið rætt á mörgum fundum. Dýralæknir hefir komið á fund nefndarinnar, rætt málið ítarlega og gert um það tillögur.

Eru tillögur hans þessar:

1. Almenn böðun til útrýmingar fjárkláða fari fram svo fljótt, sem því verður við komið, sennilega árið 1928 eða 1929.
2. Lög nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir, og lög nr. 21, 4. júní 1924, um breyting á þeim lögum, sjeu úr gildi numin.

Nokkur ágreiningur hefir orðið innan nefndarinnar um tillögur þessar og frumvarpið. Hefir nefndin klofnað í 3 hluti.

1. Fjórir nefndarmanna (Á. J., H. Stef., Jör B. og J. S.) fallast á tillöguna um útrýmingarböðun, og er verið að undirbúa frumvarp þess efnis.
2. Um síðari tillöguna er ágreiningur. Tveir nefndarmanna (Jör. B. og J. S.) vilja, að Alþingi löggildi Coopers-baðduft til þrifabaðana, auk baðlyfja þeirra, sem löggilt hafa verið samkv. fyrirmælum 3. gr. laganna frá 1914. Við undirrit-

aðir föllumst á tillögu dýralæknis einnig í þessu efni, að því fráskildu, að við viljum ekki afnema skyldu fjáreigenda til þess að baða þrifaböðunum, nje heldur eftirlitið með framkvæmd baðananna. Óttumst við, að misbrestur kynni að verða á því, að baðað væri þrifaböðunum, ef slept væri því aðhaldi og eftirliti, sem nú er í lögum, óþrif ykjust og kláðinn útbreiddist. Hinsvegar virðist ekki ástæða til að ætla, að menn mundu nota önnur baðlyf en þau, sem þeim þætti vel hafa gefist.

Fimti nefndarmaðurinn, H. K., formaður nefndarinnar, er andvígur öllum breytingum á núgildandi löggjöf um sauðfjárbaðanir.

Samkvæmt framanskráðu leggjum við til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Frumvarpsgreinin verði 1. gr. og orðist svo:
   Lög nr. 21, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir, eru úr gildi numin.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem verður 2. gr.:
   3. og 4. gr. laga nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir, eru úr gildi numdar.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um afnám laga nr. 21, 4. júní 1924, og breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914 *[Sauðfjárbaðanir]*.

Alþingi, 12. mars 1926.

Halldór Stefánsson. Árni Jónsson, fundaskrifari og frsm.

Nd. 144. Nefndarálit

um frv. til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir ekki orðið ásátt um frv. þetta. Meiri hluti nefndarinnar vill leggja til, að frv. nái fram að ganga, og hafa þó einstakir menn úr meiri hl. sjerstöðu um einstök atriði og skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara. Minni hl. nefndarinnar er mótfallinn því, að frv. gangi fram.

Það þykir ekki viðfeldið, og tæpast full ástæða til, að takmarka sölu happdrættisseðlanna innanlands samhliða því, að bönnuð er opinber sala erlendra happdrættisseðla.

Þá þykir ekki næg ástæða til þeirrar ráðstöfunar á tekjunum af happ-

drættinu, sem ætluð er í 4. gr. frv. Þykir rjettara, að tekjurnar renni í ríkissjóð. Þó vilja sumir nefndarm., að lágmarkstekjurnar, kr. 100000, sjeu látnar falla til ellistyrktarsjóðsins.

Einn nefndarmanna (B. L.) vill ekki, að leyfið sje veitt upp á nafn og mun bera fram breytingartill. um það atriði.

Samkv. framansögðu vill meiri hl. nefndarinnar leggja til, að frv. nái fram að ganga með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. b.
   Á eftir orðinu »greiðast« í síðari málslið fyrri málsgr. komi: af þeim seðlum.
2. Við 1. gr. f.
   Stafliðurinn orðist svo: Gjald það, sem einkaleyfishafar greiða í ríkissjóð samkvæmt b-lið, skal aldrei nema minna en kr. 50000,00 á missiri.
3. Við 2. gr.
   Greinin falli niður.
4. Við 3. gr.
   Þriðja grein verður 2. grein.
5. Við 4. gr.
   Greinin falli niður.
6. Við 5. gr.
   Fimta grein verði 3. grein.

Alþingi, 12. mars 1926.

Kl. Jónsson, form.	Jón A. Jónsson, fundaskr., með fyrirvara.	Halldór Stefánsson, frsm.
Björn Líndal, með fyrirvara.	Magnús Jónsson.	

Nd. **145. Lög**

um löggilding verslunarstaða.

(Afgreidd frá Nd. 13. mars).

1. gr.

Við Jarðfallsvík í Málmey í Skagafjarðarsýslu, á Melstað í Selárdal í Barðastrandarsýslu og í Leirhöfn á Sljettu í Þingeyjarsýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðanna samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Nd.

146. Nefndarálit

um frv. til laga um fræðslu barna.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir orðið ásátt um að leggja til við hv. deild, að frv. verði samþykt með þeim breytingum, sem síðar verða taldar.

Frv. er að mestu leyti samið af milliþinganefnd, er skipuð var 1920 til að gera tillögur um skólamálin. Helstu breytingar frá núgildandi lögum, sem það felur í sjer, eru þessar:

1. Ákvæðunum um kenslu í kristnum fræðum er breytt í það horf, að skólunum er falin hin sögulega kristindómsfræðsla og sjerstök áhersla lögð á líf og kenningu Krists, og skal lögð áhersla á, að börnin hugfesti sjer einkum orð hans og hafi þau rjett eftir. Nú er kristindómsfræðslan í skólunum miðuð við fermingarundirbúning. En það verður að teljast kostur, að gera glögga verkaskifting milli presta og kennara, og hafi þá kennararnir með höndum hina sögulegu kristindómsfræðslu, en prestarnir trúfræðina. Landafræði og náttúrufræði er hjer tekin upp í lágmarkskröfurnar, og veldur það lítilli breytingu frá því, sem nú á sjer stað, því nær alstaðar munu þessar námsgreinar kendar, þó ekki sje skylt að lögum. Teikning hefir til þessa ekki verið lögboðin námsgrein, en þá grein mun börnum yfirleitt ljúft að stunda, og allflestum kennurum kleift að veita þá tilsögn, sem þarf.

2. Skiftingin í skóla- og fræðsluhjeruð er af tekin, enda hefir hún valdið nokkrum örðugleikum þar, sem skóla- og fræðsluhjerað er í sama hreppi. Að öðru leyti er hjer fremur um orðabreyting en skipulagsbreyting að ræða.

3. Skólaskyldualdur skal miða við nýár; bót er að því að taka til ákveðið tímatakmark, sem skólaskylda sje miðuð við, og er hjer farið bil beggja.

4. Greiða skal úr ríkissjóði þriðjung kostnaðar við að reisa barnaskólahús utan kaupstaða, og alt að helmingi, ef um heimavistarskóla er að ræða. Hið fyrra hefir tíðkast lengst af hingað til samkvæmt fjárlögum, en hið síðara er borið fram til að ýta heldur undir, að heimavistarskólar sjeu settir, enda hlýtur kostnaður af þeim að verða meiri fyrir hjeruðin.

5. Það er nýmæli, að prófa skuli börn innan skólaskyldualdurs, þau er heimakenslu njóta. Mun það nauðsynlegt barnanna vegna og heimafræðslunnar sjálfrar, enda er og þörf á að tryggja sem best hæfilegan undirbúning undir skólavistina, svo hún geti orðið að tilætluðum notum.

6. Nú eru prestar sjálfkjörnir prófdómendur, en rjett er, að fræðslumálastjórnin, sem ber aðalábyrgð á eftirlitinu með barnafræðslunni, sje óbundin í vali prófdómenda.

7. Formenn skólanefnda skal fræðslumálastjórnin skipa; er það án efa heppilega ráðið, að fræðslumálastjórnin eigi fulltrúa í skólanefndunum. Oft hefir verið kvartað um, og ekki að ástæðulausu, að skólanefndarmenn væru meir valdir af sparnaðarástæðum en af fræðslumálaáhuga. Hamlar þetta fyrirkomulag

móti því, þar sem slíkt er að óttast, enda tryggir það betur en áður náið samband milli skólanefnda og fræðslumálastjórnar, en á því er mikil nauðsyn.

Eru þá talin aðalatriðin, og þá slept ýmsum minni háttar breytingum, sem þó er bót að. Virðist nefndinni í frv. gerðar þær breytingar, sem hægt er að gera án mikillar röskunar á núverandi skipulagi og aukins kostnaðar. Ýmsar þær umbætur á barnafræðslunni, sem helst kalla að, eru uppeldisfræðilegs eðlis og snerta ekki hina almennu löggjöf um barnafræðsluna.

Skal að lokum stuttlega gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar.

1. a. Engin nauðsyn er að tilgreina leturgerð lesbóka, enda mun nú vart hægt að prenta bækur hjer á landi með gotnesku letri. Er það og fljótlært þegar þörfin kallar að.

1. b. Ekki er ástæða til að tilgreina nánar stærð kenslubókar í kristnum fræðum en öðrum námsgreinum. Slíkt er ekki löggjafaratriði. Rjett virðist og að gera biblíusögur jafnrjettháar barnabiblíum.

1. c. Þarf ekki skýringar.

1. d. Óþarft er að tilgreina, með hvaða hætti teikning skuli kend. Kensluaðferðir eru ekki löggjafaratriði.

1. e. Óviðfeldið er að taka upp í fræðslulög skyldur heimilanna aðrar en þær, sem að bókfræðum lúta, eða það, sem heimavistarskólum einum hæfir.

2. a. Þar sem farkensla verður sökum strjálbýlis að fara fram á þrem stöðum í skólahjeraði, mundi skilyrðislaus 12 vikna kensla hindra það, að komist verði af með einn kennara, og er ekki óttalaust, að það mundi í fámennum hreppum verða fremur til þess, að farkenslan fjelli niður en að fjölgað væri kennurum.

2. b. Rjett er, að þau skólahjeruð, sem sjeð geta fyrir fullnægjandi fræðslu án farkennara, haldi undanþágu þeirri, er veitt var með lögum nr. 36 frá 1922. Svo ólíkt hagar til í hinum ýmsu sveitum landsins, að fræðslulög verða að hafa nokkra teygju. En teygjan verður og að geta krept að þeim, sem vanrækja barnafræðsluna, á sama hátt og hún rýmkar til fyrir þeim, sem undanþágunni eru vaxnir. Fræðslumálastjórnin þarf að hafa vald til að rjetta hlut vanræktra barna, og er brtt. þessi því hliðstæð ákvæðum 10. og 11. greinar. Er þessa því fremur þörf, þar sem bryddað hefir á, að sum þau sveitarfjelög, sem síst skyldi, hafa fært sjer í nyt undanþáguna. Svo má skilja ákvæði 9. greinar, að í henni felist efni þessarar brtt., en rjett er þó að taka af allan vafa um þetta, enda getur enginn við því amast, nema tilgangur undanþágunnar eigi að vera sá, að draga úr fræðslukröfunum, en það ríður í bága við anda og bókstaf gildandi laga og sjálfsagða mannúð.

3. Orðabreyting.

4. Orðabreyting.

5. Rjett er, að ríkissjóðstillag þurfi ekki að standa í vegi fyrir nauðsynlegum skólabyggingum, enda engin hætta á, að kröfurnar verði ríkissjóði óþægilegar, þar sem nú eru komin upp skólahús á allflestum stöðum, þar sem hægt er að hafa heimangönguskóla. Atkvæði nefndarmanna eru óbundin um þessa tillögu.

6. a. Leiðir af sjálfu sjer.

6. b. Í sveitum er rjettara að miða prófdómarastörf við dagsverk en stundafjölda.

6. c. Rjett er, að ríkissjóður beri kostnað af prófdómarastörfum, þar sem það er löggjafarvaldið, sem leggur á skólaskylduna, og eftirlitið er í höndum fræðslumálastjórnarinnar, enda hefir svo verið.

7. Ef skólanefnd sjer vanræktu barni fyrir »nægilegri tilsögn« samkv. 19. gr., hlýtur það að hafa öðlast »hina lögskipuðu kunnáttu« fyrir 15 ára aldur, nema það sje »óhæft til hins lögboðna náms sakir andlegs eða líkamlegs vanþroska eða vanheilsu«.

8. a. Óþarft er, að kennari sitji sjálfur í skólanefnd, því hann er að sjálfsögðu ráðunautur skólanefndar um alt það, sem að skóla og kenslu lýtur. Í sveitum og kauptúnum mun sumpart óþarft og sumpart til óþæginda, að fleiri sitji í skólanefnd en þrír menn. Almennri kosning skólanefndarmanna er hægra að koma fyrir í fámenni og líklegra til góðs þar, sem hver þekkir annan, en í fjölmenni og flokkaskifting kaupstaðanna, og fer því best á, að almenningur í sveitum, en bæjarstjórnir í kaupstöðum kjósi skólanefndarmenn, aðra en formann, sem fræðslumálastjórn útnefnir.

8. b. Leiðir af næstu brtt. á undan.

9. Sömuleiðis.

10. a. Orðabreyting.

10. b. Í kaupstöðum eru reikningar barnafræðslunnar það umfangsmiklir, að ofætlun er ólaunuðum skólanefndarformanni að annast reikningsfærsluna.

Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.
   a. Orðin »latneskt letur og gotneskt« í 1. tölul. falli niður.
   b. Í stað orðanna »sem svarar 300 bls. í 8 bl. brotí« í 3. tölul. komi: eða biblíusögur.
   c. Aftan við sama tölul. bætist:
      kunna skal barnið utanbókar nokkra valda sálma.
   d. Orðin »af hlutum . . . . . eða hugsar sjer« í 9. tölul. falli niður.
   e. 10. tölul. falli niður.
2. Við 7. gr.
   a. Á eftir orðunum » . . . . veiti undanþágu« komi ný málsgrein:
      Þó er fræðslumálastjóra heimilt að leyfa 8 vikna kenslu á ári fyrir hvert barn í þeim skólahjeruðum, þar sem farkenslu er þrískift.
   b. Aftan við greinina bætist:
      Sýni prófin í einhverju skólahjeraði, sem þetta kenslulag hefir, að fræðslan sje ekki fullnægjandi, er fræðslumálastjórninni skylt að ákveða skólaskyldu í því hjeraði.
3. Við 9. gr.
   Í stað orðanna »þykist hafa« í fyrsta málslið komi: fær.

4. Við 10. gr.
Fyrir »yfirstjórninni« í annari málsgrein, og annarsstaðar í frv., þar sem er nefnd »yfirstjórn« eða »yfirstjórn fræðslumála«, komi: fræðslumálastjórninni.
5. Við 14. gr.
Orðin »af því fje, er til þess er veitt í fjárlögum ár hvert« falli niður.
6. Við 18. gr.
a. Aftan við fyrstu málsgrein bætist:
skal hann hafa sömu laun og prófdómendur.
b. Í stað orðanna »fyrir hverjar 10 stundir« í annari málsgrein komi: í dagpeninga.
c. Í stað orðanna »hlutaðeigandi bæjarsjóði eða sveitar« í lok annarar málsgreinar komi: ríkissjóði.
7. Við 20. gr.
Í stað orðanna »að koma . . . . . fullra 16 ára« komi: að koma til prófs á næsta ári.
8. Við 24. gr.
a. Fyrsta málsgrein orðist svo:
Í skólanefnd eiga sæti 3 menn í hreppsfjelögum, en 5 í kaupstöðum. Skipar fræðslumálastjórnin formann nefndarinnar. Í kaupstöðum kýs bæjarstjórn 4 skólanefndarmenn, en í hreppsfjelögum skulu 2 skólanefndarmenn ásamt varamönnum kosnir af þeim skólahjeraðsmönnum, er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum, og fer sú kosning fram á sama hátt og þá kosið er til hreppsnefndar, og samtímis, þegar því verður við komið.
b. Í stað orðanna »að hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, kjósa einn mann saman, en hver hreppur« í síðari málslið komi: að hreppur kýs.
9. Við 25. gr.
Orðin »nema kennarinn, þar sem ekki er um annan að velja« falli niður.
10. Við 29. gr.
a. Orðið »semur« í öðrum málslið fellur niður.
b. Í stað síðasta málsliðs komi:
Formaður skólanefndar utan kaupstaða heldur reikning yfir tekjur og gjöld barnafræðslunnar í skólahjeraðinu ár hvert, og skal reikningurinn endurskoðaður af hreppsnefnd. Reikningar barnafræðslunnar skulu sendir fræðslumálastjórninni í afriti.

Alþingi, 12. mars 1926.

Magnús Jónsson, form.	Ásgeir Ásgeirsson, fundaskrifari, frsm.

Sigurj. Jónsson. Þórarinn Jónsson. Bernh. Stefánsson.

Nd. **147. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á vegalögum nr. 41, 4. júní 1924.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Minni hlutinn (Kl. J. og Sv. Ó.) leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, en meiri hlutinn (H. K., J. K. og J. A. J.) leggur til, að frv. nái ekki fram að ganga.

Nefndin hefir að sjálfsögðu leitað álits vegamálastjóra. Telur hann ekki nægar ástæður til að taka þennan vegarkafla í tölu þjóðvega, þó heilsuhæli Norðlendinga verði bygt í Kristsnesi. Umferðin um þennan veg aukist ekki til verulegra muna, þó heilsuhæli með um 40 sjúklinga verði bygt þarna, og þá því síður, sem ekki er ætlast til, að flytja þurfi eldsneyti til hælisins.

Hinsvegar telur vegamálastjóri, að eðlilegt væri og sanngjarnt, að ríkissjóður greiði kostnað við vegarlagningu af aðalveginum til hælisins, svo og viðhald þess vegar, eins og gert var með veginn af Hafnarfjarðarveginum til Vífilsstaðahælisins.

Vegamálastjóri áætlar lauslega, að kostnaður við lagningu þessa vegarspotta, sem er um 1 km., muni verða nál. 10 þús. krónur.

Meiri hlutinn leggur því til, að þessi upphæð, kr. 10000,00, verði veitt heilsuhæli Norðlendinga til nefndrar vegagerðar, svo fremi þetta frv. nær ekki fram að ganga.

Alþingi, 9. mars 1926.

Jón A. Jónsson, form., frsm. meiri hl. Kl. Jónsson. Sveinn Ólafsson.

Jón Kjartansson. H. J. Kristófersson.

Sþ. **148. Tillaga**

til þingsályktunar um hverjar kröfur beri að gera til trúnaðarmanna Íslands erlendis.

Flm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að lýsa því yfir, að það telur það eina sjálfsögðustu skyldu hverrar stjórnar, bæði þeirrar, er nú situr, og annara, er síðar koma, að velja þá menn eina til að vera fulltrúar landsins erlendis, sem reyndir eru að reglusemi, dugnaði og prúðmensku í allri háttsemi, svo að treysta megi, að þeir komi hvarvetna fram þjóðinni til sæmdar.

Greinargerð.

Úr allmörgum kjördæmum, bæði þeim, sem nú hafa fulltrúa á þingi, er styðja stjórnina, og úr kjördæmum, sem andstæðingar stjórnarinnar eru fulltrúar fyrir, hafa borist áskoranir, sem ganga í sömu átt og sú tillaga, sem hjer er flutt.

Nd. 149. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 127 [Útsvör].

Frá Pjetri Þórðarsyni.

1. Við 5. við 8. gr. c. Liðurinn orðist svo:
   1. Ef hann hefir heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, annarsstaðar en í heimilissveit, svo og leiguliðaafnot . . . o. s. frv.
2. Við 5. við 8. gr. f. Fyrir »3000« komi: 2000.
3. Við 5. við 8. gr. g. β. Orðin: »Þar skal leggja á erlend . . . « verði ný lína.
4. Við 11. við 16. gr. b. Aftan við málsgreinina bætist: Þóknunin greiðist úr sveitarsjóði.

Nd. 150. Frumvarp

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seriur) bankavaxtabrjefa.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þingskjali 20, með þessum breytingum:

Fyrirsögnin er eins og hún er prentuð hjer að ofan.

1. gr. hljóðar svo:

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabrjef, alt að 10 miljónum króna. Vaxtabrjefunum má skifta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 5. flokkur veðdeildarinnar og hinir í áframhaldandi tölurð þar á eftir. Fjármálaráðherra ákveður, hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefir gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki fjármálaráðherra, að hafa 2 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hvor flokkur þá vera stærri en 3 miljónir króna. Fyrstu fjögur árin, eftir að 5. flokkur er settur á stofn, veitist tillag til þessara veðdeildarflokka úr ríkissjóði, 8000 kr. á ári.

14. gr. hljóðar svo:

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er $^1/_2$% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó svo, að ávalt standi á 100 krónum, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum hlutaðeigandi flokks eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sje veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr. hljóðar svo:

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti af afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.

Nd. **151. Frumvarp**

til laga um afnám gengisviðauka á vörutolli.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Gengisviðauki á vörutolli fellur niður frá 1. apríl 1926.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 2, 27. mars 1924, var stjórninni gefin heimild til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka. Þessi tollauki var þó aðeins bráðabirgðaráðstöfun, er átti að bæta úr þeirri brýnu þörf, er ríkissjóður hafði þá fyrir auknar tekjur. Það hefir nú ekki ennþá þótt fært að afnema þennan tekjuauka alveg, en hinsvegar virðist hagur ríkissjóðs vel þola það, að honum sje ljett af vörutollinum, og er því frumvarp þetta fram borið af fjárhagsnefnd, og verður nánari grein gerð fyrir því við framsögu málsins.

Ed. **152. Frumvarp**

til laga um sölu á kirkjujörðinni Snæringsstöðum í Vatnsdal.

Flutningsmaður: Guðmundur Ólafsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja hreppsnefnd Áshrepps kirkjujörðina Snæringsstaði í Vatnsdal.

2. gr.

Um söluna fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Greinargerð.

Á almennum sveitarfundi, sem haldinn var í Áshreppi 25. f. m., var samþykt því nær í einu hljóði að fela hreppsnefndinni að leita kaups á Snæringsstöðum handa barnaskóla hreppsins. Barnaskólann verður nú í ár að hafa á þrem stöðum, eða þrískiftan, því að hvergi er hægt með öðru móti að fá nægilega stórar kenslustofur fyrir hann í hreppnum.

Snæringsstaðir eru lítil jörð og húsalaus, en þóttu áður, er þeir voru bygðir sjer, þægilegt og gott smábýli. Þeir eru hjáleiga frá hinu forna höfuðbóli og prestssetri Undirfelli, sem nú er búið að selja, og eru síðan eina jörðin, er ríkissjóður á eftir óselda í Vatnsdal.

Nd. **153. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta leggja járnbraut frá Reykjavík til Ölfusár.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson og Magnús Jónsson.

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta leggja járnbraut frá Reykjavík um Hellisheiði að endastöð austan eða vestan Ölfusár. Sporvídd brautarinnar skal vera 1.067 metrar, og skal gerð hennar í aðalatriðum sniðin eftir tillögum Sv. Möllers verkfræðings.

2. gr.

Kostnaðinn við járnbrautargerðina skal greiða þannig:

a. Reykjavíkurkaupstaður kostar land undir stöðvar og greiðir bætur allar

fyrir landnám, jarðrask og átroðning vestan afrjettar eða almennings á Hellisheiði.

b. Árnessýsla kostar á sama hátt land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning austan afrjettar eða almennings á Hellisheiði.

c. Ríkissjóður leggur fram kostnaðinn að öðru leyti þannig:
   1. Sem beint framlag 2½ milj. kr. Af þessu framlagi skal að minsta kosti 1 milj. kr. vera handbær, þegar byrjað er á verkinu, og alt að 1½ milj. kr. lagt fram með árlegum greiðslum, meðan verkið stendur yfir.
   2. Sem lán til fyrirtækisins það, er til vantar.

3. gr.

Landsstjórninni er heimilt að taka fje það, er ræðir um í 2. gr. c. 2, að láni handa ríkissjóði. Sömuleiðis er henni heimilt að taka lán til greiðslu á framlagi ríkissjóð samkvæmt 2. gr. c. 1, að því leyti, sem ekki verður veitt fje til þess í fjárlögum eða það greitt af handbærum tekjuafgangi.

4. gr.

Járnbrautin, ásamt öllum tækjum og mannvirkjum, er henni tilheyra, verður eign ríkissjóðs. Rekstri brautarinnar skal haldið uppi á kostnað ríkissjóðs, nema öðruvísi verði ákveðið með lögum. Ríkisstjórninni er veitt heimild til að ákveða með reglugerðum flutningsgjöld og fargjöld með brautinni, svo og annað það, er ákveða þarf starfrækslunnar vegna, eða til öryggis fyrir starfsfólk brautarinnar, notendur og almenning.

Í reglugerðum, er settar verða samkvæmt þessari lagagrein, má ákveða sektir fyrir brot á þeim.

Laun framkvæmdarstjóra og fastra starfsmanna við rekstur brautarinnar skulu ákveðin með lögum.

5. gr.

Þegar ríkisstjórnin hefir ákveðið að ráðast í framkvæmd járnbrautarlagningarinnar, eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, láta af hendi land og mannvirki og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu brautarinnar, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917, ef samkomulag næst eigi.

6. gr.

Rekstri brautarinnar skal haga svo, að tekjur hennar svo fljótt sem unt er nægi til þess að ávaxta og endurgreiða þann hluta stofnkostnaðarins, sem heimilað er að taka að láni samkvæmt 2. gr. c. 2.

7. gr.

Heimild þessi gengur í gildi þegar ríkisstjórnin leggur fram 1 milj. kr. samkvæmt 2. gr. c. 1, og hefir trygt sjer lánsfje það, sem hún telur þurfa til

fyrirtækisins. Eigi verður þó byrjað á framkvæmd verksins, annars en undirbúnings, fyr en á árinu 1928.

Greinargerð.

Árið 1894 var borið fram frumvarp á Alþingi um að leggja járnbraut á Íslandi. Var það fjelag nokkurra manna, sem í þetta vildi ráðast. Var fyrst og fremst til þess ætlast, að byrjað yrði á lagningu hennar úr Reykjavík og austur í Árnessýslu, alla leið að Þjórsá. En fjelagið hafði líka í huga að leggja járnbraut hjeðan eða af Akranesi norður í land, alla leið til Eyjafjarðar. Auk þess ætlaði fjelagið sjer að hafa skip í förum milli Englands og Reykjavíkur og eitt eða tvö skip í strandferðum hjer við land. Landið skyldi greiða fjelaginu 50 þús. kr. á ári í 30 ár til styrktar járnbrautinni, ef hún væri lögð að Þjórsá.

Um þetta mál urðu miklar umræður á þingi, en ekki náði það fram að ganga, vafalaust mest fyrir þá sök, að málið var illa undirbúið. Það varð þá ekki útrætt. En út af umræðunum, sem urðu um málið, skýrðist það mjög mikið. Og þær munu hafa orðið til þess, að meðal nokkurra áhugasamra framfaramanna hefir málið verið vakandi, þótt róðurinn hafi seint sóst.

Á Alþingi 1907 voru veittar 16500 kr. til þess að gera nákvæmar landmælingar, er gætu orðið lagðar til grundvallar við ákvörðun járnbrautarstæðis frá Reykjavík til Þjórsár. Fyrir þetta fje fengust nákvæmar hæðamælingar á fjalllendinu öllu milli Reykjavíkur og Árnessýslu. Þorvaldur Krabbe verkfræðingur framkvæmdi svo hina fyrstu rannsókn á járnbrautarleiðinni austur um fjall eftir landsuppdráttum og með því að ferðast. Hann taldi, að hentugasta leiðin væri frá Reykjavík upp Mosfellssveit og Mosfellsdal, yfir Mosfellsheiði nyrst, fyrir norðan og austan Þingvallavatn niður með Sogi og vestur yfir það neðan til og svo að Ölfusárbrú. Kostnaðinn við þá braut með 1 metra sporvídd taldi hann $3^1/_2$ miljón kr.

Árið 1911 veitti Alþingi 3000 kr. til framhalds rannsóknanna á járnbrautarstæði frá Reykjavík austur í Árnes- og Rangárvallasýslu. Jón Þorláksson ráðherra, er þá var landsverkfræðingur, sá um rannsókn þessa. Þórarinn Kristjánsson verkfr. var síðan ráðinn til að gera mælingar og uppdrætti af undirbyggingu brautarinnar frá Reykjavík að Hvítá. Umsjón með þessum starfa hafði Jón Þorláksson. Hann rannsakaði og málið mjög ítarlega bæði hjer og erlendis.

Rannsókn Jóns Þorlákssonar og Þórarins Kristjánssonar breytti ekki þeirri niðurstöðu, er Krabbe hafði komist að um legu brautarinnar úr Reykjavík og austur á móts við Búrfell í Grímsnesi, en Jón Þorláksson telur þó um fleiri leiðir geti verið að velja. En stofnkostnað brautarinnar frá Reykjavík austur að Þjórsá taldi hann 3500000 kr.

Árið 1913 var flutt frumv. á Alþingi um að veita fjelagi heimild til þess að leggja járnbraut frá Reykjavík og austur yfir fjall. Um málið urðu miklar umræður, en ekki náði það enn fram að ganga.

Síðan þetta var hefir málið verið rannsakað mjög ítarlega. Hefir norskur verkfræðingur, Sverre Möller, aðallega haft þá rannsókn á hendi ásamt vegamála-

stjóra Geir G. Zoëga, og nægir í því efni að vísa til skýrslu þeirrar, er prentuð var 1924, og framhaldsskýrslu um járnbrautarmálið eftir Geir G. Zoëga, dags. 22. f. m.

Stofnkostnaður brautarinnar með vöxtum, miðað við núverandi verðlag og að brautin verði bygð á 3 árum, frá Reykjavík austur að Ölfusá, er áætlaður, samkv. framhaldsskýrslu Geirs G. Zoëga, 6250000 kr., en með brú á Ölfusá 6475000 kr.

Þetta er að vísu mikið fje, en þegar á það er litið, hve mikil vissa er fyrir því, að fyrirtækið geti fljótlega borið sig, líklega miklu fyr en nokkurn varir, er það alls ekki ægilegt.

Foss skrifstofustjóri, aðalráðamaður norsku járnbrautastjórnarinnar á þessu sviði, hefir ásamt Sverre Möller gert áætlun um rekstur brautarinnar. Er hjer sett áætlun þeirra um 2. og 10. rekstrarár, samkv. framhaldsskýrslu G. G. Z.

2. rekstrarár.		10. rekstrarár.	
Tekjur	kr. 421000.	Tekjur	kr. 732000.
Gjöld	— 358000.	Gjöld	— 424000.

Tekjuafgangur upp í vexti verður á 2. ári samkv. áætluninni 63000 kr., en á 10. ári 308000 kr. — eða 5% af stofnkostnaðinum. Er ekki hægt annað að segja en þetta sje glæsileg útkoma.

Á fyrri þingum við umræðurnar um þetta mál hefir því verið haldið fram, að brautin hefði ekki það mikinn flutning, að gerlegt gæti talist að leggja járnbrautina. En samkvæmt skýrslu vegamálastjóra mun engin ástæða til að óttast, að brautin komi ekki tiltölulega mjög fljótt til þess að bera sig. Og rannsókn þessa máls sýnir, að erlendis hefði ekki verið talið áhorfsmál að leggja járnbraut um það land, er hefði eins mikil gróðrarskilyrði og mikla flutningaþörf eins og þessi hjeruð. Þó er það öldungis víst, að flutningaþörfin mun reynast miklu meiri en sú rannsókn sýnir, er gerð hefir verið um það atriði. Og fullyrða má, að sú áætlun verkfræðinganna um aukningu flutninga eftir að járnbrautin er lögð er afarvarleg. Svo varleg er sú áætlun, að flutningurinn með brautinni mun reynast miklu meiri. Ber margt til þess. Fyrst það, að ræktun landsins eystra mun aukast og margfaldast, þegar Flóaáveitan er fullgerð og svona öruggar samgöngur eru fengnar, með stofnun nýbýla og á annan hátt. En býlafjölgun er lítt hugsanleg á þessum stöðvum nema svona öruggar samgöngur fáist. Í öðru lagi myndu þessar samgöngubætur gera bændum mögulegt að húsa betur býli sín, og þar er afarmikið verkefni á Suðurlandsundirlendinu. En nú eru flutningserfiðleikarnir það miklir, að það er að kalla óvinnandi. Þá ber á það að líta, að hingað til hefir allmikil verslun verið á Stokkseyri og Eyrarbakka. Verslanir þar hafa fengið allmikið af vörum sínum beint frá útlöndum. Nú eru þessar verslanir að hætta. Við þá breyting aukast afarmikið flutningarnir austur yfir fjall. Og sú aukning flutninga, sem af þessari breytingu stafar, hefir alls ekki komið á þær skýrslur, sem um flutningana um Hellisheiði hafa verið gerðar. Enn má benda á það, að griparækt kauptúnabúa bæði hjer í Reykjavík og Hafnarfirði myndi aukast mjög mikið. Eins og kunnugt er, sækja nú Reykvíkingar hey upp í Borgarfjörð, og myndu gera miklu meira, ef þar væri engjar nærri sjó að fá. Eystra verða óþrjótandi slægjulönd á Flóaáveitusvæðinu, sem alls ekki verða notuð fyrst í stað nándar nærri til fulls af fólki búsettu eystra, ekki einu sinni þó að býlum fjölgi

þar að mun. Þar er af svo afarmiklu að taka. Ættu nú Reykvíkingar og Hafnfirðingar kost á að ná til sín heyi austan yfir fjall á auðveldan hátt, myndu þeir afla sjer heyja þaðan í stórum stíl. Með þessu móti myndu kaupstaðirnir hjer syðra, ásamt sveitunum í grend við kauptúnin, hafa það mikla mjólkurframleiðslu, að þeim nægði til neyslu. Það myndi skapa þessum kauptúnum meiri heilbrigði og hollustu heldur en nú er. Ennfremur er það áreiðanlegt, að kaup á erlendu heyi myndu að mestu hætta að því er þessa kaupstaði snertir, þegar öruggar samgöngur við áveitusvæðin eystra eru fengnar.

Yfir höfuð má segja það, að íbúum hjeraðanna austan Hellisheiðar sje lífsnauðsyn að fá þessa samgöngubót, og þá einkum þeim, sem búa á áveitusvæðinu, eins og það er líka afarnauðsynlegt bæði fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð. Það er hvorttveggja, að bændum er nauðsynlegt að geta komið þeim afurðum, er þeir framleiða, reglulega frá sjer á markað og kauptúnabúunum í þessum fjölmennu kauptúnum að fá þessar neysluvörur sjer til lífsviðurværis. Þeim miklu fjárhæðum, sem varið hefir verið til ræktunar eystra, væri illa varið, ef íbúum hjeraðsins kæmi það að litlum notum sökum illra samgangna, og kauptúnin hjer, Reykjavík og Hafnarfjörður, liðu stóróþægindi fyrir það að ná ekki að sjer þessum framleiðsluvörum bændanna. Þetta væri líka því verra, sem alt bendir til þess, að járnbraut austur yfir fjall myndi borga sig innan fárra ára.

Reynsla erlendra þjóða bendir til þess, að þar sem járnbrautir hafa verið lagðar, þá hafa þær skapað margþættar og stórkostlegar framkvæmdir. Þá fyrst hefir komið skriður á jarðræktina í þeim hjeruðum, er járnbrautirnar hafa legið um, og kauptúnin, sem hafa þannig öðlast samband við sveitirnar, hafa á ýmsa lund tekið stórkostlegum stakkaskiftum til framfara og menningar.

Alls þessa höfum við mikla þörf. Og eina verulega sporið, sem við getum stigið í þessa átt, er að við leggjum járnbraut austur um Hellisheiði.

Nd. **154. Breytingartillaga**

við frv. til laga um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Við 22. gr. 2. málsl. 1. málsgr. orðist svo:

Kærur skulu brjeflegar vera, stílaðar til niðurjöfnunarnefndar og komnar í hendur formanni hennar áður liðinn er sá tími, er niðurjöfnunarskrá á að liggja frammi.

Ed. **155. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um löggilta endurskoðendur.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta hefir tekið breytingum í háttv. Nd. En breytingar þessar

eru svo smávægilegar, að nefndin telur enga ástæðu til, þeirra vegna, að hrekja frumvarpið frekar á milli deilda, og leggur því til, að háttv. deild samþykki frumvarpið eins og það nú er.

Alþingi, 15. mars 1926.

Jóh. Jóhannesson, form.	Eggert Pálsson, fundaskr. og framsögum.	Guðm. Ólafsson.

Nd. **156. Breytingartillögur**

við frv. til laga um útsvör.

Frá Halldóri Stefánssyni.

1. Við 3. gr. a. Síðari málsl. fyrri málsgr. falli niður.
   b. Orðin í síðari málsgr. »að fengnu samþykki áðurnefndra stjórnarvalda« falli niður.
2. Við 6. gr. A. I. Síðari málsl. 1. málsgr. falli niður.
3. Við 6. gr. B. 1. Niðurlag liðsins: »3 mánuði — — skemri tíma« falli niður.
4. Við 7. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Nú er aðili útsvarsskyldur eftir 6. gr. A. I, B. 1 og B. 2, hvort heldur hann rekur atvinnu eða stundar atvinnu eða á útsvarsskyldar eignir, þá skal einungis leggja á þá atvinnu, er hann hafði hjer á landi á gjaldárinu, og eignir hans hjer og tekjur af þeim.
5. Við 8. gr. b. Niðurlagsorðin: »eða í hlutfalli við dvöl þar« falli niður.
6. Við 8. gr. d. Stafliðurinn orðist svo:
   Þar skal leggja á erlend tryggingarfjelög, sem umboðsmenn (aðal- eða undir-) eru búsettir; skal miða útsvör þeirra við skattskyldar tekjur og iðgjöld af tryggingum á útsvarsárinu, sem fengið er á hverjum stað.

Nd. **157. Frumvarp**

til laga um kynbætur hesta.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Bannað er að láta graðhesta tvævetra og eldri ganga lausa í heimahögum eða á afrjettum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi skal vera hrossakynbótanefnd, skipuð 3 mönnum. Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd. Í fyrsta sinn skal kosið í janúar 1927, og gildir sú kosning þar til næst fer fram kosning í hreppsnefnd.

Rjett er konum að skorast undan kosningu.

3. gr.

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd, með samkomulagi við eigendur, velja hæfilega marga graðhesta til undaneldis innanhrepps næsta sumar og ákveða gjald fyrir notkun þeirra. Skal nefndin gera hreppsbúum það kunnugt með auglýsingu fyrir lok marsmánaðar.

Hrossakynbótanefnd getur leyft, að kynbótahestar gangi lausir í heimahögum á tímabilinu frá 1. október til 20. apríl.

4. gr.

Alla graðhesta, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á hjeraðssýningum, er styrks hafa notið hjá Búnaðarfjelagi Íslands, skal merkja með því að klippa Kh. hægra megin á lend þeirra. Eigandi hestsins skal endurnýja merkið svo oft sem með þarf til þess að það sje jafnan glögt.

Nú sannast, að einhver hefir merkt graðhest þessu merki án leyfis kynbótanefndar, enda hafi hann ekki hlotið verðlaun eins og fyr segir, og varðar það sektum. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa honum sem óskilafje og selja án innlausnarfrests.

5. gr.

Alla graðhesta, sem eru $1^1/_2$ árs eða eldri og ekki eru ætlaðir til undaneldis samkvæmt 3. og 4. gr., skal gelda eða taka í örugga vörslu fyrir 14. maí ár hvert. Graðhesta á þeim aldri, sem eru ekki kynþroska þá, skal gelda svo fljótt sem verða má.

Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn eða taka í trygga vörslu, og skal hann þá sekt gjalda og auk þess skaðabætur, ef tjón hlýst af. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist, nema í öruggri vörslu sje, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja hann án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist graðhestur, merktur Kh. hægra megin á lend, gæslulaus án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er hann var valinn fyrir sem undaneldishestur, og má þá taka hann í örugga gæslu og, ef þörf gerist, á fóður á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart svo fljótt sem unt er. Ef hestsins er ekki vitjað og greiddur áfallinn kostnaður áður liðnar eru 6 vikur frá því hann var tekinn, má ráðstafa honum sem óskilagrip og selja með 4 vikna innlausnarfresti.

7. gr.

Hreppskilafundur ákveður þóknun fyrir starf hrossakynbótanefndar.

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, fóður, hagagöngu og umsjón kynbótahests eða leigu eftir hann, jafnar nefndin niður á folöld þau, sem fæðast í hreppnum á því ári, þó svo, að aldrei verði hærra gjald en 8 kr. á hvert folald. Skulu eigendur greiða gjald þetta árlega til hrosssakynbótanefndar á þeim tíma, er hún tiltekur, og er gjaldið lögtakskræft. Nú verður kostnaðurinn meiri en hámarksgjaldi nemur á hvert folald, og greiðir þá hlutaðeigandi sveitarsjóður afganginn.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—500 kr., er renna að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið verður uppvíst, og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem hinn seki á heima.

9. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 74, 14. nóv. 1917, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Ákvæði um stundarsakir.

Hrossakynbótanefnd getur fyrst um sinn, í síðasta skifti 1930, leyft, að kynbótahestar gangi lausir í heimahögum á tímabilinu frá 20. apríl til 1. október ár hvert, og gildir leyfið fyrir 1 ár í senn.

Ed. **158. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 12. mars 1926.

Eggert Pálsson, form.	Ágúst Helgason, fundaskrifari og frsm.	Gunnar Ólafsson.

Ed. **159. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um veitingasölu og gistihúshald.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta hefir nefndin haft til athugunar á nokkrum fundum og einnig lagaákvæði þau, sem eru til um þetta efni nú, en falla eiga úr gildi, ef frumvarpið verður samþykt.

Nefndin er sammála um, að frumvarpið geri nauðsynlegar umbætur á þessari löggjöf, og leggur til, að það verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Fyrir »og« í tölulið 5 komi: eða.
2. — 15. — Fyrir »200—2000 kr.« í upphafi síðari málsgr. komi: 50—2000 kr.

Alþingi, 15. mars 1926.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Guðm. Ólafsson, frsm.	Eggert Pálsson, fundaskrifari.

Nd. **160. Breytingartillaga**

við frv. til laga um veðurstofu á Íslandi.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

Við 8. gr. Í stað »1. janúar 1927« komi: 1. júlí 1926.

Nd. **161. Nefndarálit**

um frv. til laga um bryggjugerð í Borgarnesi o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta á nokkrum fundum og komist að þeirri niðurstöðu að leggja til, að það verði samþykt með einni breytingu.

Nefndin er sammála stjórninni í því, að nauðsynlegt sje að flýta sem mest akvegi milli Norður- og Suðurlands, og því sje einnig nauðsynlegt að gera

lendingu og legu í Borgarnesi örugga og trygga. Verður að álíta, að svo megi verða með þeim framkvæmdum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Eins og frumvarpið ber með sjer, er mál þetta heldur lítið undirbúið. Einhverjar rannsóknir hafa verið gerðar og kostnaðaráætlun samin, en hvergi nærri til fullnaðar. Það virðist því hafa legið beinast við að láta málið óútrætt að sinni og bíða eftir fullnaðarrannsókn og áætlun, en þar sem þó ekki á að byrja á framkvæmdum fyr en slík rannsókn hefir farið fram, þykir nefndinni ekki ísjárvert að ráða til samþyktar frumvarpsins, en henni þykir þó rjett, af þessari ástæðu, að binda fjárframlagið til þessara framkvæmda við vissa upphæð, er hún telur hæfilega setta 150000 kr.

Leggur því nefndin til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Aftan við 3. gr. bætist:

Þó má framlag til þessara framkvæmda ekki fara fram úr 150000 kr.

Jón A. Jónsson, form. Kl. Jónsson, fundaskrifari og frsm.

Jón Kjartansson. H. J. Kristófersson. Sveinn Ólafsson.

Ed. **162. Tillaga**

til þingsályktunar um niðurlagning vínsölu ríkisins á Siglufirði.

Flutningsm.: Einar Árnason.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja niður vínsölu ríkisins á Siglufirði hið allra fyrsta og flytja jafnframt á brott þær vínbirgðir, sem þá kunna að vera þar óseldar.

Nd. **163. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Í stað 3. málsgr. 5. gr. laga nr. 88, 14. nóv. 1917, komi:

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera undir áhrifum á-

fengra drykkja við bifreiðaakstur. Bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið ölvaður eða brýtur ákvæði 9. gr. 2. málsgr., er slys vill til, skal, auk sekta eftir 13. gr., sviftur ökuskírteini um ákveðinn tíma, ekki skemur en 6 mánuði, eða ævilangt, ef brot er margítrekað, valdið er verulegu slysi fyrir ölæði eða miklar sakir eru að öðru leyti. Sviftíng ökuskírteinis skal gerð með dómi í máli því, sem höfðað er út af brotinu, og má ennfremur láta önnur brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, ef margítrekuð eru eða miklar sakir eru að öðru leyti, varða, auk sekta eftir 13. gr., sviftingu ökuskírteinis um ákveðinn tíma eða ævilangt. Ef lögreglustjóri telur nauðsyn til bera, er honum heimilt að svifta bifreiðarstjóra, sem hann telur hafa brotið ákvæði laganna eða áðurnefndra reglugerða, ökuskírteini til bráðabirgða, þar til dómur fellur. Sama er og ef lögreglustjóri álítur, að bifreiðarstjóri hafi mist einhvers þess, er útheimtist til að fá ökuskírteini.

2. gr.

Í stað »12 kílómetrar« í 2. málsgr. 6. gr. laganna komi: 18 kílómetrar, og í stað »35 km.« komi: 40 km.

3. gr.

Aftan við 13. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella texta þeirra og texta laga nr. 15, 18. maí 1920, inn í lög nr. 88, 14. nóv. 1917, og getur konungur þá gefið þau lög út, þannig breytt, sem lög um notkun bifreiða.

Greinargerð.

Atvinnumálaráðherra hafði sent samgöngumálanefnd frv. til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða; var frv. það samið af vegamálastjóra. Nokkur ákvæði í frv. því, er nefndinni hafði borist, eru þess eðlis, að nefndin sá sjer ekki fært að flytja frv. óbreytt, og ýms önnur ákvæði eiga fremur heima í reglugerð heldur en í sjálfum bifreiðalögunum. Hinsvegar lítur nefndin svo á, að nauðsynlegt sje að fá nokkuð fyllri og strangari ákvæði inn í lögin, sem einkum lúta að afbrotum bifreiðarstjóra, og hefir þess vegna afráðið að flytja frv. þetta.

Hinar einstöku greinar frv. gefa ekki ástæðu til skýringa.

Nd. **164. Frumvarp**

til laga um Ríkisbanka Íslands.

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

I. kafli.
Skipulag bankans og tilgangur.

1. gr.

Ríkisbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, og skal tilgangur hans vera:

1. að hafa á hendi útgáfu bankaseðla innan þeirra takmarka, er þarf til þess að fullnægja gjaldmiðilsþörf í innanlandsviðskiftum.
2. að stuðla að tryggri skipun á peningamálum landsins, með það fyrir augum, að gull og gullgildir seðlar geti sem fyrst orðið og haldi síðan áfram að vera almennur gjaldeyrir í landinu. Í því skyni ber stjórn bankans að afstýra, eftir því sem unt er, með kaupum og sölu á erlendum gjaldeyri og með viðskiftum við aðrar peningastofnanir í landinu, truflun þeirri á peningamálum og atvinnulífi, sem annars má vænta, að almennar hagsveiflur hafi í för með sjer.
3. að annast veðlánastarfsemi í landinu samkvæmt lögum um Ríkisveðbanka Íslands, með þeim breytingum, er á þeim lögum verða gerðar og leiða af því, að ríkisveðbankinn verður önnur deild ríkisbankans.

2. gr.

Ríkissjóður leggur bankanum til gullforða eftir því sem þörf krefur, til tryggingar seðlum þeim, er hann gefur út, og telst það fje stofnfje bankans.

II. kafli.
Seðlaútgáfa bankans.

3. gr.

Ríkisbanki Íslands hefir einkarjett til að gefa út bankaseðla, eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga og getur gengið manna á milli í stað bankaseðla, með þeirri einni takmörkun, sem leiðir af lögum nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Ráðherra sá, er með bankamál fer, ákveður, eftir tillögum forstjórnar bankans, lögun og útlit seðla þeirra, er bankinn gefur út, og birtir auglýsingar um það efni, eftir því sem þörf er á. Enginn seðill, sem bankinn gefur út, má hljóða um minni upphæð en fimm krónur. Seðlar þeir, sem bankinn

gefur út, skulu vera gjaldgengir í ríkissjóð og aðra almenna sjóði hjer á landi og vera löglegur gjaldeyrir manna á milli, með fullu ákvæðisverði. Hver sá, sem býr til eftirmynd seðla þeirra, er bankinn gefur út, eða falsar þá, skal sæta þeirri refsingu, sem 266. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 ákveður. Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búið er að eftirmynda eða falsa seðilinn, þó að ekki sje búið að láta hann út. — Rjett er bönkum að halda eftir fölsuðum seðlum gegn kvittun til handhafa.

4. gr.

Bankanum er skylt, ef þess er krafist, að greiða seðla þá, er hann hefir gefið út, handhafa þeirra með ákvæðisverði í löglegri og gjaldgengri gullmynt, enda samsvari upphæð seðlanna heilli tölu gullmynta.

Þegar alveg sjerstaklega stendur á, getur ríkisstjórnin veitt bankanum leyfi til að innleysa seðla sína með ávísun á innieign hans erlendis.

5. gr.

Bankanum er heimilt að gefa út seðla eftir því, sem gjaldmiðilsþörf krefur, gegn því að hann:

1. eigi gullforða, er nemi $^3/_5$ af því seðlamagni, sem úti er í hvert skifti.
2. hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlamagnsins, sem ekki er trygður með gullforða.

6. gr.

Til gullforða teljast:

a. lögleg, gjaldgeng gullmynt.
b. ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi 2480 kr. fyrir hvert kílógramm af skiru gulli.
c. innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er, í erlendum bönkum, sem bankastjórnin álítur fulltrygga og ráðherra samþykkir, að frádregnum samskonar skuldum bankans, þó eigi fram yfir $^1/_4$ alls gullforðans.

Gullforði bankans samkvæmt a- og b-lið skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum. Þó má til þessa hluta gullforðans telja gull það, sem sannað er um, að sje á leið hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 300000 kr. í einu.

7. gr.

Bankanum skal skylt að gefa ráðherra þeim, sem fer með bankamál, á hverjum mánuði skýrslu um seðla í umferð og gullforðann.

Beri skýrsla þessi það með sjer, að meiri seðlar sjeu í umferð en lögmælt trygging er fyrir, er bankastjórnin skyld að ráða bót á þessu, í síðasta lagi í lok eftirfarandi mánaðar.

III. kafli.
Bankastarfsemi bankans.

8. gr.

Ríkisbanki Íslands hefir heimili sitt, skrifstofur og varnarþing í Reykjavík.

9. gr.

Bankanum er heimilt að taka við fje til geymslu og innlögum á dálk eða í hlaupareikning, en enga vexti má bankinn greiða af slíku fje.

10. gr.

Bankanum er heimilt:

1. að kaupa víxla af peningastofnunum þeim, sem reka bankastarfsemi hjer á landi.
2. að veita bönkum þeim, sem reka starfsemi sína hjer á landi, reikningslán, er trygð skulu vera með auðseljanlegum verðbrjefum.
3. að kaupa og selja erlenda mynt.

11. gr.

Bankinn hefir á hendi án endurgjalds öll framkvæmdarstörf viðvíkjandi skiftimynt þeirri, er ríkisstjórnin gefur út, þar á meðal að halda saman mynt, sem ónothæf er orðin. Bankinn er skyldur til að taka við hverri upphæð sem er í skiftimynt. Nú hefir bankinn í sjóði meiri skiftimynt en bankastjórninni þykir þörf á vegna viðskifta bankans, og er bankanum þá rjett að afhenda ríkisstjórninni það, sem umfram er, gegn greiðslu í öðrum löglegum gjaldeyri.

IV. kafli.
Stjórn bankans.

12. gr.

Í stjórn bankans eru þrír bankastjórar. Þeir skulu ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti, þó þannig, að segja megi bankastjóra upp tafarlaust, en launum sínum skal hann þó halda í næstu 6 mánuði eftir að hann fór úr bankanum, nema hann hafi gert sig sekan um alvarlegar misfellur í starfi sínu. Ávalt skal að minsta kosti meiri hluti ríkisstjórnarinnar vera samþykkur, er skipa skal bankastjóra, segja honum upp stöðunni eða víkja honum frá, og skal það ákveðið á ráðherrafundi. Stjórnarráðið setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

13. gr.

Stjórn bankans skal halda daglega gerðabók yfir allar lánsráðstafanir og lánssynjanir í báðum deildum stofnunarinnar, og skrifar stjórn bankans öll undir. Ef einhver úr bankastjórninni er fjarverandi um sinn, ber hann ábyrgð á öllu því, sem framkvæmt hefir verið í fjarveru hans, nema hann geri ágreiningsatkvæði um það í dagbókina.

Meiri hluti ræður úrslitum í bankastjórninni, og þarf undirskrift tveggja bankastjóra, svo að skuldbindandi sje fyrir bankann.

14. gr.

Bankastjórnin ræður starfsmenn bankans, ákveður laun þeirra og vikur þeim frá með 6 mánaða uppsagnarfresti. Svo getur hún vikið starfsmanni frá fyrirvaralaust, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

15. gr.

Kvittanir bankans eru því að eins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun hókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir má ekki greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra.

16. gr.

Endurskoðunarmenn skulu vera tveir við bankann, og kýs sameinað Alþingi annan þeirra til tveggja ára í senn, en hinn endurskoðunarmanninn tilnefnir ráðherra. Þá má endurkjósa. Skulu þeir hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans og rannsaka reikninga hans í hverju einstöku atriði og bera þá saman við bækur hans. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort fje bankans og eignir sjeu fyrir hendi.

17. gr.

Bankastjórarnir skulu hafa að launum 12000 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar af allri launaupphæðinni, en laun þessi hækka þannig, að bankastjórarnir fá kr. 15000,00 á ári auk dýrtíðaruppbótar, er ríkisveðbankinn tekur til starfa.

Þóknun handa endurskoðendum skal ákveðin í reglugerð bankans.

18. gr.

Bankastjórarnir mega ekki hafa önnur embættisstörf á hendi, ekki reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

V. kafli.
Reikningsskil og arður.

19. gr.

Starfsár bankans er almanaksár. Ársreikning hans skal birta í Stjórnartíðindum og skal hann saminn svo snemma, að hann verði birtur í síðasta lagi þremur mánuðum eftir árslok. Auk þess skal við hver mánaðamót birta stutt yfirlit yfir hag bankans.

20. gr.

Af tekjum á árinu greiðist allur kostnaður bankans. Þó má skifta kostnaði við seðlagerð og byggingar, ef til kemur, niður á 10 ár.

21. gr.

Afgangur árstekna skal leggjast í varasjóð bankans uns hann nemur einni miljón króna. Þar eftir renna tekjur hans í ríkissjóð. Varasjóðnum skal komið í útlend áreiðanleg verðbrjef, sem metin eru í útlendum kauphöllum.

22. gr.

Hrökkvi árstekjur bankans eigi til að bera ársútgjöldin eitthvert ár, eða töp, sem fyrir kynnu að koma, ber varasjóður tapið. Komi það fyrir, að bankinn verði að skerða varasjóðinn, skal hann jafnskjótt og unt er auka hann aftur, þangað til hann hefir náð sinni fullu upphæð.

VI. kafli.
Ýms ákvæði.

23. gr.

Eigi missir bankinn kröfu sína, þótt veðið glatist fyrir óhöpp.

24. gr.

Bankinn hefir rjett til að láta starfsmenn sína selja verðbrjef og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara.

25. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnist, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs eða annara stofnana.

Bækur bankans, ávísanir og skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í hans nafni, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum hand-

veðsrjett, og öll framsöl á eignum og skuldabrjefum frá bankanum eða til hans, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

26. gr.

Ráðherra setur reglugerð fyrir bankann um reikningsfærslu, bókhald, um lögun og útlit seðla hans, um undirskrift seðlanna og ónýting þeirra, um hversu lengi bankinn skuli vera opinn daglega, hvernig fjárhirslur skuli vera gerðar o. s. frv.

VII. kafli.
Bráðabirgðaákvæði.

27. gr.

Þegar bankinn tekur til starfa, skal svo fljótt, sem við verður komið, innkalla alla 5, 10 og 50 kr. seðla Landsbankans, sem gefnir hafa verið út samkv. lögum nr. 14, 18. sept. 1885, lögum nr. 2, 12. janúar 1900, og lögum nr. 7, 4. maí 1922. Stjórnarráðið setur reglugerð um innköllun seðlanna.

Afgjald Landsbankans af þessum seðlum til ríkissjóðs og byggingarsjóðs fellur niður frá árslokum á því ári, er innköllun seðlanna er auglýst.

28. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að taka nauðsynleg lán til gullforðakaupa handa bankanum. Ennfremur leggur ríkissjóður bankanum til fje, til þess að koma honum á fót.

29. gr.

Ákvæði 4. gr. um seðlainnlausn og gullkaup ganga í gildi þegar gengi á seðlum bankans í tvö ár hefir verið skráð svo, að ekki muni meira en 1¼% frá gullverði, nema öðruvísi verði áður með lögum ákveðið. Þangað til getur og ráðherra veitt bankanum undanþágu frá ákvæði 6. gr. c-lið, um að innstæður erlendis megi ekki fara fram úr ¼ alls gullforðans.

30. gr.

Um leið og bankinn tekur til starfa fellur úr gildi 1. gr. laga nr. 7, 4. maí 1922; svo falla þá og úr gildi öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ástæður.

Almennar ástæður fyrir frumvarpi þessu eru í nefndaráliti minni hluta bankanefndarinnar, og læt jeg nægja að skirskota til þess. Athugasemdir við einstakar greinir frumvarpsins tek jeg hjer upp, samhljóða nefndaráliti minni hlutans.

Við 1. gr.

Greinin er að efni samhljóða fyrstu grein í »frumvarpi til laga um Landsbanka Íslands«, sem stjórnin lagði fyrir Alþingi 1925, að öðru leyti en því, sem beint leiðir af því, að bankanum er ekki ætlað að fást við almenn bankaviðskifti og að til er ætlast, að Ríkisveðbanki Íslands verði sameinaður honum. Að svo stöddu hefir ekki þótt ástæða til að bera fram breytingar á lögunum um ríkisveðbankann, þar sem enn er óvíst, hvort þetta skipulag verður upp tekið, enda ekki fast ákveðið, hvenær sú starfsemi bankans eigi að hefjast.

Við 2. gr.

Hjer er ákveðið, að ríkissjóður skuli leggja gullforða til tryggingar seðlunum, og er bankanum ekki ætlað annað stofnfje. Upphæðin er ekki ákveðin, vegna þess að seðlaútgáfan er óákveðin.

Við 3. gr.

Greinin er sama efnis sem 3. gr. stjórnarfrumvarpsins um Landsbankann frá 1925, að öðru en því, sem leiðir af því, að skipulag bankans er annað en þar var gert ráð fyrir.

Við 4. gr.

Ekki þykir ástæða til að skylda bankann til að kaupa ómyntað gull af hverjum, sem þess æskir, eins og gert var í stjórnarfrv., en tekin er upp heimild fyrir bankann til þess að innleysa seðla með ávísunum á innieign erlendis.

Við 5. og 6. gr.

Samhljóða tilsvarandi greinum (5. og 6. gr.) í stjórnarfrumvarpinu, nema ákvæðið um útibúin er að sjálfsögðu felt niður.

Við 7. gr.

Greinin svarar að efni til 8. gr. í stjórnarfrumvarpinu.

Við 8., 9. og 10. gr.

Greinir þessar virðast eigi þurfa sjerstakra skýringa.

Við 11. gr.

Þessi grein er samhljóða 14. gr. stjórnarfrv., en ástæða þykir að vekja athygli á því, hvort eigi væri rjettast að fela bankanum algerlega útgáfu skiftimyntarinnar.

Við 12. gr.

Hjer er lagt til, að stjórn bankans sje skipuð með sama hætti sem stjórn Landsbankans er nú. Litið svo á, að bankaráð mundi ekki koma að tilætluðum notum.

Við 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sett til tryggingar því, að bankastjóri geti eigi orpið af sjer ábyrgð með afskiftaleysi sínu af ráðstöfunum bankans.

Við 14. gr.

Rjett þykir, að bankastjórnin ráði alla starfsmenn bankans og ákveði laun þeirra, vegna samvinnu innan bankans, enda ber bankastjórnin alla ábyrgð á rekstri hans.

Við 15. gr.

Þarf eigi skýringa, enda nær óbreytt 26. gr. stjórnarfrumvarpsins.

Við 16. gr.

Ákvæði greinarinnar eru hin sömu, sem nú gilda um endurskoðunarmenn Landsbankans.

Við 17., 18., 19., 20. og 21. gr.

Virðast eigi þurfa skýringa.

Við 22. gr.

Það er athugandi í sambandi við þessa grein, hvort ríkissjóður ætti að bera takmarkaða eða ótakmarkaða ábyrgð á fjárreiðum bankans, t. d. þannig, að ef varasjóður bankans skerðist, þá skyldi ríkissjóður bæta hallann.

Við 23., 24. og 25. gr.

Ákvæði þessara greina eru í samræmi við 41.—43. gr. stjórnarfrumvarpsins.

Við 26. gr.

Virðist eigi þurfa skýringar.

Við 27. gr.

Hjer er (sbr. einnig 3. gr.) gert ráð fyrir, að ríkisbankinn einn gefi framvegis út seðla hjer á landi og seðlar Landsbankans verði dregnir inn. Jafnframt má gera ráð fyrir því, að ríkissjóður bæti Landsbankanum upp þann halla, er hann býður við missi þessara seðla sinna, með því að leggja honum aukið stofnfje að sama skapi.

Við 28. gr.

Í niðurlagi greinarinnar er átt við óhjákvæmilegan stofnkostnað bankans, svo sem prentun seðla í fyrstu, áhaldakaup og annan kostnað, sem með þarf, til þess að bankinn geti tekið til starfa.

Við 29. gr.

Sbr. 44. gr. stjórnarfrumvarpsins.

Nd. **165. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir athugað frv. þetta, og telur meiri hluti nefndarinnar, að ef frv. þetta yrði að lögum, mundi það setja öll veð í skipum í mikla óvissu, og ræður því hv. deild til að fella frv. — Einn nefndarmanna (J. Bald.) vill, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 16. mars 1926.

Jón Kjartansson, form. og frsm. — Árni Jónsson, fundaskrifari.

Pjetur Þórðarson. — Pjetur Ottesen.

Nd. **166. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 1919, um forkaupsrjett á jörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefir athugað frumv. þetta allrækilega og telur það stefna í rjetta átt, að því leyti að styðja að því, að jarðirnar haldist sem lengst í sömu ætt, eða höndum þeirra manna, sem líklegt er, að láti sjer annast um þær. Þó telur nefndin varlegra að bæta við ákvæðum, er tryggi það, að breytingin leiði ekki til fjölgunar á leiguliðum. Því leggur hún til, að háttv. deild samþ. frv. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr.

Fyrir »kjörbarni eða fósturbarni eða systkini« komi: kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri, enda sje jörðin tekin í sjálfsábúð innan 5 ára frá söludegi, svo fremi kaupandi sje fullveðja, en sje kaupandi ófullveðja, þegar kaup eru gerð, skal hann hafa tekið jörðina til ábúðar, þá er hann er fullra 30 ára. Að öðrum kosti getur sá, er forkaupsrjett átti, gengið í kaupin.

Alþingi, 15. mars 1926.

H. J. Kristófersson, form. og frsm. — Jón Sigurðsson. — Halldór Stefánsson, fundaskrifari.

Arni Jónsson. — Jörundur Brynjólfsson.

Ed. **167. Þingsályktun**

um leigu á skipi til strandferða.

(Afgreidd frá Ed. 16. mars).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að leigja um 500 smálesta skip til strandferða, ásamt »Esju«, frá í ágúst og fram í desember næstk., er aðallega annist vöruflutninga með ströndum fram, en hafi þó nokkurt farþegarúm.

Ed. **168. Þingsályktun**

um ríkisborgararjett, hvernig menn öðlast hann og missa.

(Afgreidd frá Ed. 16. mars).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að beitast fyrir endurskoðun á lögum 6. okt. 1919, nr. 21, um ríkisborgararjett.

Nd. **169. Breytingartillögur**

við frv. til laga um útsvör.

Frá Klemens Jónssyni.

1. Við 3. gr. Á eftir orðunum í síðari málsgr. »sveitarstjórn sýnt« komi: á gjaldárinu.
2. Við 22. gr. Í stað orðanna »án þess að honum — tilkynt« í niðurlagi fyrstu málsgr. komi: enda hafi honum verið sú fyrirætlun tilkynt og honum gefinn kostur á að gæta rjettar síns.

Nd. **170. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 36, 11. júlí 1911, um forgangsrjett kandídata frá háskóla Íslands til embætta.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Aftan við 3. gr. kemur ný málsgrein, er svo hljóðar:

Svo er og ríkisstjórninni heimilt að veita kandídötum í guðfræði frá

háskólum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð prestsembætti hjer á landi, enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum til þess að fá slík embætti og guðfræðideild mæli með.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Eins og nú er komið, eru lög þau, sem hjer er farið fram á að breyta, í raun rjettri óþörf, því að engin hætta er á, að námsmenn gangi fram hjá háskóla vorum um þær námsgreinir, sem hjer eru kendar, síst síðan Garðstyrkur fjell niður. Kostnaður við erlent nám er ærinn múrveggur um háskólann.

Nú nýlega hefir atvikast svo, að guðfræðingur með ágætt próf frá Kaupmannahafnarháskóla, og í hvívetna hinn efnilegasti maður, hefir sótt um prestakall hjer á landi. Þyrfti hann þá að ganga undir guðfræðipróf hjer, til þess að hafa rjett til embættisins, en það nær engri átt. Guðfræðideildin er öll sammála um, að einskorðun laganna við kandídata frá háskólanum hjer sje alóþörf, og jafnvel skaðleg að því er guðfræðinga snertir. En tillögur um almenna breyting á lögunum hafa ekki verið afgreiddar frá háskólaráði vegna þess, að deildirnar eru ekki allar jafnsammála um þetta. Er því hjer aðeins farið fram á undanþáguheimild fyrir guðfræðikandídata frá háskólum nágrannalandanna, og svo um búið, að varla ætti neinn að óttast skaðlegar afleiðingar.

171. Frumvarp

til laga um Landsbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

I. kafli.

Skipulag bankans.

1. gr.

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins undir sjerstakri stjórn, svo sem nánar er ákveðið í V. kafla laga þessara. Á Norðurlandamálum er heiti bankans *Islands Nationalbank*, á ensku *The National Bank of Iceland* og á öðrum tungumálum samsvarandi heiti.

Bankinn starfar í þrem deildum með aðgreindum fjárhag, og nefnast þær seðlabanki, sparisjóðsdeild og veðdeild. Skal halda algerlega aðgreindum vara-

sjóðum og öðrum eignum, útlánum, innlánum, bókfærslu og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig.

2. gr.

Landsbanki Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess hefir bankinn útibú þar, sem bankaráðið ákveður með samþykki framkvæmdarstjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál.

II. kafli.

Seðlabankinn.

3. gr.

Bankinn hefir á hendi útgáfu seðla innan þeirra takmarka, er þarf til að fullnægja gjaldmiðilsþörf í innanlandsviðskiftum.

4. gr.

Tilgangur bankans er:

1. Að stuðla að tryggri skipun á peningamálum landsins, með það fyrir augum, að gull og gullgildir seðlar geti sem fyrst orðið og haldi síðan áfram að vera hinn almenni gjaldeyrir í landinu. Í því skyni ber stjórn bankans einkanlega að gæta þess, að fje bankans sje tryggilega fyrir komið til ávöxtunar, og sje jafnan handbært að eins miklu leyti og krefjast verður af seðlabanka. Svo ber og stjórn bankans að afstýra, eftir því sem unt er, með kaupum og sölum á erlendum gjaldeyri og verðbrjefum, sem skráð eru á erlendum kauphöllum, með viðskiftum við aðrar peningastofnanir í landinu og með tilhögun útlánsstarfseminnar, truflun þeirri á peningamálum og atvinnulífi, sem annars má vænta, að almennar hagsveiflur hafi í för með sjer.
2. Að reka bankastarfsemi eftir því, sem nánar er til tekið í lögum þessum.

5. gr.

Stofnfje seðlabankans er 3 milj. kr., sem ríkissjóður leggur honum til. Auk þess skal bankinn safna varasjóði samkvæmt 25. gr.

6. gr.

Bankinn hefir einkarjett til að gefa út bankaseðla eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga og getur gengið manna í milli í stað bankaseðla, með þeirri einni takmörkun, er leiðir af lögum nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Ráðherra sá, er með bankamál fer, ákveður, eftir tillögu bankaráðsins, lögun og útlit seðla þeirra, er bankinn gefur út, og gefur út auglýsingu um það efni, eftir því sem þörf er á. Enginn seðill, er bankinn gefur út, má hljóða um minni upphæð en fimm krónur.

Seðlar þeir, er bankinn gefur út, skulu vera gjaldgengir í ríkissjóð og aðra almenna sjóði hjer á landi og vera löglegur gjaldeyrir manna á milli með fullu ákvæðisverði.

Hver, sem býr til eftirmynd seðla þeirra, er bankinn gefur út, eða falsar þá, skal sæta þeirri refsingu, sem 266. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 ákveður. Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búið er að eftirmynda eða falsa seðilinn, þó að ekki sje búið að láta hann út.

7. gr.

Bankanum er skylt, ef þess er krafist, að greiða seðla þá, er hann hefir gefið út, handhafa þeirra með ákvæðisverði í löglegri og gjaldgengri gullmynt, enda samsvari upphæð seðlanna heilli tölu gullmynta. Bankanum er skylt að kaupa af hverjum, er þess æskir, skírt ómyntað gull á 2480 krónur hvert kílógram, að frádregnum $^1/_2$% í myntgerðarkostnað. Útibúum bankans er eigi skylt að leysa inn seðla eða kaupa gull nema bankaráðið mæli svo fyrir.

8. gr.

Bankanum er heimilt að gefa út seðla eftir því sem gjaldmiðilsþörfin krefur, með takmörkunum þeim, sem greinir hjer á eftir, gegn því að bankinn

1. eigi gullforða er nemi $^1/_3$ af því seðlamagni, sem úti er í hvert skifti. Gullforðinn má þó aldrei fara niður úr 2 miljónum króna;
2. hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlamagnsins, sem ekki er trygður með gullforðanum, þannig að 125 krónur komi á móti hverjum 100 krónum í seðlum.

Ef seðlar bankans í umferð fara fram úr 12 miljónum króna, skal það, sem fram yfir er 12 miljónir, alt að 14 miljónum, trygt með 50% gullforða, frá 14 til 16 miljónir með 75% gullforða, og auk þess skal bankinn hafa auðselda eign, skv. 2. tölulið, til tryggingar þeim 50% eða 25%, sem ekki er trygður með gullforða; það, sem þar kann að fara fram yfir, skal trygt að fullu með gullforða.

9. gr.

Til gullforða telst:

a. myntað og ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi 2480 kr. fyrir hvert kílogramm af skíru gulli;
b. innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er, í erlendum bönkum, sem bankaráðið telur fulltrygga og ráðherra samþykkir, að frádregnum samskonar skuldum bankans, þó eigi yfir $^1/_4$ alls gullforðans.

Gullforði bankans samkvæmt a-lið skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum (og útibúum hans, ef þeim ber að leysa inn seðla samkvæmt 7. gr.). Þó má til þess hluta gullforðans telja gull það, sem sannað er um, að sje á leið hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 300000 krónur í einu.

10. gr.

Til eignar þeirrar, sem tryggja skal seðlamagn það, er gullforðinn nægir ekki til, teljast:

a. Auðseld opinber verðbrjef eftir gangverði.
b. Önnur verðbrjef, ekki hlutabrjef, sem skráð eru á erlendum kauphöllum.
c. Víxlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis.
d. Innieign í erlendum bönkum, sem fellur til útborgunar innan sex mánaða lengst, að frádregnum samskonar skuldum bankans við erlenda banka.
e. Skuldabrjef gefin út fyrir lánum gegn handveði í verðbrjefum þeim, sem greinir í a- og b-lið þessarar greinar.

11. gr.

Bankanum skal skylt á hverjum tveggja vikna fresti að gefa ráðherra þeim, er fer með bankamál, skýrslu um seðla í umferð og gullforðann og eign þá, sem samkvæmt 10. gr. er til tryggingar seðlunum. Skulu skýrslur þessar birtar almenningi jafnóðum.

Beri skýrsla með sjer, að meiri seðlar sjeu í umferð en lögmæt trygging er fyrir, er bankastjórnin skyld að ráða bót á þessu í síðasta lagi innan fjögra vikna frá því skýrslan er gefin.

12. gr.

Þegar alveg sjerstaklega stendur á, svo sem vegna ófriðarástands eða afleiðinga þess, eða ef alveg óvenjuleg peningakreppa skellur á, er heimilt, með konunglegri tilskipun, að veita bankanum undanþágu frá ákvæðum 7. gr. um innlausn seðla, þó aldrei um lengri tíma en eitt ár í senn. Tilskipunin fellur úr gildi ef næsta Alþingi hefir eigi samþykt hana fjórum vikum eftir þingsetningu.

Bankaráð og framkvæmdarstjórar bera þá ábyrgð á því, að þeir seðlar, sem í umferð eru, fari aldrei fram úr nauðsynlegum þörfum viðskiftalífsins. Landsbankanefndin eða ráðherra sá, er fer með bankamál, getur lagt bann við aukinni útgáfu seðla, ef teljast verður, að þeirra dómi, umfram nauðsynlegar þarfir viðskiftalífsins.

13. gr.

Seðlabankinn tekur við peningum:

1. á dálk eða í hlaupareikning, án vaxta eða með vöxtum, eftir ákvörðun bankaráðs og framkvæmdarstjórnar, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð bankans;
2. Til geymslu.

Útibú seðlabankans taka og við innlánsfje með sparisjóðskjörum, ef svo verður ákveðið í reglugerðum þeirra.

14. gr.

Seðlabankanum er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands.
2. Að kaupa og selja víxla og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.

Víxlar þeir og ávísanir, sem greinir í 1. og 2. tölulið, mega ekki vera með lengra gjaldfresti en 6 mánuðum, og má eigi endurnýja þá meira en 6 mánuði samtals.

3. Að kaupa og selja dýra málma.

4. Að veita lán gegn veði, þó ekki um lengri tíma en 12 mánuði, og reikningslán, sem uppsegjanleg sjeu með 3 mánaða fyrirvara.
5. Að kaupa og selja skuldabrjef ríkja, bæjar- og sveitarfjelaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbrjef. Hlutabrjef má seðlabankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annara.
6. Að annast að öðru leyti öll venjuleg bankastörf, sem ekki binda fje bankans sem seðlabanka um of.

15. gr.

Bankinn má taka lán gegn tryggingu í sjálfs síns eignum. Til þess að setja tryggingu þarf samþykki bankaráðs og ráðherra.

16. gr.

Bankinn tekur til geymslu gegn gjaldi dýra málma, verðmæta hluti og verðbrjef. Bankinn getur tekið að sjer að annast innheimtu á vöxtum og afborgunum af verðbrjefum, á arðmiðum og á útdregnum skuldabrjefum. Einnig getur bankinn tekið verðmæti til geymslu í lokuðum hólfum eða innsiglað.

17. gr.

Bankinn má annast allskonar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, bæði hjerlendis og erlendis.

18. gr.

Bankinn hefir á hendi án endurgjalds öll framkvæmdarstörf viðvíkjandi skiftimynt þeirri, er ríkisstjórnin gefur út, þar á meðal að halda saman mynt, sem ónothæf er orðin. Bankinn er skyldur til að taka við hvaða upphæð sem er í löglegri íslenskri skiftimynt. Nú hefir bankinn í sjóði meiri íslenska skiftimynt en framkvæmdarstjórn bankans þykir þörf á vegna viðskifta bankans, og er bankanum þá rjett að afhenda ríkisstjórninni það, sem umfram er, gegn greiðslu í öðrum löglegum gjaldeyri.

19. gr.

Framkvæmdarstjórn bankans og formanni bankaráðsins er skylt að gæta þess, að bankinn hafi jafnan auk þeirra vissu og auðseldu eigna, sem ræðir um í 8. gr. 2. tölulið og í 10. gr., hæfilega mikið af samskonar eignum í hlutfalli við þær skuldbindingar bankans, sem gengið verður eftir án fyrirvara. Ennfremur ber bankastjórninni, eftir því sem aukning á slíkum skuldbindingum bankans gefur tilefni til, að leitast við að auka gullforða bankans eða innieignir hans erlendis.

20. gr.

Bankanum skal skylt að kaupa af almenningi og selja almenningi trygg innlend verðbrjef, ekki hlutabrjef, gangverði, sem ákveðið sje af bankaráði, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar eigi sjaldnar en einu sinni á viku, og birt almenningi með auglýsingu á áberandi stað í aðalafgreiðslustofu bankans og útibúa hans. Hver verðbrjef skuli falla undir þessa grein, ákveður bankaráðið. Ef

framkvæmdarstjórn bankans vill eigi hlíta úrskurði bankaráðs um upptöku nýrra tegunda slíkra verðbrjefa til skráningar í bankanum, getur hún skotið málinu til landsbankanefndar, sem ræður málinu til lykta að fullu.

Ráðherra getur undanþegið bankann skyldu þeirri, er um ræðir í þessari grein, annaðhvort um kaup eða sölu, ef eign bankans í slíkum verðbrjefum fer fram úr því eða fer niður fyrir það, sem bankaráðið telur hæfilegt. Slík undanþága skal þó aldrei gefin lengur en 3 mánuði í senn.

21. gr.

Bankinn má eigi veita ríkissjóði önnur lán en bráðabirgðalán til alt að þriggja mánaða í einu og ekki hærri upphæð en svo, að nemi ¼ af stofnfje bankans. Allar slíkar skuldir ríkissjóðs skulu goldnar að fullu fyrir lok hvers reikningsárs.

Þetta ákvæði skal þó ekki vera því til fyrirstöðu, að bankinn veiti fyrirtækjum, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs, lán eftir sömu reglum og einstökum mönnum eða fyrirtækjum einstakra manna.

22. gr.

Starfsár bankans er almanaksárið. Ársreikning bankans skal birta í Stjórnartíðindunum, og skal hann saminn svo snemma, að hann verði birtur í síðasta lagi 3 mánuðum eftir árslok. Auk þess skal við hver mánaðamót birta stutt yfirlit yfir hag bankans. Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 bókhaldsfróðum endurskoðendum, sem landsbankanefndin kýs. Þeir skulu rannsaka reikninginn og bera saman við bækur bankans og heimafje. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi. Að öðru leyti ber þeim að hafa eftirlit með reikningsfærslu og bókhaldi bankans og gera tillögur til bankaráðsins um umbætur í því efni, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Þóknun handa endurskoðendum skal ákveðin í reglugerð bankans.

23. gr.

Reikninginn skal gera upp svo sem fyrir er mælt í reglugerð bankans. Á reikningnum skal telja skuldir bankans í erlendri mynt og innieignir bankans erlendis, svo og hverskonar verðbrjef, með því gangverði, sem skráð er 31. desember. Ef bankinn hefir keypt greind verðbrjef lægra verði en því, sem skráð er 31. desember, skulu þau skráð með kaupverðinu.

24. gr.

Af tekjum á árinu greiðist:

1. Allur kostnaður og rekstrarútgjöld; þó má skifta kostnaði við seðlagerð og bankabyggingar niður á alt að 5 ár.
2. Tap, sem lokið er uppgerð á, og tap, sem telja verður orðið, enda þótt ekki sje lokið uppgerð á því.
3. Ennfremur má leggja til hliðar hæfilega fjárhæð fyrir tapi, sem búast má við.

25. gr.

Af tekjuafgangi hvers árs fær ríkissjóður greidda 6% af stofnsjóði, eða 180000 krónur, þó aldrei meira en helming tekjuafgangsins. Hinn hluti tekjuafgangsins rennur í varasjóð. Þegar varasjóður er orðinn 3 miljónir króna, skiftist arður bankans þannig, að varasjóður fær 1/4 hluta, en ríkissjóður 3/4 hluta. Ef bankinn verður fyrir tapi eftir að varasjóður er orðinn 3 miljónir króna, sem setur varasjóð niður úr þeirri fjárhæð, skiftist tekjuafgangurinn eftir sömu reglu og áður en varasjóður náði 3 miljónum króna, uns hann hefir aftur náð þeirri fjárhæð.

26. gr.

Ef árstekjur bankans hrökkva ekki til að bera tap það, sem um ræðir í 24. gr. 2. og 3. tölulið, ber varasjóður það, sem á vantar.

27. gr.

Bankinn skal eiga fjárhæð, er nemi 1/3 af varasjóði bankans, í:

1. auðseldum erlendum ríkisskuldabrjefum,
2. víxlum, er greiðast erlendis, eða
3. kröfum á erlenda banka, er verða greiddar innan 6 mánaða, að frádregnum samskonar skuldum bankans.

Komi það fyrir, að bankinn verði að skerða þessa eign, skal hún jafnskjótt og unt er aukin aftur, svo að fullnægi ákvæðum þessarar greinar.

III. kafli.

Sparisjóðsdeild bankans.

28. gr.

Sparisjóðsdeild tekur við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum.

29. gr.

Sparisjóðsdeild bankans er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands.
2. Að kaupa og selja víxla og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.
3. Að veita lán gegn veði eða sjálfsskuldarábyrgð.
4. Að kaupa og selja skuldabrjef ríkja, bæjar- og sveitarfjelaga, og önnur trygg og auðseljanleg verðbrjef. Hlutabrjef má sparisjóðsdeildin ekki kaupa eða selja nema í umboði annara
5. Að annast að öðru leyti venjuleg sparisjóðsstörf.

30. gr.

Sparisjóðsdeild skal eiga að minsta kosti sem svarar 1/3 af innlánsfje með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbrjefum, svo sem ríkisskuldabrjef-

um, veðdeildarbrjefum eða jarðræktarbrjefum og öðrum jafntryggum verðbrjefum. Ef vafi þykir leika á, hvaða verðbrjef fullnægi ákvæðum þessarar greinar, sker bankaráðið úr.

31. gr.

Sparisjóðsdeildin skal taka þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn, rekstur og húsnæði bankans, eftir ákvörðun bankaráðsins. Allur tekjuafgangur rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann töp þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar. Um endurskoðun og reikningsskil fer eftir ákvæðum 22.—24. gr.

32. gr.

Sparisjóðsdeildin með útibúum sínum lýtur öllum ákvæðum hinnar almennu löggjafar um sparisjóði, nema öðruvísi sje ákveðið í þessum lögum.

IV. kafli.

Veðdeild bankans.

33. gr.

Veðdeild annast útlánsstarfsemi gegn veði í fasteignum á Íslandi, samkvæmt sjerstökum lögum og reglugerðum.

V. kafli

Stjórn bankans.

34. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum landsbankanefndar og ráðherra þess, er fer með bankamál, samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum. Stjórn bankans að öðru leyti annast bankaráð skipað fimm mönnum og framkvæmdarstjórn skipuð þrem mönnum.

35. gr.

Landsbankanefndin er skipuð 15 mönnum, sem sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu til 6 ára. Annaðhvert ár ganga fimm úr nefndinni, í fyrstu tvö skiftin eftir hlutkesti, og kýs sameinað Alþingi 5 menn í staðinn. Endurkjósa má menn í nefndina. Kosnir skulu og með hlutfallskosningu varamenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanns eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Er kosning fer fram, skal afhenda lista með helmingi fleiri nöfnum en kjósa á menn í nefndina. Sá, sem næstur er að atkvæðamagni þeim, er kosningu hlýtur á hverjum lista, skal vera 1. varamaður þess lista um kjörtímabil það, er listinn á við, og svo hver af öðrum innan listans þannig, að sá, sem næstur er að atkvæðamagni, kemur jafnan í stað þess, sem næstur er á undan að atkvæðamagni. Kjörtími varamanns, sem tekur sæti í nefndinni vegna fráfalls eða brottflutnings aðalmanns, endar þegar kjörtími þess, sem hann kemur í staðinn fyrir, hefði verið á enda. Nú kemur það fyrir, að allir aðalmenn og varamenn lista

fyrir eitt kjörtímabil forfallast, og kýs þá nefndin mann í skarðið með einföldum meiri hluta. Ef vafaatriði um þessi efni koma fyrir, sker nefndin sjálf úr þeim, með atkvæðagreiðslu, og sendir Alþingi skýrslu um málið.

Landsbankanefndarmenn fá enga þóknun fyrir störf sín, en fá endurgreiddan ferðakostnað, er þeir kunna að greiða fyrir ferðir í þarfir starfs síns sem nefndarmenn.

36. gr.

Formann bankaráðsins skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, til 5 ára í senn. Hina fjóra bankaráðsmennina kýs landsbankanefndin til 4 ára í senn, þannig, að tveir ganga úr á aðalfundi landsbankanefndarinnar annaðhvert ár; í fyrsta skifti ræður hlutkesti, hverjir 2 úr skuli ganga. Formann bankaráðs má endurskipa og hina 4 ráðsmennina má endurkjósa. Á sama hátt skal skipa varaformann og kjósa 4 varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum formanns eða bankaráðsmanns. Ef formaður eða varaformaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans áður en starfstími hans er á enda, skipar ráðherra nýjan varamann. Ef nefndarkosinn bankaráðsmaður og varamaður forfallast á sama hátt áður en starfstími hans er á enda kýs, landsbankanefndin annan í hans stað. Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sje auðvelt að sækja bankaráðsfundi enhvær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 4000 krónur í ársþóknun, en hinir bankaráðsmennirnir 2000 krónur hver.

Auk þess fá allir bankaráðsmennirnir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins. — Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

37. gr.

Engan má kjósa í landsbankanefnd og bankaráð nema hann sje lögráða, hafi óflekkað mannorð og sje fjár síns ráðandi. Ef nefndarmaður eða bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er á enda, hættir hann þegar störfum í nefndinni eða ráðinu.

38. gr.

Bankaráðið ræður aðalbankastjóra og tvo aðra bankastjóra. Eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Skulu þeir ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra, jafnt aðalbankastjóra sem hinum bankastjórunum, frá fyrirvaralaust gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um að ræða afbrot af hálfu bankastjórans, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Ennfremur getur ráðherra sá, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Laun aðalbankastjóra skulu ákveðin af bankaráðinu með samningi. Skulu þau vera fastbundin árslaun og mega ekki að neinu leyti vera miðuð við rekstrarhagnað bankans. Hinir bankastjórarnir hafa að árslaunum 12000 krónur hvor

og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni; dýrtíðaruppbótin reiknast með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins.

Bankaráðið getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fje bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launununm handa bankastjóranum, og 25% af launununm handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skifti.

39. gr.

Landsbankanefndin heldur aðalfund sinn einu sinni á ári, í aprílmánuði. Boðar forseti nefndarinnar til fundarins með mánaðar fyrirvara. Auk þess má kveðja nefndina til funda þegar forseti telur þess þörf, svo og ef 4 bankaráðsmenn að minsta kosti eða 7 landsbankanefndarmenn að minsta kosti krefjast þess í brjefi til forseta. Skal forseti þá boða til fundar eigi síðar en viku eftir að krafan kom í hans hendur. Skal að jafnaði boðað til aukafunda með viku fyrirvara, nema brýn þörf kalli að. Þá má boða til fundar með styttri fyrirvara, þó aldrei styttri en 2 sólarhringa.

Til fundanna skal boða með ábyrgðarbrjefi eða staðfestu símskeyti til hvers nefndarmanna.

40. gr.

Á fyrsta aðalfundi nefndarinnar eftir hvert skifti, sem ný kosning hefir farið fram í nefndina skv. 35. gr., kýs nefndin sjer forseta til næstu 2 ára. Hann boðar nefndina til funda skv. 39. gr. og stjórnar fundum nefndarinnar. Ennfremur skal á sama hátt til sama tíma kjósa 1. og 2. varaforseta; gegnir 1. varaforseti forsetastörfum í forföllum forseta, en 2. varaforseti ef báðir, forseti og 1. varaforseti, eru forfallaðir. Forseti sá, sem stjórnar fundi í hvert skifti, kveður sjer fundarritara, sem má vera utan nefndarinnar.

Rita skal í fundabók stutta skýrslu um það, sem gerist á nefndarfundum, svo og allar ályktanir nefndarinnar.

41. gr.

Nefndarfundur er lögmætur, ef fundinn sækja eigi færri en 10 nefndarmenn.

Á nefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði forseta úr.

42. gr.

Landsbankanefndinni ber:

a. Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu eftir tillögum bankaráðsins. Reglugerðin skal staðfest af ráðherra þeim, sem fer með bankamál, og síðan birt í Stjórnartíðindunum.
b. Að kjósa 4 menn í bankaráð og 4 varamenn, samkvæmt 36. gr. laga þessara.
c. Að kjósa 2 endurskoðendur bankans til eins árs í senn og 2 til vara, gefa þeim erindisbrjef og ákveða þóknun þeirra. Ef þess er krafist af 4 nefndarmönnum að minsta kosti, skulu kosningar þær, er um ræðir í b- og c-lið, vera hlutfallskosningar.
d. Að úrskurða reikninga bankans.

e. Að taka ályktun um önnur mál, sem lögð verða fyrir nefndina samkvæmt lögum þessum, eða eftir ósk bankaráðs eða ráðherra.

43. gr.

Formaður bankaráðsins hefir fyrir hönd ráðsins stöðugt, daglegt eftirlit með starfsemi bankans.

Bankaráðið heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, 1. og 15. dag mánaðarins, eða næstan virkan dag, ef 1. eða 15. ber upp á helgidag, en annars svo oft sem formaður þess telur nauðsynlegt eða meiri hluti ráðsins krefst þess, eða aðalbankastjóri óskar þess. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Þegar jöfn eru atkvæði, sker atkvæði formanns úr. Svo skal og vera þegar jöfn eru atkvæði, er bankaráð og framkvæmdarstjórn gera sameiginlega ályktun, sbr. 44. gr. stafl. h. og i.

Bankastjórarnir eiga rjett á að vera á fundum bankaráðsins og taka þátt í umræðum, nema rætt sje um mál, er snertir bankastjórana sjálfa.

Á hverjum reglulegum fundi skal aðalbankastjóri leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, hve mikið af fje hans sje bundið í hverri atvinnugrein, um verðbrjefaeign hans, um innlánsfje í honum og um það, hve mikið af því megi taka út fyrirvaralaust, um slíkar kröfur erlendar, um seðlaveltu, gullforða og innieignir erlendis, og annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt, til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

44. gr.

Bankaráðinu ber, auk þess sem áður segir:

a. Að koma fram fyrir hönd bankans gagnvart dómstólunum, yfirvöldum og gagnvart þriðja manni. Ráðið getur úrskurðað um öll mál bankans, sem ekki er áskilið landsbankanefndinni eða ráðherra að úrskurða um.
b. Að hafa umsjón og eftirlit með eignum bankans og starfsemi hans, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð bankans.
c. Að ákveða verkaskifting milli aðalbankastjóra og hinna bankastjóranna og setja bankastjórunum erindisbrjef,
d. Að skipa stjórnendur útibúa bankans og víkja þeim frá, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
e. Að skipa aðalbókara, aðalfjehirði og fjehirði bankans, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
f. Að ákveða laun starfsmanna bankans, setja reglugerð um eftirlaunasjóð handa starfsmönnum bankans og úrskurða um eftirlaun þeirra.
g. Að ákveða, með samþykki framkvæmdarstjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál, hvar bankinn skuli hafa útibú.
h. Að ákveða ásamt framkvæmdarstjórninni forvexti og útlánsvexti bankans.
i. Að ákveða ásamt framkvæmdarstjórninni, hve mikið af starfsfje bankans megi vera bundið í hverri atvinnugrein á hverjum tíma, og ákveða aðrar almennar reglur um starfrækslu bankans.
j. Að úrskurða um deilur, sem upp kunna að koma milli starfsmanna bankans og bankastjóranna.

k. Að taka ákvörðun um eftirgjafir á skuldum án gjaldþrotaskifta eða löglegra nauðasamninga, eftir tillögu bankastjóranna. Ef um er að ræða eftirgjöf á skuld eins skuldanautar eða fjelags fleiri skuldunauta, sem fari fram úr 100000 krónum, skal landsbankanefndin taka ákvörðun um eftirgjöfina, að fengnum tillögum bankastjóra og bankaráðs.

l. Að ákveða, að fengnum tillögum bankastjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans skuli ásamt bankastjóra geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni.

m. Að sjá um endurskoðun á reikningum bankans og ganga eftir því, að endurskoðendur bankans ræki vel starf sitt.

n. Að gera ályktun um þau mál, sem framkvæmdarstjórnin leggur fyrir bankaráðið.

Bankaráðið ákveður, hve mikið af starfsfje bankans skuli fengið hverju útibúi til umráða, enda komi samþykki framkvæmdarstjórnar til.

Bankaráðið getur, hvenær sem er, rannsakað eða falið einum eða fleirum úr bankaráðinu að rannsaka ráðstafanir framkvæmdarstjórnarinnar og framkvæma endurskoðun í bankanum.

45. gr.

Aðalbankastjóri hefir æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans. Í forföllum hans kemur sá hinna bankastjóranna, sem er eldri í stöðunni, eða, ef báðir eru jafngamlir í stöðunni, sá, sem er eldri að árum, í hans stað. Að öðru leyti fer um skiftingu starfa milli bankastjóranna eftir reglugerð bankans og ákvörðun bankaráðs.

Framkvæmdarstjórnin ráðstafar fje bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sje í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

Framkvæmdarstjórnin heldur fundi á ákveðnum tíma á hverjum starfsdegi. Formaður bankaráðsins tekur þátt í þessum fundum og stjórnar þeim, en hefir ekki atkvæðisrjett. Ef atkvæði falla þannig, að öðru megin stendur aðalbankastjóri, en hinu megin hinir tveir bankastjórarnir, getur formaður bankaráðsins þó ráðið því, að tillaga aðalbankastjóra skuli ná fram að ganga, ef hann vill fallast á hana. Að öðru leyti ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði aðalbankastjóra úrslitum.

Engin ályktun verður tekin nema tveir bankastjórar sjeu á fundi. Skrá skal í sjerstaka fundabók stutta skýrslu um það, sem fram fer á fundum framkvæmdarstjórnarinnar, og allar ályktanir. Undirskrift formanns bankaráðsins og aðalbankastjóra, eða þess bankastjóra, sem kemur í hans stað, undir fundargerðirnar eru full sönnun þess, sem gerst hefir á fundinum.

Aðalbankastjóri og annar bankastjóranna skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt (sbr. 44. gr. l.) að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt aðalbankastjóra eða þeim, sem kemur í hans stað.

46. gr.

Framkvæmdarstjórnin ræður alla þá starfsmenn bankans, sem bankaráðinu er eigi falið sjerstaklega að ráða samkvæmt 44. gr., og segir þeim upp. Starfsmenn bankans skulu að jafnaði ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

47. gr.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki aðalbankastjóra og annars bankastjóra eða aðalbankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkvæmt 44. gr.

48. gr.

Bankastjórar mega ekki vera alþingismenn nje hafa önnur embættisstörf á hendi, reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórar nje starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, nema veðdeild, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

Bankaráðsmenn mega ekki hafa milligöngu um lántökur annara í bankanum.

49. gr.

Bankaráð, framkvæmdarstjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um alt það, er snertir hagi viðskiftamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

50. gr.

Stofna skal eftirlauna- og styrktarsjóð handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 krónur í eitt skifti fyrir öll. Allir, sem verða fastráðnir starfsmenn í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 3% af árslaunum sínum, og leggur bankinn sjóðnum til jafnháa fjárhæð árlega. Þeir, sem eru fastráðnir starfsmenn bankans, er lögin ganga í gildi, öðlast rjett til styrks úr sjóðnum samkvæmt reglugerð hans, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma.

Bankaráðið ákveður með reglugerð um fyrirkomulag sjóðsins, skilyrði fyrir greiðslum úr honum og annað, sem þar að lýtur.

Þessi grein tekur ekki til bankastjóranna.

VI. kafli.

Sjerrjettindi bankans.

51. gr.

Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefir gefið út fyrir handveði eða geymslufje eða fyrir innláni, eða viðskiftabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum

innlögum, getur framkvæmdarstjórn bankans stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis eða viðskiftabókar með 6 mánaða fyrirvara, og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í tíðindum þeim, er flytja skulu stjórnarvaldaauglýsingar hjer á landi, og ef enginn hefir sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefir viðtökuskírteinið eða viðskiftabókina, án þess nokkur annar, er viðtökuskírteinið eða viðskiftabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

52. gr.

Fje ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankanum. Landsbankinn með útibúum sínum hefir einn, að því er við verður komið, heimild til að taka við geymslufje (depositum).

53. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetning eða löghaldi meðan það stendur þar.

54. gr.

Bankanum er heimilt að áskilja sjer hærri vexti en 6% um árið af útlánum gegn fasteignarveði.

55. gr.

Nú er óskað láns gegn fasteignarveði, og skal þá gefa vottorð um fasteignina úr afsals- og veðmálabókum kauplaust, þegar stjórn bankans krefst þess, enda sje vottorðið ætlað bankanum einum til afnota.

56. gr.

Bankinn getur löglega samið svo við skuldunauta sína, að þeir taki upp í veðskuldabrjef sín til bankans ákvæði það, er getur um í tilskipun 18. febrúar 1847, 10. gr., um fje ómyndugra á Íslandi.

57. gr.

Eigi missir bankinn kröfu sína, þótt veðið glatist fyrir óhapp.

58. gr.

Bankinn hefir rjett til að láta starfsmenn sína selja veðbrjef og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur, eða menn vita ekki um heimili hans, og skal þá bankinn stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skal í stjórnarvaldaauglýsingar.

59. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnist, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs, eða annara stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum

og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af hlutabrjefum eða skuldabrjefum bankans, hlutabrjef bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

60. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða á gjaldþrotaskiftum, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Landsbankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega, að hægt sje að mæta eða láta mæta við uppboðið.

VII. kafli.

Bráðabirgðaákvæði.

61. gr.

Kosning í landsbankanefndina fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1926. Þegar eftir að lög þessi eru gengin í gildi, skal sá, sem flest atkvæði hefir fengið við kosninguna í landsbankanefndina, kveðja nefndina til fundar og sjá um kosningu 4 manna í bankaráðið. Jafnframt skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, formann bankaráðsins. Bankaráðið sjer síðan um, að fram fari úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins. Ennfremur að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist til framkvæmda 1. janúar 1927. Fyrir störf þessi má greiða bankaráðsmönnum sjerstaka þóknun, sem þó fari eigi fram úr 6000 kr. alls.

62. gr.

Bankaráðið sjer um framkvæmd á skiftum milli seðlabankans og sparisjóðsdeildar, og skulu þau skifti vera komin í framkvæmd að fullu fyrir árslok 1929. Um reikningsskil milli deildarinnar og seðlabankans fer eftir nánari ákvörðun bankaráðsins þar til skiftum er lokið.

Af varasjóði bankans, eins og hann verður þegar skiftum er lokið, fær sparisjóðsdeildin helminginn og seðlabankinn helminginn.

63. gr.

Núverandi bankastjórar halda óbreyttum launakjörum, ef þeir verða ráðnir bankastjórar samkvæmt lögum þessum, nema öðruvísi semjist. Fari núverandi bankastjóri frá, sökum þess að hann verður ekki ráðinn í bankastjórastöðu eftir þessum lögum, þá greiðir bankinn honum full laun sem biðlaun í 3 ár, og síðan eftirlaun, er ákveðin verða samkvæmt 38. gr.

Jafnskjótt sem núverandi bókari, aðalfjehirðir og fjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum laga þessara.

64. gr.

Ákvæði 7. gr. ganga í gildi þegar Alþingi ákveður. Þangað til getur ráðherra veitt bankanum undanþágu frá ákvæði 9. gr. b. lið um að innstæður er-

lendis megi ekki fara fram úr ¼ alls gullforðans. Ákvæði 27. gr. um varasjóð ganga þá um leið í gildi.

65. gr.

Auk hinna gulltrygðu seðla er bankanum heimilt að gefa út alt að 1 miljón króna. Seðlamagn þetta skal minka um 100000 kr. fyrir 1. nóvember 1927 og úr því árlega um sömu upphæð.

66. gr.

Bankinn gengur inn í kaup ríkissjóðs á gullforða Íslandsbanka samkvæmt 3. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921.

67. gr.

Ákvæði 21. gr. um lán til ríkissjóðs taka eigi til þeirra lána, sem ríkissjóður hefir frá Landsbankanum þegar lög þessi öðlast gildi.

68. gr.

Landsbankinn endurkaupir af Íslandsbanka góða viðskiftavíxla gegn forvöxtum, sem sjeu 1% lægri en venjulegir forvextir Íslandsbanka, þó aldrei lægri en 1% undir forvöxtum Landsbankans, fyrir alt að ⅝ þeirrar upphæðar, sem Íslandsbanki hefir á hverjum tíma dregið inn af seðlaveltu sinni, miðað við 31. okt. 1922; en þá telst seðlavelta Íslandsbanka hafa verið 8 miljónir króna. Eftir að Íslandsbanki hefir dregið inn alla seðla sína minkar fjárhæð sú, sem Landsbankinn endurkaupir með þessum kjörum, um hálfa miljón króna á ári hverju, þar til hún hverfur alveg.

VIII. kafli.

Niðurlagsákvæði.

69. gr.

Lög nr. 14, 18. september 1885, um stofnun landsbanka, lög nr. 2, 12. janúar 1900, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885, lög nr. 28, 22. október 1912, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka, lög nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m., og lög nr. 37, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka, eru úr gildi numin.

Athugasemdir við frumvarpið.

Frumvarp þetta er að því leyti sniðið eftir frv. meiri hluta milliþinganefndarinnar í bankamálum, að gert er ráð fyrir, að landsbankanum verði breytt

í seðlabanka. Í nefndarfrv. er gert ráð fyrir, að sparisjóðsdeild bankans fái sjerstakt bókhald, með útlánum og innlánum aðgreindum frá seðladeild bankans. Rjett hefir þótt að stíga þetta spor til fulls, og er í þessu frv. gert ráð fyrir, að sparisjóðsdeildin fái algerlega sjerstakan fjárhag, eins og t. d. veðdeildin. Má þá m. a. greina sparisjóðsdeildina frá bankanum og láta hana halda áfram sem alveg sjerstaka peningastofnun undir annari stjórn, þegar bankanum er vaxinn svo fiskur um hrygg, að hann þarf ekki lengur sparifjárins til þess að tryggja sjer þau tök á peningamarkaðinum, sem seðlabanka ber að hafa.

Þá hefir eigi þótt næg ástæða til að fallast á uppástungu nefndarmeirihlutans um að hverfa frá innlausn seðla með gullmynt, sem hjer er í lögum nú og hefir verið fram til þessa í öllum myntsamningsríkjum Norðurlanda. Sú sala á gullmiltum, sem meiri hluti nefndarinnar vill setja í stað gullinnlausnar, hefir hingað til naumast verið talin að tryggja gullgildi seðlanna eins vel og gullinnlausnarskyldan.

Ekki hefir verið tekið upp það atriði úr frv. meiri hl. (5. gr.), að ríkissjóður ábyrgist jafnan sjerhvert það tap, er skerðir stofnfje bankans. Komi slíkt fyrir, þykir eðlilegra, að löggjafarvaldið hafi þá óbundnar hendur um það, hvernig ráðið verði fram úr málinu. Að öðru leyti eru ákvæðin um stofnfje og varasjóð tekin eftir frumvarpi meiri hlutans, en þurfa líklega nánari athugunar.

Ákvæðin um tilhögun stjórnar á bankanum eru tekin óbreytt úr frv. meiri hlutans, en sjálfsagt þykir, að sú stjórnartilhögun gangi þegar í gildi að fullu, og miða ákvæði 63. gr. að því.

Að öðru leyti er vísað í ástæður meiri hluta bankanefndarinnar.

172. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1. gr.

Ráðuneytinu er heimilað að veita hlutafjelagi, sem stofnað kann að verða í því skyni, hlunnindi handa banka, er fjelagið stofnar í Reykjavík, þau er hjer segir:

a. Ef viðurkenning fyrir innláni glatast, getur bankinn kallað handhafa hennar með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar í blaði því, er flytur stjórnvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fyrirvara að gefa sig fram við bankann, og ef enginn hefir gefið sig fram áður en tjeður frestur er liðinn, þá má bankinn greiða upphæðina þeim, sem viðurkenninguna hefir fengið frá bankanum, án þess nokkur annar, sem viðurkenningin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur bankanum.

b. Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanskilið kyrrsetningu og lögháldi.
c. Bankinn hefir sem handveðshafi rjett til þess að selja sjálfur veðið við opinbert uppboð, en að öðru leyti samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum um veð, 4. nóv. 1887, 1. gr.
d. Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs eða annara stofnana. Í þess stað skal bankinn gjalda í ríkissjóð hluta af hreinum ársarði sínum, sem ákveðst þannig:

Frá ársarðinum dragist fyrst hæfileg fjárhæð til afskriftar af væntanlegu bankahúsi og innanstokksmunum, þar næst beint áfallið tap bankans og síðast 10% af ársarðinum til varasjóðs og 5% af hlutafjárupphæðinni til hluthafaarðs.

Af því, sem fram yfir er, greiðist ríkissjóði:
5% af fyrstu 100 þús. kr.
10% af næstu 100 þús. kr.
25% af afganginum.

Hlunnindin samkvæmt lögum þessum haldast fyrst um sinn þann tíma, sem nú er eftir af hlunnindatíma Íslandsbanka samkvæmt lögum nr. 11, 7. júní 1902, og auglýsingu nr. 48, 25. nóv. 1903.
e. Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem útgefast af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar, hlutabrjef bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

2. gr.

Hlunnindi þau, sem ræðir um í 1. gr., ná einnig til útibúa þeirra, sem bankinn kann að setja á stofn.

3. gr.

Hlunnindi þau, sem í 1. gr., sbr. 2. gr., segir, eru þessum skilyrðum bundin:
a. Hlutafje bankans má eigi vera minna en 2 miljónir og eigi meira en 6 miljónir króna, og skulu að minsta kosti 55% hlutafjárins boðin út innanlands í þrjá mánuði eftir að lögin öðlast gildi. Meiri hluti bankastjórnar (bankaráðs) sje Íslendingar, búsettir á Íslandi.
b. Bankinn skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík.
c. Ráðuneytið skipar tvo af þrem endurskoðendum bankans.
d. Bankinn skal jafnan hafa í auðseldum innlendum verðbrjefum, er ráðherra tekur gild, sem svarar minst 10% af innlánsfje því, er hann hefir hverju sinni, til tryggingar því.
e. Reikninga bankans skal birta opinberlega á þann hátt, sem leyfisbrjef segir til.
f. Bankinn má ekki lána fje gegn tryggingu í hlutabrjefum sjálfs sín.
g. Bankinn skal taka til starfa fyrir árslok 1927.
h. Ráðuneytið getur sett bankanum frekari skilyrði í leyfisbrjefinu, ef þörf þykir, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ástæður.

Vegna hins mikla vaxtar á atvinnuvegum landsins, þykir nauðsyn að útvega heimild til þess að veita hlunnindi nýjum banka, líkt og gert var með lögum nr. 47 1923, sem hafa ekki komist í framkvæmd.

Nd. **173. Breytingartillögur**

við frv. til laga um veðurstofu á Íslandi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr. e. Liðurinn orðist þannig:
Að standa, í samráði við ríkisstjórnina, fyrir öllum þeim málum, sem snerta alþjóðasamvinnu í veðurfræði og Ísland varða að einhverju leyti. Hjer með er talin umsjón með þeim veðurfregnum, sem sendar eru til annara landa.

2. Við 4. gr. Önnur málsgrein orðist þannig:
Sjerstakar fregnir frá veðurstofunni um stormhættu, hafísa og öskufall skulu ganga fyrir öðrum skeytum, að svo miklu leyti sem alþjóðareglur heimila.

Ed. **174. Nefndarálit**

um frv. til laga um innflutningsbann á dýrum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og átt um það allítarlegt tal við dýralækninn í Reykjavík. Hefir hún sannfærst um, að frv. er mjög sniðið eftir lögum þeim, sem gilda í þessu efni hjá nágrannaþjóðunum, sjerstaklega Norðmönnum. Og þar sem þörfin á fullkomnum varúðarreglum gagnvart innflutningi næmra húsdýrasjúkdóma er eigi síður brýn hjá oss en öðrum þjóðum, þá vill nefndin mæla með því, að frv. þetta nái fram að ganga með tveimur smávægilegum breytingum, er eigi raska að neinu leyti efni þess, heldur snertir önnur þeirra eingöngu formið og hin er til frekari skýringar.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Í staðinn fyrir orðið »skylt« komi: heimilt.
2. Við 2. gr. Á eftir orðinu »sláturafurðum« komi: ósoðinni.

Alþingi, 17. mars 1926.

Eggert Pálsson, form. og frsm. Gunnar Ólafsson. Ágúst Helgason.

Nd. 175. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 21, 4. júní 1924. (Sauðfjárbaðanir).

Frá 3. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Eins og álit 1. og 2. minni hluta landbúnaðarnefndar, sem sjá má á þskj. 138 og 143, bera með sjer, hefi jeg ekki getað átt samleið með háttv. meðnefndarmönnum mínum í þessu máli.

Með lögum um sauðfjárbaðanir frá 30. nóv. 1924 var horfið að því ráði, að baðlyf til hinna fyrirskipuðu sauðfjárbaðana væri búið til hjer innanlands. Baðlyfjagerð þessi átti að vera háð eftirliti sjerfræðings, svo að því mætti treysta, að baðlyfið væri svo útbúið, að sem allra best not yrðu að böðununum.

Þetta innlenda baðlyf hefir nú verið notað í 2 vetur, og mun óhætt að fullyrða, að það hafi yfirleitt reynst mjög vel. Að vísu hafa komið fram kvartanir úr ýmsum áttum yfir því að baðlyfið reyndist illa. Sumir hafa jafnvel haldið því fram, að baðmeðalið væri ónýtt. Einmitt það, að þeir munu miklu fleiri, er reynst hefir hið svokallaða Hreins-baðlyf ágætlega og telja það eitt hið besta, er hægt sje að fá, er mjög sterk sönnun fyrir því, að mislukkun sú, er ýmsir kvarta yfir að orðið hafi á góðum árangri af böðuninni hjá sjer, hlýtur að stafa af því, að annaðhvort hefir einhver óvandvirkni átt sjer stað frá hálfu þeirra, sem baðað hafa, eða þá að baðlyfið hefir verið misjafnt að gæðum. Fullnægjandi umbætur hvað þetta snertir virðist hægt að gera, bæði með strangara eftirliti hvað framkvæmd baðananna snertir, svo og tilbúningi baðlyfsins og útsendingu þess, án nokkurrar lagabreytingar. Álit mitt er, að um sviksemi í tilbúningi hins svokallaða Hreins-baðlyfs hafi alls ekki verið að tala, þar af leiðandi auðveldara að laga misfellur þær, sem á kunna að hafa orðið af öðrum ástæðum.

Bæði 1. og 2. minni hluti landbúnaðarnefndar virðast sammála um það, að allsherjarútrýmingarböðun vegna fjárkláðans þurfi fram að fara um land alt á næstu árum. Ef gera má ráð fyrir, að lög um slíka útrýmingarböðun verði samþykt á þessu þingi, virðist breyting á núgildandi lögum um sauðfjárbaðanir algerlega óþörf.

Að málavöxtum athuguðum leyfi jeg mjer því að leggja það til, að háttv. deild felli frumvarp þetta.

Nánara í framsögu.

Alþingi, 15. mars 1926.

Hákon J. Kristófersson.

Ed. **176. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um heimild til tilfærslu á veðrjetti ríkissjóðs í togurum h/f »Kára«.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Eins og greinargerðin fyrir þingsályktunartillögu þeirri, á þskj. 89, er hjer ræðir um, ber með sjer, hefir ríkissjóður gengið í ábyrgð 1923 fyrir 5000 sterlingspundum fyrir h/f »Kára«, gegn 2. veðrjetti í skipum fjelagsins.

Þegar þetta var gert, hvíldu á fyrsta veðrjetti í skipum fjelagsins 20000 sterlingspund, eftir þáverandi gengi, 14. sept. 1923, sama sem 600000 krónur, og hafa skipin þá tæplega geta talist meira virði, nje heldur hefir 2. veðrjettur, sem ríkissjóður fjekk, getað talist nokkurs virði, þegar svona mikið hvíldi á 1. veðrjetti.

Um áramótin síðustu, eftir að kostað hefir verið stórfje til þess að gera við skipin, telur bankastjórn Íslandsbanka þau ekki mega teljast meira en 500 þús. króna virði bæði.

Nú er svo komið, að fjelagið hefir enga von um að fá rekstrarfje hjá viðskiftabanka sínum, nema ríkissjóður færi til veðrjett sinn eins og till. greinir, sbr. greinargerðina.

Þrátt fyrir það, þó auðsætt sje, að greind trygging hefir aldrei verið svo að segja nokkurs virði fyrir ríkissjóð, og tilfærsla sú, sem hjer um ræðir, gæti orðið til þess, að fjelagið yrði þess megnugt að borga skuldir sínar, hefir fjárhagsnefnd ekki getað orðið á eitt sátt í þessu máli.

Meiri hlutinn álítur ekki vera rjett, eins og á stendur, að neita um tilfærslu veðrjettarins. Af þeirri neitun mundi sennilega leiða gjaldþrot fjelagsins þegar í stað og atvinnutap margra manna. Hinsvegar sje tilfærslan leyfð, gegn því að fjelagið fái nýtt lán til rekstrar, er þó nokkur von til þess, að það geti komist yfir þá örðugleika, sem það nú á við að stríða, að minsta kosti til vertíðarloka. Fyrir hendi er nú sá tími ársins, sem altaf hefir verið hinn arðvænlegasti fyrir útgerðina. Telur meiri hlutinn það mjög mikilsvert, að fjelagið þurfi ekki að stöðva rekstur skipa sinna í byrjun þess tíma, sem mest er aflavonin. Á fleira má líka líta. Í Viðey, þar sem fjelagið hefir bækistöð sína, er fjöldi fólks (um 80 manns), sem Kárafjelagið veitir atvinnu. Þetta fólk verður svift atvinnu sinni fyrirvaralaust um lengri eða skemri tíma, ef fjelagið neyðist til að hætta.

Þá má og telja skipshafnir skipanna, sem mundu verða atvinnulausar af sömu ástæðum.

Samkvæmt reynslu undanfarinna ára má óhætt fullyrða, að þjóðfjelaginu væri það verulegt tap, ef tvö skip, slík sem þau, er hjer ræðir um, gætu ekki tekið þátt í vertíðarveiðunum, sem má kalla aðaluppskerutíma togaranna.

Af því, sem nú hefir sagt verið, er auðsætt, að þótt neitað sje um tilfærslu veðrjettarins, er engu bjargað af fje því, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, ef fjelagið yrði nú gjaldþrota sökum þess, að svo mikið hvílir á 1. veðrjetti eins og áður segir.

Hins vegar myndi af slíkri neitun leiða það

að sú von, að fjelagið fengi fyrir þessa tilhliðrun nýtt lán til útgerðar yfir vertíðina, væri þar með að engu orðin,

að fjöldi fólks, bæði í Viðey og á skipum fjelagsins, stæði uppi atvinnulaus um aðal-annatímann,

að þjóðfjelaginu væri tapað það verðmæti, sem þessi tvö skip myndu annars geta aflað á vertíðinni.

Leyfi þingið aftur á móti tilfærslu veðrjettarins með þeim skilyrðum, sem í tillögunni greinir, þá gerir það sitt til að firra vandræðum þann fjölda verkamanna og sjómanna, sem eiga atvinnu sína undir afkomu fiskiveiðahlutafjelagsins, þess er hjer ræðir um, og til þess að bjarga fyrir þjóðfjelagið því verðmæti, sem liggur í vertíðarafla beggja skipanna, sem fjelagið heldur úti.

Samkvæmt þessu leggur meiri hlutinn til, að tillagan á þingskjali 89 verði samþykt.

Alþingi, 16. mars 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og frsm.	Gunnar Ólafsson.

Nd. **177. Nefndarálit**

um frv. til laga um húsaleigu í Reykjavík.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Það þarf ekki mikinn kunnugleika í Reykjavík til þess að verða var við hin afarmiklu húsnæðisvandræði í bænum. Fjöldi manna býr í allsendis ófullnægjandi íbúðum og verðlag á húsnæði er gífurlega hátt, en hvorttveggja er afleiðing af húsnæðisskortinum.

Það er svo sem auðvitað, að þótt húsaleigulögin standi áfram, þá bæta þau ekki úr húsnæðisleysinu. En lögin, ef notuð eru, eru að tvennu leyti vörn fyrir leigjendur: að ekki sje tekin af þeim hærri leiga en tilsvarar verðlagi húsa, og að ekki verði sagt upp húsnæði, ef staðið er í skilum með greiðslu á leigu.

En þótt nú húsaleigulögin bæti ekki beint úr húsnæðisleysinu, þá getur minni hlutinn ekki fallist á það, að neinar frekari líkur sjeu til þess, að húsabyggingar örvist, þótt lögin sjeu afnumin.

Mesti fjöldi húsa, bæði stór og smá, hafa verið reist á undanförnum árum, þótt aukningin hafi ekki verið nægileg. Og margir hafa hug á að koma sjer upp húsi, og virðist þetta ekki benda til þess, að menn byggi ekki eða vilji ekki byggja, þótt húsaleigulögin standi. En það eru alt aðrar ástæður, sem þess eru valdandi, að ekki er meira bygt, m. a. tregða á lánum til bygginga, og þau lán, sem fást, mjög óhentug.

Því er haldið fram, að húsaleigulögin sjeu þung kvöð á húseigendum og taki af þeim rjett um ráðstöfun þessara eigna. En að minsta kosti að einu leyti hafa þau verið húseigendum til mikils gagns; lögin hafa verið mjög mikið aðhald fyrir leigjendur í því efni að greiða húsaleigu skilvíslega. Og er þau höfðu staðið hjer í Reykjavík um nokkurt skeið, þá var fullyrt af kunnugum mönnum, að á þessu hefði orðið mikil breyting húseigendum í hag. Og ef svo er, þá hefir húseigendum orðið ekki svo lítill hagur að lögunum að þessu leyti.

Minni hluti allsherjarnefndar óttast, að vandræði hljótist af fyrir bæjarfjelagið, ef húsaleigulögin verða afnumin, og leggur því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 17. mars 1926.

Jón Baldvinsson, frsm. minni hluta. Pjetur Þórðarson.

Nd. **178. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um afnám gengisviðauka á vörutolli.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 1. gr. Á eftir: »vörutolli« komi: og tolli af kaffi og sykri.
Varatillaga: og tolli af sykri.

Nd. **179. Frumvarp**

til laga um útrýming fjárkláða.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í ársbyrjun 1929 skal fram fara um land alt böðun á sauðfje til útrýmingar fjárkláða. Skulu dýralæknar landsins standa fyrir framkvæmdum,

hver í sínum fjórðungi, alt undir yfirumsjón dýralæknisins í Reykjavík, og taka þeir sjer aðstoðarmenn eftir þörfum.

2. gr.

Eftir tillögum dýralæknisins í Reykjavík semur atvinnumálaráðuneytið reglugerð um framkvæmd verksins, og skal þar ákveða sektir fyrir brot gegn reglugerðinni.

3. gr.

Útrýming fjárkláðans skal í aðaldráttum framkvæmd á þann hátt, að alt fje í landinu sje baðað úr góðu kláðabaði, þrem böðum, með hæfilegu millibili. Atvinnumálaráðuneytið sjer um kaup eða tilbúning á baðlyfinu og flutning þess á hafnir. Þaðan skulu hreppsnefndir annast flutninginn í hvern hrepp og um hann og sjá um, að næg baðker sjeu í hreppnum. Hver sá, er hefir fje á fóðrum, leggur til ókeypis nægilega aðstoð við skoðun og böðun þess.

Þriðjung andvirðis baðlyfja og flutningskostnaðar skulu fjáreigendur greiða eftir fjártölu, og annast hreppsnefndir og bæjarstjórnir innheimtu. Gjald þetta má taka lögtaki.

Allur annar kostnaður við útrýminguna greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Þar til lög þessi koma til framkvæmda, skal atvinnumálaráðuneytið láta fram fara ítarlega rannsókn á tilbúningi og nothæfi baðlyfja til útrýmingarböðunarinnar.

5. gr.

Framkvæmd tilskipunar 5. jan. 1866, tilsk. 4. mars 1871, laga 8. nóv. 1901 og laga um sauðfjárbaðanir 30. nóvember 1914 skal frestað að því leyti, sem tilskipanir þessar og lög samrýmast ekki lögum þessum.

Greinargerð.

Nefndin sneri sjer til dýralæknis um samningu frumvarps til laga um útrýmingarböðun. Flytur nefndin frumvarp hans með litlum breytingum. Greinargerð þá, sem prentuð er hjer á eftir sem fylgiskjal, hefir dýralæknir og samið. Þykir rjett að birta hana orðrjetta, þótt einstakir nefndarmenn vilji ekki þar með gera öll orð hans að sínum.

Fylgiskjal.

Árið 1762 barst fjárkláðinn fyrst hingað til lands með spænskum hrútum. Var hann einkum fyrst í stað afarbráður og smitandi sjúkdómur, sem fór eins og logi yfir akur um flestar sveitir landsins. Alment er talið, að »fyrri fjárkláðanum«

hafi verið útrýmt — með víðtækum niðurskurði — á 20 árum, því að eftir 1782 er landið talið kláðalaust og alt þangað til 1855, en »síðari kláðinn« berst hingað með enskum hrútum.

Síðan 1855, og að líkindum lengur, hefir kláðinn legið hjer í landi. Hafa aðfarir veikinnar breyst mjög á þessum langa tíma; kláðinn er nú yfirleitt orðinn miklu vægari og meira hægfara en fyrst. Það er ekki óalgengt, að hann leynist í fjenu mánuðum saman, án þess að nokkur kláðaeinkenni komi í ljós, og altítt er það, að hann finnist fyrst á vorin um rúningatíma, þegar búið er að sleppa fje fyrir löngu. Með þeirri aðferð, sem hingað til mest hefir verið viðhöfð við kláðann, að kláðabaða aðeins fje á þeim stöðum, þar sem kláðinn finst, virðist fyrirsjáanlegt, að honum verður aldrei útrýmt, og stafar það beinlínis af því, hve vægur og torfundinn kláðinn er; það atriði að kláðinn er vægur, gefur hinsvegar nokkurnveginn áreiðanlega tryggingu fyrir því, að honum verði útrýmt til fulls, sje honum tekið það tak, sem fram á er farið með frumvarpi þessu.

Alþingi hefir oft sýnt það, að það hefir fullan vilja á því að útrýma kláðanum, þótt það hafi enn ekki borið giftu til þess að fara rjett í málið. Með lögum 13. nóv. 1903 var gerð tilraun til útrýmingar um land alt (»Myklestadsböðunin«), en sökum þess að sú tilraun var bygð á þeirri auðsýnilegu hugsunarvillu, að »eitt bað sje nægilegt við grunað fje, en tvær baðanir þurfi við sauðfje með kláða« (Páll Briem, Bún.rit '01, bls. 68), fór hún sem kunnugt er; tilraunin mistókst algerlega, eins og jeg hafði sagt Alþingi 1903 fyrir, að verða mundi.

Næstu meiri háttar afskifti Alþingis af kláðanum voru þau, að með lögum 10. nóv. 1913 var fjáreigendum gert að skyldu að baða fje sitt *einu baði einu sinni á hverju ári*, og hugðu menn, að með því mundi takast að smádrepa kláðann. Jeg sýndi þá fram á, að þessi ráðstöfun væri algerlega sama vitleysan og Myklestadsböðunin, því að kláðanum yrði aldrei útrýmt með 5 eða 10 eða 100 böðum með árs millibili. Reynslan hefir sýnt, að jeg hafði rjett fyrir mjer, því að nú hefir þetta fyrirkomulag verið reynt í 13 ár með þeim árangri, að kláðinn er æ hinn sami, ef ekki meiri. *Með einu árlegu baði verður kláða aldrei útrýmt*, hvert sem baðlyfið er, þeirra er nú þekkja menn. — Þótt hvergi standi í sauðfjárbaðanalögunum, að þau sjeu sett til útrýmingar fjárkláðanum, vita allir, að sá var þó tilgangur löggjafanna, enda hefir almenningur tekið það svo. Áhrifaleysi hinna lögskipuðu baðana á kláðann hafa svo orðið til þess, að fjáreigendur á kláðasvæðunum hafa kent baðlyfjunum um, talið þau með öllu ónýt eða verri en það. Hefði hið annálaða Coopersduft verið lögskipað um land alt, stæði það nú síst betur að vígi en Hreins kreólín. — Það eru ekki hin lögskipuðu baðlyf, sem eiga sök á því, að kláðinn er enn við lýði. Sökin liggur hjá þeim, sem kenna og trúa því, að eitt bað geti læknað kláðann.

Á hverri óbaðaðri kláðakind eru bæði maurar og mauraegg. Með einu góðu baði má drepa alla maurana, en eggin ekki. Þau lifa áfram á kindinni og ungast þar út. Eftir vikutíma eða svo er kindin aftur orðin krök, en þá eru á henni aðeins ungir maurar og engin egg. Sje hún nú böðuð aftur rækilega, má takast að lækna hana til fulls. Þetta er nú viðurkent af öllum kláðafræðingum

heimsins og jafnframt það, að til þess að allækna kláðakind, þurfa að *minsta kosti tvö böð* með hæfilega stuttu millibili, og helst þrjú. Þriðja baðið er þá nauðsynlegt öryggisbað til að bæta úr þeim misfellum, sem kunna að hafa orðið á tveim hinum fyrri. Millibilið milli 1. og 2. baðs á að vera 12 dagar, en milli 2. og 3. baðs 18 dagar.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins þarf ekki að fara mörgum orðum. — Hvort útrýmingarbaðanirnar fara fram árið 1928 eða 1929, skiftir í raun og veru ekki miklu máli, en vitanlega verður að vera talsvert langur undirbúningstími, svo að alt geti farið vel og ábyggilega fram. Ætlast er til, að baðanirnar fari fram í janúar—febrúar, kaldasta tíma ársins, því að þá mun hægast að ná í alt fje til böðunar og minst hætta á endursmitun fjárins úr húsum og haga. — Jeg geri ráð fyrir, að tala sauðfjár, sem sett sje á vetur, muni vera um 600000, og sje notað kreólín í blönduninni 1 : 40, eða $2^1/_2$ %, og $3^1/_3$ líter af baðlegi fer í hverja kind, þurfa í eitt bað á alt fjeð ca. 50 tonn af baðlyfinu, eða 150 tonn í öll þrjú böðin. Óhætt mun að gera ráð fyrir, að kreólínið kosti með flutningskostnaði aldrei yfir 1 kr. hver líter, og verður þá allur baðlyfjakostnaðurinn kr. 150000, eða 25 aurar öll þrjú böðin á hverja kind. Ætlast er til, að fjáreigendur borgi baðlyfjakostnað við 2 böðin, eða alls ca. 100000 krónur, en þriðja baðið — öryggisbaðið — kosti ríkissjóður og auk þess alla umsjá og eftirlit með útrýmingunni. Hve miklu það nemur, get jeg ekki sagt enn neitt með vissu, en til þess að draga sem mest úr þeim kostnaði, er lagt til, að forstaða framkvæmdanna sje falin dýralæknum landsins.

Áður en lagt væri út í útrýmingu fjárkláðans, eins og hjer er farið fram á, tel jeg öldungis óhjákvæmilegt — og legg á það afarmikla áherslu — að Alþingi kannist við það hreinskilnislega og lýsi því yfir á áberandi hátt, að almenningur hafi verið leiddur í villu með útrýmingarlögunum frá 1903 og sauðfjárbaðanalögunum frá 1914, sem hvortveggja eru bygð á þeirri skaðvænu villu, að eitt bað eða mörg böð með ársmillibili hafi eða geti haft nokkur veruleg áhrif til útrýmingar eða lækningar kláðans. Með því að afnema sauðfjárbaðanalögin, eins og farið er fram á í 4. gr. frv., gerir þingið þessa yfirlýsingu. En vilji þingið ekki fallast á afnám laganna, mundi það með neituninni enn á ný staðfesta rjettmæti villukenningarinnar, og þá tel jeg beinlínis skaðlegt að ráðast í þessa útrýmingartilraun. Fyrsta skilyrði fyrir því, að opinber ráðstöfun sem þessi megi takast og takast vel, er að almenningur vinni með, en ekki móti. Haldi löggjafarþingið því enn að þjóðinni, að einbaðstrúin hafi einhvern rjett á sjer, verður erfitt eða ógerlegt að sannfæra hana um rjettmæti þriggja baða.

Hin lögskipuðu sauðfjárböð eru vitanlega aðeins lúsaböð, þótt þeim hafi verið ætlað og sjeu af mörgum talin að vera kláðaböð. Sem kláðaráðstöfun eru þau ekkert annað en högg út í loftið, og afnám þeirra þýddi því hvorki annað eða meira en ákvörðun um að slá ekki fleiri vindhögg. Með lögunum frá 8. nóv. 1901 má fyllilega halda kláðanum í skefjum enn um eitt eða tvö ár eins og hingað til, þótt bændur framkvæmdu lúsaböð sín af sjálfsdáðum árið 1927, eins og alstaðar á sjer stað í öllum menningarlöndum nema Íslandi.

Magnús Einarson.

Nd. **180. Tillaga**

til þingsályktunar um þjóðaratkvæði um þinghald á Þingvöllum.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson, Ásgeir Ásgeirsson, Benedikt Sveinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara þjóðaratkvæðagreiðslu á sumri komanda, jafnhliða landskjörinu, um það, hvort samkomustaður Alþingis skuli vera á Þingvöllum frá 1930. Skal við atkvæðagreiðsluna farið eftir nýjustu kjörskrám til alþingiskosninga fyrir sjerstök kjördæmi.

Greinargerð.

Þingvellir eru í augum íslensku þjóðarinnar ógleymanlegur helgidómur. Óskin um að geyma þar elstu og dýrustu stofnun landsins er ljúfur draumur, sem þjóðina hefir dreymt frá því baráttan fyrir endurreisn Alþingis hófst. Þúsund ára hátíðin, sem nú fer í hönd, hefir gefið þessum óskum og vonum byr undir báða vængi. Hefir það best í ljós komið af samþyktum þingmálafunda, umræðum blaða og tímaritagreinum. Má af öllu þessu ráða, að hugur fjöldans horfi til Þingvalla.

Rjett virðist því, að þjóðin fái tækifæri til að láta í ljós vilja sinn í þessu efni, og vilji hennar á að ráða gerðum þingsins um þetta.

Atkvæðagreiðslu má ekki fresta lengur en til næsta sumars, því að bæði þarf stjórnarskrárbreytingu til þingflutnings og nokkurra ára undirbúning um mannvirki á þingstaðnum. Telja flutningsmenn nú hentugan tíma til atkvæðagreiðslu og undirbúnings, er friðhelgun þingstaðarins er í aðsigi og óskir þjóðarinnar virðast stefna að þingflutningi. Þess vegna er tillagan flutt.

Ed. **181. Lög**

um löggilta endurskoðendur.

(Afgreidd frá Ed. 18. mars).

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að löggilda endurskoðendur, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.:

1. Löggiltur endurskoðandi skal hafa náð lögaldri; hann skal vera fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.

2. Hann skal sanna fyrir ráðuneytinu, eða fyrir nefnd, sem atvinnumálaráðherra skipar, að hann hafi þá þekkingu á viðskiftum og reikningshaldi, sem krafist verður í reglugerð, sem ráðherra setur.
3. Hann má ekki reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega endurskoðunarstarfinu.

3. gr.

Ef löggiltur endurskoðandi missir fjárforræði sitt, eða mannorð hans flekkast, þá hefir hann fyrirgert löggildingunni. En ef hann fær aftur umráð yfir fje sínu, skal hann mega fá aftur löggilding sína.

4. gr.

Nú láta opinberir sjóðir, fjelög eða einstakir menn löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga sína, og skal þá sú endurskoðun jafngilda endurskoðun dómkvaddra manna.

5. gr.

Vilji dómstólar hafa röksamlega endurskoðun á reikningum og rekstri fyrirtækja eða á þrotabúum, skal að jafnaði hafa til þeirrar skoðunar löggilta endurskoðendur, ef til næst.

6. gr.

Löggiltur endurskoðandi skal heita því við drengskap sinn að vinna verk sitt eftir bestu vitund og ljósta ekki upp leyndarmálum.

7. gr.

Löggiltir endurskoðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið tiltekur nánar verksvið löggiltra endurskoðenda og sker úr, ef deilur verða um gjöld fyrir störf þeirra, ef aðiljar óska, enda verða þá slík mál ekki borin undir dómstólana.

Ed. **182. Frumvarp**

til laga um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þingskjali 9, með breytingunum á þskj. 159.

Nd. **183. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um útsvör.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (P. Þ.).

1. Við 4. gr. a. Í fyrstu málsgr. á eftir orðunum »afgangs skuldum« komi: Svo og ef lögboðnir skattar til sveitarsjóðs hvíla sjerstaklega á eignum.
   b. Aftan við 1. lið bætist:
   Að öllu þessu athuguðu skal gjaldskyld eignafjárhæð aðilja ákveðin.
   c. Niðurlag greinarinnar verði:
   Að athuguðum 2. og 3. lið, skal gjaldskyld teknafjárhæð aðilja ákveðin.
   d. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Þegar útsvörum er jafnað niður, skal finna meðal-hundraðshluta þeirrar upphæðar, er jafna þarf niður, í mismunandi hlutfalli við eign annarsvegar og tekjur hinsvegar, lægra hlutfallið við eign, en hærra hlutfallið við tekjur; munurinn má þó ekki meiri vera en 1 á móti 7.
   Þegar finna skal útsvarsupphæð hvers gjaldanda, skal hækka og lækka meðal-hundraðshluta eftir því, sem hæfa þykir, þ. e. búa til gjaldstiga, þó þannig, að eign með lægsta hundraðsgjaldi má eigi meiri vera en 5000 krónur og stigmunur ekki minni en 5000 krónur. Tekjur með lægsta hundraðsgjaldi mega ekki meiri vera en 1000 kr. og stigmunur ekki minni en 1000 kr.
   Gjaldstigi, sem saminn er við aðalniðurjöfnun, gildir fyrir aukaniðurjöfnun síðar á árinu. Ef aukaniðurjöfnun fer fram fyr á árinu en aðalniðurjöfnun, þá gildir gjaldstigi síðasta árs.
   Útsvarsupphæð, sem fram kemur eftir reglunum í þessari grein, má hækka eða lækka að því leyti, sem hún stendur ekki á heilum eða hálfum tug króna.
2. Við 6. gr. a. Við A. III. c. Aftan við liðinn bætist:
   Þar með taldar bústofnslánadeildir.
   b. Á eftir B. 3. komi nýr liður:
   C. Aðiljar, sem hvergi teljast heimilisfastir.
3. Við 8. gr. a. a-liður orðist svo:
   1. Ef hann hefir heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, annarsstaðar en í heimilissveit, svo og leiguliðaafnot lands, þótt ekki fylgi ábúð, ábúð á jörð eða jarðarhluta — þó ekki ítök eða hlunnindi, sem metin eru með jörð

eða heimatekjum embættis í heimilissveit — laxveiði og lóðarafnot, ef þau gefa arð.

b. b-liður verði töluliður 2.

c. c-liður orðist svo:

3. Ef aðili rekur atvinnu í fleiri sveitum en einni, enda taki fyrirmæli 1. og 2. liðar ekki til, og sje atvinnan ekki skemur rekin en 8 vikur. Svo og ef rekin hefir verið selveiði, hvalveiði, síldarkaup, síldarsala, síldarverkun eða síldarbræðsla, og verksmiðjuiðnaður hverskonar sem er, enda þótt skemur sje rekið.

d. d-liður orðist svo:

4. Ef maður stundar atvinnu eða er lögskráður á skip utan heimilissveitar sinnar, einungis að því leyti, sem hann fær meira kaup í einni sveit en 2000 krónur, þar með talið fæði og önnur hlunnindi, er hann kann að hafa haft, reiknað eins og skattanefnd í þeirri sveit telur það til tekjuskatts.

e. Á eftir d-lið komi tveir nýir liðir:

a. Ef skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda að minsta kosti 4 vikur samtals af gjaldárinu, enda má þá ekki að því leyti leggja þar útsvar á skipverja eftir ákvæðum 4. liðs. Útsvar eftir þessum lið má þó aldrei hærra vera en 1 af hundraði af verðgildi afla, sem á land er lagður, að frádregnum þeim hluta hans, sem kann að tilheyra einhverjum gjaldþegni búsettum þar.

β. Ef gjaldþegn flyst búferlum milli sveita eða á samtímis lögheimili í tveim sveitum, enda hafi hann átt heima eða dvalist í hvorri eða hverri sveit eigi skemur en 3 mánuði á gjaldárinu.

Þar skal leggja á erlend tryggingarfjelög, sem aðalumboðsmaður þeirra hjer á landi er heimilisfastur.

Að því leyti, sem lagt er á aðilja í atvinnusveit eða dvalarsveit eftir ákvæðum þessarar greinar, má ekki leggja á hann í heimilissveit hans.

4. Við 9. gr. Í 1. málsgrein »Þó skal skifta — — « til enda greinarinnar falli burt.

5. Við 10. gr. Greinin falli burt.

6. Við 11. gr. Í stað »fyrir hver áramót« komi: áður en þeir fara úr sveitinni.

7. Við 12. gr. 12., 13., 14. og 15. gr. falli burt.

8. Við 16. gr. a. Í fyrri málsgrein »Skal hún kveðja — — neinn úr skattanefnd« falli burt.

b. Síðari málsgrein orðist svo:

Í hreppum getur hreppsnefnd ákveðið sjer þóknun fyrir nið-

urjöfnunarstarf sitt, þó ekki yfir 5 kr. á dag til hvers nefndarmanns. Þóknunin greiðist úr sveitarsjóði.

c. Greinatalan breytist eftir atkvæðagreiðslu.

9. Við 29. gr. Á eftir 2. málsgrein komi ný málsgrein:

Skipstjóri eða formaður skips ber ábyrgð á útsvari eftir 8. gr. 5. lið.

Brtt. á þskj. 127 og 149 eru teknar aftur.

Nd. **184. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1927.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	2. gr.	11. (Útflutningsgjald): Fyrir »950000« kemur	1000000
2.	—	2. —	12. (Áfengistollur): Fyrir »600000« kemur	650000
3.	—	2. —	13. (Tóbakstollur): Fyrir »725000« kemur	775000
4.	—	2. —	15. (Annað aðflutningsgjald): Fyrir »115000« kemur	150000
5.	—	2. —	21. (Vínsinkasala): Fyrir »375000« kemur	500000
6.	—	10. —	III. 1. a.—c. (Sendiherra): Liðirnir falla niður.	
7.	—	12. —	3. (Læknisvitjanastyrkur): a. Fyrir »7700« kemur	7450

b. Athugasemdin skal orðuð svo:

Styrkurinn skiftist þannig: 1. Til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjalla-

hreppa, 300 kr. til hvers, 900 kr. — 17. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 2600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.

8. Við 12. gr. 8. (Geislalækningastofan). Nýr liður:
Til sömu stofnunar, til áhaldakaupa 3000

9. — 12. — 15. d. (Sjúkraskýli og læknisbústaðir):
Fyrir »15000« kemur 23000

10. Við 12. gr. 15. e. (Heilsuhælisfjelag Norðurlands):
Fyrir »75000« kemur 125000

11. — 12. — 15. k. Nýr liður:
Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna... 800

12. — 12. — 15. n. (Halldór Arnórsson):
Fyrir »1800« kemur 2400

13. — 13. — B. II. a. 9. (Hróarstunguvegur):
Fyrir »15000« kemur 20000

14. — 13. — B. V. (Fjallvegir):
Fyrir »8000« kemur 12000

15. — 13. — B. VII. 1. (Akfærir sýsluvegir):
Fyrir »25000« kemur 30000

16. — 13. — B. XI. (Fornihvammur):
Fyrir »40000« kemur: alt að 40000

17. — 13. — D. II. (Nýjar símalagningar):
Fyrir »300000« kemur 315000

18. — 13. — D. II. Nýr liður:
Til nýrrar símalínu frá Breiðumýri til Laugaskóla, $^4/_5$ kostnaðar, alt að 1200

19. — 13. — D. VII. Nýir liðir:
a. Til kenslu fyrir símamenn... 2000
b. Til Gunnlaugs S. Briems, til framhaldsnáms í símaverkfræði 2500

20. — 13. — E. I. 2. Liðinn skal orða svo:
Til verkfróðrar aðstoðar 6400

21. — 14. — A. b 4. Nýir liðir:
a. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir 1000
b. Erfiðleikauppbót til Ögurþinga 300

22. — 14. — A. b. 6. (Húsabætur á prestssetrum):
Fyrir »20000« kemur 27000

23. — 14. — B. III. 12. (Malbikun á mentaskólagarðinum):
Liðurinn fellur niður.

24. — 14. — B. IV. b. 2. (Akureyrarskóli). Nýr liður:
Til að kaupa skuggamyndavjel og fleiri kenslu-áhöld 1000

25. Við 14. gr. B. VIII. 1. d. Liðinn skal orða svo:
Til aukningar skólabúinu, að því tilskildu, að skólastjóri taki við því 10000
26. — 14. — B. VIII. 2. c. 2. (Kensluáhöld Hvanneyrarskóla):
Fyrir »500« kemur 1000
27. — 14. — B. XII. 2. b. (Blönduósskóli). Nýr liður:
Til miðstöðvarhitunar og raflýsingar... 6000
28. — 14. — B. XIV. 2. Nýir liðir:
a. Til þess að reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum, alt að $^2/_5$ kostnaðar 20000
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.
b. Til Hvítárbakkaskóla (lokastofnstyrkur) 4000
c. Lokastyrkur til byggingar skólans á Laugum að $^2/_5$ hlutum 7000
29. — 14. — B. XV. (Ósk á Ísafirði):
Fyrir »2000« kemur 3500
30. — 15. — 2. b. Liðinn skal orða svo:
Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðar 3500
31. — 15. — 3. c. (Útvegun forngripa):
Fyrir »1000« kemur 1500
32. — 15. — 9. Nýr liður:
Til bókasafns Þingeyinga, byggingarstyrkur til minningar um Pjetur heit. Jónsson frá Gautlöndum 3000
33. — 15. — 17. a. Liðinn skal orða svo:
Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 1000 kr. til hvers 10000
34. — 15. — 17. e. (Hjálmar Lárusson):
Liðurinn fellur niður.
35. — 15. — 23. (Guðbrandur Jónsson):
Liðurinn fellur niður.
36. — 15. — 26. (Sveinbjörn Högnason):
Liðurinn fellur niður.
37. — 15. — 26. Nýr liður:
Til Helga P. Briems, til lokanáms í hagfræði... 1500
38. — 15. — 38. Nýr liður:
Til dr. Jóns Stefánssonar, fyrir að rita sögu Íslands á ensku (lokastyrkur)... 1000
39. — 15. — 40. (Ferðastyrkur til útl.).
Liðurinn fellur niður.

40. Við 16. gr. 2. (Sandgræðsla).
Fyrir »30000« kemur 45000
41. — 16. — 3. (Búnaðarfjelög):
a. Fyrir »15000« kemur... 20000
b. Við liðinn kemur svo hljóðandi athugasemd:
Styrknum skal skift milli búnaðarfjelaganna eftir dagsverkatölu og varið til verkfærakaupa og styrktar sameiginlegri starfsemi innan fjelaganna.
42. — 16. — 3. Nýr liður:
Til kaupa á fljótandi skurðgröfu 32000
43. — 16. — 5. Nýir liðir:
a. Til áveitufjelags Þingbúa, 1/4 kostnaðar við áveituna, alt að 5000
b. Til vegalagningar í Vestmannaeyjum, helmingur kostnaðar, alt að... 17500
44. — 16. — 7. b. Nýr liður:
Til að kaupa Sigríðarstaðaskóg í Ljósavatnsskarði... 4000
45. — 16. — 11. a. (Efnarannsóknarstofan). Nýr liður:
Til aðstoðar 4200
46. — 16. — 16.
a. Fyrir »Til bryggjugerða« kemur: Til bryggjugerða og lendingabóta.
b. Fyrir »15000« kemur... 35000
47. — 16. — 19. Nýr liður:
Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, 2 kr. fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún býr til, alt að 8000
48. — 16. — 27. (U. M. F. Í.).
Fyrir »1800« kemur 3000
49. — 16. — 30. Nýr liður:
Styrkur til að koma upp vindknúinni rafmagnsstöð 5000
50. — 16. — 33. (Skipulag bæja):
Fyrir »8000« kemur 5000
51. — 17. — 8. (Goodtemplararegla):
Fyrir »6000« kemur 10000
52. — 17. — 9. (Rauðakrossfjel.):
»Fyrir »1000« kemur 2000
53. — 17. — 9. Nýir liðir:
a. Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar ... 500
b. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps 200
54. — 18. — II. a. 5. (Sigurður Jónsson):
Liðurinn fellur niður.
55. — 18. — II. b. 1. (Elísabet Jónsdóttir):
Liðurinn fellur niður.

56. Við 18. gr. II. b. 11. Nýir liðir:
a. Til Kristbjargar Marteinsdóttur 600
b. Til Kristínar Jacobson 600
57. — 18. — II. c. 5. Nýr liður:
Til Jóns Ó. Magnússonar 600
58. — 18. — II. d. 14. Liðinn skal orða svo:
Til Sigrúnar Kjartansdóttur 300
59. — 18. — II. e. 10. Nýr liður:
Til Ragnheiðar Torfadóttur 400
60. — 18. — II. f. 17. (Friðrik Klemensson):
Fyrir »1000« kemur 2000
61. — 18. — II. f. 19. Nýr liður:
Til Einars Árnasonar, fyrrum pósts 200
62. — 18. — II. i. 5. Nýr liður:
Til Þórunnar Gísladóttur ljósmóður 300
63. — 18. — II. i. 7. (Páll Erlingsson):
Fyrir »800« kemur 1200
64. — 18. — II. i. 18. Nýir liðir:
a. Til Kristjönu Benediktsdóttur 400
b. Til Bjargar Guðmundsdóttur 400
c. Til Hjálmars Lárussonar 1000
65. — 22. — Nýr liður (verður 1. liður):
Alt að 100 þús. kr. til þess að reisa íshús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
a. Lánin eru veitt sýslufjelögum, gegn ábyrgð þeirri, er landsstjórnin tekur gilda, þó ekki hærri en $^2/_3$ kostnaðar.
b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.
c. Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.
66. — 22. — 3. Nýr liður:
Alt að 8000 kr. til Malínar Hjartardóttur, til kaupa á nýtísku prjónavjelum. Lánið veitist til 10 ára, með 6% vöxtum, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda.
67. Á eftir 24. gr. kemur ný grein:
Stjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 40000 kr. lán fyrir mjólkurfjelagið Mjöll, gegn endurábyrgð sýslufjelaganna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Nd. **185. Nefndarálit**

um frv. til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir athugað frv. þetta allnákvæmlega og telur nauðsynlegt að fá ein heildarlög um þetta efni. Hin gildandi ákvæði um þetta efni er að finna í mörgum lögum, og það, sem verra er, að sömu lög gilda ekki um kosningarrjett og kjörgengi í kaupstöðum og sveitum, og ekki heldur í öllum kaupstöðum. Telur nefndin nauðsynlegt, að þetta verði lagfært.

Hv. efri deild hefir haft frv. til meðferðar og gert á því nokkrar breytingar. Er meiri hl. allsherjarnefndar samþykkur flestum breytingunum, sem gerðar voru í Ed., þó ekki öllum, en lítur jafnframt svo á, að nauðsynlegt sje að gera nokkrar fleiri breytingar á frv.

Leggur meiri hl. þess vegna til, að frv. verði samþ. með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Skylt er hverjum karlmanni sjálfum sjer ráðandi, yngri en sextugum og heilum og hraustum, að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn. Þeim, er setið hefir 6 ár samfleytt eða lengur í nefnd, er þó óskylt að taka við kjöri til hennar fyr en 6 ár eru liðin síðan hann átti þar síðast sæti.
   Rjett er konum að skorast undan kosningu.
2. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo:
   Skrá skal á lista nöfn þeirra fulltrúaefna, sem stungið er upp á. Lista skal afhenda oddvita kjörstjórnar eigi síðar en á hádegi 14 dögum á undan kosningu, og skal oddviti gefa vottorð um móttöku listans. Undir hverjum lista skulu vera skráð nöfn meðmælenda, sem ekki sjeu færri en 20, ásamt stöðu þeirra og heimili.
3. Við 17. gr. 3. málsgr. orðist svo:
   Kjörseðill verður ógildur, ef sýnt þykir, að kjósandi hefir:
   1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,
   2. bætt nafni eða nöfnum við á lista, skrifað nafn sitt á seðilinn, sett á hann strik, rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má, að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan,
   3. notað annan seðil en kjörstjórn hefir afhent honum.
4. Við 22. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Nú hefir leynileg kosning verið ákveðin samkv. 21. gr., og skal kjörstjórn þá hafa til hæfilega marga kjörseðla, alla jafnstóra, með sama lit, gerða úr strikuðum pappír þannig:

5. Við 25. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Kjörseðill er ógildur, ef einhver merki hafa verið sett á hann, sem ætla má, að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum, eða ef annar seðill er notaður.

Alþingi, 19. mars 1926.

Jón Kjartansson, form. og frsm.	Árni Jónsson, fundaskrifari.	Pjetur Þórðarson, með fyrirvara.

Pjetur Ottesen.

Ed. **186. Lög**

um viðauka við og breyting á lögum nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

(Afgreidd frá Ed. 20. mars).

1. gr.

Landsstjórninni heimilast að láta gera þau mannvirki á Flóaáveitusvæðinu, auk skurða og garða, sem nauðsynleg verða að teljast til þess að áveitan komi að fullum notum, og greiðist kostnaður af framkvæmdum þessum á þann hátt, sem um semst milli landsstjórnarinnar og íbúa áveitusvæðisins, enda nemi tillag ríkissjóðs til vegagerða aldrei meiru en helmingi kostnaðar, og ekki yfir $^1/_4$ kostnaðar til annara framkvæmda.

2. gr.

Áður en ráðist er í framkvæmdir samkvæmt 1. gr., skal landsstjórnin skipa nefnd manna, er geri tillögur um, hver mannvirki skuli gera og hversu þeim skuli haga. Auk þess er stjórninni heimilt að kveðja sjerfræðing til, eftir því sem nauðsynlegt telst. Kostnaður af nefnd og sjerfræðingum greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Þeim hluta kostnaðar af framkvæmdum samkvæmt 1. gr., sem um semst að Flóaáveitufjelagið skuli greiða, jafnar stjórn áveitufjelagsins niður á áveitujarðirnar, aðallega eftir þeim notum, sem þær, hver um sig, hafa af framkvæmdum þessum. Að öðru leyti ná ákvæði laga nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann, til mannvirkja þeirra, sem lög þessi ræða um, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

4. gr.

Vegum þeim, sem lagðir kunna að verða á áveitusvæðinu samkvæmt lögum þessum, skal skifta í sýsluvegi og hreppavegi eftir tillögum vegamálastjóra.

5. gr.

Stjórn áveitufjelagsins skal skipuð þrem mönnum, er kosnir sjeu til 3 ára. Ganga þeir úr stjórninni sitt árið hver, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **187. Frumvarp**

til laga um innflutningsbann á dýrum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Það er öllum bannað að flytja hingað til lands frá útlöndum lifandi spendýr og fugla. Þó má atvinnumálaráðuneytið, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, veita undanþágu frá banni þessu, enda setji þá tryggilegar reglur um í hvert sinn.

2. gr.

Frá löndum eða landshlutum, þar sem næmir húsdýrasjúkdómar ganga, er atvinnumálaráðuneytinu heimilt, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, að banna um stundarsakir allan innflutning á heyi, hálmi, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, ósoðinni mjólk, brúkuðum fóðurmjölssekkjum og öðrum þeim vörum, sem sjerstök hætta telst á, að sóttnæmi geti borist með.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100 til 1000 kr., fyrir skipstjóra þann, er dýrin eða bannvöruna flutti inn, og jafnháum fyrir eigandann, og skulu dýrin og bannvaran gerð upptæk og öllu lógað, að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft á skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borgi allan þar af leiðandi kostnað.

Brot gegn reglum þeim, sem atvinnumálaráðuneytið setur samkvæmt 1. gr., varðar eiganda 100 til 1000 kr. sektum, enda bæti hann að auki allan skaða, er af þeim dýrum hlýtst, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkvæmt reglum ráðuneytisins.

4. gr.

Lög nr. 56, 10. nóv. 1905, um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje, og viðaukalög nr. 25, 9. júlí 1909, eru úr gildi numin.

Nd. **188. Frumvarp**

til laga um útsvör.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.
Almenn ákvæði.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Atvinnusveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem gjaldþegn hefir rekið eða stundað atvinnu án þess að eiga þar lögheimili.

Dvalarsveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem aðili hefir orðið útsvarsskyldur vegna dvalar án þess að hann eigi þar lögheimili.

Gjaldár: Það ár, er niðurjöfnun útsvars fer fram.

Heimilissveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem gjaldþegn á lögheimili.

Niðurjöfnunarnefnd: Niðurjöfnunarnefnd í kaupstöðum og hreppsnefnd, ásamt tilkvöddum skattanefndarmanni, í sveitum, nema sjerstaklega sje öðruvísi um mælt.

Sveit: Bæði hrepp og kaupstað.

Sveitarstjórn: Bæði hreppsnefnd og bæjarstjórn.

Útsvarsár: Árið næsta á undan niðurjöfnun.

2. gr.

Reikningsár sveita er almanaksárið.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skulu bæjarstjórnir gera áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðar næsta reikningsár. Ræða skal áætlun á tveim fundum með að minsta kosti viku millibili. Við síðari umræðu skal athuga áætlun lið fyrir lið, og greiða skal atkvæði bæði um hverja grein fyrir sig og áætlun í heild sinni. Áætlun skal liggja til sýnis almenningi 2 vikur í desembermánuði á hentugum stað, er bæjarstjórn tiltekur.

Í hreppum skal hreppsnefnd semja áætlun fyrir yfirstandandi ár áður en niðurjöfnun útsvara hefst.

Áætlun samkvæmt 1. og 2. málsgr. skal síðan vera regla um upphæð gjalda í sveitinni og fjárstjórn hennar á reikningsárinu.

3. gr.

Að því leyti, sem aðrar tekjur sveitar hrökkva ekki til að greiða gjöldin, skal jafna niður á gjaldþegna hennar því, er á vantar, að viðbættum 5% —10%, og heitir gjald það *útsvar*. Það má ekki nokkru sinni nema meiru en meðaltali útsvara í sveitinni 3 síðustu árin, að viðbættum fimtungi, nema

sýslunefnd veiti hreppsnefndum til þess samþykki sitt, en atvinnumálaráðherra bæjarstjórnum.

Nú þykir sveitarstjórn sýnt á gjaldárinu, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda, og getur þá sveitarstjórn, að fengnu samþykki áðurnefndra stjórnarvalda, ákveðið framhaldsniðurjöfnun til greiðslu þess, er á vantar, þannig að því verði bætt við útsvar hvers einstaks gjaldanda eftir ákveðnu hundraðshlutfalli.

II. KAFLI.

Um útsvarsskyldu.

4. gr.

Útsvar skal leggja á eftir efnum og ástæðum. Skal þá til greina taka:

1. Eignir aðilja, hverjar þær eru og hversu verðmætar, hversu miklar skuldir hvíla á aðilja og hversu miklar eignir hann á afgangs skuldum. Ef eigi er lagt sjerstakt útsvar á konu manns, þá skal með sama hætti athuga eignir hennar og skuldir, þegar lagt er á hann.
2. Tekjur aðilja, þær er hann hafði síðastliðið ár, og að því leyti sem útlenda gjaldþegna varðar (6. gr. B, 1—2) og þá, er í 25. gr. 2. og 3. tölul. segir, tekjur þær, er þeir hafa haft á gjaldárinu. Þá skal athuga, í hverju tekjurnar voru fólgnar, hversu mikil fyrirhöfn, kostnaður og áhætta var samfara öflun þeirra.
3. Ástæður aðilja að öðru leyti, svo sem fjölskyldu hans, heilsufar hans og þeirra, sem á vegum hans eru, höpp eða óhöpp, sem hann hefir orðið fyrir, svo sem slys, dauðsföll, fjárskaða af sjó, veðri eða vötnum, sjerstakan uppeldiskostnað eða menningarkostnað barna hans, er nauðsynlegan má telja eða venjulegan, tap á ábyrgðum og sjerhvað annað, er telja má máli skifta um gjaldþol hans og með sanngirni má til greina taka til hækkunar útsvari hans eða lækkunar.

5. gr.

Ef gjaldþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur eða veitir ekki að öðru leyti þá fræðslu um hagi sína, er niðurjöfnunarnefnd krefur hann, þá skal hún áætla honum ríflegar eignir og tekjur, svo að áreiðanlegt megi telja, að hann vinni ekki á því að halda upplýsingum fyrir nefndinni.

6. gr.

Útsvarsskyldir eru:

A. Aðiljar heimilisfastir á Íslandi:

I. Allir einstaklingar, karlmenn sem konur, ungir sem gamlir, í hverri stöðu sem þeir eru, svo framarlega sem þeir verða taldir færir um að greiða að minsta kosti 5 króna útsvar. Enginn verður útsvarsskyldur eftir þessum lið (I.), nema hann hafi á útsvarsárinu haft hjer á landi heimilisfang að minsta kosti 3 mánuði.

Undanþegnir eru útsvari:

a. Fyrirsvarsmenn annara ríkja hingað sendir og þjónustufólk þeirra, sem er annara ríkja þegnar.
b. Sendimenn íslenska ríkisins, sem erlendis dveljast meira en 9 mánuði á útsvarsárinu, enda þótt þeir teljist að lögum heimilisfastir á Íslandi.
c. Konur, sem giftar eru þegar niðurjöfnun fer fram. Þó má leggja útsvar á gifta konu:
   1. Ef hún hefir sjereign eða hjúskapareign, er gefa arð svo að um muni.
   2. Ef hún hefir atvinnu.
   3. Ef hún hefir slitið samvistir við bónda sinn.

II. Fjelög. Þar til teljast:

1. Fjelög með ótakmarkaðri ábyrgð og fjelög með takmarkaðri ábyrgð, svo sem hlutafjelög og gagnkvæm ábyrgðarfjelög. Eigi má leggja bæði á fjelag og fjelagsmann hjer heimilisfastan vegna eignar hans í fjelagi og tekna, er hann hefir af henni, enda liggi glögg greinargerð fyrir niðurjöfnunarnefnd um þetta efni.
2. Samvinnufjelög. Þau greiða útsvör af arði sakir skifta við utanfjelagsmenn með sama hætti sem kaupmenn á staðnum, enda láti fjelag niðurjöfnunarnefnd í tje glöggva skýrslu um skifti sín við utanfjelagsmenn og ágóða af þeim. Annarskostar skal nefndin áætla þessi skifti og leggja útsvar á fjelag samkvæmt þeirri áætlun.

Undanþegin útsvari eru:

a. Fjelög, sem leyst eru undan útsvarsskyldu með lögum.
b. Fjelög, sem enga atvinnu reka, svo sem fjelög til eflingar listum og vísindum, skemtifjelög, liknarfjelög, stjórnmálafjelög, trúbragðafjelög o. s. frv.
c. Fjelög, sem að vísu reka atvinnu, en verja öllum ágóða af starfsemi sinni beinlínis til almenningsheilla samkvæmt samþyktum sínum.

III. Sjóðir og stofnanir.

Undanþegnir eru þó útsvarskyldu:

a. Ríkissjóður og aðrir sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, svo sem Ræktunarsjóður, Söfnunarsjóður, Thorkilliisjóður, o. s. frv. Um útsvör annara ríkisstofnana fer eftir lögum nr. 47, 4. júní 1924.
b. Sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka.
c. Sjóðir og stofnanir, sem verja tekjum sínum samkvæmt skipulagsskrá sinni beinlínis til almenningsheilla, þar með taldar bústofnslánadeildir.
d. Landsbanki Íslands og útibú hans.
e. Sparisjóðir.

IV. Bú, er skiftameðferð sæta og tekjur hafa.

B. Aðiljar heimilisfastir erlendis:

1. Þeir, er verið hafa á gjaldárinu sjómenn á skipi, skrásettu hjer á landi eða gerðu út hjeðan 3 mánuði á gjaldárinu eða lengur, eða hafa stundað hjer atvinnu eða dvalist hjer ekki skemri tíma.
2. Þeir, er reka hjer atvinnu í landi eða landhelgi á gjaldárinu, svo sem verslun, sjávarútveg, fiskverkun, eða hafa hjer laxveiði til atvinnu eða laxár á leigu, afnot af jörð, eiga hjer eignir, er arð gefa, o. s. frv.

3. Erlend tryggingarfjelög.

7. gr.

Nú hefir aðili dvalist hjer svo lengi, að hann verður útsvarsskyldur (6. gr. A. I niðurl. og B. 1), og skal þá leggja á hann útsvar hlutfallslega eftir dvalartíma hans. Ef aðili stundar hjer atvinnu (6. gr. B. 1) eða rekur hjer atvinnu eða á hjer eignir (6. gr. B. 2), þá skal einungis leggja á þá atvinnu, er hann hafði hjer á landi á gjaldárinu, og eignir hans hjer og tekjur af þeim.

Útsvör erlendra tryggingarfjelaga skal miða við skattskyldar tekjur þeirra hjer á landi á útsvarsárinu og iðgjöld þessa árs af tryggingum, er þeir hafa tekist á hendur fyrir milligöngu umboðsmanna sinna hjer.

III. KAFLI.

Hvar leggja skal á gjaldþegn hvern og hvaða sveit fær útsvar hans.

8. gr.

Þar skal leggja útsvar á gjaldþegn, sem hann hafði heimilisfang vitanlega eða samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun. Nú á aðili hvergi heimilisfang, og skal þá leggja á hann þar, sem hann dvelst, þegar niðurjöfnun fer fram. Nú er heimilislaus maður skráður á skip, sem hjer á heimili eða hjeðan er gert út, og skal þá leggja útsvar á hann í heimilissveit skipseiganda, ef hann gerir skip út, en ella í heimilissveit útgerðarmanns.

Leggja skal samkvæmt 1. málsgr. á allar eignir manns og tekjur á útsvarsárinu, hvar sem þeirra er aflað; þó má leggja á gjaldþegn á fleiri stöðum en einum:

a. Ef hann hefir heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.
b. Ef hann hefir leiguliðaafnot af landi, þótt ekki fylgi ábúð, þar með talin laxveiði, ábúð á jörð eða jarðarhluta, lóðarafnot, ef þau gefa arð, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.
c. Ef hann er erlendis búsettur og rekur atvinnu hjer á landi á einum stað eða fleirum, eða stundar hjer atvinnu eða dvelst hjer á gjaldárinu. Á hverjum stað má þó aðeins leggja á þær eignir, sem þar eru, og þær tekjur, sem þaðan eru fengnar eða í hlutfalli við dvöl þar.
d. Ef maður hefir lögheimili á fleirum stöðum en einum. Aðili á þó heimtingu á því, að hann verði feldur af útsvarsskrá á öðrum staðnum jafnskjótt sem hann sannar, að á hann hafi verið lagt á hinum, enda hafi hann eigi krafist þess, að hann yrði þar einnig feldur af skrá.
e. Þar skal leggja á erlend tryggingarfjelög, sem aðalumboðsmaður þeirra hjer á landi er heimilisfastur.

9. gr.

Þar í sveit skal útsvar gjalda, sem það var á lagt, enda á hún alt útsvarið. Þó skal skifta útsvari milli sveita:

1. Ef aðili rekur atvinnu í fleirum sveitum en einni, enda taki fyrirmæli 8. gr. a.—c. liðar eigi til, og sje atvinnan ekki skemur rekin en 8 vikur. Þó skal skifta útsvari, ef rekin hefir verið selveiði, hvalveiði, síldarkaup, síldarsala, síldarverkun eða síldarbræðsla, verksmiðjuiðnaður hverskonar sem hann er, enda þótt skemur sje rekið, svo og ef skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda að minsta kosti samtals 4 vikur af gjaldárinu.
2. Ef maður stundar atvinnu utan heimilissveitar sinnar að minsta kosti samtals 3 mánuði á gjaldárinu í sömu sveit og hefir fengið kaup að minsta kosti 3000 kr., þar með talið fæði og önnur hlunnindi, er hann kann að hafa haft, reiknuð eins og skattanefnd í þeirri sveit telur þau til tekjuskatts.
3. Ef maður er lögskráður á skip utan heimilissveitar að minsta kosti 3 mánuði af gjaldárinu samfleytt í sömu sveit og hefir fengið kaup, að minsta kosti 5000 kr., þar í talin hlunnindi þau, er getur um í 2. tölulið, reiknuð eins og þar segir.
4. Ef gjaldþegn flyst búferlum milli sveita eða á samtímis lögheimili í tveimur sveitum á gjaldárinu, en þó fær engin sveit hluta af útsvari, nema aðili hafi að minsta kosti átt þar heima 3 mánuði á gjaldárinu.

10. gr.

Nú skal skifta útsvari eftir 9. gr. 1. tölul., og skal það þá gera með hliðsjón til eigna aðilja í atvinnusveit hans og hversu mikill hluti tekna hans sje þaðan fenginn. Ef svo er ástatt sem í 9. gr. 2. og 3. tölul. getur, þá skal skifta útsvari með hliðsjón af því, hversu mikill hluti af tekjum gjaldþegns stafar frá atvinnu hans í atvinnusveit. Þó skal heimilissveit aðilja aldrei fá minna en $^1/_3$ hluta af útsvari hans.

Þegar svo er farið sem í 9. gr. 4. tölul. segir, skal skifta útsvari í hlutfalli við þann tíma, er aðili hefir átt heima eða dvalist í hvorri eða hverri sveit.

11. gr.

Öllum þeim, er í 8. gr. a. og b. og 9. gr. segir, er skylt að senda sveitarstjórn í atvinnusveit eða dvalarsveit skýrslu um atvinnu sína þar og dvöl, eignir sínar þar og tekjur, atvinnutíma og dvalartíma o. s. frv., eftir því sem við á, þeim, er í 8. gr. getur, fyrir febrúarlok, en hinum áður en þeir hverfa aftur úr atvinnusveitinni.

Öllum þeim, er hafa í þjónustu sinni utansveitarmenn, er skylt að senda sveitarstjórn sinni fyrir hver áramót skrá yfir þá með þeim upplýsingum, er í 1. málsgr. getur. Atvinnumálaráðherra getur lagt dagsektir við, ef á brestur.

Atvinnumálaráðherra setur reglur um eyðublöð undir skýrslur þessar og annað, er að þessum atriðum lýtur, enda er honum heimilt að setja reglur um dagsektir, ef brestur verður á skýrslum.

12. gr.

Ef útsvör verða talin hlutfallslega hærri, svo að nemi 10% eða meira,

í heimilissveit gjaldþegns en atvinnusveit, og útsvörum á að skifta milli þeirra, skal draga frá þeim hluta útsvara, er gjalda skal atvinnusveit þá upphæð, sem ætla má, að aðili mundi minna hafa goldið, ef hann hefði átt heima í atvinnusveit, enda skal heimilissveit hans endurgjalda honum þá upphæð. Með samsvarandi hætti skal bæta við þann hluta, er greiða skal atvinnusveit, ef útsvör þar verða talin hlutfallslega hærri, svo að 10% eða meira nemi, en í heimilissveit, enda greiði aðili þá heimilissveit það, er á vantar. Sömu meðferð skal hafa, ef gjaldþegn flytst búferlum milli sveita eða á lögheimili viðar en í einni sveit, þó svo, að ef útsvör eru hærri í þeirri sveit, sem í er flutt, getur niðurjöfnunarnefnd þar jafnað útsvarsaukanum á gjaldþegn með aukaniðurjöfnun.

Finna skal, hvort útsvör verði talin hlutfallslega hærri eða lægri í einni sveit en annari, með því að leggja saman í hvorri sveit eða hverri hlutfallið milli skuldlausra eigna gjaldþegna sveitarinnar eftir síðasta skattframtali og útsvara þar, hlutfallið milli skattskyldra tekna þeirra og útsvara og hlutfallið milli gjaldendatölu sveitarinnar og útsvara og deila síðan með 3. Skera þær tölur, er þá koma fram, úr því, í hvorri sveit eða hverri sje hlutfallslega hærra eða hæst útsvar.

Atvinnumálaráðuneytið getur sett reglur til leiðbeiningar um þetta atriði, og er heimilt, ef það kemur í ljós, að fyrstnefnda hlutfallsins gætir of mikið, að draga úr gildi þess, með því að deila eignum samkvæmt skattframtali með tölu, er telst hæfileg, þó ekki hærri en 10.

13. gr.

Útsvar, sem ekki nemur meiru en 20 krónum, fellur altaf óskift til heimilissveitar gjaldþegns.

Ef upphæð sú, er greiða skyldi af einstöku útsvari, nemur ekki 5 krónum, þá fellur útsvar það óskift til heimilissveitar gjaldþegns.

14. gr.

Sveitarstjórn gerir um hver áramót skrár yfir þá gjaldþegna, er hún hyggur sig eiga að fá hluta af útsvörum þeirra frá annari sveit, ásamt upplýsingum um atvinnu hvers, kaup, tekjur og eignir þar í sveit, vinnutíma og dvalartíma o. s. frv. Sendir sveitarstjórn síðan skrárnar til viðkomandi sveitarstjórna. Sveitarstjórnir senda hver sína skrá að lokinni aðalniðurjöfnun til viðkomandi yfirskattanefndar með athugasemdum sínum, og skiftir hún síðan útsvörum innan tveggja mánaða, nema skifti verði að dragast lengur vegna nýrra upplýsinga.

Skjóta má þessum málum til atvinnumálaráðuneytisins, þar til landsyfirskattanefnd kynni að verða sett á stofn.

15. gr.

Sveit, þar sem á aðilja er lagt, greiðir atvinnusveit þann hluta af útsvörum, er henni ber, 2 mánuðum eftir að skifti á útsvörum hafa farið fram samkvæmt 14. gr. 1. málsgr., nema sannað sje með árangurslausu lögtaki eða með öðr-

um hætti, er atvinnumálaráðherra metur, ef ágreiningur verður, að útsvar sje ófáanlegt. Ef útsvar heimtist síðar, skal það af því gjalda, er eftir stóð.

IV. KAFLI.
Um niðurjöfnun útsvara.

16. gr.

Utan kaupstaða jafnar hreppsnefnd niður útsvörum.

Heimilt er sýslunefnd að ákveða þóknun fyrir niðurjöfnunarstörf í hreppum, þó ekki yfir 5 kr. á dag til hvers nefndarmanns. Þóknun þessi greiðist úr hreppssjóði.

17. gr.

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Formaður niðurjöfnunarnefndar í Reykjavík er skattstjóri, en í öðrum kaupstöðum formaður skattanefndar. Auk þess eiga sæti í nefndinni 4 menn, kosnir hlutbundnum kosningum af bæjarstjórn í nóvembermánuði ár hvert til eins árs í senn. Með sama hætti skal kjósa 4 til vara, er taki sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórna. Skylt er hverjum manni sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára, heilum og hraustum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskylt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri fyr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni. Konur geta skorast undan kjöri.

Áður en niðurjöfnunarmaður tekur fyrsta skifti til starfa í nefndinni, vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og samviskusemi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

18. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skal eiga aðgang að framtölum manna til tekjuskatts og eignarskatts. Einnig er henni rjett að krefja aðilja skýrslna um sjerhvað það, er hún telur skifta máli um útsvar hans.

Alla þá, er veita öðrum atvinnu, svo og banka og sparisjóði, getur nefndin krafið skýrslna um kaup vinnuþiggjenda og innieign í sparisjóði eða banka. Stjórnarvöldum er skylt að veita nefndunum upplýsingar eftir þörfum og eftir föngum. Nú er skýrslu samkvæmt þessari málsgrein haldið fyrir nefndinni, og skal þá atvinnumálaráðherra, ef nefndin krefst þess, leggja fyrir aðilja, að viðlögðum dagsektum, að svara skýrslunni, ef ráðuneytið telur hann geta það og vera það skylt. Þessi atriði verða ekki borin undir dómstóla.

Nefnd er skylt að halda því leyndu fyrir öllum óviðkomandi mönnum, er hún kemst að í starfi sínu um hagi manna.

19. gr.

Nefndin gerir skrá yfir alla þá, er hún leggur útsvör á, í stafrófsröð eða eftir boðleið, og útsvarshæð fyrir aftan hvert nafn, enda skal nefndin undirrita skrána, þá er henni er lokið.

20. gr.

Niðurjöfnunarnefnd er ályktunarfær, ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Skylt er öllum nefndarmönnum að greiða atkvæði, nema mál varði sjálfa þá, maka þeirra, frændur þeirra að feðgatali eða niðja eða systkin og jafnnána að mægðum. Afl atkvæða ræður úrslitum. Nú eru atkvæði jöfn, og skal þá sá hlutinn ráða, sem formaður fylgir.

Hjón mega aldrei sitja saman í niðurjöfnunarnefnd nje foreldrar og börn.

21. gr.

Aðalniðurjöfnun útsvara fer fram á tímabilinu febrúar—maí, að báðum mánuðum meðtöldum, eftir nánari ákvörðun sýslunefnda og bæjarstjórna. Þó getur atvinnumálaráðuneytið heimilað hreppsnefnd, eftir beiðni hennar, að láta aðalniðurjöfnun útsvara fram fara síðar á árinu, ef ríkar ástæður mæla með því. Útsvarsskrá skal liggja frammi á þingstað hrepps eða öðrum hentugum stað í hreppnum, en í kaupstöðum í skrifstofu bæjargjaldkera eða öðrum hentugum stað, 4 vikur í hreppum og 2 vikur í kaupstöðum, enda skal auglýsa framlagningu skrár í blöðum á staðnum eða með öðrum hætti.

22. gr.

Rjett er manni að finna að útsvari sínu eða að því, ef honum hefir verið slept af skrá, eða að útsvör annara manna sjeu of lág, samanborið við hans, eða að öðrum mönnum hafi verið slept af skrá. Kærur skulu brjeflegar vera, stílaðar til niðurjöfnunarnefndar og komnar í hendur formanni hennar áður liðinn er sá tími, er niðurjöfnunarskrá á að liggja frammi. Skal nefndin úrskurða kærur svo fljótt, sem unt er, og ekki síðar en 14 dögum eftir kærufrest. Nefnd er heimilt að breyta útsvörum bæði til hækkunar og lækkunar, enda hafi aðilja verið send tilkynning um það, að annar gjaldandi hafi borið sig saman við hann, eða að nefndin hafi í hyggju að hækka útsvar hans, enda þótt enginn gjaldenda hafi borið sig saman við hann. Ennfremur er heimilt að hækka útsvar kæranda, enda þótt hann hafi kært það til lækkunar, enda hafi honum verið sú fyrirætlun tilkynt og honum gefinn kostur á að gæta rjettar síns.

Nefndin skal jafnan, svo fljótt sem þess er kostur, senda aðilja tilkynningu, ef hún tekur mann á skrá samkvæmt kæru eða breytir útsvari manns eða kæru hans er ekki sint.

Ef útsvari manns er breytt samkvæmt þessari grein, er honum heimilt að kæra það fyrir yfirskattanefnd, enda þótt hann hafi ekki kært til hreppsnefndar eða niðurjöfnunarnefndar.

23. gr.

Nú vill maður ekki una úrskurði niðurjöfnunarnefndar, og er honum þá rjett að bera málið til úrskurðar fyrir viðkomandi yfirskattanefnd, enda sje kæra komin í hendur formanns yfirskattanefndar áður liðnar sjeu 4 vikur frá dagsetningu úrskurðar í hreppum og 2 vikur í kaupstöðum. Yfirskattanefnd úrskurðar kærur á næstu tveim vikum, frá lokum kærufrests talið, nema draga verði úrskurð af því að afla þurfi frekari upplýsinga. Niðurjöfnunarnefnd lætur yfirskattanefnd í tje útsvarsskrá eða eftirrit af henni. Fyrirmæli 18. og 22. gr. taka og til yfirskattanefndar, enda er hreppsnefnd og niðurjöfnunarnefnd skylt að veita yfirskattanefnd upplýsingar um útsvarsálagningu sína eftir föngum.

Yfirskattanefnd fær þóknun fyrir störf sín samkvæmt þessum lögum, og skal reikna hana eftir lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þóknun greiðist úr sýslusjóði eða bæjarsjóði.

Ef ágreiningur verður um þóknun yfirskattanefndar, þá sker atvinnumálaráðherra úr.

24. gr.

Sá, er ekki vill hlíta úrskurði yfirskattanefndar, getur næstu 2 almanaksmánuði eftir dagsetning úrskurðar hennar skotið honum til atvinnumálaráðuneytisins, þar til sett kynni að verða á stofn landsyfirskattanefnd. Ráðuneytið skal venjulega hafa kveðið upp úrskurð sinn 2 mánuðum eptir lok kærufrests. Það hefir sama rjett til að krefjast upplýsinga sem yfirskattanefnd, en það breytir ekki útsvörum annara gjaldþegna en þeirra, sem yfirskattanefnd hefir kveðið upp úrskurð um útsvör þeirra.

Úrskurður ráðuneytisins er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

25. gr.

Aukaniðurjöfnun fer fram í lok júní, september og desember ár hvert. Sveitarstjórn getur vikið frá þessum ákvæðum eftir þörfum. Þá skal leggja útsvör á þá:

1. Er teknir skyldu hafa verið á aðalskrá, en hefir verið slept.
2. Er útsvarsskyldir hafa orðið síðan aðalniðurjöfnun fór fram og leggja skal á í þeim hreppi eða kaupstað.
3. Er flutst hafa búferlum á gjaldárinu, en eigi var lagt á þá útsvar í fyrri heimilissveit þeirra.

Skrá skal gera með sama hætti sem aðalskrá. Um framlagning hennar, kærur og úrskurði fer með sama hætti sem fyr segir um aðalniðurjöfnun.

26. gr.

Kærum, sem koma eftir kærufrest, verður ekki sint. Ekki má yfirskattanefnd eða atvinnumálaráðuneyti heldur breyta útsvari, nema svo reynist, að það hafi verið að minsta kosti 10% of hátt eða of lágt.

V. KAFLI.

Um gjalddaga útsvara, ábyrgð á þeim, innheimtu o. fl.

27. gr.

Gjalddagar útsvara eftir aðalniðurjöfnun skulu vera tveir. Í hreppum skal greiða annan helming útsvara 15. júlí, en hinn helminginn 15. október. Í kaupstöðum skal greiða annan helming útsvara fyrsta virkan dag næsta mánaðar eftir lok niðurjöfnunar, en hinn helminginn 1. september. Nú er heimilað að jafna síðar niður en 15. júlí, sbr. 21. gr., og ákveður þá hreppsnefnd gjalddaga.

Eindagi útsvara eftir aukaniðurjöfnun fer eftir ákvörðun niðurjöfnunarnefndar, en má þó ekki síðar vera en 1. október, ef útsvar var lagt á fyrir þann dag, en ella ekki síðar en 31. desember.

Eindagi á öllu útsvari erlendis búsettra gjaldþegna (6. gr. B, 1—3) skal ávalt vera sá dagur, er útsvarsálagningu á þá er hverju sinni lokið.

28. gr.

Hjón ábyrgjast ekki hvort annars útsvar. Þó ábyrgist bóndi útsvar konu sinnar, er á hana var lagt áður en þau gengu að eigast. Ennfremur getur niðurjöfnunarnefnd kveðið svo á, að hjón skuli ábyrgjast annað fyrir bæði og bæði fyrir annað hvort annars útsvar, ef reynt hefir verið lögtak fyrir síðasta útsvari hjá því þeirra, er það var á lagt, án þess að það hafi að fullu verið goldið, enda búi hjón saman þegar niðurjöfnun fer fram.

29. gr.

Umboðsmaður erlends tryggingarfjelags ber ábyrgð á útsvari þess, eins og það væri sjálfs hans útsvar.

Atvinnuveitandi þeirra, er í 6. gr. B. 1. getur, ábyrgist sem sjálfs sín skuld útsvar slíkra manna, án tillits til þess, hvernig kaupgjaldi er varið, og er atvinnuveitanda heimilt að halda eftir alt að 10% af því kaupi, er hann geldur, enda sje honum tilkynt álagningin svo fljótt sem unt er.

Eignir erlendis búsetts atvinnurekanda, þær, er hann á hjer á landi, skulu vera að lögveði til tryggingar útsvari, sem lagt er á hann hjer á landi, næst á eftir sköttum, er á þeim kunna að hvíla til ríkissjóðs Íslands, enda má kyrsetja þær til tryggingar útsvarsgreiðslum, án þess að beiðandi þurfi að setja tryggingu, og halda kyrsetningarmáli til laga fyrir gestarjetti á kyrsetningarvarnarþingi.

30. gr.

Ef útsvar er ekki greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldþegn greiða hreppssjóði eða bæjarsjóði dráttarvöxtu af því, sem ógreitt er, 1% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

31. gr.

Útsvör og dráttarvöxtu má taka lögtaki.

VI. KAFLI.

Ákvæði til bráðabirgða. Niðurlagsákvæði.

32. gr.

Tímabilið frá fardögum 1926 til ársloka 1927 telst eitt reikningsár.

Utan kaupstaða gerir hreppsnefnd áætlun samkvæmt 2. gr. fyrir reikningsárið frá fardögum 1926 til ársloka 1927 í októbermánuði 1926, enda er henni þá rjett að jafna niður, með gjalddaga 31. desember næsta á eftir, þeim hluta af ákveðinni útsvarsupphæð, er hún telur þurfa til greiðslu hreppsgjalda, þar til útsvör, sem jafnað verður niður með aðalniðurjöfnun 1927, taka að gjaldast.

Ef útsvör áætlunar þeirrar, sem gerð er í október 1926, þurfa að vera hærri en samtala útsvara hreppsins þrjú síðustu reikningsárin, að fimtungi viðbættum og deilt með 2, þá þarf samþykki sýslunefndar.

33. gr.

Í kaupstöðum, þar sem aðalniðurjöfnun útsvara skal lúka fyrir nóvembermánaðarlok eftir gildandi lögum, má jafna niður fyrir næsta nýár $^{1}/_{3}$ af upphæð útsvara kaupstaðarins, svo sem þau hafa verið ákveðin í áætlun hans fyrir 1927, enda sje gjalddagi 31. desember 1926.

34. gr.

Um kærur yfir útsvörum, sem lögð hafa verið á árið 1926, fer eftir eldri lögum.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927. Frá sama tíma eru úr gildi numin þessi lagafyrirmæli:

Tilsk. 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 18. gr. 2. og 3. málsgr., 19. gr. 1. málsl., 21. gr., 23. gr. 2.—5. málsgr. og 24. gr.

Lög nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, 18. gr., 21. gr., það sem enn er af henni í gildi, 22. og 23. gr.

Lög nr. 43, 10. nóv. 1905 (sveitarstjórnarlög) 35. gr., 37. gr. 2. málsgr. og 38.—44. gr.

Lög nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 19. og 21.—24. gr.

Lög nr. 48, 10. nóv. 1913, um breyting og viðauka við lög 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 2. og 3. gr.

Lög nr. 49, 30. nóv. 1914, um breyting á tilsk. 20. apr. 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 6. og 9. gr.

Lög nr. 65, 14. nóv. 1917, um breytingu á lögum nr. 22. 8. okt. 1883,

um bæjarstjórn á Akureyri, og lögum nr. 43, 11. júlí 1911, um breyting á þeim lögum, 10.–12. gr.

Lög nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 18. gr. 1. og 2. málsgr., 19.–22. gr. og 23. gr., að því leyti sem hún varðar útsvör.

Lög nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 20. gr. 1.—2. málsgr., 21.—24. gr. og 25. gr., að því leyti sem hún varðar útsvör.

Lög nr. 58, 28. nóv. 1919, um breytingu á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 18.—24. gr.

Lög nr. 61, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 15. og 17.—21. gr.

Lög nr. 47, 27. júní 1921, um breytingu á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Lög nr. 49, 27. júní 1921, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði, 2. gr.

Lög nr. 65, 27. júní 1921, um breyting á lögum nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Lög nr. 25, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Lög nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905, 1. gr.

Lög nr. 26, 4. júní 1924, um viðauka við lög nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Lög nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, 1. og 12. gr., að því leyti sem þær varða útsvör, og 7.—11. gr.

Lög nr. 46, 4. júní 1924, um útsvarsálagningu erlendra vátryggingarfjelaga.

Svo og öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við lög þessi.

Ed. **189. Nefndarálit**

um frv. til laga um bæjarstjórn á Norðfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað framangreint frv., svo og greinargerð þá, sem því fylgir.

Í greinargerðinni er, svo sem vænta má, lögð allsterk áhersla á það, hve mikil nauðsyn sje orðin fyrir Norðfirðinga að verða lögsagnarumdæmi út af fyrir sig.

Nefndin vill nú eigi neita því, að það kynni að geta orðið til aukinna þæginda, svo og nokkurra hagsmuna fyrir Norðfirðinga að hreppa sjerstök kaupstaðarrjettindi, ef þeir reyndust heppnir með bæjarfógeta, enda þótt eigi sje sýnilegt af hinni glæsilegu lýsingu í greinargerðinni á þroska og vexti kauptúnsins á seinustu árum, að vöntun kaupstaðarrjettindanna hafi staðið sjávarþorpinu mjög fyrir þrifum hingað til.

En þótt það verði ekki vjefengt, að Norðfirðingar telji sjer feng í því að fá þessi kaupstaðarrjettindi, sem farið er fram á í frv., þá verður einnig á hitt að líta, hvort slík breyting, sem hjer ræðir um, yrði ekki að sama skapi óhagstæð og of kostnaðarsöm fyrir hina tvo aðiljana, sem mál þetta varðar.

Af þeim undirtektum, sem mál þetta hefir fengið í sýslunefnd Suður-Múlasýslu og getið er um í greinargerðinni, virðist mega ráða það, að sýslunefndin telji það fremur tap en vinning fyrir umrætt sýslufjelag, að Norðfjörður væri frá því skilinn. Og er það skiljanlegt. Því þar sem hjer er, eftir því sem virðist, um blómlegt hreppsfjelag að ræða, þá hlyti það að verða fjárhagslegt tap fyrir sýslufjelagið að missa það, en hinsvegar til lítils hægðarauka að því er snertir stjórn sýslufjelagsins, þar sem þetta nýja lögsagnarumdæmi mundi, eftir legu sinni að dæma, ekki sníða neitt utan af sýslufjelaginu, heldur að eins mynda fleyg inn í það, sem skæri það að miklu leyti í sundur.

Að því er ríkissjóð snertir, þá er nefndinni ekki annað kunnugt en að innheimta ríkissjóðsgjalda í Suður-Múlasýslu hafi verið í góðu lagi, og sje því ekki hennar vegna þörf á stofnun þessa nýja embættis. Hinsvegar er það öllum auðsætt, að samþykt frv. þessa mundi baka ríkissjóði eigi svo lítil aukin útgjöld. Að vísu er í frv. hóflega á stað farið með laun úr ríkissjóði handa hinum nýja bæjarfógeta. En það virðist mega gera ráð fyrir því, að sú skifting á launanum, sem gert er ráð fyrir í frv. (helmingur úr ríkissjóði fyrir bæjarfógetastörfin og hinn helmingurinn úr bæjarsjóði fyrir bæjarstjórastörfin), mundi eigi reynast nema bráðabirgðaráðstöfun. Þegar frá líði mætti telja líklegt, að farið yrði fram á það, að þessum bæjarfógeta yrði jafnt sem öðrum veitt full laun úr ríkissjóði. Enda mætti segja, að allmikil sanngirni mælti með því, að undantekning yrði eigi til lengdar gerð með þennan eina embættismann, að setja laun hans úr ríkissjóði svo miklu lægri en allra annara stjettarbræðra hans, enda er reynslan búin að sýna það, að það stendur ekki lengi, þótt bæjarfógeta, sem lítið hefir að gera meiri hluta ársins, sjeu ákveðin lægri laun en hinum, sem meiri hafa störfin. Hinsvegar má telja víst, að samþykt þessa frv. mundi einnig að öðru leyti hafa í för með sjer aukin útgjöld fyrir ríkissjóðinn. Því þegar búið væri að samþykkja það, að taka Neskauptún í tölu kaupstaðanna og gera hann að lögsagnarumdæmi út af fyrir sig, þá mætti búast við, að örðugt veittist að standa á móti, að sömu rjettinda yrðu aðnjótandi önnur kauptún, sem hafa fult svo marga eða jafnvel fleiri íbúa en þetta kauptún og engu minni örðugleika við það að ná til hlutaðeigandi sýslumanns, svo sem nú er t. d. ástatt með Akranes eða Skipaskaga, og jafnvel fleiri. Samþykt þessa frv. væri því spor í áttina til embættafjölgunar, sem leiða mundi til þess, að önnur samskonar eða svipuð spor yrðu stigin á eftir, sem verður þó að ætla, að sje þvert á móti vilja og tilætlun þings og þjóðar.

Nefndin verður því af framangreindum ástæðum að leggja það til, að háttv. deild felli frv. það, sem hjer um ræðir.

Alþingi, 20. mars 1926.

Jóh. Jóhannesson, form.	Eggert Pálsson, fundaskr. og frsm.	Guðm. Ólafsson.

Ed. **190. Nefndarálit**

um frumv. til laga um framlag til kæliskipskaupa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið sje samþykt óbreytt.

Alþingi, 22. mars 1926.

Eggert Pálsson, form.	Agúst Helgason, fundaskr.	Gunnar Ólafsson, frsm.

Ed. **191. Nefndarálit**

um frv. til laga um skipströnd og vogrek.

Frá allsherjarnefnd.

Núgildandi strandlög eru frá 14. janúar 1876 og því nú 50 ára gömul. Er því engin furða, þótt margt í þeim sje orðið úrelt og eigi ekki við nú á tímum. Neðri deild Alþingis 1925 skoraði því á stjórnina að endurskoða lagafyrirmælin um skipströnd og leggja fyrir Alþingi frv. um þetta efni. Hefir hæstv. stjórn nú orðið við þessari áskorun og lagt ofangreint frv. fyrir Alþingi. En jafnframt lagafyrirmælunum um skipströnd hefir stjórnin tekið til endurskoðunar löggjöfina um vogrek, og var á því hin brýnasta þörf, því bæði er það, að þau lagafyrirmæli, sem um vogrek gilda, eru miklu eldri en strandlögin, og svo hitt, að þau hafa jafnan verið óskýr og ófullkomin.

Nefndin hefir athugað hið fyrirliggjandi frv. á mörgum fundum og borið hin einstöku ákvæði þess saman við núgildandi ákvæði um sama efni. Verður nefndin að telja frv. mjög vel samið og ákvæði þess yfirleitt skýr og hentug, og leyfir sjer því að leggja það til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi smábreytingum og leiðrjettingum, sem gerð verður grein fyrir í framsögunni, að svo miklu leyti, er þurfa þykir.

BREYTINGARTILLÖGUR

vorar eru þessar:

1. Við 5. gr. 2. málsgr.
   a. Orðin »yfir skipbrotsmönnum« falli burtu.
   b. Í stað orðanna »Sjóferðapróf . . . . . ekki að halda« komi: Sjóferðapróf og staðfesting skýrslu þarf þó ekki að fara fram.

2. Við 12. gr. 3. málsgr.
   Á eftir orðunum »er í stað hans kemur« komi: ef hægt er að gera honum bókunina skiljanlega.
3. Við 18. gr. 1. málsgr.
   Í stað »farningu« komi: flutningi.
4. Við 19. gr.
   Í stað orðanna »fær hann þó aðeins ferðakostnað og lögmælt sölulaun« í endi 1. málsgr. komi: fær hann lögmælt sölulaun í stað fæðispeninga.
5. Við 21. gr.
   Í stað »1., 3., 6., 9. og 11. gr.« komi: 1., 3., 6., 9., 10. og 11. gr.
6. Við 22. gr. Byrjun greinarinnar orðist svo: Það er vogrek, er mannlaust skip o. s. frv.
7. Við 23. gr.
   a. Í stað orðsins »neyslumaður« komi: notandi.
   b. Á undan orðunum »glöggva lýsingu« síðast í greininni komi: í tje.
8. Við 24. gr.
   Í stað orðanna »enda sendir dómsmálaráðuneytið eitt eintak af auglýsingunni hverjum fyrirsvarsmanni annara ríkja hjer á landi« komi: enda sendir dómsmálaráðuneytið fyrirsvarsmönnum annara ríkja hjer á landi eintak af auglýsingunni.
9. Við 25. gr.
   Í stað orðanna í 3. málsgr. »ólöglega hafi með málið farið« komi: ólöglega hafi verið með málið farið.
10. Við 28. gr.
    Í stað orðanna »4 ár eða lengur« komi: 2 ár eða lengur, frá því að eigandinn leiddi sig að því, ef svo hefir verið.
11. Við 33. gr.
    Síðari málsgreinin orðist svo:
    Með mál út af brotum gegn ákvæðum laga þessara skal farið sem með almenn lögreglumál, nema sakamálameðferð skuli beitt.

Alþingi, 22. mars 1926.

Jóh. Jóhannesson, form. og frsm.	Eggert Pálsson, fundaskrifari.	Guðm. Ólafsson.

Ed. **192. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um innflutningsbann á dýrum o. fl.

Frá Ingvari Pálmasyni.

1. Við 1. gr.
   Orðin »og fugla« falli burtu.
2. Við 2. gr.
   Á eftir orðunum »allan innflutning á« komi: lifandi fuglum.

Nd. **193. Frumvarp**

til laga um innflutningsbann á dýrum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Það er öllum bannað að flytja hingað til lands frá útlöndum lifandi spendýr. Þó má atvinnumálaráðuneytið, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, veita undanþágu frá banni þessu, enda setji þá tryggilegar reglur um í hvert sinn.

2. gr.

Frá löndum eða landshlutum, þar sem næmir húsdýrasjúkdómar ganga, er atvinnumálaráðuneytinu heimilt, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, að banna um stundarsakir allan innflutning á lifandi fuglum, heyi, hálmi, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, ósoðinni mjólk, brúkuðum fóðurmjölssekkjum og öðrum þeim vörum, sem sjerstök hætta telst á, að sóttnæmi geti borist með.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100 til 1000 kr., fyrir skipstjóra þann, er dýrin eða bannvöruna flutti inn, og jafnháum fyrir eigandann, og skulu dýrin og bannvaran gerð upptæk og öllu lógað, að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft á skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borgi allan þar af leiðandi kostnað.

Brot gegn reglum þeim, sem atvinnumálaráðuneytið setur samkvæmt 1. gr., varðar eiganda 100 til 1000 kr. sektum, enda bæti hann að auki allan skaða, er af þeim dýrum hlýtst, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkvæmt reglum ráðuneytisins.

4. gr.

Lög nr. 56, 10. nóv. 1905, um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje, og viðaukalög nr. 25, 9. júlí 1909, eru úr gildi numin.

Nd. **194. Frumvarp**

um veðurstofu á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Veðurfræðistöð skal stofnuð og starfrækt á landi hjer. Skal hún nefnd veðurstofa Íslands og standa undir umsjón atvinnumálaráðuneytisins.

2. gr.

Starfssvið veðurstofunnar skal vera sem hjer segir:

a. Að safna gögnum til rannsókna á loftslagi landsins. Skal til þess hafa nægilega margar veðurstöðvar úti um land, sem standa undir umsjón og eftirliti veðurstofunnar.
b. Að vinna úr veðurskýrslum frá veðurstöðvunum og gefa út veðurfarsskýrslur, er sýni skilyrði þau og takmörk, sem veðráttan setur atvinnuvegum landsins.
c. Að safna daglegum veðurskeytum, innlendum og erlendum, og senda út fregnir um veðurútlit. Skal einkum lögð stund á að vara við stormhættu á landi og á miðum úti og segja fyrir um úrkomu að sumrinu.
d. Að safna nákvæmum fregnum um hafís og senda út ísfregnir til skipa, þegar ástæða er til. Sama gildir og þegar eldgos og öskufall ber að höndum.
e. Að standa, í samráði við ríkisstjórnina, fyrir öllum þeim málum, sem snerta alþjóðasamvinnu í veðurfræði og Ísland varða að einhverju leyti. Hjer með er talin umsjón með þeim veðurfregnum, sem sendar eru til annara landa.

3. gr.

Skylt er veðurstofunni að hafa eftirlit með landskjálfta- og segulmagnsmælingum (áttaskekkju), þegar þess er krafist af ríkisstjórninni og nauðsynleg fjárveiting er fyrir hendi.

4. gr.

Veðurfregnir, sem veðurstofan gefur út, skulu sendar með síma eða loftskeytum, svo fljótt sem föng eru á, og tafarlaust birtar á símastöðvunum. Setur atvinnumálaráðherra nánari reglur um, hvernig sendingu þeirra og birtingu skuli hagað; hann ákveður og gjald það, sem veðurstofan greiðir landssímanum fyrir veðurskeytin.

Sjerstakar fregnir frá veðurstofunni um stormhættu, hafísa og öskufall skulu ganga fyrir öðrum skeytum, að svo miklu leyti sem alþjóðareglur heimila.

5. gr.

Fastir starfsmenn skulu vera tveir veðurfræðingar, forstjóri og fulltrúi. Skulu báðir færir um að annast veðurspár, enda hafa nægilega þekkingu í þeim fræðigreinum, sem lúta að veðurfræði, þ. e. eðlisfræði, stærðfræði og jarðeðlisfræði, svo og landskjálfta- og segulmagnsmælingum. Engan má skipa veðurfræðing fyr en hann hefir verið eitt ár í stöðinni til reynslu. Ekki má hann gegna stöðunni lengur en tvö ár án þess að hafa fengið veitingu fyrir henni.

Atvinnumálaráðherra veitir þessi embætti.

6. gr.

Forstjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr., upp í 6000 kr.

Auk þess hefir forstjóri ókeypis íbúð í byggingu veðurstofunnar, sbr. 7 gr., enda hafi hann eftirlit með áhöldum hennar.

Byrjunarlaun fulltrúa skulu vera 4000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár, upp í 5000 kr.

Forstjóri og fulltrúi njóta báðir samskonar uppbótar á launum sínum og embættismenn landsins fá samkvæmt launalögum.

7. gr.

Svo fljótt sem ástæður leyfa skal reist sjerstök bygging fyrir veðurstofuna, á stað, sem er hentugur fyrir störf þau, sem hún hefir með höndum eða kunna að verða henni falin.

8. gr.

Lög þessi gilda frá 1. júlí 1926.

Ákvæði um stundarsakir.

Verði núverandi forstöðumaður veðurathugana forstjóri veðurstofu Íslands, skulu árslaun hans þegar vera 6000 kr., auk uppbótar samkvæmt niðurlagi 6. gr.

Verði Jón Eyþórsson veðurfræðingur skipaður fulltrúi í veðurstofu Íslands, skulu árslaun hans vera 5500 kr., auk uppbótar samkvæmt niðurlagi 6. gr.

Nd. **195. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um frv. eins og það lá fyrir, og vill meiri hlutinn fella það; mun hv. meiri hluta þykja það of langt gengið, að hafnarsjóður hafi lögveð í skipi fyrir vörugjaldi til hafnarinnar og fyrir skaðabótum vegna skemda á hafnarvirkjum.

En það var af vangá, að ákvæðið um vörugjald var eigi undanskilið í frv. En nú hefir hafnarstjórinn í Reykjavík sent tillögu til breytinga á frumvarpsgreininni um að undanskilja vörugjald, og ennfremur leggur hann til að fella burt, að hafnarsjóður skuli fá lögveð í skipi, ef skemdir af þess völdum verða á hafnarvirkjum, og eru þá burtu numin þau ákvæði, er meiri hlutinn mun helst hafa sett fyrir sig.

Þau gjöld, er hafnarsjóður heimtir af skipum og bátum skv. 10. gr. laga nr. 19, 1911, eru þessi: Lestagjald, vitagjald, vörugjald (á að undanskilja skv. brtt.), bryggjugjald og festargjald; þá er og heimilt að taka gjald fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, og eru þau ákveðin í reglugerð.

Þessi gjöld eru eigi það há, að þau geti sett veð í skipum í neina óvissu, þótt frv. yrði samþykt þannig. En hinsvegar gæti það oft komið sjer óþægilega, að hafnarsjóður beitti kyrsetningu við skip og báta, þar til öll gjöld

til hafnarsjóðs væru greidd. En slíku þyrfti eigi að beita, ef hafnarsjóður hefði lögveð í skipi fyrir gjöldum.

Samkvæmt framansögðu leggur minni hl. til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Upphaf frumvarpsgreinarinnar skal orða svo:

Fyrir gjöldum þeim, er ræðir um í 10. gr. hafnarlaga fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911, öðrum en vörugjaldi, ennfremur sektum samkv. 17. gr. sömu laga, skal hafnarsjóður Reykjavíkur o. s. frv.

Alþingi, 22. mars 1926.

Jón Baldvinsson,
frsm. minni hlutans.

Nr. 196. Nefndarálit

um frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað mál þetta frá ýmsum hliðum, fengið til viðtals 2 menn úr nefnd þeirri, er undirbjó frv., og borið það saman við lög þau, er nú gilda í þessu efni.

Þótt í frv. felist ekki miklar breytingar á gildandi lögum og skiftar muni verða skoðanir um haldkvæmi víðtækra bannákvæða um störf og athafnir manna á helgidögum, þá telur meiri hluti allsherjarnefndar tilgang frv. þess verðan, að því sje vel tekið. Viðleitni meiri hluta nefndarinnar í þessa átt eru nokkrar breytingar, sem hann vill gera á frv. og telur til bóta; þó eru þær meira skipulags og orðabreytingar en efnis, og þykir því nægja að gera grein fyrir þeim í framsögu.

Einn nefndarmanna (P. O.), sem undirskrifar þetta álit fyrirvaralaust, mun koma fram með sjerstaka brtt. við frv.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til við hv. deild, að frv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. a. Fyrri málsgr. á eftir »helgidag stórhátíðanna« orðist svo: og eigi heldur á kirkjustöðum frá kl. 11 árd. til kl. 3 síðdegis, þegar messað er á staðnum, nema brýna nauðsyn beri til.
   b. Síðari málsgrein, á eftir »þjóðkirkjunnar frá kl.« orðist svo:

11 árd. til kl. 3 síðdegis. Þó mega strandferðaskip, sem aðallega flytja póst og farþega, fá afgreiðslu. Það skal og yfir höfuð vera heimilt að vinna þau verk . . . . . o. s. frv. til enda greinarinnar.

2. Við 2. gr. a. Í fyrstu málsgr. á eftir »búðum kaupmanna« komi: kaupfjelaga.
   b. 2. málsgr. og 3. málsgr. (»Þó skulu . . . . . áfenga drykki«) falli niður.
   c. 4. málsgr. 2. og 3. málsliður (»Þó má . . . . . 6 síðdegis«) orðist svo:
   Undanþegin þessu banni er þó sala á fiski, blöðum, bókum, aðgöngumiðum að íþróttamótum, happdrættismiðum og þess háttar til kl. 11 árd. og eftir kl. 3 síðdegis.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Á helgidögum þjóðkirkjunnar má hvorki halda almennar skemtanir nje heldur mega markaðir eða aðrar þær athafnir, sem hávaði er að, eiga sjer stað fyrir kl. 3 síðdegis, nema lögreglustjóri leyfi.
5. Við 7. gr. 2. málsliður orðist svo:
   Þá og þar, er guðsþjónusta fer fram eftir nón, er þó því aðeins heimilt að halda almenna fundi samtímis, að þess sje gætt, ... o. s. frv. til enda greinarinnar.
6. Við 8. gr. Við greinina bætist: Þau gilda einnig eftir kl. 6 á aðfangadagskvöld jóla.
   Kvöldið fyrir aðra stórhátíðisdaga eru allar almennar skemtanir bannaðar eftir miðaftan.
7. Við 9. gr. Greinin falli niður.
   Greinatala breytist eftir atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 22. mars 1926.

Jón Kjartansson, form.	Pjetur Þórðarson, frsm.	Jón Baldvinsson, með fyrirvara.

Pjetur Ottesen.

Nd. **197. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1927.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir hagað starfi sínu alveg með sama hætti og undanfarið. Haft daglega fundi venjulegan fundatíma, og lengur, ef þess hefir verið kostur. Átt viðtöl við menn og aflað sjer upplýsinga eftir föngum. Áliti sínu skilar nefndin

nú nokkrum dögum síðar en í fyrra, enda hafa störfin orðið meiri en undanfarið, því að fjárbeiðnir hafa verið fleiri en áður, sem og var að vænta, þar eð rýmkast hefir um fjárhag ríkissjóðs. Nefndinni hafa t. d. borist c. 225 erindi frá stofnunum og einstökum mönnum, sem öll hafa þurft meiri og minni athugunar við. Meðal þeirra voru 33 styrkbeiðnir til utanfara margvíslegra erinda. En ekki hefir nefndin tafist af ósamkomulagi innan nefndar.

Nefndin lítur svo á einróma, að þótt rýmkast hafi svo mjög um fjárhag ríkissjóðs sem alkunnugt er orðið, að greiddar eru allar lausaskuldir ríkisins og álitleg fúlga í sjóði um síðustu áramót, þá beri þó að leggja hina mestu áherslu á að fara varlega um að auka gjaldahlið fjárlaganna. Sá mikli tekjuauki, sem ríkissjóði hefir hlotnast, gefur ekki rjetta mynd af ástandinu á þjóðarbúinu í heild sinni. Hinir miklu skattar, sem lagðir voru á þjóðina til að gera kleift að grynna á skuldunum, og einkanlega hin mjög öra hækkun á skráðu verðgildi íslenskra peninga, samfara lækkun á afurðaverði á erlendum markaði, hefir lamað atvinnuvegina svo mjög, að mikil hætta er á, að miklir erfiðleikar standi fyrir dyrum, sem koma muni einnig niður á ríkissjóði. Nefndin hefir því viljað halda sömu sparnaðarstefnu sem á undanförnum árum, en einkum borið fram fjáraukatillögur, sem beint og óbeint mættu verða stuðningur fyrir atvinnuvegina. Sjest það meðal annars af því, að drjúgur meiri hluti hækkunartillagna nefndarinnar er á 13. og 16. gr. fjárlagafrv.

Nefndinni er það ljóst, að meðan Alþingi hefir ekki lagt úrskurð sinn á um, hver stefna verður tekin í gengismálinu, er mjög erfitt að ganga frá fjárlagafrumvarpinu, svo að sæmilega ábyggileg áætlun megi kallast. Þær ákvarðanir geta haft hin mestu áhrif bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlaganna. Haldi gengi krónunnar áfram að hækka, er fyrirsjáanlegt t. d., að á árinu 1927 muni dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins lækka að miklum mun, og hún hlýtur og að lækka töluvert, haldist það verðgildi krónunnar, sem er. Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins var dýrtíðaruppbótin árið sem leið c. 1220000 kr. Uppbótarprósentan var þá 78%. Með uppbótarprósentu þeirri, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, 60%, verður dýrtíðaruppbótin c. 935000 kr. Ef uppbótarprósentan er 50% eða 40%, verður dýrtíðaruppbótin c. 780000 kr. og c. 625000 kr. — Á mörgum öðrum gjaldliðum myndi einnig sparast. En hinsvegar hefði gengishækkun í för með sjer rýrnun á mörgum tekjuliðunum, svo að töluverðu mun nema. Nefndin vill vekja athygli á þessu, þótt hún hinsvegar að sjálfsögðu, á þessu stigi málsins, geri engar sjerstakar tillögur þar að lútandi.

Fyrir reikning ríkissjóðs er nú rekin steinolíuverslun í frjálsri samkepni, sem ekki kemur fram í fjárlögum að öðru leyti en því, að vextir af fje ríkissjóðs í þeirri verslun eru hluti af 6. lið 4. greinar, og vörutollur nú greiddur af steinolíu, sem ekki var áður. Nefndin hefir fengið þær upplýsingar, að meira en ein miljón króna af fje ríkissjóðs stendur inni í steinolíuversluninni. Telur nefndin sjer skylt að vekja athygli á, að verslun þessi er nú áhættumeiri en áður fyrir ríkissjóð. Gengissveiflur gætu t. d. bakað ríkissjóði mikið tjón af versluninni. Vill meiri hluti nefndarinnar því benda á, að verslun þessi hvílir ekki á þeim lagagrundvelli, sem vera ætti.

Frumvarpið gerir ráð fyrir 44806,20 kr. tekjuafgangi. Samkvæmt tillögum nefndarinnar, og er tekið tillit til dýrtíðaruppbóta, verður útkoman þessi:

Tekjuafgangur frumvarpsins	kr.	44806,20
Tekjuhækkunartillögur	—	310000,00
Gjaldalækkunartillögur	—	65590,00
Samtals	kr.	420396,20
Þar frá dragast:		
Gjaldahækkunartillögur	kr.	283600,00
Tekjuafgangur samkvæmt till. nefndarinnar	kr.	136796,20

Tekjubálkurinn.

Það hefir að þessu sinni eins og áður verið meginstefna nefndarinnar, að tekjuáætlunin yrði mjög varleg, enda hefir frá stjórnarinnar hálfu þessa verið ríkulega gætt. Auðvitað telur nefndin, að jafnframt því, sem áætlunin sje varleg, þá eigi hún að vera sem sönnust og ekki fest auga á því einu að hafa hana sem lægsta. Á undanförnum þingum hefir áætlunin orðið fyrir allmiklum breytingum í meðferð þingsins, sjerstaklega á síðasta þingi, og verður nefndin að telja það mjög óheppilegt. Hún leggur því áherslu á, að stjórnin vandi svo til tekjuáætlunarinnar sem kostur er, þar sem hún ein hefir þar á best tök, sakir kunnugleika.

Að þessu sinni leggur nefndin til, að þessir liðir áætlunarinnar verði hækkaðir:

Útflutningsgjald um	50 þús.
Áfengistollur og öl um ...	50 —
Tóbakstollur um	50 —
Annað aðflutningsgjald um	35 —
Vínein kasala um	125 —
Samtals	310 þús.

Útflutningsgjaldið hefir á árinu sem leið, 1925, orðið kr. 1189 þús., en verður nú með hækkun nefndarinnar 1 milj. kr. Þó þess sje gætt, að útflutningsgjaldshækkunin frá 1925 hvíldi ekki nema á hálfu árinu 1925, en hvílir á öllu árinu 1927, þá verður vel að muna það, að verðlækkun á afurðum er orðin geysimikil, sem hefir sjerstaklega áhrif á gjald þetta, þar sem það er hundraðsgjald, og mætti frá því sjeð telja áætlunina fullháa. En þá ber jafnframt að líta á hitt, að líkur eru fyrir því, að útflutningur fremur vaxi, þar sem útgerðin eykst.

Áfengistollurinn hefir stöðugt farið hækkandi, og það svo ört, að síðan 1922 hefir hann hækkað um næstum $^1/_2$ milj. kr. og varð á árinu 1925 808 þús. kr. Áætlunin virðist því með hækkun nefndarinnar ekki vera óvarleg, þó gera megi ráð fyrir, að nokkuð dragi úr vinnautn með vaxandi bindindisstarfsemi.

Tóbakstollinn hefir nefndin hækkað upp í 775 þús. kr. Hefir hann og arður af tóbakseinkasölu orðið á árunum 1922—1924 frá 439—876 þús. kr., en á árinu 1925 fór hann upp í 1080 þús.

Þar sem sú breyting er nú orðin á þessu, að einkasalan er lögð niður og hinsvegar engin reynsla fengin fyrir því, hve tollurinn hækkar mikið, þar sem það byggist meðal annars á auknum innflutningi, þá telur þó nefndin, að eftir líkum að dæma sje þetta varleg áætlun.

Annað aðflutningsgjald hefir á árinu 1925 hækkað geysilega, sem leiddi af því, að aðflutningsbann á þeirri vöru var upphafið og komst þá upp í 228 þús. kr. úr 86 þús. árið áður. Það eru því ekki líkur til annars en að þetta haldist nokkuð meðan fólkið hefir peninga til að kaupa fyrir. Þó verður ekki gert ráð fyrir, að það verði líkt því eins hátt eins og meðan breytingin var að komast á.

Vineinkasala er á árinu 1925 talin að hafa gefið 500 þús. kr. Þetta mun vera nokkru lægra en rjett er, sem stafar af því, að reikningar voru ekki allir inn komnir þegar fjármálaráðherra gaf skýrslu um þetta. En eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið, telur hún hættulaust að hækka áætlunina þetta, jafnvel þótt enn sje tillit tekið til vaxandi bindindisstarfsemi, eins og við áfengistollinn.

Gjaldabálkurinn.

10. gr.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að niður sjeu feldir úr 10. gr. III (utanríkismál) stafliðirnir a—c, sem eru

Laun sendiherra	kr. 20000
Húsaleiga	— 5000
Kostnaður við embættið	— 20000
	eða samtals kr. 45000

Verður ekki gerð nánari grein fyrir tillögu þessari hjer, en bíður framsögu.

12. gr.

Nefndin hefir lækkað styrkinn til læknisvitjana um kr. 250, sem stafar af því, að nú hafa nokkrar sveitir gengið frá, sem áður höfðu styrk þennan, og bygt sjer sjúkraskýli og læknisbústað. Vill nefndin aftur taka upp sundurliðun á styrknum í fjárlögin, svo engin mistök geti átt sjer stað um það, hverjir verði styrksins aðnjótandi.

Forstöðumaður geislalækningastofu ríkisins hefir sótt um 3000 kr. hækkun á tillagi ríkissjóðs til stofunnar. Ætlar hann upphæð þessa til nýrra áhaldakaupa, er nefndin verður að telja mjög mikilsverð. Hefir læknirinn gefið þessa skýrslu um þau:

»Þessi áhöld er áformað að kaupa handa Röntgenstofunni, ef fje fæst:

1. Potter-Bucky borð og stativ (frá Chicago)	d.	kr.	1500
2. Metallix-Röntgenlampa (frá Hollandi)	d.	—	660
3. Jupiter-lampa (frá Berlín)	d.	—	760
	Samt.	kr.	2920

Nr. 1 er notað til þess að fá sem glegstar röntgenmyndir af þykkum líkamshlutum, einkanlega ef um þrekið eða feitt fólk er að ræða.

Nr. 2 er ný gerð röntgenlampa, sem gefur góðar myndir, en hefir auk þess þann mikla kost að verja geislalækninn miklu betur fyrir skaðvænum áhrifum röntgengeisla en áður hefir hægt verið.

Nr. 3 er nýleg gerð lampa, sem notaðir eru til ljósbaða. Þykja þeir hentugri (og sennilega ódýrari í rekstri) en eldri lampagerðir, vegna þess að þeir loga með víxilstraum«.

Þykir nefndinni ekki nauðsyn að fjölyrða frekar um nytsemi þessara áhalda.

Fyrir nefndinni lágu ýmsar beiðnir um styrk og viðbótarstyrk til sjúkraskýla og læknisbústaðabygginga. Af beiðnum um styrk til nýrra sjúkrahúsa var einungis undirbúningur þess máls svo fullkominn af Siglufirði, að til greina yrði tekin eftir þeim skilyrðum, sem áskilin hafa verið til þess að þingið veitti fje til fyrirtækisins. Þannig er þegar safnað til byggingarinnar í kaupstaðnum 44 þús. kr. Húsið er áætlað að kosti 70 þús. kr., og verður því venjulegur styrkur ríkissjóðs, 1/3 hluti, um 23 þús. Nefndin hefir því lagt til að hækka liðinn til byggingar sjúkraskýla og læknisbústaða í þessa upphæð. Meðmæli bárust um styrkveitingu þessa: frá landlækni, fiskifjelagi Íslands, fjelagi íslenskra botnvörpunga, sjávarútvegsnefnd Nd. Alþingis og hjeraðslækninum á Siglufirði.

Aðrar styrkbeiðnir um viðbótarstyrk frá ýmsum sjúkraskýlum hefir nefndin, eftir tillögum landlæknis, ekki tekið til greina að þessu sinni, þar sem byggingarnar voru ekki svo fullgerðar, að endanleg reikningsskil lægju fyrir.

Á síðasta þingi var veitt til heilsuhælis á Norðurlandi 75 þús. kr. Var þá farið fram á 150 þús. kr. úr ríkissjóði sem hálfan byggingarkostnað, og var upphæðinni skift á 2 ár.

Nú hefir þinginu borist beiðni frá stjórn heilsuhælisfjelagsins um það, að tillag ríkissjóðs verði hækkað um 100 þús. kr., eða upp í 250 þús. Áætlun sú, sem bygt var á í fyrra, hefir, eins og sjest á þessu, frekar verið ónákvæm, en jafnframt hefir líka síðan verið gert ráð fyrir ýmsum breytingum og fullkomnari gerð. Þannig er nú ráðið, að rafvirkjun verði gerð til hita og ljósa, jafnframt því, að heitt vatn er leitt um húsið. Telur húsameistari ríkisins nú, að áætlun þessi sje örugg og muni kostnaður síst verða meiri.

Nefndin álítur, að þar sem þegar hefir verið veitt fje til þessa fyrirtækis úr ríkissjóði, og hinn mikli áhugi Norðlendinga á þessu góða máli sje sjerstaklega virðingarverður, þá verði ekki annars kostur en að ríkissjóður leggi nú fram sem næst á móti því, sem þegar er safnað.

Nú er talið, að safnað sje af heilsuhælisfjelaginu 225 þús. kr. En þar sem

í byggingarkostnaðinum eru 50 þús. kr. taldar til innanhúsmuna, sem óákveðið er um, hvort eigi að heyra honum til, auk fleiri smáupphæða, er telja verður fjarskyldar, þá vill nefndin ganga út frá því, að 200 þús. kr. af fje því, sem safnað er, sje beinn byggingarkostnaður, og leggur því til, að ríkissjóður láti af mörkum í fjárlögum 1927 þá upphæð, sem verði með því, sem í gildandi fjárlögum er veitt, 200 þús. Hækkar því nefndin liðinn upp í 125 þús. kr.

Sjer nefndin ekki, að staðið geti í vegi fyrir framkvæmd verksins, þó frekara framlag af hálfu ríkissjóðs eigi sjer ekki stað; enda þótt komið gæti til mála, að ríkissjóður veitti meira fje síðar.

Fjelag íslenskra hjúkrunarkvenna sækir um 1500 kr. styrk til hjálpar við nám hjeraðs-hjúkrunarkvenna.

Fjelag þetta hefir algerlega á höndum nám hjúkrunarkvenna Íslands. Það telur erfiðust kjör hjeraðs-hjúkrunarnemanna. Þeir hafa 2 ára nám, 1—1½ ár á spítölum og hálft ár við hjúkrunarfjelagið »Líkn«, sem ekki hefir efni á að launa nemendum svo nokkru nemi. Hefir fjelagið lagt mikið á sig til þess að hjálpa þessum nemendum, en telur sig ekki lengur fært til þess nema að fá styrk, og verði ella að leggja niður þessa grein hjúkrunarfræðinnar. Nefndin telur illa farið, ef hætt yrði að styðja að útbreiðslu heilbrigðismála til sveita, og leggur því til, að 800 kr. verði veittar í því skyni.

Halldór Arnórsson umbúðasmiður fer fram á, að styrkur sá, er hann nú hefir, verði hækkaður upp í 3000 kr. Á síðasta þingi var nokkru við styrk þennan bætt og þá teknar fram helstu ástæður, er að því lutu. Enn telur beiðandi sig mjög vanhaldinn, einkum sökum þess, að hann hefir þurft að leggja mjög í kostnað með verkfæri, og þó aðallega það, að vera bundinn við starf þetta, sem nokkuð er stopult. Og hefir þess vegna orðið fyrir miklu atvinnutjóni. Nefndin vill enn hækka styrk þennan um 600 kr. Játar hún, að hjer sje um nytjastarf að ræða, sem enginn hjerlendur maður mundi geta tekið að sjer, ef þessa manns misti við. Og á hina hliðina afarkostnaður fyrir þá, sem þetta þurfa að nota, að sækja það til annara þjóða.

13. gr.

Þingmenn Norðmýlinga fóru fram á það, að fá hækkað að mun tillag til Hróarstunguvegar og óskuðu helst, að vegurinn yrði fullgerður að Jökulsá á 2 árum. En þar sem enn verða eftir 5 km. af veginum, þegar unnið hefir verið fyrir það, sem nú er til hans ætlað og áætlað að kosti kringum 55 þús. kr., sá nefndin sjer ekki fært að verða við ósk þessari, en vill hinsvegar hækka nokkuð liðinn, svo að jafnari verði upphæðirnir á næstu árum.

Í sambandi við þetta vill nefndin geta þess, að hún ætlast til þess, að af fje því, sem ætlað er til viðhalds og umbóta vegum, verði varið til viðgerðar á veginum um Óspakseyrarhlíð í Strandasýslu eins og þurfa þykir, ásamt brú á Krossá.

Hreppsnefnd Skútustaðahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu hefir farið þess á leit, að veitt yrði af fjallvegafje til vegagerðar yfir heiðina milli Reykjadals og Mývatnssveitar til framhalds akveginum upp Reykjadal, sem búist er við að verði lokið næsta sumar. Hefir Skútustaðahreppur lagt 10 þús. kr. í veg þennan, þótt

allur liggi hann í annari sveit, sem enn er gerður, og heiðin að miklu leyti líka. Hefir hreppurinn lagt þessa kvöð á sig í því skyni að fá akfæran veg yfir heiðina til vöruflutninga fyrir hreppsbúa.

Það má taka fram, að eins og kunnugt er, er um þessar slóðir mjög fjölfarin leið langferðamanna. Hefir vegamálastjóri lagt með því, að hækkað verði fjallvegafjeð í þessu skyni, og jafnframt til vegagerðar á Kolugafjalli milli Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna. Og fer nefndin fram á 4000 kr. hækkun. Vegamálastjóri skiftir fje þessu milli þessara staða, eftir því sem hann sjer ástæður til. Þá leggur nefndin til, að fje til akfærra sýsluvega verði hækkað um 5000 kr., úr 25 þús. upp í 30 þús. Liggja til þess þau rök, að nefndinni er það kunnugt, að í hverju hjeraði er svo mikið verkefni óunnið í þessa átt, jafnframt miklum áhuga að starfa meira en gert er, ef fje fengist, að ekki sje rjett að skera upphæð þessa mjög við neglur.

Fyrir nefndina komu ýmsar óskir um nýjar símalagningar. Fjekk því nefndin landssímastjórann til viðtals um símamálin. Meðal þeirra símalína, sem landssímastjóri mælti með, að lagðar yrðu sem fyrst, er Biskupstungnalínan, eða frá Minni-Borg austur í Biskupstungur, og línan milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar. En ekki taldi hann viðlit að bæta neinum línuspotta á þá fjárhæð, sem ætluð er til nýrra símalagninga, auk þess sem þegar er ákveðið. Er það aðallega hin fyrirhugaða Vestfjarðalína, sem tekur upp það fje.

Út af beiðni frá þingm. Austur-Skaftfellinga um símalagningu úr Hornafirði að Kálfafellsstað tók landssímastjóri það fram, að hann teldi sjálfsagt að vinda bráðan bug að því að tengja símann saman sunnanlands, eins og ákveðið er í lögum 14. nóv. 1917. Fengist þá fyrst örugt samband milli Reykjavíkur og Austfjarða og taldi engin tormerki á því að leggja símann á þeirri leið. Hafði hann gert áætlun um kostnað við símalagninguna úr Hornafirði til Víkur, og yrði kostnaðurinn ca. 350 þús. kr., er hann vildi skifta á 3 ár. Yrðu veittar í næstu fjárlögum 100 þús. kr. til efniskaupa og efnið flutt að ströndinni vorið og sumarið 1928 og ekið að vetrinum á símalínuna. Í fjárlögum 1929 yrði svo veitt fje til lagningar símans og byrjað það ár að leggja línuna beggja megin frá, úr Hornafirði vestureftir og frá Vík austureftir, og sumarið 1930 yrði línan kláruð.

Landssímastjóri kvað því rjettast, svo fremi að nefndin aðhyllist þetta, að veita ekki að þessu sinni fje til símalínu frá Hornafirði að Kálfafellsstað; og einnig hitt, að hætt yrði við að reisa loftskeytastöð í Öræfum, sem ákveðið hafði verið að reisa á sumri komanda. Nefndin aðhyllist þessar tillögur landssímastjóra.

Þá eina breyting gerði nefndin út af tillögum landssímastjóra, að hækka liðinn til nýrra símalagninga um 15 þús., og er sú upphæð til símalínu frá Minni-Borg austur í Biskupstungur.

Skólaráð alþýðuskóla Þingeyinga fer þess á leit að fá 1500 kr. til símalínu frá Breiðumýri til skólans á Laugum. Hefir verkfræðingur Guðm. Hlíðdal gert kostnaðaráætlun um símalínuna. Nefndin vill taka þessa beiðni til greina í sömu hlutföllum og ríkissjóður lagði til línunnar til Núpsskólans, enda má fullyrða, að síminn hafi miklar tekjur af línunni, þar sem 60—70 manns búa í skólanum.

Landssímastjóri er eindregið meðmæltur þessari fjárveitingu.

Landssímastjóri hefir undanfarin ár farið þess á leit í tillögum sínum til landsstjórnarinnar að fá styrk til utanfarar símamönnum. Telur hann þess brýna þörf, að þeir sæki þar námsskeið í þessari grein og kynnist tilhögun annara þjóða.

Nú segist landssímastjórinn hafa í hyggju að koma hjer á stofn nokkurri kenslu fyrir símamenn, svipað og aðrar símastjórnir gera »og finna sjer hag í«. Fer hann fram á 3000 kr. í þessu skyni, sem verja á til kenslu og kenslutækja, en jafnframt mætti, í samráði við ráðuneytið, verja nokkru af fje þessu til utanferða.

Nefndin hefir fallist á þessa tillögu landssímastjóra og vill veita til þessa 2000 kr.

Gunnlaugur Sigurðsson Briem sækir um 3500 kr. styrk til þess að fullkomna sig í símaverkfræði. Hann hefir nú nýlokið fullnaðarprófi í rafmagnsverkfræði, með símaverkfræði sem aðalnámsgrein, og fjekk í þeirri grein út af fyrir sig ágætiseinkunn. Þessum styrk ætlar hann að verja til þess að afla sjer frekari þekkingar og praktiskrar reynslu í öllum greinum símaverkfræðinnar, er Ísland varða. Telur hann, að til þessa þurfi hann að minsta kosti 12 mánuði. Hann ætlar, í samráði við O. Forberg landssímastjóra og P. O. Pedersen prófessor og forstjóra polytekniska skólans í Kaupmannahöfn, að ákveða, hvar hann leitar sjer frekar náms og æfingar. Báðir þessir menn hafa gefið honum hin bestu meðmæli.

Nefndin vill veita þessum efnilega manni styrk til fullkomnunar í þessari grein, þar sem mjög mikil þörf er hjer fyrir vel mentaðan mann á þessu sviði.

14. gr.

Dómkirkjupresturinn í Reykjavík fjekk greiddar úr ríkissjóði 1000 krónur árlega fyrir skýrslugerðir, þangað til mannaskifti urðu í því embætti síðast. En í launalögunum er ekki gert ráð fyrir slíkri launaviðbót, sem fyrri dómkirkjuprestur fjekk vegna eldri heimildar, sem hann bjó að. Dómkirkjupresturinn hefir á hendi allar skýrslugerðir vegna safnaðarins, og er það svo mikið starf, að með öllu virðist órjettmætt að ætlast til, að það sje ekki borgað sjerstaklega. Þótti nefndinni því sjálfsagt að taka upphæðina í fjárlög.

Gögn lágu fyrir nefndinni frá sóknarpresti og sóknarnefndum í Ögurþingum og biskupi, að Ögurþingaprestur hefir sjerstaklega erfiða aðstöðu um prestsþjónustuna. Leggur nefndin því til, að honum sje veitt nokkur árleg erfiðleikauppbót.

Í frv. eru áætlaðar 20 þús. kr. til húsabóta á prestssetrum. Lágu fyrir glöggar upplýsingar frá biskupi um það, hvernig því fje yrði ráðstafað, sem nefndin hlaut að fallast á. Ennfremur barst nefndinni erindi frá prestinum í Holti undir Eyjafjöllum um samskonar styrk, að upphæð 10 þús. kr. Mælir biskup eindregið með umsókninni og leggur til, að veittar sjeu í þetta sinn 7000 kr., þó að 10 þús. kr. kunni að »gerast þörf áður en lýkur«. Fjellst nefndin á þá tillögu og leggur því til, að upphæðin sje hækkuð sem því svarar. Loks má geta þess, að nefndinni barst erindi frá prófastinum í Rangárþingi um, að sjerstök þörf væri fjárframlags úr ríkissjóði til húsabóta á Bergþórshvoli í Landeyjum, og fylgdu meðmæli biskups. Að þessu sinni getur nefndin þó ekki gert um það ákveðna tillögu, þar eð ekki lágu enn næg gögn fyrir til að nefna ákveðna upphæð.

Skólalæknir mentaskólans almenna í Reykjavík, landlæknirinn, hefir lagt til, að ýmsar umbætur yrðu gerðar vegna skólans: vermivjel yrði sett í húsið, garðurinn að skólabaki yrði malbikaður, þak yrði reist á súlum milli skólahússins og bókhlöðunnar, leikfimishúsið stækkað og miðhitun sett í það. Hefir landsstjórnin fallist á eina af þessum tillögum: malbikun skólagarðsins. Nefndin verður að líta svo á, að þó að allar þessar umbætur sjeu mjög æskilegar, verði svo margt að bíða, sem er enn meira aðkallandi, að hún leggur til, að þessu sje frestað.

Nefndinni barst mjög rækilegt erindi frá Guðm. G. Bárðarsyni kennara um náttúrufræðikenslu og náttúrugripasafn gagnfræðaskólans á Akureyri. Er af því erindi ljóst, að öll tæki við þá kenslu hafa verið mjög ófullnægjandi, að kennarinn og nemendur hafa sýnt mikinn áhuga í verki að bæta úr því og að með litlu framlagi úr ríkissjóði mætti koma fram mikilli bót. Vill nefndin leggja til, að þetta starf sje stutt, og ennfremur að keypt sje skuggamyndavjel handa skólanum.

Nefndin fellst á tillögur stjórnarinnar að verja 10000 kr. til aukningar skólabúinu á Hólum, en vill hinsvegar, að það komi fram, að sú fjárhæð sje því aðeins notuð, að skólastjórinn taki við búinu.

Nefndinni þótti rjett, að fjárveiting til kensluáhalda handa bændaskólanum á Hvanneyri væri eigi lægri en samskonar upphæð til bændaskólans á Hólum.

Nefndin varð að fallast á umsókn frá formanni forstöðunefndar kvennaskólans á Blönduósi um styrk til að setja miðstöð í skólann og raflýsa hann. Svo vel sem nú er sjeð fyrir um starfsháttu og kenslukrafta við þann skóla, telur nefndin sjálfsagt að hlynna að honum.

Nefndin ber fram þrjár tillögur um aukin fjárframlög til hjeraðsskóla í sveitum. — Þingeyingaskólinn á Laugum er nú að fullu reistur og að öllu leyti sjerstaklega vel frá gengið. Samkvæmt reikningum hans vantar 7000 kr. á að hann hafi fengið þann styrk til byggingarinnar, $^2/_5$, sem gert var ráð fyrir að hann fengi. Telur nefndin sjálfsagt, að sá lokastyrkur verði veittur. — Hjeraðsskóli Borgfirðinga á Hvítárbakka var í upphafi reistur af einstökum manni, en síðan keyptur af hjeraðsbúum og af þeim rekinn hin síðari árin. Stofnstyrk til hans veitti síðasta Alþingi í þeirri mynd, að gefið var eftir viðlagasjóðslán, er á honum hvíldi. En samkvæmt gögnum, sem fyrir lágu, fjellst nefndin á, að rjett væri að bæta enn nokkru við, til þess að eðlilegt hlutfall fengist. — Loks leggur nefndin til, að tekið sje upp í fjárlagafrumvarpið sama framlag til að reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum sem er í gildandi fjárlögum og með sömu skilyrðum. Eins og í fyrra er ætlast til, að þetta gangi til hjeraðsskóla Suðurlands, enda fer að líða að því, að byrjað verði á að reisa hann.

Nefndin varð að fallast á, að húsmæðraskóli kvenfjelagsins Óskar á Ísafirði bæri úr býtum of lágan styrk, til þess að hann yrði starfhæfur án óhæfilega hárra skólagjalda, en hafði hinsvegar fregnir af vinsældum hans, og leggur því til, að styrkurinn sje nokkuð hækkaður.

15. gr.

Nefndinni bárust óskir um það, að náttúrugripasöfnin í Reykjavík og á Ak-

ureyri gætu fengið ókeypis spíritus til að geyma í dýr o. fl. Vill nefndin mæla með því, að það verði gert.

Fyrir forgöngu Pjeturs heitins Jónssonar frá Gautlöndum og Benedikts Jónssonar frá Auðnum hafa Þingeyingar komið sjer upp óvenjulega merkilegu bókasafni. Er nú í ráði að reisa á Húsavík hús yfir safnið, sem áætlað er að muni kosta 18—20 þús. kr. Á það að vera helgað minningu forgöngumannanna, Pjeturs og Benedikts, og á að fela listamanni að gera brjóstmynd þeirra beggja úr eiri, er standi í safninu. Mælast forgöngumenn þessa fyrirtækis til, að Alþingi leggi nokkuð fram í minningu Pjeturs heitins Jónssonar, og vill nefndin leggja til, að því verði vel tekið.

Nefndin lítur svo á, að styrkurinn til skálda og listamanna komi nálega að engum notum, ef hann er svo smátt bútaður sem verið hefir undanfarin ár. Hún leggur því til, að ákveðið verði að veita eigi minna en 1000 kr. í stað. Jafnframt leggur nefndin áherslu á, að þar sem styrkurinn í stjórnarfrumvarpinu er hækkaður um 2000 kr., en hinsvegar feldur niður styrkurinn til skáldanna Jakobs Thórarensens og Stefáns frá Hvítadal, að þeir fái áfram styrk á þessum lið.

Nefndin leggur til, að styrkurinn til Hjálmars Lárussonar sje færður í 18. gr., þar eð um er að ræða mann, sem orðinn er heilsulaus öryrki.

Helgi sonur Páls Briems amtmanns hefir stundað hagfræðinám undanfarin fjögur ár í Þýskalandi og Danmörku og dvelst nú við það nám í Öxnafurðu. Til þess að geta lokið námi svo sem hugur hans stendur til, vill hann ennfremur geta stundað nám við Parísarháskóla. Þar eð hann leggur stund á að kynna sjer skattamál sem sjernám, sem verða mætti að miklu gagni hjer heima, og þar eð nefndin þykist vita, að um mjög efnilegan námsmann sje að ræða, taldi hún rjett að leggja til, að beiðni hans yrði sint um styrk til námsins.

Nefndin sjer ekki ástæðu til að nú, fremur en áður, sje hafður sjerstakur liður í fjárlögum: Ferðastyrkur til útlanda. Lítur nefndin svo á, sem það verði fremur til að ýta undir utanferðir, sem styrktar sjeu af opinberu fje.

16. gr.

Samkvæmt tillögu atvinnumálaráðherra og Búnaðarfjelags Íslands leggur nefndin til að hækka styrkinn til sandgræðslu um 15 þús. kr., og getur jafnframt fallist á, að hin aukna fjárveiting verði notuð á þessu ári. Er um það að ræða að hefja að nokkru nýja stefnu í sandgræðslumálinu. Að taka fyrir að girða stór svæði, en eigi aðeins sanddyngjurnar, og koma þannig ekki aðeins í veg fyrir stöðvun sandfoksins, heldur og að stuðla að uppgræðslu hinna gróðursnauðu og blásnu svæða. Hefir reynslan sýnt, að friðunin ein vinnur kraftaverk. Eru talin til mörg landflæmi víða um land, sem þannig þyrfti að taka fyrir, en fyrst er hugsað að byrja með, að ríkissjóður kaupi Gunnarsholts og Brekknaland í Rangárvallasýslu, sem metin eru 5700 kr., en liggja undir stórfeldum skemdum, og girða þau. Er talið örugt, að með friðuninni megi á skömmum tíma breyta landinu.

Nefndin leggur til að hækka styrkinn til hreppabúnaðarfjelaganna um 5000 kr. og binda hann þeim skilyrðum, sem áður hafa fylgt honum. Er upphæðin þó hin sama og í núgildandi fjárlögum.

Víða á landi hjer eru víðáttumikil engjaflæmi, mjög grasgefin, en erfið að nytja, vegna þess að þau eru svo votlend og ill umferðar. Halli er lítill, en vatnsaginn afarmikill og jarðvegurinn víða starartorf, reiðingur, mismunandi þykkur, en afarseinunninn, og flýtur ofan á leir eða eðjulagi. Með venjulegum handverkfærum er nálega ómögulegt að koma í framkvæmd framræslu þessara engjaflæma. Eru bæði í Staðar- og Víkurmýrum og víðar í Skagafirði, í Eyjafirði, í Þingi, Köldukinn, Axarfirði, Jökulsárhlíð, Landeyjum, Ölfusi, Mýrum og víðar þessi miklu og grasgefnu engjaflæmi, svo að ekki getur leikið á tveim tungum, að um almesta gagn væri að ræða, ef unt væri að fá verkfæri, skurðgröfu, sem gæti ræst landið fram vel og greiðlega. Að hvöt áveitufjelagsins Freys í Skagafirði hefir Búnaðarfjelag Íslands látið rannsaka þetta mál og leita tilboða erlendra verksmiðja um smíði á slíkri vjel og hefir fengið tilboð, sem virðast aðgengileg. Leggur nefndin til, samkvæmt meðmælum Búnaðarfjelags Íslands, að slík skurðgrafa sje keypt til landsins og Búnaðarfjelagi Íslands falið að starfrækja hana. Er í ráði, að verkfæraráðunautur fjelagsins fari utan í sumar, og yrði honum þá falið að semja við verksmiðjurnar, hafa eftirlit með smíðinu og læra að fara með vjelina. En byrjað yrði að vinna með henni á Staðar- og Víkurmýrunum í Skagafirði. Er þar um að ræða 1400 hektara engjaflæmi, og af því er allmikill hluti opinber eign.

Þeirri reglu hefir verið fylgt, að Alþingi hefir styrkt meiriháttar áveitufyrirtæki með $^1/_4$ kostnaðar. Nú sækir áveitufjelag Þingbúa í Húnavatnssýslu um slíkan styrk; er áveitunni lokið, hefir kostað um 20 þús. kr. og hefir þegar gefið ágætan árangur. Þótti nefndinni sjálfsagt að leggja til, að orðið yrði við beiðninni.

Samkvæmt ósk Búnaðarfjelags Vestmannaeyja hefir Búnaðarfjelag Íslands látið rannsaka ræktunarmöguleika í Eyjunum. Hefir búnaðarmálastjóri samið um það rækilegt erindi, sem lá fyrir nefndinni og verður prentað í Búnaðarritinu. Er svo háttað, að sunnan og austan Helgafells er mikið landflæmi, prýðilega fallið til ræktunar, en til þess að eyjarskeggjar geti hagnýttt sjer það, þarf að leggja veg um landið. Er áætlað, að vegurinn muni kosta alls 60—70 þús. kr. Nefndinni þótti sjálfsagt, fyrir allra hluta sakir, að vegarlagningin yrði styrkt af landsdrotni, ríkissjóði, og leggur til, að það sje gert að helmingi, svo sem til engjaveganna á Flóaáveitusvæðinu. Samkvæmt tillögu nefndarinnar er gert ráð fyrir, að unnið sje fyrir 35 þús. kr. á næsta ári.

Sigríðarstaðaskógur í Ljósavatnsskarði er um legu og landslag eitt hið besta skóglendi í Suður-Þingeyjarsýslu. Hann er um 100 hektarar að stærð. Eigandi Sigríðarstaða hefir látið skóginn falan fyrir 5000 kr. Nefndin lítur svo á, að eins og á stendur sje fjárframlögum til skógræktarinnar einna best varið til þess að kaupa fögur skóglendi og girða skóga, sem eru í opinberri eign, og leggur því til, að skógurinn sje keyptur fyrir 4000 kr.

Af erindi, sem forstöðumaður efnarannsóknastofu ríkisins ritar atvinnumálaráðuneytinu, er ljóst, að hann er langsamlega ofhlaðinn störfum. Auk sívaxandi starfa á rannsóknastofunni þarf hann að annast mikla kenslu fyrir læknadeild háskólans. Þar sem nefndin lítur svo á, sem nauðsyn beri til, að nægir starfskraftar sjeu í rannsóknastofunni og nú er völ á háskólamentuðum efna-

fræðingi til að taka að sjer starfið, verður nefndin að leggja til, að beiðni forstöðumannsins sje sint um fjárframlag til slíks aðstoðarmanns.

Í frumvarpinu eru ætlaðar 15 þús. kr. til bryggjugerða, með sömu skilyrðum og áður hafa verið. Frá sex stöðum bárust nefndinni erindi um bryggju- og lendingabætur, svo örugglega rökstudd, að henni þótti rjett að leggja til, að styrkurinn yrði veittur með venjulegum skilyrðum. Þrjár hinar fyrstnefndu eru endurveitingar: Til bryggju á Eyrarbakka 7000 kr., til lendingabóta á Stokkseyri 5000 kr., til bryggjugerðar á Húsavík 3000 kr. En nýjar umsóknir hafa bæst við: Frá Akranesi 13000 kr., frá Haganesvík 5000 kr. og frá Króksfjarðarnesi 2000 kr., alt til bryggjugerða. Nefndin leggur til, að liðurinn sje orðaður í samræmi við þetta og hækkaður í 35 þús. kr.

Mjólkurniðursuðuverksmiðjan Mjöll í Borgarfirði brann á síðastliðnu hausti og um það leyti, sem frumvarpið var samið, mun hafa verið óvíst um framtíð hennar. Nú er ráðið að endurreisa verksmiðjuna, og leggur nefndin til, að henni sjeu veitt sömu verðlaun sem í núgildandi fjárlögum.

Frá Ormssonum og Höskuldi Baldvinssyni raffræðingum bárust nefndinni erindi um fjárstyrk til að koma upp hjer á landi vindknúðum rafmagnsstöðvum. Lítur nefndin svo á, að hjer sje um mjög merkilegt mál að ræða og þess vert, að í fyrstu sje styrkt af opinberu fje. Hinsvegar lítur nefndin svo á, að nægilegt sje, í fyrstu a. m. k., að styrkur sje veittur til einnar slíkrar stöðvar og mælir sjerstaklega með, að rafmagnsstöðinni sje komið upp við hressingarhælið væntanlega í Kópavogi, svo sem samningar hafa staðið um milli hælisins og Ormssona. Tækist að koma upp rafstöðinni og starfrækja hana, sem ekki mun þurfa að efa, myndi og sparast það fje, sem annars þyrfti að leggja fram til lýsingar hælinu.

17.—25. gr.

Svo mjög sem drykkjuskapur vex hin síðari árin víða um land, þótti nefndinni sjálfsagt að styrkja bindindisstarfsemi nokkuð ríflegar en áður.

Ekkjum Sigurðar Jónssonar ráðherra, Jóns Jakobssonar landsbókavarðar, Hjartar Snorrasonar, Jóns Jónatanssonar og Sigurðar Sigurðssonar alþingismanna þótti nefndinni skylt að veita nokkurn styrk í 18. gr.

Jón Ó. Magnússon past. em. hefir um langt skeið búið við hin allra lægstu eftirlaun presta, þar eð hann fór frá embætti fyrir 1907, er nú þrotinn að heilsu og efnalaus, og þótti því sjálfsagt að taka til greina tillögu biskups um viðbót við eftirlaun hans.

Eins og nú horfir um flutningamöguleika á frystu kjöti til Englands, þótti nefndinni sjálfsagt að leggja til að taka aftur í fjárlög lánsheimildina til frystihúsa, sem er í núgildandi fjárlögum, og með sömu skilyrðum. Leggur nefndin áherslu á, eins og í fyrra, að þau lán sitji fyrir öllum öðrum viðlagasjóðslánum.

Malín Hjartardóttir rekur prjónastofu hjer í bænum, sem nokkur hluti nefndarinnar átti kost á að sjá. Er ekki um að villast, að um svo myndarlega vinnu er að ræða og þjóðnýta, að vert væri að styrkja með hagkvæmu láni, væri fje fyrir hendi.

Á sínum tíma ábyrgðist ríkisstjórnin lán vegna Mjólkurfjelagsins Mjallar

í Borgarfirði, gegn endurábyrgð sýslufjelaga í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Nú er það lán greitt með brunabótafje verksmiðjuhúsanna. En þar sem verksmiðjan verður endurreist, er sama þörf fyrir hendi og áður um ábyrgðina. Er sjálfsagt að láta hana ekki síður í tje nú, með sömu skilyrðum.

Alþingi, 22. mars 1926.

Þorleifur Jónsson, form.	Tryggvi Þórhallsson, fundaskr., frsm. síðari hluta.	Þórarinn Jónsson, frsm. fyrri hlutans.

Jón Sigurðsson. Ing. Bjarnarson. Pjetur Ottesen. Magnús Torfason.

Nd. **198. Nefndarálit**

um frv. til laga um kirkjugjöld í Prestsbakkasókn í Hrútafirði.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Prestsbakkakirkja í Strandaprófastsdæmi greiði hjer eftir engin kirkjugjöld til Óspakseyrarkirkju vegna bæjanna Guðlaugsvíkur, Kolbeinsár, Heydals og Skálholtsvíkur.

Magnús Jónsson, form.	Ásg. Ásgeirsson, fundaskr.	Þórarinn Jónsson, frsm.

Sigurj. Jónsson. Bernh. Stefánsson.

Nd. **199. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 11. júlí 1911, um forgangsrjett kandídata frá háskóla Íslands.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með frumvarpi þessu, en telur óþarft að binda undanþáguna við þau þrjú lönd, sem þar eru nefnd. Gæti

orðið til þess, að breyta þyrfti eftir skamman tíma, og ber því nefndin fram svofelda

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. Í stað »háskólum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð« kemur: erlendum háskólum.

Alþingi, 23. mars 1926.

Magnús Jónsson, form., frsm. Ásg. Ásgeirsson, fundaskrifari.

Sigurj. Jónsson. Þórarinn Jónsson. Bernh. Stefánsson.

Nd. **200. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

Frá Árna Jónssyni.

Á eftir 3. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Sjerhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfjelagi, sem viðurkent er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, að upphæð 15000 kr. Skal með því vera trygð greiðsla, að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð bar á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíhjóla bifreiðar og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt trygðar fyrir 7500 kr.

Undanþegnir tryggingarskyldunni eru konungur og ættmenni hans og erlendir þjóðhöfðingjar og skyldulið þeirra. Ennfremur sendiherrar og ræðismenn erlendra ríkja, sem hjer eru handfaldir, og starfsmenn þeirra við embættið, enda sjeu þeir ekki íslenskir ríkisborgarar.

Tryggingarskyldan nær og eigi til bifreiða, sem eru íslensk ríkiseign eða ríkisstofnana eða bæjarfjelaga.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tryggingarskylduna og um viðurkenning á tryggingarfjelögum.

Iðgjöld, er tryggingarskyldur bifreiðareigandi skuldar viðurkendu tryggingarfjelagi, eru lögtakskræf.

Tryggingarfjelagi skal gerður kostur á að kynna sjer í rjettinum skaðabótakröfur á hendur þeim, er trygt hefir bifreið í fjelaginu, og láta uppi álit sitt áður en skaðabótamálið er útkljáð með sætt eða dómi.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Ed. **201. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um aldurstryggingu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með, að tillagan verði samþykt með því orðalagi, sem segir í eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Tillgr. skal orða svo:
   Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka á ný, á hvern hátt og með hvaða skilyrðum megi lögleiða almenna ellitrygging, og sje niðurstaðan lögð fyrir næsta Alþingi.
2. Fyrirsögnin verði:
   Tillaga til þingsályktunar um ellitrygging.

Alþingi, 22. mars 1926.

Björn Kristjánsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrifari. Jónas Jónsson, frsm.

Ingvar Pálmason. Gunnar Ólafsson.

Ed. **202. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um sæsímasambandið við útlönd o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Samningar þeir, sem atvinnumálaráðherra hefir gert 30. nóv. 1925 við framkvæmdarstjórn Mikla norræna ritsímafjelagsins um framlenging ritsímasamningsins ásamt nýju leyfisbrjefi, hafa verið athugaðir af nefndinni.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykt með þeirri breytingu, er hv. neðri deild hefir á henni gert, sbr. þingskj. 84.

Alþingi, 22. mars 1926.

Björn Kristjánsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Ágúst Helgason, fundaskr. Sig. Eggerz. Einar Árnason.

Ed. **203. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um heimild til tilfærslu á veðrjetti ríkissjóðs í togurum h/f »Kára«.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir athugað tillögu þessa allítarlega. Til þess að afla sjer sem bestra upplýsinga um málið hefir nefndin haft fundi með framkvæmdarstjóra h/f »Kára« og einnig með bankastjórum Íslandsbanka.

Við rannsókn málsins kom það í ljós, að fjármálaráðherra hefir í des. síðastl. samþykt að færa veðrjett þann, er ríkissjóður hefir í togurum h/f »Kára«, aftur fyrir rekstrarlán það, er bankinn veitti nefndu hlutafjelagi frá nýári til þess tíma, er Alþingi tæki ákvörðun um málið. Stjórn Íslandsbanka virðist hafa talið veðrjett ríkissjóðs að minsta kosti 13 þús. kr. virði við nýár og veitt rekstrarlán út á þann veðrjett.

Nefndin spurðist fyrir um það hjá bankastjórunum, hvort bankinn mundi veita h/f »Kára« rekstrarlán yfirstandandi vertíð, ef þingsályktunartillagan yrði samþykt. Bankastjórnin kvaðst ekki geta sagt ákveðið um það. Veðið hefði verið gefið eftir af ráðherra — til þess að fjelagið gæti haldið áfram — frá 1. jan. og þangað til þingið gæti tekið ákvarðanir. Óvíst væri nú, að hve miklu rekstrarhalli á þeim tíma hefði jetið upp veðið. Hvort rekstrarlán yrði veitt, færi eftir því, hvort fjelagið gæti sett bankanum sæmilega tryggingu fyrir láninu. Ennfremur væri það háð afstöðu bankans til útgerðarlána yfir höfuð.

Að fengnum þessum upplýsingum gat nefndin ekki orðið á eitt sátt um niðurstöðu og tillögur. Meiri hl. tjáði sig fúsan að leggja til, að tillagan yrði samþykt, en við undirritaðir getum ekki fallist á — eftir því sem upplýst er í málinu — að það hafi nokkra verulega þýðingu um afkomu h/f »Kára«, þó þessi tilfærsla væri veitt. Annar veðrjettur virðist þegar vera uppjetinn með tilfærslu þeirri, er fjármálaráðherra samþykti í vetur, og við fáum ekki sjeð, að hvaða gagni tilfærslan gæti orðið nefndu hlutafjelagi, þar sem bankastjórn Íslandsbanka hefir látið uppi, að hún veiti fjelaginu ekki rekstrarlán nema það geti sett aðrar sæmilegar tryggingar. Ef tilfærsla á veðrjettinum er einskisvirði fyrir ríkissjóð, fáum við ekki sjeð, að hún geti verið trygging fyrir nýjum lánveitingum.

Við leggjum því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem veðrjettur ríkissjóðs, sá er tillagan ræðir um og metinn var af bankastjórn Íslandsbanka 13 þús. kr. virði, hefir af fjármálaráðherra þegar verið færður aftur fyrir rekstrarlán það, er Íslandsbanki hefir veitt h/f »Kára« frá janúarbyrjun til þessa tíma, og þar sem ætla má, að veðrjetturinn sje þegar uppjetinn, virðist deildinni tillagan þýðingarlaus og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. mars 1926.

Jónas Jónsson. Ingvar Pálmason, frsm.

Nd. **204. Nefndarálit**

um frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta mál og leggur til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 24. mars 1926.

Jón Kjartansson,	Jón Baldvinsson,	Árni Jónsson,
form.	frsm.	fundaskrifari.

Pjetur Ottesen. Pjetur Þórðarson.

Nd. **205. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 8. nóv. 1883, um að stofna slökkvilið á Ísafirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin ræður hv. deild til þess að samþ. frv. með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Upphaf síðari málsgr. orðist svo:
   Bæjarstjórnin semur reglugerð um skipun slökkviliðs og um brunamál, er stjórnarráðið staðfestir, o. s. frv.
2. Eftir 2. grein kemur ný gr., sem verður 3. gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Alþingi, 24. mars 1926.

Jón Kjartansson,	Árni Jónsson,
form. og frsm.	fundaskrif.

Pjetur Þórðarson. Pjetur Ottesen. Jón Baldvinsson.

Nd. **206. Nefndarálit**

um frv. til laga um skyldu útgerðarmanns til að tryggja fatnað og muni lögskráðs skipverja.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir eigi getað orðið á einu máli um frv. þetta, og leggur meiri hlutinn til, að það verði felt.

Alþingi, 24. mars 1926.

Ólafur Thors, form.	Sveinn Ólafsson, frsm.	Björn Líndal.

Sigurj. Jónsson.

Nd. **207. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 4. júní 1924, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykt.

Alþingi, 24. mars 1926.

Ólafur Thors, form.	Sigurj. Jónsson, frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.

Sveinn Ólafsson. Björn Líndal.

Nd. **208. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsm.: Sigurj. Jónsson.

Inn í frumvarpsgreinina á eftir orðunum »breytist þannig« komi:
Aftan við B. 4. komi:

5. Vestfjarðavegur frá Ísafirði um Breiðdalsheiði að Veðrará, um Bjarnardal um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.

Nd. **209. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 166 (Forkaupsrjettur á jörðum).

Frá Þórarni Jónssyni og Sv. Ólafssyni.

Niðurlag tillögunnar: »enda sje jörðin . . . . . gengið í kaupin« falli burt.

Nd. **210. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919. *[Ritsíma- og talsímakerfi].*

Frá samgöngumálanefnd.

Samgöngumálanefndin hefir rætt þetta mál við landssímastjóra og leggur til, að það verði samþykt.

Nefndinni hafa borist tvö erindi um nýjar símalínur, annað frá Guðmundi Ólafssyni, þm. A.-Húnv., um símalínu frá Hnausum, um Hnjúk og Eyjólfsstaði, að Ási í Vatnsdal. Vegalengdin er um 19 km. og áætlaður kostnaður um 12000 kr. með núverandi verðlagi, auk flutnings á efninu, sem gert er ráð fyrir, að verði landssímanum að kostnaðarlausu.

Hitt erindið er frá Klemens Jónssyni, 2. þm. Rang., um nýja línu frá Efra-Hvoli, um Hof og Kirkjubæ, að Geldingalæk. Vegalengdin er um 17 km. og kostnaður áætlaður um 12000 kr. með núverandi verðlagi, auk flutnings.

Landssímastjóri hefir ekkert við það að athuga, að þessar línur verði teknar inn í ritsímalögin nú þegar, og leggur því nefndin til, að báðar þessar línur verði samþyktar.

Flutningsmaður frv. hefir kallað frv. sitt breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919, en til eru yngri lög um breyting á ritsímalögunum, sem sje lög nr. 26, 20. júní 1923. Þykir því eftir atvikum rjettast að afnema þessi lög og taka línur þær, er þar um getur, upp í þetta frv.

Samgöngumálanefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

VIÐAUKA- eða BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Aftan við frumvarpsgreinina, sem verði 1. gr., bætist:
   Lína frá Hnausum, um Hnjúk og Eyjólfsstaði, að Ási í Vatnsdal.
   Lína frá Efra-Hvoli, um Hof og Kirkjubæ, að Geldingalæk.
   Lína frá Þórshöfn til Skála, og enntremur lína til Gunnólfsvíkur.
2. Þá komi ný grein, 2. gr., svo hljóðandi:

Lög nr. 26, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919, eru úr lögum numin.

Alþingi, 24. mars 1926.

Jón A. Jónsson, form. Kl. Jónsson, fundaskr., frsm.

Sveinn Ólafsson. Jón Kjartansson. Hákon J. Kristófersson.

Nd. **211. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Ólafi Thors.

Á undan »Aftan við C. 3. komi« skal koma:
Aftan við A. 6. komi: Vegurinn frá Keflavík um Útskála til Sandgerðis.

Ed. **212. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á kirkjujörðinni Snæringsstöðum í Vatnsdal.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. nái fram að ganga. Að sjálfsögðu helst ábúðarrjettur óbreyttur, en eftir því sem nefndinni hefir verið tjáð, hefir ábúandi ekki forkaupsrjett að jörðinni, þar sem sýslunefnd hefir látið í ljós, að hún telji jörðina hentuga fyrir skóla, enda er tekið fram í greinargerð frv., að hreppsnefndin ætli hana handa barnaskóla hreppsins.

Alþingi, 24. mars 1926.

Ingibjörg H. Bjarnason, form. Jónas Jónsson, fundaskr., frsm. Jóh. Jóhannesson.

Ed. **213. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóvember 1919 (Yfirsetukvennalög).

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin átti þegar í byrjun tal við landlækni um þetta mál og leitaði álits

hans, sjerstaklega um það, hvort hækka skyldi launin í líkingu við það, sem frumvarpið fer fram á.

Hann kvað mestu þörf á að bæta launakjör yfirsetukvenna.

Hefir nefndin nú, með hliðsjón af áliti landlæknis og annara utan að komandi upplýsinga, athugað frumvarpið og lagt það til grundvallar fyrir þeirri niðurstöðu sinni, að óhjákvæmilegt sje að hækka að nokkru laun yfirsetukvenna í landinu.

Nefndin hefir, meðal annars, komist að raun um það, að mörg yfirsetukonuumdæmi sjeu óskipuð víðsvegar um landið, aðallega vegna þess hve launin eru lág.

Oftast, eða nærri árlega, eru þær of fáar, sem gefa sig fram til þess að læra yfirsetukvennafræði, og jafnan er orsökin sú, eftir því, sem yfirsetukonur hjer í bænum upplýsa, að launin eru of lág.

Því er haldið fram — ekki að ástæðulausu — að vinnukonur og lausakonur, sem stunda algenga vinnu, fái hærra kaup en yfirsetukonur.

En það þykir órjett, ef litið er til þess vandasama verks, sem þær eiga að leysa af hendi.

Nefndin er því sammála um, að óhjákvæmilegt sje að hækka launin að nokkru og breyta núgildandi lögum í þá átt, sem frumvarpið gengur.

Hinsvegar hefir nefndin ekki getað fallist á frumv. eins og það liggur fyrir. Henni þótti fastákveðnu launin sett of há, aðallega með tilliti til sveitaumdæma, þar sem fáment er og lítið að gera.

Í þeim umdæmum geta yfirsetukonur gegnt öðrum störfum lengstan tíma árs. T. d. geta húsfreyjur í ljósmóðurstöðu í fámennum umdæmum gegnt húsmóðurstörfum sínum allmikið, þótt þeirra sje leitað við og við sem ljósmæðra.

Eigi að síður mun það vera svo eins og stendur, að í fámennu, afskektu umdæmunum vantar einna helst yfirsetukonur.

Nefndin telur, að nokkur aukning launanna geti bætt úr þessu, og stingur hún þar af leiðandi upp á því, að byrjunarlaunin verði hækkuð úr 200 kr., eins og þau eru nú, upp í 300 kr., er hækki smámsaman upp í 500 kr. í þeim umdæmum, sem hafa færri en 1000 íbúa.

Telur nefndin þessa hækkun nægja, einkum þegar tillit er tekið til þess, að á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót.

Að sjálfsögðu eru launin af skornum skamti, ef menn hugsa sjer það, að yfirsetukonur í sveit sjeu ógiftar og sinni engum öðrum störfum en ljósmóðurstörfunum, þær leigi sjer hús, kaupi fæði o. s. frv.

En nefndin gerir tæplega ráð fyrir slíku, að nokkrum mun.

Hún býst við því, að svo verði áfram eins og algengt hefir verið fram til síðustu ára, að í yfirsetukonustöður veljist húsfreyjur í sveitunum, er svo gegni húsmóðurstörfum sínum samhliða, og þá telur nefndin, að laun þau, sem hjer er stungið upp á, verði viðunanlega há.

Í kaupstöðum og fjölmennum umdæmum er dálítið öðru máli að gegna. Þar hafa yfirsetukonur miklu meira að gera, og því er það, að nefndin ætlar þeim allmiklu hærra kaup, enda er það í samræmi við núgildandi lög.

Þar geta launin, ef uppástungur nefndarinnar verða að lögum, komist upp í 1500 kr., auk dýrtíðaruppbótar á fastákveðnu launin, 300 til 500 kr.

Nefndin telur þetta nægileg laun eins og stendur, og þó ekki of há, þegar þess er gætt, hve öll laun eru hærri nú en áður var, og þess líka, að námstími yfirsetukvenna hefir verið lengdur.

Það er heimtuð af þeim meiri og meiri kunnátta eins og öðrum, er vandasömum störfum gegna.

Eins og allir vita, eru laun yfirsetukvenna utan kaupstaða greidd að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóðum.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að þetta sje rjett. En það, að láta kaupstaðina ekki njóta sömu hlunninda, telur hún rangt.

Þar af leiðandi leggur hún til, að ríkissjóður greiði hálf laun yfirsetukvenna, bæði í sveitum og í kaupstöðum.

Þótt nefndin, eins og áður er tekið fram, fallist á aðalinnihald frumvarpsins, þá hefir henni þótt rjettara og hagkvæmara að búa til nýtt frumvarp, sem hún leggur til, að komi í stað hins, og er því farið fram á, að 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, falli alveg burtu og í hennar stað komi aftur ný grein, í samræmi við það, sem hjer hefir sagt verið.

Um 2. gr. frv. (þingskj. 54) er það að segja, að nefndin vill, að hún falli burtu.

Í 5. gr. yfirsetukvennalaganna frá 22. október 1912 er svo fyrir mælt, að sýslunefndir og bæjarstjórnir megi veita yfirsetukonum hæfileg eftirlaun, er þær fá lausn frá starfi sínu sakir elli eða lasleika.

Með þessa grein fyrir augum þykir nefndinni óþarft að lögskipa eftirlaunin frekar en þar er gert.

Hún býst við því, að yfirleitt verði sýslunefndir og bæjarstjórnir, hjer eftir sem hingað til, fúsar að veita sjúkum eða ellimóðum yfirsetukonum styrk að afloknu starfi, ef þær þurfa hans við.

Samkvæmt því, sem hjer hefir sagt verið, leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 1. gr. orðist svo:

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:

Öll laun yfirsetukvenna skulu goldin að hálfu úr sýslu- og bæjarsjóðum og að hálfu úr ríkissjóði.

Greiðsla þeirra utan kaupstaða fari fram einu sinni á ári, á manntalsþingum, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Laun yfirsetukvenna skulu vera 300 krónur á ári og hækka 3. hvert ár um 50 krónur, upp í 500 krónur.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

Auk launa þeirra, sem áður getur, fá yfirsetukonur í þeim umdæm-

um, sem hafa yfir 1000 íbúa, 30 krónur fyrir hverja 100 íbúa, sem fram yfir eru, þó svo, að öll launin, án dýrtíðaruppbótar, fari eigi fram yfir 1500 kr.

Í kaupstöðum, þar sem eru tvær yfirsetukonur eða fleiri, skal deila íbúatölunni millum þeirra og reikna þeim launaviðbótina eftir því.

2. 2. grein orðist svo:

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1927.

3. Aftan við frumvarpið bætist ný grein, sem verði 3. gr., svo hljóðandi:

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 76, 28. nóvember 1919, og gefa þau út svo breytt.

4. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóvember 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. október 1912.

Alþingi, 24. mars 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Gunnar Ólafsson, frsm.

Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrifari, með fyrirvara.	Jónas Jónsson, með fyrirvara.	Ingvar Pálmason.

Ed. **214. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Eftir frv. er ætlast til, að sá tími, sem ætlaður er til að semja kjörskrá til Alþingiskosninga, sje fyrir Reykjavík lengdur um einn mánuð.

Nefndin getur fallist á ástæður þær, sem borgarstjóri færir fyrir nauðsyn þessarar breytingar í brjefi, dags. 20. f. m., sem prentað er með frv.

En þó að vel geti verið, að einna brýnust þörf sje fyrir þessar breytingar hvað Reykjavík snertir, er þess jafnframt að gæta, að miklir erfiðleikar eru á því í ýmsum sveitum landsins, ef veðrátta er slæm, að manntali geti verið þar lokið svo snemma, sem þarf til þess að hægt sje að semja kjörskrárnar á lögmæltum tíma.

Það verður því að líta svo á, að víðar en í Reykjavík geti það verið vandkvæðum bundið að hafa lokið samningu kjörskránna fyrir 1. febrúar, og að rjettara sje því, að tíminn til þessa starfa sje lengdur um einn mánuð, bæði í kaupstöðum og sveitum, og sje framvegis hinn sami á öllu landinu eins og verið hefir.

Nefndin leggur því til, að háttv. deild samþ. frv. með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í 9. gr. laganna komi: febrúarmánuði í stað »janúarmánuði«, og 1. mars í stað »1. febrúar«.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Í 15. gr. laganna komi: 1. dag maímánaðar í stað »1. dag aprílmánaðar«, og 1. dag júnímánaðar í stað »1. dag maímánaðar«.

Alþingi, 24. mars 1926.

Jóh. Jóhannesson, form.	Eggert Pálsson, fundaskr.	Guðm. Ólafsson, frsm.

215. Frumvarp

til laga um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1. gr.

Skilgetið barn fær íslenskt ríkisfang jafnskjótt sem það fæðist, ef faðir þess er þá íslenskur ríkisborgari, og óskilgetið barn, ef móðir þess er það þá.

Nú finst hjer barn og er ókunnugt um ríkisfang þess, og skal það þá talið íslenskur ríkisborgari, þar til annað reynist sannara.

2. gr.

Nú hefir karlmaður, eða ógift kona, sem hjer á landi er fæddur, en á hjer þó ekki ríkisfang, haft hjer samfleytt lögheimili uns hann er fullra 19 ára gamall, og öðlast hann þá íslenskt ríkisfang, hvort sem hann er fæddur áður en lög þessi ganga í gildi eða eftir það, enda hafi aðili ekki síðasta árið lýst því skriflega fyrir lögreglustjóra, að hann hirði ekki að öðlast íslenskt ríkisfang, og þá jafnframt sannað ríkisborgararjett sinn í öðru landi með löggildu vottorði. Ekki stoðar þó slík yfirlýsing, ef faðir aðilja, ef hann er skilgetinn, og móðir hans, ef hann er óskilgetinn, hafa sjálf tilskilið sjer erlent ríkisfang með þessum hætti.

Ef maður fær íslenskt ríkisfang samkvæmt þessari grein, þá fylgja kona hans og skilgetin börn því ríkisfangi. Sama er um óskilgetin börn, ef móðir þeirra á hlut að máli.

3. gr.

Nú gengur íslenskur ríkisborgari að eiga konu, sem á erlent ríkisfang, og fær hún þá ríkisfang manns síns. Sama er um ósjálfráða og ógift börn, er þau hafa saman átt.

4. gr.

Veita má mönnum íslenskan ríkisborgararjett með lögum samkvæmt fyrirmælum stjórnarskrárinnar.

Nú fær maður ríkisfang samkvæmt 1. málsgr., og fylgja þá kona hans og ólögráða og ógift börn, er þau hafa saman átt, ríkisfangi hans, nema lögin láti öðruvísi um mælt. Óskilgetin börn, ógift og ólögráða, fylgja með sama hætti ríkisfangi móður sinnar.

5. gr.

Nú verður maður ríkisborgari í öðru landi, og missir hann þá íslensks ríkisfangs. Sá, er öðlast hefir íslenskt ríkisfang er hann fæddist, heldur því þó þar til hann flytst búferlum af landi hjeðan.

6. gr.

Íslenskur maður, og íslensk kona ógift, sem fæddur er erlendis og aldrei hefir átt lögheimili á Íslandi, missir íslensks ríkisfangs, þá er hann er fullra 22 ára gamall. Þó má kveða svo á með konungsúrskurði, að aðili megi halda íslensku ríkisfangi.

Nú hefir maður dvalist hjer á landi til náms eða í einhverju öðru skyni, er af megi ráða það, að hann vilji íslenskur ríkisborgari vera, og skal þá líta svo á í þessu efni, sem hann hafi átt heima á Íslandi.

Ef maður missir íslensks ríkisfangs samkvæmt þessari grein, þá fer með sama hætti um konu hans og skilgetin börn. Sama er um óskilgetin börn, ef aðili er kvenmaður.

7. gr.

Konungur getur leyst þann, sem orðinn er erlendur ríkisborgari eða ætlar að verða það, undan þegnskyldu á Íslandi, enda sanni aðili, að hann verði innan ákveðins tíma erlendur ríkisborgari, ef hann er ekki þá þegar orðinn það.

8. gr.

Kona, sem gengið hefir að eiga erlendan ríkisborgara áður en lög þessi komu til framkvæmdar og hefir því mist íslensks ríkisfangs, skal aftur fá það, ef hún sendir ráðherra beiðni um það, enda hafi hún gerst íslenskur ríkisborgari þegar er hún fæddist og átt jafnan lögheimili á landi hjer síðan sá ráðahagur tókst. En missa skal hún íslenskan ríkisborgararjett jafnskjótt sem hún flytst búferlum af Íslandi.

Þeir einir, sem náð hafa 22 ára aldri að 3 árum liðnum frá því, er lög þessi ganga í gildi, missa ríkisfang samkvæmt 6. gr. laga þessara.

Að öðru leyti skal fara eftir lögum þessum, ef sú staðreynd, er veldur því, að maður fái íslenskan ríkisborgararjett eða missi hann, gerist eftir að þau ganga í gildi, nema þau láti öðruvísi um mælt.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 1.—8. gr. laga nr. 21, 6. okt. 1919, um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sænska stjórnin átti frumkvæði að því árið 1920, að Norðurlandaríkin 3, Danmörk, Noregur og Svíþjóð, skyldu undirbúa í sameiningu nýja löggjöf um ríkisborgararjett, hvernig menn skyldu fá hann og missa, handa hverju þessara ríkja. Var tilætlunin að koma á samhljóða lögum um þessi efni í öllum löndunum, eftir því sem kostur væri á. Kvaddi hvert ríkið til mann af sinni hálfu til að undirbúa lagasetningu þessa, og luku þeir störfum í nóvember 1921, enda höfðu þeir þá gert sitt frumvarpið handa hverju ríkjanna þriggja. Í Svíþjóð voru síðan sett lög um málið 23. maí 1924 og í Noregi 8. ágúst s. á. Og eru þau lög að miklu leyti sniðin eftir frumvarpi ríkjafulltrúanna. Í Danmörku voru loks sett lög um »Erhvervelse og Fortabelse af Indfödsret« 18. apríl 1925, og eru þau lög einnig að miklu leyti bygð á frumvarpi ríkjafulltrúanna áðurnefndu.

Í öllum meginatriðum er haldið í hinni nýju löggjöf Norðurlandaríkjanna reglum þeim, er áður giltu. Eftir þeim *fá* menn ríkisborgararjett í hverju landinu:

1. Vegna ætternis.
2. Vegna fæðingar í landinu + dvöl fyrstu 19—22 ár ævi sinnar.
3. Konur erlendar verða borgarar þess ríkis, er menn þeirra eiga ríkisfang í, svo og sameiginleg, ólögráða og ógift börn þeirra.
4. Með lögum í Danmörku og með konungsúrskurði í Noregi og Svíþjóð má veita erlendum mönnum ríkisborgararjett, enda fylgja þeim venjulega konur þeirra og ósjálfráða og ógift börn.
5. Loks teljast fundin börn, enda sje ókunnugt um ríkisfang þeirra, ríkisborgarar í því landi, uns annað reynist sannara.

Ríkisfang *missa* menn enn sem fyrr, ef þeir verða borgarar annars ríkis. Kona, sem gengur að eiga erlendan ríkisborgara, missir þar með ríkisfang í ættlandi sínu, *ef* hún fylgir ríkisfangi manns síns. Ef hún gerir það ekki, t. d. vegna löggjafar þar, þá heldur hún fornu ríkisfangi. Og einnig, ef hún flytst ekki búferlum úr ættlandi sínu. Eru hjer að þessu leyti nýjar reglur, og verður kona sjálfstæðari eftir þeim en áður var. Í Danmörk er regla þessi þó bundin við þær konur einar, sem fengið hafa danskan ríkisborgararjett með fæðingunni.

Þá er það allskostar ný regla, að sá maður og sú ógift kona, sem ekki eru fædd í landinu og aldrei hafa átt þar heimili, skuli missa ríkisborgararjett, nema konungsúrskurður komi til. Rök til þessa fyrirmælis eru þau, að slíkir menn hafa ef til vill aldrei ættland sitt sjeð, kunna ef til vill ekki orð í tungu þess, hafa þar engra hagsmuna að gæta, og eru venjulega þegar orðnir ríkisborgarar þar, sem heimkynni þeirra er. Ef svo er ekki, þá miðar fyrirmælið um það, að þeim megi veita ríkisborgararjettinn áfram með konungsúrskurði, til þess að varna því, að þeir verði landlausir.

Það þykir vel fallið, að hjer gildi svipaðar reglur um það, hversu menn skuli fá og missa ríkisborgararjett, sem annarsstaðar á Norðurlöndum. Einkum virðist hallkvæmt, að þessi málefni fari með sama hætti hjer sem í Danmörku, meðan jafnrjettisákvæði 6. gr. sambandslaganna standa, enda gerði samninganefndin 1918 ráð fyrir því, að samhljóðan yrði milli lagafyrirmælanna í báðum

löndunum um það, hvernig menn fá og missa ríkisborgararjett. Dönsku lögin hafa því verið lögð til grundvallar frumvarpi þessu.

Um einstakar greinar frv. skal þetta athugað:

Um 1. gr.

Er að efni til samhljóða 1. gr. í Norðurlandalögunum, 1. málsgr. er sams efnis sem 1. gr. l. nr. 21, 1919, og 2. málsgr. svarar til 8. gr. l. nr. 21, 1919. Bæði eftir gildandi lögum og eftir frv. þessu fær óskilgetið barn ríkisfang föður síns einungis, ef hann *gengur að eiga* móður þess, sbr. 3. gr. frv. Þó að faðir skilgeri óskilgetið barn sitt með öðrum hætti, sbr. 38. og 39. gr. laga nr. 46, 1921, þá skiftir það ekki máli um ríkisfang þess.

Um 2. gr.

Hún svarar til 2. gr. Norðurlandalaganna. 1. málsgr. er og sams efnis sem 2. gr. laga nr. 21, 1919. 2. málsgr. er að formi til nýmæli, en samkvæmt meginreglu laga nr. 21, 1919, var það vafalaust, að kona þess manns, er fjekk ríkisfang samkvæmt 2. gr., og skilgetin börn, fjekk og ríkisfang hans, ef hún hafði það ekki áður en þau gengu að eigast. Samsvarandi var um óskilgetin börn, er móðir þeirra átti hlut að máli.

Um 3. gr.

Það verður auðvitað engin breyting á ríkisfangi íslenskrar konu, þótt hún giftist íslenskum ríkisborgara. Það þarf ekki að setja neina reglu um ríkisfang hennar þá. Hinsvegar hafa öll Norðurlandalögin fyrirmæli um ríkisfang erlendrar konu, er gengur að eiga þess ríkisborgara (danskan mann, norskan eða sænskan). Og er þá reglan sú, eins og nú er hjer eftir 3. gr. laga nr. 21, 1919, að hin erlenda kona fær ríkisfang manns síns, ásamt ósjálfráða og ógiftum börnum, er þau hafa saman átt áður en ráðahagur tókst með þeim. Um börn, er þau hafa átt með öðrum manni eða konu, fer eftir öðrum reglum. Ef konan hefir átt óskilgetið barn, þá heldur það ríkisfangi því, er hún hafði. Og ef hún hefir átt barn af öðru hjónabandi, þá heldur það ríkisfangi föður síns.

Um 4. gr.

Danir feldu niður 4. gr. í frv. ríkjafulltrúanna og það úr 6. gr. þess, er við 4. gr. miðaðist. Í 4. gr. þeirri, er niður var feld, hafði verið stungið upp á því, að sumir þeirra, sem höfðu átt ríkisfang í landinu, en mist það, mættu fá það aftur eftir 2 ára vist í landinu, enda sendi þeir beiðni um það til viðkomandi ráðherra, er svo veitir þeim skírteini um ríkisfang þeirra. Með því að hæpið er, hvort slík veiting ríkisfangs væri heimil samkvæmt stjórnarskránni, og Danir hafa felt ákvæðið niður úr sínu frumvarpi, og ólíkar reglur gilda því að þessu leyti um Norðurlönd, þá þykir rjettast að láta sömu reglu gilda um alla, sem vilja fá íslenskt ríkisfang, hvort sem þeir hafa einhvern tíma haft það áður eða ekki. Þar með er vitanlega ekki sagt, nema löggjafinn vilji gera vægari kröfur til fyrverandi íslenskra ríkisborgara, ef þeir æskja íslensks ríkisfangs af nýju, hverju sinni, er setja skal lög um þau efni. Annars eru sömu reglur um »natur-

alisation« (»landleiðingu« mætti ef til vill kalla hana, sbr. ættleiðing, ættleiða), sem nú gilda.

Ef kona er gift, þá hefir hún tekið ríkisfang manns síns; ef hann er íslenskur, þá íslenskt ríkisfang, en ella erlent ríkisfang, og fylgir hún þá ekki ríkisfangi landleidds foreldris síns. Hitt, að karlmaður staðfesti ráð sitt undir 16 ára aldri, er víst dæmalaust, og hefir ákvæði 2. mgr. að því leyti varla nokkra þýðingu.

Um 5. gr.

Hún er samhljóða 5. gr. d. l. og svarar til 8. gr. n. og s. l. og 5. gr. laga nr. 21, 1919. Það er aðalreglan, að sá einn missi íslenskt ríkisfang, sem tekið hefir erlent ríkisfang. Þetta gildir einnig um íslenska konu, er gengur að eiga erlendan ríkisborgara, svo framarlega sem hans ríki gerir hana að sínum ríkisborgara. Og samsvarandi verður um ólögráða og ógift börn þeirra. En ekki þykir ástæða til að nefna þetta tilvik sjerstaklega í lögunum, þar sem það hlítir aðalreglunni. Hitt er þar á móti nýmæli, að aðili haldi íslensku ríkisfangi, þótt hann verði annars ríkis borgari, ef hann er hjer búsettur áfram. Þessir menn yrðu því ekki fluttir af landi burt, þótt þeir yrðu bjargþrota eða sekir um glæpsamlegt athæfi o. s. frv. En þetta gildir þó einungis um þá, er öðlast hafa íslenskan ríkisborgararjett, er þeir fæddust, en ekki aðra, t. d. konu, er fengið hefði íslenskt ríkisfang fyrir það, að hún gekk að eiga íslenskan mann.

Um 6. gr.

Hún svarar að efni til til 6. gr. d. l. og 9. gr. n. og s. l. Hún er algert nýmæli. Byggist hún á því, að flestir þeir, sem erlendis eru fæddir og aldrei hafa átt heimilisfang á Íslandi, muni venjulega miklu fastari böndum bundnir við annað land, venjulega það land, sem þeir hafa átt heima í, enda oft þegar orðnir þess ríkis borgarar. En ef svo er ekki, þá verður aðili ef til vill ríkisfangslaus um leið og hann missir sitt forna ríkisfang, og getur þá verið ástæða til að lofa honum að halda ríkisfangi því, er hann hefir haft. Því er sett ákvæðið um heimild konungs til þess að leyfa honum að halda íslensku ríkisfangi.

Um 7. gr.

Sbr. 7. gr. d. l. og 10. gr. n. og s. l. og 5. gr. laga nr. 21, 1919.

Um 8. gr.

1. mgr. miðar til þess að samræma kjör íslenskra kvenna, er gifst hafa erlendum ríkisborgara áður en lög þessi koma til framkvæmdar, kjörum þeirra kvenna, sem eiga erlenda ríkisborgara eftir að lögin ganga í gildi. Konur, sem giftust áður erlendum ríkisborgurum, mistu jafnan íslenskt ríkisfang, en eftir 5. gr. frv. missir íslensk kona, sem svo er farið um, það ekki altaf.

Reglan í 2. mgr. miðar til þess, að þeir, sem mist hafa íslenskan ríkisborgararjett samkvæmt 6. gr., þegar lög þessi ganga í gildi, geti gert ráðstafanir til að halda honum, ef þeir óska. Jafnframt tekur ákvæði 2. málsgr. allan vafa af um það, að vist erlendis áður en lögin koma til framkvæmdar reiknast með, þegar skera skal úr því, hvort maður hafi mist ríkisborgararjett eftir 6. gr.

3. málsgr. þarf ekki að skýra. Einungis skal vekja athygli á því, að fæðing + vist á landi hjer *fyrir* þann tíma, er lög þessi ganga í gildi, skapar manni íslenskan ríkisborgararjett eftir 2. gr. frv. þessa, alveg eins og er samkvæmt 2. gr. laga nr. 21, 1919, um þá, er fæddir eru á Íslandi fyrir 1. des. 1918, sbr. 13. gr. þeirra laga. Þetta fyrirmæli 2. gr. er ómissandi vegna ákvæðanna í 9.—11. gr. laga nr. 21, 1919, því að á því valt það og veltur enn, hverjir teljast skyldu íslenskir ríkisborgarar 1. des. 1919. (Sbr. Einar Arnórsson: Þjóðrjettarsamband Íslands og Danmerkur, Rvík 1924, bls. 142—145).

Um 9. gr.

Ákvæði frv. þessa koma í stað 1.—8. gr. laga nr. 21, 1919. Fyrirmæli 9.—12. gr. sömu laga hljóta þar á móti að haldast óbreytt, því að þau varða það efni eitt, hverja af hinum sameiginlegu ríkisborgurum Íslands og Danmerkur Ísland skyldi helga sjer 1. des. 1918, er það varð fullvalda ríki. Enn geta komið upp vafaatriði, sem úr þarf að leysa, um þetta. Og verður Ísland þá að fara eftir 9.—11. gr. laga nr. 21, 1919. Af hálfu danska löggjafarvalds eða danskra stjórnarvalda hefir aldrei komið fram nein óánægja með fyrirmæli þessara greina, og má því hiklaust telja þá lausn, sem þar er höfð á málinu, algerlega örugga.

Nd. **216. Breytingartillögur**

við frv. til laga um útsvör.

Frá Halldóri Stefánssyni.

1. Við 7. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Nú verður aðili útsvarsskyldur fyrir dvöl eingöngu, án þess að hafa rekið eða stundað atvinnu (6. gr. A. I. niðurl. og B. 1), og skal þá o. s. frv.
2. Við 9. gr. 1. Töluliðurinn orðist svo:
   1. a. Ef aðili rekur atvinnu í fleirum sveitum en einni, enda taki fyrirmæli 8. gr., a—c-liðir, eigi til, og sje atvinnan ekki skemur rekin en 8 vikur.
      b. Ef skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda að minsta kosti samtals 4 vikur af gjaldárinu.
      c. Ef rekin hefir verið selveiði, hvalveiði, síldarkaup, síldarsala, síldarverkun eða síldarbræðsla, verksmiðjuiðnaður hverskonar sem hann er, enda þótt skemur sje rekið.
3. Við 9. gr. Nýr töluliður, er verði 5. töluliður:
   5. Ef erlend tryggingarfjelög hafa umboðsmenn á fleirum en einum stað hjer á landi, og skal þá skifta útsvari í hlutfalli við iðgjöld þess árs af tryggingum á hverjum stað.
4. Við 10. gr., niðurlag fyrri málsgr.
   Í stað »$^1/_{3}$« komi: $^1/_2$.

Nd. **217. Tillaga**

til þingsályktunar um rýmkun landhelginnar.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera hinar ítrustu tilraunir til þess að fá samningum við Stóra-Bretland um landhelgi Íslands breytt á þá leið, að hún sje færð út þann veg, að innan hennar verði allir firðir og flóar og helstu bátamið.

Stjórninni er heimilt að senda til Englands mann eða menn til þess að greiða götu þessa máls, og sjerstaklaga vekja athygli á þeirri alþjóðanauðsyn, sem á því er að stækka hið friðaða svæði, til þess að vernda framtíðarfiskveiðar í hafinu kringum Ísland.

Kostnað af sendiförinni skal greiða úr ríkissjóði.

Nd. **218. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40 1919, um forkaupsrjett á jörðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 2. gr. laga nr. 40 1919 kemur ný grein, sem verður 3. gr., svo látandi:

Ákvæði 1. gr. og fyrri málsl. 2. gr. ná ekki til þess, er jarðeigandi selur barni sínu, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Í stað »2. gr.« í 4. gr. laganna kemur: 4. gr.

3. gr.

Í stað »3. gr.« í fyrstu og síðustu málsgr. 5. gr. laganna kemur: 4. gr.

4. gr.

Í stað »1.—7. gr.« í 6. gr. laganna kemur: 1.—6. gr.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 40 1919 og gefa þau út svo breytt.

Nd. **219. Frumvarp**

til laga um kirkjugjöld í Prestsbakkasókn í Hrútafirði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Prestsbakkakirkja í Strandaprófastsdæmi greiði hjer eftir engin kirkjugjöld til Óspakseyrarkirkju vegna bæjanna Guðlaugsvíkur, Kolbeinsár, Heydals og Skálholtsvíkur.

2. gr.

Kirkjustjórnin skal láta semja skýrslu um, hversu hárri upphæð hafi numið að meðaltali undanfarin 5 ár kirkjugjöld af þessum bæjum. Skal greiða úr ríkissjóði til Óspakseyrarkirkju, í eitt skifti fyrir öll, höfuðstól í krónutali, sem svari, með 6% vöxtum, jafnhárri upphæð og það meðaltal.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927.

Nd. **220. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 36, 11. júlí 1911, um forgangsrjett kandídata frá háskóla Íslands til embætta.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 3. gr. kemur ný málsgrein, er svo hljóðar:

Svo er og ríkisstjórninni heimilt að veita kandídötum í guðfræði frá erlendum háskólum prestsembætti hjer á landi, enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum til þess að fá slík embætti og guðfræðideild mæli með.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **221. Frumvarp**

til laga um skipströnd og vogrek.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. kafli.
Um skipströnd.

1. gr.

Hver, sem þess verður var, að hafskip sje í hættu statt við land eða strandað, eða að góss úr því reki á land, er skyldur að gera alt, sem í hans valdi stendur, til þess að bjarga mönnum og góssi, enda skal hann tafarlaust skýra hreppstjóra, eða lögreglustjóra, ef auðveldara er að ná til hans, frá atburðum með firðskeyti eða símtali, ef þess er kostur, en ella með skyndiboða. Hreppstjóri skal með sama hætti skýra lögreglustjóra frá skipreika. En lögreglustjóri skýrir síðan dómsmálaráðuneytinu frá því, hvernig komið er, með firðskeyti, ef þess er kostur, en ella með næstu póstferð. Dómsmálaráðuneytið skal svo, jafnskjótt sem unt er, tilkynna skipreikann fyrirsvarsmanni þess ríkis, sem skip er frá.

2. gr.

Hreppstjóri, eða lögreglustjóri, ef hann er fyrr á strandstað kominn, skal svo fljótt sem unt er fá úr því skorið, hvort skip skuli talið strandað. En þá er skip talið strandað eftir lögum þessum, ef það er rekið upp eða fast orðið við land, enda verði því ekki bjargað á sjó út og gert haffært áður en hætta sje á því, að það farist að miklu leyti eða öllu. Fela skal skipstjóra og 2 valinkunnum mönnum að meta þetta að viðlögðum drengskap. Afl atkvæða þeirra ræður, og er úrskurður þeirra fullnaðarúrskurður.

3. gr.

Hreppstjóri skal annast björgun og aðhlynningu manna, varðveislu skips og björgun góss og varðveislu, þar til lögreglustjóri skipar fyrir um þau efni (sbr. þó 4. og 5. gr. og fyrstu málsgrein 7. gr.). En gæta skal hreppstjóri þess, að ekkert það verði gert, er tálma kunni síðar rannsókn nokkurra þeirra atriða, er strandið varða.

4. gr.

Nú neitar skipstjóri eða annar viðstaddur fyrirsvarsmaður skips því skriflega, að góssi verði bjargað eða að ráðstafanir til björgunar verði gerðar, þar til lögreglustjóri kemur, og hlutast hreppstjóri þá ekki um björgun góss eða skips.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur gera eyðublöð með spurningum á íslensku, dönsku, ensku, þýsku og frönsku um skip og skipstjóra, ferð þess, hvernig slysið

vildi til, hvaða ráðstafana óskað sje af hálfu stjórnvalda um björgun og meðferð skipsmanna, og fá lögreglustjórum og hreppstjórum eyðublöð þessi. Skal hreppstjóri leggja eyðublað fyrir skipstjóra eða þann, sem í stað hans kemur, jafnskjótt sem því verður við komið, enda skal skipstjóri skrá svar sitt skýrt og greinilega við hverri spurningu. Nú verður brestur á þessu, og skal þá líta svo á, sem skipstjóri óski ekki aðstoðar íslenskra stjórnvalda.

Þegar er því verður við komið, skal hjeraðsdómari láta skipstjóra staðfesta áður nefnda skýrslu sína fyrir dómi, svo og halda sjóferðapróf með þeim hætti, er í sjódómslögum segir, og eftir því, sem við á. Sjóferðapróf og staðfesting skýrslu þarf þó ekki að fara fram, ef fyrirsvarsmaður þess ríkis, sem skip er frá, telur þess ekki þörf, nema manntjón hafi orðið eða slys á mönnum.

6. gr.

Lögreglustjóri skal, svo fljótt sem kostur er á og eftir þörfum, skipa fyrir um björgun og meðferð skipbrotsmanna. Ef hann fer ekki sjálfur á vettvang, þá felur hann hreppstjóra eða öðrum umboðsmanni sínum framkvæmdir.

7. gr.

Nú vill skipstjóri eða sá, er í hans stað kemur, eða umboðsmaður útgerðar eða vátryggjanda, annast sjálfur björgun á skipi eða góssi frá öndverðu, og er honum það þá rjett, en ekki er björgunarsamningur þó bindandi, nema samþykki lögreglustjóra eða viðkomandi ræðismanns komi til, enda sje sett, að áliti lögreglustjóra, full trygging af hálfu skips eða góss fyrir efndum samningsins.

Rjett er eiganda eða vátryggjanda strandaðs skips eða góss að taka í sínar hendur björgun og meðferð á skipi og góssi hve nær sem er, enda setji þeir fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu alls áfallins kostnaðar og þess kostnaðar, er síðar kann löglega að falla, þar með kostnaður við heimsending strandmanna. Um björgunarsamninga fer samkvæmt 1. málsgr.

Hvarvetna þess er aðili tekur björgun skips eða góss í sínar hendur, eru íslensk stjórnvöld við hana skilin.

8. gr.

Nú er ekki svo ástatt sem í 1. málsgr. 7. gr. segir, og má þá hreppstjóri eða lögreglustjóri ekki fresta björgun, þó að ósamið sje um bjarglaun. Kveður lögreglustjóri þá á um það, hversu þeim skuli greiða, er að björgun starfa. Bjarglaun skal annaðhvort miða við þann tíma, sem hver hefir unnið, enda komi þá til greina atvik öll, eða við verðmæti þess, sem bjargað er, enda sjeu þau þá að jafnaði þriðjungur verðs hins bjargaða, að frádregnum sölukostnaði.

9. gr.

Lögreglustjóri eða sá, er í stað hans stýrir björgun, skal sjá um það, að alt, sem gert verður til að bjarga mönnum, skipi eða góssi, verði unnið svo fljótt og vel sem kostur er. Skal fyrst og fremst, næst mannbjörg, bjarga skipsskjölum. Ef líklegt þykir, að skipi verði af grunni komið og að það verði gert haffært,

þá skal kosta kapps um, að svo megi verða. Af góssi skal björgun á því, sem verðmætast er, ganga fyrir svo sem unt er.

Rjett er aðilja eða umboðsmanni hans að vera við björgun.

10. gr.

Skylt er öllum verkfærum alþýðumönnum sjálfum sjer ráðandi að vinna að björgun og varðveislu bjargaðra muna, er lögreglustjóri eða umboðsmaður hans kveður þá til þess. Með sama hætti er manni skylt að lána heimamenn sína, bát sinn, hesta eða áhöld til björgunar eða flutnings bjargaðra muna á geymslustað. Ennfremur er mönnum skylt að lána hús sín til geymslu bjargaðra muna, ef þeir mega án þeirra vera og þau spillast ekki verulega fyrir slíka notkun. Ef bjargað góss verður ekki geymt á fulltryggan hátt, þá skal setja um það vörð. Endurgjald fyrir lán hesta, skipa og áhalda, svo og kaup varðmanna, ákveður lögreglustjóri.

Ef strandmunir hverfa eða fara forgörðum af mannavöldum, skal hreppstjóri eða sá annar, er með umboð lögreglustjóra fer, skýra honum tafarlaust frá því, enda skal lögreglustjóri rannsaka málið jafnskjótt sem unt er.

11. gr.

Ef skipbrotsmenn geta ekki sjálfir útvegað sjer húsnæði, mat og aðrar nauðsynjar, þar á meðal aðhjúkrun á sjúkum mönnum, þá skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans hlutast til um það, að bætt verði úr nauðsyn þeirra við sanngjörnu endurgjaldi, sem lögreglustjóri ákveður. Með sama hætti skal sjá um greftrun dáinna skipverja, enda skal gera hana með fullri sparsemi, ef greiða skal af strandinu.

Skylt er að veita skipbrotsmönnum húsaskjól og aðhlynningu eftir megni og að því leyti sem ekki fer í bága við sóttvarnarráðstafanir.

Lögreglustjóri skal sjá um það, að skipbrotsmönnum verði veittur nauðsynlegur fararbeini þegar er þeir mega frá strandi hverfa.

Nú tekur umboðsmaður þess ríkis, er skip er frá, að sjer málefni þau, er í grein þessari segir, og eru þá íslensk stjórnvöld frá þeim tíma við þau skilin.

12. gr.

Hreppstjóri heldur dagbók um strand hvert. Þar skal hann skrá nafn skips og heimilisfang og útgerð, hvar, hvernig og hvenær slys hafi að borið, hvenær (dag og klukkustund) hann hafi orðið þess var, hver eða hverjir þar hafi fyrst að komið, hver hafi fært honum fregn um atburði, hvenær hann sjálfur hafi á vettvang komið og hvernig hafi þá verið þar umhorfs, hvar skip og góss var og hvernig það hafi þá verið farið, hvort skipstjóri og skipverjar hafi þar þá verið, hvernig þeir hafi bjargast og hvernig ástatt sje um þá, hvort nokkur hafi farist eða slasast, hverjir hafi komið þeim til hjálpar, hvort hann hafi látið meta, hvort skip skyldi talið strandað, hverjir hafi gert það og hver niðurstaðan hafi orðið; hvaða ráðstafanir hann hafi gert til björgunar og aðhlynningar manna og til björgunar og varðveislu góss, bæði áður en og eftir að hann fjekk fyrirskipanir lögreglustjóra, hverju bjargað hafi verið, enda sje gerð svo nákvæm skrá

um það sem unt er. Þá skal í dagbók skrá, ef skipstjóri afsalar sjer afskiftum hreppstjóra af björgun, hvort hann hafi gefið skýrslu samkvæmt 5. gr., svo og hvað annað, er strandið varðar og hreppstjóri skal annast. Eftirrit úr dagbók sendir hreppstjóri lögreglustjóra ásamt öðrum strandskjölum.

Lögreglustjóri löggildir stranddagbók hreppstjóra. Hana skal og gegnumdraga og tölusetja. Ríkissjóður kostar hana.

Hverju sinni er bókun er lokið, ritar hreppstjóri nafn sitt undir hana, ásamt skipstjóra eða þeim, er í stað hans kemur, ef hægt er að gera honum bókunina skiljanlega, og 2 öðrum valinkunnum mönnum, eftir að bókun hefir verið lesin upp fyrir þeim. Túlk skal hafa, ef hans er kostur og þörf.

Lögreglustjóri skráir í lögreglubók eða sjerstaka strandbók það, er hann gerir og strand eða strandmenn varðar, að undantekinni skýrslu um stranduppboð.

13. gr.

Þeim, sem björgun stýrir eða annast gæslu á strandgóssi, er rjett að vísa burt öllum þeim mönnum, sem engan þátt taka þar í og eru að öðru leyti óviðriðnir strandið. Svo skal og vísa brott þeim bjargendum eða flutningsmönnum strandgóss, er gera sig óhæfa til starfsins vegna óreglu, ótrúmensku eða óspekta. Taka má þá fasta, er ekki fara fúslega. Lögreglustjóri sker úr ágreiningi út af framkvæmdum við björgun eða varðveislu strandgóss, og skal hann síðar bóka úrskurði þá, er hann hefir kveðið upp munnlega.

14. gr.

Lögreglustjóri skal sjá um, að matvæli þau eða drykkjarföng, sem skemst hafa við strand og ef til vill eru skaðvæn heilsu manna, verði rannsökuð af hjeraðslækni, eða, ef ekki næst til hans, af tveimur mönnum, sem vit hafi á því. Skulu þeir segja til um það, hvort nota megi vörurnar og hvernig, án þess að tjón hljótist af, og skal þá selja þær með því skilorði, er þeir setja. Nú reynast vörur svo spiltar, að hætta er talin af notkun þeirra, og skal þá ónýta þær, og hafi lögreglustjóri eða hreppstjóri umsjón með því.

15. gr.

Nú strandar skip, sem ekki hefir fengið heilbrigðisvottorð hjer á landi, eftir að það síðast fór frá útlendri höfn, eða síðast hafði mök við skip á hafi úti, og skal þá, að svo miklu leyti sem frekast er unt, fara með skipið og skipshöfnina eftir fyrirmælum gildandi sóttvarnarlaga.

16. gr.

Nú er tollvörum eða bannvörum bjargað, og skal þá lögreglustjóri eða hreppstjóri sjá um, að farið verði með þær lögum samkvæmt.

17. gr.

Strandað skip eða það úr því, sem bjargast hefir, svo og bjargað strandgóss, skal selja á opinberu uppboði, nema aðiljar samþykki annarskonar sölu. Þá skal selja, er hallkvæmast má telja, enda skal gæta þess, að draga ekki sölu

á munum, er ekki þola geymslu eða falla mundu annars í verði fyrir geymslu, eða hún yrði svo dýr, að hún svaraði ekki kostnaði.

Lögreglustjóri skal, eða hreppstjóri í umboði hans, gera allar þær ráðstafanir, sem þörf er á vegna uppboðs. Uppboð skal birta þeim, er í grend búa, og ef mikið er til sölu, þá einnig í nágrannasveitum. Lögreglustjóri kveður á um uppboðsskilmála. Þar skal meðal annars vera svo mælt, að skip eða skipsleifar, sem ekki eru fluttar burt úr fjöru eða flæðarmáli innan 2 ára frá skipstrandi talið, verði eign ríkissjóðs eða fjöreigenda samkvæmt 29. gr. laga þessara. Gjaldfrestur má ekki skemmri vera en 14 dagar, en innheimtumaður uppboðsandvirðis ræður því, hverjum gjaldfrestur verður veittur. Rjett er að uppboðshaldari annist innheimtu, en eigi mega innheimtulaun fara fram úr 6 af hundraði, og hálfu minni skulu þau vera, ef greitt er við hamarshögg.

Lögreglustjóri leitar álits aðilja eða umboðsmanns hans um uppboð, ef þess er kostur án verulegs kostnaðar eða tafar, enda metur lögreglustjóri það.

18. gr.

Jafnskjótt sem sölu strandgóss er lokið og kostnaður af strandi allur, þar á meðal kostnaður af flutningi skipbrotsmanna til burtfararhafnar hjeðan af landi, er fenginn, semur lögreglustjóri reikning um strandið. Sendir hann dómsmálaráðuneytinu reikninginn tvíritaðan ásamt fylgiskjölum, þar á meðal dagbókareftirriti hreppstjóra, eftirriti úr lögreglubók eða strandbók og uppboðsbók, skipskjölum, sjóferðaprófi o. s. frv., til endurskoðunar og úrskurðar í öllum atriðum. Þegar dómsmálaráðuneytið hefir úrskurðað reikninginn, sendir það hann fyrirsvarsmanni viðkomandi ríkis, ef það hefir hjer umboðsmann sinn, en ella til annara rjettra aðilja.

Uppboðsandvirði strandgóss, sem afgangs kann að verða kostnaði öllum af strandinu, sendir lögreglustjóri dómsmálaráðuneytinu jafnskjótt sem honum hefir verið tilkynt, að reikningur væri úrskurðaður og gjaldfrestur liðinn. Dómsmálaráðuneytið sendir fjeð síðan fyrirsvarsmanni viðkomandi ríkis eða öðrum aðiljum.

19. gr.

Lögreglustjóri eða umboðsmaður hans eða hreppstjóri skulu fá 10 krónur í fæðispeninga dag hvern, er þeir þurfa að vera að heiman vegna strands, og að auki ferðakostnað eftir reikningi. Þá daga, er hreppstjóri heldur uppboð á strandgóssi, fær hann lögmælt sölulaun í stað fæðispeninga.

Fyrir sjóferðapróf skal gjalda hjeraðsdómara 12 krónur.

20. gr.

Skip og góss, annað en venjulegur farangur skipverja, er, þar til það er selt að tilhlutun lögreglustjóra, og síðan andvirði þess, að veði framar öllum öðrum höftum, er á því kynnu að hvíla, til tryggingar öllum þeim kostnaði, er af strandi leiðir og áfallinn er fyrir ráðstafanir stjórnvalda eða einstakra manna, er þeir hafa gert af nauðsyn áður en stjórnvöld komu til, svo sem björgunarlaunum, hýsingu, flutningi og heimsendingu skipverja, varðveislu góss, ferðakostn-

aði og dagpeningum, gjöldum fyrir rjettargerðir, eftirrit, sendiferðir, símskeyti o. s. frv.

Ef andvirði strandgóss hrekkur ekki fyrir öllum strandkostnaði, og fyrirsvarsmaður viðkomandi ríkis greiðir hann ekki þegar, þá má eftir ósk lögreglustjóra greiða úr ríkissjóði það, sem á vantar, gegn endurgjaldi frá rjettum aðiljum.

21. gr.

Nú strandar íslenskt skip hjer við land, og taka þá ákvæðin hjer að framan ekki til þess, nema fyrirmæli 1., 3., 6., 9., 10. og 11. gr. um björgun á mönnum og góssi og tilkynningar til hreppstjóra og lögreglustjóra og 14., 15. og 16. gr., svo og 20. gr., að því leyti sem ráðstafanir íslenskra stjórnvalda vegna strandsins hafa haft kostnað í för með sjer.

II. kafli.
Um vogrek.

22. gr.

Það er vogrek, er mannlaust skip rekur á land eða skipshluta eða aðra muni, sem svo eru merktir eða svo er annars farið um, að ætla má eignarrjetti undirorpna.

23. gr.

Ábúandi eða notandi lands skal vogrekum bjarga og veita þeim vörð. Ef enginn er ábúandi eða notandi, þá skal landeigandi bjarga vogrekum og geyma þeirra. Tilkynna skal hreppstjóra eða lögreglustjóra vogrek, enda skulu þeir hlutast til um björgun vogreks, ef þess gerist þörf, og varðveislu. Ef lögreglustjóri hefir ekki sjálfur skoðað vogrek, þá ber hreppstjóra að láta honum í tje, jafnskjótt sem verða má, glöggva lýsing á því og áætlun um verðmæti þess.

24. gr.

Nú sannar maður ótvírætt heimild sína til vogreks, áður en það er auglýst, og má þá selja honum það í hendur. Annars kostar skal vogrek auglýsa með þeim hætti, er hjer skal sagt verða:

Ef ætla má eftir framkomnum upplýsingum, að vogrek nemi ekki yfir 200 kr., þá auglýsir lögreglustjóri það með þeim hætti, er hann telur best fallinn til þess að komast fyrir það, hver eigandi sje. Ef telja má vogrek meira virði, þá auglýsir lögreglustjóri það einu sinni í Lögbirtingablaði, enda sendir dómsmálaráðuneytið fyrirsvarsmönnum annara ríkja hjer á landi eintak af auglýsingunni. Í auglýsingu skal lýsa vogreki eftir föngum og skora á tilkallsmenn að gefa sig fram innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar og sanna lögreglustjóra heimildir sínar, því að annars kostar verði vogrek eða andvirði þess eign ríkissjóðs eða fjörueiganda. Áður en liðnir eru 6 mánuðir má engum tilkallsmanni selja vogrek í hendur, nema hann setji fulla trygging fyrir því, að hann skili vogreki aftur eða andvirði þess, ef annar skyldi koma áður frestur sje liðinn með ríkari gögn fyrir tilkalli sínu.

25. gr.

Nú sannar maður heimildir sínar að vogreki áður lögmæltur frestur sje á enda, og skal þá selja honum það í hendur eða andvirði þess. Annars kostar verður vogrek eða andvirði þess eign ríkissjóðs, ef það eða andvirði þess nemur 500 kr. eða meira, eftir að allur kostnaður er greiddur, en ella fjörueiganda.

Tilkallsmaður, er gefur sig fram áður en frestur er liðinn, getur borið kröfu sína undir dómstóla, ef lögreglustjóri vill ekki taka hana að öllu til greina. Ef fleiri en einn gera tilkall til vogreks, má engum þeirra selja í hendur fyr en úr því er skorið með fullnaðardómi, hver skuli fá vogrek eða andvirði þess.

Nú ber maður upp kröfu sína eftir að lögmæltur frestur er liðinn, og á hann þess máls aldrei uppreist, nema hann sanni fyrir dómi, að ólöglega hafi með málið verið farið af hálfu stjórnvalda.

Mál samkvæmt 2. og 3. málsgr. skal höfða á hendur lögreglustjóra á varnarþingi hans, enda sje honum stefna birt áður en liðnir eru 6 mánuðir frá því, er hann synjaði kröfu stefnanda.

Nú þykir tvímælis orka um verðmæti vogreks, og skulu þá 2 dómkvaddir menn meta það.

26. gr.

Vogrek sjálft, meðan það er óselt, en andvirði þess, eftir að það hefir verið selt, er að veði til tryggingar öllum kostnaði af ráðstöfunum þeim, sem löglega eru gerðar til að bjarga því, varðveita það og auglýsa, og gengur veð það fyrir öllum höftum, er vera kynnu á vogreki, enda skal jafnan greiða allan þann kostnað áður en vogrek eða andvirði þess sje nokkrum til eignar fengið.

Lögreglustjóri úrskurðar þann kostnað, sem hjer segir, en bera má úrskurð hans undir dómsmálaráðuneytið áður en 3 mánuðir sjeu liðnir frá dagsetningu úrskurðar lögreglustjóra.

27. gr.

Nú er skip eða skipsflak, sem er vogrek, selt á opinberu uppboði, og skal þá setja í uppboðsskilmála slíkt ákvæði, sem í 17. gr. segir um brotthöfn skips af fjöru, og láta sama varða, ef af er brugðið.

III. kafli.

Almenn ákvæði.

28. gr.

Nú liggur skip eða skipsflak, þar á meðal vogrek, sem eigandi hefir leitt sig að, óhirt á fjöru 2 ár eða lengur frá því að eigandinn leiddi sig að því, ef svo hefir verið, og skal lögreglustjóri þá auglýsa, eftir beiðni þeirra, er eignast mundu skip eða skipsflak eftir 25. gr., ef það væri vogrek, í Lögbirtingablaði, að skip eða skipsflak verði fengið þeim í hendur til eignar samkvæmt þessari grein, nema skip eða skipsflak hafi verið tekið út áður en 9 mánuðir sjeu liðnir

frá birtingu auglýsingar. Ef það hefir ekki verið gert innan þessa tíma, þá verður skip eða skipsflak eign ríkissjóðs eða fjöreigenda með þeim hætti, sem í 25. gr. segir.

29. gr.

Nú hefir skip eða skipsflak legið óselt á strandstað eitt ár, og getur lögreglustjóri þá látið selja það ásamt því, er því fylgir, á opinberu uppboði, ef óráðlegt þykir vegna hagsmuna almennings, að dómi dómsmálaráðherra, að láta það vera lengur óselt. Í uppboðsskilmálum skal kveða svo á, að skip eða skipsleifar, sem ekki verði flutt burt úr fjöru innan tveggja ára frá því, er strandið varð, skuli verða eign ríkissjóðs eða fjöreigenda samkvæmt 25. gr. Uppboð skal jafnan tilkynna þeim, er hafa sjerstaklega hagsmuna að gæta, ef heimilisfang þeirra er kunnugt, en annars kostar fyrirsvarsmanni þess ríkis, er skip var frá. Uppboðsandvirði, að frádregnum kostnaði, skal svo greiða samkvæmt 2. málsgr. 18. gr.

Nú hefur aðili björgun eða tekur að vinna úr skipi áður en ár er liðið frá strandinu, og skal dómsmálaráðherra þá veita honum hæfilegan frest til að halda þeim athöfnum áfram, uns 2 ár eru liðin frá þeim atburði, eða alt að 3 árum, ef björgun er sjerstökum erfiðleikum bundin. Sömu fresti skal og veita uppboðskaupanda, sbr. 17. og 27. gr. og fyrri málsgr. þessarar greinar, ef eins er ástatt.

30. gr.

Atvinnumálaráðherra getur látið gera skip eða skipsflak óskaðvænt þegar eftir strand eða skipbrot, ef óhjákvæmileg nauðsyn þykir vegna hættu eða tálma, er af því stafi. Ef skip eða skipsflak verður annars til tálma eða hættu, þá skal vitamálastjórnin auðkenna staðinn, og jafnframt setja þeim, er skip eða skipsflak á, með auglýsingu í Lögbirtingablaði, hæfilegan frest til að hirða það. Að þeim fresti liðnum getur atvinnumálaráðherra látið gera skip eða skipsflak óskaðvænt. Ekki á sá, sem rjett á yfir skipi eða skipsflaki, kröfu til bóta, þó að eign hans sje spilt fyrir þær ráðstafanir, sem í þessari grein segir.

Til tryggingar kostnaði af ráðstöfunum samkvæmt þessari grein er skip eða skipsflak, svo og farmur, ef hætta stafar af honum eða verulegt óhagræði, og andvirði, ef sala hefir farið fram, að veði framar öllum öðrum höftum, er á þeim kynnu að hvíla. Má selja það, er bjargast kann, á opinberu uppboði til greiðslu kostnaðar, en það, er afgangs kynni að verða, skal greiða rjettum aðiljum samkvæmt 18. gr. 2. málsgr.

31. gr.

Fyrirmæli laga þessara hagga ekki reglum þeim um skipsflök á höfnum inni, sem settar eru eða settar kunna að verða í löggiltum reglugerðum kaupstaða eða kauptúna.

32. gr.

Um refsingar fyrir brot á lögum þessum fer sem hjer segir:

1. Ef einstakir menn brjóta það, sem þeim er boðið í 1., 10., 11. og 13. gr., eða hafa í frammi einræði eða mótþróa við bjögun eða tefja hana viljandi, þá varðar það 10—1000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.
2. Ef lögreglustjóri, sjerstakur umboðsmaður hans eða hreppstjóri eða önnur stjórnvöld brjóta lög þessi, þá fer um refsingar fyrir það eftir almennum hegningarlögum.

33. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum gegn ákvæðum laga þessara skal farið sem með almenn lögreglumál, nema sakamálameðferð skuli beitt.

34. gr.

Lög þessi skal þýða á dönsku, ensku, þýsku og frönsku og sjerprenta, enda skal fá lögreglustjórum nægan forða af sjerprentunum og þýðingum til afnota handa hreppstjórum og öðrum, sem á þeim þurfa að halda.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

Frá sama tíma eru úr gildi numin þessi lagaboð:

Opið brjef 4. maí 1778, 1.—4. gr.

Opið brjef 2. apríl 1853.

Lög nr. 1, 14. jan. 1876.

Lög nr. 2, 2. febr. 1894, 6. gr.

Lög nr. 18, 2. nóv. 1914.

Lög nr. 56, 30. nóv. 1914, X. kap., að því leyti sem hann tekur til skipstranda, og loks öll önnur lagafyrirmæli, sem koma í bága við lög þessi.

Ed. 222. Þingsályktun

um sæsímasambandið við útlönd o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 25. mars).

Alþingi ályktar að heimila atvinnumálaráðherra að útvega konungsúrskurð, er leyfi h/f Hinu mikla norræna ritsímafjelagi í Kaupmannahöfn að starfrækja sæsímann milli Hjaltlands, Færeyja og Íslands, með þeim skilmálum, sem greinir í samningum 30. nóv. 1925.

Ed. **223. Þingsályktun**

um ellitrygging.

(Afgreidd frá Ed. 25. mars).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka á ný, á hvern hátt og með hvaða skilyrðum megi lögleiða almenna ellitrygging, og sje niðurstaðan lögð fyrir næsta Alþingi.

Ed. **224. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um afnám gengisviðauka á vörutolli.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 25. mars 1926.

Björn Kristjánsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Jónas Jónsson, með fyrirvara.

Ingvar Pálmason. Gunnar Ólafsson.

Ed. **225. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á veg- og brúarstæðum á Norður- og Austurlandi.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta nú í sumar fara fram rannsókn á því, hve mikið myndi kosta að gera akveg með tilheyrandi brúm á þeim leiðum, sem hjer eru tilgreindar, og leggja niðurstöðuna fyrir næsta Alþingi.

1. Frá Hellisheiði um láglendi Vopnafjarðar yfir Selá.
2. Frá Þórshöfn yfir Þistilfjörð að Garði.
3. Frá Kópaskeri að mynni Ásbyrgis.
4. Frá Breiðumýri yfir Fljótsheiði og Skjálfandafljót að Fnjóskárbrú.

Greinargerð.

Nú liggur fyrir kostnaðaráætlun um akveg milli Borgarness og Akureyrar. Að þeim vegi verður unnið á næstu árum. En um fjögur undirlendin í Þingeyjarsýslum og Vopnafirði þarf að leggja akbraut samhliða hinni aðalbrautinni.

Tillaga þessi miðar að því að gera þinginu fært að hefja á næstu árum mikla vegagerð í þessum hjeruðum.

Nd. **226. Breytingartillögur**

við frv. til laga um útsvör.

Frá Bernh. Stefánssyni.

I. Við 8. gr.
a. b-liður breytist þannig:
Á eftir »laxveiði« komi: selveiði.
b. Á eftir b-lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Ef hann rekur atvinnu í fleiri sveitum en einni, ekki skemur en 8 vikur. Svo og ef rekin hefir verið verslun, hvalveiði, síldarkaup, síldarsala, síldarverkun, síldarbræðsla eða annar síldaratvinnurekstur, verksmiðjuiðnaður hverskonar sem hann er, enda þótt skemur sje rekið. Ennfremur ef skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda, að minsta kosti samtals 4 vikur af gjaldárinu; ef um síldarafla er að ræða, má þó sá tími skemri vera.

II. Við 9. gr. 1. Liðurinn falli burt.
2. a. Fyrir »3 mánuði« komi: 2 mánuði.
b. Fyrir »3000 kr.« komi: 1000 kr.

III. Við 13. gr.
Fyrri málsgrein falli burt.

Nd. **227. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þskj. 210. (Ritsíma- og talsímakerfi).

Frá Jóni Sigurðssyni.

Við tölulið 1. Aftan við liðinn bætist:
Lína að Selnesi á Skaga.

Nd. **228. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þskj. 210. (Ritsíma- og talsímakerfi).

Flutningsm.: Pjetur Ottesen, Pjetur Þórðarson.

Við tölulið 1. Aftan við liðinn bætist:

a. Lína frá Stórakroppi um Reykholt, Stóra-Ás í Hálsasveit að Bjarnastöðum í Hvítársíðu.
b. Lína frá Hesti fram Lundarreykjadal.

Ed. **229. Tillaga**

til þingsályktunar um björgunar- og eftirlitsskipið »Þór«.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Alþingi ályktar að samþykkja kaup ríkisstjórnarinnar á björgunar- og eftirlitsskipinu »Þór« fyrir alt að 80 þúsund krónur, með því skilyrði, að ríkið láti skipið framvegis, meðan það er vel til þess fært, halda uppi á kostnað ríkissjóðs samskonar björgunar- og eftirlitsstarfsemi við Vestmannaeyjar í $3^1/_2$—4 mánuði (vetrarvertíðina) árlega, sem það hefir haft á hendi undanfarin ár, enda leggi bæjarsjóður Vestmannaeyjakaupstaðar árlega fram 25 þúsund krónur til útgerðar skipsins.

Nd. **230. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1927 og við breytingartillögur á þskj. 184.

I. Frá *Pjetri Ottesen.*
Við 5. gr. 3. (Endurgreidd lán).
Fyrir »20000« kemur 83000

II. Frá *Sigurjóni Jónssyni.*
Við 5. gr. 3. (Endurgreidd lán).
Fyrir »20000« kemur... 80000

III. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 12. gr. 10. Nýr liður:
Til Óskars Einarssonar læknis, utanfararstyrkur 1200

IV. Frá *Bernharði Stefánssyni.*
Við 12. gr. 15. d. (Sjúkraskýli og læknisbústaðir).
Liðinn skal orða svo:
Til Siglufjarðarkaupstaðar, til að reisa sjúkrahús 30000

V. Frá *Jóni Kjartanssyni.*
Við 12. gr. 15. d. (Sjúkraskýli og læknisbústaðir).
Fyrir »15000« kemur 30000

VI. Frá *Sigurjóni Jónssyni.*
Við 12. gr. 15. d. Nýr liður:
Lokastyrkur til byggingar sjúkrahússins á Ísafirði 10000

VII. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*
Við 12. gr. 15. d. Nýr liður:
Til sjúkraskýlisbyggingar í Borgarnesi, 1/3 kostnaðar, alt að... 5000

VIII. Frá *Birni Lindal.*
Við 12. gr. 15. o. Nýr liður:
Til Jóns Kristjánssonar, veitingamanns á Akureyri, til þess að bæta honum að nokkru skaða, er hann beið af sóttvarnarráðstöfunum árið 1924 4000

IX. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 13. gr. B. II. a. 3. Nýr liður:
Vesturlandsvegur (frá Fellsenda á leið suður yfir Brattubrekku) 15000

X. Frá *Halldóri Stefánssyni* og *Árna Jónssyni.*
Við brtt. 184. 13. Við 13. gr. B. II. a. 9. (Hróarstungnavegur).
Fyrir »20000» kemur... 27500

XI. Frá *Birni Lindal* og *Bernharði Stefánssyni.*
Við 13. gr. B. II. Nýr rómv. liður:
Til Heilsuhælisfjelags Norðurlands, til endurgreiðslu á kostnaði við vegargerð frá Eyjafjarðarbraut að fyrirhuguðu berklahæli í Kristsnesi, eftir reikningi, alt að 10000

XII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 13. gr. B. II. Nýr rómv. liður:
Til vegagerðar milli Ísafjarðar og Önundarfjarðar.. 20000
Til vara 15000

XIII. Frá *Arna Jónssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*
Við 13. gr. B. III. (Brúargerðir):
Fyrir »200000« kemur 224000
[Viðbótin ætluð til brúar á Selá í Vopnafirði].

XIV. Frá *samgöngumálanefnd.*
Við 13. gr. C. 2.
1. Liðurinn orðist svo:
Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum:
a. Rekstrarstyrkir 89900
2. Nýr stafliður:
Báta- og vjelkaupastyrkir 18500

XV. Frá *Halldóri Stefánssyni* og *Árna Jónssyni.*
Við brtt. 184, 17. Við 13. gr. D. II. (Nýjar símalagningar).
Fyrir »315000« kemur 330000
[Viðbótin ætluð til Loðmundarfjarðarsíma.]

XVI. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 14. gr. B. VIII. 3.
1. Liðinn skal orða svo:
Til húsmæðraskóla á Staðarfelli:
a. Til starfrækslu skólans, enda samþykki atvinnumálaráðherra reglugerð hans... 3000
2. Nýir stafliðir:
a. (b.) Til breytinga og aðgerða á Staðarfellshúsinu, þar með talin eldavjel, sem um leið sje miðstöð fyrir húsið 4800
b. (c.) Til Sigurborgar Kristjánsdóttur, til greiðslu á kostnaði vegna ófyrirsjáanlegs dráttar á stofnun skólans. 3000

XVII. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 1. c. 1. (Búnaðarnám á Eiðaskóla).
Við liðinn kemur athugasemd:
Alt að helmingi fjárins má verja til verðlauna handa nemendum.

XVIII. Frá *Sveini Ólafssyni* og *Jóni Kjartanssyni.*
Við 15. gr. 3. f. (Þjóðmenjasafnið). Nýr liður:
Til að rita og safna gögnum til menningarsögu... 2500
Fje þessu skal varið eftir ráðstöfun landsbókavarðar og fornmenjavarðar til þess að draga saman ýmiskonar fróðleik um lifnaðarháttu og hagi alþýðu á undanförnum tímum.

XIX. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 16. (Leikfjelag Reykjavíkur).
Fyrir »4000« kemur 6000

XX. Frá *Birni Líndal.*
Við 15. gr. 16. Nýr liður:
Til Leikfjelags Akureyrar 1000

XXI. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 15. gr. 17. c. Nýr liður:
Til Þórarins Jónssonar tónlistarnema í Berlín ... 3000

XXII. Frá *Ólafi Thors.*
Við 15. gr. 17. e. Nýr liður:
Til Önnu Borg, til leiklistarnáms erlendis 2000

XXIII. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 17. e. Nýir liðir:
1. Til Soffíu Guðlaugsdóttur Kvaran, til utanfarar til leiklistarnáms 1000
2. Til Haralds Björnssonar, til leiklistarnáms 2000
3. Til Sigurðar Birkis söngmanns, til Rómaferðar 2000
4. Til Einars Markans, til söngnáms 2000
5. Til Gunnlaugs Blöndals málara 2000

XXIV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 17. e. Nýr liður:
Til Jóns Stefánssonar málara 4000

XXV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Tryggva Þórhallssyni:*
Við 15. gr. 17. e. Nýr liður:
Til Jóns Þorleifssonar málara, ferðastyrkur... ... 2500

XXVI. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 15. gr. 19. (Þórbergur Þórðarson).
Liðurinn fellur niður.

XXVII. Frá *Jóni Kjartanssyni.*
Við 15. gr. 30. Nýr liður:
Til cand. mag. Björns K. Þórólfssonar, til þess að kynna sjer skipulag og vinnu í skjalasöfnum erlendis ... 1500
Til vara... 1000

XXVIII. Frá *Sigurjóni Jónssyni.*
Við 16. gr. 17. Nýr liður:
Til hafskipabryggju Ísafjarðarkaupstaðar og mannvirkja við hana... 60000

Styrkurinn greiðist þannig, að dýrtíðarlán kaupstaðarins við ríkissjóð lækki um þessa upphæð, en ógreiddir áfallnir vextir af upphæðinni falli niður.

XXIX. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Jóni A. Jónssyni* og *Sigurjóni Jónssyni.*
Við 16. gr. 21. (Samband ísl. heimilisiðnaðarfjel.):
Athugasemdina skal orða svo:
Sambandið greiði þó Guðmundi Jónssyni frá Mosdal 1200 kr., enda haldi hann uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og húsgagnagerð fyrir Vestfirði.

XXX. Frá *Jóni Kjartanssyni.*
Við 16. gr. 23. Nýr liður:
Til Kvenfjelags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna 1000
Til vara 600

XXXI. Frá *Birni Lindal* og *Halldóri Stefánssyni.*
Við 16. gr. 25. Nýr liður:
Til Kvenrjettindafjelags Íslands, upp í kostnað við landsfund kvenna á Akureyri sumarið 1926 1000

XXXII. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*
Við 16. gr. 30. Nýr liður:
Styrkur til Jóns Helgasonar í Borgarnesi, til að gera vindknúða rafmagnsstöð 10000

XXXIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni, Pjetri Ottesen* og *atvinnumálaráðh.*
Við 16. gr. 31. (Þórður Flóventsson).
Fyrir »1500« kemur 2000
Til vara 1800

XXXIV. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*
Við 16. gr. 31. Nýr liður:
Til að gera laxgenga fossana Glanna og Laxfoss í Norðurá í Mýrasýslu, 1/3 kostnaðar, alt að 1000

XXXV. Frá *Pjetri Ottesen.*
Við 16. gr. 35. Nýr liður:
Eftirgjöf á dýrtíðarláni Innri-Akraneshrepps 3000

XXXVI. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 18. gr. II. d. 24. (Prestsekkjur). Nýr liður:
Til Guðrúnar S. Jónsdóttur 300

XXXVII. Frá *Bernharði Stefánssyni.*

Við 18. gr. II. i. 5. Nýr liður:

Til Jakobínu Sveinsdóttur jubil-ljósmóður 500

XXXVIII. Frá *Jóni Kjartanssyni.*

Við 22. gr. 3. Nýr liður:

Alt að 5000 kr. til Mýrdalshjeraðs. Lánið veitist til 20 ára, með 5½ % vöxtum, gegn ábyrgð Vestur-Skaftafellssýslu.

XXXIX. Frá *atvinnumálaráðherra.*

Við 23. gr. Aftan við greinina kemur ný málsgrein:

Ennfremur að greiða halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1926, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

XL. Frá *Sveini Ólafssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*

Við 23. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:

Stjórninni er heimilt að ábyrgjast 25000 kr. lán til tóvinnufjelags á Reyðarfirði, gegn endurtryggingum þeim, er hún metur gildar.

Ed. **231. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað framangreint frumvarp. Sjer hún enga ástæðu til þess að neita Vestmannaeyingum um lagaheimild til þess að afla fjár í bæjarsjóð með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, til þess að standast kostnað af þeim framkvæmdum, sem þar eru nefndar.

En af því að svo virðist, sem frumvarpið sje samið án nægilegs tillits til þeirra kringumstæðna, sem eru fyrir hendi í Vestmannaeyjum, þar sem ríkissjóður er eigandi því sem næst alls lands eða lóða í kaupstaðnum, þá þótti nefndinni, sem það yrði að gera á frumvarpinu allverulegar breytingar, til þess að það gæti orðið að lögum. En með þeim breytingum, sem nefndin telur rjett að gerðar sjeu á frumvarpinu og hjer fara á eftir, leggur hún það til, að háttv. deild samþykki það.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Orðið »allar« falli burt.
2. Við 2. gr. a. Í stað orðanna í 2. málsgrein »— fjörutíu aura — af hverj-

um hundrað krónum virðingarverðs, samkv. fasteignamatslögum« komi: — fjörutíu aura — af hverjum fullum hundrað krónum virðingarverðs, samkv. fasteignamatslögum. Minni upphæð en hundrað krónur kemur ekki til greina.

b. Á eftir orðunum í 3. málsgrein »tún og hagar« komi: matjurtagarðar og fiskreitir.

c. Í stað orðanna í 4. málsgrein »lóða, eða leigjendur . . . . . hvílir á« komi: leigutakar lóða eða notendur, sem samkv. byggingarbrjefi eða öðrum heimildum hafa umráð þeirra.

3. Við 5. gr. a. Í staðinn fyrir orðið »fasteign« komi: húseign.

b. Á eftir orðunum »veðkröfum á eigninni« komi: að fasteignarskatti til ríkissjóðs undanskildum.

c. Á eftir greininni komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú greiðir leigutaki eða notandi lóðar eigi fasteignargjaldið í 2 ár, og hefir hann þá fyrirgert leigurjetti eða afnotarjetti sínum.

4. Við 6. gr. Önnur málsgrein falli burt.

5. Á eftir 6. gr. komi ný grein (7. gr.), svo hljóðandi:

Með lögum þessum er úr gildi felld, að því er Vestmannaeyjakaupstað snertir, 2. gr. laga nr. 18, 18. maí 1920, um gjald til holræsa og gangstjetta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri.

6. 7. gr. verður 8. gr.

Alþingi, 26. mars 1926.

Jóh. Jóhannesson, form. Eggert Pálsson, fundaskrifari og frsm. Guðm. Ólafsson.

Nd. **232. Breytingartillaga**

við frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Í öllum kaupstöðum og kauptúnum, þar sem er kirkja, er bönnuð öll umferð bifreiða á messudögum frá kl. 11 f. h. til kl. 4 síðd.

Nd. **233. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 28, 8. nóv. 1883, um að stofna slökkvilið á Ísafirði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað 2. málsgr. 2. gr. laganna komi:

Þegar eldsvoði kemur upp, eru allir verkfærir karlmenn í bænum skyldir til að koma til brunans. Þeim er skylt að hlýða fyrirskipunum yfirmannsins yfir slökkviliðinu, eða aðstoðarmanna hans, um alt, er að því lýtur að bjarga úr eldinum, slökkva hann eða varna útbreiðslu hans.

Bæjarstjórnin semur reglugerð um skipun slökkviliðs og um brunamál, er stjórnarráðið staðfestir, og má ákveða sektir, alt að 50 kr., fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Sektir renna í bæjarsjóð Ísafjarðar.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Með mál út af brotum gegn reglugerð þeirri, er um er getið í 2. gr., skal farið sem opinber lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **234. Fyrirspurn**

til landsstjórnarinnar um eftirgjöf á skuld.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Hver var skuld Kaupfjelags Reykjavíkur við tóbakseinkasölu ríkisins? Hefir landsstjórnin gefið eftir þessa skuld og, ef svo er, þá af hvaða ástæðum og með hvaða lagaheimild?

Ed. **235. Lög**

um framlag til kæliskipskaupa o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 26. mars).

1. gr.

Þegar h/f Eimskipafjelag Íslands lætur byggja nýtt millilandaskip, er ríkisstjórninni heimilt að veita til þess styrk úr ríkissjóði, alt að 350000 kr.,

gegn því, að skipið hafi fullkominn kæliútbúnað, 2 milliþilför og að efsta þilfar, efra milliþilfar, skipshliðar og þverveggir milli lestarúma sje einangrað fyrir kæliflutning.

2. gr.

Ríkisstjórninni er ennfremur heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs það eða þau lán, sem fjelagið þarf til skipsbyggingar þessarar, enda sje skipið að veði gagnvart lánveitanda eða ríkissjóði.

3. gr.

Eimskipafjelaginu er óheimilt að selja skipið, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar, og ef skipið strandar, er fjelaginu skylt, annaðhvort að láta smíða nýtt skip af sömu gerð eða endurgreiða ríkissjóði framlag hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 236. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

Flutningsm.: Pjetur Þórðarson.

Á eftir 2. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 12. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Rjett er, í reglugerð, sem sett er samkvæmt lögum þessum, að ákveða lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir bifreiðarstjóra, með hæfilegri hliðsjón af hættu, sem stafað gæti af ofþreytu eða svefnleysi.

Greinatalan breytist eftir því.

Nd. 237. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þskj. 146. (Fræðsla barna).

Frá Jóni Sigurðssyni.

Við 2. a. Fyrir »fræðslumálastjóra« komi: skólanefndum.

Ed. **238. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 23. mars 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Ingvar Pálmason, frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.

Nd. **239. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1927.

Frá Jakob Möller.

Við 15. gr. 23 (Guðbr. Jónsson).
Fyrir »1200« komi: 1500.

Nd. **240. Nefndarálit**

um strandferðir og flóabátaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

I. Strandferðir.

Því hefir af ýmsum verið haldið fram, að samgöngur á sjó væru nú minni og lakari en áður var, þá er þær voru bestar.

Þetta álit munu menn hafa bygt á því, að fyr voru það fleiri skip, sem önnuðust hinar svokölluðu strandferðir.

Til þess að bæði þingmenn og aðrir, sem láta sjer umhugað um að kynnast hinu rjetta í þessu máli, þurfi ekki að leita á mörgum stöðum eftir upplýsingum í þessu efni, hefir framsögumaður nefndarinnar tekið sjer fyrir hendur að safna skýrslum um samgöngur á sjó, og eru hjer birtar skýrslur frá árunum 1908 og 1912, *einmitt þeim árunum, sem samgöngur á sjó hafa bestar*

verið fram til ársins 1924, svo og frá yfirstandandi ári. Samkvæmt ferðaáætlunum þessara ára verður niðurstaðan af þessum rannsóknum sú, að árið 1908 hafa viðkomur skipa verið alls 832, árið 1912 986 og árið 1926 1187. Um þetta verður tekið nánar fram í framsögunni.

Þess ber að minnast, þegar samanburður er gerður á samgöngum nú og fyr, að þau skip, sem nú ganga hjer við land, eru undantekningarlítið 1. fl. farþegaskip, en áður voru mörg þeirra ljeleg flutningaskip með litlu eða engu farrými, svo sem »Mjölnir«, »Ingolf« og »Ask«.

Oft voru þessi ljelegu skip svo yfirfull, að viðkoma þeirra var gagnslaus. Þess utan ógerningur að ferðast með þeim vegna farrýmisleysis, svo og þess, að þau komust ekki áfram, ef nokkuð verulegt var að veðri, vegna gangtregðu.

Þó má ekki ganga framhjá því, að þær viðkomur, sem landsmenn fá með millilandaskipum, eru þeim ómetanlega miklu haganlegri en viðkomur strandflutningaskipa.

Einnig í því tilliti eru samgöngur nú stórum betri en áður var.

Þá má ekki gleyma því, að skip Eimskipafjelagsins koma á fjölda aukahafna, ef nauðsyn er til, t. d. hefir »Goðafoss« í einni ferð norðan um land komið við á 16 aukahöfnum.

Loks má geta þess, að flóabátaferðir eru nú miklu betri og meiri en áður voru þær. Á nokkrum stöðum hafa samgöngubætur á landi dregið úr samgönguþörfum á sjó, svo sem við sunnanverðan Faxaflóa og í Árnessýslu; en einkum mun þetta verða, þá er akvegurinn er lagður yfir Holtavörðuheiði.

Af öllu þessu er það ljóst, hversu langsamlega meiri og betri samgöngur á sjó nú eru en nokkru sinni áður.

II. Flóabátaferðir.

Svo hagar til víða á landi hjer, að ógerlegt er að nota milliferðaskip, og heldur ekki strandferðaskip, til mann- og vöruflutninga, ýmist vegna þess, að hafnir eru óhæfar slíkum skipum, eða hins, að flutningaþörfin er ekki nóg til að slík skip eigi að stunda þær samgöngur, en ódýrara og hentugra að hafa til þess smærri skip og báta.

Þessu er svo varið mjög víða, svo sem í Borgarfjarðar-, Mýra-, Hnappadals-, Dala-, Austur-Barðastrandar-, Norður-Ísafjarðar-, Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessýslum, en auk þess hefir Gullbringu- og Kjósarsýsla engin not haft strandferða um mörg ár, en í þessum hjeruðum munu búa um 30 þúsundir manns.

Það er því engin furða, þó kröfur um styrk til flóabáta sjeu margar og upphæðin, sem til þessa fer árlega úr landssjóði, æðihá.

Til samanburðar má geta þess, að þau hjeruð, sem *einkum* hafa not strandferðaskipanna, eru: Snæfellsnes-, Vestur-Barðastrandar-, Vestur-Ísafjarðar-, Stranda-, Húnavatns-, Skagafjarðar-, Þingeyjar-, Norður-Múla- og Suður-Múlasýslur. Íbúar þessara hjeraða eru um 30 þúsund.

Að svo mæltu skal vikið að þörfum fyrir hina einstöku flóabáta.

Borgarnesbátur. Þörfin fyrir góðan farkost og tíðar ferðir milli Reykjavíkur og Borgarness hefir í mörg ár verið knýjandi. Þörfin fyrir þennan flóabát

og tíðar ferðir milli áðurnefndra staða verður ennþá meiri í náinni framtíð, þ. e. þegar akbraut er komin frá Borgarnesi norður í land.

Þangað til lítur nefndin svo á, að Borgarnesbáturinn eigi að sinna aðalþörfum Breiðfirðinga til flóabátsferða. Nú í ár er svo um samið, að auk Borgarnesferðanna fer Suðurland 7 ferðir til Breiðafjarðar, og væntir nefndin, að það skipulag geti haldist næsta ár.

Breiðaflóabátur. Þörfin fyrir flóabát á Breiðafirði er einkum og aðallega í Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu.

Hafnir í þessum hjeruðum eru bæði mjög úr leið strandferðaskipa og ekki hæfar til siglinga stærri strandferðaskipum, ef til vill einkum vegna þess, að ekki eru leiðir uppmældar. Það er því hentugast, að flóabátar annist þessar ferðir, sem aðallega eru flutningaferðir; mannflutningarnir ganga um Stykkishólm eða Borgarnes.

Á næsta ári er gert ráð fyrir að bæta úr þessum þörfum:

a. með því að nota Suðurland eins og áður segir,
b. með því að styrkja mótorbát til að halda uppi ferðum innan Austur-Barðastrandarsýslu. Hafði verið óskað 10 þús. kr. styrks í þessu skyni, en nefndin ekki sjeð sjer fært að mæla með svo hárri fjárveitingu.

Djúpbáturinn. Svo er háttað í Norður-Ísafjarðarsýslu, að þar eru hvorki vegir á landi nje viðkomur póst- eða strandferðaskipa, enda er slík víðátta á sjó og landi, að óhugsandi er að ferðast á landi, þó vegir væru, og engin von, að strandferðaskip kræktu á allar þær hafnir, sem nauðsyn er að sigla á, því slíkt væri svo mikið fjártjón útgerð strandferðaskipsins, að miklu meira myndi nema en þeim styrk, sem til flóabátsins fer. Þess utan ber þess að geta, að Djúpbáturinn annast flutning aðalpóstsins — Vesturlandspóstsins — milli Ísafjarðar og Arngerðareyrar. Eingöngu þessi póstflutningur kostaði landssjóð árlega 8—10 þús. kr. fyrir nokkrum árum síðan.

Nauðsyn þessara ferða fyrir hjeraðsbúa er augljós, þar sem þeir á síðastliðnum sjö árum hafa kostað til þessara ferða um 55 þús. króna.

Hornafjarðarbátur. Vegna þess að Höfn í Hornafirði er ekki siglingahæf strandferðaskipum nema að sumrinu, er ekki hægt að komast hjá því að styrkja bát til flutninga milli Hornafjarðar og annara Austfjarða á öðrum tíma árs.

Nefndin lítur svo á, að styrkurinn komi að bestum notum á þann hátt, að Austur-Skaftfellingar hafi sem frjálsust umráð styrksins.

Skaftfellingur. Æskilegast væri, að einn og sami bátur gæti annast strandferðir frá Reykjavík fyrir Árnes-, Rangárvalla, Vestur-Skaftafellssýslu og austur í Öræfi. Nú vill nefndin, að reynt verði á næsta ári að láta »Skaftfelling« annast þessar strandferðir, að undanskildu því, að Rangæingar fái flutningastyrk milli Vestmannaeyja og lands, og ætlast til, að bátur þessi fái aukinn styrk í því skyni, þar sem á þessu svæði eru mestar hafnleysur á landi hjer. Má þó ekki búast við, að báturinn fullnægi þörfum Árnesinga og Rangæinga, þar sem aðalverkefni bátsins er, eins og að undanförnu, að annast flutninga að og frá Skaftafellssýslum.

Millilferðaskip til Suðurlandsins. Eins og á þessu ári og hinu síðasta, gerir nefndin ráð fyrir að styrkja vöruflutninga frá útlöndum til Skaftafells- og Rangárvallasýslna á árinu 1927.

Eimskipafjelag Íslands hefir tekið að sjer að sjá um útvegun skips í þessum tilgangi, og eftir hinni örðugu byrjun síðasta árs er ekki von um að komast af með minna en 4000 kr. í þessu skyni.

Smærri bátar. Um þá er ekkert annað að segja en það, sem tekið verður fram í framsögu. Að öllu þessu og fleiru athuguðu er það, að nefndin sjer ekki annað fært en að leggja til talsverða hækkun á styrk til flóabátaferða og leggur til, að styrknum verði skift niður eins og hjer segir:

Borgarnesbátur með 7—9 ferðir til Breiðafjarðar	kr.	35000
Djúpbáturinn	—	17000
Skaftfellingur með viðkomum á Stokkseyri og Eyrarbakka, auk þess sem áður var	—	18000
Flateyjarbátur	—	4500
Hornafjarðarbátur	—	7000
Millilandaskip til Skaftafells- og Rangárvallasýslna	—	4000
Rangársandsferðir	—	1200
Hvalfjarðarbátur	—	1000
Grímseyjarbátur	—	600
Rauðasandsbátur	—	400
Mýrabátur	—	400
Lagarfljótsbátur...	—	800
	Alls kr.	89900

Nefndin vill láta það álit í ljós, að þeir, sem enga skýrslu senda um það hvernig styrk þessum er varið, ættu ekki framvegis að njóta sama styrks.

Þá hefir nefndin samþykt að flytja tillögu um styrk til þriggja hjeraða, tveggja til að ljetta undir með kaup á flóabátum og eins til kaupa á nýrri mótorvjel í flóabát.

Nefndinni barst erindi frá *Djúpbátsstjórninni*, er sent hafði atv.málaráðuneytinu mjög eindregin tilmæli um að veita fjelaginu 10 þús. kr. styrk til bátskaupa. Fjelagið hafði orðið fyrir því slysi, að bátur þess fórst á síðasta ári, en fjelagið því nær eignalaust.

Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu árjettaði þessa beiðni með eindregnum tilmælum til Alþingis um sama efni.

H/f Skaftfellingur sendi einnig ósk um að fá styrk, svo því yrði kleift að fá nýja vjel í m/b Skaftfelling.

Þetta er fjelaginu og öllum aðstandendum mjög nauðsynlegt, því varla er forsvaranlegt að láta bátinn ganga á þeirri hættuleið, sem hann á yfir að fara, með jafnljelegri vjel og hann nú hefir.

Flateyjarbátur. Þá hefir verið í undirbúningi að kaupa bát til að annast ferðir frá Flatey fyrir Austur-Barðastrandarsýslu, og var óskað 10 þús. kr. styrks til að halda uppi þessum ferðum, en nefndinni leist rjettara að veita nokkurn styrk í eitt skifti fyrir öll til bátskaupa, en færa hinn árlega styrk niður í það, sem nefndin áleit, að minst yrði komist af með.

Nefndin samþykkir því að leggja til, að í þessu skyni verði veitt í fjárlögum 1927:

Til Djúpbátsins	kr.	8000
— Skaftfellings	—	8000
— Flateyjarbáts...	—	2500

Fjárhæðir þessar borgast þá fyrst, er bátar og vjel er keypt.

Alþingi, 27. mars 1926.

Jón A. Jónsson, form. og frsm. — H. J. Kristófersson. — Kl. Jónsson, fundaskrifari.

Jón Kjartansson. — Sveinn Ólafsson, með fyrirvara.

Ed. **241. Tillaga**

til þingsályktunar um eftirgjöf á skuldum og ábyrgðum.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis skorar á landsstjórnina að skýra deildinni frá, hvort það er með hennar leyfi og samþykki, og ef svo er ekki, þá með hvaða heimildum, að tvær lánsstofnanir, sem standa beint og óbeint undir eftirliti landsstjórnarinnar, hafa gefið upp í tveim tilteknum tilfellum mjög stórar upphæðir. Þau atriði, sem skýrslu er óskað um, eru:

1. Hin mikla uppgjöf útibús Landsbankans á Ísafirði.
2. Uppgjöf á skuldum, ábyrgðum og vöxtum til handa firmanu Nathan og Ólsen í Reykjavík af hálfu Landsbankans og Íslandsbanka.

Nd. **242. Breytingartillaga**

við frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar.

Frá Bernh. Stefánssyni.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:

3. Laurits Parelius Kristiansen, verkstjóra í Krossanesi, fæddum í Noregi.

Ed. **243. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í 9. gr. laganna komi: febrúarmánuði í stað »janúarmánuði«, og 1. mars í stað »1. febrúar«.

2. gr.

Í 15. gr. laganna komi: 1. dag maímánaðar í stað »1. dag aprílmánaðar«, og 1. dag júnímánaðar í stað »1. dag maímánaðar«.

Nd. **244. Frumvarp**

til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Fyrir gjöldum þeim, er ræðir um í 10. gr. hafnarlaga fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911, öðrum en vörugjaldi, ennfremur sektum samkv. 17. gr. sömu laga, skal hafnarsjóður Reykjavíkur hafa lögveð í hlutaðeigandi skipi, er gangi fyrir öllum kröfum á hendur skipum, samhliða öðrum lögveðsbundnum opinberum gjöldum.

Nd. **245. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1927.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 2. gr. 9. (Skólagjöld).
   Liðurinn falli niður.
2. Við 14. gr. B. VII.
   Athugasemdin falli niður.
3. Við 14. gr. B. XIV. 3. (Flensborgarskóli).
   Athugasemdin falli niður.

Nd. **246. Breytingartillaga**

við frv. til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Flutningsm.: Árni Jónsson og Pjetur Ottesen.

Við 29. gr. Greinin falli niður.
Greinatalan breytist samkvæmt því.

Nd. **247. Nefndarálit**

um frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Minni hluti mentamálanefndar telur þær aðalbreytingar, sem í frv. eru gerðar á skipulagi hins almenna mentaskóla, til engra bóta.

1. Engin þörf er á því að gera latínu að annari aðalnámsgrein skólans og ætla henni »meiri tíma að samanlögðu en nokkuru öðru erlendu máli, og stiltíma að auki« (7. gr.). Latínan hefir enga þá kosti, sem aðrar námsgreinar, er gagnlegri eru og nauðsynlegri, ekki hafa til að bera. Væri það spor aftur á bak að auka latínunám verulega frá því sem nú er.

2. Skifting sú í gagnfræða- og lærdómsdeild, er gerð var 1904 á mentaskólanum, hefir reynst vel. Þó skiftingunni sje haldið, er eins hægt að raða námsgreinum, t. d. tungumálum, þannig niður, að enginn bekkur þurfi niðurröðunarinnar vegna að vera of erfiður nemendunum. Það hefir ekki verið sýnt fram á, að skiftingin í gagnfræða- og lærdómsdeild þurfi að valda tvíverknaði. Hinsvegar skapar tvískiftingin vegamót á þeim aldri nemendanna, sem heppilegur er til umhugsunar um það, hvaða leið skuli valin fyrir framtíðina.

3. Ef skiftingin í gagnfræða- og lærdómsdeild væri niður feld, þá væri gagnfræðaskólinn á Akureyri slitinn úr sambandi við stúdentsmentunina og nemendum af Norður- og Austurlandi þar með gert dýrara og torveldara að ná stúdentsprófi.

4. Þróunin í skólamálum á Norðurlöndum hefir ekki gengið í þá átt, sem frv. fer, að auka að verulegum mun latínunám og afnema tvískifting mentaskólanna. Síður en svo. Styður það þá skoðun, að það fyrirkomulag, sem lögtekið var 1904 hjer á landi, sje gott og vel við það unandi.

5. Það, hversu þrálátir stuðningsmenn hins »lærða« skóla hafa verið í málaflutningi sínum á síðari þingum, mun fyrst og fremst eiga rót sína í því, að í hinn almenna mentaskóla leita nú miklum mun fleiri unglingar en áður. En fyrir þá aðsókn verður ekki girt með þeirri breytingu, sem í frv. felst. Nægir í því efni að vísa til fylgiskjals I. Hið mikla aðstreymi að mentaskól-

anum stafar að nokkru leyti frá því, hversu illa er sjeð fyrir unglingafræðslu hjer á landi, og þá einkum í Reykjavík. Brýn nauðsyn er á því, að kippa því í lag. Það, sem með þarf, er ekki að loka mentaskólanum eða þrengja götuna inn í hann, eins og oft er látið í veðra vaka — og er það þó ekki gert með þessu frv. --, heldur að opna nýjar leiðir. Væri því æskilegt, að landsstjórnin flytti á næsta þingi frv. um skipun unglingafræðslunnar í öllu landinu og gerði aðrar þær ráðstafanir, sem með þarf til að hægt sje að koma unglingafræðslu Reykjavíkur í rjett horf. Sú þörf er ríkust, en henni verður ekki á neinn hátt fullnægt með því frv., sem nú liggur fyrir Alþingi. Það á að byrja á rjetta endanum. Með þessu skal þó alls ekki fullyrt, að ekki megi með lagabreytingum eða reglugerðar gera eitthvað til bóta að því er hinn almenna mentaskóla snertir, en það mun hvorki fólgið í aukinni latínu nje óskiftum »lærðum« skóla.

Minni hlutinn leggur því til, að frv. verði felt.

Með áliti minni hlutans fylgja tvö skjöl:

1. Brjef frá rektor hins almenna mentaskóla.
2. Brjef frá tveim kennurum stærðfræði- og náttúrufræðideildar sama skóla.

Alþingi, 27. mars 1926.

Bernharð Stefánsson, Ásgeir Ásgeirsson,
fundaskrifari, frsm.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 27. mars 1926.

Út af frumvarpi því, sem nú liggur fyrir Alþingi um breytingu á reglugerð Mentaskólans, sneri jeg mjer til kennaranna, sem eðlisfræði og efnafræði kenna í stærðfræði- og náttúrufræðideild Mentaskólans, þeirra veðurstofustjóra Þorkels Þorkelssonar og rafmagnsstjóra Stgr. Jónssonar, og bað þá um að láta uppi álit sitt um það, hvort þeir teldu tveggja ára nám í þessum greinum nægilegt til þess, að stúdentar hjeðan úr stærðfræðideild skólans gætu fengið próflaust aðgang að Fjöllistaskólanum í Kaupmannahöfn eða öðrum samskonar skólum á Norðurlöndum.

Skilst mjer, að þeir komist að þeirri niðurstöðu, að svo muni ekki vera.

Leyfi jeg mjer hjer með að senda Mentamálanefnd Alþingis til athugunar þetta álitsskjal þeirra.

Um frumvarpið að öðru leyti ætla jeg ekki að fara mörgum orðum. Að eins skal jeg taka það fram, að jeg tel mjög vafasamt, að það yrði til nokkurra bóta, þó að það yrði að lögum, og ekki líklegt, að aðsóknin að Mentaskólanum mundi minka fyrir það, að latína væri og kend í 3 neðri bekkjum skólans, og það því síður, sem inntökuskilyrðin í fyrsta bekk eiga að verða mun vægari en þau nú eru, þar sem ekki á að heimta neina kunnáttu í mannkynssögu, landa-

fræði og náttúrusögu til inntökuprófs. Því að eins kynni að draga eitthvað úr aðsóknínni, að jafnhliða breytingunni risi upp góður og fullkominn gagnfræðaskóli hjer í bænum.

Annars er það skoðun mín, að töluvert gagn sje að því latínunámi, sem nú er í Mentaskólanum, og að stúdentar hjeðan nú sjeu að ýmsu leyti betur að sjer og engu síður þroskaðir en þeir voru fyr á tímum, meðan meiri áhersla var lögð á latínukunnáttu.

Virðingarfylst

G. T. Zoëga.

Til Mentamálanefndar Alþingis 1926.

Fylgiskjal II.

Samkvæmt umtali höfum við yfirfarið hið nýja frumvarp um lærða skólann, er nú liggur fyrir Alþingi, og viljum gera þessar athugasemdir og tillögur um það að því er eðlisfræði snertir.

Það er erfitt að bera saman kensluna í eðlisfræði eins og hún gæti verið við núverandi gagnfræðaskóla og hinn fyrirhugaða lærða skóla, því aðstaða eðlisfræðiskenslunnar nú er svo örðug. En það má fullyrða, að enn verri yrði útkoman í hinum fyrirhugaða skóla, ef aðstaðan yrði ekki bætt. Eðlisfræðina verður að kenna þannig, að farið er fyrst yfir undirstöðuatriðin í allri eðlisfræðinni áður en hver grein er kend ítarlega. Greinarnar grípa svo hver inn í aðra, að miklu verri árangur fengist með öðru móti. *Það verður því enginn sparnaðar í þessari námsgrein að tímatölu frá því sem nú er.* Hinsvegar hefir sú breyting, að skifta í deildir ári seinna, það í för með sjer, að bókmentadeildin verður að læra meiri eðlisfræði (og stærðfræði) en nú. Því þess seinna sem skift er, þess minni verður munur á nemendum, en *eðlisfræði og stærðfræði má ekki minka* úr því, sem nú er, af því að teknisku háskólarnir setja þetta »pensum«, sem nú er kent, að inntökuskilyrði, en almennir háskólar setja engin sjerstök skilyrði. En þegar allir nemendur verða að læra meira sameiginlega í eðlisfræði en nú, miðar kenslunni hægar áfram. Það er því augljóst, að færri en 23 tíma, sem nú eru kendir, verður ekki hægt að komast af með handa eðlisfræði og efnafræði, og auk þess 2, eins og nú er, handa stjörnufræði. Sameiginlegu eðlisfræðiskenslunni verður að haga þannig, að kennari sýnir tilraunir í tímum; er það ekki hægt nema kenslustofan sje útbúin vatni, gasi og rafmagni og sje stofa við hliðina á kenslustofunni fyrir sýningarmunina. (Þessa stofu mætti og útbúa með myndasýningartækjum fyrir aðrar námsgreinar). Þetta þyrfti að vísu að vera nú, en verður enn nauðsynlegra, þegar kent er á skemri tíma (á 4 vetrum í stað nú á 5). Ennfremur þarf tilraunastofan að stækka, sjerstaklega þurfa efnafræðistilraunirnar að vera aðskildar frá eðlisfræðinni. Þyrftu stofurnar að vera aðskildar af gangi eða forstofu. Með því að frumvarpið gerir ráð fyrir heimavistum, mætti líklega koma þessum breytingum í kring á ódýran hátt með því að rýma til í

skólanum, en stækka heimavistarhúsið að sama skapi. Auk þessarar aukningar vegna eðlisfræðinnar, sem í sjálfu sjer er nauðsynleg þegar, þótt hún verði enn nauðsynlegri, ef frumvarpið nær fram að ganga, er enn eitt atriði, það er *að fastakennari verður að koma að þessari kenslu* sem fyrst, og væri æskilegt að hann væri með í ráðum um þessar breytingar.

Með þessum endurbótum, sem hjer er talað um, má gera ráð fyrir, að hægt sje að ná sama árangri í eðlisfræðiskenslu eins og má nú með núverandi tilhögun, þó má ekki þjappa þessum námsgreinum of mikið saman á fáa vetur, og betra samband þarf að komast á milli stærðfræðiskenslunnar og eðlisfræðiskenslunnar.

Að því er snertir einstakar greinar frumvarpsins skal það tekið fram, að orðið »eðlisvísindi« í 3. gr. er villandi eins og það er notað, ætti þar að standa: náttúrusaga eða -lýsing eða náttúruvísindi eða -fræði. En í stað: »eðlisfræði (stjörnufræði og efnafræði)« ætti að koma: »eðlisvísindi (eðlisfræði, stjörnufræði og efnafræði)«. Ennfremur vantar í 7. gr. að ákveða, að latína nái aðeins til málfræðisdeildarinnar.

Með ofangreindum athugasemdum er enginn dómur lagður á stefnu frumvarpsins yfirleitt eða aðrar einstakar námsgreinar, sem ekki snerta þá námsgrein, er við kennum.

Virðingarfylst

Reykjavík, 10. mars 1926.

Steingr. Jónsson. Þ. Þorkelsson.

Til rektors hins almenna mentaskóla.

Nd. 248. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1927.

I. Frá *meiri hluta sjávarútvegsnefndar.*
Við 13. gr. E. V. Á eftir b-lið kemur nýr liður:
Til hljóm- og ljósdufla á Valhúsgrunni og Siglufjarðarhellu, alt að 25000
enda greiði Hafnarfjörður 1/3 kostnaðar við duflið á Valhúsgrunni, en Siglufjörður 1/3 kostnaðar við duflið á Siglufjarðarhellu.

II. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
1. Við 14. gr. B. III, 8. Liðurinn orðist svo:
Til vísindalegra áhalda og til þess að kaupa skuggamyndavjel til notkunar við kensluna... 1500

2. Við 14. gr. B. III, 12. Nýr liður:
   Til þess að setja miðstöðvarhitun í mentaskólahúsið.. ... 13000
3. Við 15. gr. 24. Nýr liður:
   Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga 2000

Ed. **249. Nefndarálit**

um frv. til laga um veðurstofu á Íslandi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir haft frv. þetta til athugunar og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 29. mars 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrifari.	Ingvar Pálmason, frsm.

Ed. **250. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:

Öll laun yfirsetukvenna skulu goldin að hálfu úr sýslu- og bæjarsjóðum og að hálfu úr ríkissjóði.

Greiðsla þeirra utan kaupstaða fari fram einu sinni á ári, á manntalsþingum, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Laun yfirsetukvenna skulu vera 300 krónur á ári og hækka 3. hvert ár um 50 krónur, upp í 500 krónur.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

Auk launa þeirra, sem áður getur, fá yfirsetukonur í þeim umdæmum, sem hafa yfir 1000 íbúa, 30 krónur fyrir hverja 100 íbúa, sem fram yfir eru, þó svo, að öll launin, án dýrtíðaruppbótar, fari eigi fram yfir 1500 kr.

í kaupstöðum, þar sem eru tvær yfirsetukonur eða fleiri, skal deila íbúatölunni millum þeirra og reikna þeim launaviðbótina eftir því.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1927.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 76, 28. nóv. 1919, og gefa þau út svo breytt.

Ed. **251. Frumvarp**

til laga um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fje það, sem útheimtist til að standa straum af útgjöldum Vestmannaeyjakaupstaðar til bæjarþarfa, skal, að svo miklu leyti, sem það verður ekki lagt á með niðurjöfnun útsvara og liggur í sjerstökum tekjum, fengið með því að leggja gjald á fasteignir í kaupstaðnum.

2. gr.

Fasteignagjald samkv. 1. gr. skal miða við virðingarverð eftir fasteignamatslögum, og ákveðst það þannig:

Af öllum húseignum í bænum, úr hvaða efni sem þau eru og til hvers sem þau eru notuð, ennfremur af öllum lóðum, sem einstakir menn eiga eða hafa leigurjett yfir, skal greiða í fasteignagjald 0,4% — fjörutíu aura — af hverjum fullum hundrað krónum virðingarverðs, samkv. fasteignamatslögum. Minni upphæð en hundrað krónur kemur ekki til greina.

Undanskilin gjaldi þessu eru öll tún og hagar, matjurtagarðar og fiskreitir, svo og allar fasteignir bæjarins og allar eignir ríkissjóðs, sem ekki eru öðrum leigðar.

Gjald þetta greiði eigendur húsa og leigutakar lóða eða notendur, sem samkv. byggingarbrjefi eða öðrum heimildum hafa umráð þeirra.

3. gr.

Fyrir gjald þetta annast bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sót-, sorp- og salernahreinsun og gerir ráðstafanir til þess að fyrirbyggja eldsvoða.

4. gr.

Fasteignagjald skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkerans í Vestmannaeyjum, og er gjalddagi 15. maí ár hvert.

5. gr.

Fasteignagjaldið hvílir sem lögveð á húseign þeirri, sem það er lagt á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum á eigninni, að fasteignaskatti til ríkissjóðs undanskildum. Brenni hús eftir gjalddaga, hefir fasteignagjaldið og forgangsrjett í brunabótum á sama hátt.

Nú greiðir leigutaki eða notandi lóðar eigi fasteignagjaldið í 2 ár, og hefir hann þá fyrirgert leigurjetti eða afnotarjetti sínum.

6. gr.

Sje fasteignagjald, útsvar eða önnur bæjargjöld ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi skattsins greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi 1% — einni krónu af hverjum 100 krónum — fyrir hvern mánuð eða part úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

Dráttarvextir hafa lögtaksrjett á sama hátt og sjálf gjöldin.

7. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feld, að því er Vestmannaeyjakaupstað snertir, 2. gr. laga nr. 18, 18. maí 1920, um gjald til holræsa og gangstjetta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæðum 6. greinar um dráttarvexti skal þó ekki beitt fyr en 3 mánuðum eftir gildistöku laganna. Fasteignagjald samkv. 1. gr. reiknist fyrst frá 1. janúar 1927.

Ed. **252. Frumvarp**

til laga um veiting ríkisborgararjettar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Ríkisborgararjettur veitist eftirnefndum mönnum:

1. Claus Gerhard Nilsen, hafnarverkamanni í Reykjavík, fæddum í Noregi.
2. Júlíusi Schopka, verslunarfulltrúa í Reykjavík, fæddum í Þýskalandi, enda sanni hann innan árs frá því að lög þessi öðlast gildi fyrir dómsmálaráðherra, að hann sje leystur frá því að vera þýskur ríkisborgari.
3. Laurits Parelius Kristiansen, verkstjóra í Krossanesi, fæddum í Noregi.

Ed. **253. Lög**

um afnám gengisviðauka á vörutolli.

(Afgreidd frá Ed. 29. mars).

1. gr.

Gengisviðauki á vörutolli fellur niður frá 1. apríl 1926.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **254. Lög**

um breytingar á lögum nr. 17, 4. júní 1924, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 29. mars).

1. gr.

Aftan við kröfurnar um kunnáttu í dönsku, í 6. gr., bætist: svo og að geta skrifað nokkurnveginn rjett danskan stíl um samskonar efni og hefir verið lesið.

2. gr.

Aftan við kröfurnar um kunnáttu í ensku, í 6. gr., bætist: svo og að geta skrifað nokkurnveginn rjett enskan stíl um samskonar efni og hefir verið lesið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **255. Þingsályktun**

um heimild til tilfærslu á veðrjetti ríkissjóðs í togurum h/f »Kára«.

(Afgreidd frá Ed. 29. mars).

Alþingi ályktar að heimila ráðherra að færa veðrjett ríkissjóðs í togurum h/f »Kára« aftur fyrir alt að 150 þús. kr. skuld fjelagsins til Íslandsbanka, að því tilskildu, að fjelagið fái nægilegt rekstrarlán til þess að halda áfram útgerð skipanna, fyrst um sinn til loka næstu vertíðar.

Nd. **256. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.

Frá Jóni Kjartanssyni.

Orðin »ennfremur sektum samkv. 17. gr. sömu laga« falli burt.

Nd. **257. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1927.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 15. gr. 17. c. Nýr liður:

Til Karls O. Runólfssonar, til hljómlistarnáms erlendis ...	3000
Til vara	2500

Ed. **258. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Flutningsm.: Einar Árnason, Eggert Pálsson, Guðm. Ólafsson.

1. 1. gr. orðist svo:
   Á eftir 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi ný grein, svo hljóðandi:
   Frá 1. janúar 1926 njóta yfirsetukonur, auk framantaldra launa, dýrtíðaruppbótar úr ríkissjóði eftir sömu reglum og starfsmenn ríkisins.
2. 2. gr. falli niður.
3. 3. gr. falli niður.
4. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Nd. **259. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1927 og við brtt. á þskj. 230.

I. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 15. gr. 19 (Þórbergur Þórðarson).
Fyrir »1200« komi: 1800.

II. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við brtt. XVI. 2. b. á þskj. 230.
Aftan við liðinn bætist:
Enda haldi hún á yfirstandandi ári vekjandi og fræðandi erindi fyrir sveitakonur og leiðbeini þeim verklega, alt eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands.

Ed. **260. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta, sem flutt er eftir tilmælum bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, fer fram á að sá tími, sem ætlaður er til að semja ellistyrktarsjóðsskrá fyrir bæinn, sje lengdur um 1 mánuð.

Þótt það geti verið álitamál, hvort jafnmikil þörf sje fyrir þessa breyting, ef samskonar breyting og háttv. deild hefir nýlega samþykt á lögum um alþingiskosningar, gengur fram, sjer nefndin ekkert því til fyrirstöðu að verða við umgetnum tilmælum bæjarstjórnar, en vill þá, að þessi rýmkun tímans til að semja skrárnar nái jafnt til allra.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Frumvarpsgreinin orðist svo:

Skrár yfir gjaldskylda til ellistyrktarsjóðs skulu samdar fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert og liggja almenningi til sýnis frá 1.—7. mars. Kærufrestur skal vera til 15. apríl og skrárnar sendar hlutaðeigandi innheimtumanni fyrir 15. maí ár hvert.

Alþingi, 30. mars 1926.

Jóh. Jóhannesson, form.	Eggert Pálsson, fundaskrifari.	Guðm. Ólafsson, frsm.

Ed. **261. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.

Frá fjárhagsnefnd.

Í stað síðustu málsgreinar 3. greinar laganna komi 2 málsgreinir, svo hljóðandi:

Kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti, sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama gildir um lóðir, er fylgja slíkum húsum.

Ef ágreiningur verður um gjaldskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 36, 4. júní 1924, var Reykjavíkurkaupstað heimilað að innheimta fasteignagjöld af húsum og lóðum í umdæminu. Í 3. grein laganna eru taldar upp þær eignir, sem eru undanþegnar þessu fasteignagjaldi, og eru það samkvæmt 1. málsgrein fasteignir bæjarsjóðs og hafnarsjóðs Reykjavíkur, og samkvæmt 3. málsgrein: »Lóðir, sem eru eign annara ríkja, að svo miklu leyti, sem þær fylgja húsum, sem notuð eru af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum, og kirkjugarðar«.

Í lögum nr. 66, 27. júní 1921, um fasteignaskatt (til ríkissjóðs), eru þessar fasteignir undanþegnar skatti: »Fasteignir ríkissjóðs, aðrar en jarðir í leiguábúð og leigulóðir. Ennfremur kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti, sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama gildir um lóðir, er fylgja slíkum húsum«.

Eins og þessi löggjöf er nú, eru skólar, sjúkrahús og þinghús bæjarins undanþegin fasteignaskatti til ríkisins, og kirkjur slíkt hið sama, ef til kæmi, en tilsvarandi húseignir ríkisins skattskyldar til bæjarins. Sem stendur greiðir ríkissjóður í fasteignagjöld til Reykjavíkurkaupstaðar:

Af alþingishúsiuu	kr. 1826,80
— dómkirkjunni	— 977.40
— mentaskólanum	— 1094.40
— kennaraskólanum	— 418.60
— stýrimannaskólanum	— 354.20
Samtals	kr. 4671.40

Ennfremur gjald fyrir Laugarnesspítala, Kleppsspítala m. fl.

Það virðist með öllu óeðlilegt, að þær tegundir fasteigna, sem eru undanþegnar fasteignaskatti til ríkissjóðs, gjaldi fasteignagjald í bæjarsjóð. Að vísu

hefir bærinn dálítinn sjerstakan kostnað af sóthreinsun, sorphreinsun og salernahreinsun þessara húsa, en hinsvegar fær bærinn vatnsskatt af þeim, sem væntanlega nægir fyrir þessum litlu beinu útgjöldum auk vatnsveitukostnaðarins. Gjald þetta yrði mjög tilfinnanlegt fyrir landsspítalann, og getur beinlínis orðið því til fyrirstöðu, að hjer verði bygðar veglegar kirkjur. Virðist því rjett, að hinar sömu eignir, sem eru undanþegnar fasteignaskatti, sjeu einnig undanþegnar fasteignagjaldi til Reykjavíkurbæjar, og fer efni frv. í þá átt.

Ed **262. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 53, 11. júlí 1911, um verslunarbækur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 30. mars 1926.

Jóh. Jóhannesson, form.	Eggert Pálsson, fundaskrifari.	Guðm. Ólafsson, frsm.

Nd. **263. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

Frá Árna Jónssyni.

Á eftir 3. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Sjerhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfjelagi, sem viðurkent er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, að upphæð 15000 kr. Skal með því vera trygð greiðsla, að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð bar á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíhjóla bifreiðar og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt trygðar fyrir 7500 kr.

Undanþegnar tryggingarskyldunni eru þær bifreiðar, sem eru íslensk ríkiseign eða ríkisstofnana eða bæjarfjelaga.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um tryggingarskylduna og um viðurkenning á tryggingarfjelögum. Skulu þar ákveðnar sektir fyrir brot á reglugerðinni.

Iðgjöld, er tryggingarskyldur bifreiðareigandi skuldar viðurkendu tryggingarfjelagi, eru lögtakskræf.

Tryggingarfjelagi skal gerður kostur á að kynna sjer í rjettinum skaðabótakröfur á hendur þeim, er trygt hefir bifreið í fjelaginu, og láta uppi álit sitt áður en skaðabótamálið er útkljáð með sætt eða dómi.

Ákvæði þessarar greinar koma til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið auglýsir viðurkenning á tryggingarfjelagi eða fjelögum.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Brtt. 200 er jafnframt tekin aftur.

Ed. **264. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 40 1919, um forkaupsrjett á jörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin telur frumvarp þetta stefna í rjetta átt, þar sem það stuðlar að því, að jarðir haldist sem lengst í eign sömu ættar, og leggur því til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 31. mars 1926.

Eggert Pálsson, form.	Gunnar Ólafsson, frsm.	Ágúst Helgason, fundaskr.

Nd. **265. Lög**

um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Nd. 31. mars).

1. gr.

Í 9. gr. laganna komi: febrúarmánuði í stað »janúarmánuði«, og 1. mars í stað »1. febrúar«.

2. gr.

Í 15. gr. laganna komi: 1. dag maímánaðar í stað »1. dag aprílmánaðar«, og 1. dag júnímánaðar í stað »1. dag maímánaðar«.

Ed. **266. Lög**

um breyting á lögum nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

(Afgreidd frá Ed. 31. mars).

1. gr.

16. gr. laga nr. 43, 3. nóv. 1915, orðist svo:

Meðan vöntun er á mönnum, er tekið hafa vjelstjórapróf samkvæmt lögum þessum, er atvinnumálaráðuneytinu heimilt að veita mönnum, sem fengið hafa vjelstjóraskírteini í öðrum löndum, samkvæmt þar gildandi lögum, skírteini þau, sem ræðir um í 5., 7., 9. og 11. gr., en þess sje þó gætt, að til þess að öðlast hið útlenda skírteini hafi orðið að fullnægja eins miklum kröfum eins og til að öðlast hið íslenska, sem um er sótt.

Sama rjett eiga þeir íslenskir ríkisborgarar og aðrir, sem sömu rjettinda njóta, sem lokið hafa vjelstjóraprófi erlendis.

Heimilt er ráðuneytinu og, meðan svo stendur á sem í byrjun 1. málsgr. segir, að veita efnilegum kyndurum undirvjelstjóraskírteini á fiskigufuskipum með minna en 900 hestafla vjel, þó aðeins til eins árs í senn. Beiðni um slík skírteini skulu fylgja meðmæli samkvæmt 5. gr. b.

Þá er ráðuneytinu og heimilt, meðan svo er sem til er skilið í byrjun 1. málsgr., að veita manni yfirvjelstjóraskírteini samkvæmt 7. og 11. gr., þótt hann hafi ekki verið nema eitt ár undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 200 hestafla vjel, ef hann að öðru leyti fullnægir kröfum 7. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **267. Frumvarp**

til laga um bryggjugerð í Borgarnesi o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta gera bryggju við Stóru-Brákarey í Borgarnesi, að undangenginni rannsókn um, hvar á eynni það sje hentugast, enda sje svo mikið dýpi við bryggjuna, að hæfilega stórt skip til flutninga milli Reykjavíkur og Borgarness geti legið við hana í hálfföllnum sjó, og skal telja kostnað af nauðsynlegum dýpkunum við hana og út frá henni með bryggjugerðarkostnaði.

2. gr.

Ennfremur er landsstjórninni heimilt að láta gera garð eða brú yfir sundið milli eyjar og lands, svo og veg eftir eynni að bryggjunni og vegarspotta á landi, eftir því sem nauðsynlegt er, til þess að koma vörum að bryggjunni og frá.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af framkvæmdum þeim, er ræðir um í 2. gr., og leggur fram helming kostnaðar við mannvirkin, sem nefnd eru í 1. gr., gegn helmings framlagi annarsstaðar frá, og má ekki byrja á verkinu fyr en það framlag er trygt. Þó má framlag til þessara framkvæmda ekki fara fram úr 150000 kr.

4. gr.

Þegar mannvirki þau, sem ræðir um í lögum þessum, eru fullgerð, eru allir, sem ferma og afferma skip í Borgarnesi, skyldir til þess að nota bryggjuna, ef unt er, nema hafnarnefnd leyfi annað.

5. gr.

Frá þeim tíma, er bryggjan er tekin til notkunar, skulu allar tekjur hennar renna í sjóð, er nefnist hafnarsjóður Borgarness. Tekjum hans og eignum má einungis verja í þarfir bryggjunnar eða til annara hafnarbóta. Það, sem eftir kann að verða á þeim tíma af núverandi hafnarsjóði, rennur í þennan sjóð.

6. gr.

Hreppsnefnd Borgarneshrepps kýs 3 menn, er búsettir sjeu í Borgarnesi, í hafnarnefnd, til þess að hafa á hendi umsjón og eftirlit með bryggjunni, reikningshald hennar, viðhald, stækkun hafnarvirkja og annað, sem henni kemur við. Menn þessir bera allir ábyrgð á eignum og tekjum bryggjunnar og eru kosnir til þriggja ára í senn. Atvinnumálaráðherra ákveður, hvenær þeir skuli fyrst kosnir.

7. gr.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar og hafnarnefndar er ráðherra heimilt að gefa út reglugerð um notkun bryggjunnar og gjaldskrá um notkunina. Í reglugerðinni má leggja sektir við vanrækslu og brotum gegn henni, setja nánari reglur um skyldur hafnarnefndar og hreppsnefndar og ákveða meðferð mála út af brotum.

8. gr.

Þegar mannvirki þau, sem í 2. gr. getur, eru fullgerð, teljast þau meðal gatna eða vega Borgarneskauptúns, og um kostnað af viðhaldi þeirra fer eftir 48. gr. vegalaga 4. júní 1924.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **268. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá Guðm. Ólafssyni.

Við 1. gr.

Fyrir »Öll laun — — úr ríkissjóði« í upphafi greinarinnar komi: Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að hálfu úr sýslusjóði og að hálfu úr ríkissjóði.

Nd. **269. Breytingartillögur**

við frv. til laga um kynbætur hesta.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Fyrri málsgr. 3. gr. orðist þannig:
   Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd velja eða útvega innan eða utan hrepps hæfilega marga góða graðhesta til undaneldis í hreppnum næsta sumar. Hesta, sem kynbótanefnd velur, skal nefndin jafnframt taka á leigu til afnota innan hrepps og semja um leiguna. Skal nefndin gera hreppsbúum það kunnugt með auglýsingu fyrir lok marsmánaðar. Heimilt er hrossakynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að hrossakynbótum, nota sömu hesta, sömu girðingar o. s. frv.
2. Við 7. gr. Fyrir »fóður — leigu eftir hann« komi: leigu eftir kynbótahest, hagagöngu, umsjón með hestinum og fóðri.
3. Á eftir 7. gr. komi ný gr. þannig:
   Hrossakynbótanefnd skal bóka ályktanir sínar og aðrar gerðir, svo sem reikninga, skýrslur, brjef o. fl.
   Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða úrslitum. Nefndarfundir eru lögmætir og ályktunarfærir, þótt einn nefndarmanna vanti, ef hinir eru sammála.
   Formaður nefndarinnar skal gera reikning yfir tekjur og gjöld kynbótastarfseminnar eftir hver áramót. Reikningurinn skal yfirskoðaður af hreppsnefnd og lagður fram á vorhreppaskilaþingi.

Nd. **270. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:

Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að hálfu úr sýslusjóði og að hálfu úr ríkissjóði.

Greiðsla þeirra utan kaupstaða fari fram einu sinni á ári, á manntalsþingum, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Laun yfirsetukvenna skulu vera 300 krónur á ári og hækka 3. hvert ár um 50 krónur, upp í 500 krónur.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

Auk launa þeirra, sem áður getur, fá yfirsetukonur í þeim umdæmum, sem hafa yfir 1000 íbúa, 30 krónur fyrir hverja 100 íbúa, sem fram yfir eru, þó svo, að öll launin, án dýrtíðaruppbótar, fari eigi fram yfir 1500 kr.

Í kaupstöðum, þar sem eru tvær yfirsetukonur eða fleiri, skal deila íbúatölunni millum þeirra og reikna þeim launaviðbótina eftir því.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1927.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 76, 28. nóv. 1919, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 271. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919. [*Ritsíma- og talsímakerfi*].

Frá Ing. Bjarnarsyni.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:

a. Lína frá Ljósavatni fram Bárðardal.
b. Lína frá Hálsi fram Fnjóskadal.
c. Lína frá Laufási upp í Fnjóskadal.

Nd. 272. Viðaukatillaga

við viðaukatillögu á þskj. 228. *[Ritsíma- og talsímakerfi]*.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson og Árni Jónsson.

Á eftir staflið b. komi tveir nýir stafliðir:

c. Lína frá Hjaltastað að Kirkjubæ.
d. Lína frá Egilsstöðum að Birnufelli.

Nd. **273. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1927.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur:

1. gr.

Árið 1927 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	225000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	950000	
3.	Lestagjald af skipum	35000	
			1210000
4.	Aukatekjur	375000	
5.	Erfðafjárskattur	40000	
6.	Vitagjald	300000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	325000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	25000	
			1090000
	Flyt...	... ...	2300000

		kr.	kr.
	Flutt...	... ...	2300000
11.	Útflutningsgjald		1000000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	650000	
13.	Tóbakstollur	775000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	1000000	
15.	Annað aðflutningsgjald	150000	
16.	Vörutollur	1375000	
17.	Verðtollur	850000	
			4800000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykursgerð ...		20000
19.	Pósttekjur	400000	
20.	Símatekjur	1300000	
			1700000
21.	Víneinkasala...		500000
	Samtals...	... ...	10320000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		5000
	Samtals...	... ...	35100

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909.	29000	
3. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	25000	
		54000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		6000
5. Vextir af viðlagasjóði		75000
6. Aðrir vextir		140000
Samtals...	... ...	325000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		2000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		80000
Samtals...	... ...	132000

II. KAFLI.

Gjöld:

6. gr.

Árið 1927 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán...	186831	
2. Dönsk lán, danskar kr. 232274 á 1/10	255501	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs, £ 8653 : 18 : 11 á 22/00	180386	
		622718
II. Afborganir:		
1. Innlend lán...	264589	
2. Dönsk lán, danskar kr. 545165 á 1/10	599682	
3. Enska lánið 1921, £ 1954 : 0 : 4 á 22/00	42988	
		907259
III. Framlag til Landsbankans, 14. greiðsla..		100000
Samtals...	... ...	1629977

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar...	195000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4800	
		199800
Samtals ..	... ...	199800

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	37500		
b. Til risnu	4000		
		41500	
2. Til utanferða ráðherra		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		77300	
4. Annar kostnaður		18000	
5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		27000	
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900		
b. Til pappírs og prentunar	9000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000		
		10900	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		3000	
II. Hagstofan.			183700
1. Laun hagstofustjóra		8700	
2. Laun aðstoðarmanns		5600	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		11000	
4. Prentun eyðublaða		2000	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		4000	
6. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		20000	
7. Til að gefa út manntalið 1703		1000	
III. Utanríkismál o. fl.			52300
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra	20000		
b. Húsaleiga	5000		
c. Kostnaður við embættið	20000		
d. Til skrifstofuhalds	17000		
		62000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála		12000	
3. Ríkisráðskostnaður		6000	
4. Kostnaður við sambandslaganefnd		6500	
			86500
Samtals			322500

11. gr.

Til dómgæslu og lögreglustjórnar o. fl. er veitt;

	kr.	kr.
A.		
Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	56450	
b. Annar kostnaður, alt að	2000	
		58450
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra ...		151700
3. Laun hreppstjóra		32000
4. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
a. Laun	27648	
b. Húsaleiga	3240	
c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
d. Ýms gjöld, alt að	2400	
		35388
5. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 4 skrifara.	21760	
b. Laun 6 tollvarða...	26880	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	1800	
e. Innheimtukostnaður	7500	
f. Ýms gjöld, alt að...	11700	
Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		74140
6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		84000
7. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		500
8. Til landhelgisgæslu, gegn jöfnu framlagi úr landhelgissjóði, alt að 125000 kr.		250000
9. Framlag til landhelgissjóðs		20000
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
11. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		12000
Flyt...	... ...	730178

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	730178
12. Borgun til sjódómsmanna		1000
13. Borgun til setu- og varadómara		3000
Samtals A.	... ...	734178

B.

Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.

1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	25000	
b. Fyrir embættisskeyti	45000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		30000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		12000
Samtals B.	... ...	142000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		297860
Þar af viðbót við lögmælt laun núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði 1700 kr. með verðstuðulsuppbót.		
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		7450
Flyt ...	... ...	307310

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	307310
Styrkurinn skiftist þannig: 1. Til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 kr. til hvers, 900 kr. — 17. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 2600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Styrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknanna Guðmundar Guðfinnssonar og Helga Skúlasonar, enda skifti þeir landinu á milli sín til yfirferðar, eftir fyrirmælum landlæknis, og hafi dvöl á að minsta kosti einni eða tveim höfnum í hverri sýslu		
		2000
6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
Styrkurinn til augnlæknis og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
8. Til geislalækningastofu ríkisins		11000
Flyt ...	... ...	323810

			kr.	kr.
		Flutt ...	... ...	323810
9.	Til sömu stofnunar, til áhaldakaupa			3000
10.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar			2500
11.	Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar ... ... Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.			2000
12.	Til Óskars Einarssonar læknis, utanfararstyrkur ...			1200
13.	Til Guðbjarnar Guðmundssonar prentsmiðjustjóra, til þess að kosta dvöl sonar síns á fábjánahæli erlendis			1000
14.	Holdsveikraspítalinn			81720
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		8700	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsmanna	13620		
	2. Viðurværi 55 manna (ca. 150 a. á dag)	30000		
	3. Klæðnaður	1800		
	4. Meðul og sáraumbúðir	1800		
	5. Eldsneyti	10000		
	6. Ljósmeti...	2400		
	7. Húsbúnaður og áhöld...	2000		
	8. Viðhald á húsum	3000		
	9. Þvottur og ræsting	1800		
	10. Greftrunarkostnaður	500		
	11. Skemtanir	600		
	12. Skattar o. fl....	4000		
	13. Ýmisleg gjöld	1500		
			73020	
			81720	
15.	Geðveikrahælið á Kleppi			66525
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		7700	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna	14500		
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 145 a. á dag)	50000		
		Flyt ... 64500	7700	481755

		kr.	kr.
	Flutt ...	64500	7700	481755
3.	Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500		
4.	Meðul og umbúðir	500		
5.	Ljós og hiti	10000		
6.	Viðhald og áhöld	13000		
7.	Þvottur og ræsting	3000		
8.	Skemtanir	750		
9.	Skattar m. m.	2500		
10.	Óviss gjöld	1400		
			99150	
			106850	
	Þar frá dragast þessar tekjur:			
	Meðgjöf með 70 sjúklingum: kr. 1,50 á dag	38325		
	Tekjur af búinu	2000		
			40325	
	Mismunur ...		66525	
16.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum			19560
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		7700	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna	37000		
	2. Viðurværi	136000		
	3. Lyf og hjúkrunargögn	12000		
	4. Ljós og hiti	25000		
	5. Þvottur og ræsting	6000		
	6. Viðhald húsa	5000		
	7. Viðhald vjela	5000		
	8. Húsbúnaður og áhöld	12000		
	9. Flutningskostnaður	5000		
	10. Óviss gjöld	3000		
			246000	
			253700	
	Flyt ...		253700	501315

		kr.	kr.
	Flutt ...	253700	501315
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	2000		
		234140	
	Mismunur ...	19560	
17. Önnur gjöld:			
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík, samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands		100000	
b. Til viðbótarbyggingar við geðveikrahælið á Kleppi		100000	
c. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur og að því tilskildu, að utanhjeraðssjúklingar, sem borgað er fyrir af almannafje, njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar.		15000	
d. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði...		23000	
e. Lokastyrkur til byggingar sjúkrahússins á Ísafirði		10000	
f. Til »Heilsuhælisfjelags Norðurlands«, til byggingar heilsuhælis í Eyjafirði. Síðari fjárveiting... ... ... Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að staðurinn, áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu og að jafnmikið fje sje lagt fram annarsstaðar að og úr ríkissjóði.		125000	
g. Bólusetningarkostnaður		2500	
h. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		15000	
i. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands...		4000	
j. Gjöld samkvæmt lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum		4500	
k. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum		2000	
	Flyt ...	401000	501315

	kr.	kr.
Flutt ...	401000	501315
l. Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
m. Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna	800	
n. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	2500	
o. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
p. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2400	
q Til Elínar Sigurðardóttur, 100 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi, alt að	1200	
		412200
18. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		27000
Samtals ...	... ...	940515

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Póstmál.		
1. Laun:		
a. Eftir launalögum	94467	
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	72500	
c. Brjefhirðingamenn	22000	
		188967
2. Póstflutningur		160000
3. Annar kostnaður:		
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	10000	
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	20000	
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	12000	
d. Önnur gjöld	46000	
		88000
Samtals A. ...		436967

			kr.	kr.
	B.			
	Vegamál.			
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
	1. Laun vegamálastjóra		8700	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings		6420	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að		4000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að		8500	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að		7000	
				34620
II.	Þjóðvegir:			
	a. Til nýrra akvega:			
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar	26000		
	2. Hvítárbraut	10000		
	3. Norðurárdalsvegur	60000		
	4. Miðfjarðarbraut	35000		
	5. Sauðárkróksbraut	18000		
	6. Þelamerkurvegur...	10000		
	7. Vaðlaheiðarvegur	50000		
	8. Vallavegur	10000		
	9. Hróarstunguvegur	27500		
	10. Biskupstungnabraut	25000		
			271500	
	b. Viðhald og umbætur		200000	
				471500
III.	Til Heilsuhælisfjelags Norðurlands, til endurgreiðslu á kostnaði við vegargerð frá Eyjafjarðarbraut að fyrirhuguðu berklahæli í Kristsnesi, eftir reikningi, alt að			10000
IV.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum			224000
V.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)			25000
VI.	Fjallvegir			12000
VII.	1. Til áhalda, alt að		15000	
	2. Til bókasafns verkamanna		300	
				15300
VIII.	Til sýsluvega:			
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annars-		30000	
		Flyt ...	30000	792420

	kr.	kr.
Flutt ...	30000	792420
staðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		
2. Til sýslusjóðsvega eftir lögum nr. 9, 1923	15000	
IX. Til dragferjuhalds:		45000
1. Á Lagarfljóti	300	
2. - Skjálfandafljóti	300	
3. - Blöndu	300	
		900
X. Styrkur til vörubifreiðaferða frá Reykjavík austur um sveitir		5000
Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir með endastöðvum Garðsauka, Húsatóftum og Torfastöðum.		
XI. Styrkir til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn		3000
Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.		
XII. Til þess að kaupa Fornahvamm og byggja þar gistihús, alt að		40000
Samtals B. ...	... ...	886320
C.		
Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Esju	150000	
b. Eimskipafjelags Íslands	60000	
		210000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum, alt að ...		85000
Samtals C. ...		295000
D.		
Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...		25000
II. Til nýrra símalagninga		330000
Flyt ...	... ...	355000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	355000
III.	Til nýrrar símalínu frá Breiðumýri til Laugaskóla, 4/5 kostnaðar, alt að		1200
IV.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Laun samkvæmt launalögum	300000	
	2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna ...	13000	
	3. Ritsímastöðin í Reykjavík	36000	
	4. Loftskeytastöðin í Reykjavík	12000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	120000	
	6. Áhaldahúsið	3000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu	12700	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	12000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	8000	
	10. Símastöðin á Borðeyri	7500	
	11. Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
	12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	9500	
	13. Símastöðin á Siglufirði	5500	
	14. Til aukaritsímaþjónustu	4000	
	15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	90900	
	16. Til uppbótar á launum:		
	a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, alt að 12600		
	b. Símritara o. fl. 8000		
		20600	
	17. Til efnisvarðar Steindórs Björnssonar	1200	
			663400
V.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		40000
VI.	Viðbót og viðhald stöðvanna		50000
VII.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		10000
VIII.	Viðhald landssímanna		150000
IX.	Til kenslu fyrir símamenn		2000
X.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
	Samtals D. ...	... ...	1273100

	kr.	kr.
E.		
Vitamál.		
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:		
1. Laun vitamálastjóra	8700	
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.		
2. Til verkfróðrar aðstoðar	6400	
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	4000	
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000	
		21100
II. Laun vitavarða..		21810
Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
III. Rekstrarkostnaður vitanna		75000
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V. Til þess að reisa nýja vita:		
a. Landtökuviti á Dyrhólaey	160000	
b. Til uppsetningar leiðarljósa	10000	
		170000
VI. Ýmislegt		10000
Samtals E. ...	... ...	307910

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsembættið:		
1. Laun biskups	9500	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		11500
Flyt ...	... ...	11500

	kr.	kr.
Flyt ...	... ...	11500
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	406	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49, 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	300000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Erfiðleikauppbót til Ögurþinga	300	
7. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
8. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	27000	
		337456
Samtals A. ...	... ...	348956
B. Kenslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	106400	
b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d. Námsstyrkur	15000	
Fjárveiting þessari skal skift í 20 skamta 450 kr. og 20 skamta 300 kr., og má að jafnaði ekki veita neinum stúdenti meira eða minna en 1 skamt; þó má leggja saman alt að 8 skamta 300 kr., og gjöra úr helmingi færri 600 kr. skamta, og veita þessa stærri skamta fátækum stúdentum, sem sýna sjerstakan dugnað við námið. Engum má veita styrk fyrsta námsárið í háskólanum.		
e. Húsaleigustyrkur	9000	
f. Til kensluáhalda læknadeildar	500	
g. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði	1800	
Flyt ...	134700	... ...

		kr.	kr.
	Fluttar ...	134700	... ...
h. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla		4500	
i. Önnur gjöld:			
1. Til ritara:			
a. Laun 1000			
b. Dýrtíðaruppbót 500			
	1500		
2. Til dyravarðar:			
a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið 1600			
b. Dýrtíðaruppbót 800			
	2400		
3. Ýms gjöld	3000		
		6900	
j. Eftirgjöf á viðlagasjóðsláni Mensae Academicae...		3000	
			149100
II. Námsstyrkur erlendis:			
a. Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum		24000	
b. Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að		2500	
			26500
III. Mentaskólinn almenni:			
a. Laun		77600	
b. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	400		
2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	6000		
3. Til skólahússins utan og innan ...	3500		
4. Til stundakenslu og til prófdómenda, alt að.	27000		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	3200		
7. Læknisþóknun	500		
8. Til vísindalegra áhalda og til þess að kaupa skuggamyndavjel til notkunar við kensluna	1500		
9. Til þess að gefa út kenslubækur handa skólanum	2500		
10. Ýmisleg gjöld	5000		
Flyt ...	51400	77600	175600

		kr.	kr.
Flutt ...	51400	77600	175600
11. Til verðlaunabóka	100		
12. Til þess að setja miðstöðvarhitun í mentaskólahúsið	13000		
		64500	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			142100
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		28160	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakenslu .	10600		
2. Til bóka og kensluáhalda	1000		
3. Til að kaupa skuggamyndavjel og fleiri kensluáhöld	1000		
4. Til eldiviðar og ljósa	7000		
5. Námsstyrkur	700		
.Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Til skólahússins utan og innan ...	1500		
8. Til ýmislegra gjalda	3500		
		26200	
V. Kennaraskólinn:			54360
a. Laun		22080	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakensla	5000		
2. Eldiviður og ljós	3000		
3. Bókakaup og áhöld	1500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
Flyt ...	12000	22080	372060

		kr.	kr.
Flutt ...	12000	22080	372060
5. Til viðhalds	1500		
6. Ýmisleg gjöld	3000		
		16500	
VI. Stýrimannaskólinn:			38580
a. Laun		17280	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu.	2000		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	3000		
		7300	
VII. Vjelstjóraskólinn:			24580
a. Laun		11840	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakenslu	1000		
2. Húsnæði	4200		
3. Ljós og hiti	1500		
4. Ýms gjöld	2150		
		8850	
Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			20690
VIII. Bændakensla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	10880		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu...	1600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda.. ... 1000			
3. Til eldiviðar og ljósa... 4000			
4. Ýmisleg gjöld 9000			
	15000		
d. Til aukningar skólabúinu, að því tilskildu, að skólastjóri taki við því	10000		
		37480	
Flyt ...		37480	455910

		kr.	kr.
	Fluttar ...	37480	455910
2.	Til bændaskólans á Hvanneyri:		
	a. Laun	9600	
	b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300	
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til verklegs náms, alt að 1000		
	2. Til kensluáhalda... ... 1000		
	3. Til eldiviðar og ljósa ... 2500		
	4. Ýmisleg gjöld 2000		
		6500	
		17400	
	Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.		
	Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
3.	Til húsmæðraskóla á Staðarfelli:		
	a. Til starfrækslu skólans, enda samþykki atvinnumálaráðaherra reglugerð hans	3000	
	b. Til breytinga og aðgerða á Staðarfellshúsinu, þar með talin eldavjel, sem um leið sje miðstöð fyrir húsið	4800	
	c. Til Sigurborgar Kristjánsdóttur, til greiðslu á kostnaði vegna ófyrirsjáanlegs dráttar á stofnun skólans, enda haldi hún á yfirstandandi ári vekjandi og fræðandi erindi fyrir sveitakonur og leiðbeini þeim verklega, alt eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands	3000	
		10800	
			65680
	Flyt ...	... ...	521590

		kr.	kr.
	Fluttar ...	... ...	521590
IX.	Iðnfræðsla:		
	a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6600	
	b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	500	
	c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	500	
	Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
	d. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis	4000	
			11600
X.	Verslunarskólar:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	6000	
	b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ..	6000	
			12000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	1. Laun forstöðumanns	1000	
	2. Til verklegrar kenslu:		
	a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
	b. Annar kostnaður, alt að 400		
		1300	
	3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	7780	
	4. Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11580
XII.	Kvennaskólar:		
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsaleigustyrkur 5000		
	b. Rekstrarkostnaður, gegn að minsta		
	Flyt .. 5000	... ...	556770

		kr.	kr.
Flutt ...	5000	... ...	556770
kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	20000		
c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að	4000		
d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ...	1000		
		30000	
2. Til kvennaskólans á Blönduósi:			
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	15000		
b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að	2000		
c. Til miðstöðvarhitunar og raflýsingar	6000		
		23000	
Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.			
			53000
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Umsjón fræðslumála:			
a. Laun fræðslumálastjóra	7700		
b. Skrifstofukostnaður hans	1200		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000		
		9900	
2. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		324000	
3. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		31000	
4. Til farkenslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að		5000	
5. Til prófdómara við barnapróf		4000	
6. Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, þriðjungur kostnaðar, enda samþykki landsstjórnin uppdrætti að húsunum, alt að		10000	
			383900
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:			
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:			
a. Laun	11840		
b. Til aðstoðarkenslu	600		
Flyt ...	12440	... ...	993670

		kr.	kr.
Flutt ...	12440	... ...	993670
c. Önnur gjöld:			
1. Til búnaðarnáms ...	600		
Alt að helmingi fjárins má verja til verðlauna handa nemendum.			
2. Til kensluáhalda.. ...	2000		
3. Til eldiviðar og ljósa ...	4500		
4. Til húsbúnaðar	2500		
5. Ýmisleg gjöld	3000		
	12600		
		25040	
2. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar		38000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.			
3. Til þess að reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum, alt að $^2/_5$ kostnaðar		20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sje ákveðinn, áætlun og teikning samþykt af stjórnarráðinu og trygging sje fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn hjeraðseign.			
4. Til Hvítárbakkaskóla (lokastofnstyrkur)		4000	
5. Lokastyrkur til byggingar skólans á Laugum að $^2/_5$ hlutum...		7000	
6. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg		14000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.			
7. Til unglingaskólans í Bergstaðastræti		1000	
			109040
Flyt ...		... ..	1102710

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1102710
XV. Húsmæðrafræðsla:		
Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		3500
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m. ... ... Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		12000
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XVIII. Sundkensla o. fl.:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.	300	
2. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar ... ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	3000	
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar, enda sjeu þær hjeraðseign og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, 1/5 kostnaðar, alt að	3000	
		7800
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kenslu í teikningu og trjeskurði í þjóðlegum stíl		2000
Samtals B. ...	... ...	1129010

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	21160	
b. Til aðstoðar	4800	
c. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands...	12000	
d. Til að semja spjaldskrá	1000	
e. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
f. Til ritaukaskrár	5800	
g. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
h. Húsaleiga	500	
i. Ýmisleg gjöld	700	
		49320
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	7200	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðar	3500	
c. Ýms gjöld.	1000	
		11700
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	8200	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1500	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
e. Til eftirlits á Þingvöllum	1000	
f. Til rannsókna og ferðakostnaðar	600	
g. Til að rita og safna gögnum til menningarsögu ...	2500	
Fje þessu skal varið eftir ráðstöfun landsbókavarðar og fornmenjavarðar til þess að draga saman ýmiskonar fróðleik um lifnaðarháttu og hagi alþýðu á undanförnum tímum.		
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		16950
4. Náttúrufræðifjelagið		1600
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári.		
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
Flyt ...	... ...	79570

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	79570
5.	Landsbókasafnshúsið:		
	a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	7500	
	b. Til viðhalds og áhalda	2000	
			9500
6.	Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7.	Aukastyrkur til amtsbókasafnsins á Akureyri ... ... að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörslu, með a. m. k. 2000 kr. launum, auk verðstuðulsuppbótar.		3000
8.	Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1500
9.	Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10.	Til bókasafns Þingeyinga, byggingarstyrkur til minningar um Pjetur heit. Jónsson frá Gautlöndum... ...		3000
11.	Til Hins íslenska bókmentafjelags ... ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns sem að undanförnu.		3600
12.	Til Þjóðvinafjelagsins		2000
13.	Til Fornleifafjelagsins		800
14.	Til Sögufjelagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		3000
15.	Til Fræðafjelagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (jarðalýsing Húnavatnsþings)		2500
16.	Til þess að halda áfram útgáfunni af »Lögum Íslands«		1500
17.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
18.	a. Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 1000 kr. til hvers	10000	
	b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust	1200	
	c. Til prof. Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar, til að vinna að útbreiðslu sönglistar	5000	
	d. Til Karls O. Runólfssonar, til hljómlistarnáms erlendis	2500	
	e. Til Þórarins Jónssonar tónlistarnema í Berlín ...	3000	
	f. Til þess að kaupa listaverk.	4000	
	Flyt ...	25700	118170

		kr.	kr.
	Flutt ...	25700	118170
g.	Til Önnu Borg, til leiklistarnáms erlendis	2000	
h.	Til Soffíu Guðlaugsdóttur Kvaran, til utanfarar til leiklistarnáms	1000	
i.	Til Jóns Þorleifssonar málara, ferðastyrkur	2500	
			31200
19.	Til sjera Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til þess að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins, 4500 kr. með verðstuðulsuppbót		7200
20.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sje safnið eign ríkisins		1200
21.	Til þess að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		7700
22.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
23.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		3200
24.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
a.	Föst laun með dýrtíðaruppbót	7700	
b.	Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1500	
			9200
25.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
26.	Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1800
27.	Til cand. theol. Sveinbjarnar Högnasonar, til framhaldsnáms		1500
28.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
29.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		500
30.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		600
31.	Til Boga Th. Melsteds, til þess að rita Íslandssögu ...		800
32.	Til landsskjalftarannsókna		800
	Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		
33.	Til veðurathugana og veðurskeyta		40000
34.	Til Íþróttasambands Íslands		2000
	Flyt ...	... ...	230670

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	230670
35.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
36.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sje almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	7700	
	b. Til sama, til aðstoðar	1500	
			9200
37.	Til listvinafjelagsins, til þess að kaupa »Móðurást« Nínu Sæmundsen, gegn sama framlagi annarsstaðar að, enda verði listaverkið opinberlega til sýnis hjer (lokagreiðsla)		2250
38.	Til þess að kaupa grasasafn dr. Helga Jónssonar, annar fjórðungur andvirðis		2500
39.	Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		4000
40.	Til dr. Jóns Stefánssonar, fyrir að rita sögu Íslands á ensku (lokastyrkur)		1000
41.	Til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins í Reykjavík .. ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi, en 400 kr. skal varið til fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungum, 200 kr. á hvorum stað.		1500
42.	Ferðastyrkur til útlanda		6000
	Samtals ...	... ...	261120

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til Búnaðarfjelags Íslands		200000
2.	Til sandgræðslu ... ... Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		45000
	Flyt ...	... ...	245000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	245000
3. Til búnaðarfjelaga ... ... Styrknum skal skift milli búnaðarfjelaganna eftir dagsverkatölu og varið til verkfærakaupa og styrktar sameiginlegri starfsemi innan fjelaganna.		20000
4. Til kaupa á fljótandi skurðgröfu		32000
5. Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna		50000
6. Til Skeiðaáveitunnar upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, 2. greiðsla		6000
7. Til áveitufjelags Þingbúa, 1/4 kostnaðar við áveituna, alt að		5000
8. Til vegalagningar í Vestmannaeyjum, helmingur kostnaðar, alt að...		17500
9. Til Garðyrkjufjelags Íslands: Laun garðyrkjustjóra		4000
10. Til skógræktar:		
a. Laun ... ... Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.	13080	
b. Til skóggræðslu	20000	
c. Til að kaupa Sigríðarstaðaskóg í Ljósavatnsskarði	4000	
d. Styrkur til Hákonar Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms	1200	
		38280
11. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	20480	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
c. Til eins manns, til þess að læra dýralækningar erlendis Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.	1200	
		22380
12. Til fjárkláðalækninga		8000
13. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
14. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	5600	
b. Til aðstoðar	4200	
c. Húsaleiga	3000	
Flyt...	12800	449160

		kr.	kr.
	Flyt ...	12800	449160
d.	Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1400	
e.	Til áhaldakaupa	1000	
f.	Utanfararstyrkur til forstöðumanns...	2000	
			17200
15.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
16.	Til Fiskifjelagsins		70000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
17.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a.	5 fiskiyfirmatsmanna	19200	
b.	Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfje.		
c.	4 síldarmatsmanna	10240	
d.	4 ullarmatsmanna	2560	
e.	5 kjötmatsmanna...	4800	
f.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			53000
18.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		6000
19.	Til bryggjugerða og lendingabóta, alt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sje það fje fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun		35000
20.	Til hafnarbóta í Ólafsvík, þriðjungur kostnaðar, alt að		10000
21.	Til hafskipabryggju Ísafjarðarkaupstaðar og mannvirkja við hana		60000
	Styrkurinn greiðist þannig, að dýrtíðarlán kaupstaðarins við ríkissjóð lækki um þessa upphæð, en ógreiddir áfallnir vextir af upphæðinni falli niður.		
22.	Til þess að leitast fyrir um markað fyrir íslenskar afurðir erlendis		5000
23.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
24.	Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, 2 kr. fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún býr til, alt að		8000
25.	Til gerlarannsókna		2000
	Flyt ...	... ...	731360

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	731360
26. Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga ... ... Sambandið greiði þó Guðmundi Jónssyni frá Mosdal 1200 kr., enda haldi hann uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og húsgagnagerð fyrir Vestfirði.		5200
27. Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		2000
28. Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal í Mjóanesi og Þórdísar Ólafsdóttur á Fellsenda, styrkur til kenslu í hannyrðum og vefnaði og annari handavinnu kvenna, einkum þjóðlegum hannyrðum, 500 kr. til hvorrar		1000
29. Til Kvenfjelags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna ...		600
30. Til sambands norðlenskra kvenna		500
31. Til Bandalags kvenna		500
32. Til vörumerkjaskrásetjara		2000
33. Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		3000
34. Til forstöðu silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli ...		2000
35. Laun húsagerðarmeistara		8300
36. Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
a. Laun leiðbeinanda, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót ... ... enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult gjald fyrir, er rennur í ríkissjóð.	5600	
b. Ferðakostnaður og skrifstofufje	1200	
		6800
37. Styrkur til að koma upp vindknúinni rafmagnsstöð		5000
38. Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
39. Til að gera laxgenga fossana Glanna og Laxfoss í Norðurá í Mýrasýslu, 1/3 kostnaðar, alt að		1000
40. Til vatnsrenslismælinga		2000
41. Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa ...		5000
42. Til framhalds landmælinga		45000
43. Til Ræktunarsjóðs:		
a. Afgjöld þjóðjarða	30000	
b. Tillag til kostnaðar við sjóðinn	10000	
c. Hluti af útflutningsgjaldi	62500	
		102500
Samtals ...	... ...	925560

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga		500000
2. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga		6500
4. Til slysatryggingar		10000
5. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
6. Til bjargráðasjóðs		24000
7. Tillag til ellistyrktarsjóða...		47000
8. Til Goodtemplarareglunnar, til bindindisstarfsemi ...		10000
9. Til Rauðakrossfjelags Íslands		2000
10. Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins Dagsbrúnar		500
11. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
Samtals ...	... ...	661200

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			
a. Embættismenn		25057,55	
b. Embættismannaekkjur og börn		15074,79	
c. Uppgjafaprestar		635,28	
d. Prestsekkjur		5458,37	
e. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49, 1923		2500,00	
			48725,99
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Til Þorvalds Pálssonar læknis ...	300,00		
2. — Sigvalda Stefánssonar Kaldalóns læknis	640,00		
3. — Sigurðar Magnússonar læknis ...	169,87		
Flyt ...	1109,87	... ...	48725,99

		kr.	kr.
Flutt ...	1109,87	... ...	48725,99
4. Til Halldórs Briems bókavarðar ...	960,00		
		2069,87	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. — Magneu Ásgeirsson	200		
2. — Ólivu Guðmundsson	175		
3. — Theodóru Thoroddsen	800		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
7. — Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8. — Ágústu Jóhannsdóttur	300		
9. — Rannveigar Tómasdóttur	300		
10. — Önnu Gunnlaugsson	400		
11. — Kristbjargar Marteinsdóttur	600		
12. — Kristínar Jacobson	600		
		5425	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2. — Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3. — Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4. — Sig. prófasts Gunnarssonar	662,25		
5. — Guttorms Vigfússonar	600,00		
6. — Jóns Ó. Magnússonar	600,00		
		3467,25	
d. Prestsekkjur:			
1. Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2. — Auðar Gísladóttur	300,00		
3. — Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4. — Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100,00		
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8. — Guðrúnar Þorfadóttur	300,00		
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10. — Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500,00		
11. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
Flyt ...	3330,00	10962,12	48725,99

			kr.	kr.
	Flutt ...	3330,00	10962,12	48725,99
12.	Til Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
13.	— Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
14.	— Sigrúnar Kjartansdóttur, ...	300,00		
15.	— Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
16.	— Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
17.	— Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
18.	— Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
19.	— Valgerðar Gísladóttur kr. 176,50 og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	376,50		
20.	— Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
21.	— Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
22.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
23.	— Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
24.	— Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
			6574,97	
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2.	— 1 barns hennar	100,00		
3.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
4.	— Magnúsar Einarssonar	500,00		
5.	— Elínar Briem Jónsson	300,00		
6.	— Gyðríðar Þorvaldsdóttur	300,00		
7.	— Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
8.	— Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
9.	— Guðmundar Björnssonar	150,00		
10.	— Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
11.	— Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
			3560,00	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1.	Til Árna Gíslasonar	300		
2.	— Guðm. Kristjánssonar	300		
3.	— Böðvars Jónssonar	200		
4.	— Hallgríms Kráksonar	200		
5.	— Jóhanns Jónssonar	200		
6.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
7.	— Daníels Jónssonar	200		
8.	— Jens Þórðarsonar	200		
	Flyt ...	1900	21097,09	48725,99

			kr.	kr.
	Flyt ...	1900	21097,09	48725,99
9.	Til Friðriks Möllers	1200		
10.	— Kristínar Jóelsdóttur	200		
11.	— Eliesers Eirikssonar	200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
14.	— Guðmundar Jónssonar fyrrum bæjarpósts á Akureyri	200		
15.	— Guðm. Kristjánssonar	200		
16.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
17.	— Friðriks Klemenssonar	2000		
18.	— Þorsteins Jakobssonar	200		
19.	— Kristjáns Blöndals	1000		
20.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ...	200		
g.	Rithöfundar:		8500,00	
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar	1200		
7.	— dr. Helga Pjeturss	4000		
			15400,00	
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1.	Til Jakobínu Pjetursdóttur	200,00		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur 300 kr. og til Erlings sonar hennar 200 kr.	500,00		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur 300 kr. og auk þess 100 kr. með barni hennar, sem er í ómegð	383,67		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
6.	— 2 barna hennar	200,00		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur	300,00		
			2183,67	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400		
2.	— Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að			
	Flyt ...	400	47180,76	48725,99

			kr.	kr.
		Flyt ...	400	47180,76	48725,99
		auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500		
3.	Til	Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður	500		
4.	—	Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður	500		
5.	—	Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður	500		
6.	—	Jakobínu Sveinsdóttur jubilljósmóður	500		
7.	—	Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	300		
8.	—	Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
9.	—	Páls Erlingssonar	1200		
10.	—	Erlends Zakaríassonar	300		
11.	—	Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
12.	—	Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
13.	—	Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar	400		
14.	—	Gests Guðmundssonar, fyrverandi vitavarðar...	400		
15.	—	Vigfúsar Sigurðssonar vitavarðar...	300		
16.	—	Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	300		
17.	—	Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	400		
18.	—	Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
19.	—	Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
20.	—	Sigrúnar Gestsdóttur, ekkju Stefáns Eirikssonar.	600		
21.	—	Kristjönu Benediktsdóttur	400		
22.	—	Bjargar Guðmundsdóttur	400		
23.	—	Hjálmars Lárussonar	1000		
				10400,00	
		Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
		Flyt ...		57580,76	48725,99

	kr.	kr.
Flutt ...	57580,76	48725,99
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara	1200,00	
k. — ekkju Jóhanns skálds, Sigurjónssonar	1000,00	
l. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	3000,00	
		62780,76
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...		63784,05
Samtals ...	... ...	175290,80

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 4000 kr.

21. gr.

Til gjalda árið 1927 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.		1629977,00
—	8. —		60000,00
—	9. —		199800,00
—	10. —		322500,00
—	11. — A.	734178,00	
—	11. — B.	142000,00	
			876178,00
—	12. —		940515,00
—	13. — A.	436967	
—	13. — B.	886320	
—	13. — C.	295000	
—	13. — D.	1273100	
—	13. — E.	307910	
			3199297,00
—	14. — A.	348956	
—	14. — B.	1129010	
			1477966,00
—	15. —		261120,00
—	16. —		925560,00
—	17. —		661200,00
		Flyt ...	10554113,00

		Flutt 10554113,00	
Samkvæmt	18. gr.	175290,80	
—	19. —	100000,00	
—	20. —	4000,00	
			kr. 10833403,80

En tekjur eru áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.	10320000	
—	3. —	35100	
—	4. —	325000	
—	5. —	132000	
			kr. 10812100,00
		Tekjuhalli ...	21303,80

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 100 þús. kr. til þess að reisa íshús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufjelögum, gegn ábyrgð þeirri, er landsstjórnin tekur gilda, þó ekki hærri en $^2/_3$ kostnaðar.
   b. Íshúsin sjeu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er best fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í hjeraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.
   c. Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sje frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykt áætlun og teikningar.
   d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.
2. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingarefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6 % vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8 % á ári í 28 ár.
3. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

5. Alt að 8000 kr. til Malínar Hjartardóttur, til kaupa á nýtísku prjónavjelum. Lánið veitist til 10 ára, með 6% vöxtum, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda.
6. Alt að 5000 kr. til Mýrdalshjeraðs. Lánið veitist til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð Vestur-Skaftafellssýslu.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.
II. Að greiða halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1926, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.
III. Að ábyrgjast 25000 kr. lán til tóvinnufjelags á Reyðarfirði, gegn endurtryggingum þeim, er hún metur gildar.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1927, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

25. gr.

Stjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 40000 kr. lán fyrir mjólkurfjelagið Mjöll, gegn endurábyrgð sýslufjelaganna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

26. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1926 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 274. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, sem að mestu er sniðið eftir lögum nr. 51, 10. nóv. 1913.

Meðan eftirspurn eftir sparifje er jafnmikil og verið hefir undanfarið, og innlánsvextir þar af leiðandi jafnháir og nú eru þeir, verða hinir mestu erfiðleikar á að útvega fje til veðlánsstarfsemi með þeim kjörum, sem viðunanleg mega teljast þeim, er slík lán þurfa að nota.

Það er þó vitanlegt, að mjög mikil þörf er slíkra lána, t. d. til bygginga í Rvík; því trauðla mun húsaleiga þar verða viðunandi öllum þorra manna nema bygt verði að miklum mun meira en nú er. Einhver besta hjálp til þeirra, sem byggja vilja, er að útvega þeim sem ódýrust langs tíma lán. Fæstir eru svo efnum búnir, að þeir geti greitt byggingarkostnað að öðru en því, sem út á húsið fæst í veðdeild, og þurfa því að taka lán, sem þá fást aðeins til stutts tíma.

Þar sem nú er sýnileg vöntun á veltufje til atvinnuveganna, getur svo farið, að erfitt verði að selja bankavaxtabrjef.

Nefndin vill því, að tilhlutun fjármálaráðherra og í samráði við hann, gera tilraun til að bæta úr söluerfiðleikum brjefanna með því að gefa ríkisstjórninni heimild til að taka lán erlendis til að kaupa fyrir bankavaxtabrjef.

Nefndin leggur til, að frv. á þskj. 20 með breytingum Ed. á þskj. 150 verði samþykt með svofeldri

BREYTINGU:

Eftir 24. gr. komi ný gr., er verði 25. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á alt að 3 miljónum króna í bankavaxtabrjefum, er gefin verða út samkvæmt lögum þessum. Vaxtabrjef þau, er ríkisstjórnin kaupir samkvæmt þessu, skulu vera flokkur út af fyrir sig, og skal haga vöxtum brjefanna, verði þeirra og tímalengd útlána úr flokknum eftir lánskjörum þeim, er ríkissjóður fær, svo að hann verði skaðlaus af.

Verði ríkissjóður fyrir gengistapi af þessum viðskiftum, skal varasjóður flokksins, er skuldbindingum hans verður lokið að öðru leyti, ganga til þess að endurgreiða ríkissjóði slíkt tap.

Alþingi, 3. apríl 1926.

Kl. Jónsson, formaður.	Jón A. Jónsson, fundaskr., frsm.	Ásgeir Ásgeirsson.	Magnús Jónsson.
Halldór Stefánsson.	Björn Líndal.	Jakob Möller, með fyrirvara.	

Nd. **275. Nefndarálit**

um frv. til laga um líkhús.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og meðal annars leitað álits dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um málið. Hefir ráðuneytið ekki neitt sjerlegt að athuga

við frv., en telur þó rjettara að ákveða beinlínis, hvernig niðurjöfnun kostnaðar skuli gerð.

Nefndin fellst á, að rjettara sje að ákveða skýrar í frv. um niðurjöfnun kostnaðar og innheimtu, og gerir því tillögu til lítilsháttar breytingar á orðalagi frv., þannig, að samþykt verksins og umsjón með því og niðurjöfnun kostnaðar skuli framkvæmt samkvæmt lögum nr. 39, 8. nóv. 1901, um kirkjugarða, en um innheimtu gjaldanna fari sem segir í lögum frá 1909 um sóknargjöld.

Með þessari breytingu á frv. er það alveg tvímælalaust, að kostnaðurinn verður lagður á eftir lögunum frá 1901, og eins hitt, að til að reisa líkhús þarf samþykki almenns safnaðarfundar og að sú ályktun sje gerð af $^2/_3$ hlutum sóknarmanna, er á fundi eru.

Komi eigi helmingur atkvæðisbærra manna á þennan fund, þarf safnaðarfundur af nýju að taka málið til meðferðar; er ályktun þá fullgild, þótt eigi komi helmingur safnaðarmanna á fundinn, ef $^2/_3$ hlutar fundarmanna greiða henni atkvæði.

Nefndin gengur út frá því, að safnaðarfundur, er slíkt mál tekur til meðferðar, fái svo nákvæma áætlun sem unt er um kostnað við framkvæmd verksins.

Sýnist þessi meðferð málsins tryggja það, að eigi sje ráðist í stærri eða dýrari byggingu en nauðsyn ber til.

Eins og áður er vikið að, vill nefndin, að um innheimtu þeirra gjalda, er bjer um ræðir, gildi öll sömu ákvæði og um innheimtu sóknargjalda; felst það og í breytingartillögunni.

Nefndin telur þetta nauðsynjamál og mælir hún með því, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Fyrir orðin »niðurjöfnun kostnaðar« til enda frumvarpsgreinarinnar komi: og niðurjöfnun kostnaðar, eins og fyrir er mælt í lögum nr. 39, 8. nóv. 1901, um kirkjugarða og viðhald þeirra. Um innheimtu gjalda, er á verða lögð samkvæmt lögum þessum, skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.
   Gjöld þessi má taka lögtaki.
2. Eftir frv.greininni, sem verður 1. gr., komi ný 2. gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 31. mars 1926.

Jón Kjartansson, form.	Jón Baldvinsson, frsm.	Árni Jónsson, fundaskrifari.

Pjetur Ottesen. Pjetur Þórðarson.

Nd. **276. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Með lögum nr. 47, 1923, var ríkisstjórninni veitt heimild til að veita slík hlunnindi, sem frv. þetta fer fram á, nýjum banka, sem nafngreindir menn hugðust þá að koma á fót. Eins og kunnugt er, hugðust forgöngumenn þeirrar bankastofnunar að hafa til hennar stuðning norskra fjármálamanna og banka, en þær vonir brugðust, vegna fjárhagsörðugleika þeirra, sem um það leyti dundu yfir norska banka, og varð því ekkert úr þeirri bankastofnun, en heimildin varð ónýt.

Fjárhagsnefnd er nú þeirrar skoðunar, að hjer sje síst minni þörf fyrir nýjan banka nú en þá var, er tjeð heimild var gefin. Lánsfjárþörf atvinnuveganna fer sívaxandi, eftir því sem þeir aukast, en rekstrarfje bankanna hvergi nærri að sama skapi. Sparifje landsmanna, sem bankarnir hafa til útlána, hefir að vísu vaxið mikið síðasta áratuginn, en hinsvegar hefir fjárhagsgrundvöllur bankanna hlotið að veikjast mjög af þeim töpum, sem þeir hafa orðið fyrir, og því brýn nauðsyn að dreifa áhættunni. Hjer við bætist það, að verði Landsbankinn látinn taka við seðlaútgáfunni, og útlánum hans settar þær skorður, sem þá verður að telja nauðsynlegt, og að nokkru leyti eru beinlínis gerðar ráðstafnir til í frv. því um Landsbankann, sem fyrir þinginu liggur, þá verður svo tilfinnanlega þrengt að atvinnuvegunum, að til vandræða horfir, ef ekki verður á annan hátt úr því bætt. Nefndin gerir líka ráð fyrir því, að það sje að minsta kosti meðfram með þetta fyrir augum, að stjórnin hefir lagt þetta frv. fyrir þingið nú, enda virðist ekki önnur leið tiltækilegri til að bæta þetta upp en stofnun nýs einkabanka.

Þessi þörf hefir líka verið ljós meiri hluta milliþinganefndarinnar í bankamálum, sbr. niðurlag brjefs nefndarmeirihlutans til fjármálaráðherra, dags. 10. febr. 1925, þar sem svo er komist að orði: »meiri hlutinn er þeirrar skoðunar, að sem allra fyrst þurfi að setja bankalög, sem geri mögulegt, að hjer komist á fót bráðlega einn eða fleiri nýir einkabankar«. Hinsvegar þykist meiri hluti fjárhagsnefndar þess fullvís, að það sje ekki einhlítt, til þess að nýir bankar komist hjer á fót, að setja almenn bankalög. Hann telur engar líkur til þess, að hjer verði stofnaður nýr banki, nema hann fái einhver slík hlunnindi, sem hjer er farið fram á, að minsta kosti meðan Íslandsbanki nýtur sjerrjettinda sinna. En í frv. er ekki farið fram á, að hinn fyrirhugaði nýi banki fái að njóta þessara hlunninda lengur en til loka hlunnindatíma Íslandsbanka, og yrði hann þá úr því að lúta hinum almennu bankalögum, sem væntanlega verða komin á þá, og þá einnig að sjálfsögðu eiga að ná til Íslandsbanka.

Nefndin veit nú að vísu ekki til þess, að nokkur undirbúningur sje hafinn til þess að koma hjer á fót nýjum banka, eða fjelagi í því skyni, eða að fyrirheit hafi verið gefið um fjárhagslegan stuðning til þess annarsstaðar að, en

meiri hlutinn telur það ekki, að því athuguðu, hve brýn þörf er á slíkum nýjum banka, nægilega ástæðu til þess að neita stjórninni um þá heimild, sem farið er fram á í frv. En hann væntir þess þá einnig, að stjórnin, ef hún fær þessa heimild, vinni að því, að slíkur banki verði stofnaður hið bráðasta, og þó því aðeins að sjálfsögðu, að þektir og áreiðanlegir fjármálamenn eigi þar hlut í og áskilið hlutafje sje fyrir hendi.

Frumvarpið er í öllum atriðum samhljóða fyrgreindum lögum, nr. 47, 1923, nema aðeins að því leyti, að heimildin er ekki bundin við ákveðna forgöngumenn og að lögin frá 1923 áskildu, að 55% hlutafjárins skyldu boðin út innanlands í *6* mánuði, en í frv. í *3* mánuði, og ræður meiri hluti nefndarinnar til þess að samþykkja það óbreytt. Tveir nefndarmanna, Björn Líndal og Halldór Stefánsson, gera þó nokkurn ágreining um d-lið fyrstu greinar. Ásgeir Ásgeirsson kemur fram með sjerstakt álit.

Alþingi, 3. apríl 1926.

Kl. Jónsson, form.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Jakob Möller, frsm.

Björn Líndal. Halldór Stefánsson. Magnús Jónsson.

Ed. **277. Nefndarálit**

um frv. til laga um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og þykir sem það þurfi nokkurra lagfæringa við áður en það yrði gert að lögum.

Væri skatturinn miðaður við það, að bæjarsjóður Siglufjarðar greiddi alt viðhald sjóvarnargarðsins, gæti það ef til vill rjettlætst, að hann væri hafður helmingi hærri á lóðunum en á húseignunum. En nú er, eins og greinargerð frumvarpsins sýnir, bygt á því, að viðhaldskostnaðurinn hvíli að hálfu á bæjarsjóði og að hálfu á ríkissjóði. Og frá því sjónarmiði getur það naumast talist sanngjarnt, að skattur þessi sje látinn vera helmingi hærri á þeim fasteignum, sem eru eign ríkissjóðs, heldur en hinum, sem aðrir eru eigendur að. Nefndin telur því rjett að þoka þannig til með skattinn, að hann verði jafnhár á húsum og lóðum.

Þá þykir og nefndinni rjett, þótt leigutakar eða notendur lóðanna greiði skattinn af þeim, að þá borgi aftur á móti eigendur húsanna, en ekki leigjendur, þann hluta skattsins, sem á þeim hvílir. Með tilliti til þessa vill nefndin breyta 2. gr. frumvarpsins um leið og hún leggur það til, að innheimtulaunin sjeu í stað 4% sett 2%, með því að hún lítur svo á, sem það muni nægja.

Þar sem svo hagar til, að ríkissjóður er hjer eigandi kaupstaðarlóðanna, virðist það eigi geta komið til mála, að skattur þessi hvíli á lóðunum með veðkröfurjetti. Nefndin telur því þörf á að breyta ákvæðum 3. gr. frumvarpsins þannig, að veðkröfurjetturinn hvíli aðeins á húseignunum, en ekki lóðunum, líkt og gert var í frv. til laga um bæjargjöld í Vestmannaeyjum, sem deildin hefir nýlega haft með höndum, enda eru sömu ástæðurnar fyrir hendi að því er snertir báða þessa kaupstaði.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin það til, að háttv. deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. a. Á undan orðinu »lóðum« í 1. tölul. komi: húsum og.
   b. Í stað »6 af þúsundi« í 1. tölul. komi: 4 af þúsundi.
   c. 2. tölul. falli niður.
   d. Í stað orðanna »3 af þúsundi af húsum« í 3. tölul. komi: 2 af þúsundi. Skatturinn telst af fullum hundrað krónum virðingarverðsins; minni upphæð en 100 kr. kemur ekki til greina.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Skatturinn greiðist á manntalsþingi af eigendum húsa og leigutökum lóða eða notendum, sem samkvæmt byggingarbrjefi eða öðrum heimildum hafa umráð þeirra. Bæjarfógeti Siglufjarðar innheimtir skattinn gegn 2% innheimtulaunum, í fyrsta sinn á manntalsþingi 1927.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Skattinn má taka lögtaki, og gengur hann í tvö ár frá gjalddaga fyrir öllum veðkröfum á húseign þeirri, er hann hvílir á, næst eftir fasteignarskatti ríkisins.
   Nú greiðir leigutaki eða notandi lóðar eigi skattinn í tvö ár, og hefir hann þá fyrirgert leigurjetti eða afnotarjetti sínum.

Alþingi, 3. apríl 1926.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Eggert Pálsson, fundaskr. og frsm.	Guðm. Ólafsson.

Nd. **278. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 9. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Frá því stjórnarráðið hefir ákveðið, að gera skuli skipulagsuppdrátt og til þess honum er lokið, skal bæjar- eða hreppsstjórn skylt að leita umsagnar skipulagsnefndar um öll meiri háttar skipulagsatriði, svo sem nýjar götur og opin svæði, öll hús og meiri háttar mannvirki, sem áformað er að gera, svo framarlega, sem vafi getur leikið á, hvar eða hvernig þau skuli sett. Ef ekki næst samkomulag milli bæjar- eða hreppsstjórnar og skipulagsnefndar um einhver atriði, má ekki byrja á verkinu fyr en fenginn er úrskurður stjórnarráðsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni atvinnumálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Það hefir komið í ljós, að alllangur tími getur liðið frá því að tekið er að vinna að skipulagi bæjar og til þess uppdráttur er staðfestur. Stafar þetta einkum af því, hve lítinn tíma húsameistari hefir haft til þess að vinna að uppdráttunum. Á þessum tíma eru oft bygð mörg hús og mannvirki í bænum, sem geta komið algerlega í bága við fyrirhugað skipulag. Bæjarstjórnir hafa yfirleittt verið fúsar til þess að fara eftir leiðbeiningum skipulagsnefndar, en þó hefir borið út af því. Vegna þess að hjer getur oft verið að ræða um þýðingarmikil skipulagsatriði, þá virðist nauðsyn bera til þess, að leita megi úrskurðar stjórnarráðsins um deiluatriði, því skipulagsnefnd hefir ekkert vald til þess að taka í taumana eftir núgildandi lögum. Með einu húsi má því ónýta skipulagsuppdrátt, sem heita má að sje fullgerður.

Nd. **279. Nefndarálit**

um frv. til laga um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta barst nefndinni frá efri deild. Hefir nefndin athugað frv. og samþykt að mæla með framgangi þess.

Alþingi, 6. apríl 1926.

Jón Kjartansson, form.	Árni Jónsson, fundaskr. og frsm.	Pjetur Ottesen.

Pjetur Þórðarson. Jón Baldvinsson.

Ed. **280. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 8. nóv. 1883, um að stofna slökkvilið á Ísafirði.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefir athugað frv. og ræður háttv. deild til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 6. apríl 1926.

Jóh. Jóhannesson, form.	Eggert Pálsson, fundaskrifari.	Guðm. Ólafsson, frsm.

Nd. **281. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn telur óviðfeldið að afgreiða nú út í bláinn heimild til ríkisstjórnarinnar um hlunnindi handa væntanlegum nýjum banka, þar sem síðasta þing gerði ráðstafanir til, að almenn bankalöggjöf verði sett hið fyrsta og vænta má, að slíkrar löggjafar verði ekki lengur að bíða en til næsta þings — og leggur því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 6. apríl 1926.

Ásgeir Ásgeirsson.

Nd. **282. Breytingartillögur**

við frv. til laga um innflutningsbann á dýrum o. fl.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson, Pjetur Ottesen.

1. Á eftir 1. gr. kemur ný grein:

Bannað er að flytja hey til landsins. Þó er atvinnumálaráðuneytinu heimilt, ef veruleg hætta er á fóðurskorti, að leyfa innflutning á heyi frá þeim löndum eða landshlutum, þar sem ekki ganga næmir alidýrasjúkdómar, sem

borist gætu til landsins með heyinu, enda sje í því efni leitað álits dýralæknisins í Reykjavík.
2. Við 2. gr. Orðið »heyi« fellur niður.
3. Við fyrirsögn. Á eftir »dýrum« kemur: heyi.

Ed. **283. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Skrár yfir gjaldskylda til ellistyrktarsjóðs skulu samdar fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert og liggja almenningi til sýnis frá 1.—7. mars. Kærufrestur skal vera til 15. apríl og skrárnar sendar hlutaðeigandi innheimtumanni fyrir 15. maí ár hvert.

Nd. **284. Breytingartillögur**

við frv. til laga um útsvör.

Frá Klemens Jónssyni.

1. Við 6. gr. A. II. Síðari málsgrein fyrsta liðs (»Eigi má — —« til enda) orðist svo: Þegar útsvar hefir verið lagt á fjelag, má ekki leggja útsvar á fjelagsmann þess vegna eignar hans í fjelaginu og tekna.
2. Við 27. gr. Á eftir orðunum »1. september« komi: Eigi getur gjaldandi vegna kæru eða áfrýjunar losast undan að greiða útsvarið á ákveðnum gjalddaga, en verði það fært niður, skal mismunurinn endurgreiddur honum.
3. Við 30. gr. Í stað »1%« komi: ½%.

Nd. **285. Frumvarp**

til laga um fræðslu barna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I.

Um fræðsluskyldu.

1. gr.

Fræðslu barna til fullnaðs 10 ára aldurs skulu heimilin annast sjálf og kosta, nema þar sem öðruvísi er ákveðið með skólareglugerð (sbr. 10. gr.). Skal hvert barn 10 ára að aldri geta lesið liðugt og skrifað nokkurn veginn,

ef það er til þess hæft. Komist skólanefnd við próf eða á annan hátt að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi fræðslu í þessum greinum, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa húsbænda, ber henni að gera ráðstöfun til, að börnin fái nauðsynlega tilsögn á heimili sínu eða utan þess. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru aðstandendur barnsins skyldir að greiða, en greiða má hann fyrirfram úr sveitarsjóði. Kostnaðinn má taka lögtaki.

2. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á:

1. að geta lesið móðurmálið skýrt og áheyrilega og geta sagt munnlega frá því, er það les; það skal og geta gert skriflega grein fyrir efni, sem það þekkir vel, nokkurnveginn ritvillulaust og mállýtalaust; kunna skal það utanbókar nokkur íslensk kvæði, helst ættjarðarljóð og söngljóð, og geta skýrt rjett frá efni þeirra með sínum eigin orðum;
2. að geta skrifað liðugt læsilega og hreinlega rithönd;
3. að hafa lesið með leiðsögn og skýringu valda kafla úr bibliunni eða biblíusögur, sjerstaklega um líf og kenning Krists, og skal lögð áhersla á, að það hugfesti sjer einkum orð hans og hafi þau rjett eftir; kunna skal barnið utanbókar nokkra valda sálma;
4. að kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum (almennum brotum og tugabrotum) og geta notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, meðal annars til þess að reikna flatarmál og rúmmál einfaldra hluta; það skal og vera leikið í því að reikna með lágum tölum í huganum;
5. að vita nokkuð um merkustu menn þjóðarinnar að fornu og nýju og þau tímabil, er þau lifðu á;
6. að vera leikið í að nota landabrjef, hafa athugað átthagana vandlega og fengið sem ljósasta þekking á náttúru Íslands og högum þjóðar vorrar; það skal og bera skyn á legu og atvinnuvegi helstu landa í Evrópu, vita hvernig álfur og höf liggja á hnettinum og hafa fengið nokkra fræðslu um eðlishætti jarðar og stöðu hennar í sólkerfi voru;
7. að hafa vanist á að athuga algengustu fyrirbrigði náttúrunnar, sem það hefir fyrir augum, svo að það geti lýst þeim; það skal og vita nokkuð um líffæri og lífsstörf mannslíkamans, dýra og jurta, og um helstu atriðin, er að hollustuháttum lúta;
8. að kunna nokkur einföld sönglög, einkum sálmalög og lög við íslensk ættjarðarljóð;
9. að geta gert einfaldar dráttmyndir.

3. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem önnur grein ræðir um, skulu þau börn, 10—14 ára að aldri, er sótt geta fasta heimangönguskóla, öðlast þá frekari fræðslu, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugerðum skólanna.

II.
Um skólahjeruð.

4. gr.

Hver kaupstaður og hver hreppur landsins er skólahjerað út af fyrir sig, nema önnur skipun sje á ger.

Tveir eða fleiri hreppar geta með samþykki fræðslumálastjórnar gengið saman í eitt skólahjerað, ef tillaga um það er samþykt, fyrst af hreppsnefndum þeim, er hlut eiga að máli, en þar næst í hverjum hreppi á fundi, er löglega hafa verið boðaðir til þeir hreppsbúar, er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum.

Skólanefnd hefir á hendi stjórn fræðslumála í skólahjeraði hverju undir umsjón fræðslumálastjórnar.

III.
Um skólahald.

5. gr.

Í kaupstöðum, kauptúnum, sjóþorpum og þjettbýlum sveitum, þar sem eru eða settir verða á stofn fastir heimangönguskólar og reglugerð þeirra og hollustuhættir eru samþykt af fræðslumálastjórninni, skulu öll börn, 10—14 ára að aldri, þau er skóla geta sótt að heiman, njóta þar kenslu hinn lögskipaða námstíma, nema skólanefnd veiti undanþágu.

Árlegur námstími skal vera að minsta kosti 24 kensluvikur. Þó getur fræðslumálastjórnin veitt leyfi til að stytta þennan námstíma um fjórar vikur, sje það gert til þess að nota skólann til kenslu barna 7—10 ára að aldri að minsta kosti 8 kensluvikur haust eða vor, samkvæmt reglugerð, er fræðslumálastjórnin samþykkir.

Nú geta ekki öll skólaskyld börn í hjeraðinu gengið að heiman til skólans, og skal þá annaðhvort koma þeim í dvöl í nánd við skólann eða búa þeim heimavist í skólanum hinn lögskipaða námstíma. Heimilt er þó að ráða þessum börnum farkennara, sjeu þau 12 eða fleiri og þeim eigi sjeð fyrir nægri kenslu á annan hátt.

6. gr.

Í þeim skólahjeruðum, þar sem settir verða á stofn heimavistarskólar og reglugerð þeirra og hollustuhættir samþykt af fræðslumálastjórninni, skulu öll börn skólahjeraðsins, 10—14 ára að aldri, njóta þar kenslu að minsta kosti 12 vikur á ári, nema skólanefnd veiti undanþágu. Heimilt er þó að láta skólaskyldu þessa ná að eins til 12—14 ára barna, sje yngri börnum sjeð fyrir lögskipaðri fræðslu með farkenslu eða á annan hátt.

7. gr.

Í þeim skólahjeruðum, þar sem ekki eru fastir skólar, skal halda far-

skóla, er veiti hverju barni í skólahjeraðinu, 10–14 ára að aldri, fræðslu 12 vikur á ári að minsta kosti, nema skólanefnd veiti undanþágu. Þó er skólanefndum heimilt að leyfa 8 vikna kenslu á ári fyrir hvert barn í þeim skólahjeruðum, þar sem farkenslu er þrískift. Geti skólanefnd farskólalaust, með eftirlitskennara eða á annan hátt, sjeð öllum börnum skólahjeraðsins á aldrinum 10—14 ára fyrir fullnægjandi fræðslu, er henni það heimilt. Sýni prófin í einhverju skólahjeraði, sem þetta kensluíag hefir, að fræðslan sje ekki fullnægjandi, er fræðslumálastjórninni skylt að ákveða skólaskyldu í því hjeraði.

8. gr.

Skólaskyldualdur miðast við nýár.

9. gr.

Undanþágu frá skólaskyldu þeirri, er ræðir um í 5., 6. og 7. gr., skal skólanefnd veita, ef hún af árlegum prófum fær trygging fyrir því, að sú fræðsla, sem börnin fá utan skólans, verði jafngild þeirri, er skólinn mundi veita. Umsóknir um slíkar undanþágur skulu vera komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok hvers skólaárs.

10. gr.

Fræðslumálastjórnin getur veitt skólahjeruðum heimild til að skipa fyrir um skólaskyldu fyrir börn, sem eru yngri en 10 ára, þó ekki yngri en 7 ára fullra.

Sýni próf 8–10 ára barna í einhverju skólahjeraði, að minsta kosti tvisvar á þremur árum, að fjórði hluti þeirra eða meira hafi eigi fengið nægilega fræðslu, skal skólanefnd tilkynna fræðslumálastjórninni það, og getur hún þá ákveðið skólaskyldu fyrir börn á þessum aldri í skólahjeraðinu.

11. gr.

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, er barn hafa til framfærslu, ákvæðum 5., 6. eða 7. gr. án gildra ástæðna, og varðar það dagsektum, 2–5 króna, eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð (bæjarsjóð).

12. gr.

Geti framfærandi barns á lögskipuðum skólaaldri fyrir fátæktar sakir ekki staðist kostnað þann, er leiðir af lögboðinni skólasókn þess eða fræðslu, skal sá kostnaður greiðast úr sveitarsjóði (bæjarsjóði) sem önnur gjöld til skólahalds. Umsóknir um slíkar greiðslur skulu komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok hvers skólaárs.

13. gr.

Hin lögskipaða fræðsla 10–14 ára barna veitist ókeypis, og greiðist kostnaðurinn við hana úr sveitarsjóði (bæjarsjóði) að öðru en því, er ríkissjóður leggur til kennaralauna og skólahúsa. — Nú eru fleiri en einn hreppur

í skólahjeraði, og greiðir þá hver þeirra kostnaðinn við skólahaldið að rjettri tiltölu við fjölda skólaskyldra barna í hreppnum.

Um kostnaðinn við fræðslu yngri barna en 10 ára fer samkv. 1. gr. (sbr. 12. gr.).

14. gr.

Til að reisa barnaskólahús utan kaupstaða greiðir ríkissjóður, af því fje, er til þess er veitt í fjárlögum ár hvert, alt að þriðjungi kostnaðar, sje það heimangönguskóli, en alt að helmingi kostnaðar, sje það aðallega heimavistarskóli, með því skilyrði, að fræðslumálastjórnin samþykki uppdrátt og lýsing af húsinu og legu þess, enda sje húsið með lóð þess eign hreppsins.

Nú er hætt að nota skólahús til skólahalds, og er þá fje það, er ríkissjóður hefir til þess lagt, afturkræft, þannig að ríkissjóður fái af rjettu andvirði hússins tiltölulega við tillag sitt.

15. gr.

Fræðslumálastjórnin setur reglur um gerð, legu og hollustuhætti skólahúsa.

16. gr.

Þegar barnaskólahús er reist frá stofni, stækkað eða endurbygt til skólahalds, skal bæjarstjórn sú eða hreppsnefnd, er hlut á að máli, annast um bygging eftir uppdrætti og lýsingu, er fræðslumálastjórnin hefir samþykt, og afhenda síðan skólanefnd húsið til umsjónar og umráða.

Nú er skólahús ekki bygt samkvæmt uppdrætti og lýsingu, er fræðslumálastjórnin hefir samþykt, og getur þá skólanefnd neitað að taka við húsinu, uns það er komið í rjett lag.

17. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórninni að löggilda barnaskóla, sem stofnaður er og rekinn fyrir fje einstakra manna eða fjelaga, ef hann starfar samkvæmt reglugerð, er fræðslumálastjórnin samþykkir, enda lúti slíkir skólar sama eftirliti og aðrir barnaskólar.

Börn á skólaskyldualdri, er slíkan skóla sækja, þurfa ekki leyfi skólanefndar til, en forstöðumaður hans skal fyrir byrjun hvers skólaárs láta skólanefnd í tje skýrslu um það, hvaða börn muni sækja skólann á því ári.

Ekki eiga barnaskólar einstakra manna eða fjelaga heimting á styrk af almannafje.

IV.

Um próf.

18. gr.

Próf skal halda árlega um kunnáttu og þroska barna í hverju skólahjeraði, og heldur kennarinn (kennararnir) prófið. Nú hefir skólahjerað fengið undanþágu frá lögskipuðu skólahaldi, og skipar þá fræðslumálastjórnin prófanda. Skal hann hafa sömu laun og prófdómendur.

Við próf skal jafnan vera prófdómandi, skipaður af fræðslumálastjórninni. Utan kaupstaða fær hann 6 kr. í dagpeninga og dýrtíðaruppbót að auki. Í kaupstöðum borgast eftir samkomulagi. Kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.

Próf skal haldið að vorinu, og ákveður prófdómandi stað og tíma í samráði við skólanefnd. Til prófs skulu koma öll börn skólahjeraðsins 8—14 ára að aldri.

Nú kemur barn á þessum aldri ekki til prófs án gildra forfalla, og skal þá prófdómandi prófa barnið á heimili þess eða á öðrum stað, er hann til tekur, og greiðir sá, er barnið hefir til framfæris, prófkostnaðinn.

19. gr.

Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að sterkar líkur sjeu til, að það nái eigi lögskipaðri kunnáttu áður en það er 14 ára, ber skólanefnd að gera ráðstafanir til að lögð sje við það meiri rækt en áður, og má hún, ef nauðsyn ber til, kaupa því sjerstaka kenslu á kostnað þess, er barnið hefir til framfærslu, samkvæmt því, er segir í 1. gr.

20. gr.

Barni, sem er fullra 14 ára og hefir eigi fengið hina lögskipuðu kunnáttu, ber skólanefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 19. gr., og er því skylt að koma á næsta ári til prófs. Komi það eigi til prófs, fer samkvæmt síðasta lið 18. greinar. Undanskilin fyrirmælum þessarar greinar og næstu greinar á undan eru þau börn, sem að dómi kennara, læknis og prófdómanda eru óhæf til hins lögboðna náms, sakir andlegs eða líkamlegs vanþroska eða vanheilsu.

21. gr.

Börn þau, er með fullnaðarprófi hafa lokið lögskipuðu námi, skulu fá vottorð um kunnáttu sína og þroska, undirritað af prófdómanda og prófanda.

22. gr.

Að loknu prófi skal prófdómandi senda skólanefnd skriflegt álit sitt um hag barnafræðslunnar í skólahjeraðinu, en hún sendi það fræðslumálastjórninni, með öðrum lögboðnum skýrslum.

23. gr.

Fræðslumálastjórnin setur reglur um tilhögun prófanna og um skýrslur þær og skírteini, er henni skal senda um prófin.

V.

Um skólanefndir.

24. gr.

Í skólanefnd eiga sæti 3 menn í hreppsfjelögum, en 5 í kaupstöðum. Skipar fræðslumálastjórnin formann nefndarinnar. Í kaupstöðum kýs bæjar-

stjórn 4 skólanefndarmenn, en í hreppsfjelögum skulu 2 skólanefndarmenn ásamt varamönnum kosnir af þeim skólahjeraðsmönnum, er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum, og fer sú kosning fram á sama hátt og þá kosið er til hreppsnefndar, og samtímis, þegar því verður við komið.

Nú er ekki kosið til hreppsnefndar (bæjarstjórnar) það ár, er fyrst er kosið í skólanefnd, og er þá rjett að kjósa skólanefndarmenn aðeins til þess tíma, er slík kosning fer fram.

Þegar tvö eða fleiri skólahjeruð ganga saman í eitt, eru skólanefndarmenn hins nýja skólahjeraðs skipaðir og kosnir sem áður segir, að öðru en því, að hvor hreppur kýs sinn mann og varamann; sjeu hrepparnir fleiri en tveir, ræður hlutkesti hverjir tveir hinna kjörnu taka sæti í nefndinni. Hlutkestinu stjórnar formaður skólanefndar.

25. gr.

Skólanefndarmenn fara með umboð sitt í 3 ár, og má fela þeim það á ný að þeim tíma liðnum, en ekki eru þeir skyldir að taka við því fyrri en jafnlangur tími er liðinn og þeir sátu í nefndinni. Deyi nefndarmaður eða fari úr nefndinni annara orsaka vegna áður en tími hans er útrunninn, skal sá, er kemur í hans stað, aðeins vera í nefndinni þann tíma af þrem árum, sem enn er eftir.

26. gr.

Enginn nefndarmanna hefir atkvæðisrjett um þau mál, er snerta hann sjálfan persónulega, og er rjett að hann víki af fundi meðan rætt er eða ályktun gerð um málefni, er varðar hann sjálfan.

27. gr.

Formaður kallar nefndina saman til funda svo oft, sem þörf krefur. Nefndin getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sje viðstaddur. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum. Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði formanns ráða. Ályktanir nefndarinnar skulu ritaðar í gerðabók.

28. gr.

Skólanefnd hefir umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum skólahjeraðs síns. Hún auglýsir kennarastöðu, ef laus er, og ræður með sjer, hverjum umsækjanda hún vill mæla með til stöðunnar. Hún hefir eftirlit með því, að kennari geri skyldu sína, sjer um árleg próf, sem fyrirskipuð eru í lögum þessum, hefir eftirlit með skólasókn skólaskyldra barna og annast um að þau geti fengið nauðsynlegar bækur og áhöld eftir því, sem fræðslumálastjórnin ákveður. Hún hefir umsjón með og umráð yfir skólahúsum og annast um, að herbergi þau, sem höfð eru til kenslu, sjeu svo, að heilsu barnanna sje ekki hætta búin. Hún sjer um útvegun nauðsynlegra kensluáhalda. Hún afhendir bæjarstjórn eða hreppsnefnd í tæka tíð áætlun um kostnað við barnafræðsluna ár hvert og ráðstafar því fje, sem kaupstaðurinn eða hreppurinn veitir til barnafræðslu. Hún semur reglugerð um tilhögun barnafræðslunnar í skólahjeraði sínu, eða gerir breytingar á eldri reglugerðum,

eftir því, sem þörf krefur, og sendir fræðslumálastjórninni til samþyktar. Hún býr út skýrslur þær og skírteini, sem fræðslumálastjórnin heimtar, um hag barnafræðslunnar.

Verði ágreiningur milli skólanefndar og hreppsnefndar um fjárframlög til barnafræðslu, skal hann lagður undir úrskurð fræðslumálastjórnar.

29. gr.

Formaður skólanefndar hefir á hendi aðalframkvæmd þess, er segir í 28. gr., og sjer um, að öll störf, sem nefndin á að annast, sjeu samviskusamlega unnin. Formaður sjer um bókun á fundargerðum skólanefndar, skýrslur þær, er af henni eru heimtaðar, og annast brjefaviðskifti hennar. Formaður skólanefndar utan kaupstaða heldur reikning yfir tekjur og gjöld barnafræðslunnar í skólahjeraðinu ár hvert, og skal reikningurinn endurskoðaður af hreppsnefnd. Reikningar barnafræðslunnar skulu sendir fræðslumálastjórninni í afriti.

30. gr.

Fræðslumálastjórnin setur nánari ákvæði um skyldur og störf skólanefnda.

VI.

Ýmisleg ákvæði.

31. gr.

Um lækniseftirlit með heilbrigði kennara og skólabarna og hollustuháttum skólanna fer eftir því, sem yfirstjórn heilbrigðismála ákveður í samráði við fræðslumálastjórn.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru frá sama tíma úr gildi numin lög um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907, lög um breyting á þeim lögum frá 30. júlí 1909, og önnur ákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

Nd. **286. Frumvarp**

til laga um húsaleigu í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Lög nr. 24, 12. sept. 1917, lög nr. 45, 28. nóv. 1919, og lög nr. 50, 27. júní 1921, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, en þó má eigi segja upp húsnæðum til burtflutnings fyr en frá 14. maí 1927.

Nd. **287. Breytingartillögur**

við frv. til laga um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Orðin »ásamt tilkvöddum skattanefndarmanni« falli niður.
2. Við 8. gr. Aftan við 1. málsgr. 8. gr. bætist: ef innlendur er, en annars í útgerðarstað skips hjer á landi.

Nd. **288. Breytingartillaga**

við frv. til laga um útsvör.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen, Sigurj. Jónsson, Jón A. Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson, Björn Líndal.

Við 9. gr., tölulið 1.

Fyrir orðin »samtals 4 vikur« til enda töluliðsins kemur: 4 vikur samfleytt af gjaldárinu, enda láti útgerðarmaður sjálfur fullverka aflann á staðnum.

Ed. **289. Frumvarp**

til laga um kynbætur hesta.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Bannað er að láta graðhesta tvævetra og eldri ganga lausa í heimahögum eða á afrjettum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi skal vera hrossakynbótanefnd, skipuð 3 mönnum. Um kosning í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosning í hreppsnefnd.

Í fyrsta sinn skal kosið í janúar 1927, og gildir sú kosning þar til næst fer fram kosning í hreppsnefnd.

Rjett er konum að skorast undan kosningu.

3. gr.

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd velja eða útvega innan eða utan hrepps hæfilega marga góða graðhesta til undaneldis í hreppnum næsta sumar. Hesta, sem kynbótanefnd velur, skal nefndin jafnframt taka á leigu til afnota innan hrepps og semja um leiguna. Skal nefndin gera hreppsbúum það kunnugt með auglýsingu fyrir lok marsmánaðar. Heimilt er hrossakynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að hrossakynbótum, nota sömu hesta, sömu girðingar o. s. frv.

Hrossakynbótanefnd getur leyft, að kynbótahestar gangi lausir í heimahögum á tímabilinu frá 1. október til 20. apríl.

4. gr.

Alla graðhesta, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á hjeraðssýningum, er styrks hafa notið hjá Búnaðarfjelagi Íslands, skal merkja með því að klippa Kh hægra megin á lend þeirra. Eigandi hestsins skal endurnýja merkið svo oft sem með þarf til þess að það sje jafnan glögt.

Nú sannast, að einhver hefir merkt graðhest þessu merki án leyfis kynbótanefndar, enda hafi hann ekki hlotið verðlaun eins og fyr segir, og varðar það sektum. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa honum sem óskilafje og selja án innlausnarfrests.

5. gr.

Alla graðhesta, sem eru $1^1/_2$ árs eða eldri og ekki eru ætlaðir til undaneldis samkvæmt 3. og 4. gr., skal gelda eða taka í örugga vörslu fyrir 14. maí ár hvert. Graðhesta á þeim aldri, sem eru ekki kynþroska þá, skal gelda svo fljótt sem verða má.

Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn eða taka í trygga vörslu, og skal hann þá sekt gjalda og auk þess skaðabætur, ef tjón hlýst af. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist, nema í öruggri vörslu sje, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja hann án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist graðhestur, merktur Kh hægra megin á lend, gæslulaus án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er hann var valinn fyrir sem undaneldishestur, og má þá taka hann í örugga gæslu og, ef þörf gerist, á fóður á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart svo fljótt sem unt er. Ef hestsins er ekki vitjað og greiddur áfallinn kostnaður áður liðnar eru 6 vikur frá því hann var tekinn, má ráðstafa honum sem óskilagrip og selja með 4 vikna innlausnarfresti.

7. gr.

Hreppskilafundur ákveður þóknun fyrir starf hrossakynbótanefndar.

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, leigu eftir kynbótahest, hagagöngu, umsjón með hestinum og fóðri, jafnar nefndin niður á folöld þau, sem fæðast í hreppnum á því ári, þó svo, að aldrei verði hærra gjald en 8 kr. á hvert folald. Skulu eigendur greiða gjald þetta árlega til hrossakynbótanefndar á þeim tíma, er hún tiltekur, og er gjaldið lögtakskræft. Nú verður kostnaðurinn meiri en hámarksgjaldi nemur á hvert folald, og greiðir þá hlutaðeigandi sveitarsjóður afganginn.

8. gr.

Hrossakynbótanefnd skal bóka ályktanir sínar og aðrar gerðir, svo sem reikninga, skýrslur, brjef o. fl.

Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða úrslitum. Nefndarfundir eru lögmætir og ályktunarfærir, þótt einn nefndarmanna vanti, ef hinir eru sammála.

Formaður nefndarinnar skal gera reikning yfir tekjur og gjöld kynbótastarfseminnar eftir hver áramót. Reikningurinn skal yfirskoðaður af hreppsnefnd og lagður fram á vorhreppaskilaþingi.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—500 kr., er renna að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið verður uppvíst, og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem hinn seki á heima.

10. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 74, 14. nóv. 1917, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Ákvæði um stundarsakir.

Hrossakynbótanefnd getur fyrst um sinn, í síðasta skifti 1930, leyft, að kynbótahestar gangi lausir í heimahögum á tímabilinu frá 20. apríl til 1. október ár hvert, og gildir leyfið fyrir 1 ár í senn.

Ed. **290. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað 3. málsgr. 5. gr. laga nr. 88, 14. nóv. 1917, kemur:

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðarakstur. Bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið ölvaður eða brýtur ákvæði 9. gr. 2. málsgr., er slys vill til, skal, auk sekta eftir 13. gr., sviftur ökuskírteini um ákveðinn tíma, ekki skemur en 6 mánuði, eða ævilangt, ef brot er margítrekað, valdið er verulegu slysi fyrir ölæði eða miklar sakir eru að öðru leyti. Svifting ökuskírteinis skal gerð með dómi í máli því, sem höfðað er út af brotinu, og má ennfremur láta önnur brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, ef margítrekuð eru eða miklar sakir eru að öðru leyti, varða, auk sekta eftir 13. gr., sviftingu ökuskírteinis um ákveðinn tíma eða ævilangt. Ef lögreglustjóri telur nauðsyn til bera, er honum heimilt að svifta bifreiðarstjóra, sem hann telur hafa brotið ákvæði laganna eða áðurnefndra reglugerða, ökuskírteini til bráðabirgða, þar til dómur fellur. Sama er og ef lögreglustjóri álítur, að bifreiðarstjóri hafi mist einhvers þess, er útheimtist til að fá ökuskírteini.

2. gr.

Í stað »12 kílómetrar« í 2. málsgr. 6. gr. laganna kemur: 18 kílómetrar, og í stað »35 km.« kemur: 40 km.

3. gr.

Á eftir 12 gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Rjett er, í reglugerð, sem sett er samkvæmt lögum þessum, að ákveða lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir bifreiðarstjóra, með hæfilegri hliðsjón af hættu, sem stafað gæti af ofþreytu eða svefnleysi.

Greinatalan breytist eftir því.

4. gr.

Aftan við 13. gr. laganna kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

5. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Sjerhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfjelagi, sem viðurkent er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, að upphæð 15000 kr. Skal með því vera tryggð greiðsla, að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð

bar á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíbjóla bifreiðar og þær þribjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt tryggðar fyrir 7500 kr.

Undanþegnar tryggingarskyldunni eru þær bifreiðar, sem eru íslensk ríkiseign eða ríkisstofnana eða bæjarfjelaga.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um tryggingarskylduna og um viðurkenning á tryggingarfjelögum. Skulu þar ákveðnar sektir fyrir brot á reglugerðinni.

Iðgjöld, er tryggingarskyldur bifreiðareigandi skuldar viðurkendu tryggingarfjelagi, eru lögtakskræf.

Tryggingarfjelagi skal gerður kostur á að kynna sjer í rjettinum skaðabótakröfur á hendur þeim, er tryggt hefir bifreið í fjelaginu, og láta uppi álit sitt áður en skaðabótamálið er útkljáð með sætt eða dómi.

Ákvæði þessarar greinar koma til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið auglýsir viðurkenning á tryggingarfjelagi eða fjelögum.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella texta þeirra og texta laga nr. 15, 18. maí 1920, inn í lög nr. 88, 14. nóv. 1917, og getur konungur þá gefið þau lög út, þannig breytt, sem lög um notkun bifreiða.

Nd. **291. Viðaukatillaga**

um frv. til laga um húsaleigu í Reykjavík.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
og eigi hækka leigu þess leigjanda, er situr í húsnæðinu til þess tíma.

Ed. **292. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 36, 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.

Flutningsmaður: Eggert Pálsson.

2. málsgr. 16. gr. laga nr. 36, 16. nóv. 1907, orðist svo:
Safnaðarfulltrúar hafa 6 krónur fyrir hvern dag, sem þeir eru utan

heimilis síns vegna hjeraðsfunda. Í þeim sóknum, þar sem söfnuðurinn hefir ekki tekið að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar, jafnar sóknarnefndin kostnaði þessum niður á alla atkvæðisbæra sóknarmenn.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum nr. 36, 16. nóv. 1907, er þóknun sú, sem safnaðarfulltrúum er ákveðin fyrir að sækja hjeraðsfund, aðeins 3 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að heiman vegna fundarhaldsins.

Þótt þóknun þessa hafi sjálfsagt mátt telja hæfilega á þeim tíma, sem hún var ákveðin, þá eru kringumstæður nú svo breyttar orðnar, að hún getur ekki lengur talist sómasamleg.

Þess vegna var það þá líka, að síðasti aðalfundur Prestafjelags Íslands, 26. júní f. á., skoraði á stjórn þess að gangast fyrir því, að dagpeningar safnaðarfulltrúa á hjeraðsfundi fengjust hækkaðir.

Samkvæmt þessari áskorun hefir stjórn Prestafjelagsins látið þá ósk uppi, að lagabreyting yrði gerð í þessu efni. Og er það aðalástæðan til þess, að frumvarp þetta er hjer fram borið.

Nd. **293. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 271. [*Ritsíma- og talsímakerfi*].

Frá Ing. Bjarnarsyni.

Í stað b- og c-liðar komi:

b. Lína um Fnjóskadal.

Nd. **294. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [*Ritsíma- og talsímakerfi*].

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við lagagreinina bætist:

Lína frá Hvammstanga um Stóra-Ós, Lækjamót, Breiðabólsstað, Ós og Tjörn að Illugastöðum, með hliðarlínu að Víðidalstungu. Ennfremur lína frá Melstað að Núpdalstungu. Lína frá Hnausum, um Hnjúk og Eyjólfsstaði, að Ási í Vatnsdal. Lína frá Efra-Hvoli, um Hof og Kirkjubæ, að Geldingalæk. Lína frá Þorshöfn til Skála, og ennfremur lína til Gunnólfsvíkur. Lína frá Ljósavatni fram

Bárðardal. Lína um Fnjóskadal. Lína frá Hjaltastað að Kirkjubæ. Lína frá Stóra-kroppi, um Reykholt, Stóra-Ás í Hálsasveit, að Bjarnastöðum í Hvítársíðu. Lína frá Hesti fram Lundarreykjadal. Lína að Selnesi á Skaga.

2. gr.

Lög nr. 26, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919, eru úr gildi numin.

Nd. **295. Breytingartillaga**

við frv. til laga um húsaleigu í Reykjavík.

Frá Pjetri Þórðarsyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Lög nr. 24, 12. sept. 1917, og lög nr. 45, 28. nóv. 1919, skulu úr gildi numin.

Nd. **296. Breytingartillögur**

við frv. til laga um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 9. gr. 1. Á undan »selveiði« í síðari málsl. kemur: verslun.
2. Við 30. gr. Fyrir »1%« kemur: ¾%.

Nd. **297. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1927.

I. Frá *fjárhagsnefnd.*

Við 2. gr. 9. (Skólagjöld).

Liðurinn fellur niður.

II. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 5. gr. 3. (Endurgreidd lán).

Talan breytist eftir úrslitum atkvæðagreiðslu um breytingartillögur um eftirgjafir lána.

III. Frá *Jóni Baldvinssyni, Jóni Kjartanssyni* og *Jóni A. Jónssyni.*
Við 10. gr. I. 6. c. Nýr liður:
Fyrir samningu á efnisyfirliti yfir Stjórnartíðindin 1916—1926 2500

IV. Frá *Jakob Möller.*
Við 11. gr. A. 6. (Skrifstofukostn. sýslum. og bæjarfóg.).
Fyrir »84000« kemur 100000

V. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 11. gr. A. 6. (Skrifstofukostn. sýslum. og bæjarfóg.).
Fyrir »84000« kemur 92000

VI. Frá *Jakob Möller.*
Við 12. gr. 2. Nýr liður:
Til Skúla Guðjónssonar cand. med., til bætiefnarannsókna og til að vera heilbrigðisstjórninni til aðstoðar og ráðuneytis, laun og dýrtíðaruppbót 4800

VII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 12. gr. 11. (Utanferðir hjeraðslækna).
Fyrir »2000« kemur... 3000

VIII. Frá *Halldóri Stefánssyni* og *Árna Jónssyni.*
Við 12. gr. 13. Nýr liður:
Til Evu Hjálmarsdóttur, til að leita sjer lækninga í Danmörku í heilsuhæli fyrir krampaveikt fólk 1500
Til vara 1000

IX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 12. gr. 17. c. (Styrkur til sjúkrahúsa).
a. Fyrir »15000« kemur 20000
b. Orðin »og að því tilskildu . . . innanhjeraðssjúklingar« falla niður.

X. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*
Við 12. gr. 17. d. (Sjúkraskýli).
a. Fyrir »23000« kemur 28000
b. Við liðinn kemur athugasemd:
Af lið þessum má verja alt að 5000 kr. til byggingar sjúkraskýlis í Borgarnesi, ef venjuleg skilyrði eru fyrir hendi.

XI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 12. gr. 17. e. (Sjúkrahúsið á Ísafirði).
Fyrir »10000« kemur 7724

XII. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 12. gr. 17. q. Nýr liður:
Til Haralds úrsmiðs Sigurðssonar, sjúkrastyrkur ... 1200
Til vara 1000

XIII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 12. gr. 17. q. Nýr liður:
Til Jóns Ásgeirssonar, sjúkrastyrkur og heimflutnings 1000

XIV. Frá *Birni Lindal* og *Bernh. Stefánssyni.*
Við 12. gr. 17. q. Nýr liður:
Til Jóns Kristjánssonar, veitingamanns á Akureyri, til þess að bæta honum að nokkru skaða, er hann beið af sóttvarnarráðstöfunum árið 1924 2500

XV. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 13. gr. B. III. Nýr rómv. liður:
a. Til akvegar frá Fellsenda að Breiðabólsstað í Sökkólfsdal 15000
b. Til að setja kláf (drátt) á Krosssund milli Langeyja við Skarðsströnd í Dalasýslu 3500

XVI. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 13. gr. B. IV. (Brúargerðir).
Í stað »224000« kemur 234000
[Þar af til brúar á Brunná í Öxarfirði 10000 kr.].

XVII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. B. VI. (Fjallvegir).
Fyrir »12000« kemur 15000

XVIII. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 13. gr. B. VIII. 1. (Sýsluvegir).
Fyrir »30000« kemur 36000
[Þar af til Kópaskersvegar og vegar frá Þórshöfn að Sauðanesi 6000 kr.].

XIX. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. B. X. (Hýsing ferðamanna).
Fyrir »3000« kemur 3200

XX. Frá *Pjetri Ottesen.*
Við XXII. brtt. 1. tölul., við 13. gr. C. 2. (Bátaferðir)
Talan hækki um 500 kr.

XXI. Frá *Þorleifi Jónssyni* og *Pjetri Þórðarsyni.*
Við XXII. brtt. 1. tölul., við 13. gr. C. 2. (Bátaferðir).
Talan hækki enn um 1000 kr.

XXII. Frá *samgöngumálanefnd.*
Við 13. gr. C. 2.
1. Liðurinn orðist svo:
Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum:
a. Rekstrarstyrkir 91000
2. Nýr stafliður:
Báta- og vjelkaupastyrkir 18500

XXIII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. D. II.
Fyrir »330000« kemur 397000
[Viðbótin til að leggja línu frá Ísafirði til Ögurs og frá Ögri, um Æðey, til Snæfjalla].
Til vara:
Fyrir »330000« kemur 363000
[Viðbótin til nýrrar línu frá Ögri, um Æðey, til Snæfjalla].

XXIV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. D. III. Nýr liður (b):
Til nýrrar símalínu frá Svignaskarði til Hvítárbakkaskóla, $^3/_5$ kostnaðar, alt að 3200

XXV. Frá *sjávarútvegsnefnd.*
Við 13. gr. E. V. b. Nýr liður:
Til hljóm- og ljósdufla á Valhúsgrunni og Siglufjarðarhellu, alt að 25000
enda greiði Hafnarfjarðarbær $^2/_5$ kostnaðar við duflið á Valhúsgrunni og Siglufjarðarbær $^2/_5$ kostnaðar við duflið á Siglufjarðarhellu.

XXVI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. A. b. 4.
Við liðinn kemur svo hljóðandi athugasemd:
Ef fje sparast á þessum lið vegna þess að prestaköll eru laus, er kirkjustjórninni heimilt, samkvæmt tillögu prestastefnu, að verja alt að einum prestslaunum til þess að greiða ferðakostnað handa prestsvígðum manni, einum eða fleirum, til eflingar andlegri samvinnu meðal presta og kristilegra áhrifa á söfnuði úti um land.

XXVII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 14. gr. A. b. 6. (Erfiðleikauppbót til Ögurþinga).
Fyrir »300« kemur 600
Til vara 450

XXVIII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 14. gr. B. II. a. Nýr liður:
Til Markúsar Kristjánssonar, til háskólanáms erlendis 1200

XXIX. Frá *Bernh. Stefánssyni.*
Við 14. gr. B. IV. b. 1. (Akureyrarskóli). Nýr liður:
Til framhaldsnáms fyrir nemendur, sem lokið hafa gagnfræðaprófi 5000

XXX. Frá *fjárhagsnefnd.*
Við 14. gr. B. VII.
Athugasemdin fellur niður.

XXXI. Frá *Sveini Ólafssyni, Jóni A. Jónssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni, Benedikt Sveinssyni.*
Við 14. gr. B. XIII. 6. (Barnaskólahús).
a. Fyrir »10000« kemur 37000
b. Við liðinn kemur athugasemd:
Af upphæð þessari ganga 29000 kr. til byggingar barnaskólum í Nesþorpi, Súðavík og Öxarfirði, þó eigi yfir $^1/_3$ kostnaðar.

XXXII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. XII. 2. c. (Blönduósskóli). Nýr liður:
Eftirgjöf á viðlagasjóðsláni skólans (byggingarstyrkur) 7034

XXXIII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Jakob Möller* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. XIII. 6. Nýr liður:
Til Helga Hjörvars, utanfararstyrkur til þess að kynna sjer kenslu- og uppeldismál 1600

XXXIV. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 14. gr. B. XIV. 1. c. 5. (Eiðaskóli). Nýr liður:
Til að setja miðstöð í skólahúsið 14000
2. Við 14. gr. B. XIV. 2. (Unglingaskólar).
Fyrir »38000« kemur 42000
3. Við 14. gr. B. XIV. 3. Nýr liður:
Til Björns Jakobssonar íþróttakennara, til þess að reka íþróttaskóla í Þingeyjarsýslu 6000
4. Við 14. gr. B. XIV. 5. Nýr liður:
Til umbóta á skólahúsinu á Núpi í Dýrafirði... ... 3500

XXXV. Frá *Ólafi Thors.*
Við 14. gr. B. XIV. 6 (Flensborgarskóli).
Fyrir »14000« kemur 17000

XXXVI. Frá *fjárhagsnefnd.*
Við 14. gr. B. XIV. 6 (Flensborgarskóli).
Athugasemdin fellur niður.

XXXVII. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 14. gr. B. XIV. 7. Nýr liður:
Eftirgjöf á eftirstöðvum viðlagasjóðsláns Dalasýslu til Hjarðarholtsskólans 4000

XXXVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 14. gr. B. XIX. Nýr liður:
Til þess að gefa út landslagsuppdrátt af Íslandi með hæða- og hafdýpislitum (lokastyrkur) 1000
2. Við 15. gr. 1. a. Nýr liður:
Launauppbót til 1. og 2. bókavarðar, 500 kr. til hvors 1000
3. Við 15. gr. 4. (Náttúrufræðifjel.):
Fyrir »1600« og »600« kemur: 3000 og 2000.

XXXIX. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 15. gr. 10. Liðinn skal orða svo:
Til sjóðsstofnunar til minningar um Pjetur heitinn Jónsson frá Gautlöndum, og semji ríkisstjórnin skipulagsskrá fyrir þann sjóð 3000

XL. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 15. gr. 16. a. (Skáld og listamenn).
Fyrir »þó eigi minna en 1000 kr.« kemur: þó eigi minna en 600 kr.

XLI. Frá *Birni Lindal.*
Við 15. gr. 17. Nýr liður:
Til Leikfjelags Akureyrar, gegn að minsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað 1000

XLII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. 18. i. Nýr liður:
Til Jóns Stefánssonar málara 2000

XLIII. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 15. gr. 18. i. Nýr liður:
Til Ásmundar Sveinssonar, til Rómaferðar 3000

XLIV. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 18. i. Nýir liðir:
1. Til Einars Markans, til söngnáms 1900
2. Til Sigurðar Birkis, til Rómaferðar 1900
3. Til Guðmundar Gíslasonar Hagalíns, til ritstarfa 2000

XLV. Frá *Árna Jónssyni, Magnúsi Jónssyni, Jóni Baldvinssyni, Jakob Möller, Ólafi Thórs, Halldóri Stefánssyni.*
Við 15. gr. 23. Nýr liður.
Til Jóns Leifs, til þess að safna íslenskum þjóðlögum og vinna úr þeim 5000

XLVI. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
1. Við 15. gr. 30. (Sighvatur Borgfirðingur).
Fyrir »600« kemur 800
2. Við 15. gr. 31 (Bogi Melsted).
Liðurinn fellur niður.

XLVII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 15. gr. 42. Nýir liðir:
a. Til Helga P. Briems, til lokanáms í hagfræði 1400
b. Til Gunnlaugs S. Briems, til lokanáms í símaverkfræði 2500

XLVIII. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 16. gr. 3. (Búnaðarfjelög).
Athugasemdin fellur niður.

XLIX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 19. (Bryggjugerðir og lendingabætur).
Fyrir »35000« kemur 37000

L. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 16. gr. 20. Nýr liður:
Til aðgerðar öldubrjótnum í Bolungarvík, gegn jöfnu tillagi annarsstaðar að 7500
Til vara 5000

LI. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 16. gr. 22. (Markaðsleit).
a. Fyrir »5000« kemur 12000
b. Við liðinn kemur athugasemd:
7000 kr. af fje þessu veitast Karli Þorsteins til markaðsleitar fyrir ísl. sjávarafurðir í löndunum sunnan og austan Miðjarðarhafs, sem og í Balkanlöndum. Markaðsleitin skal gerð í samráði við ríkisstjórnina.

LII. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 16. gr. 29. Nýr liður:
Til Guðmundar Einarssonar myndhöggvara, til þess að setja upp leirbrensluofn til myndgerðar... 4000

LIII. Frá *Birni Lindal* og *Halldóri Stefánssyni.*
Við 16. gr. 30. Nýr liður:
Til kvenrjettindafjelags Íslands, upp í kostnað við landsfund kvenna á Akureyri sumarið 1926 800

LIV. Frá *Jakob Möller.*
Við 16. gr. 31. Nýr liður:
Til kvenrjettindafjelags Íslands, upp í kostnað við sending fulltrúa á alþjóðasambandsþing kvenrjettindafjelaga í París sumarið 1926 2000

LV. Frá *Bernh. Stefánssyni.*
Við 16. gr. 33 (U. M. F. Í.).
Fyrir »3000« kemur 5000

LVI. Frá *Jóni A Jónssyni, Pjetri Ottesen* og *Tryggva Þórhallssyni.*
Við 16. gr. 33. Nýr liður:
a. Eftirgjöf á eftirstöðvum (5/6) dýrtíðarláns Grunnavíkurhrepps 3000
b. Eftirgjöf á 2/3 dýrtíðarláns Innri Akraneshrepps 2000
c. Eftirgjöf á 2/3 hallærisláns (viðlagasjóðsláns) Árneshrepps 10000
15000

LVII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 36. a. (Leiðbeiningar um húsagerð).
Fyrir »3500« og »5600« kemur: 4000 og 6400.

LVIII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. 36. Nýr liður:
Til Guðmundar Guðjónssonar, til lokanáms í húsgerðarlist 1500

LIX. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 16. gr. 36. Nýr liður:
Byggingarstyrkur til starfsmanna ríkisins í Reykjavík, alt að 10% af byggingarkostnaði, þó ekki yfir 3000 kr. fyrir hverja íbúð, enda sje húsið fullgert og vandað, alt að 20000

Styrk þennan má borga fyrir hús, sem fullgerð hafa verið á árunum 1926 og 1927.

LX. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*
Við 16. gr. 37. Nýr liður:
Til Jóns Helgasonar í Borgarnesi, til þess að byggja nothæfa, vindknúða rafmagnsstöð 10000

LXI. Frá *Jóni Baldvinssyni* og *Jóni A. Jónssyni.*
Við 16. gr. 37. Nýr liður:
Styrkur til kaupa á laxa- og silungaseyðum, alt að . 3000
Ríkisstjórnin veitir styrk af fje þessu sveitar- eða bæjarfjelögum, þar sem heppilegar ástæður þykja fyrir hendi til að koma upp eða auka lax- eða silungsveiði.

LXII. Frá *Jóni A. Jónssyni* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 16. gr. 39. Nýr liður:
Til að gera Einarsfoss í Laugardalsá í Ögurhreppi gengan laxi og silungi, 1/3 kostnaðar, alt að 500

LXIII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
1. Við 17. gr. 2. Nýr liður:
Til bæjar- og sveitarfjelaga, til að koma upp barnaheimilum og gamalmennahælum, 1/3 kostnaðar, alt að. 25000
Af þessari fjárhæð greiðist Ísafjarðarkaupstað alt að 15 þús. kr. til gamalmennahælis, er bærinn hefir komið upp hjá sjer.
2. Við 17. gr. 3. Nýr liður:
Til sjúkrasamlags Reykjavíkur, til að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga í landinu og til að stofna ný sjúkrasamlög 2000
3. Við 17. gr. 4. Nýr liður:
Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík 3500

LXIV. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 17. gr. 5. Nýr liður:
Styrkur til þess að stofna og reka Íslendingaheimili í Kaupmannahöfn, er frú Hlín Johnson ætlar að setja þar á stofn 5000

LXV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 18. gr. II. b. 12. Nýir liðir:
a. Til Guðnýjar Jónsdóttur 400
b. Til Kirstínar Þ. Blöndal 300

LXVI. Frá *Ólafi Thors.*

Við 18. gr. II. e. 11. Nýr liður:

Til Ögmundar Sigurðssonar 2000

ef hann lætur af skólastjórn.

LXVII. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 18. gr. II. f. 8. (Jens Þórðarson):

Fyrir »200« kemur 300

2. Við 18. gr. II. f. 19. Nýr liður:

Til Böðvars Sigurðssonar pósts 300

LXVIII. Frá *Sigurjóni Jónssyni, Jóni A. Jónssyni* og *Asgeiri Asgeirssyni.*

Við 22. gr. 6. Nýr liður:

Alt að 25000 kr. til sóknarprestsins á Ísafirði, gegn 1. veðrjetti í húseign hans á Ísafirði, Sjónarhæð, með lóð og útihúsum, enda eigi ríkissjóður kauprjett á eigninni eftir mati. Lánið veitist til 25 ára með 5% vöxtum og afborgist með 1000 kr. árlega.

LXIX. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 23. gr. III. Liðurinn fellur niður.
2. Á eftir 23. gr. kemur ný grein:

Stjórninni er heimilt að ábyrgjast:

1. Alt að 40000 kr. lán fyrir mjólkurfjelagið Mjöll, gegn endurábyrgð sýslufjelaganna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
2. 25000 kr. lán til tóvinnufjelags á Reyðarfirði, gegn endurtryggingum þeim, er hún metur gildar.

3. 25. gr. fellur niður.

Nd. **298. Tillaga**

til þingsályktunar um lánveitingar úr Fiskiveiðasjóði Íslands.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina (atvinnumálaráðuneytið) að sjá um, að fylgt verði lögum og reglugerð Fiskiveiðasjóðsins og lögum um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands við lánveitingar úr sjóðnum.

Ástæður.

Mjer hefir verið tjáð, að atvinnumálaráðuneytið hafi í hyggju að veita Reykjavík og Akureyri stórlán úr Fiskiveiðasjóði til hafnarbóta á þessum stöð-

um, og að meiri hluti sjávarútvegsnefndar hafi gefið samþykki til þessarar ráðstöfunar á fje sjóðsins.

Þessar ráðstafanir tel jeg fara í bága við tilgang sjóðsins og vera til hnekkis því, að sjóðurinn geti stutt fiskveiðar landsmanna, eins og allir hlutaðeigendur vænta og eiga heimting á að hann geri.

Nd. **299. Frumvarp**

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til virkjunar Dynjandisár og annara fallvatna í Arnarfirði o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita hlutafjelögunum Dansk-islandsk Anlægsselskab í Kaupmannahöfn og Islands Salt- & kemiske Fabrikker í Reykjavík sjerleyfi til:

1. Að virkja Dynjandisá, Svíná, Mjólkurárnar og Hofsá í Arnarfirði. Leyfið felur í sjer heimild til að gera vatnsmiðlunarvirki í ám þessum og lækjum eða vötnum, er þær eru í sambandi við eða heppilegt þykir að miðla vatni í vegna fyrirtækja þeirra, er í lögum þessum getur, þar á meðal hækka eða lækka vatnsbotn eða farveg, gera vatnsrásir ofan jarðar eða neðan eftir þörfum, þar á meðal brottrás handa vatni frá orkuveri, sbr. 2. tölul., og yfir höfuð að fara með vatnið eftir því, sem nauðsyn krefur til að ná úr því orku þess, og svo sem samrýmast má landslögum. Gert er ráð fyrir, að virkjaðar verði alt að 40 þúsund hestorkum.
2. Að reisa orkuver í Arnarfirði, í því skyni að breyta vatnsorku þeirri, sem í 1. tölul. segir, í raforku, og starfrækja það eða þau.
3. Að leiða raforku frá orkuveri eða orkuverum þeim, er í 2. tölul. greinir, til Önundarfjarðar um þá staði og með þeim hætti, er best þykir henta, til afnota í iðjuveri eða iðjuverum þeim, er í 4. tölul. getur.
4. Að reisa iðjuver í Önundarfirði til málmbræðslu, leirbrenslu, saltpjetursvinslu eða til annarar iðju eða hagnýtingar efna úr námum þeim, er ofannefnd fjelög hafa nú heimild á tekið, eða kunna síðar að eignast, og vinna má með orku þeirri, er lög þessi greina.
5. Að gera vegi eða önnur samgöngutæki frá iðjuveri eða iðjuverum til sjávar og þangað, sem námur fjelaganna eru, svo og til að gera höfn, bryggjur eða skipalægi, eftir því sem nauðsyn krefur til starfrækslu iðjuvera eða náma.
6. Að taka lögnámi land og rjettindi yfir landi eða netlögum, svo og að leggja kvaðir á land eða netlög, að því leyti sem nauðsynlegt er til að koma fyrirtækjum þessum í framkvæmd, sem í 1.—5. tölul. segir, enda komi fult endurgjald fyrir.

2. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa varnarþing á Íslandi, enda hafi hann hjer búsettan umboðsmann, er birta megi stefnu og svari til saka fyrir dómi í málum á hendur leyfishafa, en að minsta kosti tveir fimtu hlutar stjórnarmanna skulu vera búsettir á Íslandi.

3. gr.

Ekki má framselja sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ráðherra komi til, enda fullnægi nýr leyfishafi skilyrðum 2. gr.

4. gr.

Sjerleyfistími má vera alt að 60 árum.

5. gr.

Sjerleyfishafi skal vera undanþeginn eignarskatti, tekjuskatti til ríkissjóðs, útsvari og hærra útflutningsgjaldi en nú er, eða öðrum gjöldum, er á kunna að verða lögð. Í stað þess skal hann gjalda af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum 3 krónur árlega af hverri nýttri hestorku fyrstu 3 árin eftir að mannvirkjunum, sbr. 1. og 6. gr., er lokið, en síðan 5 krónur árlega af hverri nýttri hestorku.

6. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa byrjað á mannvirkjum þeim, sem í 1. gr. segir, innan 4 ára frá dagsetning sjerleyfis og hafa lokið þeim innan 7 ára frá sama tíma. Rjett er ráðherra þó að lengja fresti þessa.

7. gr.

Rjettindi og skyldur sjerleyfishafa og skifti hans og ríkisstjórnar fara samkvæmt landslögum, þ. á. m. sjerleyfislögum, að svo miklu leyti, sem ekki er um mælt í lögum þessum. Nú skilur aðilja á um það, hvort atriði skuli sæta úrlausn eftir þessum lögum eða landslögum, og skal þá hæstirjettur einn dæma það mál. Sjerleyfisdómur samkvæmt sjerleyfislögum sker annars úr, ef ágreiningur verður um efndir á ákvæðum sjerleyfisins, með þeim hætti, sem í sjerleyfislögum greinir.

Greinargerð.

Nefndinni hefir borist frv. þetta frá formanni »Dansk-islandsk Anlægsselskab«, hr. Karli Sæmundsen, og fylgdi því sú greinargerð, er hjer fer á eftir:

»Fjelögin Dansk-islandsk Anlægsselskab og Islands Salt- & kemiske Fabrikker hafa heimildir á vatnsorku í ánum Dynjandi, Svíná, Mjólkuránum og Hofsá í Arnarfirði. Þau eiga og námurjettindi allmikil í Önundarfirði, þar á meðal bæði leirnámur og járnnámur. Hefir efnafræðileg rannsókn farið fram á námum þessum, og hefir niðurstaðan af þeim rannsóknum orðið sú, að járnvinsla og aluminiumvinsla úr þeim muni verða álitleg fyrirtæki. Vísast

um þetta í skýrslu Steins Emilssonar (fskj. I) og útdrátt úr skýrslu formanns Dansk-islandsk Anlægsselskab (fskj. II). Þá hafa og rækilegar rannsóknir verið gerðar á því, hversu mikilli orku muni mega ná úr áðurnefndum ám með hallkvæmri vatnsmiðlun, og hefir niðurstaðan þar orðið sú, að fá megi 40—50 þús. hestorkur, eða með venjulegu falltapi og túrbinurensli 35 þús. túrbinuhestorkur og um 33 400 rafmagnshestorkur (sbr. fskj. I og II). (Uppdrættir og skýrslur sjerfræðings eru fyrir hendi til eftirlits). Rannsóknir þessar hafa að vonum kostað mjög mikið fje. Hafa fjelögin ásett sjer að virkja áðurnefnd fallvötn, að reisa orkuver í Arnarfirði, breyta þar vatnsorkunni í raforku, leiða síðan raforkuna til Önundarfjarðar, nálægt 50 kílómetra leið, og reisa iðjuver í Önundarfirði og vinna þar efni úr námum sínum o. fl.

Til þess að afla vatnsorkunnar þarf sjerleyfi. Og til þess að afla slíks sjerleyfis, sem hjer er farið fram á, þarf sjerstaka lagaheimild til handa ráðherra. Fyrst og fremst er farið fram á leyfi til virkjunar yfir 25 þús. hestorkna (sbr. 7. gr. sjerleyfislaga, nr. 46, 1925). Í öðru lagi er farið fram á heimild til að veita útlendum aðilja sjerleyfi (sbr. 2. tölul. 36. gr. sjerleyfislaganna). Loks er farið fram á það, að fjelagið (sjerleyfishafi) megi hafa heimili erlendis og að ekki þurfi meiri hluti stjórnar fjelagsins að vera skipaður innlendum mönnum.

Til virkjunar fallvatna þeirra, sem hjer getur, og iðjurekstrar þarf meira fjármagn en svo, að von sje til þess, að það fáist á Íslandi. Hinsvegar mun mega gera ráð fyrir því, að fyrirtækin verði mikil þjóðþrifafyrirtæki, meðal annars fyrir þá sök, að hjeruðin, sem næst liggja — en þar til telst mikill hluti Vestfjarða — mundu fá ódýrt rafmagn, ef fyrirtækin komast á fót (sbr. fskj. II). Vegna þess að erlent fjármagn verður að fá — en leyfisbeiðendur telja sig hafa allgóðar líkur til, að þeir geti aflað þess, ef skilmálar verði aðgengilegir — hafa fjelögin farið fram á, að leyfistíminn yrði samkvæmt 4. gr. og að skattaákvæðin færu eftir fyrirmælum 5. gr. Telja leyfisbeiðendur loku fyrir það skotið, að unt verði að afla fjár til fyrirtækjanna, nema þeir, sem fram leggja fjeð, hafi trygging fyrir því, að það verði ekki takmarkalaust af þeim tekið með skatta-álögum.

Það virðist auðvitað, að skifti aðilja fari eftir landslögum, þar á meðal einkum sjerleyfislögunum, að því leyti, sem ekki eru ákvæði um skifti þeirra í þessu frv., er að lögum verða. Hæstarjetti virðist best trúandi til að skera úr ágreiningi um það, hvort atriði eigi að fara eftir þessum lögum eða öðrum. Slíkt er lagaatriði, sem sjerleyfisdómur mundi tæplega vera jafnvel fallinn til að úrskurða. Og stungið er upp á því, að hæstirjettur dæmi einn — án sáttaumleitunar og málmeðferðar í hjeraði — til þess að flýta máli sem mest.«

Fskj. I, sem vitnað er til í greinargerðinni, er hjer slept, en fskj. II er skýrsluútdráttur sá, sem fer hjer á eftir.

»Útdráttur úr skýrslu formanns á 1. aðalfundi.

Norðan Önundarfjarðar, á 66. gr. norðlægrar breiddar stendur bærinn Flateyri á tanga einum eða eyri. Er þar góð höfn frá náttúrunnar hendi og

íslaus og skipgeng hinum djúpskreiðustu skipum. K. Torfason er eigandi eignarinnar »Sólbakki« og mikils hluta Flateyrar. Á skaga þeim, sem gengur fram milli Önundarfjarðar og Súgandafjarðar, hafa fundist járnnámur. Fjelag vort hefir öðlast rjettindi til að vinna þessar námur. Breidd skagans er 7 km, en lengd 20 km.

Verkefni fjelagsins hugsum vjer oss að verði:

1. Að vinna málminn úr námunum.
2. Virkjun fossanna.
3. Að nota orkuna til þess að vinna járn, aluminium o. fl.

Jeg vil þá leyfa mjer að gefa skýrslu um rannsóknir þær, sem framkvæmdar hafa verið á síðastliðnu ári.

Til þess að rannsaka málminn var fenginn norskur verkfræðingur, sem fór til Íslands skömmu eftir stofnun fjelagsins á síðastliðnu vori, og kom hann til baka um haustið.

Til þess að rannsaka fossana og gera bráðabirgðaáætlun um virkjun þeirra var fenginn norski vatnsverkfræðingurinn Hout, sem fór strax til Íslands, en kom síðar til baka en hinn fyrnefndi.

Auk þessa fór trúnaðarmaður vor, prófessor E. Schou, til Íslands í byrjun júlí til þess að kynna sjer staðháttu.

Af þeim skýrslum, sem fyrir hendi eru, sjest, að málmurinn (brúnjárnsteinninn) er í lagi, sem gengur eftir endilöngum skaganum. Í basaltklettunum, 1000 fet yfir sjávarmáli, er lárjett leirlag, er málmurinn þar í lögum, 25—40 cm. þykkum. Má því telja, að þarna sjeu 140 mill. smálesta af málmi. Sjö sýnishorn voru tekin af málmi þessum, á mismunandi stöðum; voru þau mulin og hrærð saman og síðan rannsökuð af Steins kemiske Laboratorium í Kaupmannahöfn. Við rannsóknina kom í ljós, að járninnihaldið (Fe_2O_3) var ca. 50—74 %, eða með öðrum orðum 40—55 % af hreinu járni. Verkfræðingurinn fann einnig yst á skaganum, 900 fet yfir sjávarmáli, leirlag, sem inniheldur kaolin, og þykir honum sá fundur mikilsverður. Við efnarannsókn á leir þessum kom í ljós, að í honum er Aluminiumsoxyd (Al_2O_3) eða 33—45 %. Má því vinna aluminium og eldfastan stein úr leir þessum. Það væri æskilegt að vinna þessa námu nokkuð, svo að hægt væri að fá nægilegt efni til ítarlegra rannsókna.

Til þess að rannsakaðir yrðu bræðsluhæfileikar járnmálmsins og aðrir eiginleikar hans, voru sendar 5 smálestir A/B Ale í Arboge í Svíaríki til bræðslu. Efnarannsókn steypujárnsins höfum vjer ekki meðtekið enn þá, en það er hvítt að útliti og fast í sjer, eins og búist var við, ef bræðslan væri rjettilega framkvæmd.

Rannsóknir Houts verkfræðings sýna, að virkjun fossanna er auðveld, og kostnaðaráætlanir að virkjunin er ódýr.

Jeg vil þá í stuttu máli gefa yfirlit yfir fyrirætlanir vorar:

Allir fossarnir verða virkjaðir strax og aflstöð reist hjá Borg. Virkjunin er ráðgerð þannig, að Dynjandisá og Hofsá verði veitt gegnum neðanjarðarræsi í lón (uppistöðu- og renslisjöfnuðarlón) við Mjólkurárfossinn; verða þá allar árnar virkjaðar með sömu fallhæð, ca. 310 metrum. Dynjandisá er eina

áin þar sem hægt er að framkvæma renslisjöfnuð að nokkuru ráði, því með því að stífla og dýpka litla og stóra Eyjavatn og Krókavatn er hægt að fá lón, sem rúmar 25 mill. kúbikmetra. Hinar árnar mynda aðeins smávötn, þar sem uppistöðulón ekki er hægt að mynda að nokkuru ráði. Aftur á móti er vatnsrenslið í þessum ám tiltölulega jafnt. Gláma fellir nefnilega vatnið (Kondensator) úr röku loftstraumunum, sem koma frá Atlantshafinu og Norðuríshafinu.

Í áætluninni er gerður greinarmunur á orku þeirri, sem unnin verður á 7 vatnsmestu og 5 vatnsminstu mánuðum ársins. Eftir vatnsrenslismælingum, sem framkvæmdar voru á umliðnu ári og bornar saman við vatnsrensli í Noregi (vesturströnd Noregs), ætti að vera hægt að fá fallvatn á fyrnefndum 5 og 7 mánuðum, þannig að minst rensli væri 7,65 kubikm. eða 12,70 kubikm. mest pr. sek., og væri þá hægt að vinna úr þessu 30,800—51,000 hestorkur, með vanalegu falltapi og túrbínurensli, ætti útkoman að vera 35,200 túrbínuhestorkur, eða 33,400 rafmagnshestorkur árlega. Frá uppistöðu og veitulóninu ofan við fallbrún Mjólkurár á að leiða vatnið í tveimur jafnhliða lögðum pípum, sem verða 920 metrar á lengd og $1^1/_2$ meter að þvermáli inn í aflstöðina. Pípurnar verða útbúnar með nauðsynlegum vatnslokum. Ef nauðsyn krefur, verður stöðin útbúin þannig, að hægt er að setja niður 6. aflgjafann (»aggreat«).

Ódýrast væri að virkja vatnið í þrennu lagi:

1.	Fallvatn Mjólkurár, sem framleiða á	14,200	turb. h.o.
2.	Veita Dynjandisá og Svíná í sama veitulón	14,300	— —
3.	Veita Hofsá í sama veitulón	6,700	— —
		35,200	turb. h.o.

ca. 33,400 rafmagnshestorkur.

Virkjunarkostnaður við 1. lið mundi vera ca. 4—5 mill. króna; annar og þriðji liður yrði mun ódýrari.

Góð not fyrir aflið mundi maður hafa við að vinna og bræða málminn.

Loks væri það eðlilegt, að nokkur hluti orkunnar væri látinn í tje sveitum þeim, sem liggja næst orkuverinu. Nægilegt mundi vera, eftir áliti kunnugra, að áætla 2000 hestöfl til þessa. Sveitum þessum yrði maður að gefa kost á þessari orku fyrir sanngjarnasta verð, eða öllu heldur með sjerlega góðum kjörum, og ætti verðið helst ekki að fara fram úr 100—120 kr. fyrir árshestorku til nýtingar til ljóss og hita, og eitthvað lægra fyrir orku til iðnaðarnotkunar.«

Ed. **300. Lög**

um veðurstofu á Íslandi.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl).

1. gr.

Veðurfræðistöð skal stofnuð og starfrækt á landi hjer. Skal hún nefnd veðurstofa Íslands og standa undir umsjón atvinnumálaráðuneytisins.

2. gr.

Starfssvið veðurstofunnar skal vera sem hjer segir:

a. Að safna gögnum til rannsókna á loftslagi landsins. Skal til þess hafa nægilega margar veðurstöðvar úti um land, sem standa undir umsjón og eftirliti veðurstofunnar.
b. Að vinna úr veðurskýrslum frá veðurstöðvunum og gefa út veðurfarsskýrslur, er sýni skilyrði þau og takmörk, sem veðráttan setur atvinnuvegum landsins.
c. Að safna daglegum veðurskeytum, innlendum og erlendum, og senda út fregnir um veðurútlit. Skal einkum lögð stund á að vara við stormhættu á landi og a miðum úti og segja fyrir um úrkomu að sumrinu.
d. Að safna nákvæmum fregnum um hafís og senda út ísfregnir til skipa, þegar ástæða er til. Sama gildir og þegar eldgos og öskufall ber að höndum.
e. Að standa, í samráði við ríkisstjórnina, fyrir öllum þeim málum, sem snerta alþjóðasamvinnu í veðurfræði og Ísland varða að einhverju leyti. Hjer með er talin umsjón með þeim veðurfregnum, sem sendar eru til annara landa.

3. gr.

Skylt er veðurstofunni að hafa eftirlit með landskjálfta- og segulmagnsmælingum (áttaskekkju), þegar þess er krafist af ríkisstjórninni og nauðsynleg fjárveiting er fyrir hendi.

4. gr.

Veðurfregnir, sem veðurstofan gefur út, skulu sendar með síma eða loftskeytum, svo fljótt sem föng eru á, og tafarlaust birtar á símastöðvunum. Setur atvinnumálaráðherra nánari reglur um, hvernig sendingu þeirra og birtingu skuli hagað; hann ákveður og gjald það, sem veðurstofan greiðir landssímanum fyrir veðurskeytin.

Sjerstakar fregnir frá veðurstofunni um stormhættu, hafísa og öskufall skulu ganga fyrir öðrum skeytum, að svo miklu leyti sem alþjóðareglur heimila.

5. gr.

Fastir starfsmenn skulu vera tveir veðurfræðingar, forstjóri og fulltrúi. Skulu báðir færir um að annast veðurspár, enda hafa nægilega þekking í þeim fræðigreinum, sem lúta að veðurfræði, þ. e. eðlisfræði, stærðfræði og jarðeðlisfræði, svo og landskjálfta- og segulmagnsmælingum. Engan má skipa veðurfræðing fyr

en hann hefir verið eitt ár í stöðinni til reynslu. Ekki má hann gegna stöðunni lengur en tvö ár án þess að hafa fengið veitingu fyrir henni.

Atvinnumálaráðherra veitir þessi embætti.

6. gr.

Forstjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr., upp í 6000 kr.

Auk þess hefir forstjóri ókeypis íbúð í byggingu veðurstofunnar, sbr. 7 gr., enda hafi hann eftirlit með áhöldum hennar.

Byrjunarlaun fulltrúa skulu vera 4000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár, upp í 5000 kr.

Forstjóri og fulltrúi njóta báðir samskonar uppbótar á launum sínum og embættismenn landsins fá samkvæmt launalögum.

7. gr.

Svo fljótt sem ástæður leyfa skal reist sjerstök bygging fyrir veðurstofuna, á stað, sem er hentugur fyrir störf þau, sem hún hefir með höndum eða kunna að verða henni falin.

8. gr.

Lög þessi gilda frá 1. júlí 1926.

Ákvæði um stundarsakir.

Verði núverandi forstöðumaður veðurathugana forstjóri veðurstofu Íslands, skulu árslaun hans þegar vera 6000 kr., auk uppbótar samkvæmt niðurlagi 6. gr.

Verði Jón Eyþórsson veðurfræðingur skipaður fulltrúi í veðurstofu Íslands, skulu árslaun hans vera 5500 kr., auk uppbótar samkvæmt niðurlagi 6. gr.

Ed. **301. Frumvarp**

til laga um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Til greiðslu á kostnaði þeim, er bæjarsjóður Siglufjarðar hefir haft af byggingu sjóvarnargarðsins þar, skal árlega greiða skatt í bæjarsjóð, svo sem hjer segir, af öllum útmældum lóðum innan löggilts verslunarsvæðis í kaupstaðnum og af húsum á þeim lóðum:

1. Af húsum og lóðum, er liggja að sjó í Bakka, Hvanneyrarkrók, Siglufjarðareyri og innan Siglufjarðareyrar og austan fjarðar, 4 af þúsundi af virðingarverði fasteigna samkvæmt fasteignamati.
2. Á aðrar fasteignir í kaupstaðnum heimilast bæjarstjórn að leggja árlegan

skatt, 2 af þúsundi. Skatturinn telst af fullum hundrað krónum virðingarverðsins; minni upphæð en 100 kr. kemur ekki til greina.

Tún og garðar og fasteignir, sem eru eigi fasteignaskattskyldar samkvæmt lögum nr. 66 1921, eru undanskildar þessum skatti.

Þá er lokið er greiðslu á kostnaði þeim, er bæjarsjóður hefir haft af sjóvarnargarðinum, fellur skatturinn niður. Komi það í ljós síðar, að bæjarsjóður þurfi að leggja fram fje til viðhalds eða endurbyggingar garðinum, þá er bæjarstjórninni heimilt að taka skattinn upp af nýju og verja til lúkningar þeim kostnaði.

2. gr.

Skatturinn greiðist á manntalsþingi af eigendum húsa og leigutökum lóða eða notendum, sem samkvæmt byggingarbrjefi eða öðrum heimildum hafa umráð þeirra. Bæjarfógeti Siglufjarðar innheimtir skattinn gegn 2% innheimtulaunum, í fyrsta sinn á manntalsþingi 1927.

3. gr.

Skattinn má taka lögtaki, og gengur hann í tvö ár frá gjalddaga fyrir öllum veðkröfum á húseign þeirri, er hann hvílir á, næst eftir fasteignaskatti ríkisins.

Nú greiðir leigutaki eða notandi lóðar eigi skattinn í tvö ár, og hefir hann þá fyrirgert leigurjetti eða afnotarjetti sínum.

Ed. **302. Frumvarp**

til laga um húsaleigu í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Lög nr. 24, 12. sept. 1917, lög nr. 45, 28. nóv. 1919, og lög nr. 50, 27. júní 1921, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, en þó má eigi segja upp húsnæðum til burtflutnings fyr en frá 14. maí 1927 og eigi hækka leigu þess leigjanda, er situr í húsnæðinu, til þess tíma.

Nd. **303. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 1. gr. Fyrir orðin »öll hús« komi: opinberar byggingar.

Nd. **304. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1927.

I. Frá *Jörundi Brynjó'fssyni.*
1. Við 12. gr. 17. p. (Halldór Arnórsson):
Fyrir »2400« kemur 3000
2. Við 13. gr. B. IX. Nýr rómv. liður:
Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá 300
3. Við 13. gr. B. X. (Bifreiðaferðir):
Fyrir »5000« kemur 6000

II. Frá *Jakob Möller* og *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 14. gr. B. I. j. Nýr liður:
Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta 750

III. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. I. j. Nýr liður:
Byggingarstyrkur til stúdentagarðsins 50000

IV. Frá *meiri hluta mentamálanefndar.*
Við 14. gr. B. III. b. 4. (Mentaskólinn). Nýr liður:
Uppbót til stundakennaranna Önnu Bjarnadóttur og Einars Magnússonar 2200
Fjárhæðin skiftist milli þeirra í hlutfalli við stundafjölda.

V. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 37. (Listvinafjelagið). Nýr liður:
Til sama fjelags, til þess að gefa út rit um íslenska listamenn 1000

VI. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 42. Nýr liður:
Til Hljómsveitar Reykjavíkur 3500
Til vara 3000

VII. Frá *Sveini Ólafssyni, Benedikt Sveinssyni, Þorleifi Jónssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*
Við 16. gr. 43. Nýr liður:
Til byggingar strandferðaskips, fyrri hluti framlags ... 200000

VIII. Frá *Birni Líndal.*
Við 22. gr. 4. Nýr liður:
Alt að 100000 kr. handa Akureyrarkaupstað, til hafnarbóta. Lánið

skal veitt gegn 6% vöxtum og endurgreitt með jöfnum afborgunum á 10 árum.

IX. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*

Við 22. gr. 6. Nýr liður:

Alt að 20000 kr. til Boga Þórðarsonar, til kaupa á nýtísku spunavjel. Lánið skal veitt til 20 ára, gegn 5½% vöxtum og þeirri tryggingu, er stjórnin metur gilda.

Ed. **305. Lög**

um breyting á lögum nr. 40 1919, um forkaupsrjett á jörðum.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl).

1. gr.

Á eftir 2. gr. laga nr. 40 1919 kemur ný grein, sem verður 3. gr., svo látandi:

Ákvæði 1. gr. og fyrri málsl. 2. gr. ná ekki til þess, er jarðeigandi selur barni sínu, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Í stað »2. gr.« í 4. gr. laganna kemur: 4. gr.

3. gr.

Í stað »3. gr.« í fyrstu og síðustu málsgr. 5. gr. laganna kemur: 4. gr.

4. gr.

Í stað »1.—7. gr.« í 6. gr. laganna kemur: 1.—6. gr.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 40 1919 og gefa þau út svo breytt.

Nd. **306. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1927.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

1. Við 12. gr. 17. q. Nýr liður:

Til Davíðs Jónssonar í Hænuvík, til þess að standast

kostnað við lækningatilraunir í Reykjavík á barni hans, er lamast hefir af mænusótt 500

2. Við 18. gr. II. d. 24. Nýr liður:
Til Guðrúnar S. Jónsdóttur.. 250

Ed **307. Frumvarp**

til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

A. Kvennaskólinn í Reykjavík.

1. gr.

Ríkið tekur að sjer kvennaskólann í Reykjavik, og skal hann framvegis að öllu leyti rekinn á kostnað ríkissjóðs.

Sjóður kvennaskólans, sem upphaflega var myndaður af samskotum, skal framvegis ávaxtast þannig, að 1/4 hluti vaxtanna leggist árlega við höfuðstólinn, en 3/4 hlutar þeirra gangi jafnótt til rekstrar skólans. Allar aðrar eignir skólans, kensluáhöld, rúmfatnaður o. fl. fylgja honum.

Stjórnarráðið fær umráð þau yfir hinum sjerstöku sjóðum, er forstöðunefnd kvennaskólans hefir haft á hendi, nfl. styrktarsjóði hjónanna Páls og Thoru Melsteð, styrktarsjóði frú Elínar Briem Jónsson og verðlaunasjóði H. Th. A. Thomsens.

2. gr.

Ríkisstjórnin semur reglur fyrir skólann og hefir yfirstjórn hans á hendi.

3. gr.

Skólinn er miðaður við 4 ára nám og auk þess hússtjórnardeild í tveimur námsskeiðum.

4. gr.

Kenslugreinar skulu vera: Íslenska, danska, enska, saga, landafræði, stærðfræði, náttúrufræði, heilsufræði, hjúkrun, teiknun, skrift, leikfimi, söngur, útsaumur, ljereftasaumur, utanyfirfatasaumur, fatasnið, prjón og baldýring.

Í hússtjórnardeildinni skal kenna alt, er lýtur að hússtjórn, svo sem matargerð, þvott og meðferð á honum og önnur innanhússtörf. Ennfremur fá námsmeyjar tilsögn í efnasamsetningu fæðunnar og næringargildi hennar. Mikil áhersla skal lögð á hreinlæti, reglusemi, nýtni og sparsemi. Námsmeyjar í hússtjórnardeildinni skulu búa í skólanum.

5. gr.

Við skólann skal skipa forstöðukonu með 3000 kr. árslaunum, auk ókeypis bústaðar, ljóss, hita og fæðis meðan skólinn starfar, og að minsta kosti einn fastan kennara í bóklegum námsgreinum með 2000 kr. árslaunum, og stundakennara eftir þörfum. Ennfremur skal skipa forstöðukonu fyrir hússtjórnardeild skólans með 1500 kr. árslaunum, auk ókeypis bústaðar, ljóss og hita og fæðis meðan kenslan stendur yfir, og veita henni þá aðstoð við kensluna, er hún þarfnast.

Fastir kennarar skólans njóta dýrtíðaruppbótar eftir hinum almennu reglum um embættismenn ríkisins.

6. gr.

Skólagjald skulu námsmeyjar greiða svo sem verið hefir.

7. gr.

Skólaárið telst frá 1. október til 14. maí ár hvert, en að því er hússtjórnarkensluna snertir til 30. júní ár hvert.

8. gr.

Próf skal halda í lok hvers skólaárs og inntökupróf að haustinu.

B. Kvennaskólinn á Blönduósi.

9. gr.

Þá tekur og ríkið að sjer kvennaskólann á Blönduósi, og skal hann framvegis rekinn að öllu leyti á kostnað ríkisins.

Jafnframt afhenda sýslunefndirnar í Húnavatnssýslu ríkinu kvennaskóla hennar með öllum eignum hans, kvennaskólahúsinu, lóðarrjettindum, innanhúsmunum, sjóðum og öllu öðru, er skólanum tilheyrir.

10. gr.

Ríkisstjórnin semur starfsreglur fyrir skólann og hefir öll umráð hans, en sjer til ráðuneytis skipar hún 5 manna nefnd, og sje meiri hlutinn konur.

11. gr.

Kenslugreinar skulu vera hinar sömu, er nú eru kendar í skólanum, þangað til ný skipun kann að verða gerð með reglugerð.

12. gr.

Við skólann skal skipa forstöðukonu, hússtjórnarkenslukonu og 3 aðrar fastar kenslukonur, alt á þann hátt, er nú á sjer stað, og með sömu föstum launum og nú, að viðbættri dýrtíðaruppbót, sbr. niðurl. 5. gr. Auk þessa njóta þessir kennarar sem hingað til ókeypis bústaðar, ljóss, hita og fæðis meðan skólinn starfar.

13. gr.

Skólaárið telst frá 1. október til 14. maí ár hvert, en að því er hússtjórnarkensluna snertir til 30. júní ár hvert.

14. gr.

Próf skal halda í lok hvers skólaárs og inntökupróf að haustinu.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi ... ...

Greinargerð.

Meiri hluti mentamálanefndar flytur frv. þetta eftir tilmælum kenslumálaráðuneytisins, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Frumvarp um að ríkið tæki að sjer kvennaskólann í Reykjavík kom frá forstöðunefnd skólans í fyrra og var lagt fyrir Alþingi s. á., en gekk ekki fram. Fjelst ráðuneytið á ástæður nefndarinnar fyrir því, að rjett sje að ríkið taki að sjer rekstur skólans. Skóli þessi er rekinn nú svo að segja eingöngu á ríkisins kostnað, og virðist eðlilegt, að ríkisstjórnin hafi þá og umráð hans. Eftir afstöðu ríkisins til mentamálanna yfirleitt, virðist ekki ósanngjarnt, að það kosti sjerskóla fyrir konur.

Í brjefi forstöðunefndar skólans, frá 15. des. 1924, er meðal annars tekið fram það, er hjer segir:

»Kvennaskólinn í Reykjavík hefir nú um langa hríð verið að mestu leyti rekinn fyrir styrk þann, er hann hefir fengið úr ríkissjóði. Er þá að því er virðist rjettast, að ríkisstjórnin ráði rekstri skólans, ákveði skólagjöld, skipi kennara og ákveði laun þeirra. Það hefir og reynst mjög óhentugt, að ekki hefir verið auðið að vita það fyrirfram, hvort skólinn fengi framvegis nauðsynlegan rekstrarstyrk. Þannig hefir ekki verið hægt að leigja húsnæði handa skólanum lengur en frá ári til árs, nema með persónulegri ábyrgð forstöðunefndarmanna. Af þessum ástæðum hefir forstöðunefnd skólans hvað eftir annað farið þess á leit, að ríkið tæki skólann að sjer«.

Eins og frumvarpið ber með sjer, er ætlast til, að skólarnir verði reknir eftirleiðis með svipuðu fyrirkomulagi og verið hefir.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram:

Við 1. gr.

Þar sem sjóður kvennaskólans var upphaflega stofnaður af samskotum einstakra manna, þykir rjett, að honum verði haldið óeyddum og hann aukinn svo, að hann með tímanum geti orðið verulegur styrkur til rekstrar skólans, en vöxtum hans að öðru leyti sje varið til rekstrar skólans þegar.

Við 2. gr.

Er skólinn hverfur undir ráð ríkisstjórnarinnar, þá virðist eigi þörf á að halda stjórnarnefnd fyrir skólann.

Við 4. gr.

Kenslugreinar eru yfirleitt þær sömu, sem nú eru kendar í skólanum.

Við 5. gr.

Það þykir nauðsynlegt að hafa auk forstöðukonunnar að minsta kosti einn fastan kennara, forstöðukonunni til aðstoðar við skólastjórnina og til þess í forföllum hennar að hafa stjórn skólans á hendi.

Upphæð launanna er miðuð við það, að kennararnir fái dýrtíðaruppbót eins og aðrir starfsmenn ríkisins. Laun forstöðukonu hússtjórnardeildarinnar eru sett 500 kr. lægri en laun fasta kennarans, í notum þess, að hún hefir ókeypis húsnæði í skólanum og fæði meðan kenslan stendur yfir.

Við 6.—8. gr.

Virðast ekki þurfa skýringar.

Við 9.—15. gr.

Að flestu leyti liggja hin sömu rök til þess, að ríkið taki að sjer kvennaskólann á Blönduósi, og skal um það efni vísað til eftirgreinds brjefs formanns skólanefndar þess skóla. Vegna þess að svo fáir eru íbúar á Blönduósi, má ekki byggja á stundakenslu, og er gert ráð fyrir föstum kennurum eingöngu. Skólanefnd virðist rjett að hafa hjer, þótt hún þyki óþörf í Reykjavík.

Fylgiskjal.

Kvennaskólinn á Blönduósi er nú 47 ára gamall, stofnaður í Húnavatnssýslu 1879. Skólinn var fyrst rekinn á bestu heimilum í sýslunni í nokkra vetur, eða til ársins 1883, að sýslan keypti hús fyrir skólann á Ytri-Ey á Skagaströnd ásamt túnbletti.

Skólinn er þektastur undir nafninu Ytri-Eyjarskóli, og sjerstaklega frá þeim árum, er frú Elín Briem veitti honum þar forstöðu. Var fyrirkomulag skólans þá landskunnugt og þótti fyrirmynd, eins og sjá má á því, að gjöf frú Herdísar Benediktsen til skólastofnunar á Vesturlandi er bundin því skilyrði, að fyrirkomulag þess skóla verði sama og á Ytri-Eyjarskóla.

Skólinn stóð á Ytri-Ey frá 1883—1901, er hann var fluttur á Blöndós og bygt þar nýtt skólahús. Hús þetta brann 1911, en 1912 er þegar bygt upp aftur vandað steinhús með um 40 heimavistum; voru þar enda stundum 50 nemendur í heimavist, og hefir skólinn starfað í því síðan. Hús þetta var bygt af

hjeraðinu, án nokkurs styrks af ríkissjóði, og jafnframt hafði skólinn þá sérlitinn rekstrarstyrk.

Frá fyrstu hefir skólinn að ýmsu leyti starfað sem húsmæðraskóli, þó að aðalkenslan hafi lengst af verið bókleg, þar til nú síðastliðin 3 ár að hann hefir starfað sem hreinn hússtjórnarskóli, eftir því sem staðhættir leyfa, verið dregið mikið úr bóklegri kenslu, aðaláherslan lögð á íslensku og stærðfræði, en fastir kennarar settir í hússtjórnarkenslu, allskonar kvenfata- og ljereftasaum, með sjerdeild fyrir karlmannafatasaum, vefnað og garðyrkjukenslu. Námsskeið hafa verið haldin að skólanum loknum í vefnaði, og verður hjer eftir sömuleiðis í garðyrkju, ekki einasta fyrir nemendur skólans, heldur einnig fyrir búnaðarfjelög sýslunnar. Jafnframt er hafist handa að rækta tún við skólann, og er fyrirhugað, að hússtjórnar- og garðyrkjukenslukona skólans hafi aðsetur í skólanum yfir sumarið, og verði þar nytkaðar kýr skólans og ostar gerðir úr mjólkinni.

Þessi síðustu ár hefir skólinn verið 2 ára skóli, og eftir þeirri reynslu, sem fengin er í því efni, sýnist alls ekki vera rjett að setja námstímann lengri, því færra af nemendum hefir verið báða veturna. Enda er hagur stúlkna svo almennast, að þær geta ekki kostað sig 2 vetur samfleytt af kaupi sínu.

Laun kenslukvennanna eru:

Forstöðukonu..	kr. 1400
Hússtjórnarkennara	— 900
en fær hjer eftir 1800 kr. sem fastur kennari.	
Aðrar kenslukonur	— 700

Auk þessara launa er frítt fæði, húsnæði, ljós, hiti og þjónusta.

Kenslukrafta við skólann má nú telja í besta lagi og forstöðu hans hefir Kristjana Pjetursdóttir frá Gautlöndum. Er álit á skólanum nú eins og það hefir best verið áður og aðsókn meiri en nokkru sinni fyr. Þannig komust í fyrravetur aðeins 2 nemendur úr hjeraðinu í heimavist skólans, þar sem hann var fullur áður en þeir sóttu um inntöku. Og á síðastliðnu hausti fór þetta svipað, og varð að neita 32 umsækjendum um inntöku.

Fyrir næsta skólaár var byrjað að sækja um skólavist í síðastl. desembermánuði.

Nú eru í skólanum nemendur úr þessum hjeruðum:

Gullbringu- og Kjósarsýslu 1, Dalasýslu 2, Árnessýslu 1, Mýrasýslu 2, Barðastrandarsýslu 1, Eyjafjarðarsýslu 4, Ísafjarðarsýslu 2, Þingeyjarsýslu 6, Strandasýslu 2, Norður-Múlasýslu 4, Húnavatnssýslu 8, Suður-Múlasýslu 3, Skagafjarðarsýslu 5, Skaftafellssýslu 1.

Af nemendum úr Húnavatnssýslu eru 3 utan heimavistar, þar sem þær voru uppteknar. Af þessu sjest, að skóli þessi er fyrir alt landið, en að minstu leyti fyrir hjeraðið.

Eignir skólans eru, eins og áður er fram tekið, vandað steinhús, sem enginn mundi virða eftir núverandi húsaverði minna en 80 þús. kr., mikið og gott innbú og auk þess ofurlítill nemendasjóður.

Mjög litlar skuldir hvíla á skólanum.

Með skírskotun til þess, sem nú hefir sagt verið um skólann, er það

sýnt, að hjeraðið hefir haldið skóla þessum við af mestu sæmd og lagt á sig mikil og stöðug fjárútlát til þess að gera hann svo úr garði, sem hann nú er, og á því fulla kröfu á því, ef það æskir þess, að ríkið taki hann að sjer fyr en aðra skóla, þar sem í fyrsta lagi má skoða hann sem landsskóla, og í öðru lagi ber ríkinu eins brýn skylda til að taka að sjer rekstur þessa skóla eins og búnaðarskólanna, nema brýnni sje, þar sem mentun kvenna í þessa átt verður að teljast þýðingar*meiri* en búnaðarskólamentunin.

Alþingi, 9. apríl 1926.

Þórarinn Jónsson,
(p. t. form. skólastjórnar).

Til forsætisráðh. Jóns Magnússonar.

Ed. **308. Nefndarálit**

um frv. til laga um kirkjugjöld í Prestsbakkasókn í Hrútafirði.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir orðið ásátt um að mæla með, að frv. nái fram að ganga óbreytt.

Alþingi, 7. apríl 1926.

Ingibjörg H. Bjarnason, form., frsm. Jónas Jónsson, fundaskrifari. Jóh. Jóhannesson.

Nd. **309. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [*Ritsíma- og talsímakerfi*].

Flutningsm.: H. J. Kristófersson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Lína frá Bíldudal að Selárdal.

Nd. **310. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1927.

Frá Jakob Möller.

Við 15. gr. 18. i. Nýr liður:
Til frú Guðrúnar Indriðadóttur leikkonu 2500

Nd. **311. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 *[Ritsíma- og talsímakerfi]*.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson.

Aftan við fyrri grein bætist:
Lína frá Sandnesi að Drangsnesi.

Ed. **312. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingar á lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.

Frá Birni Kristjánssyni.

Við 1. gr. Á eftir »sjúkrahús« kemur: elliheimili.

Nd. **313. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað síðustu málsgreinar 3. greinar laganna komi 2 málsgreinir, svo hljóðandi:

Kirkjur, skólahús, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti, sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í millirikjaerindum. Hið sama gildir um lóðir, er fylgja slíkum húsum.

Ef ágreiningur verður um gjaldskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **314. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 9. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Frá því stjórnarráðið hefir ákveðið, að gera skuli skipulagsuppdrátt og til þess honum er lokið, skal bæjar- eða hreppsstjórn skylt að leita umsagnar skipulagsnefndar um öll meiri háttar skipulagsatriði, svo sem nýjar götur og opin svæði, opinberar byggingar og meiri háttar mannvirki, sem áformað er að gera, svo framarlega, sem vafi getur leikið á, hvar eða hvernig þau skuli sett. Ef ekki næst samkomulag milli bæjar- eða hreppsstjórnar og skipulagsnefndar um einhver atriði, má ekki byrja á verkinu fyr en fenginn er úrskurður stjórnarráðsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **315. Frumvarp**

til laga um líkhús.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Þegar söfnuður samþykkir að reisa líkhús í kirkjugarði sínum, skal með það farið, að því er snertir samþykt verksins og umsjón með því og niðurjöfnun kostnaðar, eins og fyrir er mælt í lögum nr. 39, 8. nóv. 1901, um kirkjugarða og viðhald þeirra. Um innheimtu gjalda, er á verða lögð samkvæmt lögum þessum, skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **316. Breytingartillaga**

við frv. til laga um kynbætur hesta.

Frá Sigurði Eggerz.

Við 2. gr. Önnur málsgr. falli burt.

Ed. **317. Lög**

um breyting á lögum nr. 28, 8. nóv. 1883, um að stofna slökkvilið á Ísafirði.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl).

1. gr.

Í stað 2. málsgr. 2. gr. laganna komi:

Þegar eldsvoði kemur upp, eru allir verkfærir karlmenn í bænum skyldir til að koma til brunans. Þeim er skylt að hlýða fyrirskipunum yfirmannsins yfir slökkviliðinu, eða aðstoðarmanna hans, um alt, er að því lýtur að bjarga úr eldinum, slökkva hann eða varna útbreiðslu hans.

Bæjarstjórnin semur reglugerð um skipun slökkviliðs og um brunamál, er stjórnarráðið staðfestir, og má ákveða sektir, alt að 50 kr., fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Sektir renna í bæjarsjóð Ísafjarðar.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Með mál út af brotum gegn reglugerð þeirri, er um er getið í 2. gr., skal farið sem opinber lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **318. Lög**

um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl).

Skrár yfir gjaldskylda til ellistyrktarsjóðs skulu samdar fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert og liggja almenningi til sýnis frá 1.—7. mars. Kærufrestur skal vera til 15. apríl og skrárnar sendar hlutaðeigandi innheimtumanni fyrir 15. maí ár hvert.

Nd. **319. Varatillaga**

við tillögu VI. á þingskj. 297 [*Fjárlög*].

Frá Jakob Möller.

Upphæðin verði 3600

Nd **320. Frumvarp**

til laga um bygging og rekstur strandferðaskips.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson, Þorleifur Jónsson, Benedikt Sveinsson, Halldór Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin lætar byggja 4—5 hundruð smálesta gufuskip til strandferða og eigi síðar en svo, að rekstur þess geti byrjað 1. október 1927. Kostnaður við bygging og rekstur skipsins greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Skipið skal útbúið 70—80 teningsmetra kælirúmi og hafa minst 40 sjómílna vökuhraða. Farþegarúm sje ætlað 40—50 manns, aðallega á 2. og 3. farrými. Að öðru leyti skal skipið lagað til siglingar á vangæfari og minni hafnir, sem aðalpóstskip landsins síður getur annast.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka það lán til byggingar skipsins, er þörf kann að verða á.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hvarvetna á landinu er kvartað um ónógar samgöngur. Öll hjeruð, sem að sjó liggja, óska eftir auknum skipaferðum og ýtast á um styrki til flóabáta, sem yfirleitt eru þó mjög dýr og óhagfeld samgöngutæki, nema innfjarða eða á kvikuljettum siglingaleiðum.

Í nefndaráliti milliþinganefndar í samgöngumálum frá næstl. ári er áhersla lögð á bygging lítils strandferðaskips við fyrsta tækifæri. Samgöngumálanefnd Nd., sem fjekk það álit til meðferðar og ekki treystist til að styðja tillöguna um skipsbygging í svip, en lagði til að leigt yrði aukaskip til strandferða á þessu ári, tók það berlega fram (þskj. 60), að hún teldi ekki vel sjeð fyrir samgöngum á sjó, fyr en innlent hentugt skip yrði fengið auk »Esju« til að halda uppi strandferðum.

Framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins, sem rjettilega má telja forystumann um framkvæmdir á sviði samgangna, leggur mjög eindregið með byggingu skipsins, jafnvel á þessu ári. Einnig er ljóst af meðferð þessa máls undanfarið, að margir af þingmönnum vilja flýta útvegun skipsins, meðfram vegna kæliflutnings matvæla hafna milli og í veg fyrir millilandakæliskip það, sem nú er áformað að byggja og væntanlega hefur ferðir á næsta ári.

Af töldum ástæðum og vegna þeirrar skoðunar flm., að hjer sje um mjög nauðsynlegt fyrirtæki að ræða, er frumvarpið flutt.

Nd. **321. Nefndarálit**

um frv. til laga um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 12. apríl 1926.

Jón Kjartansson, form., frsm. Pjetur Þórðarson. Árni Jónsson, fundaskrifari.

Pjetur Ottesen. Jón Baldvinsson.

Nd. **322. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 297. (Fjárlög).

Frá fjárveitinganefnd.

Við brtt. XXXI. við 14. gr. B. XIII. 6. (Barnaskólahús).
Í stað a- og b-liðar í breytingartill. kemur: Fyrir »10000« kemur 20000

Nd. **323. Nefndarálit**

um frv. til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi eigi getað orðið sammála meiri hluta allsherjarnefndar um frv. þetta. Ekki fyrir þá sök, að jeg vilji fella frv., heldur af því, að jeg vil gera á því ýmsar breytingar, sem meiri hlutinn vill ekki fallast á.

Það, sem skifti leiðum, var aldurstakmarkið í 1. gr. Tel jeg sjálfsagt, að allir karlar og konur, sem eru 21 árs að aldri, öðlist kosningarrjett. Liggja til þess margar og ríkar ástæður, og sú fyrst, að þá hafa menn að jafnaði fengið þá almennu mentun og þekking, er þeir annars fá undir lífsstarf sitt; einnig hitt, að mönnum á þessum aldri eru annars veitt svo margvísleg rjettindi í þjóðfjelaginu og þeim lagðar svo miklar skyldur á herðar, að mjer þykir ekki áhorfsmál að veita þeim rjett til að kjósa þá menn, er eiga að fara með opinber málefni.

Þá vil jeg og fella niður 6. tölul. í 1. gr. Tel jeg það ranglæti eiga að

hverfa úr löggjöfinni, að menn missi rjettindi sín, ef þeir neyðast til að þiggja sveitarstyrk.

Þá þykir mjer varhugavert, að kjörstjórnir úrskurði um kjörgengi. Um þetta fjallar 4. gr., og vil jeg því fella hana alveg niður.

Rjettara tel jeg að kjósa aðeins á þriggja ára fresti til bæjarstjórna, og kjósa þá helming fulltrúa. En læt þó kjörtímabilið, 6 ár, standa óbreytt.

Heppilegra álít jeg, að varamenn sjeu kosnir um leið og aðalfulltrúar til bæjarstjórna. Þarf þá eigi að fara fram aukakosning, þótt fulltrúi fari úr bæjarstjórn. En eigi er að þessu sinni gerð tillaga um það, en má vera að fram komi við 3. umr.

Fyrir breytingartillögum verður gerð nánari grein í framsögu.

Jeg leyfi mjer að leggja til, að á frv. verði gerðar þessar

BREYTINGAR:

1. a. Við 1. gr. 1. Í stað »25« komi: 21.
   b. Við 1. gr. 6. Liðurinn falli niður.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.
3. Við 5. gr. Í stað »Á hverjum 2 ára fresti ... eftir því sem á stendur« komi: Helmingur bæjarfulltrúa fer frá á hverjum 3 ára fresti, ef tala þeirra er jöfn, en ef tala þeirra stendur á stöku, fer meiri hlutinn frá hið fyrra skiftið, en minni hlutinn hið síðara.
4. Við 11. gr. Í stað orðanna í 2. málsgr. »Nú er ókjörgengur maður á lista eða eigi þykir« komi: Nú þykir eigi.
5. Við 15. gr. Í stað »meðmælendur« í 1. málsgr. komi: umboðsmenn.

Alþingi, 11. apríl 1926.

Jón Baldvinsson.

Ed. **324. Breytingartillaga**

við frv. til laga um kynbætur hesta.

Frá Guðmundi Ólafssyni.

Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

Í hverjum hreppi skal vera hrossakynbótanefnd, skipuð 3 mönnum. Um kosning í nefndina, kosningarrjett, kjörgengi, kjörtímabil o. s. frv. fer eftir sömu reglum og um kosning í hreppsnefnd. Í fyrsta sinn skal kosið í janúar 1927, og gildir sú kosning þar til næst fer fram kosning í hreppsnefnd.

Nd. **325. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Vegna hinna erfiðu kjara, sem leiklistin á við að búa í höfuðstað landsins, var á Alþingi 1923 gerð ráðstöfun til þess að komið yrði upp þjóðleikhúsi, sem teljast mætti samboðið menningu vorri, og því lagðar til tekjurnar af skemtanaskatti í þeim kauptúnum, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri. Leiklist er tíðkuð í öllum kauptúnum landsins, og mun hún auðvitað taka framförum, þegar til er orðinn í landinu sá skóli í leikment, sem ætla má, að þjóðleikhúsið verði. Því var eðlilegt, að kaupstaðirnir legðu fje til leikhússins, en hins vegar ekki rjett, að skatturinn næði aðeins til þeirra stærstu, heldur átti hann að koma niður á öllum þorra bæjanna.

Frv. þetta fer fram á að draga úr þessu misrjetti, en þó þykir ekki taka því að heimta skemtanaskatt af kauptúnum, sem hafa innan við 500 íbúa.

Hin aðalbreytingin, sem í frv. felst, að dansleikar allir verði skattaðir, er svo sjálfsögð, að óþarft er að rökstyðja hana fremur en gert er í greinargerð frv.

Meiri hluti nefndarmanna leggur til, að frv. verði samþykt með svofeldri

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:

a-liður 2. flokks 2. gr. laganna orðist svo:

a. Dansleikar allir, hvort sem einstök fjelög eða dansskólar stofna til þeirra, eða þeir eru haldnir fyrir allan almenning, ennfremur dansæfingar, er standa fram yfir kl. 11 að kvöldi. Haldi fjelag dansleik og sje aðganga ókeypis, er lögreglustjóra heimilt að ákveða skattinn.

Alþingi, 13. apríl 1926.

Jón Kjartansson, form.	Árni Jónsson, fundaskr., frsm.	Jón Baldvinsson. (með fyrirvara).

Ed. **326. Nefndarálit**

um frv. til laga um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa.

Frá allsherjarnefnd.

Eins og tekið er fram í hinum mjög svo skýru og ítarlegu athugasemdum, er frv. þessu fylgja og skírskotað skal til, er það borið fram til þess að

samræma löggjöfina íslensku um ríkisborgararjett samskonar löggjöf í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og til þess að veita konum sjálfstæðari rjett í þessum efnum en þær hafa nú.

Nefndin hefir athugað frv. þetta á nokkrum fundum og fellst algerlega á efni þess. Ákvæði frumvarpsins þykja henni yfirleitt ljós og skýr, en hún fellir sig ekki við orðalagið á einstöku stað og leyfir sjer því að leggja til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:
   Nú er ókunnugt um ríkisfang barns, og skal það þá o. s. frv.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna »1. málsgr.« í síðari málsgr. komi: undanfarandi málsgrein.
3. Við 6. gr. Fyrri málsliður fyrstu málsgr. orðist svo:
   Íslenskur maður og íslensk kona ógift, sem fædd eru erlendis og aldrei hafa átt lögheimili á Íslandi, missa íslensks ríkisfangs, þá er þau eru fullra 22 ára að aldri.

Alþingi, 13. apríl 1926.

Jóh. Jóhannesson, form. og frsm.	Eggert Pálsson, fundaskrifari.	Guðm. Ólafsson.

Nd. **327. Breytingartillögur**

við frv. til laga um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

Frá Jóni Baldvinssyni og Pjetri Ottesen.

1. Við 1. gr. Eftir 1. málslið komi nýr málsl., svo hljóðandi:
   Ennfremur taka lög þessi til þeirra, er reka ballskák (billiard) til afnota fyrir almenning og ekki standa í sambandi við gistihúshald eða greiðasölu.

2. Við 6. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Nú hefir maður þrisvar verið dæmdur sekur um brot eða undirgengist sektargreiðslu fyrir brot á fyrirmælum laga eða reglugerða um góða reglu eða velsæmi í gistihúsi sínu eða veitingastað, og hefir hann þá fyrirgert leyfi sínu. Nú hefir maður verið dæmdur sekur um brot eða undirgengist sektargreiðslu fyrir brot á lögum eða reglugerðum um áfengi, og hefir hann þá fyrirgert leyfi sínu.

Nd. **328. Breytingartillaga**

við frv. til laga um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Við 6. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:

Heimilt er atvinnumálaráðherra að undanþiggja útsvari björgunarstarfsemi á sjó, er einstaklingar eða fjelög reka.

Nd. **329. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1927.

Frá Jóni Sigurðssyni og Pjetri Ottesen.

Við 16. gr. 14. b. Liðurinn orðist svo:

Til aðstoðarmanns, sem hefir sjerþekking í landbúnaðarefnafræði 4200

Nd. **330. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

Flutningsm.: Björn Líndal, Halldór Stefánsson og Kl. Jónsson.

Við 1. gr. d.

a. Fyrir »5%—25% af afgangi« komi:
   10% af fyrstu 2% af hlutafjenu
   15% — næstu 2% — —
   20% — þriðju 2% — —
   30% — fjórðu 2% — —
   50% — afgangi.
b. Orðin »fyrst um sinn« í síðasta málslið falli burt.
c. Aftan við málsliðinn bætist:
   Að þeim tíma liðnum nýtur bankinn bestu kjara, sem veitt kunna að verða einkabanka.

Ed. **331. Lög**

um kynbætur hesta.

(Afgreidd frá Ed. 13. apríl).

1. gr.

Bannað er að láta graðhesta tvævetra og eldri ganga lausa í heimahögum eða á afrjettum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi skal vera hrossakynbótanefnd, skipuð 3 mönnum. Um kosning í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosning í hreppsnefnd. Í fyrsta sinn skal kosið í janúar 1927, og gildir sú kosning þar til næst fer fram kosning í hreppsnefnd.

Rjett er konum að skorast undan kosningu.

3. gr.

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd velja eða útvega innan eða utan hrepps hæfilega marga góða graðhesta til undaneldis í hreppnum næsta sumar. Hesta, sem kynbótanefnd velur, skal nefndin jafnframt taka á leigu til afnota innan hrepps og semja um leiguna. Skal nefndin gera hreppsbúum það kunnugt með auglýsingu fyrir lok marsmánaðar. Heimilt er hrossakynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að hrossakynbótum, nota sömu hesta, sömu girðingar o. s. frv.

Hrossakynbótanefnd getur leyft, að kynbótahestar gangi lausir í heimahögum á tímabilinu frá 1. október til 20. apríl.

4. gr.

Alla graðhesta, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á hjeraðssýningum, er styrks hafa notið hjá Búnaðarfjelagi Íslands, skal merkja með því að klippa Kh hægra megin á lend þeirra. Eigandi hestsins skal endurnýja merkið svo oft sem með þarf til þess að það sje jafnan glögt.

Nú sannast, að einhver hefir merkt graðhest þessu merki án leyfis kynbótanefndar, enda hafi hann ekki hlotið verðlaun eins og fyr segir, og varðar það sektum. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa honum sem óskilafje og selja án innlausnarfrests.

5. gr.

Alla graðhesta, sem eru $1^1/_2$ árs eða eldri og ekki eru ætlaðir til undaneldis samkvæmt 3. og 4. gr., skal gelda eða taka í örugga vörslu fyrir 14. maí ár hvert. Graðhesta á þeim aldri, sem eru ekki kynþroska þá, skal gelda svo fljótt sem verða má.

Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn eða

taka í trygga vörslu, og skal hann þá sekt gjalda og auk þess skaðabætur, ef tjón hlýst af. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist, nema í öruggri vörslu sje, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja hann án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist graðhestur, merktur Kb hægra megin á lend, gæslulaus án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er hann var valinn fyrir sem undaneldishestur, og má þá taka hann í örugga gæslu og, ef þörf gerist, á fóður á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart svo fljótt sem unt er. Ef hestsins er ekki vitjað og greiddur áfallinn kostnaður áður liðnar eru 6 vikur frá því hann var tekinn, má ráðstafa honum sem óskilagrip og selja með 4 vikna innlausnarfresti.

7. gr.

Hreppskilafundur ákveður þóknun fyrir start hrossakynbótanefndar.

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, leigu eftir kynbótahest, hagagöngu, umsjón með hestinum og fóðri, jafnar nefndin niður á folöld þau, sem fæðast í hreppnum á því ári, þó svo, að aldrei verði hærra gjald en 8 kr. á hvert folald. Skulu eigendur greiða gjald þetta árlega til hrossakynbótanefndar á þeim tíma, er hún tiltekur, og er gjaldið lögtakskræft. Nú verður kostnaðurinn meiri en hámarksgjaldi nemur á hvert folald, og greiðir þá hlutaðeigandi sveitarsjóður afganginn.

8. gr.

Hrossakynbótanefnd skal bóka ályktanir sínar og aðrar gerðir, svo sem reikninga, skýrslur, brjef o. fl.

Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða úrslitum. Nefndarfundir eru lögmætir og ályktunarfærir, þótt einn nefndarmanna vanti, ef hinir eru sammála.

Formaður nefndarinnar skal gera reikning yfir tekjur og gjöld kynbótastarfseminnar eftir hver áramót. Reikningurinn skal yfirskoðaður af hreppsnefnd og lagður fram á vorhreppskilaþingi.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—500 kr., er renna að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið verður uppvíst, og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem hinn seki á heima.

10. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 74, 14. nóv. 1917, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Ákvæði um stundarsakir.

Hrossakynbótanefnd getur fyrst um sinn, í síðasta skifti 1930, leyft, að kynbótahestar gangi lausir í heimahögum á tímabilinu frá 20. apríl til 1. október ár hvert, og gildir leyfið fyrir 1 ár í senn.

Nd. **332. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [*Ritsíma- og talsímakerfi*].

Flutningsm.: Magnús Torfason og Jörundur Brynjólfsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

Lína frá Torfastöðum til Geysis. Lína frá Mosfelli að Laugarvatni í Laugardal. Lína frá Mosfelli að Laugarási.

Ed. **333. Nefndarálit**

um frv. til laga um bryggjugerð í Borgarnesi o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Eins og kunnugt er, er Borgarnes allmikill verslunarstaður og hefir mikla þýðing fyrir samgöngurnar milli Norðurlands og Vesturlands og Reykjavíkur, auk þess sem verulega bættar samgöngur mundu styðja að því, að afurðasala til Reykjavíkur ykist að mun. Kirk heitinn verkfræðingur hefir athugað hafnarbót þá, sem hjer er að ræða um, en endanleg rannsókn á málinu hefir ekki farið fram, en í stjórnarfrv. er gert ráð fyrir þeirri rannsókn áður en ráðist er í verkið. Framlag úr ríkissjóði má ekki fara fram úr 150000 kr. Þar sem þannig eru sett ákveðin takmörk fyrir ríkissjóðstillaginu, þykir nefndinni mega samþykkja frv., þó undirbúningnum sje ekki lokið.

Ef hafnarbót þessi verður gerð, mundi hæfilega stórt skip til flutninga milli Borgarness og Reykjavíkur geta legið við hafskipabryggju í hálfföllnum sjó, en nú eru hinar mestu hömlur á fermingu og affermingu skipa í Borgarnesi, og verður að flytja alt á bátum í land og úr landi í Suðurland, sem nú fer milli Borgarness og Reykjavíkur. Þessar tafir valda því oft, að skipið verður tept í Borgarnesi, þar sem sæta verður oft lagi að komast út Borgarfjörðinn vegna brims.

Hjer er því um verulega samgöngubót að ræða, er ekki að eins hefir margvíslega þýðing fyrir hin blómlegu Borgarfjarðarhjeruð, heldur og fyrir mikinn

hluta landsins. Nefndin mælir því eindregið með, að frv. verði samþykt, og leggur áherslu á, að hafnarbót þessari verði hraðað eins mikið og unt er.

Alþingi, 13. apríl 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Sig. Eggerz, frsm.	Ágúst Helgason, fundaskrifari.

Einar Árnason. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 334. Breytingartillögur

við frv. til laga um útsvör.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

1. Við 3. gr.
   a. Fyrir »sýslunefnd ..... bæjarstjórnum« komi: nema lögmætur borgarafundur í hreppnum eða kaupstaðnum samþykki.
   b. Fyrir orðið »stjórnarvalda« í seinustu málsgrein komi: aðilja.
2. Við 5. gr. Greinin falli niður.
3. Við 6. gr. Fyrir orðin »svo framarlega ..... 5 króna útsvar« komi: svo fremi þeir að dómi niðurjöfnunarnefndar teljast færir um að greiða útsvar.
4. Við 8. gr. stafl. b. Fyrir orðið »laxveiði« komi: eignarrjettur yfir laxám.
5. Við 9. gr. 1. Á eftir orðinu »selveiði« komi: á þilskipi.
6. Við 12. gr. 1. málsgrein. Fyrir orðin »sömu meðferð skal hafa« til enda málsgreinarinnar komi: Sömu meðferð skal hafa, ef gjaldþegn á lögheimili víðar en í einni sveit.
7. Við 16. gr. Fyrir orðið »sýslunefnd« komi: hreppsfundi, sem til hefir verið boðað á löglegan hátt.
8. Við 18. gr. síðustu málsgr. Málsgreinin orðist svo:
   Niðurjöfnunarnefndarmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag gjaldþegna.
9. Við 21. gr. Fyrir orðin »febrúar—maí« komi: janúar—maí.
10. Við 22. gr.
    a. Orðin »eða nefndin hafi í hyggju ..... borið sig saman við hann« í fyrstu málsgrein falli burt.
    b. Þriðja málsgrein falli burt.
11. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
    Nú vill maður ekki una úrskurði niðurjöfnunarnefndar, og er honum þá rjett að bera málið upp til úrskurðar fyrir viðkomandi sýslunefnd,

enda sje kæra komin í hendur oddvita sýslunefndar áður liðnar sjeu 6 vikur frá dagsetningu úrskurðar í hreppum og 2 vikur í kaupstöðum. Sýslunefnd úrskurðar svo kæruna á næsta fundi sínum. Í kaupstöðum kemur bæjarstjórn í stað sýslunefnda. Úrskurði sýslunefnda og bæjarstjórna verður ekki áfrýjað.

12. Við 24. gr. Greinin falli niður.
13. Við 26. gr. Orðin »Ekki má yfirskattanefnd« til enda greinarinnar falli burt. Greinatala frv. breytist samkv. niðurstöðu atkvgr.

Nd. **335. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 297, LI. lið [*Fjárlög*].

Frá Sveini Ólafssyni.

Við 16. gr. 22. (Markaðsleit).

a. Við a. Fyrir »12000« komi: 7000
b. Við b. Athugasemdin verði þannig:

Upphæð þessi veitist Karli Þorsteins til markaðsleitar fyrir ísl. sjávarafurðir í löndunum sunnan og austan Miðjarðarhafs, sem og í Balkanlöndum. Markaðsleitin skal gerð í samráði við ríkisstjórnina.

Ed. **336. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um húsaleigu í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Þegar lög nr. 24, 12. sept. 1917, voru sett, var vist hugsunin sú, að þau væru aðeins bráðabirgðaráðstöfun vegna styrjaldarörðugleikanna, sem þá voru fyrir hendi, er eigi þyrfti lengur með jafnskjótt sem heimsstyrjöldinni lyki. Að þessi hafi verið hugsunin, má meðal annars sjá af niðurlagsákvæði þessara laga, þar sem gert er ráð fyrir því, að þau megi úr gildi fella með konunglegri tilskipun, þegar þeirra þætti eigi lengur þörf.

Þetta varð þó eigi svo í reyndinni. Þvert á móti voru lögin aukin og breytt með nýjum lögum, nr. 45, 28. nóv. 1919, og svo enn að nýju með lögum nr. 50, 27. júní 1921, er aldrei munu þó hafa komið til framkvæmda.

Um rjettmæti þessara húsaleigulaga hefir jafnan verið mikið deilt síðan þau fyrst urðu til. Og eftir því sem tímar liðu, virðist þeim hafa farið fjölgandi, sem líta svo á, að ákvæði þeirra sjeu öllum almenningi í kaupstaðnum

frekar til ógagns en gagns eins og nú er orðið högum háttað. Til þess bendir meðal annars það, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefir með brjefi, dags. 1. des. 1925, farið þess á leit, að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gerði ráðstafanir til, að þessi húsaleigulög yrðu úr gildi numin.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir nú, af einhverjum ástæðum, ekki sjeð sjer fært að beita heimildinni í lögunum nr. 24, 12. sept. 1917, um að fella megi þau úr gildi með konunglegri tilskipun. Þess vegna hafa tveir af þingmönnum Reykjavíkur borið fram frumvarp það, sem hjer liggur fyrir um að nema umrædd húsaleigulög úr gildi.

Þetta frumvarp hefir nú með dálitilli breytingu verið samþykt í háttv. neðri deild og sent þessari háttv. deild til meðferðar.

Og þar sem allsherjarnefnd þessarar deildar lítur svo á, að nú sje að minsta kosti engin þörf lengur fyrir umrædd húsaleigulög, telur hún rjett að verða við óskum bæjarstjórnarinnar að fella lög þessi úr gildi, og ræður því háttv. deild til að samþykkja frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, óbreytt.

Alþingi, 14. apríl 1926.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Eggert Pálsson, fundaskr. og frsm.	Guðm. Ólafsson.

Ed. **337. Nefndarálit**

um till. til þingsályktunar um rannsókn á veg- og brúarstæðum á Norður- og Austurlandi.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað tillögu þessa og átt tal við vegamálastjóra um hana. Telur hann engin vankvæði á að láta rannsókn þá, er tillagan ræðir um, fara fram á komandi sumri. Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykt.

Alþingi, 12. apríl 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Ágúst Helgason, fundaskr. og frsm.	Einar Árnason,

Jóhann Jósefsson. Sig. Eggerz.

Nd. **338. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [*Ritsíma- og talsímakerfi*].

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 1. gr. Á eftir orðunum »ennfremur lína til Gunnólfsvíkur« komi: Lína frá Skógum að Skinnastöðum.

Nd. **339. Frumvarp**

til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að veita bræðrunum Sturlu Jónssyni og Friðriki Jónssyni, báðum til heimilis í Reykjavík, einkaleyfi til stofnunar íslensks happdrættis (lotterí) með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a) Happdrætti hvers árs skiftist í tvo flokka, sem eru hvor öðrum óháðir, og eru jafnmargir drættir í hvorum. Hlutatalan má ekki vera meiri en 15000 í hvorum flokki. Í hvorum flokki mega ekki vera fleiri en 5 drættir.

b) Iðgjald til hvors flokks fyrir heilan hlut skal vera 200 íslenskar krónur, og eru 10% af því skattur til ríkisins. Þegar seldir eru yfir 5000 seðlar, upp að 10000, greiðast af þeim seðlum 5% að auki af því, sem eftir er, en vinningar skulu þó vera hinir sömu (70%).

Þegar selst hafa 10000 seðlar, upp í 15000, skal aukagjaldið af síðustu 5000 seðlunum vera 10% (vinningar 70% eins og áður). Hlutina má selja bæði í heilu lagi og sundurskifta. Þó má ekki skifta í smærri hluta en áttundir.

c) Í hvorum flokki happdrættisins eiga vinningarnir að nema 70% af iðgjöldunum samantöldum fyrir alla hlutana í flokknum, að frádregnum 10% skatti til ríkisins.

Fjárhæð vinninganna skal skifta niður eftir áætlun, sem er samþykt af ráðuneytinu, og skal þar einnig ákveðin hlutatalan, hvenær dregið skuli og reglur um auglýsing um úrslit dráttanna, hvenær vinningarnir verði greiddir af hendi og um missi vinninga, sem ekki er vitjað í tæka tíð.

Vinningarnir eru greiddir af hendi affallalaust í íslenskum krónum.

Vinningar, sem ekki er krafist borgunar á í tæka tíð, renna til ríkisins.

d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík, og skal happdrættinu stjórnað

þaðan, undir eftirliti nefndar, er ráðuneytið skipar til þess. Skulu í henni sitja 5 menn, og skal að minsta kosti 1 nefndarmanna vera lögfræðingur, sem gengur er í æðri dómstóla. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, hvort sem er meðan dráttur fer fram eða eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með happdrættinu. Kostnaðinn af þessu ber happdrættið.

e) Einkaleyfið til að reka happdrættið má veita um alt að því 15 ár, frá 1. okt. 1926 að telja.

Einkaleyfishafarnir geta notað leyfið sjálfir og, að fengnu samþykki ráðuneytisins, selt það á leigu eða fengið það í hendur hlutafjelagi, en þeir hafa fyrirgert rjetti sínum, ef happdrættið er ekki tekið til starfa 1. mars 1927, og ef þeir gegna ekki skyldu sinni með greiðslu gjalda þeirra, er þeir eiga að inna af hendi til ríkissjóðs samkvæmt leyfisbrjefinu, eða ef reglugerð sú, sem samþykt er fyrir happdrættið, er brotin af þeirra hálfu. Skal ráðuneytinu þá heimilt að selja einkaleyfið öðrum í hendur.

f) Gjald það, sem einkaleyfishafar greiða í ríkissjóð samkvæmt b-lið, skal aldrei nema minna en kr. 50000,00 á missiri.

g) Til tryggingar fyrir fullnægingu skuldbindinga þeirra, sem á einkaleyfishöfum liggja, skal, áður en happdrættið megi taka til starfa, mynda tryggingarsjóð, er hafi að geyma örugg verðbrjef, sem nemi helmingnum af samantaldri fjárhæð vinninganna í hvorum flokki. Tryggingarsjóðurinn skal geymdur í Landsbanka Íslands.

Skerðist tryggingarsjóðurinn fyrir sakir áfallandi fjártjóns, eru leyfishafarnir skyldir, áður en næsti dráttur fer fram, að fylla upp í skarðið, svo að sjóðurinn nemi áskildri fjárhæð, eða setja bankatrygging fyrir því, sem á vantar, er ráðuneytið tekur gilda.

Ráðuneytið hefir eftirlit með og ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs, að trygging sú, sem hjer ræðir um, sje til. Þá skulu leyfishafar og, áður en happdrættið tekur til starfa, setja ríkissjóði tryggingu, sem ráðuneytið tekur gilda, fyrir því, að þeir greiði ríkissjóði skilvíslega áskilið gjald samkvæmt f-lið greinar þessarar, en ekki þarf trygging sú að fara fram úr lágmarki missirisgjalds.

h) Ráðuneytið setur nánari ákvæði um fyrirkomulag happdrættisins.

2. gr.

Meðan einkaleyfi það til happdrættis, sem veitt er samkvæmt lögum þessum, er í gildi, má ekki setja á stofn neitt peningahappdrætti fyrir Ísland nje leggja þar á það stimpilgjald.

Um sama tímabil skal það og, að viðlögðum 200 til 2000 kr. sektum til ríkissjóðs, vera bannað að versla með eða selja á Íslandi hluti fyrir happdrætti utanríkis eða hafa þar á hendi nokkur störf þar að lútandi.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **340. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá Birni Líndal.

Við 1. gr. 1. málsgr. orðist þannig:

Ráðuneytinu veitist heimild til að veita fjelagi, er stofnað kann að verða í því skyni og hefir heimili og varnarþing í Reykjavík, einkaleyfi til stofnunar íslensks happdrættis (lotteri) með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

Ed. **341. Lög**

um kirkjugjöld í Prestsbakkasókn í Hrútafirði.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl).

1. gr.

Prestsbakkakirkja í Strandaprófastsdæmi greiði hjer eftir engin kirkjugjöld til Óspakseyrarkirkju vegna bæjanna Guðlaugsvíkur, Kolbeinsár, Heydals og Skálholtsvíkur.

2. gr.

Kirkjustjórnin skal láta semja skýrslu um, hversu hárri upphæð hafi numið að meðaltali undanfarin 5 ár kirkjugjöld af þessum bæjum. Skal greiða úr ríkissjóði til Óspakseyrarkirkju, í eitt skifti fyrir öll, höfuðstól í krónutali, sem svari, með 6% vöxtum, jafnhárri upphæð og það meðaltal.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927.

Ed. **342. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1927.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur:

1. gr.

Árið 1927 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	225000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	950000	
3.	Lestagjald af skipum	35000	
			1210000
4.	Aukatekjur	375000	
5.	Erfðafjárskattur	40000	
6.	Vitagjald	300000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	325000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	25000	
			1090000
	Flyt...	... ...	2300000

		kr.	kr.
	Flutt...	... ...	2300000
11.	Útflutningsgjald		1000000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	650000	
13.	Tóbakstollur	775000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	1000000	
15.	Annað aðflutningsgjald	150000	
16.	Vörutollur	1375000	
17.	Verðtollur	850000	
			4800000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykursgerð ...		20000
19.	Pósttekjur	400000	
20.	Símatekjur	1300000	
			1700000
21.	Víneinkasala...		500000
	Samtals...	... ...	10320000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		5000
	Samtals...	... ...	35100

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909.	29000	
3. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	25000	
		54000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		6000
5. Vextir af viðlagasjóði		75000
6. Aðrir vextir		140000
Samtals...	... ...	325000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		2000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		102034
Samtals...	... ...	154034

II. KAFLI.

Gjöld:

6. gr.

Árið 1927 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán...	186831	
2. Dönsk lán, danskar kr. 232274 á 1/10	255501	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs, £ 8653 : 18 : 11 á 22/00	180386	
		622718
II. Afborganir:		
1. Innlend lán...	264589	
2. Dönsk lán, danskar kr. 545165 á 1/10	599682	
3. Enska lánið 1921, £ 1954 : 0 : 4 á 22/00	42988	
		907259
III. Framlag til Landsbankans, 14. greiðsla..		100000
Samtals...	... ...	1629977

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar...	195000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4800	
		199800
Samtals...	... ...	199800

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	37500		
b. Til risnu	4000		
		41500	
2. Til utanferða ráðherra		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		77300	
4. Annar kostnaður		18000	
5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		27000	
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900		
b. Til pappírs og prentunar	9000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000		
		10900	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		3000	
II. Hagstofan.			183700
1. Laun hagstofustjóra		8700	
2. Laun aðstoðarmanns		5600	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		11000	
4. Prentun eyðublaða		2000	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		4000	
6. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		20000	
7. Til að gefa út manntalið 1703		1000	
III. Utanríkismál o. fl.			52300
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra	20000		
b. Húsaleiga	5000		
c. Kostnaður við embættið	20000		
d. Til skrifstofuhalds	17000		
		62000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála		12000	
3. Ríkisráðskostnaður		6000	
4. Kostnaður við sambandslaganefnd		6500	
			86500
Samtals			322500

11. gr.

Til dómgæslu og lögreglustjórnar o. fl. er veitt;

	kr.	kr.
A.		
Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	56450	
b. Annar kostnaður, alt að	2000	
		58450
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra ...		151700
3. Laun hreppstjóra		32000
4. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
a. Laun	27648	
b. Húsaleiga	3240	
c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
d. Ýms gjöld, alt að	2400	
		35388
5. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 4 skrifara.	21760	
b. Laun 6 tollvarða...	26880	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	1800	
e. Innheimtukostnaður	7500	
f. Ýms gjöld, alt að...	11700	
Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		74140
6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		92000
7. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		500
8. Til landhelgisgæslu, gegn jöfnu framlagi úr landhelgissjóði, alt að 125000 kr.		250000
9. Framlag til landhelgissjóðs		20000
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
11. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		12000
Flyt...	... ...	738178

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	738178
12. Borgun til sjódómsmanna		1000
13. Borgun til setu- og varadómara		3000
Samtals A.	... ...	742178

B.

Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.

1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	25000	
b. Fyrir embættisskeyti	45000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		30000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		12000
Samtals B.	... ...	142000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		297860
Þar af viðbót við lögmælt laun núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði 1700 kr. með verðstuðulsuppbót.		
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Til Skúla Guðjónssonar cand. med., til bætiefnarannsókna og til að vera heilbrigðisstjórninni til aðstoðar og ráðuneytis, laun og dýrtíðaruppbót...		3600
4. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		7450
Flyt ...	... ...	310910

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	310910
Styrkurinn skiftist þannig: 1. Til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til Sljettu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 kr. til hvers, 900 kr. — 17. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 2600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
5. Til læknis í Reykjavík, er skylt sje að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta hjeraðslækna		1500
6. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Styrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknanna Guðmundar Guðfinnssonar og Helga Skúlasonar, enda skifti þeir landinu á milli sín til yfirferðar, eftir fyrirmælum landlæknis, og hafi dvöl á að minsta kosti einni eða tveim höfnum í hverri sýslu		
		2000
7. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
8. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
Styrkurinn til augnlæknis og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
9. Til geislalækningastofu ríkisins		11000
Flyt ...	... ...	327410

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	327410
10.	Til sömu stofnunar, til áhaldakaupa		3000
11.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
12.	Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar		2000
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
13.	Til Óskars Einarssonar læknis, utanfararstyrkur ...		1200
14.	Til Guðbjarnar Guðmundssonar prentsmiðjustjóra, til þess að kosta dvöl sonar síns í fábjánahæli erlendis		1000
15.	Til Evu Hjálmarsdóttur, til að leita sjer lækninga í Danmörku í heilsuhæli fyrir krampaveikt fólk		1000
16.	Holdsveikraspítalinn		81720
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	8700	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna 13620		
	2. Viðurværi 55 manna (ca. 150 a. á dag) 30000		
	3. Klæðnaður 1800		
	4. Meðul og sáraumbúðir 1800		
	5. Eldsneyti 10000		
	6. Ljósmeti 2400		
	7. Húsbúnaður og áhöld 2000		
	8. Viðhald á húsum 3000		
	9. Þvottur og ræsting 1800		
	10. Greftrunarkostnaður 500		
	11. Skemtanir 600		
	12. Skattar o. fl. 4000		
	13. Ýmisleg gjöld 1500		
		73020	
		81720	
17.	Geðveikrahælið á Kleppi		66525
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7700	
	B. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna 14500		
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 145 a. á dag) 50000		
	Flyt ... 64500	7700	486355

		kr.	kr.
	Flutt ...	64500	7700	486355
3.	Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500		
4.	Meðul og umbúðir	500		
5.	Ljós og hiti	10000		
6.	Viðhald og áhöld	13000		
7.	Þvottur og ræsting	3000		
8.	Skemtanir	750		
9.	Skattar m. m.	2500		
10.	Óviss gjöld	1400		
			99150	
			106850	
	Þar frá dragast þessar tekjur:			
	Meðgjöf með 70 sjúklingum: kr. 1,50 á dag	38325		
	Tekjur af búinu	2000		
			40325	
	Mismunur ...		66525	
18.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum			19560
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		7700	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna	37000		
	2. Viðurværi	136000		
	3. Lyf og hjúkrunargögn	12000		
	4. Ljós og hiti	25000		
	5. Þvottur og ræsting	6000		
	6. Viðhald húsa	5000		
	7. Viðhald vjela	5000		
	8. Húsbúnaður og áhöld	12000		
	9. Flutningskostnaður	5000		
	10. Óviss gjöld	3000		
			246000	
			253700	
	Flyt ...		253700	505915

		kr.	kr.
	Flutt ...	253700	505915
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	2000		
		234140	
	Mismunur ...	19560	
19. Önnur gjöld:			
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík, samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar landsspítalasjóðs Íslands		100000	
b. Til viðbótarbyggingar við geðveikrahælið á Kleppi		100000	
c. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur og að því tilskildu, að utanhjeraðssjúklingar, sem borgað er fyrir af almannafje, njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar.		20000	
d. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði...		23000	
e. Lokastyrkur til byggingar sjúkrahússins á Ísafirði		7724	
f. Til »Heilsuhælisfjelags Norðurlands«, til byggingar heilsuhælis í Eyjafirði. Síðari fjárveiting... ... ... Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að staðurinn, áætlun og teikning sje samþykt af stjórnarráðinu og að jafnmikið fje sje lagt fram annarsstaðar að og úr ríkissjóði.		125000	
g. Bólusetningarkostnaður		2500	
h. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		15000	
i. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands...		4000	
j. Gjöld samkvæmt lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum		4500	
k. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum		2000	
	Flyt ...	403724	505915

	kr.	kr.
Flutt ...	403724	505915
l. Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
m. Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna	800	
n. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	2500	
o. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
p. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2400	
q. Til Elínar Sigurðardóttur, 100 kr. á mánuði, sje hún ekki í sjúkrahúsi, alt að	1200	
r. Til Haralds úrsmiðs Sigurðssonar, sjúkrastyrkur	1000	
		415924
20. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		27000
Samtals ...	... ...	948839

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Póstmál.		
1. Laun:		
a. Eftir launalögum	94467	
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	72500	
c. Brjefhirðingamenn	22000	
		188967
2. Póstflutningur		160000
3. Annar kostnaður:		
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi	10000	
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	20000	
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	12000	
d. Önnur gjöld	46000	
		88000
Samtals A. ...	... ...	436967

		kr.	kr.
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	8700	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	6420	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	4000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	8500	
	5. Skrifstofukostnaður, alt að	7000	
			34620
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 26000		
	2. Hvítárbraut 10000		
	3. Norðurárdalsvegur 60000		
	4. Miðfjarðarbraut 35000		
	5. Sauðárkróksbraut 18000		
	6. Þelamerkurvegur... 10000		
	7. Vaðlaheiðarvegur 50000		
	8. Vallavegur 10000		
	9. Hróarstunguvegur 27500		
	10. Biskupstungnabraut 25000		
		271500	
	b. Viðhald og umbætur	200000	
			471500
III.	Til Heilsuhælisfjelags Norðurlands, til endurgreiðslu á kostnaði við vegargerð frá Eyjafjarðarbraut að fyrirhuguðu berklahæli í Kristsnesi, eftir reikningi, alt að		10000
IV.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum		234000
V.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)		25000
VI.	Fjallvegir		15000
VII.	1. Til áhalda, alt að	15000	
	2. Til bókasafns verkamanna	300	
			15300
VIII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annars-	30000	
	Flyt ...	30000	805420

	kr.	kr.
Flutt ...	30000	805420
staðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		
2. Til sýslusjóðsvega eftir lögum nr. 9, 1923	15000	
IX. Til dragferjuhalds:		45000
1. Á Lagarfljóti	300	
2. - Skjálfandafljóti	300	
3. - Blöndu	300	
		900
X. Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá		300
XI. Styrkur til vörubifreiðaferða frá Reykjavík austur um sveitir		5000
Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir með endastöðvum Garðsauka, Húsatóftum og Torfastöðum.		
XII. Styrkir til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn		3000
Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.		
XIII. Til þess að kaupa Fornahvamm og byggja þar gistihús, alt að		40000
Samtals B. ...	... ...	899620
C.		
Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Esju	150000	
b. Eimskipafjelags Íslands	60000	
		210000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum:		
a. Rekstrarstyrkir	91000	
b. Báta- og vjelkaupastyrkir	18500	
		109500
Samtals C. ...	.. ...	319500
D.		
Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...		25000
II. Til nýrra símalagninga...		330000
Flyt ...	... ...	355000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	355000
III.	a. Til nýrrar símalínu frá Breiðumýri til Laugaskóla, 4/5 kostnaðar, alt að	1200	
	b. Til nýrrar símalínu frá Svignaskarði til Hvítárbakkaskóla, 3/5 kostnaðar, alt að	3200	
			4400
Nú missir aðili einhverra þeirra skilyrða, sem í 5. gr. segir, og skal lögreglustjóri þá setja honum hæfilegan frest til að koma málinu í löglegt horf. Ef ekki er um bætt áður en frestur er liðinn, þá hefir aðili fyrirgert heimild sinni.

Nú hefir maður þrisvar verið dæmdur sekur um brot, eða undirgengist sektargreiðslu fyrir brot á fyrirmælum laga eða reglugerða um góða reglu eða velsæmi á gistihúsi sínu eða veitingastað, eða á lögum eða reglugerðum um áfengi, og hefir hann þá fyrirgert leyfi sínu.

7. gr.

Veitingaleyfi og gistihúss er bundið við nafn. Ekkja getur þó haldið áfram atvinnu manns síns látins. Lögreglustjóri getur og leyft erfingjum að halda áfram atvinnu arfleifanda án nýs leyfis alt að ári eftir látið.

8. gr.

Halda skal lögreglustjóri skrá yfir leyfi, önnur en leyfi til tækifærisveitinga, og skal þar vera nafn leyfishafa, hvar atvinnan sje rekin, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk úr gildi, og það annað, er ráðherra kann að ákveða. Lögreglustjóri sendir ráðherra um áramót hver eftirrit af því, er skráð var síðastliðið ár.

9. gr.

Leyfi heimilar einungis atvinnurekstur í ákveðnum hreppi eða kaupstað. Leyfi til veitinga alment felur ekki í sjer rjett til gistihúshalds eða tækifærisveitinga. Leyfi til gistihúshalds felur og í sjer veitingaleyfi.

10. gr.

Nú synjar lögreglustjóri um leyfi eða ágreiningur verður um það, hvort atvinnuheimildin sje niður fallin, og getur aðili þá borið það mál undir dómstólana, enda sje það gert, að undangenginni stefnu til lögreglustjóra, fyrir gestarjetti innan 6 mánaða frá dagsetningu úrskurðar hans, en skylt skal að hlýða þeim úrskurði uns dómur er genginn um málið.

11. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram, nema heimilt sje að selja þar vín.

Ekkert fjelag manna má hafa um hönd í fjelagsskap áfengisveitingar nje heldur má áfengisnautn fara fram í fjelagsherbergjum, hvort sem er í húsi fjelagsins eða annara, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

12. gr.

Það er áfengur drykkur samkvæmt lögum þessum, sem í er meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.

13. gr.

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir leyfi:

til gistihúshalds kr. 200,00.
til veitinga alment kr. 150,00.

Fyrir leyfi til tækifærisveitinga skal greiða í sveitarsjóð eða bæjar frá kr. 5,00—50,00, eftir ákvörðun þess, er leyfið veitir.

Ráðherra, eða ef tækifærisveitingar eru, þá lögreglustjóri, getur fært gjald niður eða jafnvel gefið það eftir með öllu, ef sjerstaklega stendur á, svo sem ef almenningsnauðsyn þykir vera á gististað eða veitinga, ef ágóða af veitingum skal verja til líknarstarfsemi eða þjóðþrifa, ef fátækir menn eiga hlut að máli o. s. frv.

14. gr.

Skylt er gestgjöfum og veitingamönnum að veita lögreglustjóra og ráðherra upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í því skyni. En skylt er að leyna alla óviðkomandi menn því, er rannsóknarmaður kemst að um hagi aðilja við rannsókn sína eða fyrir upplýsingar þeirra.

15. gr.

Það varðar 50—1000 kr. sektum, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum, ef maður rekur gistihús eða hefir um hönd veitingar, er leyfis þarf til, án þess að hafa fengið það eða eftir að hann hefir mist það, eða byrjar áðurnefndar athafnir án þess að fullnægja settum skilyrðum, eða hann fullnægir ekki settum skilyrðum til að mega halda atvinnu áfram, sem þó er ekki niður lögð, enda valdi því ekki almennar tálmanir.

Það varðar neytendur, þjónustumenn og fjelagsstjórn 50—2000 kr. sektum, ef þeir brjóta fyrirmæli 11. gr. Auk þess skal vera upptækt áfengi það, er finnast kann í vörslum hinna brotlegu. Ennfremur getur lögreglustjóri bannað fjelagi samkomur, enda sje þá þegar höfðað mál gegn fjelaginu samkvæmt fyrirmælum stjórnarskrárinnar.

16. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð. Fjelagsstjórn, veitingamaður og gestgjafi ábyrgjast sektagreiðslu og málskostnaðar fyrir þjónustumenn sína, sbr. 15. gr. 2. mgr., enda skal gera aðför í eignum hinna brotlegu, og ábyrgðarmanna ef þörf gerist, til tryggingar sektum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

Þeir, sem höfðu á hendi veitingasölu eða gistihúshald 1. jan. 1926, mega

halda atvinnunni áfram, en ráðherra úrskurðar, hversu fer um þá, sem byrja þá atvinnu á fyrra helmingi ársins 1926.

Frá sama tíma eru úr lögum numin 10. gr. tilsk. 17. nóv. 1786, að því leyti sem þar segir um gistihúshald, og lög nr. 12, 22. okt. 1912, svo og önnur lög, er fara í bága við lög þessi.

Ed. **351. Tillaga**

til þingsályktunar um byggingarstíl prestssetursins á Bergþórshvoli.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta endurbyggja prestssetrið á Bergþórshvoli í sveitabæjastíl, ef sú tilhögun þarf ekki, að dómi húsameistara, að verða kostnaðarmeiri en sú húsagerð, sem nú er venjulega notuð við endurbygging prestssetra.

Nd. **352. Breytingartillögur**

við frv. til laga um útsvör.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

1. Við 9. gr. Seinasta málsgrein (tölulíður 4) falli niður.
2. Við 10. gr. Síðari málsgreinin falli niður.

Ed. **353. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [*Ritsíma- og talsímakerfi*].

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við lagagreinina bætist:

Lína frá Hvammstanga um Stóra-Ós, Lækjamót, Breiðabólsstað, Ós og Tjörn að Illugastöðum, með hliðarlínu að Víðidalstungu. Ennfremur lína frá Melstað að Núpdalstungu. Lína frá Hnausum, um Hnjúk og Eyjólfsstaði, að Ási í Vatnsdal. Lína frá Efra-Hvoli, um Hof og Kirkjubæ, að Geldingalæk. Lína frá

Þórshöfn til Skála, og ennfremur lína til Gunnólfsvíkur. Lína frá Skógum að Skinnastöðum. Lína frá Ljósavatni fram Bárðardal. Lína um Fnjóskadal. Lína frá Hjaltastað að Kirkjubæ. Lína frá Stórakroppi, um Reykholt, Stóra-Ás í Hálsasveit, að Bjarnastöðum í Hvítársíðu. Lína frá Hesti fram Lundarreykjadal. Lína að Selnesi á Skaga. Lína frá Bíldudal að Selárdal. Lína frá Sandnesi að Drangsnesi. Lína frá Torfastöðum til Geysis. Lína frá Mosfelli að Laugarvatni í Laugardal.

2. gr.

Lög nr. 26, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919, eru úr gildi numin.

Nd. **354. Lög**

um innflutningsbann á dýrum o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 15. apríl).

1. gr.

Það er öllum bannað að flytja hingað til lands frá útlöndum lifandi spendýr. Þó má atvinnumálaráðuneytið, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, veita undanþágu frá banni þessu, enda setji þá tryggilegar reglur um í hvert sinn.

2. gr.

Frá löndum eða landshlutum, þar sem næmir húsdýrasjúkdómar ganga, er atvinnumálaráðuneytinu heimilt, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, að banna um stundarsakir allan innflutning á lifandi fuglum, heyi, hálmi, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, ósoðinni mjólk, brúkuðum fóðurmjölssekkjum og öðrum þeim vörum, sem sjerstök hætta telst á, að sóttnæmi geti borist með.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100 til 1000 kr., fyrir skipstjóra þann, er dýrin eða bannvöruna flutti inn, og jafnháum fyrir eigandann, og skulu dýrin og bannvaran gerð upptæk og öllu lógað, að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft á skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borgi allan þar af leiðandi kostnað.

Brot gegn reglum þeim, sem atvinnumálaráðuneytið setur samkvæmt 1. gr., varðar eiganda 100 til 1000 kr. sektum, enda bæti hann að auki allan skaða, er af þeim dýrum hlýtst, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkvæmt reglum ráðuneytisins.

4. gr.

Lög nr. 56, 10. nóv. 1905, um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje, og viðaukalög nr. 25, 9. júlí 1909, eru úr gildi numin.

Nd. **355. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabrjef, alt að 10 miljónum króna. Vaxtabrjefunum má skifta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 5. flokkur veðdeildarinnar og hinir í áframhaldandi tölurðð þar á eftir. Fjármálaráðherra ákveður, hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefir gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki fjármálaráðherra, að hafa 2 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hvor flokkur þá vera stærri en 3 miljónir króna. Fyrstu fjögur árin eftir að 5. flokkur er settur á stofn veitist tillag til þessara veðdeildarflokka úr ríkissjóði, 8000 kr. á ári.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabrjefanna. Fjármálaráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabrjefin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabrjefum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabrjefum.

3. gr.

Auk veðskuldabrjefa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabrjefum þessara flokka vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabrjefunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rjett til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fje veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verslunarstöðum, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær sjeu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda.

Lánsupphæð má ekki fara fram úr $^3/_5$ af virðingarverði fasteignarinnar.

Ennfremur er heimilt að veita lán bæjar-, sýslu- og sveitarfjelögum.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sú er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gild fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhjeraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarflokkanna skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar. Skal í reglugerð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti. Minsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera alt að 40 árum, sje veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og alt að 30 árum, sje veðið vandað timburhús. Sje lánið bæjarlán, sýslulán eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að banka-

stjórnin annist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall.

Veðdeildin hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabrjefa þessara flokka fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki fjármálaráðherrann söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskifti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

Verði eigendaskifti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi þegar um leið og kaupin gerast tilkynna veðdeildinni eigendaskiftin.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sjer greiðslu á láni úr þessum flokkum, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sjer, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrjett sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sjer.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sjer, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er $^1/_2$% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó svo, að ávalt standi á 100 krónum, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum hlutaðeigandi flokks eftir ákvæðisverði þeirra.

Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sje veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr.

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti af afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabrjef þau, er hlutaðeigandi veðdeildarflokkur hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef í stærra stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rjett hafa handhafar brjefanna, þótt eigi sjeu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að brjefin sjeu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. -- Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

20. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur

skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu deildarinnar, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

21. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugerð veðdeildarflokkanna skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en skráðu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsett verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokað er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiftist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti rjettrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefir þaðan aflast.

25. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á alt að 3 miljónum króna í bankavaxtabrjefum, er gefin verða út samkvæmt lögum

þessum. Vaxtabrjef þau, er ríkisstjórnin kaupir samkvæmt þessu, skulu vera flokkur út af fyrir sig, og skal haga vöxtum brjefanna, verði þeirra og tímalengd útlána úr flokknum eftir lánskjörum þeim, er ríkissjóður fær, svo að hann verði skaðlaus af.

Verði ríkissjóður fyrir gengistapi af þessum viðskiftum, skal varasjóður flokksins, er skuldbindingum hans verður lokið að öðru leyti, ganga til þess að endurgreiða ríkissjóði slíkt tap.

26. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars nauðsynlegs kostnaðar má greiða alt að 8000 krónum. Til endurskoðenda má verja 500 kr. til hvors.

27. gr.

Lög þessi ganga í gildi nú þegar.

Nd. **356. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Eftir 2. málsgrein 3. greinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefir hvorki verið að veiðum í landhelgi nje undirbúningur gerður í því skyni, og má þá lúka málinu með áminningu, er um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum, 400—1600 gullkrónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Fyrir máli þessu verður gerð grein í framsögu.

Ed. **357. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá háttv. Nd. og er flutt þar af allsherjarnefnd, eftir tilmælum atvinnumálaráðherra.

Nefndin hefir nú haft frumvarpið til athugunar, og er hún sammála um, að það sje þörf endurbót á lögunum um skipulag kauptúna og sjávarþorpa frá 1921, og ræður því háttv. deild til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1926.

Jóh. Jóhannesson,	Eggert Pálsson,	Guðm. Ólafsson,
form.	fundaskrifari.	frsm.

Nd. **358. Nefndarálit**

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir ekki orðið sammála um frumvarp þetta. Meiri hlutinn fellst á stefnu frumvarpsins og vill mæla með því, að það verði samþykt nálega óbreytt, en minni hlutinn vill skipa seðlaútgáfunni á annan veg.

Stjórnarfrumvarp það, sem hjer ræðir um, er yfirleitt bygt á frumvarpi meiri hluta milliþinganefndarinnar í bankamálum. Þó ber á milli í nokkrum atriðum, og eru þau helst þessi:

1. Í frumvarpi milliþinganefndarinnar er svo ákveðið í 13. gr., að bankinn starfi í þrem deildum; seðladeild, sparisjóðsdeild og veðdeild. Útlánum og innlánum, reikningshaldi og bókfærslu hverrar deildar skyldi halda aðgreindu. Var þetta svo ákveðið til betra yfirlits fyrir bankastjórn og viðskiftamenn og til þess að gera auðveldari skifting bankans síðar, ef þá þætti þörf á því eða nauðsyn. — Í stjórnarfrumvarpinu er nú gengið feti framar í þessu efni, því að fjárhagur deildanna er þar aðskilinn með öllu, stofnfje, varasjóður o. s. frv. er sjerstakt fyrir hverja deild. — Á þessa breyting fellst meiri hluti nefndarinnar.

2. Í frv. milliþinganefndarinnar er ekki gert ráð fyrir því, að bankinn innleysi seðla sína með gullmynt, heldur aðeins því, að hann selji gull í miltum fyrir seðla sína (7. gr.), en í stjórnarfrumvarpinu er ákveðin hrein gullinnlausn seðlanna með mynt. Þetta er ekki stórvægilegt atriði. Það getur kostað dálítið meira að innleysa þannig seðla með gullmynt og óþarft að beina þannig gulli út í umferðina, þar sem það slitnar og getur týnst, en á hinn bóginn er ekki ósennilegt, að það sje styrkur að því fyrir bankann í meðvitund manna alment og veki traust til hans, að menn viti, að hverjum seðli megi jafnan breyta í gull. Ef til vill er og gullinnlausn með þessum hætti enn þá nákvæmari og fljótvirkari mælikvarði á hagsveiflur. Í samræmi við þessa breyting þarf að víkja við upphafi 9. greinar.

3. Í frv. milliþingan er ákveðið í 5. gr., að ríkissjóður haldi stofnfje bankans jafnan í 3 miljónum króna, sem er sama sem að ríkissjóður ábyrgist bankann algerlega. Þetta var þó ekki ágreiningslaust í meiri hluta milliþinga-

nefndarinnar (sjá nál. bls. 29). Þessi skuldbinding ríkissjóðs er niður feld í stjórnarfrumvarpinu.

Í sambandi við þessa (5.) gr. frumvarpsins segir í athugasemdum við stjórnarfrumvarpið, að ákvæðin um stofnfje og varasjóð þurfi líklega nánari athugunar. Út af því vill meiri hlutinn taka það fram, og hefir fyrir sjer einnig ummæli tveggja manna úr milliþinganefndinni, að ætlast er til, að bankinn hafi þetta stofnfje raunverulega óskert í upphafi. Verði innskotsfje ríkissjóðs í Landsbankann notað í þessu skyni, eins langt og það nær, verður það af því, sem þegar er innborgað, að vera óskert, en á hinn bóginn er það nægilegt, að það, sem eftir er af því ógreitt, greiðist eftir sömu reglu eins og hingað til, samkv. l. nr. 50, 10. nóv. 1913. Að öðru leyti er ekkert ákveðið um það, á hvern hátt bankanum er lagt þetta stofnfje, og fer það að sjálfsögðu eftir samningum milli ráðherra og bankaráðs.

4. Í frv. milliþingan. er svo ákveðið í 62. gr., að aðalbankastjóra skuli skipa þegar eitt sæti losnar í bankastjórninni o. s. frv. Í stjórnarfrv. virðist aftur á móti vera gengið út frá því, að núverandi bankastjórastöður sjeu lagðar niður með þessum nýjum lögum, og því beri í upphafi að ráða alla bankastjóra eftir nýju lögunum þegar í stað. Meiri hlutinn hefir ekki sjeð ástæðu til þess að breyta þessu frá því, sem er í frv. milliþinganefndarinnar, og ber því fram breytingartillögu um að færa það atriði aftur til sama orðalags sem þar er haft.

5. Í 68. gr. er aukin endurkaupaskylda sú með sjerstökum kjörum, sem lögð er á Landsbankann fyrir Íslandsbanka meðan hann er að komast yfir örðugleika seðlainndráttarins, úr $^1/_2$ í $^3/_5$ inndreginna seðla. Ákvæði þessi miða að því að draga úr þeirri truflun á viðskiftalífinu, sem hætta gæti verið á meðan seðlaútgáfan er að flytjast milli bankanna, og getur meiri hluti nefndarinnar fallist á, að þessari truflun verði enn betur afstýrt með ákvæði stjórnarfrv.

Um sjálft það grundvallaratriði, sem mestum ágreiningi hefir valdið í þessu máli, hvort heldur skuli fá Landsbankanum seðlaútgáfurjettinn í hendur eða setja upp sjerstakan seðlabanka, skal hjer ekki margt sagt, heldur má í því efni í öllum meginatriðum vitna til nefndarálits milliþinganefndarinnar. En þó skulu dregin hjer fram nokkur höfuðatriði málsins.

Sögulega rök og þróun bankamála hjer á landi og sjálft eðli málsins hnígur alt mjög eindregið að því, að Landsbankanum verði falið þetta hlutverk, sem ríkið þarf að láta vinna. Hann er elsti banki hjer á landi, ríkið hefir jafnan átt hann og rekið. Hann hafði um 20 ár einn seðlaútgáfu hjer á landi og hefir jafnan haldið þeim seðlaútgáfurjetti. Hann hefir vaxið og dafnað ár frá ári og er nú orðinn sterkasta peningastofnun í landinu. Sjerstök atvik ollu því, að hlutafjelagi, en eigi Landsbankanum, var seldur í hendur seðlaútgáfurjettur eftir aldamótin, og heyrast engar raddir nú, er óski eða óskað hafi framhalds á því fyrirkomulagi. Og svo eindregið sýnist hafa vakað fyrir mönnum, að banki landsins tæki við seðlaútgáfu þegar hún losnaði, að engin uppástunga kemur fram um annað fyr en á þingi 1924. Það er því augljóst, að ríkar ástæður verða að koma fram til þess að hnekkja þessari fyrirætlun, og er ástæða til að víkja fáeinum orðum að þeim helstu ástæðum, sem fram hafa komið gegn því að láta Landsbankann taka að sjer seðlaútgáfuna.

1. Sterkasta ástæðan er sú, að erlend reynsla sýni, að seðlabankinn eigi aðallega eða eingöngu að vera banki bankanna, en ekki hafa bein viðskifti við atvinnurekendur, og þá ekki heldur taka fje manna til geymslu gegn vöxtum eða reka venjuleg bankaviðskifti.

Það er játað, að það sje söguleg þróun, sem gert hafi annarsstaðar seðlabankana að bönkum bankanna. En hjer er ekki þeirri sögulegu þróun til að dreifa. Hjer eru enn fáir bankar að skifta við og fjármálalífið einfalt og fáskrúðugt. Hjer yrði að setja seðlabankann á fót, nýja stofnun og óreynda, hreina tilraun, bygða á hugsuðu ágæti einu og af fræðilegum ástæðum. Þetta sýnir strax muninn. Og þetta er eðlilegt. Viðskiftalíf vort er í flestu nauðalíkt því, sem var í nágrannalöndum vorum fyrir áratugum, áður en þróunin hafði gert seðlabankana að bönkum bankanna.

En þótt vjer vildum nú af fræðilegum ástæðum semja oss að erlendum siðum í þessu efni, þá kemur fljótt í ljós, að það er ómögulegt; oss vantar efniviðinn. Annarsstaðar eru seðlabankarnir, þótt þeir taki ekki við innlánsfje gegn vöxtum, í röð stærstu bankanna eða stærstir, bæði vegna dreifingar fjárins milli margra banka og vegna fjárstyrks landanna, sem safna talsvert miklu fje inn í seðlabankana rentulaust, af ýmsum ástæðum. En hjer mundi seðlabankinn standa uppi með seðla sína eina, milli tveggja banka, margfaldra að stærð og styrkleika við hann. Þarf ekki fleira að segja til þess að sýna, hve alt þetta tal um reynslu annara og erlendar fyrirmyndir stoða lítið fyrir oss, ef gætt er hins stórkostlega mismunar, sem er á högum og háttum hjer og annarsstaðar.

2. Viðskifti öll eiga að vera hjer svo miklu hættulegri, að grundvöll vanti undir starfsemi seðlabanka, sem ætti að eiga bein viðskifti við atvinnurekendur. Seðlabankahæf veð ekki til. En við þessa atvinnuvegi verðum vjer að búa, og á þeim er öll afkoma bygð. Þótt öðrum bönkum sje skotið inn á milli atvinnulífsins og seðlabankans, þá er aðeins gagn að því gegn þeim hættum, sem stafa af stundarkreppum, en ef atvinnulífið er yfirleitt svo bágborið, sem stundum heyrist, þá virðist lítið úr því bætt með sjerstökum seðlabanka. Einstakra manna framlög til annara banka mundu fljótt tæmast og mæða á forða seðlabankans jafnt eftir sem áður.

3. Þá óttast menn einveldi eða ofríki í fjármálum frá hendi Landsbankans, ef hann fái seðlaútgáfurjettinn. Ofríki er að vísu varasamt, og þó því aðeins verulega skaðlegt, að því sje jafnhliða hlutdrægni í stjórn og misbeiting valdsins, en það mun jafnan geta gert tjón, hvernig sem lög hljóða. Hlutdræga bankastjórn á að losa sig við, en mun jafnan reynast örðugt að binda hana með lagafyrirmælum. En á hinn bóginn er styrkur seðlabankans í fjármálunum ekki ókostur, heldur allsendis nauðsynlegur, ef hann á að geta rækt starf sitt og skyldur, eins og síðar verður að vikið.

4. Þá er talað um skerðing þá á veltufje, sem af því mundi leiða að binda talsvert af fje Landsbankans í verðbrjefum, og er það að vísu rjett, að þetta fje mundi skifta um starfssvið. Fjeð minkar ekki og hættir ekki að starfa, en skiftir aðeins um hlutverk. — En á það er hjer að líta, að hvort sem Landsbankanum er fenginn seðlaútgáfurjetturinn eða ekki, þá er mjög þarflegt, og jafnvel nauðsynlegt, að festa fje í verðbrjefum í því skyni, sem frv. fer fram á, að

skapa verðbrjefamarkað í landinu. Með því fást eignamenn til þess að lána fje sitt beint gegn fasteignaveði, sem er miklu heilbrigðara en að menn láti fje sitt í banka gegn vöxtum og bankinn láni svo út gegn fasteignaveði. Nú eru fasteignaveðslán bankanna upp undir 3 miljónir, og ætti mikið af þeirri upphæð að losna, sumt strax og annað smámsaman, ef þessu væri komið í lag.

En svo er þess að gæta, að í frv. milliþinganefndarinnar var verðbrjefaeign þessi meðfram miðuð við samband sparisjóðsdeildar við seðladeild, og þegar seðlaútgáfan er nú alveg skilin frá, gæti komið til mála að færa þessa upphæð eitthvað niður.

Og loks má segja, að ef það kemur í ljós, að í þágu seðlabankans og fasteignaveðslánanna sje nauðsynlegt að binda nokkuð af því fje í verðbrjefum, sem annars færi til verslunar, útgerðar og slíks, þá er afleiðing þess sú, að leitast þarf við að fá meira fjármagn inn í landið, til þess að fullnægja þörfinni, enda verðbrjef mjög góð trygging fyrir lánum. Enda er nú fyrir þinginu frv. um heimild til þess að koma á fót einkabanka.

En auk þess, sem rök sýnast vanta fyrir því að beygja nú út af þeirri braut, sem alt hefir bent á fram til síðustu ára, þá eru mikilvæg rök, sem beinlínis mæla með því að fela einmitt allsterkum viðskiftabanka seðlaútgáfurjettinn.

1. Má fyrst telja hin sögulegu rök, sem áður hafa verið nefnd að því er snertir Landsbankann og engan veginn eru ljettvæg. Þar er ekki um neina tilraun að ræða, heldur áframhaldandi þróun. Má vel vera, að hjer á landi stefni í sömu átt og annarsstaðar, en þá verður því marki best náð með því að leyfa hinni eðlilegu þróun að haldast, en aðeins búa sem best í haginn fyrir hana.

2. Aðalástæðan er sú, sem aðeins hefir áður verið að vikið, sem sje nauðsyn þess, að bankinn sje sterkur og í beinu sambandi við atvinnuvegina. Með því getur hann best rækt það höfuðhlutverk sitt að halda uppi gjaldeyrinum og verða að gagni á krepputímum.

a. Ef seðlabankinn er lítil stofnun með seðlaútgáfuna eina, geta bankarnir starfað mjög mikið án þess að skifta sjer af henni. Þeir ráða, hvaða fyrirtæki þeir vilja styðja til að komast á fót. Þeir hafa tugi miljóna króna til starfs, auk seðlanna, og gætu valið þá víxla sjerstaklega til endursölu og seðlaöflunar, sem þeir vita að best muni falla stjórn seðlabankans í geð og erfiðast er að veita, en eflt með öðru fje sínu þau fyrirtæki, sem búast má við, að seðlabankastjórnin teldi miður nauðsynleg eða æskileg. Yrði svo erfið aðstaða seðlabankans þegar kreppa gengi í garð og ekki væri um annað að velja en lána eða láta fyrirtæki hrynja unnvörpum. Að vísu verður aldrei með öllu komið í veg fyrir slíkt, en miklu meiru getur þó sá banki stýrt og stjórnað í atvinnulífi þjóðarinnar, sem sjálfur starfar með allmiklu fje beint úti á meðal manna, heldur en seðlastofnun, sem er að mestu aðeins áhorfandi, þar til að tekur að kreppa, nema alveg óbeinlínis.

b. Þá má og búast við, að seðlabanka mundi ganga erfitt að neyða svo mikla ofjarla, sem hjer væri um að ræða, til þess að taka upp forvaxtabreytingar þær, sem hann teldi nauðsynlegar. Er alls ekki fyrir það að synja, að þeir gætu starfað skaðlega lengi án þess að leita nokkuð til seðlabankans.

c. En augljósastur verður vanmáttur seðlastofnunarinnar þegar um það er að ræða að hafa erlendis þær miklu innieignir, sem nauðsynlegar eru til þess að vernda gengi gjaldeyrisins. Þessar innieignir geta komist talsvert hærra með köflum en allri seðlaútgáfunni nemur, bankinn ætti að hafa meira en aleigu sína í erlendum innieignum. En aðstöðu hefir hann afarilla til þess að starfa með erlendu lánsfje, vegna þess að arður af seðlaútgáfunni, sem að rjettu lagi á að ganga til þessa, gengur til almenns rekstrar bankans og mun vart hrökkva til þess. Á gjaldeyrisverslun hinna bankanna er ekkert hægt að treysta í þessu efni, því að þeim ber þar engin skylda til, eins og reynsla annara þjóða líka sýnir.

3. Mjög er hætt við því, að bankastjórn seðlabankans, sem engin bein viðskifti á að hafa við atvinnurekendur, mundi fara á mis við þann kunnugleik, sem nauðsynlegur er.

4. Þó að það megi ef til vill ekki teljast með stórástæðum, þar sem um svo mikilsvarðandi mál er að ræða, þá má þó einnig á það líta, hve afarmikill kostnaður er að þessu fyrirkomulagi. Er einkennilegt að láta tugi þúsunda til þess eins, sem annar banki ríkisins hefir betri aðstöðu til að rækja.

5. Í þeim tillögum, sem komið hafa fram um sjerstakan seðlabanka, er gert ráð fyrir, að Landsbankinn starfi áfram eins og hingað til. En þá er hætt við, að privatbönkunum þætti þröngt fyrir dyrum, ef ríkið ætti hjer að reka tvo banka, fyrst seðlabankann og síðan venjulegan banka með þeim hlunnindum, sem jafnan fylgja slíkum stofnunum. Alt öðru máli er að gegna með Landsbankann einan sem seðlabanka, því að seðlaútgáfan hlýtur að gefa honum þá sjerstöðu og leggja á hann þau sjerstöku hlutverk og sjerskyldur, sem kiptu honum út úr beinni samkepni.

Þessu máli öllu til stuðnings má loks vitna í þau afareindregnu ummæli allra þeirra sjerfræðinga erlendra, sem leitað hefir verið til í þessu máli, og skal ekki frekar um þau talað, því þau eru prentuð með nefndaráliti meiri hluta milliþinganefndarinnar. — Þegar þess er gætt, að hjer eru umsagnir bankastjóra allra seðlabanka Norðurlanda, og auk þess frá einhverjum fremsta fræðimanni utan bankastjórnanna, þá verður einróma álit þeirra mjög þungt á metunum.

Eðlilegast virðist því að fara þá leið, sem í stjórnarfrumvarpinu er farin og meiri hluti milliþinganefndarinnar lagði til: Að fela þeim banka, sem ríkið nú á, seðlaútgáfuna, en gera hann jafnframt svo úr garði, að hann verði sem hæfastur til þess að leysa hlutverk sitt af hendi. Að þetta hefir verið gert, sjest meðal annars af þessum ráðstöfunum, sem gerðar eru í frumvarpinu:

1. Bankinn er gerður sæmilega fjesterkur með því að leggja honum til ríflegt stofnfje, sem hann þarf ekki að ávaxta frekar en ástæður allar leyfa honum það, og gefa honum mjög góða aðstöðu til þess að safna sjer varasjóði.

2. Bankastarfsemin er takmörkuð, bæði með því að festa talsvert af fje hans í verðbrjefum, sem hann getur gripið til þegar snögga fjárþörf ber að höndum, og með því að skylda hann til þess að hafa fje sitt í eins stuttum víxlum og hægt er að heimta hjer á landi.

3. Leitast er við að gefa bankanum öfluga og trygga stjórn, bæði með því að leggja aðalþungann á herðar eins manns, sem hægt er að velja án tillits

til launakrafna, með bankaráði, sem verður að vera starfandi og fylgjast með í öllu starfi bankans, og með því að kippa bankanum sem mest undan áhrifum af stjórnmáladeilum og dægurþrasi.

4. Bankanum er skift í deildir, og næst með því tvennt: Bankastjórnin fær skýrt yfirlit um einstakar starfsgreinir hans og getur því ráðstafað fje hans nákvæmlega, og á hinn bóginn er bankinn hæfur til fullrar framþróunar í þá átt, sem annarsstaðar hefir stefnt, án þess að nokkrir örðugleikar sjeu á því. Má jafnan án allrar fyrirhafnar skilja deildir bankans hverja frá annari og tengja saman eftir vild.

Mætti svo sýnast, að þegar svo hefir verið um hnútana búið, gætu allir sameinast um þessar tillögur, því ekkert ber þá í raun og veru á milli annað en það, að sömu mönnum er hjer falið að stjórna öllum þremur deildum bankans, í stað tveggja þeirra, sem lagt hefir verið til af minni hluta milliþinganefndarinnar.

Út af ákvæði 61. gr. um úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins telur meiri hluti rjett, að ráðherra útnefni þá menn, sem framkvæmi þá úttekt sem fulltrúi eigenda bankans.

Orðið »venjulegir« í 68. gr. gæti ef til vill valdið þeim misskilningi, að taka ætti meðaltal af forvöxtum þeim, sem Íslandsbanki hefir tekið einhvern tíma, og þar sem það virðist óþarft, vill meiri hlutinn láta fella það burt. Átt er að sjálfsögðu við almenna forvexti bankans á hverjum tíma til venjulegra viðskiftamanna.

Einn nefndarmaður, H. Stef., áskilur sjer rjett til að bera fram brtt. um minni háttar atriði.

Samkvæmt framanskráðu leggur meiri hluti fjárhagsnefndar til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 9. gr. a. Í stað stafliðs a. koma 2 stafliðir:
   a. Lögleg gjaldgeng gullmynt,
   b. Ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi minst 2480 kr. fyrir hvert kílógramm af skíru gulli.
2. — 9. — b. Stafliður b. verður stafliður c.
3. — 61. — Í stað »Bankaráðið« í upphafi 4. málsliðar kemur: Ráðherra.
4. — 63. — Fyrri málsgrein orðast svo:
   Launaákvæði laga þessara ná ekki til núverandi bankastjóra. Meðan þeir gegna bankastjórastöðu við Landsbankann, halda þeir núverandi launum sínum, nema öðruvísi semjist. Uppsagnarákvæði 38. gr. koma eigi til framkvæmda fyr en jafnóðum sem sæti losnar í bankastjórninni. Aðalbankastjóra skal ráða þegar eitt sæti losnar í bankastjórninni.
5. — 68. — Orðið »venjulegir« í 1. málslið fellur niður.

Alþingi, 16. apríl 1926.

Kl. Jónsson, formaður.	Magnús Jónsson, frsm. meiri hluta.	Ásgeir Ásgeirsson.	Halldór Stefánsson.

Nd. **359. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Eftir 1. gr. komi ný grein, sem verði 2. gr., svo hljóðandi:

Af hreinum tekjum ríkissjóðs af happdrættinu skulu 100 þúsund krónur árlega í næstu 10 ár ganga til eflingar ellistyrktarsjóðnum.

Nd. **360. Lög**

um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl).

1. gr.

Fje það, sem útheimtist til að standa straum af útgjöldum Vestmannaeyjakaupstaðar til bæjarþarfa, skal, að svo miklu leyti, sem það verður ekki lagt á með niðurjöfnun útsvara og liggur í sjerstökum tekjum, fengið með því að leggja gjald á fasteignir í kaupstaðnum.

2. gr.

Fasteignagjald samkv. 1. gr. skal miða við virðingarverð eftir fasteignamatslögum, og ákveðst það þannig:

Af öllum húseignum í bænum, úr hvaða efni sem þau eru og til hvers sem þau eru notuð, ennfremur af öllum lóðum, sem einstakir menn eiga eða hafa leigurjett yfir, skal greiða í fasteignagjald 0,4% — fjörutíu aura — af hverjum fullum hundrað krónum virðingarverðs samkv. fasteignamatslögum. Minni upphæð en hundrað krónur kemur ekki til greina.

Undanskilin gjaldi þessu eru öll tún og hagar, matjurtagarðar og fiskreitir, svo og allar fasteignir bæjarins og allar eignir ríkissjóðs, sem ekki eru öðrum leigðar.

Gjald þetta greiði eigendur húsa og leigutakar lóða eða notendur, sem samkv. byggingarbrjefi eða öðrum heimildum hafa umráð þeirra.

3. gr.

Fyrir gjald þetta annast bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sót-, sorp- og salernahreinsun og gerir ráðstafanir til þess að fyrirbyggja eldsvoða.

4. gr.

Fasteignagjald skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkerans í Vestmannaeyjum, og er gjalddagi 15. maí ár hvert.

5. gr.

Fasteignagjaldið hvílir sem lögveð á húseign þeirri, sem það er lagt á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum á eigninni, að fasteignaskatti til ríkissjóðs undanskildum. Brenni hús eftir gjalddaga, hefir fasteignagjaldið og forgangsrjett í brunabótum á sama hátt.

Nú greiðir leigutaki eða notandi lóðar eigi fasteignagjaldið í 2 ár, og hefir hann þá fyrirgert leigurjetti eða afnotarjetti sínum.

6. gr.

Sje fasteignagjald, útsvar eða önnur bæjargjöld ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi skattsins greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi 1% — einni krónu af hverjum 100 krónum — fyrir hvern mánuð eða part úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

Dráttarvextir hafa lögtaksrjett á sama hátt og sjálf gjöldin.

7. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feld, að því er Vestmannaeyjakaupstað snertir, 2. gr. laga nr. 18, 18. maí 1920, um gjald til holræsa og gangstjetta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæðum 6. greinar um dráttarvexti skal þó ekki beitt fyr en 3 mánuðum eftir gildistöku laganna. Fasteignagjald samkv. 1. gr. reiknist fyrst frá 1. janúar 1927.

Nd. **361. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur á þskj. 216. *[Útsvör].*

Frá Halldóri Stefánssyni.

Við 2. brtt. 1 c.

Aftan við liðinn bætist: en 4 vikur.

Nd. **362. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 288. [Útsvör].

Frá Magnúsi Torfasyni.

Orðið »sjálfur« falli niður.

Nd. **363. Breytingartillaga**

við frv. til laga um útsvör (þskj. 188).

Frá Jóni A. Jónssyni.

Til vara (ef brtt. 288 verður feld):

Við 9. gr. 1. Fyrir »samtals 4 vikur af gjaldárinu« komi: fjórar vikur samfleytt af gjaldárinu.

Nd. **364. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 44, 27. júní 1925, um slysatryggingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir rætt frv. þetta nokkrum sinnum og leitað umsagnar slysatryggingar ríkisins um það.

Í frv. felast 3 aðalbreytingar:

1. Að fella undan tryggingarskyldu þá, sem vinna að fiskverkun utan þurkhúss.
2. Að flytja iðgjaldsgreiðsluna að nokkru frá útgerðarmanni yfir á skipverja, þegar þeir vinna fyrir hlut af afla eða hundraðsgjaldi af tekjum fyrirtækisins, og
3. að leggja á ríkissjóð nokkru meira af iðgjöldum slysatrygðra fiskimanna en lögin ákveða, þegar um smáfleytur er að ræða.

Með brjefi dags. 6. þ. m. hefir slysatrygging ríkisins svarað fyrirspurn nefndarinnar þannig:

»... ... ... Fyrsta breytingin er sú, að fella undan tryggingarskyldu alla fiskverkun, nema í þurkhúsum. Þessa breytingu teljum við til spillis á lögunum. Það virðist engu minni þörf á tryggingu fyrir það fólk, sem starfar að fiskþvotti eða sólþurkun, heldur en það, sem vinnur í þurkhúsum, því að slysahætta þess er sennilega engu minni. En ef það skyldi sýna sig í framkvæmdinni, að einhverjir annmarkar væru á því að tryggja þetta fólk, þá þarf ekki lagabreytingu til þess að undanþiggja það tryggingarskyldu, því að í 21. gr. slysatryggingarlaganna er heimilað að veita undanþágu frá tryggingarskyldu með reglugerð. Hefir það þegar verið gert að því er snertir vinnu við hreppavegi og sýsluvegi, en aðrar undanþágur hafa verið látnar bíða þess, að óskir kæmu fram um þær og að það sýndi sig í framkvæmdinni, að ástæða væri til þess að taka þær óskir til greina.

Önnur breyting frumvarpsins er sú, að bæta við ákvæði um, að ef slysatrygður vinnur fyrir hlut af afla eða hundraðsgjaldi af tekjum fyrirtækis-

ins, þá greiði hinn slysatrygði iðgjaldið að jöfnu við útgerðarmann eða atvinnurekanda. En *við hyggjum*, að ef hásetar fá ekki kaup, heldur aðeins hlut af afla, þá muni verða litið svo á, eftir núgildandi lögum, sem um samlagsútgerð sje að ræða, svo að þótt útgerðarmaður bátsins eða formaður eigi að standa skil á iðgjöldum fyrir alla hásetana samkv. 7. gr., þá verði þeir samt ekki taldir í þjónustu hans, heldur sjálfir atvinnurekendur, og falli því ekki undir ákvæðin í 1. málsgr. 6. gr., heldur beri sjálfir iðgjaldið, hver fyrir sitt leyti. Auðvitað gildir þetta þó því aðeins, að hásetarnir sjeu eingöngu ráðnir upp á hlut, en ekki þótt þeir taki einhvern hlut auk kaups, svo sem er um lifrarhlut togaraháseta.

Þriðja breytingin fer fram á að hækka tillag ríkissjóðs til róðrabáta úr $^{3}/_{10}$ iðgjalds upp í $^{1}/_{2}$ iðgjald og tillag til mótorbáta undir 5 lestum úr $^{1}/_{5}$ upp í $^{1}/_{3}$ og veita ennfremur mótorbátum 5—12 lesta sama tillag ($^{1}/_{5}$ iðgjalds) og mótorbátum og seglskipum yfir 12 lestir $^{1}/_{5}$ iðgjalds. Þetta er auðvitað einungis fjárhagsráðstöfun, styrkveiting úr ríkissjóði til þessa atvinnuvegar, sem ekki snertir trygginguna í sjálfu sjer, og hefir stjórn slysatryggingarinnar auðvitað ekkert við það að athuga, ef fjárveitingarvaldið vill svo vera láta. En við skulum aðeins leyfa okkur að benda á, að þetta gjald, sem á að tryggja mönnum litlar bætur fyrir þá miklu áhættu, sem þeir leggja líf sitt og limu í við þessa atvinnu, er svo lítið í samanburði við aðra útgjaldaliði útgerðarinnar, að það mundi vart gera til nje frá um afkomu hennar, þótt hún losnaði við nokkurn hluta af því. Þess er og vert að gæta, að ástæðan til þeirrar styrkveitingar, sem frumvarpið fer fram á, sýnist vera þröngur hagur útgerðarinnar í bili, vegna örðugs árferðis, en styrkveiting í þessu formi helst áfram án tillits til árferðis og hvernig sem hagur þessarar atvinnu blómgast.

Georg Ólafsson. Þorsteinn Þorsteinsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis«.

Nefndin fellst á skoðun slysatryggingarinnar um reglugerðarbreytingu, að því er hún getur náð til, til þess að ná eftiræsktum breytingum á 1. og 2. gr. frv., og telur rjett að gera þá reglugerðarbreytingu nú þegar, ef frv. verður ekki samþykt. Hinsvegar er ekki hægt með reglugerðarbreytingu að ná þeirri ívilnun um iðgjaldagreiðslu útgerðarmanna vegna slysatrygðra skipverja á smáskipum, sem 3. gr. frv. ræðir um.

Lögin um slysatryggingar mega heita óreynd með öllu, þar eð þau gengu ekki í gildi fyr en um síðustu áramót. Þykir nefndinni betur fara á því, að reyna lögin árlangt með breyttri reglugerð en að breyta þeim nú þegar í fám atriðum, og þó eigi til hlítar. Hinsvegar lítur nefndin svo á, að þessi lagasmíð sje að ýmsu leyti gölluð og þurfi bráðra og gagngerðra breytinga.

Fyrst og fremst er slysatryggingin eftir lögunum ekki nægilega víðtæk, þar sem undanþegnir eru tryggingu og tryggingarskyldu fjölmennir flokkar starfsmanna, jafnvel heilar atvinnugreinar (steinhögg, grjótvinna, sláttur, jarð-

yrkjustörf, mógröftur, fjallferðir, skipasmíðar o. fl.), miklu áhættumeiri en hinar, sem tryggingarskylda er bundin við (fiskþurkun).

Í öðru lagi er iðgjaldsgreiðsla og umfangsmikið eftirlit um tryggingarskylduverkin einhliða lagt á atvinnurekendur eða forstöðumann þess tryggingarskylda verks, án þess slysatrygðir taki nokkurn þátt í sinni eigin tryggingu eða greiði hennar vegna nokkuð.

Í þriðja lagi er ríkissjóður með lögunum að mestu leystur undan kvöð, sem rjettilega ætti á honum að hvíla, þeirri, að greiða iðgjöld fyrir alla slysatrygða, að minsta kosti að einhverjum hluta.

Nefndin telur nauðsyn bera til gerbreytinga á þessum lagabálki og álítur lögin tæpast framkvæmanleg eins og þau eru, meðal annars af því að sömu menn vinna oft sama daginn við mistryggingarskyld störf og önnur, sem tryggingarskylda fylgir ekki.

Út af framansögðu leggur nefndin til, að frv. á þskj. 110 verði afgreitt með svofeldri rökstuddri

DAGSKRÁ:

Í trausti þess að stjórnin með reglugerðarbreytingu taki upp efni 1. og 2. gr. í nefndu frv. á þskj. 110, eftir því, sem við verður komið, og leggi fyrir næsta þing frv. til laga um almenna slysatrygging, sniðið sem mest eftir bendingum þeim, er fram hafa verið teknar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. apríl 1926.

Ólafur Thors, form.	Sveinn Ólafsson, frsm.	Sigurj. Jónsson.	Björn Líndal.

Jeg legg til, að málinu sje vísað til landsstjórnarinnar.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.

Nd. **365. Nefndarálit**

um frv. til laga um tilbúinn áburð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á síðasta þingi lá fyrir nefndinni samskonar frv. að efninu til, frá þm. Strandamanna. Tilgangur flutningsmanns mun hafa verið að greiða fyrir aukinni ræktun, með því að ljetta af áburðinum allþungbærum flutningsgjöldum, er þá voru um eða yfir 60 kr. af hverri smálest, og gera áburðinn á þann hátt ódýrari fyrir notendur.

Þetta hefir nú breyst mjög til batnaðar, flutningsgjöld frá útlöndum á tilbúnum áburði lækkað meira en um helming, ofan í 25 kr. fyrir smálestina, svo nú má telja flutningskostnaðinn viðunandi. Það virðist því ekki ástæða til að grípa til þess skipulags, sem frv. gerir ráð fyrir, vegna þungbærs flutningskostnaðar.

Flutningsmaður mun heldur ekki hafa haft flutningsgjöldin svo mjög í huga með flutningi frv. nú, eins og sjá má af greinargerðinni, heldur mun fremur bera að skoða frv. sem tilraun til þess að bjarga áburðarnotendum frá öðrum og ef til vill þyngri útgjalda-auka.

Það mál er þannig vaxið samkv. skýrslu stjórnar B.fjel. Íslands, að framkvæmdarstj. fjelagsins hefir snemma á síðastliðnu ári, af ástæðum, sem ekki eru kunnar, slept, að því er virðist viljandi, þvert ofan í samþykt búnaðarþingsins, einkasölu þeirri, er Búnaðarfjel. Íslands hafði haft frá Norsk Hydro á Noregssaltpjetri, í hendur firmanu Nathan & Olsen í Reykjavík, og dulið fjelagsstjórnina þessa nær hálft annað missiri.

Firmað Nathan & Olsen hafði einnig einkaumboð fyrir Dansk Gödnings Kompagni hjer á landi, en það hefir aftur umboð fyrir þýsku kalksaltpjetursverksmiðjurnar. Allur kalksaltpjetur, er hingað flyst, er því nú á hendi firmans Nathan & Olsens.

Nefndin er sammála um, að þetta skipulag sje mjög óheppilegt og geti orðið svo óhagkvæmt fyrir áburðarnotendur, að það tefði að mun fyrir ræktun landsins.

Leiðin, sem frv. bendir til út úr þessum ógöngum, er að vísu fær, en nefndin telur hana þeim annmörkum bundna, að hún kýs heldur að stíga sporið fyllra og heimila að taka einkasölu á áburðinum.

Nefndin telur eðlilegast, að B.fjel. Íslands hafi þessa einkasölu, en gengur þá jafnframt út frá því, að það hafi þá þeirri framkvæmdarstjórn á að skipa, er treysta megi.

Nefndin er að vísu andvíg einkasölu yfirleitt, en telur þá atburði, er gerst hafa í þessu máli, þannig, að ekki sje við hlítandi, og ræktun landsins svo mikils verða, að hún vill þrátt fyrir það grípa til einkasöluheimildar, ef ekki tekst að greiða fram úr málinu á annan hátt.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. 1. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að frá 1. jan. 1927 hafi Búnaðarfjelag Íslands einkasölu á allskonar tilbúnum köfnunarefnisáburði.

Þegar Búnaðarfjelag Íslands hefir öðlast þessi rjettindi, er engum öðrum leyfilegt að flytja hingað til landsins tilbúinn köfnunarefnisáburð.

Búnaðarfjelag Íslands getur, í samráði við atvinnumálaráðherra, með samningi fyrir 1 ár í senn falið öðrum sölu og afhending áburðarins. Í samningnum skal tiltekið hámark sölukostnaðar.

2. 2. gr. orðist þannig:
   Heimild þessa skal ekki nota, ef Búnaðarfjelag Íslands hefir 1. jan. 1927 fengið aftur í sínar hendur einkaumboð hjer á landi fyrir sölu á Noregssaltpjetri eða öðrum jafngóðum kalksaltpjeturstegundum.
3. 4. gr. orðist svo:
   Áburðurinn skal sendur samkvæmt pöntun á alla viðkomustaði skipanna. Andvirði hans skal greiða við móttöku.
4. 5. gr. falli burt.
5. 6. gr. verði 5. gr. Niðurlag greinarinnar frá »t. d. um« og til enda gr. falli burt.
6. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum, alt að 5000 kr.
   Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.
7. Fyrirsögn frv. verður:
   Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ákveða einkasölu á tilbúnum áburði.

Alþingi, 16. apríl 1926.

Hákon Kristófersson, form. Jörundur Brynjólfsson. Jón Sigurðsson, frsm.

Halldór Stefánsson. Árni Jónsson.

Ed. **366. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um kaup á snjóbíl.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað þetta mál eftir föngum og aflað sjer skýrslna um það, svo sem kostur hefir verið á. Jafnframt hefir hún rætt málið allítarlega við vegamálastjóra.

Nefndin er öll sammála um það, að sjálfsagt sje að veita athygli öllum þeim samgöngutækjum, sem hugsanlegt er, að að gagni geti komið til að ljetta og greiða samgöngur og flutninga, bæði innan sveita og milli hjeraða, þar sem vegleysur eða fannfergi tálma stórkostlega allri almennri umferð.

Skýrsla sú, er nefndin hefir fengið frá vegamálastjóra um þetta mál, sýnir, að bæði í Noregi og Svíþjóð er einskis látið ófreistað til að yfirvinna þá örðugleika, sem snjórinn skapar samgöngunum á vetrum.

Til þess að ráða fram úr samgönguörðugleikum þeim, sem snjór og vegleysur valda, eru nú á seinni árum aðallega notaðar tvennskonar aðferðir: Í fyrsta lagi aflmiklar bifreiðar, sem hreinsa snjó af almennum vegum með snjóplóg, og

halda þeim þannig færum fyrir venjulegar bifreiðar og aðra vagna. Í öðru lagi með því að nota bifreiðar með sjerstakri gerð (beltaumbúnað), sem fara bæði yfir snjó og lítt ruddar eða óruddar vegleysur.

Um snjóplógana segir svo, meðal annars, í skýrslu vegamálastjóra:

»*Snjódrekar*[1]). Svo mætti nefna hin stóru ferlíki, sem tekið er að nota í Noregi og Svíþjóð til þess að ryðja braut í snjó, enda þótt fannir sjeu djúpar og harðar. Hefir gefist best að beita fyrir þá aflmiklum bifreiðum, þar sem vjelinni er beitt á bæði fram og afturhjól. Þær eru þungar, yfir 3000 kg. tómar, og veita miklum mun betri viðspyrnu með öllum 4 hjólum en venjulegar bifreiðar, sem eingöngu geta beitt afturhjólunum.

. . . . . Mest og best reynsla um hve afkastamiklir slíkir snjódrekar eru hefir fengist á fjallvegi einum á Mæri. Hefir nú undanfarna 3 vetur verið rudd braut á 37 km. löngum vegarkafla þar, að mestu með aðeins einni slíkri bifreið með snjódreka. Snjórinn er stundum talinn hafa verið mikill, t. d. fjell þar einu sinni á 11 dögum 3,5 m. djúpur snjór á veginn, en mest á einni nóttu 60 cm. Skaflar þykja ekki hafa verið tiltakanlega miklir, þó er þess getið, að eitt sinn braust bifreiðin gegnum 1,5 m. djúpan skafl, þó ekki harðfenni, á 3 km. vegarlengd, og tókst ótrúlega vel að ryðja brautina . . . . . .

Jeg hefi hvergi sjeð annars getið en að þeir, sem að þessum málum starfa í Noregi og Svíþjóð, telji fengna ótrúlega örugga reynslu um ágæti þessara bifreiða og snjódrekanna til snjóruðnings. Auðvitað er þar sumstaðar svo mikil fannkyngi og skaflar, að við ofurefli er að eiga«.

Um belta-bifreiðarnar segir í skýrslunni:

»Belta-bifreiðarnar, sem aka á óruddum snjó, virðast enn vera á tilraunastigi, en samt fenginn mikilsverður árangur, sem gefur vonir um, að heppilegur beltaumbúnaður muni finnast, enda er ötullega að því unnið . . . . . Væru til nothæfar og hentugar belta-bifreiðar, myndu þær geta komið hjer að feiknamiklum notum, sjerstaklega til póst- og fólksflutninga«.

Í lok skýrslu sinnar leggur svo vegamálastjóri til, að veittar verði úr ríkissjóði 25 þús. kr. til kaupa á snjódreka ásamt öflugri bifreið, og 10 þús. kr. til að kaupa belta-bifreið.

Nefndin fellst á þingsályktunartillöguna að efni til, það sem hún nær, og vill auk þess heimila stjórninni að kaupa snjódreka, samkv. till. vegamálastjóra.

Leggur hún því til, að tillagan verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði alt að 25 þúsund krónum til kaupa á snjódreka ásamt öflugri bifreið, og ennfremur alt að 10 þúsund krónum til kaupa á belta-bifreið, ef líkur eru til, að hún komi að verulegu gagni.

---

1) Í skýrslunni er notað nafnið »plógdreki«, en eftir samkomulagi við vegamálastjóra er nafninu breytt.

2. Fyrirsögnin verði:
Tillaga til þingsályktunar um kaup á snjódreka og bifreiðum.

Alþingi, 14. apríl 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Ágúst Helgason, fundaskr.	Einar Árnason, frsm.

Sig. Eggerz. Jóhann Þ. Jósefsson.

Fjárveitinganefnd Ed. lítur svo á, að fjárhagsatriðið í þessu máli sje því ekki til fyrirstöðu, að ráðist verði í þessar framkvæmdir.

Alþingi, 16. apríl 1926.

Jóh. Jóhannesson. Eggert Pálsson.

Nd. **367. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1924.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og borið það saman við landsreikninginn og athugasemdir yfirskoðunarmanna. Leggur nefndin til, að það verði samþykt með þeim breytingum, er hjer fara á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1.	Við 5. gr. A. Framan við liðinn bætist:	
	a. Við 1. b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	1033.34
	b. Við 1. c. Brjefhirðingamenn	2347.50
2.	Við 6. gr. Á eftir I. i. 3. komi:	
	4. Til þess að kaupa gagnvermi (Diathermi-áhald). Endurveiting...	3489.07
3.	Við 7. gr. Aftan við greinina bætist:	
	Til að gera eirsteypu af minnismerki Einars Jónssonar um Hallgrím Pjetursson. Endurveiting...	1425.00

Alþingi, 14 apríl 1926.

Kl. Jónsson, form.	Jón A. Jónsson, fundaskr.	Jakob Möller. frsm.

Björn Líndal. Halldór Stefánsson. Magnús Jónsson. Ásgeir Ásgeirsson.

Nd. **368. Nefndarálit**

um frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1924.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og borið það saman við landsreikninginn 1924 og fylgiskjöl hans, og með skírskotun til athugasemda og tillagna yfirskoðunarmanna Alþingis leggur nefndin til, að það verði samþykt óbreytt.

Rjett virðist nefndinni þó að vekja athygli á einstaka fjárgreiðslum samkvæmt lögum og þingsályktunum, sem færðar eru til útgjalda í 24. gr., svo sem skv. l. um kaup á eimskipum frá $^{27}/_{1}$ '17, kr. 5486.44, l. frá $^{26}/_{10}$ '17 um stofnun alþýðuskóla á Eiðum, kr. 625.00, l. frá $^{14}/_{11}$ '17, um kornforðabúr, kr. 102.00, l. frá $^{28}/_{11}$ '19, um húsagerð ríkisins, kr. 11800.00, og þingsál. frá $^{15}/_{9}$ '17, um skipun fossanefndar, kr. 1751,42, bæði vegna þess, að nefndinni þykir rjett, að gerð sje grein fyrir því, hvernig á greiðslum þessum stendur, og af því að líklegt þykir, að betur færi á að setja þessar greiðslur í aðrar greinar fjárlaganna, svo sem einnig ýmsar aðrar af þessum greiðslum samkvæmt sjerstökum lögum.

Alþingi, 14. apríl 1926.

Kl. Jónsson, form.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Jakob Möller, frsm.

Björn Líndal. Halldór Stefánsson. Magnús Jónsson. Ásgeir Ásgeirsson.

Nd. **369. Nefndarálit**

um frv. til laga um Ríkisbanka Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Með skírskotun til nefndarálits vors um frv. til laga um Landsbanka Íslands, ráðum vjer háttvirtri deild til þess að afgreiða ekki frv. þetta.

Alþingi, 16. apríl 1926.

Kl. Jónsson, formaður.	Ásgeir Ásgeirsson.	Magnús Jónsson, frsm. meiri hluta.	Halldór Stefánsson.

Nd. **370. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 216 [*Útsvör*].

Frá Halldóri Stefánssyni.

Við 2. 1. c. Á milli orðanna »verið« og »selveiði« sje bætt inn orðunum: utan heimilissveitar.

Ed. **371. Frumvarp**

til laga um útsvör.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI.
Almenn ákvæði.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Atvinnusveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem gjaldþegn hefir rekið eða stundað atvinnu án þess að eiga þar lögheimili.

Dvalarsveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem aðili hefir orðið útsvarsskyldur vegna dvalar án þess að hann eigi þar lögheimili.

Gjaldár: Það ár, er niðurjöfnun útsvars fer fram.

Heimilissveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem gjaldþegn á lögheimili.

Niðurjöfnunarnefnd: Niðurjöfnunarnefnd í kaupstöðum og hreppsnefnd í sveitum, nema sjerstaklega sje öðruvísi um mælt.

Sveit: Bæði hrepp og kaupstað.

Sveitarstjórn: Bæði hreppsnefnd og bæjarstjórn.

Útsvarsár: Árið næsta á undan niðurjöfnun.

2. gr.

Reikningsár sveita er almanaksárið.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skulu bæjarstjórnir gera áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðar næsta reikningsár. Ræða skal áætlun á tveim fundum með að minsta kosti viku millibili. Við síðari umræðu skal athuga áætlun lið fyrir lið, og greiða skal atkvæði bæði um hverja grein fyrir sig og áætlun í heild sinni. Áætlun skal liggja til sýnis almenningi 2 vikur í desembermánuði á hentugum stað, er bæjarstjórn tiltekur.

Í hreppum skal hreppsnefnd semja áætlun fyrir yfirstandandi ár áður en niðurjöfnun útsvara hefst.

Áætlun samkvæmt 1. og 2. málsgr. skal síðan vera regla um upphæð gjalda í sveitinni og fjárstjórn hennar á reikningsárinu.

3. gr.

Að því leyti, sem aðrar tekjur sveitar hrökkva ekki til að greiða gjöldin, skal jafna niður á gjaldþegna hennar því, er á vantar, að viðbættum 5% —10%, og heitir gjald það *útsvar*. Það má ekki nokkru sinni nema meiru en meðaltali útsvara í sveitinni 3 síðustu árin, að viðbættum fimtungi, nema

sýslunefnd veiti hreppsnefndum til þess samþykki sitt, en atvinnumálaráðherra bæjarstjórnum.

Nú þykir sveitarstjórn sýnt á gjaldárinu, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda, og getur þá sveitarstjórn, að fengnu samþykki áðurnefndra stjórnarvalda, ákveðið framhaldsniðurjöfnun til greiðslu þess, er á vantar, þannig að því verði bætt við útsvar hvers einstaks gjaldanda eftir ákveðnu hundraðshlutfalli.

II. KAFLI.

Um útsvarsskyldu.

4. gr.

Útsvar skal leggja á eftir efnum og ástæðum. Skal þá til greina taka:

1. Eignir aðilja, hverjar þær eru og hversu verðmætar, hversu miklar skuldir hvíla á aðilja og hversu miklar eignir hann á afgangs skuldum. Ef eigi er lagt sjerstakt útsvar á konu manns, þá skal með sama hætti athuga eignir hennar og skuldir, þegar lagt er á hann.
2. Tekjur aðilja, þær er hann hafði síðastliðið ár, og að því leyti sem útlenda gjaldþegna varðar (6. gr. B, 1—2) og þá, er í 25. gr. 2. og 3. tölul. segir, tekjur þær, er þeir hafa haft á gjaldárinu. Þá skal athuga, í hverju tekjurnar voru fólgnar, hversu mikil fyrirhöfn, kostnaður og áhætta var samfara öflun þeirra.
3. Ástæður aðilja að öðru leyti, svo sem fjölskyldu hans, heilsufar hans og þeirra, sem á vegum hans eru, höpp eða óhöpp, sem hann hefir orðið fyrir, svo sem slys, dauðsföll, fjárskaða af sjó, veðri eða vötnum, sjerstakan uppeldiskostnað eða menningarkostnað barna hans, er nauðsynlegan má telja eða venjulegan, tap á ábyrgðum og sjerhvað annað, er telja má máli skifta um gjaldþol hans og með sanngirni má til greina taka til hækkunar útsvari hans eða lækkunar.

5. gr.

Ef gjaldþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur eða veitir ekki að öðru leyti þá fræðslu um hagi sína, er niðurjöfnunarnefnd krefur hann, þá skal hún áætla honum riflegar eignir og tekjur, svo að áreiðanlegt megi telja, að hann vinni ekki á því að halda upplýsingum fyrir nefndinni.

6. gr.

Útsvarsskyldir eru:

A. Aðiljar heimilisfastir á Íslandi:

I. Allir einstaklingar, karlmenn sem konur, ungir sem gamlir, í hverri stöðu sem þeir eru, svo framarlega sem þeir verða taldir færir um að greiða að minsta kosti 5 króna útsvar. Enginn verður útsvarsskyldur eftir þessum lið (I.), nema hann hafi á útsvarsárinu haft hjer á landi heimilisfang að minsta kosti 3 mánuði.

Undanþegnir eru útsvari:

a. Fyrirsvarsmenn annara ríkja hingað sendir og þjónustufólk þeirra, sem er annara ríkja þegnar.
b. Sendimenn íslenska ríkisins, sem erlendis dveljast meira en 9 mánuði á útsvarsárinu, enda þótt þeir teljist að lögum heimilisfastir á Íslandi.
c. Konur, sem giftar eru þegar niðurjöfnun fer fram. Þó má leggja útsvar á gifta konu:
   1. Ef hún hefir sjereign eða hjúskapareign, er gefa arð svo að um muni.
   2. Ef hún hefir atvinnu.
   3. Ef hún hefir slitið samvistir við bónda sinn.

II. Fjelög. Þar til teljast:

1. Fjelög með ótakmarkaðri ábyrgð og fjelög með takmarkaðri ábyrgð, svo sem hlutafjelög og gagnkvæm ábyrgðarfjelög. Þegar útsvar hefir verið lagt á fjelag, má ekki leggja útsvar á fjelagsmann þess, vegna eignar hans í fjelaginu og tekna.
2. Samvinnufjelög. Þau greiða útsvör af arði sakir skifta við utanfjelagsmenn með sama hætti sem kaupmenn á staðnum, enda láti fjelag niðurjöfnunarnefnd í tje glöggva skýrslu um skifti sín við utanfjelagsmenn og ágóða af þeim. Annarskostar skal nefndin áætla þessi skifti og leggja útsvar á fjelag samkvæmt þeirri áætlun.

   Undanþegin útsvari eru:

   a. Fjelög, sem leyst eru undan útsvarsskyldu með lögum.
   b. Fjelög, sem enga atvinnu reka, svo sem fjelög til eflingar listum og vísindum, skemtifjelög, líknarfjelög, stjórnmálafjelög, trúbragðafjelög o. s. frv.
   c. Fjelög, sem að vísu reka atvinnu, en verja öllum ágóða af starfsemi sinni beinlínis til almenningsheilla samkvæmt samþyktum sínum.

III. Sjóðir og stofnanir.

Undanþegnir eru þó útsvarskyldu:

a. Ríkissjóður og aðrir sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, svo sem Ræktunarsjóður, Söfnunarsjóður, Thorkilliisjóður, o. s. frv. Um útsvör annara ríkisstofnana fer eftir lögum nr. 47, 4. júní 1924.
b. Sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka.
c. Sjóðir og stofnanir, sem verja tekjum sínum samkvæmt skipulagsskrá sinni beinlínis til almenningsheilla, þar með taldar bústofnslánadeildir.
d. Landsbanki Íslands og útibú hans.
e. Sparisjóðir.

IV. Bú, er skiftameðferð sæta og tekjur hafa.

B. Aðiljar heimilisfastir erlendis:

1. Þeir, er verið hafa á gjaldárinu sjómenn á skipi, skrásettu hjer á landi eða gerðu út hjeðan 3 mánuði á gjaldárinu eða lengur, eða hafa stundað hjer atvinnu eða dvalist hjer ekki skemri tíma.
2. Þeir, er reka hjer atvinnu í landi eða landhelgi á gjaldárinu, svo sem verslun, sjávarútveg, fiskverkun, eða hafa hjer laxveiði til atvinnu eða laxár á leigu, afnot af jörð, eiga hjer eignir, er arð gefa, o. s. frv.
3. Erlend tryggingarfjelög.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að undanþiggja útsvari björgunarstarfsemi á sjó, er einstaklingar eða fjelög reka.

7. gr.

Nú hefir aðili dvalist hjer svo lengi, að hann verður útsvarsskyldur (6. gr. A. I niðurl. og B. 1), og skal þá leggja á hann útsvar hlutfallslega eftir dvalartíma hans. Ef aðili stundar hjer atvinnu (6. gr. B. 1) eða rekur hjer atvinnu eða á hjer eignir (6. gr. B. 2), þá skal einungis leggja á þá atvinnu, er hann hafði hjer á landi á gjaldárinu, og eignir hans hjer og tekjur af þeim.

Útsvör erlendra tryggingarfjelaga skal miða við skattskyldar tekjur þeirra hjer á landi á útsvarsárinu og iðgjöld þessa árs af tryggingum, er þeir hafa tekist á hendur fyrir milligöngu umboðsmanna sinna hjer.

III. KAFLI.

Hvar leggja skal á gjaldþegn hvern og hvaða sveit fær útsvar hans.

8. gr.

Þar skal leggja útsvar á gjaldþegn, sem hann hafði heimilisfang vitanlega eða samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun. Nú á aðili hvergi heimilisfang, og skal þá leggja á hann þar, sem hann dvelst, þegar niðurjöfnun fer fram. Nú er heimilislaus maður skráður á skip, sem hjer á heimili eða hjeðan er gert út, og skal þá leggja útsvar á hann í heimilissveit skipseiganda, ef hann gerir skip út, en ella í heimilissveit útgerðarmanns, ef innlendur er, en annars í útgerðarstað skips hjer á landi.

Leggja skal samkvæmt 1. málsgr. á allar eignir manns og tekjur á útsvarsárinu, hvar sem þeirra er aflað; þó má leggja á gjaldþegn á fleiri stöðum en einum:

a. Ef hann hefir heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.
b. Ef hann hefir leiguliðaafnot af landi, þótt ekki fylgi ábúð, þar með talin laxveiði, ábúð á jörð eða jarðarhluta, lóðarafnot, ef þau gefa arð, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.
c. Ef hann er erlendis búsettur og rekur atvinnu hjer á landi á einum stað eða fleirum, eða stundar hjer atvinnu eða dvelst hjer á gjaldárinu. Á hverjum stað má þó aðeins leggja á þær eignir, sem þar eru, og þær tekjur, sem þaðan eru fengnar, eða í hlutfalli við dvöl þar.
d. Ef maður hefir lögheimili á fleirum stöðum en einum. Aðili á þó heimtingu á því, að hann verði feldur af útsvarsskrá á öðrum staðnum jafnskjótt sem hann sannar, að á hann hafi verið lagt á hinum, enda hafi hann eigi krafist þess, að hann yrði þar einnig feldur af skrá.
e. Þar skal leggja á erlend tryggingarfjelög, sem aðalumboðsmaður þeirra hjer á landi er heimilisfastur.

9. gr.

Þar í sveit skal útsvar gjalda, sem það var á lagt, enda á hún alt útsvarið. Þó skal skifta útsvari milli sveita:

1. a. Ef aðili rekur atvinnu í fleirum sveitum en einni, enda taki fyrirmæli 8. gr., a—c-liðir, eigi til, og sje atvinnan ekki skemur rekin en 8 vikur.
   b. Ef skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda að minsta kosti samtals 4 vikur af gjaldárinu.
   c. Ef rekin hefir verið utan heimilissveitar verslun, selveiði, hvalveiði, síldarkaup, síldarsala, síldarverkun eða síldarbræðsla, verksmiðjuiðnaður hverskonar sem hann er, enda þótt skemur sje rekið en 4 vikur.
2. Ef maður stundar atvinnu utan heimilissveitar sinnar að minsta kosti samtals 3 mánuði á gjaldárinu í sömu sveit og hefir fengið kaup, að minsta kosti 3000 kr., þar með talið fæði og önnur hlunnindi, er hann kann að hafa haft, reiknuð eins og skattanefnd í þeirri sveit telur þau til tekjuskatts.
3. Ef maður er lögskráður á skip utan heimilissveitar að minsta kosti 3 mánuði af gjaldárinu samfleytt í sömu sveit og hefir fengið kaup, að minsta kosti 5000 kr., þar í talin hlunnindi þau, er getur um í 2. tölulið, reiknuð eins og þar segir.
4. Ef gjaldþegn flyst búferlum milli sveita eða á samtímis lögheimili í tveimur sveitum á gjaldárinu, en þó fær engin sveit hluta af útsvari, nema aðili hafi að minsta kosti átt þar heima 3 mánuði á gjaldárinu.
5. Ef erlend tryggingarfjelög hafa umboðsmenn á fleirum en einum stað hjer á landi, og skal þá skifta útsvari í hlutfalli við iðgjöld þess árs af tryggingum á hverjum stað.

10. gr.

Nú skal skifta útsvari eftir 9. gr. 1. tölul., og skal það þá gera með hliðsjón til eigna aðilja í atvinnusveit hans og hversu mikill hluti tekna hans sje þaðan fenginn. Ef svo er ástatt sem í 9. gr. 2. og 3. tölul. getur, þá skal skifta útsvari með hliðsjón af því, hversu mikill hluti af tekjum gjaldþegns stafar frá atvinnu hans í atvinnusveit. Þó skal heimilissveit aðilja aldrei fá minna en $^1/_8$ hluta af útsvari hans.

Þegar svo er farið sem í 9. gr. 4. tölul. segir, skal skifta útsvari í hlutfalli við þann tíma, er aðili hefir átt heima eða dvalist í hvorri eða hverri sveit.

11. gr.

Öllum þeim, er í 8. gr. a. og b. og 9. gr. segir, er skylt að senda sveitarstjórn í atvinnusveit eða dvalarsveit skýrslu um atvinnu sína þar og dvöl, eignir sínar þar og tekjur, atvinnutíma og dvalartíma o. s. frv., eftir því sem við á, þeim, er í 8. gr. getur, fyrir febrúarlok, en hinum áður en þeir hverfa aftur úr atvinnusveitinni.

Öllum þeim, er hafa í þjónustu sinni utansveitarmenn, er skylt að senda sveitarstjórn sinni fyrir hver áramót skrá yfir þá með þeim upplýsing-

um, er í 1. málsgr. getur. Atvinnumálaráðherra getur lagt dagsektir við, ef á brestur.

Atvinnumálaráðherra setur reglur um eyðublöð undir skýrslur þessar og annað, er að þessum atriðum lýtur, enda er honum heimilt að setja reglur um dagsektir, ef brestur verður á skýrslum.

12. gr.

Ef útsvör verða talin hlutfallslega hærri, svo að nemi 10% eða meira, í heimilissveit gjaldþegns en atvinnusveit, og útsvörum á að skifta milli þeirra, skal draga frá þeim hluta útsvara, er gjalda skal atvinnusveit, þá upphæð, sem ætla má, að aðili mundi minna hafa goldið, ef hann hefði átt heima í atvinnusveit, enda skal heimilissveit hans endurgjalda honum þá upphæð. Með samsvarandi hætti skal bæta við þann hluta, er greiða skal atvinnusveit, ef útsvör þar verða talin hlutfallslega hærri, svo að 10% eða meira nemi, en í heimilissveit, enda greiði aðili þá heimilissveit það, er á vantar. Sömu meðferð skal hafa, ef gjaldþegn flytst búferlum milli sveita eða á lögheimili víðar en í einni sveit, þó svo, að ef útsvör eru hærri í þeirri sveit, sem í er flutt, getur niðurjöfnunarnefnd þar jafnað útsvarsaukanum á gjaldþegn með aukaniðurjöfnun.

Finna skal, hvort útsvör verði talin hlutfallslega hærri eða lægri í einni sveit en annari, með því að leggja saman í hvorri sveit eða hverri hlutfallið milli skuldlausra eigna gjaldþegna sveitarinnar eftir síðasta skattframtali og útsvara þar, hlutfallið milli skattskyldra tekna þeirra og útsvara og hlutfallið milli gjaldendatölu sveitarinnar og útsvara og deila síðan með 3. Skera þær tölur, er þá koma fram, úr því, í hvorri sveit eða hverri sje hlutfallslega hærra eða hæst útsvar.

Atvinnumálaráðuneytið getur sett reglur til leiðbeiningar um þetta atriði, og er heimilt, ef það kemur í ljós, að fyrstnefnda hlutfallsins gætir of mikið, að draga úr gildi þess, með því að deila eignum samkvæmt skattframtali með tölu, er telst hæfileg, þó ekki hærri en 10.

13. gr.

Útsvar, sem ekki nemur meiru en 20 krónum, fellur altaf óskift til heimilissveitar gjaldþegns.

Ef upphæð sú, er greiða skyldi af einstöku útsvari, nemur ekki 5 krónum, þá fellur útsvar það óskift til heimilissveitar gjaldþegns.

14. gr.

Sveitarstjórn gerir um hver áramót skrár yfir þá gjaldþegna, er hún hyggur sig eiga að fá hluta af útsvörum þeirra frá annari sveit, ásamt upplýsingum um atvinnu hvers, kaup, tekjur og eignir þar í sveit, vinnutíma og dvalartíma o. s. frv. Sendir sveitarstjórn síðan skrárnar til viðkomandi sveitarstjórna. Sveitarstjórnir senda hver sína skrá að lokinni aðalniðurjöfnun til viðkomandi yfirskattanefndar með athugasemdum sínum, og skiftir hún

síðan útsvörum innan tveggja mánaða, nema skifti verði að dragast lengur vegna nýrra upplýsinga.

Skjóta má þessum málum til atvinnumálaráðuneytisins, þar til landsyfirskattanefnd kynni að verða sett á stofn.

15. gr.

Sveit, þar sem á aðilja er lagt, greiðir atvinnusveit þann hluta af útsvörum, er henni ber, 2 mánuðum eftir að skifti á útsvörum hafa farið fram samkvæmt 14. gr. 1. málsgr., nema sannað sje með árangurslausu lögtaki eða með öðrum hætti, er atvinnumálaráðherra metur, ef ágreiningur verður, að útsvar sje ófáanlegt. Ef útsvar heimtist síðar, skal það af því gjalda, er eftir stóð.

IV. KAFLI.

Um niðurjöfnun útsvara.

16. gr.

Utan kaupstaða jafnar hreppsnefnd niður útsvörum.

Heimilt er sýslunefnd að ákveða þóknun fyrir niðurjöfnunarstörf í hreppum, þó ekki yfir 5 kr. á dag til hvers nefndarmanns. Þóknun þessi greiðist úr hreppssjóði.

17. gr.

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Formaður niðurjöfnunarnefndar í Reykjavík er skattstjóri, en í öðrum kaupstöðum formaður skattanefndar. Auk þess eiga sæti í nefndinni 4 menn, kosnir hlutbundnum kosningum af bæjarstjórn í nóvembermánuði ár hvert til eins árs í senn. Með sama hætti skal kjósa 4 til vara, er taki sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórna. Skylt er hverjum manni sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára, heilum og hraustum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskylt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri fyr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni. Konur geta skorast undan kjöri.

Áður en niðurjöfnunarmaður tekur fyrsta skifti til starfa í nefndinni, vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og samviskusemi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

18. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skal eiga aðgang að framtölum manna til tekjuskatts og eignarskatts. Einnig er henni rjett að krefja aðilja skýrslna um sjerhvað það, er hún telur skifta máli um útsvar hans.

Alla þá, er veita öðrum atvinnu, svo og banka og sparisjóði, getur nefndin krafið skýrslna um kaup vinnuþiggjenda og innieign í sparisjóði eða banka. Stjórnarvöldum er skylt að veita nefndunum upplýsingar eftir þörfum

og eftir föngum. Nú er skýrslu samkvæmt þessari málsgrein haldið fyrir nefndinni, og skal þá atvinnumálaráðherra, ef nefndin krefst þess, leggja fyrir aðilja, að viðlögðum dagsektum, að svara skýrslunni, ef ráðuneytið telur hann geta það og vera það skylt. Þessi atriði verða ekki borin undir dómstóla.

Niðurjöfnunarnefndarmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag gjaldþegna.

19. gr.

Nefndin gerir skrá yfir alla þá, er hún leggur útsvör á, í stafrófsröð eða eftir boðleið, og útsvarshæð fyrir aftan hvert nafn, enda skal nefndin undirrita skrána, þá er henni er lokið.

20. gr.

Niðurjöfnunarnefnd er ályktunarfær, ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Skylt er öllum nefndarmönnum að greiða atkvæði, nema mál varði sjálfa þá, maka þeirra, frændur þeirra að feðgatali eða niðja eða systkin og jafnnána að mægðum. Afl atkvæða ræður úrslitum. Nú eru atkvæði jöfn, og skal þá sá hlutinn ráða, sem formaður fylgir.

Hjón mega aldrei sitja saman í niðurjöfnunarnefnd nje foreldrar og börn.

21. gr.

Aðalniðurjöfnun útsvara fer fram á tímabilinu febrúar—maí, að báðum mánuðum meðtöldum, eftir nánari ákvörðun sýslunefnda og bæjarstjórna. Þó getur atvinnumálaráðuneytið heimilað hreppsnefnd, eftir beiðni hennar, að láta aðalniðurjöfnun útsvara fram fara síðar á árinu, ef ríkar ástæður mæla með því. Útsvarsskrá skal liggja frammi á þingstað hrepps eða öðrum hentugum stað í hreppnum, en í kaupstöðum í skrifstofu bæjargjaldkera eða öðrum hentugum stað, 4 vikur í hreppum og 2 vikur í kaupstöðum, enda skal auglýsa framlagning skrár í blöðum á staðnum eða með öðrum hætti.

22. gr.

Rjett er manni að finna að útsvari sínu eða að því, ef honum hefir verið slept af skrá, eða að útsvör annara manna sjeu of lág, samanborið við hans, eða að öðrum mönnum hafi verið slept af skrá. Kærur skulu brjeflegar vera, stílaðar til niðurjöfnunarnefndar og komnar í hendur formanni hennar áður liðinn er sá tími, er niðurjöfnunarskrá á að liggja frammi. Skal nefndin úrskurða kærur svo fljótt, sem unt er, og ekki síðar en 14 dögum eftir kærufrest. Nefnd er heimilt að breyta útsvörum bæði til hækkunar og lækkunar, enda hafi aðilja verið send tilkynning um það, að annar gjaldandi hafi borið sig saman við hann, eða að nefndin hafi í hyggju að hækka útsvar hans, enda þótt enginn gjaldenda hafi borið sig saman við hann. Ennfremur er heimilt að hækka útsvar kæranda, enda þótt hann hafi kært það til lækkunar, enda

hafi honum verið sú fyrirætlun tilkynt og honum gefinn kostur á að gæta rjettar sins.

Nefndin skal jafnan, svo fljótt sem þess er kostur, senda aðilja tilkynningu, ef hún tekur mann á skrá samkvæmt kæru eða breytir útsvari manns eða kæru hans er ekki sint.

Ef útsvari manns er breytt samkvæmt þessari grein, er honum heimilt að kæra það fyrir yfirskattanefnd, enda þótt hann hafi ekki kært til hreppsnefndar eða niðurjöfnunarnefndar.

23. gr.

Nú vill maður ekki una úrskurði niðurjöfnunarnefndar, og er honum þá rjett að bera málið til úrskurðar fyrir viðkomandi yfirskattanefnd, enda sje kæra komin í hendur formanns yfirskattanefndar áður liðnar sjeu 4 vikur frá dagsetningu úrskurðar í hreppum og 2 vikur í kaupstöðum. Yfirskattanefnd úrskurðar kærur á næstu tveim vikum, frá lokum kærufrests talið, nema draga verði úrskurð af því að afla þurfi frekari upplýsinga. Niðurjöfnunarnefnd lætur yfirskattanefnd í tje útsvarsskrá eða eftirrit af henni. Fyrirmæli 18. og 22. gr. taka og til yfirskattanefndar, enda er hreppsnefnd og niðurjöfnunarnefnd skylt að veita yfirskattanefnd upplýsingar um útsvarsálagningu sína eftir föngum.

Yfirskattanefnd fær þóknun fyrir störf sín samkvæmt þessum lögum, og skal reikna hana eftir lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þóknun greiðist úr sýslusjóði eða bæjarsjóði.

Ef ágreiningur verður um þóknun yfirskattanefndar, þá sker atvinnumálaráðherra úr.

24. gr.

Sá, er ekki vill hlíta úrskurði yfirskattanefndar, getur næstu 2 almanaksmánuði eftir dagsetning úrskurðar hennar skotið honum til atvinnumálaráðuneytisins, þar til sett kynni að verða á stofn landsyfirskattanefnd. Ráðuneytið skal venjulega hafa kveðið upp úrskurð sinn 2 mánuðum eptir lok kærufrests. Það hefir sama rjett til að krefjast upplýsinga sem yfirskattanefnd, en það breytir ekki útsvörum annara gjaldþegna en þeirra, sem yfirskattanefnd hefir kveðið upp úrskurð um útsvör þeirra.

Úrskurður ráðuneytisins er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

25. gr.

Aukaniðurjöfnun fer fram í lok júní, september og desember ár hvert. Sveitarstjórn getur vikið frá þessum ákvæðum eftir þörfum. Þá skal leggja útsvör á þá:

1. Er teknir skyldu hafa verið á aðalskrá, en hefir verið slept.
2. Er útsvarsskyldir hafa orðið síðan aðalniðurjöfnun fór fram og leggja skal á í þeim hreppi eða kaupstað.
3. Er flutst hafa búferlum á gjaldárinu, en eigi var lagt á þá útsvar í fyrri heimilissveit þeirra.

Skrá skal gera með sama hætti sem aðalskrá. Um framlagning hennar, kærur og úrskurði fer með sama hætti sem fyr segir um aðalniðurjöfnun.

26. gr.

Kærum, sem koma eftir kærufrest, verður ekki sint. Ekki má yfirskattanefnd eða atvinnumálaráðuneyti heldur breyta útsvari, nema svo reynist, að það hafi verið að minsta kosti 10% of hátt eða of lágt.

V. KAFLI.

Um gjalddaga útsvara, ábyrgð á þeim, innheimtu o. fl.

27. gr.

Gjalddagar útsvara eftir aðalniðurjöfnun skulu vera tveir. Í hreppum skal greiða annan helming útsvara 15. júlí, en hinn helminginn 15. október. Í kaupstöðum skal greiða annan helming útsvara fyrsta virkan dag næsta mánaðar eftir lok niðurjöfnunar, en hinn helminginn 1. september. Eigi getur gjaldandi vegna kæru eða áfrýjunar losast undan að greiða útsvarið á ákveðnum gjalddaga, en verði það fært niður, skal mismunurinn endurgreiddur honum. Nú er heimilað að jafna síðar niður en 15. júlí, sbr. 21. gr., og ákveður þá hreppsnefnd gjalddaga.

Eindagi útsvara eftir aukaniðurjöfnun fer eftir ákvörðun niðurjöfnunarnefndar, en má þó ekki síðar vera en 1. október, ef útsvar var lagt á fyrir þann dag, en ella ekki síðar en 31. desember.

Eindagi á öllu útsvari erlendis búsettra gjaldþegna (6. gr. B, 1—3) skal ávalt vera sá dagur, er útsvarsálagningu á þá er hverju sinni lokið.

28. gr.

Hjón ábyrgjast ekki hvort annars útsvar. Þó ábyrgist bóndi útsvar konu sinnar, er á hana var lagt áður en þau gengu að eigast. Ennfremur getur niðurjöfnunarnefnd kveðið svo á, að hjón skuli ábyrgjast annað fyrir bæði og bæði fyrir annað hvort annars útsvar, ef reynt hefir verið lögtak fyrir síðasta útsvari hjá því þeirra, er það var á lagt, án þess að það hafi að fullu verið goldið, enda búi hjón saman þegar niðurjöfnun fer fram.

29. gr.

Umboðsmaður erlends tryggingarfjelags ber ábyrgð á útsvari þess, eins og það væri sjálfs hans útsvar.

Atvinnuveitandi þeirra, er í 6. gr. B. 1. getur, ábyrgist sem sjálfs sín skuld útsvar slíkra manna, án tillits til þess, hvernig kaupgjaldi er varið, og er atvinnuveitanda heimilt að halda eftir alt að 10% af því kaupi, er hann geldur, enda sje honum tilkynt álagningin svo fljótt sem unt er.

Eignir erlendis búsetts atvinnurekanda, þær, er hann á hjer á landi, skulu vera að lögveði til tryggingar útsvari, sem lagt er á hann hjer á landi, næst á eftir sköttum, er á þeim kunna að hvíla til ríkissjóðs Íslands, enda má kyrsetja þær til tryggingar útsvarsgreiðslum, án þess að beiðandi

þurfi að setja tryggingu, og halda kyrsetningarmáli til laga fyrir gestarjetti á kyrsetningarvarnarþingi.

30. gr.

Ef útsvar er ekki greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldþegn greiða hreppssjóði eða bæjarsjóði dráttarvöxtu af því, sem ógreitt er, ½% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

31. gr.

Útsvör og dráttarvöxtu má taka lögtaki.

VI. KAFLI.

Ákvæði til bráðabirgða. Niðurlagsákvæði.

32. gr.

Tímabilið frá fardögum 1926 til ársloka 1927 telst eitt reikningsár.

Utan kaupstaða gerir hreppsnefnd áætlun samkvæmt 2. gr. fyrir reikningsárið frá fardögum 1926 til ársloka 1927 í októbermánuði 1926, enda er henni þá rjett að jafna niður, með gjalddaga 31. desember næsta á eftir, þeim hluta af ákveðinni útsvarsupphæð, er hún telur þurfa til greiðslu hreppsgjalda, þar til útsvör, sem jafnað verður niður með aðalniðurjöfnun 1927, taka að gjaldast.

Ef útsvör áætlunar þeirrar, sem gerð er í október 1926, þurfa að vera hærri en samtala útsvara hreppsins þrjú síðustu reikningsárin, að fimtungi viðbættum og deilt með 2, þá þarf samþykki sýslunefndar.

33. gr.

Í kaupstöðum, þar sem aðalniðurjöfnun útsvara skal lúka fyrir nóvembermánaðarlok eftir gildandi lögum, má jafna niður fyrir næsta nýár ⅓ af upphæð útsvara kaupstaðarins, svo sem þau hafa verið ákveðin í áætlun hans fyrir 1927, enda sje gjalddagi 31. desember 1926.

34. gr.

Um kærur yfir útsvörum, sem lögð hafa verið á árið 1926, fer eftir eldri lögum.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927. Frá sama tíma eru úr gildi numin þessi lagafyrirmæli:

Tilsk. 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 18. gr. 2. og 3. málsgr., 19. gr. 1. málsl., 21. gr., 23. gr. 2.—5. málsgr. og 24. gr.

Lög nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, 18. gr., 21. gr., það sem enn er af henni í gildi, 22. og 23. gr.

Lög nr. 43, 10. nóv. 1905 (sveitarstjórnarlög) 35. gr., 37. gr. 2. málsgr. og 38.—44. gr.

Lög nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 19. og 21.—24. gr.

Lög nr. 48, 10. nóv. 1913, um breyting og viðauka við lög 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 2. og 3. gr.

Lög nr. 49, 30. nóv. 1914, um breyting á tilsk. 20. apr. 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 6. og 9. gr.

Lög nr. 65, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 22. 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, og lögum nr. 43, 11. júlí 1911, um breyting á þeim lögum, 10.—12. gr.

Lög nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 18. gr. 1. og 2. málsgr., 19.—22. gr. og 23. gr., að því leyti sem hún varðar útsvör.

Lög nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 20. gr. 1.—2. málsgr., 21.—24. gr. og 25. gr., að því leyti sem hún varðar útsvör.

Lög nr. 58, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 18.—24. gr.

Lög nr. 61, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 15. og 17.—21. gr.

Lög nr. 47, 27. júní 1921, um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Lög nr. 49, 27. júní 1921, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði, 2. gr.

Lög nr. 65, 27. júní 1921, um breyting á lögum nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Lög nr. 25, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Lög nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905, 1. gr.

Lög nr. 26, 4. júní 1924, um viðauka við lög nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Lög nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, 1. og 12. gr., að því leyti sem þær varða útsvör, og 7.—11. gr.

Lög nr. 46, 4. júní 1924, um útsvarsálagning erlendra vátryggingarfjelaga,

Svo og öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við lög þessi.

Nd. **372. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á kirkjujörðinni Snæringsstöðum í Vatnsdal.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 17. apríl 1926.

Magnús Jónsson, form. Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr. Sigurj. Jónsson.

Bernh. Stefánsson, frsm. Þórarinn Jónsson.

Ed. **373. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 11. júlí 1911, um forgangsrjett kandídata frá háskóla Íslands til embætta.

Frá mentamálanefnd.

Eftir tillögum háskólaráðsins, er látið hefir uppi tillögur sínar í þessu máli eftir ósk nefndarinnar, leyfir nefndin sjer að leggja til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 1. gr. frv. orðist svo:
   Ríkisstjórninni skal heimilt að veita guðfræðikandídat Sveinbirni Högnasyni embætti á Íslandi.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Frumvarp til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að veita guðfræðikandídat Sveinbirni Högnasyni embætti á Íslandi.

Alþingi, 17. apríl 1926.

Ingibjörg H. Bjarnason, form.	Jóh. Jóhannesson.	Jónas Jónsson, fundaskr. og frsm.

Nd. **374. Frumvarp**

til laga um iðnaðarnám.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Þegar handiðnamenn taka nemendur til þess að kenna þeim iðn sína, eru þeir skyldir að gera skriflegan námssamning. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri rita á samninginn vottorð sitt um, að hann sje í öllum greinum saminn samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Sje brotið á móti þessu ákvæði, er samningurinn ógildur. Lögreglustjórar skulu, eftir ráðstöfun stjórnarráðsins, hafa í höndum eyðublöð til námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr.

Óheimilt er þeim, sem nú skal greina, að taka menn til kenslu:

1. Iðnaðarmönnum, sem með dómi eru sekir orðnir um einhvern þann verkn-

að, er svívirðilegur er að almenningsáliti, nema þeir hafi fengið uppreisn æru sinnar;
2. þeim, sem tvisvar hafa orðið að hætta iðn sinni og á þann hátt orðið valdir að því, að námssamningi hafi verið slitið;
3. þeim, sem tvisvar hefir rofið námssamning eða tvisvar hefir brotið gegn ákvæðum í þessum lögum, svo og þeim, sem einu sinni hefir rofið námssamning og einu sinni brotið gegn lögum þessum.

3. gr.

Í samningnum skal ákveðið, hve langur kenslutíminn skuli vera. Skal kenslutímabilið í hverri iðn fyrir sig ákveðast af sveinafjelagi viðkomandi iðnar, ef það er til í landinu. Nú er ekkert sveinafjelag til í iðninni, og skal þá lögreglustjórinn í Reykjavík boða til almenns sveinafundar fyrir Reykjavík í iðninni. Fundinn skal boða með auglýsingu í öllum dagblöðum bæjarins og með eigi minna en viku fyrirvara. Skyldir eru sveinarnir að mæta á slíkum fundum, nema lögleg forföll hamli því. Nú mætir einhver sveinn í iðninni ekki og getur ekki sannað lögleg forföll. Skal hann þá sæta sektum, eigi undir 50 kr. Fundurinn skal tilnefna 5 sveina í iðninni til þess að ákveða kenslutímabilið fyrir þá iðn. Ákvæðin um kenslutímabilið öðlast þegar gildi, er stjórnarráðið hefir staðfest þau. Allan kostnað af slíkum fundum greiðir ríkissjóður.

4. gr.

Hver sá, sem annan tekur til að kenna honum iðn sína, er skyldur að láta honum í tje húsnæði, ljós, hita, fæði, klæði, skófatnað, þjónustu og allan aðbúnað á meðan á námstímanum stendur. Þó má lærimeistarinn í þess stað greiða nemandanum andvirði þess í peningum, miðað við meðalverð á hverjum stað og tíma. Sje nemanda greitt í peningum, skal greiðsla fara fram í lok hvers mánaðar.

5. gr.

Þrjá fyrstu mánuðina af kenslutímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða, og hafa þá bæði lærimeistari og nemandi, sje hann þá orðinn 16 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamaður fyrir hans hönd, rjett til að heimta, að samningnum sje slitið án þess að tilgreina nokkra ástæðu. Þegar svo er, á hvorugur heimting á skaðabótum frá hinum.

6. gr.

Nemandi skal sýna lærimeistara sínum trúmensku og hlýðni við öll þau verk, er snerta iðn þá, sem hann er að nema. Hann skal fylgja lærimeistaranum að vinnu hans eftir því, sem vinnukraftar hans og kunnátta leyfa.

7. gr.

Sje handiðnanemi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 8 stundum á dag. Kenslustundir í iðnaðarskólum teljast vinnustundir. Frá kl. 6 að kvöldi til kl. 6 að morgni má ekki fá handiðnanemendum neina aðra vinnu en kenslustundir í iðnaðarskólum, er þeir sækja.

8. gr.

Nemandi skal hafa fullkomið frí einn dag í viku og auk þess alla aðra almenna frídaga, sem og 1. maí allan daginn. Ennfremur er lærimeistari skyldur að gefa nemanda minst 10 daga sumarfrí á tímabilinu frá 1. júní til 15. september, eftir samkomulagi við nemanda, og heldur nemandi fullu kaupi sínu fyrir þann tíma, er fríið stendur.

9. gr.

Lærimeistari má ekki fá nemanda neina vinnu, sem honum er um megn eða sem skaðleg er fyrir heilsu hans. Eigi má hann heldur setja nemandann til annarar vinnu en þeirrar, sem tilheyrir iðn hans. Hann skal kenna nemandanum iðnina svo vel sem unt er, sjá um, að nemandinn að afloknu námi hafi náð leikni í að nota öll verkfæri, sem að iðninni lúta, og að hann kunni öll verk, sem fyrir geta komið í iðninni, svo vel, að hann geti talist fullkominn sveinn. Þá er lærimeistari skyldur að láta nemandann ganga í iðnaðarskóla, sje slíkur skóli til á staðnum, en ella sjá honum fyrir kenslu í öllum þeim greinum, sem kendar eru lærisveinum sömu iðnar við Iðnskóla Reykjavíkur, og sje sú kensla ekki að neinu leyti lakari en kenslan í tjeðum skóla. Allan kostnað af slíkri kenslu skal lærimeistari greiða.

Geti lærimeistari ekki uppfylt þessi skilyrði, er honum óheimilt að taka nemendur.

10. gr.

Þegar kenslutíminn er á enda, skal nemandi hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð, eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að hann er fullnuma í iðn sinni. Ef lærisveinum viðkomandi iðnar er kend iðnteikning í Iðnskóla Reykjavíkur, skal nemandinn fyrst gera teikning af prófsmíðinni. Prófdómendurnir ákveða, hver prófsmíðin skuli vera. Nú taka prófdómendur teikninguna eigi gilda, og getur nemandi þá ekki fengið að leysa af hendi prófsmíðina. Sá, sem fellur á slíku prófi, getur ekki fengið að ganga undir próf aftur fyr en að 3 mánuðum liðnum. Standist nemandi prófið, á hann heimting á prófskírteini, er sje undirskrifað af lærimeistara hans og prófdómendum. Standist nemandi eigi prófið fyrir þá sök, að lærimeistari hefir ekki látið sjer nægilega ant um kensluna, skal lærimeistari greiða honum fult kaup ófaglærðs verkamanns fyrir allan þann tíma, er nemandi hefir unnið hjá honum. Frá upphæðinni skal draga það, er lærimeistari hefir látið nemanda í tje samkvæmt 4. gr. Auk þess getur nemandi krafist skaðabóta, sem þá fari eftir áliti gerðardóms (sbr. 24. gr.).

Þrír samiðnarmenn skulu vera prófdómendur. Einn þeirra tilnefnir lögreglustjóri á þeim stað, er prófið er tekið, en hina tvo sveinafjelag viðkomandi iðnar, sje slíkt fjelag til á staðnum eða í landsfjórðungnum. Nú er ekkert sveinafjelag til, hvorki á staðnum, þar sem prófið er tekið, nje í landsfjórðungnum. Skal þá bæjarfógetinn á Seyðisfirði fyrir Austfirðingafjórðung, bæjarfógetinn á Akureyri fyrir Norðlendingafjórðung, bæjarfógetinn á Ísafirði fyrir Vestfirðingafjórðung, en lögreglustjórinn í Reykjavík fyrir Sunnlendingafjórð-

ung boða til almenns sveinafundar í iðninni, hver fyrir sinn landsfjórðung. Fundurinn skal boðaður með auglýsingu í öllum dagblöðum og vikublöðum, sem út koma í viðkomandi landsfjórðungi, og með nægum fyrirvara. Að öðru leyti skulu um boðun funda þessara, kostnað af þeim og refsing fyrir að mæta ekki á þeim gilda sömu ákvæði og tiltekin eru í 3. gr. Fundur þessi skal kjósa 5 sveina í iðninni, er síðan tilnefna tvo prófdómendur.

11. gr.

Nú sýkist nemandi, og er lærimeistari þá skyldur að sjá honum fyrir hjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eftir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó ekki lengur en 6 mánuði. Sje sjúkdómurinn að lækna áliti ólæknandi, eða telji þeir heilsutjónið að minsta kosti munu verða langvint, og eigi iðnin eða lærimeistari enga sök á því, getur lærimeistari sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara, og þarf hann þá ekki að þeim tíma liðnum að annast hjúkrun eða lækning hins sjúka.

12. gr.

Nú sýkist nemandi eða slasast, og er bersýnilega ótilhlýðilegri breytni hans sjálfs um að kenna. Getur lærimeistari þá slitið samningnum og þarf ekki að kosta hjúkrun eða lækning hins sjúka.

13. gr.

Ef nemandi sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni lærimeistara hans, hvort heldur af því, að hann hefir skipað nemanda þau verk, er hann mátti sjá, að honum væru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sjerstökum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er lærimeistara verður gefin sök á, þá skal hann kosta hjúkrun og lækning nemanda að öllu leyti, og auk þess greiða nemanda að fullu alt það tjón, er sjúkleikinn kann að hafa bakað honum. Ennfremur sæti lærimeistari þeirri refsingu, sem kann að liggja við brotinu samkvæmt öðrum lögum.

14. gr.

Ákvæðin í 11.—13. gr. ná til allra iðnnema, hvort sem þeir búa hjá lærimeistara eða ekki.

15. gr.

Nú hefir nemandi að ástæðulausu yfirgefið nám sitt, og má þá með aðstoð lögreglustjóra flytja hann aftur til lærimeistarans, ef lærimeistarinn beiðist þess af lögreglustjóra áður en 2 vikur eru liðnar frá því nemandinn fór frá honum. Vilji nemandinn, eða foreldrar hans eða fjárráðamaður fyrir hans hönd, höfða mál til þess að fá samningnum slitið eður og leggja það í gerð, skal það gert innan sömu 2 vikna. Sje mál höfðað eða í gerð lagt áður en frestur þessi er út runninn, má lögreglustjóri ekki flytja nemanda aftur til meistarans fyr en dómur er fallinn eða úrskurður feldur af gerðardómi.

16. gr.

Námssamningur verður ógildur:

1. Þá er lærimeistari eða nemandi deyr;
2. þá er nemandi hefir hlaupið brott frá náminu og lærimeistari hefir ekki gert þær ráðstafanir til þess að fá hann aftur til námsins, sem tilteknar eru í 15. gr., innan þess tíma, sem í þeirri grein er ákveðinn.

17. gr.

Lærimeistari getur slitið námssamningnum:

1. Fyrir sjúkleikasakir samkvæmt því, er segir í 11. og 12. gr.;
2. ef nemandi gerir sig sekan í broti á skyldum þeim, sem á honum hvíla samkvæmt námssamningnum;
3. ef nemandi er með dómi gerður sekur um brot, sem er svívirðilegt að almennings áliti.

18. gr.

Nemandi, foreldrar hans eða fjárráðamaður fyrir hans hönd getur slitið námssamningnum:

1. Ef lærimeistari gerir sig sekan í broti á skyldum, sem á honum hvíla samkvæmt námssamningnum;
2. ef lærimeistari skiftir um bústað eða vinnustað, þannig, að breytingin hefir það í för með sjer, að nemandi þarf að fara óhæfilega langan veg til vinnu sinnar;
3. ef lærimeistari er burtu frá atvinnu sinni fulla 2 mánuði, nema vinnan fari fram undir umsjón annars manns í hans stað, er fullnuma sje í iðninni og uppfylli að öðru leyti þau skilyrði, sem sett eru fyrir meistara (sbr. 2. gr.);
4. ef nemandi sakir sjúkdóms eða annara orsaka vegna verður óhæfur til þess að geta unnið iðn þá, sem um var samið og hann þá var hæfur til, eða ef það að áliti læknis er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að halda áfram að nema iðnina;
5. ef námsstúlka giftist.

19. gr.

Nú hættir lærimeistari að reka iðn sína annaðhvort sökum þess, að hann verður gjaldþrota eða annara orsaka vegna, eða hann er með dómi sekur orðinn um afbrot, sem svívirðilegt er að almennings áliti. Skal lærimeistari þá skyldur að greiða nemanda fult kaup ófaglærðs verkamanns fyrir allan þann tíma, er nemandinn hefir unnið hjá honum. Frá upphæðinni skal draga það, sem lærimeistari hefir látið nemanda í tje samkvæmt 4. gr.

20. gr.

Ef lærimeistari misþyrmir nemanda eða leggur höndur á hann, skal hann sæta þeirri refsingu, sem ákveðin er í lögum fyrir samskonar afbrot, er aðrir eiga í hlut. Ennfremur getur nemandi þá slitið námssamningnum, og á hann þá heimting á sömu skaðabótum og um getur í 19. gr.

21. gr.

Til tryggingar því, að nemandi verði ekki fyrir tjóni sökum gjaldþrots lærimeistara, skal lærimeistari í byrjun námstímans leggja fram fullgilt veð, er nemandi getur gengið að, ef lærimeistari sökum gjaldþrots hættir að reka iðn sína. Á veði þessu mega engar aðrar kvaðir hvíla.

22. gr.

Auk þess, er segir í 17.—20. gr., er báðum aðiljum heimilt að slíta námssamningi, þegar greiddar hafa verið skaðabætur þær, sem fyrir það verða ákveðnar.

23. gr.

Fyr en námssamningi er löglega slitið, má enginn taka nemanda annars manns til kenslu eða nota aðstoð hans í sömu iðn.

24. gr.

Nú verður ágreiningur milli lærimeistara og nemanda um þau atriði, er um ræðir í 10., 11., 12., 13., 17. gr. 2. tölul., 18. gr. 1., 2., 4. tölul., 20. gr. og 22. gr. laga þessara. Skulu þau mál koma í gerð, nema málsaðiljar komi sjer saman um annað. Í gerðardómi skulu sitja 5 menn; tilnefnir hvor málsaðili 2, en sveinafjelag viðkomandi iðnar, sje það til, en ella 5 manna nefnd, er sveinar í iðninni kjósa úr sínum hóp, tilnefnir einn, og er hann oddviti. Oddviti er kosinn til 3 ára í senn, og skal hann vera sveinn, en verði hann meistari á kjörtímabilinu eða hætti hann að stunda iðnina, skal kjósa annan mann í hans stað. Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sjer skriflega eða munnlega til oddvita, sem síðan ákveður gerðarfund og kveður báða málsaðilja til að mæta á þeim fundi ásamt gerðarmönnum þeirra. Skal á þeim fundi leggja fullnaðarúrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Báðir málsaðiljar eru algerlega bundnir við þann úrskurð. Heimilt er oddvita að fresta fundinum, þó ekki oftar en einu sinni og ekki lengur en 8 daga, enda hafi einhver gerðarmanna tjáð honum lögleg forföll, eða oddvita þykir nauðsyn til bera, til þess að löglegur úrskurður verði á lagður. Nú kemur einhver gerðarmanna ekki og hefir ekki tjáð lögleg forföll, og er þá oddvita heimilt að láta flytja hann til dómsins með aðstoð lögreglustjóra, enda verður ekki lagður fullnaðarúrskurður á málið nema allir gerðarmenn sjeu mættir.

25. gr.

Lærimeistari sá, sem brýtur gegn reglunum í 1., 2., 4., 7.—11., 21. eða 22. gr., skal sæta sektum, frá 50—2000 kr., er renna í fátækrasjóð á þeim stað, sem brotið er framið. Nú brýtur nemandi gegn skyldum þeim, er á honum hvíla samkvæmt 6. gr., eður og hverfur ástæðulaust frá náminu, og skal hann þá, eða foreldrar hans eða fjárráðamaður, greiða lærimeistara skaðabætur samkvæmt úrskurði gerðardóms. Skal gerðardómurinn miða skaðabæturnar við tap það, sem lærimeistari verður fyrir við samningsrof eða brotthlaup nemandans.

26. gr.

Mál út at brotum gegn ákvæðunum í 1., 2., 4., 7.—11., 21. og 22. gr. skulu höfðuð af hinu opinbera og eru almenn lögreglumál. Mál milli lærimeistara og nemanda, er snerta námið, eru einkalögreglumál. Með samþykki beggja málsaðilja getur dómarinn metið og tiltekið skaðabætur þær, sem í málinu eiga að dæmast þeim, sem tjón hefir beðið.

27. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 16. sept. 1893 um iðnaðarnám og ákvæði þau í lögum nr. 44, 10. nóv. 1905, er snerta iðnnema.

28 gr.

Lög þessi ná aðeins til þeirra námssamninga, sem gerðir eru eftir að þau hafa öðlast gildi.

29 gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar er þau hafa verið staðfest af konungi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta mun samið að tilhlutun stjórnmálafjelags hjer í bænum; hafa tveir stúdentar, og er annar þeirra jafnframt iðnaðarmaður, að mestu eða öllu leyti unnið að samningu þess. Frumvarpinu fylgdu svolátandi athugasemdir:

»Oss, sem samið höfum frv. þetta, þykir hlýða að láta nokkrar skýringar fylgja því úr föðurgarði. Flestir þeir, sem einhverntíma hafa verið iðnnemar, munu hafa fundið til þess, að þeir hafa stundum borið skarðan hlut frá borði í viðskiftum við meistarann og að rjetturinn var oftast meistaramegin. Núgildandi lög um þetta efni eru í flestu úrelt og víða í þeim bregður fyrir eldri hugsunarhætti en gera mætti ráð fyrir, ekki eldri en þau eru. Enda þótt þau sjeu aðeins 33 ára gömul, bera þau greinilega á sjer merki löngu liðins tíma og ástands, sem aldrei var til í þessu landi. Iðngildi miðaldanna hafa aldrei verið til hjer, en þrátt fyrir það hafa íslenskir löggjafar fyrir 33 árum síðan augsýnilega verið gagnsýrðir af venjum þeim og reglum, sem gildin höfðu skapað í öðrum löndum.

Þá er og margt annað í núgildandi lögum, sem nú verður að teljast óhæft, auk þess, sem lærimeisturum eru alstaðar opnar leiðir til þess að ganga á rjett nemanda og skjóta sjer undan því, sem virðist vera andi laganna, því þótt ráða megi í meininguna, er víða svo orðum hagað, að auðvelt er að brjóta án þess, að haft verði á. Ennfremur eru aðstæður nú svo mjög breyttar frá því, sem var þegar lögin voru samin, að þó þau þá hefðu verið í alla staði löguð eftir þáverandi ástandi, þá mundi eigi að síður nú bera full nauð-

syn til, að þeim væri breytt og komið í betra samræmi við nútímann og kröfur hans á þessu sviði.

Vjer efumst ekki um, að í frv. þessu er víða alt of skamt gengið til þess að tryggja rjett og hagsmuni nemenda, sjerstaklega að því er snertir vinnutíma og bóklega fræðslu, þó hins vegar fari frumvarp þetta fram á breytingar í rjetta átt.

Munum vjer svo ekki dvelja lengur við frumvarpið í heild, en athuga hverja grein fyrir sig nokkru nánar.

Við 1. gr.

Á þessari grein hafa engar verulegar breytingar verið gerðar. Þó er aldursákvæðið felt niður, og nær frv. því til iðnnema á öllum aldri.

Við 2. gr.

Hjer eru gerðar strangari kröfur til þeirra, sem taka menn til kenslu, en gert er í núgildandi lögum. Tilgangur þessarar greinar er að tryggja iðnnema gegn samningsrofum og þeim skaða eða óþægindum, sem leiða af samningsslitum af öðrum ástæðum, en þeim tilgangi verður ekki náð með vægari kröfum.

Við 3. gr.

Þessari grein hefir þótt nauðsynlegt að breyta með öllu. Nemandi verður að hafa tryggingu fyrir því, að kenslutíminn sje hæfilegur, og skal hann ákveðinn af trúnaðarmönnum viðkomandi iðnar. Nú á dögum eru iðnirnar orðnar svo margvíslegar, að nauðsynlegt þykir, að kenslutíminn sje ákveðinn af mönnum með sjerþekking. Fyrst og fremst verður kenslutíminn að vera nægilega langur til þess að nemandinn læri iðnina til fulls. Einnig verður að tryggja, að kenslutíminn sje ekki ákveðinn lengri en hæfilegt er, svo að lærimeistari njóti ekki vinnu nemandans eftir að hann er orðinn fullnuma, án þess að fult endurgjald komi fyrir.

Við 4. gr.

Hjer er það gert að skyldu, sem í núgildandi lögum er samningsatriði.

Við 5. gr.

Grein þessi er að mestu óbreytt, en aldurstakmarkið fært niður um 2 ár, þannig að nemandi getur slitið samningi, er reynslutíminn er á enda, ef hann er orðinn 16 ára.

Við 6. gr.

Hjer er skýrt tekið fram, að skyldur nemanda við lærimeistara eru takmarkaðar við iðn þá, er hann nemur. Samkvæmt núgildandi lögum hefir lærimeistari ótakmarkað vald yfir nemanda, einnig að því er snertir hluti, sem óviðkomandi eru iðn hans. Í þessu felst beinlínis miðaldahugsunarháttur, og er það auðsætt, að slík lagaákvæði eru óviðunandi nú á dögum (sbr. gildareglur miðaldanna).

Við 7. gr.

Hjer er hinn óhæfilega langi vinnutími, sem heimilaður er í núgildandi lögum, styttur að miklum mun og engin undantekning leyfð. Í raun og veru er hjer þó alt of stutt gengið, með tilliti til þess, að almenningur hefir enn þá ekki gert sjer fulla grein fyrir skaðræði hins langa vinnutíma. Í flestum siðuðum löndum er vinnutími fyrir fullorðna nú lögboðinn 8 stundir á dag, og þykir full og vísindalega staðfest reynsla vera fengin fyrir því, að lengri vinnutími borgi sig ekki fyrir atvinnurekendur. Í Rússlandi er vinnutími iðnnema frá 14 til 16 ára aldurs aðeins 4 stundir á dag, en frá 16 til 18 ára 6 stundir. Að vinnutíminn sje ekki lengri en gert er ráð fyrir í frv. þessu, er beinlínis nauðsynlegt frá almennu sjónarmiði, ef full trygging á að vera fyrir því, að iðnaðarmenn vorir fái sæmilega mentun. Það er kunnugra en um þurfi að ræða, að hin bóklega mentun, sem iðnnemar eiga nú kost á í iðnskóla, verður að sáralitlum notum, vegna þess að nemendur hafa enga frístund til að hagnýta sjer hana. Svo búið má ekki lengur standa, og ætti þetta engan veginn að vera áhuga- og hagsmunamál iðnnema einna, heldur og allrar þjóðarinnar.

Við 8. gr.

Nemandi skal hafa frí 1. maí, þar sem sá dagur er nú orðinn almennur hátíðisdagur vinnandi manna hjer á landi. Nauðsynlegt þykir að tryggja nemanda eitthvert sumarfrí, þótt frv. geri ráð fyrir því allra stysta, sem að gagni má verða. Frí þetta er svo sjálfsagt, að ekki þarf að rökstyðja það nánar, enda getur það verið beinlínis nauðsynlegt fyrir heilsu og starfsþol unglingsins. Nú þegar hafa flestir fastir starfsmenn sumarfrí, þó ekki sje það ákveðið í lögum.

Við 9. gr.

Þessari grein er allmikið breytt. Felt er niður ákvæði núgildandi laga um, að lærimeistari skuli »vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eftir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann«, þar sem »hegðun« og »siðspillandi áhrif« eru alltvíræð hugtök og skoðanir á þeim efnum hljóta að fara mjög eftir þjóðfjelagslegri og pólitiskri afstöðu þeirra, er hlut eiga að máli. Einnig er felt burtu ákvæðið um húsagann, sem sjálfsagt er, þar sem slíkt ákvæði er ekki annað en leifar af gildareglum miðaldanna og brýtur í bág við hugsunarhátt og rjettarmeðvitund nútímans.

Í núgildandi lögum eru engin ákvæði um skyldur lærimeistara til að sjá nemanda fyrir kenslu, ef enginn iðnskóli er til á staðnum. Í frumvarpi þessu er ráðin bót á því.

Við 10. gr.

Á henni hafa litlar breytingar verið gerðar. Þó er samkvæmt þessari grein frv. að fullu trygt það, sem æskilegt þykir í núgildandi lögum, að allir prófdómendur sjeu samiðnarmenn þess, sem gengur undir prófið. Auk þess er hjer nánar ákveðið um þær skaðabætur, sem lærimeistari skal láta nemanda í tje, ef hann hefir ekki látið sjer nægilega ant um kensluna.

Við 11. gr.

11. gr. núgildandi laga er að vissu leyti skift í 4 greinar í frv. þessu, enda ekki vísað í önnur lög. Greinar þessar verða 11., 12., 13., 14. gr. Lærimeistaranum er gert að skyldu að kosta lækning nemanda, hvort sem hann býr hjá honum eða ekki, sje sjúkleikinn ekki ólæknandi eða langvinnur að dómi lækna. Hjer er því um allmikla og sjálfsagða rjettarbót að ræða fyrir nemendur. Fæstir iðnnemar búa nú hjá meistara sínum, og eru ákvæði 11. gr. í núgildandi lögum því gagnslaus fyrir allan þorra þeirra.

Við 12. gr.

Sbr. 16. gr. laga nr. 44, 10. nóv. 1905.

Við 13. gr.

Sbr. 17. gr. laga nr. 44, 10. nóv. 1905. Hjer er nemanda ennfremur trygð full uppbót á tjóni því, sem sjúkleikinn hefir bakað honum.

Við 14. gr.

Sjá greinargerð við 11. gr.

Við 15. gr.

Þessi grein samsvarar 13. gr. núgildandi laga. Hjer er skýrt tekið fram það, sem virðist vera meining núgildandi laga, að nemanda megi ekki flytja til lærimeistara, ef mál stendur fyrir milli þeirra til þess að fá samningi slitið, fyr en málið er til lykta leitt, og nemanda settur ákveðinn frestur til málshöfðunar. Hefir þetta þótt nauðsynlegt til þess að enginn misskilningur geti orðið um ákvæði laganna.

Við 16. gr.

Hún samsvarar 14. gr. núgildandi laga. Í núgildandi lögum er það tekið fram, að samningur sje ógildur, ef lærimeistari deyr, og þykir þá sjálfsagt að taka einnig fram, að samningur sje einnig þá ógildur, er nemandi deyr. Um 2. og 3. atriði í 14. gr. núgildandi laga kemur sjerstök grein í frv. þessu, sem verður 19. gr.

Við 17. gr.

Grein þessi kemur í staðinn fyrir 15. gr. núgildandi laga og þarf ekki frekari skýringar við.

Við 18. gr.

Greinin samsvarar 16. gr. núgildandi laga. Orðið »verulega« er alstaðar felt burtu, til þess að ekki sje hægt að skjóta sjer undan lögunum með vífilengjum og hlutdrægum skilningi þess orðs. Um misþyrming á nemanda kemur sjerstök gr. í frv. þessu. Ekki þykir nauðsynlegt að heimila nemanda að slíta samningi, þó að lærimeistari flytji í annað sveitarfjelag, ef nemandi er til heimilis hjá honum, eins og gert er í núgildandi lögum. Enn er eitt ákvæði í 16. gr. núgildandi laga, um að nemandi geti slitið samningi »ef að námsstúlka er til heimilis hjá kvonguðum lærimeistara og kona hans deyr eða

hættir samvistum við hann«. Hjer nær miðaldahugsunarhátturinn hámarki sínu, og þarf varla að eyða orðum að því, að þetta er felt burtu.

Við 19. gr.

Þetta er nýtt ákvæði. Í núgildandi lögum hefir nemandi enga trygging gegn samningsslitum, sem stafa af þeim ástæðum, sem um ræðir í grein þessari. Með ákvæði þessu er svo ráð fyrir gert, að skaðabætur nemanda nemi nákvæmlega því tjóni, sem hann hefir orðið fyrir, eða með öðrum orðum, að hann fái fult endurgjald fyrir þann vinnukraft, sem hann hefir látið lærimeistara í tje, á meðan hann vann hjá honum. Ættu allir að geta verið sammála um, hversu sjálfsagt þetta ákvæði er.

Við 20. gr.

Þessi grein er ennfremur með öllu ný. Þar sem miðaldaákvæðið um húsagann er afnumið, er nauðsynlegt að taka það fram í frv., að afstaða lærimeistara til nemanda sje engin önnur en afstaða annara ríkisborgara hvers til annars.

Við 21. gr.

Þetta er enn nýtt ákvæði. Til þess að ákvæðið í 19. gr. geti verið nokkurs virði, verður auðvitað að tryggja það, að fje sje fyrir hendi til að greiða skaðabæturnar. Á meðan svo er ástatt, að iðnnemar eiga alt sitt undir atvinnu einstakra manna, eru engin önnur ráð til að tryggja það að fullu, að þeir verði ekki fyrir tjóni, sem leiðir af hinum ótrygga atvinnurekstri núverandi þjóðfjelags, dutlungum hinnar frjálsu samkepni og af öðrum orsökum, sem eiga rót sína að rekja til skipulagsleysis atvinnulífsins. Grein þessi er því ekki annað en nánari fyrirmæli um framkvæmd ákvæðisins í 19. gr.

Við 22. gr.

Hún er samhljóða 17. gr. núgildandi laga.

Við 23. gr.

Þessi grein er samhljóða 12. gr. núgildandi laga.

Við 24. gr.

Greinin samsvarar 18. gr. núgildandi laga. Skipun gerðardómsins er algerlega breytt. Til þess að skera úr svo mikilvægum málum, sem heyra undir gerðardóm þennan, þykir gerðardómurinn ekki fullskipaður nema í honum sjeu 5 menn, og sjeu þeir allir mættir til þess að fullnaðarúrskurður verði lagður á nokkurt mál. Til þess að tryggja hlutleysi oddvita gerðardóms og þekking hans á þeim málum, sem hann hefir til meðferðar, er svo fyrir mælt, að hann skuli kosinn úr hópi iðnsveina.

Við 25. gr.

Þessi grein samsvarar 19. gr. núgildandi laga. Frv. gerir ráð fyrir því, að sektir þær, sem tilteknar eru í núgildandi lögum, skuli tífaldast, og mun

það varla geta talist of mikið, þegar tekið er tillit til þess, hve mjög verðgildi peninganna í landinu hefir minkað frá því fyrir 33 árum síðan, að núgildandi lög voru samin. Auk þess teljum vjer sektirnar hafa verið alt of lágar frá upphafi. Sektirnar þurfa að vera svo háar, að það geti ekki undir neinum kringumstæðum borgað sig fyrir lærimeistara að brjóta þau ákvæði laganna, er sektum varða.

Við 26. gr.

Grein þessi kemur í staðinn fyrir 20. gr. núgildandi laga. Brot, sem farið verður með sem almenn lögreglumál, verða miklu fleiri samkvæmt frv. þessu en eftir núgildandi lögum, eins og annars frv. ber með sjer.

Við 27., 28. og 29. gr.

Þessar greinar þurfa ekki skýringar við.«

Ed. **375. Nefndarálit**

um frv. til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Mentamálanefndin hefir ekki getað orðið einhuga um ofannefnt frv. Við undirrituð lítum svo á, að kvennaskólarnir sjeu sjerskólar og eigi því kröfu til þess, að ríkið taki þá að sjer, eins og t. a. m. bændaskólana, en meðnefndarmaður okkar (J. J. 3. landsk.) lítur öðruvísi á það mál og mun gera grein fyrir skoðun sinni sjerstaklega.

Á síðasta Alþingi fjell stjórnarfrv. um að gera kvennaskóla Reykjavíkur að ríkisskóla með jöfnum atkvæðum í Ed., og rjeði það tvent aðallega úrslitunum, að ekki þótti rjett að gera annan kvennaskólann að ríkisskóla, en hinn ekki, og svo hitt, að búist var við því, að skólinn myndi verða dýrari í rekstri sem ríkisskóli en sem sjálfstæð stofnun.

Nú er í þessu frv. kipt fótunum undan fyrri mótbárunni, þar sem hið sama á að gilda um báða skólana, og þótt sá spádómur skyldi rætast, að skólarnir yrðu lítið eitt dýrari í rekstri sem ríkisskólar, þá teljum við kvenþjóðina eiga heimting á því, að ekki verði einblínt á það, þegar um það er að gera að tryggja framtíð þessara einu skóla, sem sniðnir eru eftir hennar þörfum sjerstaklega og henni ætlað að sækja. Mikill getur kostnaðarmunurinn ekki orðið, þar sem skólarnir hafa, að minsta kosti síðustu árin, fengið langmest af því fje úr ríkissjóði, sem til þeirra hefir gengið, ríkið á með þeim að eignast allar eigur þeirra og alt fyrirkomulag þeirra og launakjör kennaranna að haldast óbreytt, að því undanskildu, að föstu kennararnir eiga eftirleiðis að fá sömu dýrtíðaruppbót á laun sín og aðrir starfsmenn ríkisins. Mismunurinn á kostnaðinum verður þá aðallega upphæð sú, sem dýrtíðaruppbótin nemur.

Í 4. gr. frv. eru ákvæði um það, hverjar námsgreinir skuli kendar í kvennaskólanum í Reykjavík og þær taldar upp. Að því er Blönduósskólann snertir, er hinsvegar í 11. gr. svo ákveðið, að kenslugreinir skuli vera hinar sömu og nú eru kendar í skólanum, þar til ný skipun kunni að verða gerð með reglugerð. Þetta verður að teljast ósamræmi, er mun stafa af því, að álitið hefir verið, að ekki væri búið að koma sjer niður á það til fulls, hverjar námsgreinir skuli kenna þar, er fyrirkomulagi skólans verður slegið endanlega föstu.

Meiri hluti nefndarinnar er þeirrar skoðunar, að fult svo heppilegt kunni að vera að kveða svo á í lögunum um báða skólana, að ákvörðun námsgreina sje reglugerðarákvæði, því breyttir tímar krefjast oft breytinga á námsgreinum, og sjeu þær ákveðnar í lögum, er erfiðara og fyrirhafnarsamara að breyta til heldur en ef aðeins er um reglugerðarákvæði að ræða. Munum við ihuga þetta nánar til 3. umr.

Við leyfum okkur því að leggja það til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Í stað orðanna í 12. gr. »alt á þann hátt, er« komi: svo sem.
2. Á eftir 12. gr. komi svo hljóðandi ný 13. gr., sem af vangá hefir fallið úr frv.:

   Skólagjald skulu námsmeyjar greiða svo sem verið hefir.
   Greinatalan breytist eftir því.
3. Aftan við núverandi 15. gr. bætist: 1. september 1926.

Alþingi, 17. apríl 1926.

Ingibjörg H. Bjarnason, form. og frsm. meiri hl.
Jóh. Jóhannesson.

Ed. **376. Nefndarálit**

um frv. til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Mentamálanefnd gat ekki átt samleið um þetta mál. Meiri hlutinn hallaðist að frv. með litlum breytingum. Minni hlutinn getur ekki sætt sig við frv. nema annaðhvort væri að ræða um sjerskóla fyrir konur, hliðstætt búnaðarskólum karlmanna, en svo er ekki, síst um skólann í Reykjavík, eða þá að um leið væru teknir á ríkið allir hjeraðsskólarnir og þeir húsmæðraskólar, sem annaðhvort eru til lögum samkvæmt, eins og norðlenska skólann, eða fastráðið að stofna, eins og Staðarfellsskólann.

Minni hlutinn leyfir sjer því að bera fram eftirfarandi viðaukatillögur við frv., og getur þá eftir atvikum fylgt frv., ef aðalatriði þessara breytinga eru tekin til greina.

VIÐAUKATILLÖGUR.

I. Aftan við frv. bætist:

C. Hjeraðsskólinn á Hvítárbakka.

1. gr.

Ríkið starfrækir hjeraðsskóla með tveim bekkjum að Hvítárbakka í Borgarfirði. Jafnframt afhenda núverandi eigendur Hvítárbakka jörðina með öllum mannvirkjum og eignum skólans, sem þar hefir verið starfræktur, landsstjórn Íslands án endurgjalds.

2. gr.

Kenslugreinar skulu vera þessar: Íslenska, saga, reikningur, náttúrufræði, landafræði, smíði, bæði trje og járn, steinsteypa, vefnaður, íþróttir, söngur og einfalt bókhald. Auk þess eiga nemendur kost á tilsögn í ensku og dönsku.

3. gr.

Við skólann skulu vera þrír fastir kennarar, skólastjóri með 2600 kr. launum og tveir aðstoðarkennarar með 2000 króna árslaunum hvor, auk dýrtíðaruppbótar. Ennfremur njóta allir þessir kennarar ókeypis bústaðar, ljóss, hita, fæðis og þjónustu meðan skólinn starfar.

Þar að auki leggur landssjóður skólanum til nægilegt fje árlega til nauðsynlegrar tímakenslu.

4. gr.

Skólaárið telst frá 1. október til 14. maí.

D. Hjeraðsskólinn að Núpi við Dýrafjörð.

1. gr.

Ríkið tekur að sjer að starfrækja hjeraðsskóla með tveim bekkjum að Núpi við Dýrafjörð. Jafnframt kaupir landsstjórnin, eftir mati dómkvaddra manna, núverandi skólabyggingar að Núpi og a. m. k. hálfa jörðina, til afnota fyrir kennara skólans.

2. gr.

Námsgreinar í skólanum skulu vera sem hjer segir: Íslenska, saga, reikningur, náttúrufræði, landafræði, smíði, bæði trje og járn, steinsteypa,

vefnaður, íþróttir, söngur og einfalt bókhald. Auk þess eiga nemendur kost á tilsögn í ensku og dönsku.

3. gr.

Við skólann skulu vera þrír fastir kennarar, skólastjóri með 2600 króna launum og tveir aðstoðarkennarar með 2000 króna launum hvor, auk dýrtíðaruppbótar. Ennfremur njóta allir þessir kennarar ókeypis bústaðar, ljóss, hita, fæðis og þjónustu meðan skólinn starfar.

Þar að auki leggur landssjóður skólanum til árlega nægilegt fje til nauðsynlegrar tímakenslu.

4. gr.

Skólaárið telst frá 1. október til 14. maí.

E. Hjeraðsskólinn að Laugum í Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Ríkið tekur að sjer að starfrækja hjeraðsskóla með tveim bekkjum að Laugum í Þingeyjarsýslu. Núverandi eigendur skólans afhenda landsstjórninni allar eignir skólans og leigurjett á landi og náttúrugæðum.

2. gr.

Kenslugreinar í skólanum skulu vera sem hjer segir: Íslenska, saga, reikningur, náttúrufræði, landafræði, smíði, bæði trje og járn, steinsteypa, vefnaður, íþróttir, söngur og einfalt bókhald. Auk þess eiga nemendur kost á tilsögn í ensku og dönsku.

3. gr.

Við skólann skulu vera þrír fastir kennarar, skólastjóri með 2600 kr. launum og tveir aðstoðarkennarar með 2000 kr. launum hvor, auk dýrtíðaruppbótar. Ennfremur njóta allir þessir kennarar ókeypis bústaðar, ljóss, hita, fæðis og þjónustu meðan skólinn starfar.

Þar að auki leggur landssjóður skólanum til nægilegt fje árlega til nauðsynlegrar tímakenslu.

4. gr.

Skólaárið telst frá 1. október til 14. maí.

F. Hjeraðsskólinn að Laugarvatni í Árnessýslu.

1. gr.

Ríkið tekur að sjer að starfrækja hjeraðsskóla með alt að fjórum bekkjum að Laugarvatni í Árnessýslu. Jafnframt afhendir Árnessýsla landsstjórninni allar eignir skólans og kauprjett á jörðinni Laugarvatni.

2. gr.

Námsgreinar í skólanum skulu vera: Íslenska, saga, reikningur, náttúrufræði, landafræði, smíði, bæði trje og járn, steinsteypa, vefnaður, íþróttir, söngur og einfalt bókhald. Auk þess skulu nemendur eiga kost á tilsögn í ensku og dönsku.

3. gr.

Við skólann skulu vera fimm fastir kennarar, skólastjóri með 2600 kr. launum og fjórir aðstoðarkennarar með 2000 kr. launum hver, auk dýrtíðaruppbótar. Ennfremur njóta allir þessir kennarar ókeypis bústaðar, ljóss og hita, fæðis og þjónustu meðan skólinn starfar.

Þar að auki leggur landssjóður skólanum til nægilegt fje árlega til nauðsynlegrar tímakenslu.

4. gr.

Skólaárið telst frá 1. október til 14. maí.

G. Húsmæðraskólarnir á Staðarfelli og við Akureyri.

1. gr.

Húmæðraskóla skal stofna að Staðarfelli og í grend við Akureyri. Skulu þeir veita konum þá kunnáttu, sem nauðsynleg er hverri húsmóður og gerir hana færa um að standa vel í stöðu sinni. Búskap skal reka í sambandi við skólana.

2. gr.

Skólinn á Staðarfelli skal rúma 25 nemendur, en skólinn við Akureyri 50 nemendur, auk íbúðar fyrir forstöðukonur, kenslukonur og þjónustufólk. Báðir skólarnir skulu vera úr steinsteypu, eftir uppdrætti, sem stjórnarráðið samþykkir, og með nýtísku tækjum til matreiðslu, hitunar, lýsingar og ræstingar.

3. gr.

Hvorum þessara skóla stýra kenslukonur, er tekið hafa próf í þeim kenslugreinum, er 4. gr. ákveður. Auk þess skal skipa tvær fastar kenslukonur við Staðarfellsskólann, en fjórar við skólann hjá Akureyri. Laun forstöðukvenna skulu vera 2000 kr., en kenslukvenna 1000 krónur, auk dýrtíðaruppbótar. Ennfremur njóta allir þessir kennarar ókeypis bústaðar, ljóss, hita, fæðis og þjónustu meðan skólarnir starfa.

Þá leggur landssjóður skólum þessum nægilegt fje árlega til nauðsynlegrar tímakenslu.

4. gr.

Námsgreinar eru:

A. Verklegar:

1. Matreiðsla allskonar, og sje sjerstök áhersla lögð á matreiðslu úr innlendum efnum.

2. Framreiðsla matar og drykkjar.
3. Ræstun og þvottur.
4. Saumar og hirðing fatnaðar.

B. Bóklegar:

1. Efnafræði, sjerstaklega efnasambönd fæðunnar.
2. Heilsufræði, einkum hjúkrunarfræði.
3. Meginatriði uppeldisfræðinnar.
4. Búreikningur.

Nánanir ákvæði um námsgreinar í öllum framantöldum skólum setur stjórnarráðið með reglugerð.

II. Fyrirsögn frv. breytist sem hjer segir:

Frv. til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi, hjeraðsskólana á Hvítárbakka, Núpi, Laugum og Laugarvatni og húsmæðraskólana að Staðarfelli og við Akureyri.

III. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37, frá 28. okt. 1917, um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi.

Alþingi, 20. apríl 1926.

Jónas Jónsson.

Nd. **377. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

g-liður 7. gr. orðist svo: Hefir verið háseti eftir 16 ára aldur að minsta kosti 24 mánuði á skipum ekki minni en 12 rúml., og af þeim tíma minst 12 mánuði háseti á skipi ekki minna en 20 rúml., eða verið formaður á vjelbát ekki minni en 6 rúml. í 12 mánuði og háseti minst 12 mánuði á skipi eigi minna en 20 rúml.

2. gr.

8. gr. hljóði þannig:

Próf það, sem um getur í 7. gr., skal halda í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum, og skulu þau haldin að afloknu námsskeiði, sem Fiskifjelag Íslands sjer um, að haldið verði á ofannefndum stöðum. Námsskeið skal skemst vera 12 vikna tíma. Undir prófið geta ekki gengið aðrir en þeir, sem lært hafa á námsskeiðinu. Prófið skal halda einu sinni á ári, í desember—apríl eftir fyrirmælum Fiskifjelags Íslands. Í hverri prófnefnd eru 3 menn. Í Reykjavík forstöðumaður stýrimannaskólans, sem og er

formaður prófnefndar, kennari námsskeiðsins og þriðji maður, sem er umferðarprófdómari. Utan Reykjavíkur eru prófdómendur: umferðarprófdómarinn, sem og er formaður prófnefndar, kennari námsskeiðsins og þriðji maður, sem það í minsta kosti hefir leyst af hendi fiskimannapróf með góðum vitnisburði. Umferðarprófdómarinn skal hafa leyst af hendi farmannspróf með góðum vitnisburði. Bæði hann og þriðji prófdómari skulu skipaðir af atvinnumálaráðuneytinu eftir tillögu forstöðumanns stýrimannaskólans í Reykjavík.

Prófverkefni, munnleg og skrifleg, semur forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík.

Atvinnumálaráðuneytið semur ítarlegar reglur um kensluna og prófið og fyrirmynd fyrir prófvottorðum. Hver sá, er staðist hefir prófið, fær vottorð um það að afloknu prófi.

Allur kostnaður við prófið greiðist úr ríkissjóði, þar með talinn ferðakostnaður og kaup umferðarprófdómarans.

3. gr.

18. gr. orðist þannig:

Ekkert íslenskt skip, sem stærra er en 20 rúmlesta, má afgreiða frá nokkurri höfn hjer á landi til ferða milli Íslands og annara landa, eða í innanlandssiglingum, nema því aðeins, að á því sje lögskráður að minsta kosti einn stýrimaður, auk skipstjóra. Á flutningaskipum 300 rúmlesta eða meira skulu þó lögskráðir stýrimenn vera minst tveir. Á bátum alt að 30 rúmlesta, er að jafnaði koma daglega úr róðri, skal þó eigi skylt að hafa lögskráðan stýrimann.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 49, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Greinargerð.

Fyrir síðasta Fiskiþingi lá krafa frá Ísfirðingum um stofnun stýrimannaskóla á Ísafirði. Fiskiþingið hefir mælt með þessari kröfu og skorað á Alþingi að verða við henni hið bráðasta. Skólastjóri stýrimannaskólans í Reykjavík hefir aftur á móti ekki talið þörf á slíkum skóla, en leggur til, að sjerstakt námsskeið verði haldið við stýrimannaskólann fyrir smáskipayfirmenn. Sjávarútvegsnefndin telur nauðsyn á, að hjer eftir verði gerðar strangari kröfur til smáskipaprófanna en hingað til hefir verið, þareð rjettindatakmörkin hafa verið hækkuð úr 30 rúmlesta skipum upp í 60 rúmlesta skip. En nefndin telur, að úr þessu verði bætt á hagkvæmastan hátt með því að sjá þessum mönnum fyrir betri og meiri kenslu en hingað til hefir verið á námsskeiðum þeim, er haldin hafa verið öðru hvoru í Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði, og koma meira samræmi á smáskipaprófin en verið hefir. Að þessu stefnir 2. gr. frv., og er þetta aðalbreytingin á gildandi lögum.

1. gr. frv. felur í sjer þær breytingar frá gildandi skilyrðum fyrir smá-

skipaprófi, að sá, er próf tekur, hafi verið háseti að minsta kosti í 12 mánuði á ekki minna en 20 rúmlesta skipi af þeim 24 mánaða sjómenskutíma, sem minst er krafist, í stað þess, að nú er nægilegt, að hann hafi verið háseti á ekki minna en 12 rúmlesta skipi í 24 mánuði eða formaður á ekki minna en 10 rúmlesta vjelbát í jafnlangan tíma. Þykir rjett að krefjast æfingar á nokkru stærri skipum en gildandi lög ákveða, sakir þess að smáskipaprófum fylgja nú rjettindi til formensku á 60 rúmlesta skipum, í stað 30 rúmlesta áður. Þeim til hægðarauka, er formenn hafa verið á 6—10 rúmlesta vjelbátum ekki skemur en 12 mánuði, er hjer ákveðið, að þetta nægi til smáskipaprófs, í stað ekki minna en 10 rúmlesta samkvæmt gildandi lögum. Þykir það fært sakir þess, að hjer er jafnframt auk þessa krafist 12 mánaða sjómensku á stærri skipum en nú er gert.

Í 3. gr. frv. er tekin upp 18. gr. laganna, með þeim breytingum, er á henni voru gerðar með lögum nr. 49, 27. júní 1925, og lítilsháttar orðabreytingum. Er þetta gert til hægðarauka, því að jafnframt má fella úr gildi lögin frá 1925.

Ed. **378. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seriur) bankavaxtabrjefa.

Frá fjárhagsnefnd.

Við meðferð þessa máls hefir Nd. bætt við einni grein í þetta frv., sbr. nefndarálit fjárhagsn. Nd., þingskjal 274. Með þessari viðaukagrein er ríkisstjórninni gefin heimild til að taka útlent lán, alt að 3 milj. kr., til þess fyrir það fje, sem þannig fengist, að kaupa bankavaxtabrjef, er gefin verða út samkvæmt þessum lögum.

Nefndin er samþykk viðaukatillögunni, með því að þessi ráðstöfun gæti, ef vel tekst til um lántökuna, orðið til hagsbóta skiftavinum veðdeildarinnar, sem nú eiga við mjög slæm lánskjör að búa.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með áorðnum breytingum, sbr. þingskjal 355.

Alþingi, 17. apríl 1926.

Björn Kristjánsson, form. Gunnar Ólafsson. Ingvar Pálmason.

Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrifari og frsm. Jónas Jónsson.

Ed. **379. Nefndarálit**

um frv. til laga um líkhús.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumv. þetta og átt um það tal við biskup landsins.

Í frumvarpinu má segja að felist nokkurskonar frekari heimild en nú er til fyrir söfnuði til þess að koma sjer upp líkhúsi í kirkjugarði, þar sem þörfin útheimtir.

Slík þörf er nú, eins og kunnugt er, engan veginn almenn. Víðast hvar hagar svo til hjer á landi, að kirkjan stendur annaðhvort í kirkjugarðinum eða þá svo nálægt honum, að sjerstakt líkhús er með öllu óþarft.

Hins vegar eru þó kringumstæðurnar sumstaðar svo, sjerstaklega bæði hjer í höfuðstaðnum og ýmsum fleiri kaupstöðum og kauptúnum, að grafreiturinn er og hlýtur að vera alllangt frá sjálfri kirkjunni. Og þegar svo er ástatt, virðist það hagkvæmt, að til sjeu skýr og ákveðin lagafyrirmæli um það, að söfnuðurinn geti — þegar meiri hluti æskir þess — komið sjer upp líkhúsi í kirkjugarði sínum. Og að því stefnir frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, og verður þar af leiðandi að teljast rjettmætt.

Hið eina, sem nefndin taldi að þyrfti athugunar við, var það, hvort með frumvarpinu væri lögð nokkur aukin kvöð á kirkjueigendur í þeim tilfellum, þar sem söfnuður hefði ekki tekið að sjer umsjón og fjárhald kirkju. En við nákvæma athugun á tilvitnun frumvarpsins til laga nr. 39, 8. nóv. 1901, og við skýringu biskups á málinu, telur nefndin að engin hætta sje á sliku, og leggur þess vegna til, að háttvirt deild samþykki frumv. óbreytt.

Alþingi, 19. apríl 1926.

Jóh. Jóhannesson, form.	Eggert Pálsson, fundaskr. og frsm.	Guðm. Ólafsson.

Nd. **380. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðm nýjum banka í Reykjavík.

Frá Tryggva Þórhallssyni og Ingólfi Bjarnarsyni.

1. Við 1. gr. d. Á eftir orðunum »áfallið tap bankans« komi: enda samþykki eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum afskriftirnar.
2. Við 3. gr. c. Liðurinn orðist svo:

Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo af þrem endurskoðendum bankans.

Ed. **381. Lög**

um bryggjugerð í Borgarnesi o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta gera bryggju við Stóru-Brákarey í Borgarnesi, að undangenginni rannsókn um, hvar á eynni það sje hentugast, enda sje svo mikið dýpi við bryggjuna, að hæfilega stórt skip til flutninga milli Reykjavíkur og Borgarness geti legið við hana í hálfföllnum sjó, og skal telja kostnað af nauðsynlegum dýpkunum við hana og út frá henni með bryggjugerðarkostnaði.

2. gr.

Ennfremur er landsstjórninni heimilt að láta gera garð eða brú yfir sundið milli eyjar og lands, svo og veg eftir eynni að bryggjunni og vegarspotta á landi, eftir því sem nauðsynlegt er, til þess að koma vörum að bryggjunni og frá.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af framkvæmdum þeim, er ræðir um í 2. gr., og leggur fram helming kostnaðar við mannvirkin, sem nefnd eru í 1. gr., gegn helmings framlagi annarsstaðar frá, og má ekki byrja á verkinu fyr en það framlag er trygt. Þó má framlag til þessara framkvæmda ekki fara fram úr 150000 kr.

4. gr.

Þegar mannvirki þau, sem ræðir um í lögum þessum, eru fullgerð, eru allir, sem ferma og afferma skip í Borgarnesi, skyldir til þess að nota bryggjuna, ef unt er, nema hafnarnefnd leyfi annað.

5. gr.

Frá þeim tíma, er bryggjan er tekin til notkunar, skulu allar tekjur hennar renna í sjóð, er nefnist hafnarsjóður Borgarness. Tekjum hans og eignum má einungis verja í þarfir bryggjunnar eða til annara hafnarbóta. Það, sem eftir kann að verða á þeim tíma af núverandi hafnarsjóði, rennur í þennan sjóð.

6. gr.

Hreppsnefnd Borgarneshrepps kýs 3 menn, er búsettir sjeu í Borgarnesi, í hafnarnefnd, til þess að hafa á hendi umsjón og eftirlit með bryggjunni, reikningshald hennar, viðhald, stækkun hafnarvirkja og annað, sem henni kemur við. Menn þessir bera allir ábyrgð á eignum og tekjum bryggjunnar og eru kosnir til þriggja ára í senn. Atvinnumálaráðherra ákveður, hvenær þeir skuli fyrst kosnir.

7. gr.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar og hafnarnefndar er ráðherra

heimilt að gefa út reglugerð um notkun bryggjunnar og gjaldskrá um notkunina. Í reglugerðinni má leggja sektir við vanrækslu og brotum gegn henni, setja nánari reglur um skyldur hafnarnefndar og hreppsnefndar og ákveða meðferð mála út af brotum.

8. gr.

Þegar mannvirki þau, sem í 2. gr. getur, eru fullgerð, teljast þau meðal gatna eða vega Borgarneskauptúns, og um kostnað af viðhaldi þeirra fer eftir 48. gr. vegalaga 4. júní 1924.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **382. Lög**

um húsaleigu í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl).

1. gr.

Lög nr. 24, 12. sept. 1917, lög nr. 45, 28. nóv. 1919, og lög nr. 50, 27. júní 1921, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, en þó má eigi segja upp húsnæðum til burtflutnings fyr en frá 14. maí 1927 og eigi hækka leigu þess leigjanda, er situr í húsnæðinu, til þess tíma.

Ed. **383. Frumvarp**

til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að veita fjelagi, er stofnað kann að verða í því skyni og hefir heimili og varnarþing í Reykjavík, einkaleyfi til stofnunar íslenskrs happdrættis (lotteri) með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a) Happdrætti hvers árs skiftist í tvo flokka, sem eru hvor öðrum óháðir, og eru jafnmargir drættir í hvorum. Hlutatalan má ekki vera meiri en 15000 í hvorum flokki. Í hvorum flokki mega ekki vera fleiri en 5 drættir.
b) Iðgjald til hvors flokks fyrir heilan hlut skal vera 200 íslenskar krónur, og eru 10% af því skattur til ríkisins. Þegar seldir eru yfir 5000 seðlar, upp að

10000, greiðast af þeim seðlum 5% að auki af því, sem eftir er, en vinningar skulu þó vera hinir sömu (70%).

Þegar selst hafa 10000 seðlar, upp í 15000, skal aukagjaldið af síðustu 5000 seðlunum vera 10% (vinningar 70% eins og áður). Hlutina má selja bæði í heilu lagi og sundurskifta. Þó má ekki skifta í smærri hluta en áttundir.

c) Í hvorum flokki happdrættisins eiga vinningarnir að nema 70% af iðgjöldunum samantöldum fyrir alla hlutana í flokknum, að frádregnum 10% skatti til ríkisins.

Fjárhæð vinninganna skal skifta niður eftir áætlun, sem er samþykt af ráðuneytinu, og skal þar einnig ákveðin hlutatalan, hvenær dregið skuli og reglur um auglýsing um úrslit dráttanna, hvenær vinningarnir verði greiddir af hendi og um missi vinninga, sem ekki er vitjað í tæka tíð.

Vinningarnir eru greiddir af hendi aflallalaust í íslenskum krónum.

Vinningar, sem ekki er krafist borgunar á í tæka tíð, renna til ríkisins.

d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík, og skal happdrættinu stjórnað þaðan, undir eftirliti nefndar, er ráðuneytið skipar til þess. Skulu í henni sitja 5 menn, og skal að minsta kosti 1 nefndarmanna vera lögfræðingur, sem gengur er í æðri dómstóla. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, hvort sem er meðan dráttur fer fram eða eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með happdrættinu. Kostnaðinn af þessu ber happdrættið.

e) Einkaleyfið til að reka happdrættið má veita um alt að því 15 ár, frá 1. okt. 1926 að telja.

Einkaleyfishafarnir geta notað leyfið sjálfir og, að fengnu samþykki ráðuneytisins, selt það á leigu eða fengið það í hendur hlutafjelagi, en þeir hafa fyrirgert rjetti sínum, ef happdrættið er ekki tekið til starfa 1. mars 1927, og ef þeir gegna ekki skyldu sinni með greiðslu gjalda þeirra, er þeir eiga að inna af hendi til ríkissjóðs samkvæmt leyfisbrjefinu, eða ef reglugerð sú, sem samþykt er fyrir happdrættið, er brotin af þeirra hálfu. Skal ráðuneytinu þá heimilt að selja einkaleyfið öðrum í hendur.

f) Gjald það, sem einkaleyfishafar greiða í ríkissjóð samkvæmt b-lið, skal aldrei nema minna en kr. 50000,00 á missiri.

g) Til tryggingar fyrir fullnægingu skuldbindinga þeirra, sem á einkaleyfishöfum liggja, skal, áður en happdrættið megi taka til starfa, mynda tryggingarsjóð, er hafi að geyma örugg verðbrjef, sem nemi helmingnum af samantaldri fjárhæð vinninganna í hvorum flokki. Tryggingarsjóðurinn skal geymdur í Landsbanka Íslands.

Skerðist tryggingarsjóðurinn fyrir sakir áfallandi fjártjóns, eru leyfishafarnir skyldir, áður en næsti dráttur fer fram, að fylla upp í skarðið, svo að sjóðurinn nemi áskildri fjárhæð, eða setja bankatrygging fyrir því, sem á vantar, er ráðuneytið tekur gilda.

Ráðuneytið hefir eftirlit með og ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs, að trygging sú, sem hjer ræðir um, sje til. Þá skulu leyfishafar og, áður en

happdrættið tekur til starfa, setja ríkissjóði trygging, sem ráðuneytið tekur gilda, fyrir því, að þeir greiði ríkissjóði skilvíslega áskilið gjald samkvæmt f-lið greinar þessarar, en ekki þarf trygging sú að fara fram úr lágmarki missirisgjalds.

h) Ráðuneytið setur nánari ákvæði um fyrirkomulag happdrættisins.

2. gr.

Meðan einkaleyfi það til happdrættis, sem veitt er samkvæmt lögum þessum, er í gildi, má ekki setja á stofn neitt peningahappdrætti fyrir Ísland nje leggja þar á það stimpilgjald.

Um sama tímabil skal það og, að viðlögðum 200 til 2000 kr. sektum til ríkissjóðs, vera bannað að versla með eða selja á Íslandi hluti fyrir happdrætti utanríkis eða hafa þar á hendi nokkur störf þar að lútandi.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **384. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1924.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1924, eru veittar kr. 757256,56 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir:

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

A. Ráðuneytið o. fl.

Við	4. Annar kostnaður	11460,92
—	5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	7938,36
—	6. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	2615,69

B. Hagstofan.

Við	3. Pappir, prentun o. fl.	3222,40
—	5. Húsaleiga, hiti, ljós o. fl.	852,23
—	6. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður...	2425,01
	Flyt	28514,61

		kr.	kr.
	Flutt	28514,61	
	C. Sendiherra o. fl.		
Við 1. d.	Til skrifstofuhalds	5203,59	
— 3.	Ríkisráðskostnaður	2000,00	
— 4.	Kostnaður við sambandslaganefnd...	1972,54	
			37690,74
	3. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:		
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn.		
Við 1	c. Hæstirjettur: Annar kostnaður	571,41	
— 4.	a. Laun	4560,00	
— —	b. Húsaleiga	150,00	
— —	c. Hiti, ljós og ræsting	100,00	
— —	d. Ýmisleg gjöld	1468.40	
— 5.	a. Laun fulltrúa o. fl.	3404,66	
— 5	b. Laun 3. tollvarða	8804,00	
— —	d. Hiti og ljós	1336,36	
— —	e. Ýms gjöld	1245,99	
— 6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	19559,90	
— 7.	Til hegningarhússins í Reykjavík o. fl.	1984,59	
Við 8.	Annar sakamálakostnaður o. s. frv.	4665,66	
— 9.	Borgun til sjódómsmanna	434,00	
— 10.	Borgun til setu- og varadómara	1836,40	
	B. Ýmisleg gjöld.		
Við 1.	b. Til pappírs og prentunar...	2872,14	
— 2.	a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyrir undir embættisbrjef	7894,24	
— 3.	Brunaábyrgðar- og sótaragjöld	18158,06	
— 6.	Til landhelgisgæslu...	44142,78	
			123188,59
	4. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:		
Við 8.	Til geislalækningastofu ríkisins	5299,76	
— 10.	Holdsveikraspítalinn	5146,39	
— 11.	Geðveikrahælið á Kleppi	88,83	
— 12.	b. Heilsuhælið á Vífilsstöðum	30087,25	
— 14.	a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla ...	10826,60	
			51448,83
	5. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:		
	Flyt		212328,16

			kr.	kr.
		Flutt		212328,16
		A. Póstmál.		
Við	1. b.	Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	1033,34	
—	1. c.	Brjefhirðingamenn	2347,50	
—	3. a.	Skrifstofukostnaður í Reykjavík	428,13	
—	— d.	Önnur gjöld	12204,29	
		B. Vegabætur.		
Við	I. 3.	Ferðakostnaður og fæðispeningar	104,32	
—	— 4.	Til aðstoðar og mælinga	519,37	
—	— 5.	Skrifstofukostnaður	623,59	
—	II. 3.	Hvammstangabraut	3825,80	
—	— 4.	Viðhald flutningabrauta	44693,83	
—	— 5.	Holtavegur	4375,87	
—	III. 1.	Norðurárdalsvegur	3466,48	
—	— 6.	Aðrar vegabætur og viðhald	14567,51	
—	IV.	Til viðhalds slitlagi á akvegum	3000,00	
		C. Samgöngur á sjó.		
	1.	Til strandferða	57657,65	
	2.	Til bátaferða o. s. frv.	3225,52	
		D. Hraðskeyta- og talsímasamband.		
Við	II.	Til viðaukа símakerfa o. fl.	3873,04	
—	IV. 3.	Ritsímastöðin í Reykjavík	8752,85	
—	— 5.	Bæjarsíminn í Reykjavík	6636,19	
—	— 6.	Til aukningar sama síma	2662,06	
—	— 8.	Ritsímastöðin á Akureyri	5522,41	
—	— 9.	— á Seyðisfirði	634,14	
—	— 10.	— á Ísafirði	886,86	
—	— 11.	Símastöðin á Borðeyri	5367,94	
—	— 12.	— í Hafnarfirði	337,47	
—	— 13.	— í Vestmannaeyjum	2286,36	
—	— 14.	— á Siglufirði	1047,54	
—	— 15.	Til aukaritsímaþjónustu	1800,00	
—	— 19.	Til eftirlitsstöðva o. fl.	16484,79	
—	V.	Eyðublöð, prentunarkostnaður o. fl.	12227,72	
—	VI.	Viðbót og viðhald stöðvanna	25905,25	
—	VII.	Kostnaður við ferðalög	4585,30	
—	VIII.	Viðhald landssímanna	28109,14	
—	IX.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	615,95	
		Flyt	279808,21	212328,16

			kr.	kr.
		Flutt	279808,21	212328,16

E. Vitamál.

Við	I. 3.	Til skrifstofuhalds	320,90	
—	III.	Rekstrarkostnaður vitanna	21844,49	
—	IV.	Sjómerki o. fl.	3051,71	
—	V.	Ymislegt	31097,24	
				336122,55

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

B. Kenslumál:

Við	I. b.	Til kennara í sögu, málfræði o. s. frv.	480,00	
—	— d. 3.	Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta ...	750,00	
—	— h.	Hiti, ljós o. fl.	1184,13	
—	— i. 3.	Ýms gjöld	5558,40	
		4. Til þess að kaupa gagnvermi (Diathermi-áhald). Endurveiting...	3489,07	
—	II.	Námsstyrkur ísl. stúdenta í erlendum háskólum	24151,00	
—	III. b.	2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	2238,89	
—	— —	3. Til skólahússins	751,92	
—	— —	4. Til tímakenslu og prófdómenda	9578,75	
—	— —	9. Ýmisleg gjöld	1056,09	
—	— —	12. Til verðlaunabóka	14,00	
—	IV. b.	4. Til eldiviðar og ljósa	6563,94	
—	— —	7. Til skólahússins	153,92	
—	— —	8. Yms gjöld	1232,14	
—	V. b.	1. Tímakensla	4550,00	
—	— —	6. Ýmisleg gjöld	229,24	
—	VI. b.	3. Ýmisleg gjöld	761,12	
—	VII. b.	1. Húsnæði m. m.	800,00	
—	— —	3. Ýmiss kostnaður	1555,54	
—	VIII. 1. c.	3. Til eldiviðar og ljósa	2053,07	
—	— —	4. Ýmisleg gjöld	220,57	
—	— 2. c.	3. Til eldiviðar og ljósa	1766,86	
—	XI.	4. Húsaleiga, hiti, ljós o. fl.	300,00	
—	XIII.	4. Til prófdómara við barnapróf	2409,75	
—	XVII.	Til kenslu heyrnar- og málleysingja	13299,10	
				85147,50

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Til vísinda, bókmenta og lista.

Við	5. a.	Til eldiviðar, ljósa o. fl.	2117,60	
		Flyt	2117,60	633598,21

		kr.	kr.
	Flutt	2117,60	633598,21
Við 5. b.	Til viðhalds og áhalda	1626,49	
— 38.	Til veðurathugana og veðurskeyta	309,56	
	Til að gera eirsteypu af minnismerki Einars Jónssonar um Hallgrím Pjetursson. Endurveiting...	1425,00	
			5478,65
	8. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:		
	Til verklegra fyrirtækja.		
Við 13. e.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna		2598,46
	9. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:		
Óviss útgjöld og gengismismunur			115581,24
		Samtals kr.	757256,56

Nd. 385. Tillaga

til þingsályktunar um kaup á snjódreka og bifreiðum.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði alt að 25 þúsund krónum til kaupa á snjódreka ásamt öflugri bifreið, og ennfremur alt að 10 þúsund krónum til kaupa á belta-bifreið, ef líkur eru til, að hún komi að verulegu gagni.

Nd. 386. Breytingartillaga

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson og Tryggvi Þórhallsson.

Við 30 gr.

a. Fyrir »1/3« í fyrsta málslið kemur: 1/2.

b. Á milli fyrsta og annars málsliðs kemur inn nýr málsliður, svo hljóðandi:
Af verðbrjefaeign bankans skal að minsta kosti 1/2 vera í jarðræktarbrjefum; skulu vextir af þeim brjefum vera 1/4% hærri en sparisjóðsvextir eru á hverjum tíma.

Nd. **387. Tillaga**

til þingsályktunar um kaup á jörðinni Hlíðarenda í Fljótshlíð.

Flutningsm. Klemens Jónsson.

Alþingi ályktar að gefa ríkisstjórninni heimild til þess að kaupa jörðina Hlíðarenda í Fljótshlíð fyrir 12—14000 krónur.

Greinargerð.

Jörðin Hlíðarendi í Fljótshlíð er ein hin frægasta og kunnasta jörð hjer á landi, einkum meðal útlendinga, og það svo, að þeir gera sjer sumir ferð hingað eingöngu til þess að sjá hið nafnkunna heimili Gunnars. En vonbrigði þeirra hljóta að vera mikil, því hús jarðarinnar eru á engan hátt henni samboðin, og gisting þar lítt mögnleg. Það þykir því vel við eigandi, að ríkið eignist jörðina og hýsi þar eftir sæmilega. Þingvallanefndin hefir líka lagt með því, að ríkið eignist jörðina. Eigandi jarðarinnar er fús á að selja jörðina, ef um semst.

Ed. **388. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

Flutningsm.: Sig. Eggerz.

Þessar breytingar skal gera á eftirtöldum greinum laga nr. 22, 6. okt 1919, um hæstarjett, 6. gr., 38. gr., 45. gr., 53. og 54. gr.

1. gr.

Við 6. gr. Í stað orðanna »dómari (bæjarfógeti) — — landsins« komi: hjeraðsdómari.

2. gr.

Við 38. gr. 2. töluliður orðist svo:

Ef rjetturinn leyfir það, enda hafi að minsta kosti annar aðilja eða umboðsmanna óskað þess.

3. gr.

Við 45. gr. Á eftir 3. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú gerir einhver dómaranna ágreiningsatkvæði, og á hann þá heimting á því, að það verði birt í dómasafni rjettarins ásamt dóminum.

4. gr.

Við 53. gr. Greinin falli burt.

5. gr.

Við 54. gr. Greinin falli burt.

6. gr.

Alstaðar í lögum nr. 22 frá 1919 kemur í stað orðsins »dómstjóri«: forseti.

7. gr.

Lög nr. 37, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett, eru úr gildi numin.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Með lögum nr. 37, 4. júní 1924, var aðallega vegna sparnaðar ákveðið svo, að í hæstarjetti skyldu aðeins eiga sæti 3 dómarar, hæstarjettarritaraembættið var lagt niður, og enn var svo ákveðið, að rjetturinn skyldi sjálfur velja sjer forseta. Ýmsar smábreytingar voru auk þess gerðar á lögunum frá 6. okt. 1919 um hæstarjett. Rjett er að taka fram, að breytingar þær, sem gerðar voru á skipulagi rjettarins, hafa ekki komið til framkvæmda enn, og hefir því ekkert sparast á þeim. Öllum mun nú ljóst, að dómsvaldið er einn af þeim hyrningarsteinum, sem núverandi þjóðskipulag hvílir á. Meðan vjer urðum að sækja æðsta úrskurð í málum vorum til hæstarjettar í Danmörku, var það ein af heitustu óskum þessarar þjóðar að fá æðsta dómsvaldið inn í landið. Nú er þessari ósk fullnægt. En þá er að gæta þess, að sem vandlegast sje búið um þetta undirstöðuatriði þjóðfjelagsins. Þar sem nú eru aðeins 2 dómstig í landinu, þá þykir ekki mega hafa færri dómara í rjettinum en 5. Þá virðist og sjálfsagt, að dómsforsetinn verði, eins og hingað til hefir átt sjer stað, skipaður af konungi, enda gæti val forsetans valdið ágreiningi innan rjettarins, en það yrði að telja óheppilegt. Þá virðist og eðlilegast, eftir fyrirmyndum annarsstaðar frá, að hæstarjettarritaraembættinu verði haldið.

Ef frv. þetta verður samþykt á þessu þingi, þá kemur hið nýja skipulag samkv. lögunum frá 1924 ekki til framkvæmda, enda virðist enginn vafi á því, að það skipulag mundi veikja rjettaröryggið í landinu.

Nd. **389. Frumvarp**

til laga um lærða skólann í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í hinum lærða skóla skulu nemendur fá nauðsynlega undirstöðukunnáttu undir æðra nám og þann þroska, sem þarf til þess að leggja stund á vísindi í háskólum og öðrum æðstu lærdómsstofnunum.

2. gr.

Viðtöku í skólann fá engir, sem yngri eru en 13 ára, engir, sem haldnir eru af næmum sjúkdómum eða öðrum kvillum, sem eru hættulegir öðrum, engir nema óspilt mannorð hafi og engir nema þeir sýni kunnáttuvottorð frá kennara eða skóla.

Hver sá, er vill fá inntöku í 1. bekk, verður að standast kunnátturaun í íslenskri tungu og íslenskum stíl og helstu málfræðiatriðum, í reikningi, munnlega og skriflega, og sögu Íslands og sýna, að hann skilji sæmilega sænsku eða ríkisnorsku eða dönsku og geti gert ljettan stíl. Skrifa skal hann og læsilega.

Hver sá, er lokið hefir hliðstæðu námi í öðrum skóla eða öðlast sömu þekking undir handleiðslu og tilsögn hæfs manns, má ganga undir inntökupróf í þann bekk skólans, er samsvarar þekkingu hans og þroska, enda fullnægi hann öðrum settum skilyrðum. Skal hann þá sýna vottorð um nám sitt og ganga undir próf á sama hátt og nemendur skólans.

3. gr.

Í hverjum bekk skólans skal hafa vorpróf á hverju ári, en lokapróf efsta bekkjar er stúdentspróf. Hafa má einnig miðsvetrarpróf í hverjum bekk.

Við öll vorpróf skulu vera tveir prófdómarar í hverri grein: kennari í þeirri grein, sem reynt er í, og einhver annar kennari skólans eða maður, skipaður af kenslumálaráðuneytinu.

4. gr.

Skólaárið skal telja frá 1. október, og eru þessi leyfi lögboðin:
Sumarleyfi 1. júlí til 30. september.
Jólaleyfi 23. desember til 2. janúar.
Öskudagurinn.
Páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skirdag til þriðja í páskum.
Hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðja í hvítasunnu.
Sumardagurinn fyrsti.
Afmælisdagur konungs, 17. júní og 1. desember.
Öðrum leyfum ræður skólastjóri.

5. gr.

Kensluna annast kennarar, sem fullnægja skilyrðum þessara laga. Þeir skulu vera svo margir, að enginn þeirra þurfi að kenna meira en 24 stundir á viku, en skólastjóri 12. Skulu þeir vera skipaðir embættismenn (sbr. þó 6. gr.) Stundakennara má taka í viðlögum og um skamman tíma.

Heimilt er að veita þeim föstum kennurum, sem hafa verulega aukavinnu við leiðrjetting skriflegra úrlausna, 1--3 stunda eftirgjöf á skyldustundum á viku.

6. gr.

Krefjast skal af kennurum, er skipaðir vilja verða, að þeir hafi staðist kunnátturaun í kenslugreinum sínum í einhverjum háskóla, er kenslumála-

ráðuneytið telur fullgildan, eða sýni með öðrum hætti, að þeir sjeu starfanum vaxnir, að þeir sjeu ekki haldnir af næmum sjúkdómum og að þeir hafi með eins árs reynslu sýnt, að þeir hafi þá kennarahæfileika og þá skapshöfn, sem kennurum er nauðsynleg.

7. gr.

Skólastjóri skal ráða lækni handa skólanum með samþykki kenslumálaráðherra. Skólalæknir skal skoða alla nemendur að haustinu og gæta þess, að enginn sje í skólanum haldinn þeim sjúkdómum, sem hætt er við, að hann beri á skólasystkin sín, og skoðunargerð skal hann hafa á miðjum vetri og auk þess hvert sinn, er hann telur þörf á.

8. gr.

Laun skólastjóra og kennara eru ákveðin í launalögum, lækni skal borga eftir samkomulagi.

Hver fastur kennari skólans skal hafa leyfi frá kenslustörfum 10. hvert ár með fullum launum, og ráðstafar skólastjóri kenslu hans á meðan, á ríkisins kostnað.

9. gr.

Heimavistir skulu vera við skólann fyrir ekki færri en 50 nemendur. Skulu þeir njóta þar ókeypis húsnæðis, ljóss og hita. Forgangsrjett til heimavistar hafa þeir nemendur að öðru jöfnu, sem búa utan Reykjavíkur.

10. gr.

Yfirstjórn skólans er í höndum kenslumálaráðuneytisins, er gerir allar meiri háttar ráðstafanir áhrærandi skólann eftir tillögum skólastjóra og kennarafundar.

Að öðru leyti stjórnar skólastjóri skólanum í samráði við kennarana, er hann kveður til fundar, þá honum þurfa þykir.

11. gr.

Ákvæði 9. gr. um heimavistir skulu koma til framkvæmda eigi síðar en haustið 1928. Þangað til skal greiða nemendum, er inntöku fá í skólann samkvæmt þessum lögum og njóta ættu heimavistar, húsaleigustyrk svo að skaðlausir sjeu.

12. gr.

Skólastjóri semur skólafyrirsögn með ráði kennarafundar og samþykki kenslumálaráðuneytisins. Í skólafyrirsögn eru fyrirmæli um:

kenslu í skólanum,
próf og flutning milli bekkja,
inntökupróf,
kenslutíma,
framferði og aga,
skyldur skólastjóra og kennara,
afskifti yfirstjórnar skólans.

13. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda í viðtöku nýsveina í 1. bekk 1927 og færast með þeim bekkjarsveinum smám saman yfir allan skólann, jafnóðum sem þeir útskrifast, sem nú eru í skólanum.

Nd. **390. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um fyrirhleðslu fyrir Þverá.

Frá samgöngumálanefnd.

Samgöngumálanefnd hefir haft tillögu þessa til athugunar og haft tal af vegamálastjóra um málið. Hann telur allar bráðabirgðaráðstafanir til varnar skemdum af völtnum þeim hinum miklu, er falla milli Fljótshlíðar og Eyjafjalla, kák eitt. Þar þurfi að gera svo öflugar og viðtækar ráðstafanir, að hægt sje annars vegar að komast óhindrað yfir vatnsföllin, og hins vegar búa svo tryggilega um, að ekkert tjón geti af þessu orðið, hvorki að austan undir Eyjafjöllum eða í Landeyjum nje að vestanverðu (af Þverá). Þetta er einnig skoðun nefndarinnar. Hún telur því, að tillagan sje í rauninni gagnslítil, því fjárupphæð sú, sem þar er heimiluð, eða jafnvel þótt hún væri hærri, eins og hv. atvinnumálaráðherra hefir haft góð orð um að veita, mundi, eins og til hagar þar eystra, aðeins ná til að hindra að einhverju leyti framrás Markarfljóts í Þverá, en engan veginn hrökkva til annara ráðstafana, er nauðsynlegar kynnu að verða til að forða skemdum í Landeyjum, ef vatnsmagnið í Affallinu og álunum ykist að mun, sem sjálfsagt yrði, væri vatninu bægt úr Þverá, og undir Eyjafjöllum, er vatnsmagnið í Markarfljóti yxi.

Nefndin vill þó ekki mæla á móti tillögunni, en væntir þess þó, að fjárupphæðin verði ekki notuð á yfirstandandi ári, nema sýnilegt sje, að hún geti borið einhvern verulegan árangur. Hinsvegar telur nefndin alveg nauðsynlegt að láta nú þegar á þessu ári fram fara nákvæma rannsókn á öllu ástandinu eystra og semja nákvæmt og glögt álit um, hvernig verkið skuli framkvæmt, svo að þeim tvöfalda tilgangi, sem minst er á hjer að framan, verði náð. Þessar áætlanir ættu svo að leggjast fyrir sýslunefnd Rangárvallasýslu, og að síðustu fyrir þingið.

Vegamálastjóri hefir verið spurður um, hvort hann mundi geta verið búinn með þessar rannsóknir og áætlanir fyrir næsta Alþingi, og hefir hann talið svo vera, en hann býst við að þurfa á einhverri aukaaðstoð að halda, og mætti þá greiða kostnað við hana af þeirri upphæð, sem í tillögunni er heimiluð.

Nefndin leggur því til, að þingsályktunartillagan verði samþykt með eftirfylgjandi

VIÐAUKA.

Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að láta rannsaka og gera áætlanir um fullkomna fyrirhleðslu til varnar skemdum af Markarfljóti og nálægum vatnsföllum, svo og um þau mannvirki, er nauðsynleg eru til varnar farartálma af þeim, og leggja þær, að fengnu áliti sýslunefndar Rangárvallasýslu, fyrir næsta Alþingi.

Alþingi, 20. apríl 1926.

Jón A. Jónsson, form. Kl. Jónsson, fundaskr. og frsm.

Jón Kjartansson. Sv. Ólafsson. Hákon J. Kristófersson.

Nd. **391. Frumvarp**

til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 67, með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Kjörstjórn úrskurðar um kjörgengi til bæjarstjórnar, borgarstjóra (bæjarstjóra) og hreppsnefnda. Skjóta má úrskurði kjörstjórnar til hreppsnefndar í hreppum og bæjarstjórnar í kaupstöðum. Hreppsnefnd og bæjarstjórn úrskurðar, hvort aðili hafi mist kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn eða víkja honum frá starfanum. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndaroddvita og úrskurði bæjarstjórnar til atvinnumálaráðherra.

Sýslunefnd úrskurðar þau atriði, sem í 1. málsgr. segir, ef sýslunefndarmaður á hlut að máli.

Ef manni er vikið úr sýslunefnd eða bæjarstjórn, þá getur hann borið málið undir atvinnumálaráðherra.

Úrskurði sýslunefndaroddvita og atvinnumálaráðherra eftir þessari grein má skjóta til dómstólanna.

5. gr. hljóðar svo:

Í kaupstöðum skal bæjarstjórn vera skipuð 6—15 bæjarfulltrúum, er kosnir sjeu til 6 ára í senn. Atvinnumálaráðherra ákveður tölu í hverjum kaupstað samkvæmt tillögum bæjarstjórnar. Helmingur bæjarfulltrúa fer frá á hverjum 3 ára fresti, ef tala þeirra er jöfn, en ef tala þeirra stendur á stöku, fer meiri hlutinn frá hið fyrra skiftið, en minni hlutinn hið síðara.

Nú fer maður úr bæjarstjórn áður en kjörtími hans er liðinn, og skal þá kjósa í stað hans fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

9. gr. hljóðar svo:

Hverju sinni er kjósa skal hreppsnefndarmenn, bæjarfulltrúa eða borgarstjóra (bæjarstjóra), skal kjósa kjörstjórn. Hreppsnefndaroddviti í hreppum og borgarstjóri (bæjarstjóri) í kaupstöðum er formaður kjörstjórnar. Og auk þess kýs hreppsnefnd og bæjarstjórn 2 menn úr sínum flokki í hana. Nú eru nefndarmenn 3, og eru þeir þá sjálfkjörnir. Er kjósa skal borgarstjóra (bæjarstjóra), kýs bæjarstjórn formann kjörstjórnar úr flokki bæjarfulltrúa.

Í hreppum skal geta kosningar í hreppsfundarboði. Ef leynileg kosning hefir verið ákveðin, skal hreppsnefnd auglýsa það viku fyrir kjörfund. Í kaupstöðum auglýsir kjörstjórn kjörfund, stað og stund með hæfilegum fyrirvara, í blöðum eða með þeim hætti, er almennar auglýsingar eru þar birtar á staðnum.

1. málsgr. 11. gr. hljóðar svo:

Skrá skal á lista nöfn þeirra fulltrúaefna, sem stungið er upp á. Lista skal afhenda oddvita kjörstjórnar eigi síðar en á hádegi 14 dögum á undan kosningu, og skal oddviti gefa vottorð um móttöku listans. Undir hverjum lista skulu vera skráð nöfn meðmælenda, sem ekki sjeu færri en 20, ásamt stöðu þeirra og heimili.

1. málsgr. 15. gr. hljóðar svo:

Kosningarathöfn hefur á því, að oddviti skýrir frá, hverjir sjeu í kjörstjórn, hve marga eigi að kjósa í bæjarstjórn og hverja lista hann hafi fengið samkv. 11. gr. Hann sýnir atkvæðakassann, svo að það sjáist, að hann sje tómur, og lokar honum síðan. Án leyfis kjörstjórnar mega ekki vera í kjörstofu með henni aðrir en fulltrúaefni, 2 umboðsmenn fyrir hvern lista, og kjósendur, er koma og fara.

3. málsgr. 17. gr. hljóðar svo:

Kjörseðill verður ógildur, ef sýnt þykir, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista, skrifað nafn sitt á seðilinn, sett á hann strik, rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má, að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan.
3. notað annan seðil en kjörstjórn hefir afhent honum.

Upphaf 22. gr. hljóðar svo:

Nú hefir leynileg kosning verið ákveðin samkv. 21. gr., og skal kjörstjórn þá hafa til hæfilega marga kjörseðla, alla jafnstóra, með sama lit, gerða úr strikuðum pappír þannig:

1. málsgr. 25. gr. hljóðar svo:

Kjörseðill er ógildur, ef einhver merki hafa verið sett á hann, sem

ætla má, að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum, eða ef annar seðill er notaður.

Nd. **392. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um björgunar- og eftirlitsskipið »Þór«.

I. Frá *Jakob Möller.*
Orðin: »enda leggi bæjarsjóður Vestmannaeyjakaupstaðar árlega fram 25 þúsund krónur til útgerðar skipsins« falli burt.

II. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Fyrir »25 þúsund« komi: 10 þúsund.

III. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Fyrir »25 þúsund« komi: 15 þúsund.

Ed. **393. Þingsályktun**

um rannsókn á veg- og brúarstæðum á Norður- og Austurlandi.

(Afgreidd frá Ed. 21. apríl).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta nú í sumar fara fram rannsókn á því, hve mikið myndi kosta að gera akveg með tilheyrandi brúm á þeim leiðum, sem hjer eru tilgreindar, og leggja niðurstöðuna fyrir næsta Alþingi.

1. Frá Hellisheiði um láglendi Vopnafjarðar yfir Selá.
2. Frá Þórshöfn yfir Þistilfjörð að Garði.
3. Frá Kópaskeri að mynni Ásbyrgis.
4. Frá Breiðumýri yfir Fljótsheiði og Skjálfandafljót að Fnjóskárbrú.

Nd. **394. Nefndarálit**

um frv. til laga um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta var borið fram í Ed. og fer fram á það að útvega bæjarsjóði Siglufjarðar tekjustofn, til að standast kostnað við bygging sjóvarnargarðs. Hefir nefndin athugað frv. og leggur hún til, að það verði samþykt.

Alþingi, 21. apríl 1926.

Jón Kjartansson, form. Árni Jónsson, fundaskr. Pjetur Ottesen,

Jón Baldvinsson, frsm. Pjetur Þórðarson,

Nd. **395. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og meiri hluti hennar (J. K., P. O. og P. Þ.) telur rjett að samþykkja frv. Hinir nefndarmennirnir (Á. J. og J. Bald.) hafa óbundin atkv.

Alþingi, 21. apríl 1926.

Jón Kjartansson, form. Pjetur Þórðarson, frsm. Pjetur Ottesen.

Jón Baldvinsson. Árni Jónsson, fundaskr.

Nd. **396. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Flutningsm.: Sigurj. Jónsson, Jörundur Brynjólfsson, Pjetur Ottesen, Jón Sigurðsson, Pjetur Þórðarson, Sveinn Ólafsson, Hákon Kristófersson.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í kaupstöðum landsins, sem hafa 4000 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemtanir, sem aðganga er seld að.

Ed. **397. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um gróðaskatt.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir klofnað um þetta mál. Meiri hlutinn vill ekki aðhyllast hugmynd þá, er felst í frv., um að stóreignir og stórgróði leggi nokkuð af mörkum árlega til þess að rækta og byggja landið, og mun því leggja til að frv. verði felt.

Minni hlutinn aftur á móti lítur svo á, að stefna frv. sje í alla staði

rjettmæt og að með frv. sje bent á þá líklegustu leið, sem enn hefir verið bent á til þess að fá fje til ráðstöfunar því að gera hinum fátækari hluta þjóðarinnar mögulegt að stofna heimili utan kaupstaða og kauptúna.

Hinsvegar viðurkennir minni hlutinn, að orkað geti tvímælis, hvort skattstigi sá, sem ákveðinn er í frv., sje sá rjetti, og vill því til samkomulags lækka skattinn allmikið frá því, sem þar er gert ráð fyrir, en sjer ekki ástæðu til að breyta skattstiganum að öðru leyti.

Leggur því minni hlutinn til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum »sjerstakan gróðaskatt« komi: og eignarskatt.
2. 3. gr. orðist þannig:

I. Skattgjald af tekjum, er um ræðir í 1. og 2. gr., reiknast þannig af allri skattskyldu upphæðinni:

Af	15000	kr.	til	20000	greiðist	10	kr.	af	hverju þús.
—	20000	—	—	30000	—	20	—	—	— —
—	30000	—	—	40000	—	30	—	—	— —
—	40000	—	—	50000	—	40	—	—	— —
—	50000	—	—	60000	—	50	—	—	— —
—	60000	—	—	70000	—	60	—	—	— —
—	70000	—	—	80000	—	70	—	—	— —
—	80000	—	—	90000	—	80	—	—	— —
—	90000	—	—	100000	—	90	—	—	— —
—	100000	—	eða meira		—	100	—	—	— —

II. Af skuldlausri eign, sem er 50 þús. eða meira, greiðir hver gjaldþegn sjerstakan eignarskatt, 5 kr. af hverju þúsundi.

3. Fyrirsögn frv. verði:
Frumvarp til laga um sjerstakan gróða- og eignarskatt.

Alþingi, 20. apríl 1926.

Jónas Jónsson, frsm. Ingvar Pálmason.

Ed. **398. Frumvarp**

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að veita guðfræðikandídat Sveinbirni Högnasyni embætti á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að veita guðfræðikandídat Sveinbirni Högnasyni embætti á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **399. Lög**

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

(Afgreidd frá Ed. 21. apríl).

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabrjef, alt að 10 miljónum króna. Vaxtabrjefunum má skifta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 5. flokkur veðdeildarinnar og hinir í áframhaldandi tölurröð þar á eftir. Fjármálaráðherra ákveður, hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefir gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki fjármálaráðherra, að hafa 2 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hvor flokkur þá vera stærri en 3 miljónir króna. Fyrstu fjögur árin eftir að 5. flokkur er settur á stofn veitist tillag til þessara veðdeildarflokka úr ríkissjóði, 8000 kr. á ári.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabrjefanna. Fjármálaráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabrjefin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabrjefum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabrjefum.

3. gr.

Auk veðskuldabrjefa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabrjefum þessara flokka vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggínganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabrjefunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og

öðrum sköttum. Svo á hún rjett til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fje veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verslunarstöðum, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær sjeu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda.

Lánsupphæð má ekki fara fram úr $^{3}/_{5}$ af virðingarverði fasteignarinnar.

Ennfremur er heimilt að veita lán bæjar-, sýslu- og sveitarfjelögum.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sú er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gild fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhjeraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarflokkanna skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar. Skal í reglugerð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti. Minsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera alt að 40 árum, sje veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og alt að 30 árum, sje veðið vandað timburhús. Sje lánið bæjarlán, sýslulán eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall.

Veðdeildin hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum kostnaði.

Semja má um sölu bankavaxtabrjefa þessara flokka fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki fjármálaráðherrann söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskifti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

Verði eigendaskifti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi þegar um leið og kaupin gerast tilkynna veðdeildinni eigendaskiftin.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sjer greiðslu á láni úr þessum flokkum, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sjer, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrjett sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sjer.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sjer, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er $^1/_2$ % á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó svo, að ávalt standi á 100 krónum, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum hlutaðeigandi flokks eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sje veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr.

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti af afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabrjef þau, er hlutaðeigandi veðdeildarflokkur hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef í stærra stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rjett hafa handhafar brjefanna, þótt eigi sjeu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankasfjórnin innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að brjefin sjeu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. -- Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

20. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu deildarinnar, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

21. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugerð veðdeildarflokkanna skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómsskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en skráðu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsett verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokað er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiftist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti rjettrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefir þaðan aflast.

25. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á alt að 3 miljónum króna í bankavaxtabrjefum, er gefin verða út samkvæmt lögum þessum. Vaxtabrjef þau, er ríkisstjórnin kaupir samkvæmt þessu, skulu vera flokkur út af fyrir sig, og skal haga vöxtum brjefanna, verði þeirra og tímalengd útlána úr flokknum eftir lánskjörum þeim, er ríkissjóður fær, svo að hann verði skaðlaus af.

Verði ríkissjóður fyrir gengistapi af þessum viðskiftum, skal varasjóður flokksins, er skuldbindingum hans verður lokið að öðru leyti, ganga til þess að endurgreiða ríkissjóði slíkt tap.

26. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. Fyrir bókfærslu, reiknings-

hald og til annars nauðsynlegs kostnaðar má greiða alt að 8000 krónum. Til endurskoðenda má verja 500 kr. til hvors.

27. gr.

Lög þessi ganga í gildi nú þegar.

Ed. **400. Lög**

um viðauka við lög nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

(Afgreidd frá Ed. 21. apríl).

1. gr.

Aftan við 9. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Frá því stjórnarráðið hefir ákveðið, að gera skuli skipulagsuppdrátt og til þess honum er lokið, skal bæjar- eða hreppsstjórn skylt að leita umsagnar skipulagsnefndar um öll meiri háttar skipulagsatriði, svo sem nýjar götur og opin svæði, opinberar byggingar og meiri háttar mannvirki, sem áformað er að gera, svo framarlega, sem vafi getur leikið á, hvar eða hvernig þau skuli sett. Ef ekki næst samkomulag milli bæjar- eða hreppsstjórnar og skipulagsnefndar um einhver atriði, má ekki byrja á verkinu fyr en fenginn er úrskurður stjórnarráðsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **401. Frumvarp**

til laga um afnám laga nr. 21, 4. júní 1924, og breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914 *[Sauðfjárbaðanir]*.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Lög nr. 21, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir, eru úr gildi numin.

2. gr.

3. og 4. gr. laga nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir, eru úr gildi numdar.

Ed. **402. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1927.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 7. gr.	I. 3. (Vextir af enska láninu). Liðurinn hækki um 10000 kr.	
2.	— 11. —	A. 8. Liðinn skal orða svo: Til landhelgisgæslu, gegn 125000 kr. framlagi úr landhelgissjóði	250000
3.	— 11. —	B. 2. (Brunaábyrgðar- og fasteignagjald). Fyrir »25000« kemur	18000
4.	— 12. —	3. (Skúli Guðjónsson). Liðurinn fellur niður.	
5.	— 12. —	19. r. (Haraldur Sigurðsson). Liðurinn fellur niður.	
6.	— 13. —	B. II. a. 1. Nýr liður: Stykkishólmsvegur	15000
7.	— 13. —	B. II. a. 4. Nýr liður: Langadalsvegur...	10000
8.	— 13. —	B. IV. (Brúargerðir). Fyrir »234000« kemur	224000
9.	— 13. —	B. VIII. 2. Fyrir »Til sýslusjóðsvega eftir lögum nr. 9, 1923« kemur: Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10, 1923.	
10.	— 13. —	B. X. (Ferja á Hrosshyl). Liðurinn fellur niður.	
11.	— 13. —	B. XI. (Vörubifreiðaferðir). Fyrir »Húsatóftum« kemur: Sandlæk.	
12.	— 13. —	B. XIII. Nýr liður. Styrkur til húsabóta á Hlíðarenda í Fljótshlíð	2000
		Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að eigandi og ábúandi geti hýst að sumarlagi 6—7 manns. Kaupi ríkissjóður Hlíðarenda á næstu 10—15 árum, skal styrkupphæðin dragast frá verði jarðarinnar.	
13.	— 13. —	D. II. (Símalagningar). Fyrir »330000« kemur	315000
14.	— 14. —	A. b. 4. Við liðinn kemur þessi athugasemd: Ef fje sparast á þessum lið vegna þess að prestaköll eru laus, er kirkjustjórninni heimilt, samkvæmt tillögu prestastefnu, að verja alt að einum prestslaunum til þess að greiða ferðakostnað handa prestvígðum manni, einum eða fleirum, til eflingar	

andlegri samvinnu meðal presta og kristilegra áhrifa á söfnuði úti um land.

15. Við 14. gr. B. XII. 1. d. (Kvennaskólinn í Reykjavík). Nýr liður.
Til endurnýjunar húsbúnaði og rúmfatnaði 5000

16. — 14. — B. XIII. 7. (Helgi Hjörvar).
Liðurinn fellur niður.

17. — 14. — B. XVIII. 4. (Sundlaugar).
a. Fyrir »hjeraðseign« kemur: til afnota fyrir almenning.
b. Fyrir »3000« kemur 5000

18. — 15. — 1. a. (Laun við landsbókasafnið).
Fyrir »21160« kemur 21285

19. — 15. — 3. g. (Menningarsaga).
Liðurinn fellur niður.

20. — 15. — 16.
Í stað orðanna »Lögum Íslands« kemur: lagasafni handa alþýðu.

21. — 15. — 19. c. Nýr liður.
Til hljómsveitar Reykjavíkur 2000

22. — 15. — 19. d. (Karl Runólfsson).
Fyrir »2500« kemur... 2000

23. — 15. — 19. e. (Þórarinn Jónsson).
Fyrir »3000« kemur... 2000

24. — 15. — 19. f. (Kaup á listaverkum).
Fyrir »4000« kemur... 2000

25. — 15. — 19. f. Nýr liður:
Til Haralds Björnssonar, til leiklistarnáms... 2000

26. — 15. — 19. i. (Jón Þorleifsson).
Fyrir »2500« kemur 2000

27. — 15. — 19. i. Nýr liður:
Til Gunnlaugs Blöndals málara 2000

28. — 15. — 19. j. (Einar Markan).
Fyrir »1900« kemur 2000

29. — 15. — 19. k. (Guðrún Indriðadóttir).
Fyrir »2500« kemur 2000

30. — 15. — 19. Nýr (20.) liður:
Til frú Bjargar Þorláksdóttur, í viðurkenningarskyni 2500

31. — 15. — 26. (Guðm. Finnbogason).
Liðurinn fellur niður.

32. — 15. — 30. (Páll Þorkelsson).
Fyrir »500« kemur 800

33. — 16. — 3. (Búnaðarfjelög).
Athugasemdin fellur niður.

34. — 16. gr. 20. Liðinn skal orða svo:
Til hafnarbóta í Ólafsvík 20000

35. Við 16. gr. 21. (Öldubrjótur í Bolungarvík).
Liðurinn fellur niður.
36. — 16. — 27. (Samb. ísl. heimilisiðnaðarfjel.)
Athugasemdin fellur niður.
37. — 16. — 35. a—c. (Eftirgjafir lána).
Liðurinn fellur niður.
5. gr. 3. breytist samkvæmt því.
38. — 16. — 39. Nýr liður.
Til Bjarna Magnússonar í Stykkishólmi, uppbót í eitt skifti á fangavarðarlaun 1000
39. — 17. — 5. Liðurinn skal verða þannig:
Til sjúkrasamlags Reykjavíkur, til að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga í landinu og til að stofna ný sjúkrasamlög 2000
40. — 18. — II. g. 7. Nýr liður.
Til Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu 1000
41. — 18. — II. i. 7. (Þórunn Gísladóttir).
Fyrir »300« kemur 500
42. — 18. — II. i. 15. (Vigfús Sigurðsson).
Á undan »vitavarðar« kemur: fyrrum.
43. — 18. — II. i. 23. Nýr liður:
Til Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti 400
44. — 22. — 7. (Bogi Þórðarson).
Liðurinn fellur niður.
45. — 22. — 7. Nýr liður:
Alt að 12000 kr. til Boga sýslumanns Brynjólfssonar, til embættisbústaðar, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda. Lánið veitist til 20 ára, gegn 6% vöxtum, og endurgreiðist með jöfnum greiðslum á hverju ári.

Nd. **403. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til virkjunar Dynjandisár og annara fallvatna í Arnarfirði o. fl.

I. Frá *Sveini Ólafssyni.*
1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Ekki má framselja sjerleyfi samkvæmt lögum þessum til handa útlendum mönnum eða fjelögum, nema samþykki Alþingis komi til.
2. Við 4. gr.
Fyrir »60« komi: 50.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Sjerleyfishafi skal undanþeginn tekjuskatti til ríkissjóðs og aukaútsvari til sveitar. Í þess stað skal hann greiða fast sjerleyfisgjald, 3 kr. af hverju nothæfu hestafli, sem hverju sinni er virkjað, fyrstu 3 árin, en þaðan af 4 kr. af hestafli, með sama hætti. Gjaldið fellur að $^2/_3$ í ríkissjóð, en að $^1/_3$ til hreppa þeirra, er virkjan og iðjuver snerta.

II. Frá *fjárhagsnefnd.*

Við 5. gr.

a) Í stað »öðrum gjöldum« í fyrsta málslið komi: öðrum samskonar gjöldum.

b) Orðin »eftir að mannvirkjunum, sbr. 1. og 6. gr., er lokið« falli niður.

c) Aftan við greinina bætist:

Gjald þetta skiftist þannig milli ríkissjóðs og sveitarsjóðs, að ríkissjóður hlýtur tvo þriðju hluta, en sveitarsjóður þriðjung. Ef fyrirtækið er útsvarsskylt í fleirum en einum hreppi, skiftist sveitarsjóðshlutinn milli þeirra í hlutfalli við fólksfjölda.

Sú raforka, sem seld er til almennings samkvæmt sjerleyfislögum, skal þó undanþegin þessu árgjaldi.

III. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Jóni A. Jónssyni.*

Eftir 5. gr. komi ný grein, er verður 6. gr., svo hljóðandi:

Um sölu á raforku til almennings fer eftir sjerleyfislögum, og skal þó verð árshestorkunnar ekki fara fram úr 50 krónum.

Greinatalan breytist samkv. því.

IV. Frá *Sveini Ólafssyni.*

Við 6. gr.

a) Fyrir »4« komi: 3.

b) Fyrir »Rjett er ráðherra . . . . . fresti þessa« komi: Ráðherra getur lengt 3 ára frestinn í 4 ár, ef nauðsyn krefur. En sjerleyfið fellur úr gildi, ef virkjun er ekki hafin áður 4. ár er liðið.

c) Á eftir 6. gr. komi ný 7. gr., þannig:

Sjerleyfishafi skal afhenda ríkisstjórninni 100000 kr. um leið og sjerleyfi er út gefið, til tryggingar því, að efndir verði á virkjun og sjerleyfisskilyrðum. Fellur fjeð til ríkissjóðs með öllum vöxtum, ef virkjun hefst ekki á umsömdum tíma eða er ekki lokið áður 7 ár líða. Ella endurgreiðist það með vaxtaviðauka, er skilyrðum 6. gr. er fullnægt.

Greinatalan breytist eftir niðurstöðu atkvæðagreiðslu.

V. Frá *fjárhagsnefnd.*

Eftir 7. gr. komi ný grein, er verður 8. gr.:

Nú er heimild sú, er felst í lögum þessum, ekki notuð innan ársloka 1928, og falla þá lögin úr gildi.

Nd. **404. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um útrýming fjárkláða.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Fyrri málsliður orðist svo:
   Böðun á sauðfje til útrýmingar fjárkláða skal fram fara um land alt í árslok 1928 og ársbyrjun 1929.
2. Við 3. gr. 2. og 3. málsgrein orðist svo:
   Kostnað allan við eftirlit með böðuninni greiðir ríkissjóður, og auk þess $^2/_3$ hluta andvirðis baðlyfja og $^2/_3$ hluta flutningskostnaðar á hafnir. Allan annan kostnað við útrýmingarböðunina greiða fjáreigendur eftir fjártölu, og annast hreppsnefndir og bæjarstjórnir innheimtu. Gjald þetta má taka lögtaki.

Nd. **405. Lög**

um sölu á kirkjujörðinni Snæringsstöðum í Vatnsdal.

(Afgreidd frá Nd. 23. apríl).

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja hreppsnefnd Áshrepps kirkjujörðina Snæringsstaði í Vatnsdal.

2. gr.

Um söluna fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Ed. **406. Frumvarp**

til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

A. Kvennaskólinn í Reykjavík.

1. gr.

Ríkið tekur að sjer kvennaskólann í Reykjavik, og skal hann framvegis að öllu leyti rekinn á kostnað ríkissjóðs.

Sjóður kvennaskólans, sem upphaflega var myndaður af samskotum, skal framvegis ávaxtast þannig, að $^1/_4$ hluti vaxtanna leggist árlega við höfuð-

stólinn, en $^3/_4$ hlutar þeirra gangi jafnótt til rekstrar skólans. Allar aðrar eignir skólans, kensluáhöld, rúmfatnaður o. fl. fylgja honum.

Stjórnarráðið fær umráð þau yfir hinum sjerstöku sjóðum, er forstöðunefnd kvennaskólans hefir haft á hendi, nfl. styrktarsjóði hjónanna Páls og Thoru Melsteð, styrktarsjóði frú Elínar Briem Jónsson og verðlaunasjóði H. Th. A. Thomsens.

2. gr.

Ríkisstjórnin semur reglur fyrir skólann og hefir yfirstjórn hans á hendi.

3. gr.

Skólinn er miðaður við 4 ára nám og auk þess hússtjórnardeild í tveimur námsskeiðum.

4. gr.

Kenslugreinar skulu vera: Íslenska, danska, enska, saga, landafræði, stærðfræði, náttúrufræði, heilsufræði, hjúkrun, teiknun, skrift, leikfimi, söngur, útsaumur, ljereftasaumur, utanyfirfatasaumur, fatasnið, prjón og baldýring.

Í hússtjórnardeildinni skal kenna alt, er lýtur að hússtjórn, svo sem matargerð, þvott og meðferð á honum og önnur innanhússtörf. Ennfremur fá námsmeyjar tilsögn í efnasamsetningu fæðunnar og næringargildi hennar. Mikil áhersla skal lögð á hreinlæti, reglusemi, nýtni og sparsemi. Námsmeyjar í hússtjórnardeildinni skulu búa í skólanum.

5. gr.

Við skólann skal skipa forstöðukonu með 3000 kr. árslaunum, auk ókeypis bústaðar, ljóss, hita og fæðis meðan skólinn starfar, og að minsta kosti einn fastan kennara í bóklegum námsgreinum með 2000 kr. árslaunum, og stundakennara eftir þörfum. Ennfremur skal skipa forstöðukonu fyrir hússtjórnardeild skólans með 1500 kr. árslaunum, auk ókeypis bústaðar, ljóss og hita og fæðis meðan kenslan stendur yfir, og veita henni þá aðstoð við kensluna, er hún þarfnast.

Fastir kennarar skólans njóta dýrtíðaruppbótar eftir hinum almennu reglum um embættismenn ríkisins.

6. gr.

Skólagjald skulu námsmeyjar greiða svo sem verið hefir.

7. gr.

Skólaárið telst frá 1. október til 14. maí ár hvert, en að því er hússtjórnarkensluna snertir til 30. júní ár hvert.

8. gr.

Próf skal halda í lok hvers skólaárs og inntökupróf að haustinu.

B. Kvennaskólinn á Blönduósi.

9. gr.

Þá tekur og ríkið að sjer kvennaskólann á Blönduósi, og skal hann framvegis rekinn að öllu leyti á kostnað ríkisins.

Jafnframt afhenda sýslunefndirnar í Húnavatnssýslu ríkinu kvennaskóla hennar með öllum eignum hans, kvennaskólahúsinu, lóðarrjettindum, innanhúsmunum, sjóðum og öllu öðru, er skólanum tilheyrir.

10. gr.

Ríkisstjórnin semur starfsreglur fyrir skólann og hefir öll umráð hans, en sjer til ráðuneytis skipar hún 5 manna nefnd, og sje meiri hlutinn konur.

11. gr.

Kenslugreinar skulu vera hinar sömu, er nú eru kendar í skólanum, þangað til ný skipun kann að verða gerð með reglugerð.

12. gr.

Við skólann skal skipa forstöðukonu, hússtjórnarkenslukonu og 3 aðrar fastar kenslukonur, svo sem nú á sjer stað, og með sömu föstum launum og nú, að viðbættri dýrtíðaruppbót, sbr. niðurl. 5. gr. Auk þessa njóta þessir kennarar sem hingað til ókeypis bústaðar, ljóss, hita og fæðis meðan skólinn starfar.

13. gr.

Skólagjald skulu námsmeyjar greiða svo sem verið hefir.

14. gr.

Skólaárið telst frá 1. október til 14. maí ár hvert, en að því er hússtjórnarkensluna snertir til 30. júní ár hvert.

15. gr.

Próf skal halda í lok hvers skólaárs og inntökupróf að haustinu.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. sept. 1926.

Nd. **407. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðuneytinu er heimilað að veita hlutafjelagi, sem stofnað kann að verða

í því skyni, hlunnindi handa banka, er fjelagið stofnar í Reykjavík, þau er hjer segir:

a. Ef viðurkenning fyrir innláni glatast, getur bankinn kallað handhafa hennar með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar í blaði því, er flytur stjórnvalda-auglýsingar, með 6 mánaða fyrirvara að gefa sig fram við bankann, og ef enginn hefir gefið sig fram áður en tjeður frestur er liðinn, þá má bankinn greiða upphæðina þeim, sem viðurkenninguna hefir fengið frá bankanum, án þess nokkur annar, sem viðurkenningin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur bankanum.

b. Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanskilið kyrrsetningu og löghaldi.

c. Bankinn hefir sem handveðshafi rjett til þess að selja sjálfur veðið við opinbert uppboð, en að öðru leyti samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum um veð, 4. nóv. 1887, 1. gr.

d. Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs eða annara stofnana. Í þess stað skal bankinn gjalda í ríkissjóð hluta af hreinum ársarði sínum, sem ákveðst þannig:

Frá ársarðinum dragist fyrst hæfileg fjárhæð til afskriftar af væntanlegu bankahúsi og innanstokksmunum, þar næst beint áfallið tap bankans, enda samþykki eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum afskriftirnar, og síðast 10% af ársarðinum til varasjóðs og 5% af hlutafjárupphæðinni til hluthafaarðs.

Af því, sem fram yfir er, greiðist ríkissjóði:

5% af fyrstu 100 þús. kr.
10% af næstu 100 þús. kr.
25% af afganginum.

Hlunnindin samkvæmt lögum þessum haldast þann tíma, sem nú er eftir af hlunnindatíma Íslandsbanka samkvæmt lögum nr. 11, 7. júní 1902, og auglýsingu nr. 48, 25. nóv. 1903. Að þeim tíma liðnum nýtur bankinn bestu kjara, sem veitt kunna að verða einkabanka.

e. Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem útgefast af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar, hlutabrjef bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

2. gr.

Hlunnindi þau, sem ræðir um í 1. gr., ná einnig til útibúa þeirra, sem bankinn kann að setja á stofn.

3. gr.

Hlunnindi þau, sem í 1. gr., sbr. 2. gr., segir, eru þessum skilyrðum bundin:

a. Hlutafje bankans má eigi vera minna en 2 miljónir og eigi meira en 6 miljónir króna, og skulu að minsta kosti 55% hlutafjárins boðin út innanlands í þrjá mánuði eftir að lögin öðlast gildi. Meiri hluti bankastjórnar (bankaráðs) sje Íslendingar, búsettir á Íslandi.

b. Bankinn skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík.
c. Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo af þrem endurskoðendum bankans.
d. Bankinn skal jafnan hafa í auðseldum innlendum verðbrjefum, er ráðherra tekur gild, sem svarar minst 10% af innlánsfje því, er hann hefir hverju sinni, til tryggingar því.
e. Reikninga bankans skal birta opinberlega á þann hátt, sem leyfisbrjef segir til.
f. Bankinn má ekki lána fje gegn tryggingu í hlutabrjefum sjálfs sín.
g. Bankinn skal taka til starfa fyrir árslok 1927.
h. Ráðuneytið getur sett bankanum frekari skilyrði í leyfisbrjefinu, ef þörf þykir, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **408. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um verðtoll á nokkrum vörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

Með frumvarpi þessu er að því leyti gengið inn á nýja braut, að í stað þess að áður hefir aðeins verið um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, er hjer slept öllum tímaákvörðunum um gildi laganna. En jafnframt er tollurinn lækkaður.

Fjárhagsnefnd fellst á þessar ráðstafanir, en vill lækka tollinn dálítið meira, eða niður í 10%. Á hinn bóginn ætlast hún ekki til, að tekjur þær, sem hann gefur, rýrni, og leggur því til, að jafnframt verði niður feldar undanþágur þær, sem veittar hafa verið frá verðtolli á nokkrum vefnaðarvörutegundum. Má svo líta á, að þegar verðtollurinn er kominn í 10%, verði hann ekki mjög tilfinnanlegur af hinum ódýrustu tegundum. Er látið mjög mikið af því, hve þessar undantekningar geri framkvæmd laganna erfiða, enda er það augljóst og má vita, að töluvert af því, sem annars á að tollast, flytst inn í landið tolllaust í skjóli þessara tegunda, bæði vegna örðugleika við tollskoðun og fyrir mismunandi framkvæmd laganna að öðru leyti.

Þetta tvent, lækkun tollsins úr 12½% í 10% og niðurfelling undanþáganna, mun fara nærri um að mætast, svo að tekjur af tollinum verði jafnar eftir sem áður. Samkvæmt greinargerð stjórnarfrumvarpsins er tollurinn með 12½% . . . . . 836000 kr.
en með 10% . . . . . 669000 —
Mismunur 167000 kr.
En þá er miðað við annað verðlag en nú gildir. Ef reiknað er eftir þeirri

reglu, sem höfð er í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, að miða við gengi 1924—'25 og núverandi gengi, þá verða þessar upphæðir:

með $12^1/_2$%	643000 kr.
— 10%	517000 —
Mismunur	126000 kr.

Þetta tapast þá við lækkun tollsins, ef miðað er við óbreytt vörumagn og öðru smávegis slept, sem varla getur mikið ruglað.

Á móti kemur svo 10% af þeim vörum, sem áður voru undanþegnar.

Eftir verslunarskýrslum 1923 sýnist innflutningur þessara vara hafa numið nálægt 1700000 krónum, en í því getur þó eitthvað verið, sem ekki er undanþegið, svo að varlegra er að miða við $1^1/_2$ miljón. Ef verð þessara vara er svo reiknað niður eftir sömu reglu, nær þessi innflutningur ekki alveg 1200000 kr., og yrði þá tollurinn tæpar 120000 kr. Ef til vill er þetta þó fullhátt, því að í raun rjettri mætti reikna þetta verð ársins 1923 talsvert lengra niður. En á hinn bóginn má líka búast við, að hjer komi viðbót frá tveim hliðum, bæði af þeim vörum, sem nú nást undir toll, en áður sluppu vegna undanþáganna, og hinsvegar má gera ráð fyrir, að þegar einstakar tegundir eru undanþegnar, þá flytjist talsvert meira af þeim hlutfallslega en áður, og dragi það þannig úr tolli af öðrum skyldum tegundum. Þetta mundi aftur breytast, er öllu væri gert jafnhátt undir höfði. Ef ekki breyttist, þá yrði tollur af þessum tegundum sjálfum því meiri.

Aðrar breytingar eru í því fólgnar að undanþiggja enn fáeina smáa vöruflokka, sem sjálfsagt sýnist að undanþiggja, úr því að eftir þeim er tekið. Stærsti liðurinn er auðvitað skófatnaðurinn, en hann hafði aðeins fallið niður af vangá í prentun.

Samkvæmt framanskráðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr. A. Í stað »$12^1/_2$%« í niðurlagi fyrstu málsgreinar kemur: 10%.

B. Inn í staflið B kemur á rjettum stöðum eftir stafrófsröð: Myndamót. Nauðsynjar við listmálningu. Skólanauðsynjar. Viðhafnarlaus skófatnaður úr skinni og gúmmí.

C. Niðurlag stafliðs B, frá og með »Tvistdúkur«, fellur niður.

Alþingi, 23. apríl 1926.

Kl. Jónsson, form.	Ásgeir Ásgeirsson.	Magnús Jónsson, frsm.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.

Halldór Stefánsson, með fyrirvara. Jakob Möller. Björn Líndal.

Ed. **409. Tillaga**

til þingsályktunar um mæling á siglingaleiðum meðfram norðurströnd Breiðafjarðar.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að láta framkvæma rannsókn á siglingaleiðum meðfram norðurströnd Breiðafjarðar og um Gilsfjörð, í því skyni að strandferðaskip geti hættulaust komið á nokkrar hafnir í Barðastrandarsýslu, frá Hagabót og inn að Króksfjarðarnesi, svo og að Salthólmavík.

Ed. **410. Tillaga**

til þingsályktunar um að svifta megi ofdrykkjumenn lögræði og fjárræði.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frv. um að svifta megi menn, sem að læknisdómi eru langvarandi ofdrykkjumenn (króniskir alkohólistar) lögræði og fjárræði, eftir beiðni bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt eftir beiðni eins af helstu læknum landsins, sem álítur, að löggjöf um þetta efni sje nauðsynleg hjer í Reykjavík í sambandi við fátækraframfærslu. Væntanlega á hið sama víðar við.

Ed. **411. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1927.

Frá fjárveitinganefnd.

Því verður nú ekki með rökum móti mælt, að hvorttveggja hafi verið mjög af skornum skamti, bæði tíminn, sem háttv. Nd. hefir leift handa þessari háttv. deild til athugunar og meðferðar á fjárlagafrumvarpinu, sem og fjeð, sem hún hafði af að miðla.

Eins og kunnugt er, var 1. umr. fjárlagafrumvarpsins háð í hv. Nd. 10. febr. og frv. þá vísað til fjárveitinganefndar þeirrar deildar. En 13. apríl,

eða rjettum 9 vikum síðar, var 3. umr. lokið í þeirri deild og frv. þá afgreitt til þessarar háttv. deildar.

Það var því nefndinni þegar ljóst, að ef þinglausnir ættu ekki að dragast von úr viti, þá varð hjer að hafa meiri hraða á borði með afgreiðslu fjárlagafrv. en átt hafði sjer stað í háttv. Nd, enda verður nefndin að telja sjer það til hróss, að hún hafi verið sæmilega hraðvirk, án þess að hún þó vilji viðurkenna, að hún hafi verið að sama skapi hroðvirk.

Að því er snertir útgjöld frv., sá nefndin það þegar, að hendur hennar voru æðibundnar og að hún hafði ekki miklu fjármagni úr að spila.

Þegar frv. var lagt fyrir háttv. Nd., voru tekjur áætlaðar samtals kr. 10442100,00. En þegar frv. kom frá deildinni, var áætlun teknanna orðin kr. 10834134,00, eða með öðrum orðum kr. 392034,00 hærri en þær voru áætlaðar í stjórnarfrumvarpinu.

Nefndin þóttist því sjá, að ekki kæmi til mála að hækka tekjubálkinn til þess með þeim hætti að afla sjer fjár til aukinna útgjalda, og það því síður, sem meiri hluti nefndarinnar telur tekjuáætlun Nd. frekar óvarlega en varlega á sumum liðum, enda þótt nefndin öll fjellist á það að láta hana haldast óbreytta, vitanlega á ábyrgð háttv. Nd., sem frá henni hefir gengið.

Hins vegar þegar kom til útgjaldabálksins, fanst nefndinni einnig, að svigrúm það, sem þessari háttv. deild var ætlað, væri einnig ærið takmarkað.

Í frv., þegar það kom frá hæstv. stjórn, voru gjöldin talin samtals kr. 10397293,80 og tekjuafgangur kr. 44806,20. En þegar frv. kom frá háttv. Nd., eru gjöldin orðin kr. 11032371,80 og tekjuhallinn þar af leiðandi orðinn kr. 198237,80. Og eru þó gjöldin vantalin um kr. 10000,00 bæði af hæstv. stjórn og háttv. Nd. — eins og fyrsta breytingartillaga vor ber með sjer — og tekjuhallinn þar af leiðandi 10 þús. kr. hærri en í frv. stendur.

Það, sem háttv. Nd. hafði þannig aukið útgjaldahlið frumvarpsins, nam samtals þessum upphæðum:

1. Tekjuafgangur stjórnarfrumvarpsins . . .	kr.	44806,20
2. Hækkun á tekjubálkinum	—	392034,00
3. Tekjuhalli frumvarpsins	—	198237,80
Alls	kr.	635078,00

eða með öðrum orðum miklu meira en hálfri miljón króna.

Nefndinni duldist það því engan veginn, að hjer var úr vöndu að ráða. Henni var það næsta óljúft að þurfa að hækka tekjuhallann miklu meira en hann var þegar orðinn. Hins vegar fann hún það, að ýmsar fjárbeiðnir lágu fyrir, sem háttv. Nd. hafði gengið fram hjá, en voru að nefndarinnar áliti engu síður rjettmætar en margar af þeim fjárbeiðnum, sem áheyrn höfðu fengið. Varð það því að ráði hjá nefndinni, ýmist að fella niður, ýmist að lækka nokkra af þeim útgjaldaliðum, sem komist höfðu inn í háttv. Nd., til jafnvægis á móti þeim nýju útgjaldaliðum, sem nefndin sá sig til neydda að bæta inn í frumvarpið.

Og þegar samanburður er gerður á þeirri hækkun og lækkun, sem nefndin leggur til að gerð sje á útgjaldahlið frumvarpsins, verður útkoman þessi:

Hækkun	kr. 66585,00
Lækkun	— 54000,00
Mismunur	kr. 12585,00

sem verður þá aukning tekjuhallans eftir tillögum nefndarinnar, þó að frádregnum þeim 10 þús. kr., sem að framan greinir og ekki eru útgjaldaauki skapaður af nefndinni, heldur leiðrjetting á reikningsskekkju í frumvarpinu. Og þótt tillögur nefndarinnar, sjerstaklega þær, sem miða til lækkunar, kunni að verða ýmsum þyrnir í augum, þá verður nefndin að vera þeirrar skoðunar, að eftir því sem fyrir liggur, verði þess naumast vænst, að henni hefði tekist að leysa betur af hendi hlutverk sitt en hún hefir gert.

Að svo mæltu skulum vjer leyfa oss að fara nokkrum orðum um hinar fyrirliggjandi breytingartillögur.

I.

Fyrsta breytingartillaga nefndarinnar er við 7. gr. frumvarpsins. Og virðist hún ekki þurfa frekari skýringa en þegar hefir verið vikið að.

II.

Næst koma tvær breytingar við 11. gr. Fyrri breytingartillagan er engin efnisbreyting, heldur aðeins til skýringar. Síðari tillagan fer fram á 7 þús. kr. lækkun, sem virðist forsvaranleg með tilliti til þess, að fram gangi frumv. til laga um breytingar á lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, sem nú liggur fyrir þinginu.

III.

Koma þá því næst tvær tillögur við 12. gr., er báðar miða til lækkunar. Að því er snertir fyrri liðinn, sem nefndin leggur til að falli, þá er það ljóst, að hjer er um of litla upphæð að ræða til þess að slíkur maður, sem hjer um ræðir, geti á henni lifað. Fengi upphæð þessi að standa óhreyfð, er viðbúið, að hún yrði vísir til nýs og kostnaðarsams embættis, sem meiri hluti nefndarinnar telur ekki brýna þörf á að stofna nú að svo komnu. — Síðari tillaga nefndarinnar stafar af því, að nefndin er þeirrar skoðunar, að fái sjúkrastyrkur sá að standa óhreyfður, sem hjer ræðir um, þá geti hann orðið hættulegt fordæmi.

IV.

Við 13. gr. frumvarpsins hefir nefndin leyft sjer að gera nokkrar breytingartillögur, sumpart til hækkunar og sumpart til lækkunar.

Nefndin lítur svo á, og hefir þar til samþykki vegamálastjóra, að brýn þörf sje á því að veita nokkurt fje til aukningar Stykkishólmsvegarins. Er það hvorttveggja, að langur tími er nú liðinn síðan nokkuð hefir verið við hann aukið og íbúar Hnappadals- og Snæfellsnessýslu sunnan fjallgarðs, sem ætlað er með tímanum að hafa not þessa vegar, eru sjálfsagt þeir menn hjer á landi, er eiga einna erfiðasta aðstöðu með tilliti til samgangna bæði á sjó og landi. — Langadalsveginn telur og nefndin þörf á að lengja nokkuð, til þess að hann

komi að fullum notum, og leggur því til, að veitt verði nokkur upphæð til hans. Þá telur og nefndin rjett að veita nokkurn styrk til húsabóta á Hlíðarenda í Fljótshlíð, til þess að sá merki staður verði ekki framvegis svo miklu ver hýstur en aðrir bæir á næstunni og eitthvað af þeim mörgu gestum, innlendum og útlendum, sem á hverju sumri koma þangað til að skoða þennan forna og merka stað, geti fengið þar gistingu, en þurfi ekki að hröklast, máske síðla kvölds, eitthvað út eða austur til þess að leita sjer næturgistingar. Fyrir háttv. Nd. er nú að vísu þingsályktunartillaga um það, að ríkissjóður kaupi Hlíðarenda. En þótt svo færi, að slík tillaga yrði samþykt í báðum deildum, þá kemur það eigi að neinu leyti í bága við þessa tillögu nefndarinnar, þar eð tilætlunin er sú, að ef úr slíkum kaupum yrði, þá dragist þessi styrkupphæð frá verði jarðar og húsa.

En um leið og nefndin leggur til, að þessar hækkanir sjeu gerðar á 13. gr., ætlast hún til, að háttv. deild samþykki nokkrar lækkanir. Er þar fyrst að telja útgjöldin til brúargerða, er nefndin telur forsvaranlegt að lækka um 10 þús. krónur. Nefndin er þeirrar skoðunar, að þrátt fyrir þessa lækkun muni, bæði vegna lækkandi verðs á sementi og væntanlegrar kaupgjaldslækkunar, verða hægt að byggja allar þær brýr, sem háttv. Nd. hefir miðað fjárveitingu sína við. En bregðist það, verður afleiðingin sú, að bygging þeirra brúa, sem að áliti vegamálastjórnar þolir helst bið, verður að dragast árinu lengur.

Upphæð sú í 13. gr. B. X., sem nefndin leggur til að falli burt, er að vísu smá. En þar sem hjer mun vera um lögferju að ræða, gerir nefndin ráð fyrir, að það muni geta dregið einhverja dilka eftir sjer, ef upphæð þessi fengi að standa.

Þá gerir og nefndin ráð fyrir, að lækkaður verði liðurinn 13. gr. D. II., 330 þús. til nýrra símalagninga, um 15 þús. króna, sem svarar til þeirrar upphæðar, sem ætluð hefir verið til lagningar Loðmundarfjarðarsímans. Símalagning þessi hefir ekki verið ákveðin samkvæmt hinum upphaflegu tillögum símastjóra, heldur er það viðbót, sem komist hefir inn í háttvirtri neðri deild. Og þótt hlutaðeigendum þyki það vitanlega miður, að símalagning þessi þurfi að dragast um eitt ár enn þá, þá virðist nefndinni, þó fjárveiting þessi falli niður í þetta sinn, að þá verði þó Norður-Múlasýsla allvel úti í þessum fjárlögum, samanborið við önnur hjeruð, þar sem hún fær í sinn hlut kr. 27500.00 til Hróarstunguvegarins — 12500 krónum meira en ákveðið var í stjórnarfrumvarpinu — og 24 þús. krónur til brúargerða, sem ekki var heldur gert ráð fyrir í frumvarpinu frá hendi stjórnarinnar. Auk þess má búast við því, að efni og vinna falli svo í verði, að unt verði að fullgera alla símana, sem neðri deild hafði hugsað sjer, þótt áætlunarupphæðin lækki um þessar 15 þús. kr.

V.

Við 14. gr. gerir nefndin ráð fyrir nokkrum breytingum. Er þar fyrst að telja athugasemd við 14. gr. A. b. 4, samhljóða athugasemd, er borin var fram í háttv. Nd., en náði þar ekki samþykki. Nefndin er einhuga þeirrar skoðunar, að svo gæti farið, að það hefði mikilsverða þýðingu til aukningar og eflingar kristilegu trúarlífi í landinu, ef losað væri lítið eitt um hendur kirkju-

stjórnarinnar, svo sem athugasemdin gerir ráð fyrir. Hins vegar er og verður hjer um svo lítil fjárútlát að ræða, að þau gjöld, sem af athugasemdinni kunna að stafa, mega teljast hverfandi í samanburði við þann andlega hagnað, sem af þeim gæti komið til að leiða fyrir þjóðina.

Tillaga nefndarinnar við 14. gr. B. XII., 5 þús. kr. hækkun, er eins og liðurinn sýnir til endurnýjunar á húsbúnaði og rúmfatnaði kvennaskólans í Reykjavík. Hvorttveggja er orðið æðifornt og úr sjer gengið, og verður ekki komist hjá því að auka það og umbæta.

Liðurinn 14. gr. B. XIII. 7 leggur nefndin til að falli niður, þar eð hún hefir ekki komið auga á nein sjerstök rök, sem rjettlæti þessa fjárveitingu, eða nein nauðsyn sje á, að maður sá, sem hjer um ræðir, fari utan til þess að kynna sjer kenslu- og uppeldismál frekar en margur annar, sem að fræðslu ungmenna starfar.

Við 14. gr. XVIII. 4., styrkinn til að koma upp steyptum sundlaugum, vill nefndin hækka um 2 þús. krónur og telur ekki af veita. Fyrir þinginu liggja nú nokkrar umsóknir um styrkveitingu til sundlaugabyggingar, svo sem frá málfundafjelaginu »Framför« í Lýtingsstaðahreppi, til sundlaugarbyggingar við Steinstaðalaug í Skagafirði, ungmennafjelaginu í Svarfaðardal til sundlaugarbyggingar þar og ungmennafjelaginu »Eyfellingi« til sundlaugarbyggingar hjá Seljavöllum undir Austur-Eyjafjöllum, er þegar hefir varið æðimiklu fje og fyrirhöfn til að koma sundlaug þessari upp og sent þinginu allnákvæman uppdrátt af sundlauginni eins og fjelagið hugsar sjer hana fullgerða. Auk þess hefir nefndinni borist munnleg umsókn um dálítið aukinn styrk til sundlaugarinnar á Reykjum á Reykjabraut. Nefndin álítur því, að sá styrkur, sem hún hjer stingur upp á, muni síst reynast of hár til þess að styrkþegar fái þá upphæð, sem í athugasemdinni segir, 1/6 kostnaðar.

Þeirri ákvörðun athugasemdarinnar, að sundlaugar þessar sjeu hjeraðseign, vill nefndin breyta í það, að þær verði til afnota fyrir almenning. Gerir hún það með það fyrir augum, að sumar af sundlaugum þessum eru bygðar af ungmennafjelögum, sem hafa sýnt frábæran dugnað við það, eins og t. d. Ungmennafjelagið »Eyfellingur«. Og mundi það því mega teljast hagkvæmara og hollara, að sundlaug, þar sem svo stendur á, væri áfram í höndum þess ungmennafjelags eða fjelags, sem henni hefði komið upp, heldur en að hún yrði afhent hreppsnefnd til eignar og umráða, sem máske sinti henni lítið og ljeti hana falla í vanhirðu.

VI.

Við 15. gr. hefir nefndin, svo sem vænta mátti, gert flestar breytingartillögur, enda þótt þær nemi engan veginn hæstum upphæðum. Liðurinn 15. gr. 3. g. leggur nefndin til, að verði feldur. Þykir henni svo, sem þau útgjöld geti eigi talist bráðnauðsynleg. Og það því síður finst nefndinni viðfeldið, að háttv. Nd. skyldi samþykkja þessa fjárveitingu, þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu að fella niður styrkinn til dr. Guðbrands Jónssonar fyrir svipað starf, er hann hefir þegar byrjað á í trausti þess styrks, sem hann hefir nú í gildandi fjárlögum. Styrkina í frumvarpinu til utanfarar nokkurra listamanna hefir

nefndin talið rjett að lækka nokkuð og jafna, þar eð hún telur það mjög svo erfitt og í reyndinni ókleift verk að meta það rjett, hver skuli hafa meira og hver minna. Jafnframt hefir nefndin talið rjett að bæta hjer inn í þennan lið jafnháum styrk til tveggja annara listamanna, er að dómi nefndarinnar eru ekki síður maklegir stuðnings en þeir, sem háttv. Nd. hafði tekið upp. Þá hefir og nefndin tekið upp 2000 kr. styrk til hljómsveitar Reykjavíkur. Nefndin lítur svo á, að þetta fyrirtæki, sem komið er á stofn mest fyrir áhuga, ósjerhlífni og dugnað eins manns, Sigfúsar organista Einarssonar, sje í alla staði virðingarvert og þess maklegt, að það verði ekki þegar í byrjuninni kæft niður aftur vegna vöntunar á skilningi og sæmilegum stuðningi. Upphæðin til þess að kaupa listaverk leggur nefndin til, að færð sje niður um helming, úr 4 þús. kr. í 2 þús. kr. Gerir hún það meðal annars með tilliti til þeirrar viðleitni, sem þingið hefir sýnt og sýnir enn á því að styðja listamenn vora á öðrum sviðum, eftir því sem fjárhagurinn þolir.

Á eftir 19. lið 15. greinar leggur nefndin til, að komi inn nýr liður, kr. 2500,00 til frú Bjargar Þorláksdóttur, í viðurkenningarskyni. Frúin hefir farið þess á leit, að hún fengi 3 þús. kr. styrk til þess að halda áfram að rita um lífeðlishvatirnar, uppruna þeirra, þróun og umbreytingar. Nefndin þykist ekki bær að dæma um það, hvílíka þýðingu slíkt rit kynni að hafa fyrir þjóð vora eða bókmentir. En hitt dylst nefndinni ekki, að kona þessi, sem fengið hefir tekna gilda doktorsdisputatíu við einhvern frægasta háskóla heimsins, Sorbonne-háskólann á Paris, hefir með lærdómi sínum og dugnaði gert landi voru og þjóð stórfeldan sóma, sem er þess verður að vera viðurkendur, þó í litlu sje, af Alþingi.

Þá leggur nefndin til, að feld sje niður fjárveiting til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga, 2 þús. kr. Ræður þessum gerðum nefndarinnar aðallega það, að hún býst við því, að ef þessi fjárveiting fær að standa, þá muni bráðlega fleiri á eftir fara. Eins og kunnugt er, þá er svo ástatt um marga og allflesta af mentamönnum vorum hjer í höfuðstaðnum, sem embætti eiga að gegna, að þeir telja sig eiga erfitt með að lifa eingöngu af embættislaununum. Þeir mundu því þiggja það, fremur fleiri en færri, að Alþingi vildi veita þeim sjerstakan aukastyrk til ritstarfa, sjerstaklega á því sviði, er þeir sjálfir teldu sig færasta og hafa mesta þekking á. Og er því bágt að segja, þegar á annað borð er inn á þá braut komið, hvar numið verði staðar.

VII.

Búnaðarmálastjóri kom til nefndarinnar þess erindis að fá nokkurn styrk til að standast ferðakostnað dr. Fr. K. Reinsch við áframhaldandi rannsókn fiskivatna hjer á landi á næsta sumri. Taldi búnaðarmálastjóri rannsóknir þessar mjög nauðsynlegar. Um það vill nefndin engan veginn efast. En þar sem kostnaðurinn við þessar rannsóknir er, eftir því sem búnaðarmálastjóri ljet uppi, nálægt 5—6 þús. kr., sem sje aðeins ferðakostnaðurinn og áhaldaslit, og Búnaðarfjelaginu er, eins og fjárlagafrumvarpið sýnir, veitt allálitleg upphæð, þá er meiri hluti nefndarinnar þeirrar skoðunar, að Búnaðar-

fjelaginu sjálfu geti ekki verið ofvaxið að standast þennan litla kostnað, sem hjer ræðir um, og eigi að gera það.

Athugasemdin við 16. gr. 3 leggur nefndin til, að feld verði niður. Telur hún bæði hollast og hentast, að búnaðarfjelögin sjálf ráði því, hvernig þau vilja verja þessum litla styrk, sem hjer ræðir um, án afskifta frá hálfu fjárveitingavaldsins. Telji þau það sjálf hentugra fyrir sig að verja þessum styrk til verkfærakaupa og styrktar sameiginlegri starfsemi innan fjelagsins, munu þau gera það. Álíti þau aftur á móti heppilegra að nota styrkinn öðruvísi, munu slíkar hömlur, sem í athugasemdinni felast, eigi gera annað en skapa óánægju með styrkinn.

Liðinn 16. gr. 20, til hafnarbóta í Ólafsvík, telur nefndin rjett að hækka til helminga, en falla — að minsta kosti í bili — frá kröfunni um framlag $^2/_3$ hluta kostnaðar frá hreppsfjelaginu. Það er bersýnilegt, að jafnfáment og fátækt hreppsfjelag, sem hjer á hlut að máli, hefir ekki það mikið lánstraust, að það geti fengið að láni svo mikla fjárhæð, sem því hefir verið ætlað að leggja fram til þessa fyrirtækis. Og þótt svo mikil fjárhæð væri fáanleg að láni, t. d. með ábyrgð ríkissjóðs, þá er það augljóst, að hreppurinn mundi ekki geta svarað vöxtum og afborgun af henni, á meðan verkið á svo langt í land að gefa nokkuð í aðra hönd. Öðru máli væri að gegna, þegar drægi á seinni hlutann með framkvæmd þessara hafnarbóta, þá gæti það miklu fremur talist eðlilegt og forsvaranlegt að gera hreppsfjelaginu að skyldu að leggja fram ríflega upphæð á móti ríkissjóðstillaginu, með því að þá væri að því komið, að hreppsfjelagið gæti farið að hafa tekjur af mannvirkinu.

Liðinn 16. gr. 21 vill meiri hluti nefndarinnar láta niður falla og rökstyður þá tillögu sína með því, að á síðasta þingi hafi verið gefin opinber og ótvíræð yfirlýsing um það, að hreppsnefndin í Hólshreppi mundi framvegis taka öldubrjótinn að sjer til viðhalds án nokkurs stuðnings frá ríkisins hálfu.

Liðinn 16. gr. 35 vill nefndin láta falla niður. Telur hún, ef hann fær að standa óhaggaður, að þá skapist þar með afleiðingarikt og hættulegt fordæmi. Samkvæmt skrá, sem nefndin hefir í höndum, eru eftirstöðvar af lánum, sem einstakir hreppar hafa fengið úr viðlagasjóði, nú kr. 242425,64. Og fái hreppar þeir, sem hjer ræðir um, eftirgjöf á sínum lánum, er við því búið, að hinir aðrir hreppar, sem skulda viðlagasjóði, komi smátt og smátt í kjölfarið og fái sín lán eftirgefin líka, uns megnið af þessu útistandandi fje er ríkissjóði tapað.

VIII.

Við 17. gr. leggur nefndin til, að gerð sje ein breyting. Vill hún fella 5. liðinn niður, en setja í hans stað fjárveiting til sjúkrasamlags Reykjavíkur, til þess að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga í landinu og til að stofna ný sjúkrasamlög. Telur nefndin, að fjárveiting í þessu skyni komi að meira og almennara gagni heldur en sú fjárveiting, sem nú stendur í þessum 5. lið 17. gr. frv., auk þess sem það, eins og allir sjá, kostar ríkissjóðinn talsvert minna.

IX.

Við 18. gr. vill nefndin gera fáeinar breytingar. Leggur hún til, að tveimur nafnkendum konum sje inn í hana bætt. Er önnur þeirra hin alþekta skáldkona Kristín Sigfúsdóttir, sem segja má, að getið hafi sjer alment lof fyrir skáldrit þau, sem hún, þrátt fyrir erfið lífskjör, hefir látið frá sjer fara. Hin konan er Guðbjörg A. Þorleifsdóttir í Múlakoti í Fljótshlíð, sem á sama hátt hefir getið sjer mikinn og góðan orðstír, að minsta kosti um alt Suðurland, fyrir framúrskarandi alúð og óvenjulega mikinn árangur við blóma- og trjárækt, þrátt fyrir fátækt og viðvarandi heilsuleysi.

Þá vill og nefndin hækka lítið eitt styrkinn til Þórunnar Gísladóttur ljósmóður og gera hann jafnan og hjá júbilljósmæðrunum, sem á undan henni standa. Lítur nefndin svo á, að þótt kona þessi hafi ekki gegnt eiginlegum ljósmóðurstörfum fullkomlega eins lengi og hinar, þá hafi æfistarf hennar engan veginn verið ómerkara eða ógagnlegra en hinna, þar sem segja má, að hún hafi að mestu gegnt læknisstörfum í heilli sýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, um 12—13 ára skeið.

X.

Við 22. gr. vill nefndin gera tvöfalda breytingu. Vill meiri hluti hennar á aðra hlið fella lánsheimildina til Boga Þórðarsonar, til kaupa á nýtísku spunavjel. Og færir hann þau rök fyrir þessari tillögu sinni, að þar sem ríkissjóði beri skylda og nauðsyn til að hlynna að klæðaverksmiðjunni Álafossi, þá eigi það ekki við að styrkja samkepnisfyrirtæki á næstu grösum, sem hann telur þessa ullarverksmiðju Boga Þórðarsonar vera.

Hinsvegar vill nefndin bæta inn í grein þessa 12 þús. króna lánsheimild til Boga sýslumanns Brynjólfssonar, til þess að fá staðist kostnað af byggingu embættisbústaðar. Og er sú tillaga í fullu samræmi við gerðir síðasta þings í svipuðum kringumstæðum.

Hinna annara breytingartillagna nefndarinnar, sem hjer er ekki minst á, verður að einhverju getið í framsögunni.

Alþingi, 23. apríl 1926.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Eggert Pálsson, fundaskr. og frsm. Ingibjörg H. Bjarnason.

Guðm. Ólafsson. Einar Árnason.

Nd. **412. Frumvarp**

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til virkjunar Dynjandisár og annara fallvatna í Arnarfirði o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita hlutafjelögunum Dansk-

islandsk Anlægsselskab í Kaupmannahöfn og Islands Salt- & kemiske Fabrikker í Reykjavík sjerleyfi til:

1. Að virkja Dynjandisá, Svíná, Mjólkurárnar og Hofsá í Arnarfirði. Leyfið felur í sjer heimild til að gera vatnsmiðlunarvirki í ám þessum og lækjum eða vötnum, er þær eru í sambandi við eða heppilegt þykir að miðla vatni í vegna fyrirtækja þeirra, er í lögum þessum getur, þar á meðal hækka eða lækka vatnsbotn eða farveg, gera vatnsrásir ofan jarðar eða neðan eftir þörfum, þar á meðal brottrás handa vatni frá orkuveri, sbr. 2. tölul., og yfir höfuð að fara með vatnið eftir því, sem nauðsyn krefur til að ná úr því orku þess, og svo sem samrýmast má landslögum. Gert er ráð fyrir, að virkjaðar verði alt að 40 þúsund hestorkum.
2. Að reisa orkuver í Arnarfirði, í því skyni að breyta vatnsorku þeirri, sem í 1. tölul. segir, í raforku, og starfrækja það eða þau.
3. Að leiða raforku frá orkuveri eða orkuverum þeim, er í 2. tölul. greinir, til Önundarfjarðar um þá staði og með þeim hætti, er best þykir henta, til afnota í iðjuveri eða iðjuverum þeim, er í 4. tölul. getur.
4. Að reisa iðjuver í Önundarfirði til málmbræðslu, leirbrenslu, saltpjetursvinslu eða til annarar iðju eða hagnýtingar efna úr námum þeim, er ofannefnd fjelög hafa nú heimild á tekið, eða kunna síðar að eignast, og vinna má með orku þeirri, er lög þessi greina.
5. Að gera vegi eða önnur samgöngutæki frá iðjuveri eða iðjuverum til sjávar og þangað, sem námur fjelaganna eru, svo og til að gera höfn, bryggjur eða skipalægi, eftir því sem nauðsyn krefur til starfrækslu iðjuvera eða náma.
6. Að taka lögnámi land og rjettindi yfir landi eða netlögum, svo og að leggja kvaðir á land eða netlög, að því leyti sem nauðsynlegt er til að koma fyrirtækjum þessum í framkvæmd, sem í 1.—5. tölul. segir, enda komi fult endurgjald fyrir.

2. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa varnarþing á Íslandi, enda hafi hann hjer búsettan umboðsmann, er birta megi stefnu og svari til saka fyrir dómi í málum á hendur leyfishafa, en að minsta kosti tveir fimtu hlutar stjórnarmanna skulu vera búsettir á Íslandi.

3. gr.

Ekki má framselja sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ráðherra komi til, enda fullnægi nýr leyfishafi skilyrðum 2. gr.

4. gr.

Sjerleyfistími má vera alt að 60 árum.

5. gr.

Sjerleyfishafi skal vera undanþeginn eignarskatti, tekjuskatti til ríkissjóðs, útsvari og hærra útflutningsgjaldi en nú er, eða öðrum samskonar gjöldum, er á kunna að verða lögð. Í stað þess skal hann gjalda af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum 3 krónur árlega af hverri nýttri hestorku fyrstu 3

árin, en síðan 5 krónur árlega af hverri nýttri hestorku. Gjald þetta skiftist þannig milli ríkissjóðs og sveitarsjóðs, að ríkissjóður hlýtur tvo þriðju hluta, en sveitarsjóður þriðjung. Ef fyrirtækið er útsvarsskylt í fleirum en einum hreppi, skiftist sveitarsjóðshlutinn milli þeirra í hlutfalli við fólksfjölda.

Sú raforka, sem seld er til almennings samkvæmt sjerleyfislögum, skal þó undanþegin þessu árgjaldi.

6. gr.

Um sölu á raforku til almennings fer eftir sjerleyfislögum, og skal þó verð árshestorkunnar ekki fara fram úr 50 krónum.

7. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa byrjað á mannvirkjum þeim, sem í 1. gr. segir, innan 4 ára frá dagsetning sjerleyfis og hafa lokið þeim innan 7 ára frá sama tíma. Rjett er ráðherra þó að lengja fresti þessa.

8. gr.

Rjettindi og skyldur sjerleyfishafa og skifti hans og ríkisstjórnar fara samkvæmt landslögum, þ. á. m. sjerleyfislögum, að svo miklu leyti, sem ekki er um mælt í lögum þessum. Nú skilur aðilja á um það, hvort atriði skuli sæta úrlausn eftir þessum lögum eða landslögum, og skal þá hæstirjettur einn dæma það mál. Sjerleyfisdómur samkvæmt sjerleyfislögum sker annars úr, ef ágreiningur verður um efndir á ákvæðum sjerleyfisins, með þeim hætti, sem í sjerleyfislögum greinir.

9. gr.

Nú er heimild sú, er felst í lögum þessum, ekki notuð innan ársloka 1928, og falla þá lögin úr gildi.

Ed. **413. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 55 1913, um stofnun landhelgissjóðs Íslands, og á lögum um breyting á þeim lögum, nr. 68 1915.

Frá fjárveitinganefnd.

3. gr. laga nr. 55 1913, um stofnun landhelgissjóðs Íslands, og 1. gr. laga um breyting á þeim lögum, nr. 68 1915, eru úr gildi feldar.

Greinargerð.

Í 3. gr. laga nr. 55 1913 var svo ákveðið, að úr ríkissjóði skyldi árlega greiða 5000 krónur í landhelgissjóð Íslands, er stofnaður var með þeim lögum, og í 1. gr. laga nr. 68 1915, um breyting á þeim lögum, var árstillagið fært upp í 20000 krónur.

Landhelgissjóðurinn var í lok síðasta árs orðinn sem næst 1½ miljón króna (kr. 1496443,24), og var þó þá búið að greiða úr honum rúmlega 100000 krónur upp í hið nýja strandvarnarskip, sem verið er að byggja. Verður sjóðurinn því væntanlega um miljón króna, þegar hann er búinn að borga hið nýja skip að fullu. Tekjur sjóðsins, að ríkissjóðstillaginu meðtöldu en að undanskildum vöxtum, voru kr. 513406,52 árið sem leið, árið 1924 kr. 320533,03, árið 1923 kr. 82708,84, árið 1922 kr. 193851,76 og árið 1921 kr. 345827,06, en tillag það, sem sjóðnum er ætlað að greiða til landhelgisgæslunnar árið 1927, ekki nema kr. 125000,00, og er ekki að búast við því, að tekjur sjóðsins minki svo mjög, þrátt fyrir aukna landhelgisgæslu, að þær nái ekki þeirri upphæð að meðaltali árlega.

Að þannig vöxnu máli þykir fjárveitinganefndinni ekki ástæða til, að ríkissjóður greiði framvegis tillag til landhelgissjóðsins, og leyfir sjer því að bera fram frv. þetta.

Ed 414. Nefndarálit

um strandferðir og flóabátaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir kynt sjer nefndarálit samgöngumálanefndar hv. Nd. og tillögur hennar um strandferðir og flóabátaferðir. Í öllum aðalatriðum er hún samþykk neðri deildar nefndinni um skiftingu styrksins, þó hún, að gefnu tilefni, hafi lagt til, að styrkir til nokkurra ferða væru lítilsháttar hækkaðir.

Skal hjer á þær tillögur minst nokkuð ger.

Skaftfellingur. Nefndin áleit, eftir að hafa kynt sjer rekstrarreikning þessa báts fyrir síðastliðið ár, rjett að leggja til, að hækkaður væri styrkur til hans um 2000 krónur, bæði með tilliti til hins sjerstaklega örðuga hlutverks, sem þessum bát er ætlað, og líka vegna þess, að honum er framvegis ætlað að bæta við sig viðkomum á Stokkseyri og Eyrarbakka.

Hvalfjarðarbátur. Styrkinn til þessa báts vill nefndin hækka upp í 1500 krónur. Henni hafði, fyrir milligöngu þm. Borgfirðinga, borist erindi frá hreppstjóranum í Hvalfjarðarstrandarhreppi ásamt skýrslu um ferðir bátsins árið 1925.

Virtist nefndinni, að styrkurinn til þessa báts mætti engan veg vera minni en 1500 krónur til þess að ferðirnar gætu verið viðunandi.

Grímseyjarbátur. Til ferða milli Grímseyjar og lands vill nefndin að veittar verði 800 kr., þar eð henni virðist sú upphæð, er samgöngumálanefnd Nd. lagði til að varið yrði til þeirra ferða, vera of lág.

Þinginu hefir borist málaleitun frá oddvita sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu, þar sem farið er fram á 10—15 þús. kr. styrk til vjelbátaferða um Eyjafjörð, aðallega til Siglufjarðar, og svo nokkrar ferðir til Húsavíkur og Sauðárkróks.

Þessi tilmæli munu ekki hafa borist þinginu fyrri en samgöngumálanefnd Nd. hafði lokið við tillögur sínar um úthlutun flóabátastyrksins.

Nefndin fjekk því til meðferðar erindi sýslunefndarinnar ásamt öðrum skjölum, er því fylgdu, og vill hún gera það að tillögu sinni, að til þeirra ferða, er hjer um ræðir, verði veittar 8000 kr. í þetta sinn og væntir þess, að þessi styrkveiting muni geta hjálpað til að bæta úr hinum ófullnægjandi samgöngum um Eyjafjörð og nærliggjandi hafnir að einhverjum töluverðum mun.

Samkvæmt framansögðu leyfir nefndin sjer að leggja til, að flóabátastyrknum verði á næsta fjárhagstímabili skift þannig niður:

Borgarnesbátur, með 7—9 ferðir til Breiðafjarðar	kr.	35000
Djúpbáturinn	—	17000
Skaftfellingur, með viðkomum á Stokkseyri og Eyrarbakka, auk þess sem áður var...	—	20000
Flateyjarbátur	—	4500
Hornafjarðarbátur	—	7000
Millilandaskip til Skaftaf.- og Rangárvallasýslna...	—	4000
Rangársandsferðir	—	1200
Hvalfjarðarbátur..	—	1500
Grímseyjarbátur...	—	800
Rauðasandsbátur.	—	400
Mýrabátur	—	400
Lagarfljótsbátur...	—	800
Eyjafjarðarbátur, með viðkomum á Siglufirði, Húsavík og Sauðárkróki	—	8000
	Alls kr.	100600

Nefndin hefir, eins og sjest á ofanrituðu, ekki getað komist hjá því að leggja til að hækka að nokkru í heild þá upphæð, sem í frv. er veitt í þessu skyni, og mun hún við 2. umr. fjárlagafrv. í Ed. leggja fram breytingartillögur til hækkunar á þessum lið í samræmi við tillögur hennar hjer að framan.

Alþingi, 24. apríl 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Ágúst Helgason, fundaskrifari.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Sig. Eggerz. Einar Árnason.

Nd. **415. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ákveða einkasölu á tilbúnum áburði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að frá 1. jan. 1927 hafi Búnaðarfjelag Íslands einkasölu á allskonar tilbúnum köfnunarefnisáburði.

Þegar Búnaðarfjelag Íslands hefir öðlast þessi rjettindi, er engum öðrum leyfilegt að flytja hingað til landsins tilbúinn köfnunarefnisáburð.

Búnaðarfjelag Íslands getur, í samráði við atvinnumálaráðherra, með samningi fyrir 1 ár í senn falið öðrum sölu og afhending áburðarins. Í samningnum skal tiltekið hámark sölukostnaðar.

2. gr.

Heimild þessa skal ekki nota, ef Búnaðarfjelag Íslands hefir 1. jan. 1927 fengið aftur í sínar hendur einkaumboð hjer á landi fyrir sölu á Noregssaltpjetri eða öðrum jafngóðum kalksaltpjeturstegundum.

3. gr.

Búnaðarfjelag Íslands skal gefa út nákvæman leiðarvísi um notkun tilbúins áburðar og annast útbýting hans til bænda.

4. gr.

Áburðurinn skal sendur samkvæmt pöntun á alla viðkomustaði skipanna. Andvirði hans skal greiða við móttöku.

5. gr.

Ríkisstjórnin setur, í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum, alt að 5000 kr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Sþ. **416. Tillaga**

til þingsályktunar um björgunar- og eftirlitsskipið »Þór«.

(Eftir síðari umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að samþykkja kaup ríkisstjórnarinnar á björgunar- og eftirlitsskipinu »Þór« fyrir alt að 80 þúsund krónur, með því skilyrði, að ríkið láti skipið framvegis, meðan það er vel til þess fært, halda uppi á kostnað ríkissjóðs samskonar björgunar- og eftirlitsstarfsemi við Vestmannaeyjar í $3^1/_2$—4 mánuði (vetrarvertíðina) árlega, sem það hefir haft á hendi undanfarin ár, enda leggi bæjarsjóður Vestmannaeyjakaupstaðar árlega fram 15 þúsund krónur til útgerðar skipsins.

Ed. **417. Nefndarálit**

um frumv. til laga um veiting ríkisborgararjettar.

Frá allsherjarnefnd.

Tillagan um veiting ríkisborgararjettar til handa hinum tveimur fyrstu mönnum, sem nefndir eru í frumvarpinu, er fram komin frá hæstv. stjórn. Þriðja manninum, sem frumvarpið getur um, hefir háttv. Nd. bætt inn í frumvarpið. Að stjórnin hefir fram hjá honum gengið við samning frumvarpsins, virðist stafa af því, að nauðsynleg skjöl og skilríki hafi þá ekki verið í fullu lagi. En þegar kom til meðferðar frumvarpsins í Nd., var búið að bæta úr þessum ágöllum. Neðri deild hefir því bætt þessum eina manni við þá tvo, sem stóðu í hinu upphaflega frumvarpi. Og þar sem nefndin getur ekki sjeð neitt, er stríði á móti þessari viðbót, leggur hún til, að háttv. deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 24. apríl 1926.

Jóh. Jóhannesson, form.	Eggert Pálsson, fundaskr. og frsm.	Guðm. Ólafsson.

Ed. **418. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1927 og við breytingartillögur á þskj. 402.

I. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason* og *Jónasi Jónssyni.*
Við 12. gr. 19. Nýr liður:
Til Skúla Guðjónssonar cand. med., til bætiefnarannsókna, með sjerstöku tilliti til lifnaðarhátta hjer á landi ... 3000

II. Frá *Birni Kristjánssyni.*
Við 13. gr. B. XI. Liðinn skal orða svo:
Styrkur til vörubifreiðaferða:

a. Frá Reykjavík austur um sveitir, með endastöðvum Garðsauka, Sandlæk og Torfastöðum	5000	
b. Frá Reykjavík til Sandgerðis og Grindavíkur	3000	
		8000

Bifreiðaeigandi, er njóta vill styrks af þessari fjárveitingu, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir.

III. Frá *samgöngumálanefnd.*
Við 13. gr. C. 2. a. (Rekstrarstyrkir til bátaferða):
Fyrir »91000« kemur 101700

IV. Frá *Einari Árnasyni* og *Ingvari Pálmasyni.*
Við 14. gr. B. IV. b. 1. (Akureyrarskóli). Nýr liður:
Til framhaldsnáms fyrir nemendur, sem lokið hafa gagnfræðaprófi... 6000
Til vara 5000

V. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 14. gr. B XIII. 6.
Aftan við liðinn bætist svo hljóðandi athugasemd:
Af upphæð þessari gangi 12000 krónur til byggingar barnaskóla á Nesi í Norðfirði.

VI. Frá *Jónasi Jónssyni.*
1. Við 14. gr. B. XIV. 7. Nýr liður:
Eftirgjöf á eftirstöðvum viðlagasjóðsláns Dalasýslu til Hjarðarholtsskólans 4000
2. Við 15. gr. 19. f. Nýr liður:
Til þess að kaupa marmaramyndina »Hafmey« eftir Ásmund Sveinsson 3000

VII. Frá *Jónasi Jónssyni* og *Birni Kristjánssyni.*
Við 15. gr. 19. i. Nýr liður:
Til Brynjólfs Þórðarsonar listmálara, utanfararstyrkur til þess að leita sjer heilsubótar og til þess að fullkomna sig í málaralist 1500

VIII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
1. Við 15. gr. 19. j. Nýr liður:
Til Sigurðar Skagfeldts, til þess að ljúka söngnámi... ... 2000
2. Við 15. gr. 45. Nýr liður:
Til Ólafs Guðmundssonar frá Þyrli, til að ljúka námi sem spuna- og kembimeistari... 1500
3. Við 16. gr. 8. (Vestmannaeyjavegur).
Í stað »helmingur kostnaðar, alt að 17500« kemur: $^2/_3$ kostnaðar, alt að 26250

IX. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason* og *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 16. gr. 30. Nýr liður:
Til Theódóru Sveinsdóttur, til matreiðslukenslu í Reykjavík... 2000
Til vara 1500

X. Frá *Jónasi Jónssyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 16. gr. 35. Nýr liður:
Eftirgjöf á viðlagasjóðsláni Ólafs Hvanndals myndamótara 4300

XI. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
1. Við 16. gr. 43. (Skipulag bæja).
Fyrir »5000« koma 10000
2. Við brtt. 402, 39, við 17. gr. 5.
Tillagan orðist svo:
Við 17. gr. 3. Nýr liður:
Til sjúkrasamlags Reykjavíkur, til að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga í landinu og til að stofna ný sjúkrasamlög 2000

XII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 17. gr. 5. Nýir liðir:
a. Til Íslendingaheimilis í Osló, fyrsti þriðjungur 7000
b. Til styrktar væntanlegu Íslendingaheimili í Kaupmannahöfn, eftir ráðstöfun íslensku skrifstofunnar í Kaupmannahöfn 2000

XIII. Frá *Gunnari Ólafssyni.*
Við 18. gr. II. b. 10. (Anna Gunnlaugsson).
Fyrir »400« kemur 900

XIV. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
1. Við 18. gr. II. i. 7. Nýr liður:
Til Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður 300
2. Við 24. gr. 2. Nýr liður:
Alt að 80000 kr. rafmagnsveitulán til Neshrepps í Norðfirði, gegn endurtryggingum þeim, er hún metur gildar.

XV. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 24. gr. 2. Nýr liður:
Alt að 60000 kr. lán til stækkunar og endurbóta á rafmagnsstöðinni í Vestmannaeyjum, gegn endurábyrgð bæjarfjelagsins.

Nd. **419. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Við höfum ekki getað orðið samdóma háttv. meðnefndarmönnum

okkar um nauðsyn þessa máls og leggjum því til, að frumvarpið nái ekki samþykki háttv. deildar.

Alþingi, 24. apríl 1926.

Pjetur Þórðarson, frsm. Pjetur Ottesen.

Nd. **420. Breytingartillögur**

við frv. til laga um útrýming fjárkláða.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson, Pjetur Ottesen, Jón Kjartansson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í ársbyrjun 1927 skal fara fram almenn kláðaskoðun á öllu sauðfje í landinu.

Leiði skoðunin í ljós, að mikil brögð sjeu að fjárkláða, er atvinnumálaráðherra heimilt að láta fram fara í árslok 1928 og ársbyrjun 1929 böðun á sauðfje til útrýmingar kláðanum.

Skulu dýralæknar landsins standa fyrir framkvæmdum, hver í sínum fjórðungi, alt undir yfirumsjón dýralæknisins í Reykjavík, og taka þeir sjer aðstoðarmenn eftir þörfum.

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:

Nú kemur það í ljós við hina almennu kláðaskoðun, að einhverjir landshlutar sjeu lausir við kláða, og þarf þá ekki útrýmingarböðun að fara þar fram, ef hlutaðeigandi dýralæknir er því samþykkur.

3. 2. gr. frv. verður 3. gr.
4. Við 3. gr. frv., sem verður 4. gr.
   a. Fyrsti málsliður orðist svo:

   Nú verða gerðar ráðstafanir til útrýmingar fjárkláða samkv. 1. gr., og skal þá baðað úr góðu kláðabaði þrem böðum, með hæfilegu millibili.
   b. 3. málsgrein orðist svo:

Kostnað allan við skoðun og eftirlit með böðuninni greiðir ríkissjóður, og auk þess $^2/_3$ hluta andvirðis baðlyfja og $^2/_3$ hluta flutningskostnaðar á hafnir. Allan annan kostnað við útrýmingarböðunina greiða fjáreigendur eftir fjártölu, og annast hreppsnefndir og bæjarstjórnir innheimtu. Gjald þetta má taka lögtaki.

Nd. **421. Breytingartillaga**

við brtt. á þingskjali 420, við frv. til laga um útrýming fjárkláða.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Í stað 2. málsgreinar í 1. brtt. við 1. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Leiði skoðun í ljós, að mikil brögð sjeu að fjárkláða, er atvinnumálaráðherra heimilt að láta fara fram böðun á sauðfje til útrýmingar kláðanum sem fyrst á eftir, en þó því aðeins, að Búnaðarfjelag Íslands og búnaðarsamböndin telji, að heyafli hafi orðið svo mikill, að áhættulaust sje að láta böðunina fara fram þess vegna.

Nd. **422. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar hefir þegar borið fram frv. um tilhögun á sölu saltaðrar og kryddaðrar síldar og leggur því til, að frv. þetta verði felt.

Alþingi, 26. apríl 1926.

Ólafur Thors, form. Björn Líndal, frsm.

Sigurjón Jónsson. Sveinn Ólafsson.

Nd. **423. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Til að tryggja sölu útfluttrar síldar álít jeg heppilegast, að ríkið hafi einkasölu á öllu því, sem flutt er út af þessari vöru.

Það er áhættulaust fyrir ríkissjóðinn, því ekki er ætlast til þess, að hann kaupi neina síld af framleiðendum, heldur hafi einkaumboð til sölu erlendis. Og allur kostnaður við söluna er fyrst dreginn frá andvirði seldrar síldar.

Meiri hluti sjávarútvegsnefndar vill fara aðra leið í þessu máli, og þó að frv. það, er meiri hlutinn ber fram, kunni að vera til bóta frá því, sem nú er, þá álít jeg, að ekki sje það jafnvænlegt til góðs árangurs og einkasala ríkisins.

Við orðalag frv. hafa eigi komið fram neinar athugasemdir, en rjettara mun þó vera að setja viðurlög fyrir brot á reglugerðum þeim, er settar kunna að verða til fyllri framkvæmdar þessara laga.

Jeg legg til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 7. grein. Aftan við greinina bætist:

Í reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim.

Alþingi, 26. apríl 1926.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.

Nd. **424. Frumvarp**

til laga um sölu á síld o. fl.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

Ef einhverjir þeirra manna, er á síðastliðnu ári fengust við söltun eða útflutning síldar, stofna fjelag í þeim tilgangi að sjá um hagkvæmari sölu síldar á erlendum markaði, þá er ráðherra heimilt að veita slíku fjelagi einkasölu á síld til útflutnings, enda samþykki ráðherra lög fjelagsins.

2. gr.

Þegar fullnægt er skilyrðum 1. gr., er öllum, sem salta eða krydda síld til útflutnings, skylt að láta fjelagið sjá um söluna, enda er þá og óheimilt að salta eða krydda síld til útflutnings í skipum í landhelgi.

3. gr.

Allir, sem afhenda fjelaginu síld til útflutnings, teljast fjelagsmenn fram yfir næsta aðalfund fjelagsins.

4. gr.

Öll síld, sem fjelagsstjórnin selur, skal seld fyrir sameiginlegan reikning, þannig að árlega fær hver eigandi síldar sama verð fyrir samskonar vöru að gæðum, hvort sem hann er fjelagsmaður eða ekki.

5. gr.

Að fengnum tillögum fjelagsstjórnarinnar, setur ráðherra með reglugerð eða reglugerðum nánari ákvæði um síldarsöluna, greiðslu andvirðis síldarinnar og alt annað, sem að framkvæmdum lýtur í þessu efni, eftir því sem þurfa þykir.

Í reglugerð er heimilt að banna að salta eða krydda síld til útflutnings fyrir 25. júlí ár hvert.

6. gr.

Allur kostnaður, sem er samfara síldarsölunni, greiðist af andvirði síldarinnar, og má setja nánari ákvæði um þetta í reglugerð.

7. gr.

Stjórn fjelagsins skal skylt að gera árlega tilraunir til þess að útvega nýjan markað fyrir síld, og skal í þessu skyni selja utan Norðurlanda alt að 5% af útfluttri síld á ári hverju, þótt fyrir lægra verð sje en fáanlegt er á venjulegum markaðsstöðum.

8. gr.

Heimili fjelagsins og varnarþing skal vera á Akureyri, og þar skal að minsta kosti einn maður úr stjórn fjelagsins vera búsettur.

9. gr.

Fjelagið er ekki útsvarsskylt, enda greiðir það síldareigendum árlega alt andvirði síldar, að frádregnum kostnaði.

10. gr.

Stjórn fjelagsins skipa 3 menn, og skifta þeir með sjer verkum og ráða sjer aðstoð eftir því, sem þeir telja nauðsynlegt.

11. gr.

Í fyrsta skifti skipar ráðherra stjórn fjelagsins. Hún skal skipuð til 4 ára, þannig að 1 fer frá eftir 2 ár, eftir hlutkesti, er bæjarfógetinn á Akureyri sjer um, og 1 eftir 3 ár með sama hætti. Fjelagið velur mann eða menn í stjórn í stað þeirra, er úr ganga, á þann hátt, sem lög fjelagsins mæla fyrir.

12. gr.

Ráðherra ákveður árlega þóknun til þeirra manna, er hann skipar, en aðalfundur fjelagsins þóknun þeirra, er fjelagið skipar.

13. gr.

Fjelagið skal árlega halda aðalfund í apríl eða maí og aukafundi þegar stjórnin ákveður. Á aðalfundi ár hvert skal leggja fram til úrskurðar endurskoðaða reikninga fyrir síðastliðið ár.

Á fundum fjelagsins hafa þeir einir atkvæðisrjett, sem eru fjelagsmenn. Enginn fjelagsmaður hefir þó atkvæðisrjett nema fjelagið hafi fyrir hans hönd selt minst 300 tunnur síldar af framleiðslu næsta árs á undan, og enginn getur átt fleiri atkvæði en 25. Annars fylgir eitt atkvæði hverjum 300 tunnum, en minni tölu er slept.

14. gr.

Meðan meiri hluti fjelagsstjórnarinnar er skipaður af ráðherra, velur í fyrsta skifti stofnfundur, en síðan aðalfundur, 2 endurskoðunarmenn reikninga fjelagsins, en eftir að meiri hluti stjórnarinnar er valinn af fjelaginu, til-

nefnir ráðherra 2 endurskoðunarmenn til 2 ára í senn og ákveður þóknun þeirra.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 1000—100000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tvær höfuðástæður eru fyrir því, að frumvarp þetta er fram komið.

Önnur er sú, að reynslan hefir sýnt, að framleiðslumagnið er svo breytilegt frá ári til árs, að þráfaldlega hafa framleiðendur og þeir, er síld salta, skaðast því meir, sem aflafengur hefir verið meiri, en líklegt er, að ráða megi nokkra bót á því meini, ef sala síldarinnar er skipulagsbundin eins og greinir í frumvarpinu. Í frv. er og lögð áhersla á að rýmka síldarmarkaðinn, en á því er hin mesta nauðsyn.

Hin ástæðan er sú, að nú er atvinnuvegur þessi að miklu rekinn af útlendingum fyrir milligöngu þeirra manna, er hjer hafa atvinnurjettindi, en einnig á þessu er sennilegt, að ráðin verði bót, ef frv. nær fram að ganga.

Fjórir nefndarm. sjávarútvegsn. (B. L., Ó. Th., Sigurj. J., Sv. Ó.) bera þetta frv. fram, og munu því ekki koma fram með nefndarálit um þáltill. um skipun milliþinganefndar um síldveiðilöggjöf.

Ed. **425. Lög**

um líkhús.

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl).

Þegar söfnuður samþykkir að reisa líkhús í kirkjugarði sínum, skal með það farið, að því er snertir samþykt verksins og umsjón með því og niðurjöfnun kostnaðar, eins og fyrir er mælt í lögum nr. 39, 8. nóv. 1901, um kirkjugarða og viðhald þeirra. Um innheimtu gjalda, er á verða lögð samkvæmt lögum þessum, skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **426. Lög**

um heimild handa ríkisstjórninni til að veita guðfræðikandídat Sveinbirni Högnasyni embætti á Íslandi.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl).

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að veita guðfræðikandídat Sveinbirni Högnasyni embætti á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **427. Breytingartillögur**

við frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík.

Frá Magnúsi Jónssyni og Sigurjóni Jónssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, er svo hljóðar:
   Námi í skólanum skal skift milli sex bekkja og miða við, að því verði lokið á sex árum.
   Skifta skal efstu bekkjum skólans, tveim eða þrem, eftir því sem þurfa þykir, í tvær deildir, málfræðideild og stærðfræðideild, er nemendur skulu velja milli.
   Íslensk tunga skal vera höfuðnámsgrein í skólanum. Latneska tungu skal kenna í öllum neðri bekkjum, og í málfræðideild skal hún vera önnur höfuðnámsgrein, en í stærðfræðideild skal stærðfræði vera höfuðnámsgrein. Auka skal nám í leikfimi frá því, sem nú er.
2. Við 12. gr. Á undan orðunum »kenslu í skólanum« kemur ný málsgrein, er svo hljóðar:
   Hverjar vera skuli námsgreinir í skólanum og hve miklum tíma verja til hverrar, bæði í neðri bekkjunum og í hvorri deild efri bekkjanna (sbr. þó 2. gr.).
3. Við 13. gr. Á eftir greininni kemur ný grein, er svo hljóðar:
   Í gagnfræðaskólanum á Akureyri skal hafa námsskeið, þar sem nemendur skólans fá ókeypis þá aukafræðslu, er geri þeim fært að setjast í bekki lærða skólans, alt upp í 4. bekk.
4. Greinatala og tilvitnanir þær, sem eru í 5. og 11. gr., breytast eftir atkvæðagreiðslu.

Nd. **428. Breytingartillaga**

við frv. til laga um útrýming fjárkláða.

Frá Bernh. Stefánssyni.

Aftan við 1. gr. frv. bætist:

Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að láta fresta böðuninni, ef Búnaðarfjelag Íslands telur, að áhætta sje að láta hana fara fram, vegna fóðurskorts.

Nd. **429. Breytingartillaga**

við brtt. á þingskjali 421 [*Fjárkláði*].

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Fyrir orðin: »Búnaðarfjelag Íslands og búnaðarsamböndin« komi: »Búnaðarfjelag Íslands, að fengnum umsögnum frá búnaðarsamböndunum«.

Ed. **430. Frumvarp**

til laga um útrýming fjárkláða.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Böðun á sauðfje til útrýmingar fjárkláða skal fram fara um land alt í árslok 1928 og ársbyrjun 1929. Skulu dýralæknar landsins standa fyrir framkvæmdum, hver í sínum fjórðungi, alt undir yfirumsjón dýralæknisins í Reykjavík, og taka þeir sjer aðstoðarmenn eftir þörfum. Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að láta fresta böðuninni, ef Búnaðarfjelag Íslands telur, að áhætta sje að láta hana fara fram, vegna fóðurskorts.

2. gr.

Eftir tillögum dýralæknisins í Reykjavík semur atvinnumálaráðuneytið reglugerð um framkvæmd verksins, og skal þar ákveða sektir fyrir brot gegn reglugerðinni.

3. gr.

Útrýming fjárkláðans skal í aðaldráttum framkvæmd á þann hátt, að alt fje í landinu sje baðað úr góðu kláðabaði, þrem böðum, með hæfilegu

millibili. Atvinnumálaráðuneytið sjer um kaup eða tilbúning á baðlyfinu og flutning þess á hafnir. Þaðan skulu hreppsnefndir annast flutninginn í hvern hrepp og um hann og sjá um, að næg baðker sjeu í hreppnum. Hver sá, er hefir fje á fóðrum, leggur til ókeypis nægilega aðstoð við skoðun og böðun þess.

Kostnað allan við eftirlit með böðuninni greiðir ríkissjóður, og auk þess $^2/_3$ hluta andvirðis baðlyfja og $^2/_3$ hluta flutningskostnaðar á hafnir. Allan annan kostnað við útrýmingarböðunina greiða fjáreigendur eftir fjártölu, og annast hreppsnefndir og bæjarstjórnir innheimtu. Gjald þetta má taka lögtaki.

4. gr.

Þar til lög þessi koma til framkvæmda, skal atvinnumálaráðuneytið láta fram fara ítarlega rannsókn á tilbúningi og nothæfi baðlyfja til útrýmingarböðunarinnar.

5. gr.

Framkvæmd tilskipunar 5. jan. 1866, tilsk. 4. mars 1871, laga 8. nóv. 1901 og laga um sauðfjárbaðanir 30. nóvember 1914 skal frestað að því leyti, sem tilskipanir þessar og lög samrýmast ekki lögum þessum.

Ed. **431. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir rætt þetta frv. á nokkrum fundum og leitað álits vegamálastjóra, og að nokkru leyti í samráði við hann gert tillögur til breytinga á frv. Til þess að enn betur megi skilja ástæður þær, er að breytingum þessum lúta, sumum hverjum, hefir nefndin látið prenta ásamt þessu nefndaráliti brjef frá vegamálastjóra, er snertir ákvæði frv. um tryggingarskyldu bifreiðaeigenda.

Ákvæðin í 1. gr. frv. um viðurlög við því, að bifreiðarstjóri aki bifreið ölvaður, eða þegar slys verður fyrir hirðuleysi, þótti nefndinni tæplega nógu hörð, og vill hún því gera þau nokkuð skýrari og strangari og breytti greininni þann veg. Þannig virðist nefndinni, að það þurfi skilyrðislaust að varða rjettindamissi um nokkurn tíma, ef bifreiðarstjóri er ölvaður við aksturinn, jafnvel þó ekki hljótist slys af.

Eins og áður er á vikið, vill nefndin gera gagngerðar breytingar á tryggingarskylduákvæðum frv. Þau eru þar þann veg, að fyrirsjáanlega yrði þessari atvinnugrein íþyngt um skör fram, ef þau hjeldust óbreytt.

Ef ákvæðin ættu að haldast, yrði sennilega að ljetta af bifreiðaskattinum, með því að of háir skattar á samgöngutækjunum eru að dómi nefndarinnar mjög óheppilegir og leiðir óhjákvæmilega af þeim, að samgöngurnar verða almenningi dýrari en æskilegt er.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 3. málsgr. 5. gr. laga nr. 88, 14. nóv. 1917, kemur:

Bifreiðarstjóri má ekki neita áfengra drykkja eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðarakstur.

Bifreiðarstjóri, sem brýtur ákvæði 9. gr. 2. málsgr., er slys vill til, eða ekur bifreið ölvaður, skal auk sekta eftir 14. gr. sviftur ökuskírteini um ákveðinn tíma, ekki skemur en 6 mánuði, eða æfilangt, ef brot er ítrekað, verulegt slys hlýst fyrir ölæði eða miklar sakir eru að öðru leyti.

Sviftíng ökuskírteinis skal gerð með dómi í máli því, sem höfðað er út af brotinu, og má ennfremur láta önnur brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, ef ítrekuð eru eða miklar sakir eru að öðru leyti, varða auk sekta eftir 14. gr. sviftingu ökuskírteinis um ákveðinn tíma eða æfilangt. Ef lögreglustjóri telur nauðsyn til bera, er honum heimilt að svifta bifreiðarstjóra, sem hann telur hafa brotið ákvæði laganna eða áðurnefndra reglugerða, ökuskírteini til bráðabirgða þar til dómur fellur. Sama er og ef lögreglustjóri álítur, að bifreiðarstjóri fullnægi ekki lengur skilyrðum þeim, er útheimtast til að fá ökuskírteini.

2. Við 5. gr.

a. Fyrir orðin »að upphæð 15000 kr.« í 1. málsgr. komi: »3000 kr. fyrir fyrstu bifreið og síðan 1000 kr. fyrir hverja, ef um fleiri bifreiðir er að ræða hjá sama eiganda.

b. Í stað »7500 kr.« í sömu málsgr. komi: 1500 kr.

c. Fyrir orðin »eða bæjarfjelaga« í sömu málsgr. komi: eða bæjar- og sveitarfjelaga.

d. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bifreiðareigandi skal undanþeginn tryggingarskyldu þeirri, er um ræðir í 1. málsgrein, ef hann afhendir lögreglustjóra verðbrjef eða aðra tryggingu, er gild verður tekin, enda nemi hún sömu upphæð fyrir hverja bifreið og ákveðið er í 1. málsgrein.

Alþingi, 26. apríl 1926.

Björn Kristjánsson, formaður. Ágúst Helgason, fundaskrifari, frsm.

Einar Árnason. Jóhann Þ. Jósefsson. Sig. Eggerz.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

REYKJAVÍK 22/4. 1926.

Athugasemdir

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

Jeg álít ákvæði 5. gr. um að skylda sjerhvern bifreiðareiganda til þess að tryggja bifreið sína fyrir 15000 kr. skaðabótakröfu varhugaverða, vegna þess að þessi skylda hefir mikinn kostnað í för með sjer, og óþarfa, af því að enn hafa bifreiðaslys verið hjer mjög sjaldgæf.

Mjer er kunnugt um, að slík tryggingarskylda sem þessi er ákveðin í Danmörku og Noregi, og enda upphæðin nokkru hærri en 15000 kr. Í Noregi var þó upphæðin aðeins 1000 kr. þar til ný bifreiðalög gengu í gildi fyrir fáum mánuðum síðan. Ástæða til svo mikillar hækkunar þar er talin sú, að bifreiðaslysum hafi fjölgað mjög, og voru menn því alment teknir að vátryggja fyrir margfalt hærri upphæð en skylda var, enda hafa sum vátryggingarfjelög ákvæði um lágmarkstryggingarupphæðir.

Mjer er kunnugt um, að vátryggingarfjelag eitt, sem hjer starfar, hefir gefið mönnum kost á tryggingum, en iðgjöldin hafa verið svo há, að enginn vátryggir. Iðgjöldin eru þessi, og er miðað við 12000 kr. tryggingu og fæst ekki lægri:

Fyrir vörubifreiðar . . . . . kr. 130,63
— fólksbifreiðar . . . . . — 206,25

Jeg geri ráð fyrir, að lögbundin skyldutrygging myndi lækka iðgjöldin til mikilla muna, en samkvæmt upplýsingum um iðgjöld í Noregi og Danmörku má vænta þess, að iðgjöldin hjer yrðu alls ekki minna en 100 kr. fyrir hverja fólksbifreið, en 75 kr. fyrir vörubifreið og 30 kr. fyrir tvíhjóla bifreiðar, og myndu þá nema samtals um 38000 kr. af þessum 460 bifreiðum.

Mjer virðist það augljóst, að ekki sje rjett að íþyngja bifreiðarekstri með svo háum skatti, nema full nauðsyn sje, skatti, sem nemur um 50% meira en skattur sá, er nú hvílir á bifreiðum og orðið er til endurbóta á vegum. Væntanlega myndi og öll þessi upphæð renna út úr landinu.

Jeg hefi reynt að fá upplýsingar um slys þau á undanförnum árum, sem lögreglustjórar hafa fjallað um, og virðist mjer koma í ljós, að slysin sjeu mjög fá og flest lítil. Í Reykjavík hafa 1924 þrír bifreiðarstjórar orðið skaðabótaskyldir um 150 kr., 200 kr. og 2200 kr., en 1925 fjórir um 100 kr., 120 kr., 175 kr. og 220 kr. Fyrir þennan tíma hefir ekki kveðið meira að slysum tiltölulega, en þó kom 1919 fyrir slys, sem dæmt var í 6000 kr. skaðabætur fyrir. Í Hafnarfirði og á Akureyri hefir aðeins komið fyrir sitt skaðabótamálið á hvorum staðnum, og námu bætur samtals um 1500 kr. Í Árnessýslu mun aldrei hafa komið fyrir mál út af skaðabótum. Vitanlega hafa oftar komið fyrir slys en þessi, því stundum hefir orðið samkomulag um bætur, eða hitt, að láta kröfur falla niður. En jeg hygg óhætt að fullyrða, að bifreiðaslys sjeu svo sjaldgæf, að ekki sje veruleg ástæða til að lögbjóða hjer skyldutryggingu, síst svo háa, sem gert er í frumv.

Jeg gæti felt mig við skyldutrygginguna, ef upphæðin væri sett t. d. 3000

kr. í stað 15000 kr., en þó jafnframt ákveðið, eins og gert er í norsku lögunum, að í stað vátryggingarskírteinis geti bifreiðaeigandi afhent lögreglustjóra til geymslu verðbrjef, sparisjóðsbók eða aðra þá tryggingu fyrir skaðabótakröfum, sem tekin væri gild. Loks þætti mjer rjett, að einnig yrði sett inn í greinina ákvæði um nokkra ívilnun til þeirra, sem eiga fleiri en eina bifreið. Mjer virðist t. d. ekki ástæða til þess, að fjelag, sem á 10 bifreiðar, setji 3000 kr. tryggingu fyrir hverja bifreið, heldur væri hæfilegt að ákveða 3000 kr. tryggingu fyrir fyrstu bifreiðina, en 1000 kr. fyrir hverja hinna. Næmi þá tryggingin alls 12000 kr.

Jeg þykist viss um, að iðgjöld fyrir 3000 kr. tryggingu myndu verða tiltölulega mun hærri en fyrir 15000 kr., þannig, að þau myndu nema ekki minna en 10 þús. kr. á ári fyrir allar bifreiðar, sem hjer eru nú. Mun það þó ekki fjarri því að vera eins há upphæð og nema allar skaðabætur fyrir slys, sem dæmt hefir verið í hjer á landi, að minsta kosti undanfarin 7 ár.

Geir G. Zoëga.

Ed. **432. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 (Ritsíma- og talsímakerfi).

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 24. apríl 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Einar Árnason, frsm.	Ágúst Helgason, fundaskr.

Sig. Eggerz. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. **433. Frumvarp**

til laga um verðtoll á nokkrum vörum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að

undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Alla reikninga um vörur, er um ræðir í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, svo og reikninga um fólksflutningabifreiðar, skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, og skulu allir slíkir reikningar stimplast með 10% af innkaupsverði þeirra vara, nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

A. Með 20% stimplast eftirtaldar vörur: Flugeldar og flugeldaefni. Gimsteinar og hverskonar skrautgripir. Glysvarningur og leikföng allskonar. Gullsmíðis- og silfursmíðisvörur. Jólatrjesskraut. Kaffibætisefni. Lakkskór. Loðskinn og fatnaður úr þeim. Plettvörur. Silki og silkivarningur. Silkihattar. Silkiskór og flosskór. Skrautfjaðrir. Sólhlífar. Veggmyndir.

B. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur þær, er nú skal greina: Asbestþráður, Áttavitar. Ávextir, nýir. Baðmullartvinni. Bambus. Bast. Bifreiða- og hjólhestadekk og slöngur. Blaðgull til gyllingar. Blautsápa. Boltar og rær. Botnvörpur. Botnvörpugarn. Brennisteinssýrur. Bronce. Burstar og sópar. Bæs. Dynamit. Dælur. Efni og áhöld til logsuðu og logskurðar. Efni til gasframleiðslu. Efni til bókbands. Eldavjela- og ofnhlutar. Flöskumiðar og tappar. Garn allskonar. Ger. Gerduft. Gibslistar. Gleraugu. Glóðarlampar. Gluggajárn. Grænmeti, nýtt. Gúmmihælar og sólar. Hagldabrauð og tvíbökur. Hellulitur. Heygrímur. Heymælar. Hjólnafir. Hljóðfæri, nema grammófónar og grammófónplötur. Hnoð. Hunang. Hurðarhandföng. Húsgagnafjaðrir og keðjubotnar í rúm. Húsnúmer. Hvalur. Hvítmálmur. Karbolin. Kátsjúk (óunnið). Keðjulásar. Kensluáhöld. Kítti. Kolsýra. Kondensatorþráður. Kopar. Koparrör. Lamir. Lampaglös. Lampakveikir. Lásar. Látún. Leður og skinn (sútað). Leðurlíking. Ljósker. Lofthanar. Loftskeytatæki. Lyfjavörur. Lyklar og skrár. Læknistæki. Lökk. Málning. Meðalalýsi. Mottur til umbúða. Myndamót. Nauðsynjar við listmálningu. Nálar. Niðursoðin mjólk. Olíuhanar. Olíulampar. Ostahleypir. Pakkalitir. Pottar. Prentletur. Prentsverta. Prjónar. Prjónavjelar. Pönnur. Rafmagnstæki og mælar. Ratín. Reikningsspjöld. Reikningsvjelar. Ritvjelar. Fjölritar. Talningavjelar. Röntgentæki. Sáraumbúðir. Saumavjelar. Seglgarn. Síldarkrydd. Sink. Skipsbrauð. Skotfæri. Skólanauðsynjar. Skriðmælar. Skrifbækur. Skrúfur. Smíðatól. Smjörlíki. Sporvagnar. Stoppefni í húsgögn. Svínafeiti. Terpentína. Talsíma- og ritsímatæki. Trjelím. Trjeskór og klossar. Tvinni. Ullarkambar. Varahlutar til viðgerðar á vjelum og áhöldum, sem undanþegin eru verðtolli. Vatnshanar. Vaxdúkar. Vefjarskeiðar. Veggalmanök. Veggfóður. Viðhafnarlaus skófatnaður úr skinni og gúmmí. Vír úr járni og kopar. Vitatæki og ljósmerkjatæki, og efni til þeirra. Vjelaeinangrunarefni. Vjelareimar. Vjelavaselín. Vjelaþjettingar. Vogir og lóð. Vörpukeðjur. Þurkefni.

Ennfremur er stjórninni heimilt að undanskilja þessum tolli þær efnisvörur, sem innlend iðnaðarfyrirtæki sanna fyrir henni, að þau noti til starfrækslu sinnar, svo og allar vjelar til iðnaðar og framleiðslu.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ákvæði 4. til 15. greinar laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um innheimtuna, um greiðslu stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem eru sendar til landsins í pósti, og annað, er snertir framkvæmd laganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1927.

Nd. **434. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Flutningsm.: Klemens Jónsson og Halldór Stefánsson.

Við 1. gr. Fyrsti liður hljóði svo:

Við 1. gr. 1. Orðin »kornvörum«, »steinolíu« falli burt.

Nd. **435. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.

Flutningsm.: Hákon J. Kristófersson.

Upphaf 4. málsgr. 7. gr. laganna skal orða svo:

Ennfremur nær útsvarsskyldan til þeirra manna, sem lögskráðir eru á skip, sem skrásett eru í Reykjavík, ef þeir eiga ekki lögheimili annarsstaðar hjer á landi, svo og til þeirra, sem hafa á hendi launuð störf í bænum, o. s. frv.

Greinargerð.

Jeg hefi ekki dregið dul á það, að jeg tel, að ýms meiri háttar vansmíði sjeu á frv. því um útsvör, sem nú liggur fyrir þessu þingi, og tel jeg líklegt, að þau vansmíði muni verða því valdandi, að málið verði ekki afgreitt á þessu þingi.

Þó jeg eftir atvikum verði að telja það mjög svo heppilega niðurstöðu, að hið umgetna frv. verði ekki afgreitt sem lög frá þessu þingi, þar sem vænta

má, að frestun á afgreiðslu málsins og nánari athugun á því utan þings og innan muni greiða fyrir því, að breytingar verði gerðar á frumvarpinu á sínum tíma, er til bóta mættu verða, þá er þó þannig ástatt um eitt ákvæði í núgildandi útsvarslöggjöf, að alls eigi er við hlítandi, og er þess vegna öldungis óforsvaranlegt að ljúka svo þessu þingi, að þar sje eigi bót á ráðin.

Þetta ákvæði, sem óhjákvæmilegt er, að mínu og margra annara áliti, að breyta nú á þessu þingi, ef svo fer um frv. um útsvör, sem hjer að framan er til getið, er heimild sú, sem Reykjavíkurbæ var veitt 1924, til þess að leggja útsvör á utansveitarmenn, sem þar eru lögskráðir á skip. Þetta ákvæði hefir valdið geysilega mikilli óánægju, enda margur orðið hart úti þessa vegna.

Það er líka svo til þessarar heimildar stofnað, þar sem útgerðarmanni er heimilt að halda eftir 10. parti af brúttótekjum hins lögskráða manns til lúkningar útsvarinu. Brúttótekjurnar eru því hafðar sem grundvöllur fyrir útsvarsálagningunni, án þess niðurjöfnunarnefndin þekki nokkuð ástæður og efni mannsins að öðru leyti. Það er því ekki að undra, þó þetta hafi valdið mikilli óánægju og komið hart niður á mörgum einstaklingum og heimilissveit þeirra.

Það er þess vegna, fyrir margra hluta sakir, öldungis óhjákvæmilegt að breyta þessu ákvæði á þann hátt, að viðunandi sje, enda fengin viðurkenning fyrir því í háttv. Nd. með samþykt frv. um útsvör. Vænti jeg því, að háttv. deild bregðist vel við fljótri afgreiðslu á þessu frv., þó það komi, af ástæðum, sem að framan er getið, svona seint fram.

Nd. **436. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild til handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til virkjunar Dynjandisár og annara fallvatna í Arnarfirði o. fl.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 3. gr. Greinin falli niður.
2. Við 7. gr. Fyrir síðasta málslið »Rjett er ráðherra ..... fresti þessa« komi: Ráðherra getur framlengt fresti þessa um alt að 1 ári hvorn.
3. Á eftir 8. gr. komi ný gr., þannig:

Um leið og sjerleyfi er út gefið, skal leyfishafi afhenda ríkisstjórninni 50000 kr. til tryggingar því, að efndir verði á virkjun og sjerleyfisskilyrðum. Fellur það til ríkissjóðs með öllum vöxtum, ef virkjun er eigi lokið á umsömdum tíma eða aðrar vanefndir verða á sjerleyfisskilyrðum, ella endurgreiðist það með vaxtaviðauka, er skilyrðum 7. gr. er fullnægt.

Greinatalan fari eftir niðurstöðu atkvæðagreiðslu.

Nd. **437. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

Við 1. gr. (7. línu).
Fyrir »1 kr.« komi: kr. 1.50.

Nd. **438. Nefndarálit**

um frv. til laga um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er flutt af hv. stjórn og fer fram á að samræma hin gildandi íslensku lagaákvæði um ríkisborgararjett samskonar löggjöf Norðurlanda.

Frv. hefir verið afgreitt í hv. efri deild, og þar sem allsherjarnefnd getur fullkomlega fallist á efni þess, þá ræður hún hv. deild til þess að samþykkja frv. með svofeldri

ORÐABREYTINGU:

Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Nú hefir karlmaður eða ógift kona, sem fædd eru hjer á landi, en eiga þó ekki ríkisfang hjer, haft hjer samfleytt lögheimili til fullra 19 ára aldurs, og öðlast þau þá íslenskt ríkisfang, hvort sem þau eru fædd áður en lög þessi öðlast gildi eða eftir það, enda hafi aðili o. s. frv.

Alþingi, 27. apríl 1926.

Jón Kjartansson,	Árni Jónsson,
form. og frsm.	fundaskrifari.

Pjetur Ottesen. Pjetur Þórðarson. Jón Baldvinsson.

Nd. **439. Lög**

um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.

(Afgreidd frá Nd. 27. apríl).

1. gr.

Til greiðslu á kostnaði þeim, er bæjarsjóður Siglufjarðar hefir haft af

byggingu sjóvarnargarðsins þar, skal árlega greiða skatt í bæjarsjóð, svo sem hjer segir, af öllum útmældum lóðum innan löggilts verslunarsvæðis í kaupstaðnum og af húsum á þeim lóðum:

1. Af húsum og lóðum, er liggja að sjó í Bakka, Hvanneyrarkrók, Siglufjarðareyri og innan Siglufjarðareyrar og austan fjarðar, 4 af þúsundi af virðingarverði fasteigna samkvæmt fasteignamati.
2. Á aðrar fasteignir í kaupstaðnum heimilast bæjarstjórn að leggja árlegan skatt, 2 af þúsundi. Skatturinn telst af fullum hundrað krónum virðingarverðsins; minni upphæð en 100 kr. kemur ekki til greina.

Tún og garðar og fasteignir, sem eru eigi fasteignaskattskyldar samkvæmt lögum nr. 66 1921, eru undanskildar þessum skatti.

Þá er lokið er greiðslu á kostnaði þeim, er bæjarsjóður hefir haft af sjóvarnargarðinum, fellur skatturinn niður. Komi það í ljós síðar, að bæjarsjóður þurfi að leggja fram fje til viðhalds eða endurbyggingar garðinum, þá er bæjarstjórninni heimilt að taka skattinn upp af nýju og verja til lúkningar þeim kostnaði.

2. gr.

Skatturinn greiðist á manntalsþingi af eigendum húsa og leigutökum lóða eða notendum, sem samkvæmt byggingarbrjefi eða öðrum heimildum hafa umráð þeirra. Bæjarfógeti Siglufjarðar innheimtir skattinn gegn 2% innheimtulaunum, í fyrsta sinn á manntalsþingi 1927.

3. gr.

Skattinn má taka lögtaki, og gengur hann í tvö ár frá gjalddaga fyrir öllum veðkröfum á húseign þeirri, er hann hvílir á, næst eftir fasteignaskatti ríkisins.

Nú greiðir leigutaki eða notandi lóðar eigi skattinn í tvö ár, og hefir hann þá fyrirgert leigurjetti eða afnotarjetti sínum.

Ed. **440. Frumvarp**

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til virkjunar Dynjandisár og annara fallvatna í Arnarfirði o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita hlutafjelögunum Dansk-islandsk Anlægsselskab í Kaupmannahöfn og Islands Salt- & kemiske Fabrikker í Reykjavík sjerleyfi til:

1. Að virkja Dynjandisá, Svíná, Mjólkurárnar og Hofsá í Arnarfirði. Leyfið felur í sjer heimild til að gera vatnsmiðlunarvirki í ám þessum og lækj-

um eða vötnum, er þær eru í sambandi við eða heppilegt þykir að miðla vatni í vegna fyrirtækja þeirra, er í lögum þessum getur, þar á meðal hækka eða lækka vatnsbotn eða farveg, gera vatnsrásir ofan jarðar eða neðan eftir þörfum, þar á meðal brottrás handa vatni frá orkuveri, sbr. 2. tölul., og yfir höfuð að fara með vatnið eftir því, sem nauðsyn krefur til að ná úr því orku þess, og svo sem samrýmast má landslögum. Gert er ráð fyrir, að virkjaðar verði alt að 40 þúsund hestorkum.

2. Að reisa orkuver í Arnarfirði, í því skyni að breyta vatnsorku þeirri, sem í 1. tölul. segir, í raforku, og starfrækja það eða þau.
3. Að leiða raforku frá orkuveri eða orkuverum þeim, er í 2. tölul. greinir, til Önundarfjarðar um þá staði og með þeim hætti, er best þykir henta, til afnota í iðjuveri eða iðjuverum þeim, er í 4. tölul. getur.
4. Að reisa iðjuver í Önundarfirði til málmbræðslu, leirbrenslu, saltpjetursvinslu eða til annarar iðju eða hagnýtingar efna úr námum þeim, er ofannefnd fjelög hafa nú heimild á tekið, eða kunna síðar að eignast, og vinna má með orku þeirri, er lög þessi greina.
5. Að gera vegi eða önnur samgöngutæki frá iðjuveri eða iðjuverum til sjávar og þangað, sem námur fjelaganna eru, svo og til að gera höfn, bryggjur eða skipalægi, eftir því sem nauðsyn krefur til starfrækslu iðjuvera eða náma.
6. Að taka lögnámi land og rjettindi yfir landi eða netlögum, svo og að leggja kvaðir á land eða netlög, að því leyti sem nauðsynlegt er til að koma fyrirtækjum þessum í framkvæmd, sem í 1.—5. tölul. segir, enda komi fult endurgjald fyrir.

2. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa varnarþing á Íslandi, enda hafi hann hjer búsettan umboðsmann, er birta megi stefnu og svari til saka fyrir dómi í málum á hendur leyfishafa, en að minsta kosti tveir fimtu hlutar stjórnarmanna skulu vera búsettir á Íslandi.

3. gr.

Ekki má framselja sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ráðherra komi til, enda fullnægi nýr leyfishafi skilyrðum 2. gr.

4. gr.

Sjerleyfistími má vera alt að 60 árum.

5. gr.

Sjerleyfishafi skal vera undanþeginn eignarskatti, tekjuskatti til ríkissjóðs, útsvari og hærra útflutningsgjaldi en nú er, eða öðrum samskonar gjöldum, er á kunna að verða lögð. Í stað þess skal hann gjalda af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum 3 krónur árlega af hverri nýttri hestorku fyrstu 3 árin, en síðan 5 krónur árlega af hverri nýttri hestorku. Gjald þetta skiftist þannig milli ríkissjóðs og sveitarsjóðs, að ríkissjóður hlýtur tvo þriðju hluta, en sveitarsjóður þriðjung. Ef fyrirtækið er útsvarsskylt í fleirum en einum hreppi, skiftist sveitarsjóðshlutinn milli þeirra í hlutfalli við fólksfjölda.

Sú raforka, sem seld er til almennings samkvæmt sjerleyfislögum, skal þó undanþegin þessu árgjaldi.

6. gr.

Um sölu á raforku til almennings fer eftir sjerleyfislögum, og skal þó verð árshestorkunnar ekki fara fram úr 50 krónum.

7. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa byrjað á mannvirkjum þeim, sem í 1. gr. segir, innan 4 ára frá dagsetningu sjerleyfis og hafa lokið þeim innan 7 ára frá sama tíma. Ráðherra getur framlengt fresti þessa um alt að 1 ári hvorn.

8. gr.

Rjettindi og skyldur sjerleyfishafa og skifti hans og ríkisstjórnar fara samkvæmt landslögum, þ. á. m. sjerleyfislögum, að svo miklu leyti, sem ekki er um mælt í lögum þessum. Nú skilur aðilja á um það, hvort atriði skuli sæta úrlausn eftir þessum lögum eða landslögum, og skal þá hæstirjettur einn dæma það mál. Sjerleyfisdómur samkvæmt sjerleyfislögum sker annars úr, ef ágreiningur verður um efndir á ákvæðum sjerleyfisins, með þeim hætti, sem í sjerleyfislögum greinir.

9. gr.

Um leið og sjerleyfi er út gefið, skal leyfishafi afhenda ríkisstjórninni 50000 kr. til tryggingar því, að efndir verði á virkjun og sjerleyfisskilyrðum. Fellur það til ríkissjóðs með öllum vöxtum, ef virkjun er eigi lokið á umsömdum tíma eða aðrar vanefndir verða á sjerleyfisskilyrðum, ella endurgreiðist það með vaxtaviðauka, er skilyrðum 7. gr. er fullnægt.

10. gr.

Nú er heimild sú, er felst í lögum þessum, ekki notuð innan ársloka 1928, og falla þá lögin úr gildi.

Nd. **441. Nefndarálit**

um frv. til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frv. Minni hlutinn leggur til, að það verði samþykt með nokkrum breytingum.

Auk þess, sem fram er tekið í hinni ítarlegu greinargerð fyrir frv., vill minni hlutinn láta þessa getið:

Það er alkunnugt, hversu þungum búsifjum atvinnuvegir landsins hafa orðið að sæta af gengishækkuninni, sem varð á síðasta ári. 1924 var einstakt góðæri, og þó hafði gengishækkun á því ári í för með sjer þær truflanir á

viðskiftalífinu, að síðasta þing sá sig knúð til að gera breytingar á lögum um gengisskráning og gjaldeyrisverslun, sem að því stefndu að tryggja fast gengi eða hæga hækkun. Þrátt fyrir skýran þingvilja og þrátt fyrir það, að áhættulaust hefði verið að halda genginu sæmilega stöðugu, varð þó stökkbreyting á hinu skráða gengi á síðasta hausti. Afleiðingarnar hafa orðið þær, að þjóðin sjer nú betur en nokkru sinni áður, hvílík nauðsyn ber til, vegna atvinnuveganna og viðskiftalífsins, að hafa verðfastan gjaldeyri. Er þess því að vænta, að yfirstandandi þing geri ráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðvænlegar gengisbreytingar framvegis.

Gengi íslenskrar krónu hefir verið mjög óstöðugt hin síðustu fimm árin. Það hefir haft hinar örlagaríkustu afleiðingar fyrir atvinnulíf þjóðarinnar, á sama hátt og hið óstöðuga verðlag frá stríðsbyrjun. Hækkun verðlags og lækkun gengis er að vísu hagstæð fyrir atvinnurekstur landsmanna í svip. En sá byr er búinn þegar verðlagið er komið í samræmi við hið lækkaða gengi. Sá vöxtur, sem hleypur í atvinnurekstur vegna hækkandi verðlags, er ávalt óheilbrigður og hefnir sín á sínum tíma. Margt það, sem þýtur upp á verðbreytingatímum, er ekki lífvænlegt til langframa. Hækkun peningagildisins er þó enn skaðvænlegri öllum atvinnurekstri. Hækkunin tekur fyrir kverkarnar á atvinnu- og viðskiftalífi, og kemur það þyngst niður á þeim atvinnugreinum, sem mest byggja á útflutningi. Þar sem verðlag og vinnulaun eru lengi að laga sig eftir hækkun gengisins, einkum ef stökkbreytingar verða, þá veldur það auknum framleiðslukostnaði. En aukinn framleiðslukostnaður veldur örðugri afkomu og dregur úr framleiðslunni. Hefir þjóðin þegar fundið smjörþefinn af því, og mun finna hann betur, ef nú hefst ekki föst stefna í gengismálinu af hálfu þeirra, sem mestu ráða um gengið, en þar á Alþingi að hafa hin hæstu ráð, þó ekki hafi því verið að fagna a. m. k. síðasta árið.

Það er ekki hinn eini örðugleiki gengishækkunarinnar, að verðlagið er lengi að laga sig eftir breyttu gengi. Verð innfluttra vara lagar sig eftir genginu án harmkvæla, og þarf þó marga mánuði til, að sú breyting verði til fulls, og er það einkum tilfinnanlegt fyrir atvinnuvegi vors afskekta lands, sem kaupir inn löngu áður en borgað er með framleiðsluvörunni. Hinn langi umsetningartími atvinnuvega vorra veldur því stórtjóni, þó ekki sje til annars litið en verðbreytinga á innfluttri vöru. Má telja, að verðbreytingu þeirri, sem stafar af gengisbreytingum þeim, er urðu í haust er leið á innfluttum vörum, muni nú að mestu vera lokið. En þá er að mestu leyti eftir verðlækkun sú, sem mestri mótspyrnu mætir, lækkun á kaupgjaldi, innlendum vörum, húsaleigu og öðrum staðbundnum gæðum. Vjer eigum því eftir að yfirstíga mikla örðugleika, og það aðalörðugleikana, ef halda skal núverandi gengi, hvað þá heldur ef hækka skal gengið koll af kolli óðar en jafnvægi er náð. Virðast nú nægilega örðugir tímar fram undan, þó ekki sje bætt óþörfum gengisörðugleikum ofan á þá örðugleika, sem vjer höfum lítil tök á, lítinn afla og lágt verð erlendis á framleiðsluvörum vorum.

En eins og tekið var fram, eru þetta ekki einustu örðugleikarnir. Skuldabyrði atvinnuveganna í íslenskum krónum er mikil og miðuð við undanfarið lággengi, sem ríkti þegar skuldirnar voru stofnaðar. Þó verð-

lag lækki og komist í samræmi við hið skráða gengi, stendur skuldabyrði atvinnuveganna í stað. Krónutalan verður jafnhá, þó gullgildi hverrar krónu hækki, þegar um skuldir í innlendum gjaldeyri er að ræða. Er því full ástæða til að taka mikið tillit til hinnar eðlilegu skuldabyrði aðalatvinnuvega vorra, sem af kaupum framleiðslutækja og ýmsum framkvæmdum, sem ætlað var að borguðu sig á mörgum árum, stafa. Við þetta tvent eiga atvinnuvegirnir að búa á hækkunartímum: hátt verðlag, sem seint og treglega færist niður, og aukna skuldabyrði. Afleiðingin verður sú, að atvinnuvegirnir geta ekki borið sig, engin vissa verður fyrir, að neinar áætlanir standist. Framtakssemin dofnar og dugnaðurinn fær ekki sín laun. Að vísu verður þetta alt tilfinnanlegra, ef hækkunin verður ör, og getur þá allsherjar hrun orðið afleiðingin, en sömu ókosti hefir þó hægfara hækkun að því leyti, að velgengni er engrar að vænta fyrir atvinnulífið meðan hún stendur yfir. Auk þess verður þrýstingurinn á verðlagið ekki eins sterkur, þegar um hæga hækkun er að ræða ár frá ári, og má því gera ráð fyrir, að framleiðslukostnaðurinn aukist meir til langframa, ef sú aðferð er höfð. Hækkun á mjög föllnum gjaldeyri, sem eins og hin íslenska króna er fallinn að minsta kosti um 20—30% að rjettu lagi, veldur því hruni eða langvarandi kreppu. En það eru sameiginlegir hagsmunir allra landsmanna, hvort sem þeir »kaupa« vinnu eða »selja«, að afkoma atvinnuveganna sje góð.

Það er fullvíst, að enginn möguleiki er til að vinna hina íslensku krónu upp í sitt gamla gullgildi á stuttum tíma. Það mundi fyrirsjáanlega kosta mörg ár. En því lengra sem líður áður en fullnaðarhækkun er framkvæmd, því örðugri verður hækkunin og því meira ranglæti skapar hún. Vjer getum ekki miðað við getu og möguleika auðugra þjóða, þar sem atvinnulífið byggir á gömlum merg. Framfarir í voru atvinnulífi eru nýlegar og hin stærri fyrirtæki skuldug, og þeir, sem sparifje eiga, yfirleitt ekki svo efnum búnir, að þeir eigi ekki meir undir þeirri tryggingu, sem fastur gjaldeyrir veitir atvinnurekstri þeirra, en gróðavoninni, sem gjaldeyrishækkun kann að ala á, enda er mestur hluti sparifjárins saman dreginn á lággengistímum. Þjóðlíf vort þolir illa kyrstöðu og kreppur, sem hækkunarstefnan skapar. Alt, sem ógert er, heimtar verðfastan gjaldeyri. Hvert byrjandi fyrirtæki, hvort sem það er ræktun, útgerð, húsagerð o. s. frv., heimtar, að trygging sje fyrir, að greiðsla á nauðsynlegum lánum fari ekki fram í mikið hækkuðum gjaldeyri.

Fastur gjaldeyrir er fjárhag ríkisins hollastur. Ýms útgjöld ríkisins eru það bundin, að það tekur langan tíma, að þau lagi sig eftir hækkuðu gengi. Tekjurnar laga sig sumpart eftir genginu af sjálfu sjer og sumpart eiga atvinnuvegirnir heimting á, að skattar og tollar lækki með hækkandi gengi, því þungir skattar, eins og nú hvíla á framleiðslunni, ljetta síst undir með henni að bera gengishækkun. Auk þess er hætt við, að kröfur verði gerðar til ríkisins um að bæta upp ýmsum þeim, sem harðast yrðu úti vegna gengishækkunar. Ríkissjóður myndi því sennilega hafa tjón af hækkun. Á skuldum við útlönd í erlendri mynt græðir hann ekki, þó svo kynni að virðast á yfirborðinu, því allar millirikjagreiðslur fara í rauninni fram í vörum eða vinnu, m. ö. o. gulls igildi, — annað verðmæti er ekki hægt að flytja á milli landa. Hvort sem litið er á málið frá

sjónarmiði þjóðfjelagsins eða þegnanna, ber því að sama brunni: Fastur gjaldeyrir er, að svo miklu leyti sem gjaldeyririnn kemur því við, skilyrði fyrir heilbrigðum atvinnurekstri og fjárhag. Úr því að gjaldeyririnn er svo fallinn, sem hjer á sjer stað, er það höfuðskylda Alþingis og þess banka, sem með seðlaútgáfuna fer, að skapa verðfastan gjaldeyri — fastan mælikvarða, sem alþjóð geti treyst og bygt á fyrirtæki sín og framkvæmdir og Alþingi afgreiðslu fjárlaganna. Þar er um enga nýbreytni að ræða nje umturnun, heldur það eitt, að festa það ástand, sem er, skapa samræmi milli erlends og innlends kaupmáttar krónunnar, láta þar við sitja, og forða þannig frá því böli, sem lausgenginu fylgir.

Á síðasta ári, eins og raunar áður, virðist framboð og eftirspurn hafa verið látið ráða mestu um skráning gengisins. En það er hvorttveggja, að framboð og eftirspurn er ekki neinn óbrigðull mælikvarði á það, hver sje hinn raunverulegi, erlendi kaupmáttur (gengi) gjaldeyrisins, og auk þess er gengisskráning og gjaldeyrisverslun svo háttað hjer á landi, að ætla má, að hjer sje jafnvel auðveldara en annarsstaðar að komast hjá þeim truflunum, sem framboð og eftirspurn veldur á genginu. Gjaldeyrisverslunin eða greiðlsujöfnuðurinn við útlönd á ekki einn að ráða gengisskráningu. Aðal-grundvöllur gengisins er, þegar til lengdar lætur, verðlagið í viðskiftalöndunum. Sú skráning getur verið stórhættuleg fyrir þjóðarhaginn, sem eingöngu byggir á framboði og eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri. Ef framboð og eftirspurn, eða gjaldeyrisverslunin, á öllu að ráða um skráninguna, þá hefir það verið yfirsjón að setja ekki krónuna upp í sitt gamla gullverð 1924, þegar greiðslujöfnuðurinn var svo fádæma hagstæður. En það eru aðrar orsakir sterkari, sem verður að taka fult tillit til og fyrst og fremst ber að líta á, ef þjóðhagslegar ástæður eiga að ráða mestu um gengisskráninguna, — en það er, eins og áður hefir verið drepið á, verðlagið á vörum og vinnu í landinu sjálfu. Það verður auðskilið, að verðlagið veldur mestu um sanngengið, og á að ráða mestu um skráninguna, þegar þess er gætt, að öll milliríkjaviðskifti eru í rauninni vinnu- og vöruskifti. Það er hinn raunverulegi greiðslumáti milli landa, sem hafa pappírsgjaldmiðil og ekki nota gullið til að jafna greiðsluhalla. Valdið yfir genginu skapast því af þeim áhrifum, sem hægt er að hafa á innanlandsverðlag. Með því einu móti að skapa verðlagsbreytingu, er hægt að halda hinu hækkaða gengi. Það viðurkenna allir, sem nokkurt skyn bera á eðli gengisins, og er þá um leið játað, að kaupmáttarjafngengið er hið eðlilega og sanna gengi.

Það er ekki eina krafan, sem gera verður, er festa skal gengið, að verðgildi gjaldeyrisins sje haldið stöðugu. Það verður og að krefjast þess, að gengið sje skráð í samræmi við hinn innlenda kaupmátt peninganna. Öðru gengi er ekki hægt að halda stöðugu til langframa án þungra búsifja fyrir viðskiftalífið og mikillar áhættu fyrir seðlabankann en því, sem er í samræmi við innlent verðlag. Liggur það í augum uppi, að hinn erlendi (gengið) og hinn innlendi kaupmáttur gjaldeyrisins á að vera hinn sami, eða því sem næst. Litlum frávikum verður að vísu ekki hjá komist, en að jafnvæginu á viðleitni seðlabankans að stefna. »Öll náttúran leitar jafnvægis«. Og sje nokkuð náttúrulögmál til í þessu efni, þá er það lögmál kaupmáttarjafngengisins. Sveiflur

frá því hefna sín jafnan. Lögmál þetta er ofureinfalt og auðskilið. Ef sama vörumagn, sem í Englandi kostar 1 £, kostar hjer á landi 25 krónur, þá er kr. 25 eðlilegt verð á 1 £. Frá þessu kvikar ekki mikið, ef samgöngur eru sæmilegar, viðskiftin frjáls og rjett peningapólitík er rekin. Lögmál þetta orðar Jón Þorláksson fjármálaráðherra svo í bók sinni um »Lággengi«: »Þegar mismunandi mikil verðlagsbólgnun hefir orðið í tveim löndum, þá er eðlilegt ávísanagengi milli þeirra sama sem hið gamla gengi margfaldað með hlutfallinu á milli bólgnunarstigsins í öðru landinu móti hinu«. Einfaldara er þó að orða það svo, að eðlilegt gengi sje hlutfallið á milli verðlagsins í viðskiftalöndunum margfaldað með hinu gamla gengi. En þó lögmálið sje í sjálfu sjer einfalt, þá er það nokkrum örðugleikum bundið að reikna út sanngengið, og stafar það einkum af því, að verðvísitölurnar í hinum ýmsu löndum eru oft reiknaðar út með óliku móti. Er það þó engin ofætlun hagstofum, sem sjerþekkingu hafa á öllu því, sem tillit þarf að taka til og frávikningu getur valdið, að komast nálægt hinu sanna í þessu efni. En þennan útreikning verður að eftirláta hagfræðingunum.

Það liggur í augum uppi, að gjaldeyrinn ber að festa í því gengi, sem næst verður komist að sje eðlilegt. En um það er lögmálið um kaupmáttarjafngengið aðalleiðarvísirinn. Nú er það vitanlegt, að gengi íslenskrar krónu er ekki í samræmi við kaupmátt hennar innanlands. Er þá um tvær leiðir að velja, annaðhvort að halda núverandi gengi þar til verðlagið lagar sig til fulls eftir því, eða að færa gengið til samræmis við hinn innlenda kaupmátt krónunnar. Hin fyrri leiðin er torsótt og í sjálfu sjer ekkert unnið við að leggja á þjóðina þá byrði, sem því fylgir að ná því takmarki. Eins og bent hefir verið á, er verðlag á innfluttum vörum sennilega að mestu komið í samræmi við núverandi gengi, en þá verðlækkun, sem mestum mótþróa mætir, lækkun á kaupi, innlendum afurðum, húsaleigu o. fl., er að miklu leyti eftir að framkvæma, og hefir þegar komið skýrt í ljós það, sem altaf mátti vita, að hún mætir mikilli mótspyrnu, og kostar það verkföll, miklar útlánstakmarkanir til að draga úr kaupgetu almennings og óáran í viðskiftalífinu að framkvæma hana. Það er bersýnilega tál að ætla að telja mönnum trú um, að hún muni fást með hægu móti á næstunni. Og að hætta fje ríkissjóðs til að halda uppi óeðlilegu gengi er óráð. »Óhæfilegt er, að löggjafarvaldið haldi áfram að íþyngja borgurunum með háum sköttum, til þess að framkvæmdarvaldið geti freistað þess að halda krónunni í svo háu verði, að það eitt nægi til þess að sliga atvinnurekendur«. Enda hrekkur engin ríkisábyrgð til að halda uppi því gengi, sem atvinnulífið þolir ekki, og þegar litið er á afkomu atvinnuveganna nú, sem að nokkru leyti eiga við aðra örðugleika að búa en þá, sem af hinu óeðlilega gengi stafa, virðist full ástæða til að treysta ekki mjög á þol þeirra. Spárnar um framtíðina eru ekki það góðar. Ef festa skal gjaldeyrinn, er og litið unnið við það að byrja á því að framkvæma hinn örðugasta hluta þeirrar »deflationar«, sem gengisskráningin í haust er leið hefir leitt af sjer. Það er að vísu ekki hægt að veita öllum þeim, sem halla biðu af hækkuninni, uppbót á því tapi, sem þeir þá biðu að óverðskulduðu, en hitt er hægt, að koma í veg fyrir, að atvinnuvegirnir þurfi enn um langan

tíma að bera afleiðingarnar. Slíka ráðstöfun, lækkun hins skráða gengis til móts við sanngengið, þarf ekki að óttast. Hún á ekkert skylt við þá »inflation«, þar sem of mikil seðlaútgáfa veldur verðlækkun í landinu, þó fávísir menn kunni að rugla því tvennu saman.

Minni hluti gengisnefndar hefir lýst yfir því (sbr. fskj. III), að hægt muni, þó með stuðningi hins opinbera, »að halda því gengi, sem nú er, ef hafður er nægur hemill á útlánsstarfsemi bankanna«. Það er engu örðugra, nema síður sje, fyrir bankana, og þá einkum seðlabankann — en seðlabanki ríkisins er nú sem stendur fjármálaráðherra og Landsbankinn í sameiningu — að sníða útlánsstarfsemi sína með tilliti til þess að varðveita núverandi verðlag en til hins, sem minni hluti gengisnefndar telur líklegt að megi takast, að lækka verðlagið til samræmis við núverandi gengi. Það virðist því sjálfsagt að rannsaka, hvert sje nú hið eðlilega gengi og leitast við að festa það þar. Það er áhættuminst fyrir ríkið, hagkvæmast fyrir atvinnuvegina og viðskiftalífið, og jafnvel nauðsynlegt eins og útlitið er nú. Það er ein höfuðskylda hins opinbera á örðugum tímum að íþyngja ekki atvinnuvegunum með óeðlilegu gengi. Þegar festa skal gengi, ber ekki að taka tillit til annars en þess, sem eðlilegast er út frá innanlandsorsökum og hagkvæmast fyrir þjóðarheildina. Myntsambönd við einstakar þjóðir eru einskisvirði móts við það að fá sem fyrst verðfastan gjaldeyri og komast í hið mikla »myntsamband« þeirra þjóða, sem gullfót hafa.

Festingarstefnunni fylgja engir þeir örðugleikar, sem hækkunarstefnan sje laus við, nema síður sje. Hækkun krónunnar upp í hið gamla gullgildi felur í sjer festingu, þegar að markinu er komið, sem er því örðugri, þar sem á undan eru farnir allir þeir örðugleikar, sem hækkun fylgja og áður hefir verið drepið á.

Minni hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðunum »þeirrar rannsóknar« í lok annars málsliðar komi: og skal genginu haldið þar föstu. Skal nefndin síðan birta skýrslu um rannsókn sína.
   b. Síðasti málsliður greinarinnar falli niður.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.
   Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 27. apríl 1926.

Ásgeir Ásgeirsson, frsm. Halldór Stefánsson.

Fylgiskjal I.

Á fundi fjárhagsnefndar 15. mars var samþykt að leggja svofeldar spurningar fyrir gengisnefnd, og eru svör nefndarinnar birt hjer sem fylgiskj. II. og III.:

»1. Álítur gengisnefnd, að hægt verði að halda því gengi, sem nú er skráð, föstu án sveifla, t. d. til næsta þings, án stuðnings frá því opinbera?
2. Ef stuðning þarf frá því opinbera, i hvaða formi álítur nefndin að hann eigi að vera?
3. Telur nefndin, að slíkur stuðningur þess opinbera hafi fjárhagsáhættu i för með sjer fyrir ríkissjóð?
4. Er núverandi gengi i samræmi við verðlag innanlands og, ef ekki, hve lengi telur nefndin, að verðlagið sje að lagast eftir því, og er atvinnuvegunum hætta búin meðan ósamræmið helst?
5. Fjárhagsnefnd óskar eftir að fá þær tillögur, sem gengisnefnd hefir gert samkvæmt greinargerð fjárhagsnefndar við frv. til laga um gengisskráningu og gjaldeyrisverslun, þskj. 144 frá síðasta ári, þar sem svo er um mælt:

»og öll nefndin eigi að taka alvarlega til athugunar, hvaða ráðstafanir þurfi að gera, verði að því ráði horfið að festa endanlega gengi ísl. krónu og gera hana innleysanlega með gulli, t. d. einhversstaðar nálægt því gullgildi, sem hún hefir nú, og bera fram tillögur sínar um það fyrir næsta Alþingi«.«

Fylgiskjal II.

Svör frá meiri hluta gengisnefndar við brjefi fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis 15. mars 1926.

Gengisnefnd hefir ekki getað orðið sammála um að svara spurningum háttvirtrar fjárhagsnefndar. Meiri hluti nefndarinnar leyfir sjer að svara spurningunum á þessa leið:

Að 1. Meiri hlutinn lítur svo á, að krónan hafi hækkað of ört og standi of hátt. Af því hafa þegar leitt og leiða miklir örðugleikar fyrir atvinnulífið, en ef horfur hefðu að öðru leyti verið sjerlega góðar, hefði ef til vill ekki verið með öllu ókleift að halda núverandi gengi óbreyttu. En eins og nú standa sakir, álítur meiri hlutinn, að það sje a. m. k. alveg vonlaust að halda þessu gengi án opinbers stuðnings. — Meiri hlutinn telur ástæðu til að taka sjerstaklega fram, að mjög miklar lánstakmarkanir mundu veikja svo aðstöðu fyrirtækja þeirra, sem fjárhagsafkoma landsins hvílir á, að ekki mundi gerlegt að reyna að halda genginu föstu með þeim einum.

Að 2. Stuðningur hins opinbera mundi væntanlega falinn í:

a. að greiða götu atvinnuveganna með því að ljetta byrðum af þeim.

b. með ábyrgðum.
c. með lántökum.

Að 3. Með skírskotun til framanritaðs lítur meiri hlutinn svo á, að auðsætt sje, að slíkur stuðningur frá því opinbera geti haft mikla fjárhagshættu í för með sjer.

Að 4. Gengið er áreiðanlega ekki í samræmi við verðlagið innanlands, en engin rannsókn liggur fyrir, sem bygt verði á í þessu efni. En því meira ósamræmi sem um er að ræða, því örðugra eiga atvinnuvegirnir.

Að 5. Ólafur Thors og Sigurður Eggerz svara spurningunni á þessa leið: Þótt fjárhagsnefnd Nd. í nefndaráliti gerði ráð fyrir, að gengisnefnd framkvæmdi þessa rannsókn, þá er það á engan hátt bindandi fyrir gengisnefndina, enda liggur engin ályktun fyrir frá þinginu eða skipun frá landsstjórninni um þessa rannsókn. Hinsvegar hefir þó nokkur undirbúningur verið gerður í þessu máli, og mun nefndin, ef þess verður óskað og líkur eru á því, að krónan verði fest endanlega, leitast við að koma sem fyrst með tillögur í málinu. — Tryggvi Þórhallsson vísar til greinargerðar frumvarps til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga, sem hann hefir borið fram á Alþingi.

Reykjavík, 25. mars 1926.

Sig. Eggerz. Ólafur Thors. Tryggvi Þórhallsson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

Svör við spurningum fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis til gengisnefndar í bréfi 15. þ. m.

Að 1. Við teljum líklegt, að halda megi því gengi, sem nú er, ef hafður er nægur hemill á útlánsstarfsemi bankanna og ríkið tekur tillit til núverandi gengis krónunnar í fjárráðstöfunum sínum, en að sjálfsögðu verður eigi á þann hátt tekið fyrir, að sveiflur eigi sjer stað. Eigi að vinna að því að halda genginu sveiflulausu, er óhjákvæmilegt, að hið opinbera veiti stuðning til þess. Og sje slíkur stuðningur fyrir hendi, mundi eigi þurfa að beita lánstakmörkunum með sama hætti og ella.

Að 2. Stuðningur hins opinbera þyrfti að vera lántaka erlendis eða ábyrgð á láni erlendis og ábyrgð á tapi, sem kynni að verða af notkun þess láns. Lán þetta yrði notað til þátttöku í gjaldeyrisversluninni, þegar bankarnir hefðu notað sitt lánstraust.

Að 3. Við teljum, að slík lántaka eða ábyrgð geti haft fjárhagslega á-

hættu í för með sjer. Sú áhætta ætti þó að vera lítil, ef hafður er hemill á lánveitingum bankanna og takmörkun á útgjöldum ríkisins og sveitarfjelaga.

Að 4. Núverandi gjaldeyrisgengi mun eigi vera í samræmi við verðlagið innanlands. Verðlagið hefir þó sifelt verið að lækka undanfarið, og má búast við talsverðri lækkun enn. Við erum því miður eigi færir um að segja til, hvenær verðlagið komist í samræmi við gjaldeyrisgengið, en líklegt þætti okkur, að slíkt jafnvægi yrði að mestu komið síðari hluta þessa árs.

Það er erfitt að meta áhættu þá, er atvinnuvegunum kann að stafa af ósamræmi milli verðlags og gjaldeyrisgengis. Að sjálfsögðu veldur öll gjaldeyrishækkun erfiðleikum í svip fyrir atvinnuvegi, er framleiða útflutningsvörur. En erfiðleikar þessara atvinnuvega þurfa alls eigi að stafa af ósamræmi verðlags og gjaldeyrisgengis, heldur eiga þeir oft rót sína að rekja til sjálfstæðra verðbreytinga á útflutningsvörunum. Það getur sem sagt vel átt sjer stað, að þrátt fyrir sæmilegt samræmi í verðlagi og gjaldeyrisgengi, að einstakar vörur verði fyrir sjerstökum verðbreytingum. Í slíkum tilfellum getur sjerstök atvinnugrein haft ágæta afkomu, þrátt fyrir verðlagsfall alment og gengishækkun; sje um verðfall einstakrar vöru að ræða niður fyrir lækkun verðlagsins í heild sinni, þá mun enginn telja bót í því að lækka gjaldeyrisgengið til þess að verð þeirrar vöru hækki að krónutali.

Að 5. Gengisnefndin í heild sinni hefir enn eigi gert neinar tillögur í þessu efni.

Í sambandi við 1. lið leyfum við okkur að taka það fram, að með því bráðabirgðafyrirkomulagi, sem nú er á seðlaútgáfunni og aðstöðu bankanna til þess að taka þátt í gjaldeyrisversluninni, þá eru engin tök á því að hafa vald á gjaldeyrisgenginu, og lögin um gjaldeyrisverslun og gengisskráningu eru að því leyti áhrifalaus. Til þess að koma í veg fyrir verulegar breytingar á gjaldeyrisgenginu, hvort heldur til hækkunar eða lækkunar, þá er nauðsynlegt, að ríkissjóður taki þátt í áhættunni. Lántaka eða ábyrgð á láni stefnir að því að koma í veg fyrir lækkun íslenskrar krónu; en til þess að koma í veg fyrir óhagkvæmar hækkanir þarf einnig þátttöku ríkissjóðs. Yrði sú þátttaka ríkissjóðs að vera með þeim hætti, að annaðhvort keypti hann beinlínis sjálfur erlendan gjaldeyri, er á þyrfti að halda, eða ábyrgðist halla þann, er kynni að leiða af gjaldeyriskaupunum. Það er augljóst, að slík kaup yrðu að vera í stórum stíl, ef spekulationsfje streymdi til landsins, og það mætti ennfremur búast við þeim afleiðingum, að vegna slíkra kaupa yrði að festa krónuna endanlega í því gengi, er kaupin hefðu skapað.

Reykjavík, 24. mars 1926.

S. Briem,
p. t. formaður gengisnefndar.

Georg Ólafsson.

Nd. **442. Breytingartillaga**

við frv. til laga um verðtoll á nokkrum vörum.

Frá Jakob Möller.

Við 1. gr. B.
Aftan við liðinn bætist: Þvottaefni.

Nd. **443. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

Við 1. gr. 2. Eftir »bifvjelum (mótorum) heilum og í hlutum« komi rafmagnsvjelum, vatnsvirkjunarvjelum.

Nd. **444. Breytingartillaga**

við frv. til laga um verðtoll á nokkrum vörum.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: og gilda til 1. maí 1927.

Nd. **445. Varatillaga**

við breytingartillögu á þskj. 444. (Verðtollur).

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: og gilda til 1. maí 1928.

Ed. **446. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1927.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur:

1. gr.

Árið 1927 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	225000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur	950000	
3. Lestagjald af skipum	35000	
		1210000
4. Aukatekjur	375000	
5. Erfðafjárskattur	40000	
6. Vitagjald	300000	
7. Leyfisbrjefagjöld	10000	
8. Stimpilgjald	325000	
9. Skólagjöld	15000	
10. Bifreiðaskattur	25000	
		1090000
Flyt...	... ...	2300000

		kr.	kr.
	Flutt...	... ...	2300000
11.	Útflutningsgjald		1000000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	650000	
13.	Tóbakstollur	775000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	1000000	
15.	Annað aðflutningsgjald	150000	
16.	Vörutollur	1375000	
17.	Verðtollur	850000	
			4800000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykursgerð ...		20000
19.	Pósttekjur	400000	
20.	Símatekjur	1300000	
			1700000
21.	Víneinkasala...		500000
	Samtals...	... ...	10320000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		5000
	Samtals...	... ...	35100

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909.	29000	
3. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	25000	
		54000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		6000
5. Vextir af viðlagasjóði		75000
6. Aðrir vextir		140000
Samtals...	... ...	325000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		2000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		102034
Samtals...	... ...	154034

II. KAFLI.

Gjöld:

6. gr.

Árið 1927 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán...	186831	
2. Dönsk lán, danskar kr. 232274 á 1/10	255501	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs, £ 8653 : 18 : 11 á 22/00	190386	
		632718
II. Afborganir:		
1. Innlend lán...	264589	
2. Dönsk lán, danskar kr. 545165 á 1/10	599682	
3. Enska lánið 1921, £ 1954 : 0 : 4 á 22/00	42988	
		907259
III. Framlag til Landsbankans, 14. greiðsla..		100000
Samtals...	... ...	1639977

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar...	195000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4800	
		199800
Samtals ..	... ...	199800

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	37500		
b. Til risnu	4000		
		41500	
2. Til utanferða ráðherra		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		77300	
4. Annar kostnaður		18000	
5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		27000	
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900		
b. Til pappírs og prentunar	9000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000		
		10900	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		3000	
II. Hagstofan.			183700
1. Laun hagstofustjóra		8700	
2. Laun aðstoðarmanns		5600	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		11000	
4. Prentun eyðublaða		2000	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		4000	
6. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		20000	
7. Til að gefa út manntalið 1703		1000	
III. Utanríkismál o. fl.			52300
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra	20000		
b. Húsaleiga	5000		
c. Kostnaður við embættið	20000		
d. Til skrifstofuhalds	17000		
		62000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála		12000	
3. Ríkisráðskostnaður		6000	
4. Kostnaður við sambandslaganefnd		6500	
			86500
Samtals			322500

11. gr.

3. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

5. Alt að 8000 kr. til Malínar Hjartardóttur, til kaupa á nýtísku prjónavjelum. Lánið veitist til 10 ára, með 6% vöxtum, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda.
6. Alt að 5000 kr. til Mýrdalshjeraðs. Lánið veitist til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð Vestur-Skaftafellssýslu.
7. Alt að 20000 kr. til Boga Þórðarsonar, til kaupa á nýtísku spunavjel. Lánið skal veitt til 20 ára, gegn 5½% vöxtum og þeirri tryggingu, er stjórnin metur gilda.
8. Alt að 12000 kr. til Boga sýslumanns Brynjólfssonar, til embættisbústaðar, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda. Lánið veitist til 20 ára, gegn 6% vöxtum, og endurgreiðist með jöfnum greiðslum á hverju ári.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.
II. Að greiða halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1926, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

24. gr.

Stjórninni er heimilt að ábyrgjast:

1. Alt að 40000 kr. lán fyrir mjólkurfjelagið Mjöll, gegn endurábyrgð sýslufjelaganna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
2. 25000 kr. lán til tóvinnufjelags á Reyðarfirði, gegn endurtryggingum þeim, er hún metur gildar.

25. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1927, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

26. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1926 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **447. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Flutningsmaður: Klemens Jónsson.

Aftan við 1. gr. bætist: ennfremur kornvörur.

Nd. **448. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Við 1. gr. 1. Orðin »kornvörum«, »steinolíu« falli burt.

Við 1. gr. 2. Aftan við »tunnuhlutum« bætist: nema síldartunnum og kjöttunnum og tilsniðnu efni í þær. Á eftir »bifvjelum (mótorum), heilum og í hlutum« komi: rafmagnsvjelum, vatnsvirkjunarvjelum.

Við 1. gr. 4. a. Liðurinn orðist þannig:

Af salti 1 kr. af hverri smálest.

Við 1. gr. 4. b. Liðurinn orðist þannig:

Af kolum 1 kr. af hverri smálest.

Aftan við bætist nýr stafliður, c:

Af steinolíu 15 aura af hverjum 50 kg.

Málsgreinin »Kolatoll . . . . . eru í gildi« fellur niður.

Aftan við orðin »endursendar umbúðir« í niðurlagi 1. málsl. næstsíðustu málsgr. 1. gr. bætist: síldartunnur og kjöttunnur og tilsniðið efni í þær, þar á meðal gjarðaefni, ennfremur kornvörur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa fengið staðfesting, skal fella texta þeirra og laga nr. 32, 27. júní 1925, inn í meginmál laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, og gefa þau út svo breytt.

Nd. **449. Frumvarp**

til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar er bönnuð öll sú vinna, úti og inni, er hefir hávaða í för með sjer eða fer fram á þeim stað eða með þeim hætti, að hún raskar friði helgidagsins. Á höfnum, þar sem skip liggja eigi við bryggjur eða bólverk, er þó heimilt að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar, þó eigi á föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna, og eigi heldur á kirkjustöðum frá kl. 11 árdegis til kl. 3 síðdegis, þegar messað er á staðnum, nema brýna nauðsyn beri til.

Á öruggum höfnum, þar sem skip liggja við bryggjur eða bólverk, er bannað að ferma eða afferma skip, þar með talin fiskiskip og vjelbátar, á föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna, svo og á öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar frá kl. 11 árdegis til kl. 3 síðdegis. Þó mega strandferðaskip, sem aðallega flytja póst og farþega, fá afgreiðslu. Það skal og yfir höfuð vera heimilt að vinna þau verk, sem eigi má fresta eða miða til þess að bjarga eða hjálpa öðrum, sem í hættu eru staddir eða eiga hana yfir höfði sjer.

2. gr.

Kaup og sala má eigi fara fram á helgidögum þjóðkirkjunnar í sölubúðum kaupmanna, kaupfjelaga nje annara sölumanna, og skulu búðir þeirra vera lokaðar. Undanþegnar þessu banni eru:

1. Lyfjabúðir að því er lyfjasölu snertir.
2. Bifreiðastöðvar til fólksflutninga.
3. Brauð- og mjólkurbúðir að því er snertir sölu á brauði og mjólk.
4. Fiskbúðir.
5. Blaðaafgreiðslur.

Á götum, torgum og opnum svæðum í kaupstöðum og kauptúnum er einnig öll sala bönnuð á helgidögum þjóðkirkjunnar. Undanþegin þessu banni er þó sala á fiski, blöðum, bókum, aðgöngumiðum að íþróttamótum, happdrættismiðum og þess háttar til kl. 11 árd. og eftir kl. 3 síðdegis.

3. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar má ekki á neinum almennum veitingastað halda veislur eða aðra hávaðasama fundi fyr en eftir miðaftan.

4. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar má hvorki halda almennar skemtanir nje heldur mega markaðir eða aðrar þær athafnir, sem hávaði er að, eiga sjer stað fyrir kl. 3 síðdegis, nema lögreglustjóri leyfi.

5. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar má eigi, nema brýna nauðsyn beri til, halda sveitar- eða bæjarstjórnarfund, þing, gegna fógetastörfum eða skjalaskrifarastörfum, halda skiftafundi, uppboðsþing eða gegna öðrum dómsstörfum. Ekki skal heldur stefna eða boða neinn fyrir dóm eða yfirvald á helgidögum, nema brýna nauðsyn beri til, og þess sje þá beinlínis krafist af valdsmanni þeim, er stefna lætur, og skal þó eigi stefna lesin meðan á messu stendur.

6. gr.

Almenna fundi má eigi halda um veraldleg efni á helgidögum þjóðkirkjunnar fyr en um nónbil. Þá og þar, er guðsþjónusta fer fram eftir nón, er þó því aðeins heimilt að halda almenna fundi samtímis, að þess sje gætt, að fundurinn sje eigi haldinn svo nálægt kirkju eða bænhúsi, að guðsþjónustan verði trufluð af því.

7. gr.

Bönn þau, er talin eru í undanfarandi greinum, ná yfir allan daginn föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna. Þau gilda einnig eftir kl. 6 á aðfangadagskvöld jóla.

Kvöldið fyrir aðra stórhátíðisdaga eru allar almennar skemtanir bannaðar eftir miðaftan.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 5–1000 kr., er renna í sveitarsjóð; auk þess má með dómi svifta mann rjetti til að hafa veitingahús eða annan almennan veitingastað, hafi hann þrisvar sinnum sætt sektum fyrir brot gegn lögum þessum. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Nú virðist lögreglustjóra, að brot á móti lögum þessum sje sprottið af afsakanlegum misskilningi, og skal hann þá aðeins gefa þeim áminningu, er brotið hefir, og, ef þörf er á, gefa út almenna auglýsingu mönnum til leiðbeiningar og viðvörunar.

10. gr.

Lög nr. 19, 6. nóv. 1897, um heimild til að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar, og lög nr. 47, 20. des. 1901, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, svo og önnur lagaákvæði um sunnu- og helgidagahald, er koma í bága við lög þessi, eru feld úr gildi.

Ed. **450. Frumvarp**

til laga um verðtoll á nokkrum vörum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Alla reikninga um vörur, er um ræðir í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, svo og reikninga um fólksflutningabifreiðar, skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, og skulu allir slíkir reikningar stimplast með 10% af innkaupsverði þeirra vara, nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

A. Með 20% stimplast eftirtaldar vörur: Flugeldar og flugeldaefni. Gimsteinar og hverskonar skrautgripir. Glysvarningur og leikföng allskonar. Gullsmíðis- og silfursmíðisvörur. Jólatrjesskraut. Kaffibætisefni. Lakkskór. Loðskinn og fatnaður úr þeim. Plettvörur. Silki og silkivarningur. Silkihattar. Silkiskór og flosskór. Skrautfjaðrir. Sólhlífar. Veggmyndir.

B. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur þær, er nú skal greina: Asbestþráður, Áttavitar. Ávextir, nýir. Baðmullartvinni. Bambus. Bast. Bifreiða- og hjólhestadekk og slöngur. Blaðgull til gyllingar. Blautsápa. Boltar og rær. Botnvörpur. Botnvörpugarn. Brennisteinssýrur. Bronce. Burstar og sópar. Bæs. Dynamit. Dælur. Efni og áhöld til logsuðu og logskurðar. Efni til gasframleiðslu. Efni til bókbands. Eldavjela- og ofnhlutar. Flöskumiðar og tappar. Garn allskonar. Ger. Gerduft. Gibslistar. Gleraugu. Glóðarlampar. Gluggajárn. Grænmeti, nýtt. Gúmmihælar og sólar. Hagldabrauð og tvíbökur. Hellulitur. Heygrímur. Heymælar. Hjólnafir. Hljóðfæri, nema grammófónar og grammófónplötur. Hnoð. Hunang. Hurðarhandföng. Húsgagnafjaðrir og keðjubotnar í rúm. Húsnúmer. Hvalur. Hvítmálmur. Karbolin. Kátsjúk (óunnið). Keðjulásar. Kensluáhöld. Kítti. Kolsýra. Kondensatorþráður. Kopar. Koparrör. Lamir. Lampaglös. Lampakveikir. Lásar. Látún. Leður og skinn (sútað). Leðurliking. Ljósker. Lofthanar. Loftskeytatæki. Lyfjavörur. Lyklar og skrár. Læknistæki. Lökk. Málning. Meðalalýsi. Mottur til umbúða. Myndamót. Nauðsynjar við listmálningu. Nálar. Niðursoðin mjólk. Olíuhanar. Olíulampar. Ostahleypir. Pakkalitir. Pottar. Prentletur. Prentsverta. Prjónar. Prjónavjelar. Pönnur. Rafmagnstæki og mælar. Ratin. Reikningsspjöld. Reikningsvjelar. Ritvjelar. Fjölritar. Talningavjelar. Röntgentæki. Sáraumbúðir. Saumavjelar. Seglgarn. Síldarkrydd. Sink. Skipsbrauð. Skotfæri. Skólanauðsynjar. Skrið-

mælar. Skrifbækur. Skrúfur. Smíðatól. Smjörlíki. Sporvagnar. Stoppefni í húsgögn. Svínafeiti. Terpentína. Talsíma- og ritsímatæki. Trjelím. Trjeskór og klossar. Tvinni. Ullarkambar. Varahlutar til viðgerðar á vjelum og áhöldum, sem undanþegin eru verðtolli. Vatnshanar. Vaxdúkar. Vefjarskeiðar. Veggalmanök. Veggfóður. Viðhafnarlaus skófatnaður úr skinni og gúmmí. Vír úr járni og kopar. Vitatæki og ljósmerkjatæki, og efni til þeirra. Vjelaeinangrunarefni. Vjelareimar. Vjelavaselin. Vjelaþjettingar. Vogir og lóð. Vörpukeðjur. Þurkefni. Þvottaefni.

Ennfremur er stjórninni heimilt að undanskilja þessum tolli þær efnisvörur, sem innlend iðnaðarfyrirtæki sanna fyrir henni, að þau noti til starfrækslu sinnar, svo og allar vjelar til iðnaðar og framleiðslu.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ákvæði 4. til 15. greinar laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um innheimtuna, um greiðslu stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem eru sendar til landsins í pósti, og annað, er snertir framkvæmd laganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1927.

Ed. **451. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað 3. málsgr. 5. gr. laga nr. 88, 14. nóv. 1917, kemur:

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðarakstur.

Bifreiðarstjóri, sem brýtur ákvæði 9. gr. 2. málsgr., er slys vill til, eða ekur bifreið ölvaður, skal, auk sekta eftir 14. gr., sviftur ökuskírteini um ákveðinn tíma, ekki skemur en 6 mánuði, eða ævilangt, ef brot er ítrekað, verulegt slys hlýst fyrir ölæði eða miklar sakir eru að öðru leyti.

Svifting ökuskírteinis skal gerð með dómi í máli því, sem höfðað er út af brotinu, og má ennfremur láta önnur brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, ef ítrekuð eru eða miklar sakir eru að öðru leyti, varða, auk sekta eftir 14. gr., sviftingu ökuskírteinis um ákveðinn tíma eða ævilangt. Ef lögreglustjóri telur nauðsyn til bera, er honum heimilt að svifta bifreiðarstjóra, sem hann telur hafa brotið ákvæði laganna eða áðurnefnda

reglugerða, ökuskírteini til bráðabirgða, þar til dómur fellur. Sama er og ef lögreglustjóri álítur, að bifreiðarstjóri fullnægi ekki lengur skilyrðum þeim, er útheimtast til að fá ökuskírteini.

2. gr.

Í stað »12 kílómetrar« í 2. málsgr. 6. gr. laganna kemur: 18 kílómetrar, og í stað »35 km.« kemur: 40 km.

3. gr.

Á eftir 12 gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Rjett er, í reglugerð, sem sett er samkvæmt lögum þessum, að ákveða lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir bifreiðarstjóra, með hæfilegri hliðsjón af hættu, sem stafað gæti af ofþreytu eða svefnleysi.

Greinatalan breytist eftir því.

4. gr.

Aftan við 13. gr. laganna kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

5. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Sjerhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfjelagi, sem viðurkent er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, 3000 kr. fyrir fyrstu bifreið og síðan 1000 kr. fyrir hverja, ef um fleiri bifreiðir er að ræða hjá sama eiganda. Skal með því vera trygð greiðsla, að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð bar á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíhjóla bifreiðar og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt trygðar fyrir 1500 kr.

Undanþegnar tryggingarskyldunni eru þær bifreiðir, sem eru íslensk ríkiseign eða ríkisstofnana eða bæjar- og sveitarfjelaga.

Bifreiðareigandi skal undanþeginn tryggingarskyldu þeirri, er um ræðir í 1. málsgrein, ef hann afhendir lögreglustjóra verðbrjef eða aðra trygging, er gild verður tekin, enda nemi hún sömu upphæð fyrir hverja bifreið og ákveðið er í 1. málsgrein.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um tryggingarskylduna og um viðurkenning á tryggingarfjelögum. Skulu þar ákveðnar sektir fyrir brot á reglugerðinni.

Iðgjöld, er tryggingarskyldur bifreiðareigandi skuldar viðurkendu tryggingarfjelagi, eru lögtakskræf.

Tryggingarfjelagi skal gerður kostur á að kynna sjer í rjettinum skaðabótakröfur á hendur þeim, er trygt hefir bifreið í fjelaginu, og láta uppi álit sitt áður en skaðabótamálið er útkljáð með sætt eða dómi.

Ákvæði þessarar greinar koma til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið auglýsir viðurkenning á tryggingarfjelagi eða fjelögum.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella texta þeirra og texta laga nr. 15, 18. maí 1920, inn í lög nr. 88, 14. nóv. 1917, og getur konungur þá gefið þau lög út, þannig breytt, sem lög um notkun bifreiða.

Nd. **452. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 40, 20. júní 1923, orðist svo:

Í öllum kaupstöðum landsins, og sömuleiðis í hverju því kauptúni, sem hefir 500 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemtanir, sem aðganga er seld að.

2. gr.

a-liður 2. flokks 2. gr. laganna orðist svo:

a. Dansleikar allir, hvort sem einstök fjelög eða dansskólar stofna til þeirra eða þeir eru haldnir fyrir allan almenning, ennfremur dansæfingar, er standa fram yfir kl. 11 að kvöldi. Haldi fjelag dansleik og sje aðganga ókeypis, er lögreglustjóra heimilt að ákveða skattinn.

3. gr.

Aftan við 3. gr. bætist nýr liður:

d. Dansleikar skóla, annara en dansskóla, og skólafjelaga, enda fari þeir fram í herbergjum hlutaðeigandi skóla og sjeu fyrir nemendur og kennara eina ásamt gestum þeirra.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 40, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

Sþ. **453. Tillaga**

til þingsályktunar um fyrirhleðslu fyrir Þverá.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja á þessu ári alt að 5000 krónum til að fyrirbyggja með bráðabirgðafyrirhleðslu framrensli Markarfljóts í Þverá. Kostnað við það má á sínum tíma telja með kostnaði við fyrirhleðslu samkvæmt lögum nr. 69, 14. nóv. 1917.

Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að láta rannsaka og gera áætlanir um fullkomna fyrirhleðslu til varnar skemdum af Markarfljóti og nálægum vatnsföllum, svo og um þau mannvirki, er nauðsynleg eru til varnar farartálma af þeim, og leggja þær, að fengnu áliti sýslunefndar Rangárvallasýslu, fyrir næsta Alþingi.

Nd. **454. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá Jakob Möller.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Orðin »er njóta opinbers styrks« í b-lið 1. flokks falli burt.

Orðin »og sjónleikar, er ekki teljast til 1. flokks,« í d-lið 2. flokks falli burt.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

Nd. **455. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 1. gr. Aftan við 1. málslið komi nýr málsliður, þannig:
   Við 1. gr. 1. Aftan við »krít« bætist: sóda.
2. Við 1. gr. 2. málsgr. Fyrir »rafmagnsvjelum, vatnsvirkjunarvjelum« komi: rafmagnsvökum, vatnshreyfivjelum.
3. Við 3. gr. Aftan við orðin »um vörutoll« bætist: raða upptalningunum í 1. gr. 1. og 1. gr. 2. eftir stafrófsröð.

Nd. **456. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni og Halldóri Stefánssyni.

Við 1. gr.

a. Annar málsliður (síldartunnur, kjöttunnur) falli niður.
b. Fyrir »1 kr.« í fimta málslið komi: 1,40 kr.
c. Orðin »síldartunnur . . . gjarðaefni« í síðustu málsgr. falli niður.

Ed. **457. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1927.

I. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 10. gr. III. 1. (Sendiráð í Khöfn):
Liðirnir a., b. og c. falli niður.

II. Frá *Sigurði Eggerz.*
Við 11. gr. A. 6. (Skrifstofukostn. sýslum. og bæjarfóg.).
Fyrir »92000« kemur 100000

III. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 11. gr. A. 8. (Landhelgisgæsla).
Fyrir »125000« kemur 135000

IV. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 12. gr. 18. m. Nýr liður:
Til kvenfjelagsins á Hellissandi, til hjúkrunarstarfsemi 500

V. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason* og *Jónasi Jónssyni.*
Við 12. gr. 18. n. Nýr liður:
Til Skúla Guðjónssonar cand. med., til bætiefnarannsókna, með sjerstöku tilliti til lifnaðarhátta hjer á landi 3000

VI. Frá *Sigurði Eggerz.*
Við 12. gr. 18. q. Nýr liður:
Til Haralds úrsmiðs Sigurðssonar, sjúkrastyrkur 900

VII. Frá *Eggert Pálssyni* og *Ágúst Helgasyni.*
Við 13. gr. B. XI. (Vörubifreiðaferðir).
1. Fyrir »5000« í a-lið kemur 7000
2. Athugasemdin skal orðuð svo:
Bifreiðafjelög, er njóta vilja styrks af þessum fjárveitingum, skulu hlíta reglum, er stjórnin, að fengnum tillögum sýslunefndanna í Rangárvalla-, Árnes- og Gullbringusýslum, setur um ferðir þessar.

VIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. A. b. 4. (Framlag til prestlaunasjóðs).
Aftan við liðinn skal bæta:
Greiða má Kjartani prófasti Helgasyni í Hruna full prestslaun með dýrtíðaruppbót, ef hann lætur af prestskap og tekur við skólastjórn á Laugarvatni.

IX Frá *fjármálaráðherra.*
Við 14. gr. A. b. 6. (Ögurþing).
Liðurinn fellur niður.

X. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. A. b. 8:
a. (Húsabætur á prestssetrum):
Fyrir »27000« kemur 37000
b. Nýr töluliður:
Styrkur til húsakaupa handa Vallanesprestakalli.. ... 5000

XI. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 14. gr. B. XIII. 6. (Barnaskólahús).
Fyrir »20000« kemur 30000

XII Frá *Sigurði Eggerz.*
Við 14. gr. B. XIII. 6. Nýr liður:
Til fræðslumálarits 800

XIII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 7. Nýr liður:
Eftirgjöf á eftirstöðvum viðlagasjóðsláns Dalasýslu til Hjarðarholtsskólans 4000

XIV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. XVI. Aftan við liðinn skal bæta:
Stjórninni er heimilt að byggja við daufdumbraskólann og selja af lóð hans upp í kostnaðinn.

XV. Frá *Jónasi Jónssyni.*

Við 15. gr. 15. Nýr liður:

Til Actaprentsmiðju, til að gefa út Íslendingasögur með myndum og uppdráttum, sem svarar 100 kr. á örkina, alt að 2500

XVI. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 15. gr. 16. (Lög Íslands):
   a. Aftan við liðinn skal bæta:
   eða »Lagasafni handa alþýðu«, alt að 100 kr. á örk.
   b. Fyrir »1500« kemur 2000
2. Við 15. gr. 19. a. (Skálda- og listamannastyrkur):
   Fyrir »10000« kemur 8000

XVII. Frá *Sigurði Eggerz, Jóhanni Jósefssyni og Jónasi Jónssyni.*

Við 15. gr. 19. n. Nýr liður:

a. Til Sigurðar Skagfelds, til þess að ljúka söngnámi ... 1500
b. Til Benedikts Elfars, til þess að ljúka söngnámi 1500

XVIII. Frá *Jónasi Jónssyni.*

Við 15. gr. 19. n. Nýr liður:

Til Finns Jónssonar málara, til Rómaferðar ... 2000

XIX. Frá *Einari Árnasyni.*

Við 15. gr. 19. n. Nýr liður:

a. Til Sigurðar Birkis, til söngnáms 1500
b. Til Freymóðs Jóhannssonar listmálara, utanfararstyrkur til þess að fullkomna sig í leiktjaldamálun 1500

XX. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 15. gr. 19. o. Nýr liður:

Til Sigurðar Þórðarsonar söngstjóra, utanfararstyrkur 2000

XXI. Frá *Sigurði Eggerz* og *Jónasi Jónssyni.*

Við 15. gr. 20. Nýr liður:

Til Páls Ísólfssonar, í viðurkenningarskyni 2000

XXII. Frá *Jónasi Jónssyni.*

Við 15. gr. 22. Nýr liður:

Til Ólafs Marteinssonar málfræðings, til að undirbúa vísindalega útgáfu á óprentuðum alþýðukveðskap 1500

XXIII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*

Við 15. gr. 33. Nýr liður:

Til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenska miðaldamenningarsögu 1200

XXIV. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 15. gr. 46. (Gunnlaugur Briem).
Fyrir »lokanáms« kemur: framhaldsnáms.

XXV. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 16. gr. 19. (Bryggjugerðir).
Fyrir »37000« kemur... 40000
[Þar af til bryggju í Búðardal 3000 kr.].

XXVI. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 16. gr. 22. (Ísafjarðarbryggja).
Fyrir orðin »en ógreiddir« og til enda liðarins kemur: og vextir af upphæðinni frá því er verkinu var lokið falli niður.

XXVII. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason* og *Einari Árnasyni.*
Við 16. gr. 27. Nýr liður:
Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og heimilisiðnaði 1000

XXVIII. Frá *Sigurði Eggerz.*
Við 16. gr. 34. Nýr liður:
Til fjelagsins Landnáms, til nýbýlaræktunar 5000

XXIX. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 16. gr. 36. a. (Lán Grunnavíkurhrepps).
Liðurinn fellur niður.

XXX. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 16. gr. 36. b. (Lán Innri-Akraneshrepps).
Liðurinn fellur niður.

XXXI. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 16. gr. 36. c. (Lán Árneshrepps).
Liðurinn fellur niður.

XXXII. Frá *Birni Kristjánssyni.*
Við 16. gr. 36. c. Nýr liður:
Eftirgjöf á dýrtíðarlánum (viðlagasjóðslánum) Gerðahrepps að $^2/_3$ 24666

XXXIII. Frá *Jónasi Jónssyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 16. gr. 36. Nýr liður:
Eftirgjöf af viðlagasjóðsláni Ólafs Hvanndals myndamótara 4000

XXXIV. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 18. gr. II. i. 21. Nýr liður:

Til Halldóru Pjetursdóttur Briem 600

XXXV. Frá *fjármálaráðherra.*

1. Við 22. gr. 1. (Íshús á kjötútflutningshöfnum).
   a. Fyrir orðin í a-lið: »ábyrgð þeirri, er landsstjórnin tekur gilda« kemur: tryggingum þeim, er landsstjórnin tekur gildar.
   b. Fyrir orðin í d-lið: »fyrstu 5 árin« kemur: fyrsta árið.
2. Við 22. gr. 6. (Mýrdalshjerað).

   Fyrir »5000« kemur 15000

XXXVI. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*

Við 22. gr. 8. Nýr liður:

Alt að 60000 kr. til stækkunar og endurbóta á rafmagnsstöð Vestmannaeyjakaupstaðar, gegn ábyrgð bæjarfjelagsins.

Ed. **458. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 55 1913, um stofnun landhelgissjóðs Íslands, og á lögum um breyting á þeim lögum, nr. 68 1915.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Í greinargerð þeirri, er fylgir frv. þessu, er það tekið fram, að hagur landhelgissjóðsins sje nú svo álitlegur og tekjur hans það ríflegar, sð 20 þús. króna árlegt tillag úr ríkissjóði virðist ekki nauðsynlegt honum til eflingar. Sjávarútvegsnefnd getur að vissu leyti fallist á, að svo sje.

Hinsvegar leggur nefndin áherslu á, að þess sje gætt, að hið árlega tillag úr sjóðnum til starfrækslu landhelgisgæsluskipanna verði á hverjum tíma miðað við árstekjur hans, þó þannig, að af þeim verði árlega haldið eftir í sjóðnum eigi minni upphæð en sem svarar þeirri, sem hann yrði sviftur með þessu frv, ef það nær fram að ganga, svo hann haldi stöðugt áfram að vaxa, og að höfuðstóllinn verði aldrei notaður til annars en byggingar eða kaupa nýrra gæsluskipa.

Þó nefndin telji, að fleiri breytingar á landhelgissjóðslögunum en sú, er felst í þessu frv., sjeu æskilegar, þá vill hún ekki að þessu sinni, þar sem komið er undir þinglok, koma fram með frekari breytingar, en leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1926.

Björn Kristjánsson,	Ingvar Pálmason,	Jóhann Jósefsson,
form.	frsm.	fundaskrif.

Nd. **459. Frumvarp**

til laga um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 348, með breytingunni á þskj. 438.

Nd. **460. Breytingartillaga**

við frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Á eftir orðunum í niðurlagi 1. gr. »sem eigi má fresta« komi: svo sem að þurka hey, er óþurkar hafa gengið.

Nd. **461. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Niðurlag 8. gr. laganna, frá orðunum »fyrirmæli snerta«, orðist svo:
Kaupstaði og kauptún, sem hafa 500 íbúa eða fleiri.

Ed. **462. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Við 1. gr. 1. Orðin »kornvörum«, steinolíu« falli burt. Aftan við »krít« bætist: sóda.

Við 1. gr. 2. Aftan við »tunnuhlutum« bætist: nema síldartunnum og kjöttunnum og tilsniðnu efni í þær. Á eftir »bifvjelum (mótorum), heilum og í hlutum« komi: rafmagnsvökum, vatnshreyfivjelum.

Við 1. gr. 4. a. Liðurinn orðist þannig:
Af salti 1 kr. af hverri smálest.
Við 1. gr. 4. b. Liðurinn orðist þannig:
Af kolum 1 kr. af hverri smálest.
Aftan við bætist nýr stafliður, c:
Af steinolíu 15 aura af hverjum 50 kg.
Málsgreinin »Kolatoll . . . . . eru í gildi« fellur niður.
Aftan við orðin »endursendar umbúðir« í niðurlagi 1. málsl. næstsíðustu málsgr. 1. gr. bætist: síldartunnur og kjöttunnur og tilsniðið efni í þær, þar á meðal gjarðaefni, ennfremur kornvörur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa fengið staðfesting, skal fella texta þeirra og laga nr. 32, 27. júní 1925, inn í meginmál laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, raða upptalningunum í 1. gr. 1. og 1. gr. 2. eftir stafrófsröð og gefa þau út svo breytt.

Ed. **463. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1927 og við brtt. á þskj. 457.

I. Frá *Ágúst Helgasyni.*
Við brtt. 457, VIII, við 14. gr. A. b. 4.
Fyrir »ef hann lætur af prestsskap og tekur við skólastjórn á Laugarvatni« kemur: ef hann tekur við stjórn Suðurlandsskólans og lætur þess vegna af prestsskap.

II. Frá *dóms- og kirkjumálaráðherra.*
Við brtt. 457, XIII, við 14. gr. B. XIV. 7.
Breytingartillöguna skal orða svo:
Styrkur til Dalasýslu vegna halla á skólahaldi í Hjarðarholti 4000

III. Frá *Birni Kristjánssyni.*
Við 15. gr. 38. b. (Listasafn Einars Jónssonar).
Nýr liður:
Til girðingar um listasafnshúsið 2500

Ed. **464. Tillaga**

til þingsályktunar um húsmæðraskóla að Hallormsstað.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að leita samkomulags við frú Sigrúnu Blöndal í Mjóanesi um að stofna og starfrækja húsmæðraskóla á Hallormsstað, og skal það vera einkafyrirtæki.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt eftir tilmælum merkra áhugamanna á Hjeraði.

Nd. **465. Tillaga**

til þingsályktunar um greiðslu á slysatryggingariðgjaldi skipverja, er taka hlut af afla eða hundraðsgjald.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á atvinnumálaráðuneytið að sjá svo um, að iðgjald skipverja þeirra, er vinna fyrir hlut af afla eða hundraðsgjaldi, verði nú og eftirleiðis greitt af óskiftum afla skipa og báta.

Greinargerð.

Þingmönnum eru kunnir hinir óvenjumiklu örðugleikar smábátaútgerðarinnar, og vísast þar um til þskj. 110. Það er álit slysatryggingarsjóðsstjórnarinnar, að iðgjaldsgreiðslan eigi að vera á þann hátt, sem hjer er lagt til, sjá þskj. 364.

Ed. **466. Nefndarálit**

um frv. til laga um fræðslu barna.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir komið sjer saman um að mæla með, að frv. nái fram að ganga, en leggur þó til nokkrar smábreytingar, sem hún telur til bóta. Nefndin

hefir haft það hugfast að raska í engu aðalgrundvelli frv. eða að gera þær breytingar, sem hefðu í för með sjer aukinn kostnað. Nánari grein fyrir einstökum breytingartillögum verður gerð í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr.
   a. Við tölul. 1. Fyrir »kunna skal það ... eigin orðum« komi:
   Það skal geta sagt frá aðalatburðum í þrem helstu Íslendingasögum og kunna utanbókar nokkur fegurstu kvæði eftir merkustu ljóðskáld þjóðarinnar síðan um 1800 og geta skýrt rjett frá efni þeirra með sínum eigin orðum.
   b. Við tölul. 4. Upphafið skal orða svo:
   að kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og tugabrot og að breyta almennum brotum í tugabrot. Tölurnar skal það geta notað til þess o. s. frv.
   c. Við tölulið 5. Liðinn skal orða svo:
   að vita nokkuð um æfiatriði merkustu manna þjóðarinnar og þektustu menn veraldarsögunnar.
   d. Við 6. lið. Liðinn skal orða svo:
   að vera leikið í að nota jarðlíkan (»tellurium«) og landabrjef, þekkja álfur, heimshöf og mun á veðráttu og gróðri í aðalbeltum jarðarinnar. Það skal hafa fengið sem ljósasta þekking á náttúru Íslands og högum þjóðar vorrar og bera skyn á legu og atvinnuvegi helstu landa í Evrópu og Norður-Ameríku.
   e. Við 7. lið. Fyrir »það skal og vita« og út liðinn komi:
   Það skal vita um bygging og lífsstörf mannslíkamans og um helstu atriði, er að hollustuháttum lúta, þar á meðal um áhrif heilsuspillandi nautnameðala, t. d. vínanda og tóbaks. Ennfremur skal það þekkja nokkrar helstu íslenskar plöntur og vita um lífnaðarhætti þektustu dýra.
2. Við 11. gr.
   Á eftir »eða 7. gr.« komi: eða fyrirskipun, sem gerð er samkvæmt ákvæðum 10. gr.
3. Við 20. gr.
   Þriðja málslið (»Undanskilin ... vanheilsu«) skal orða svo:
   Nú kemur það í ljós við próf 10 ára barns eða eldra, að það reynist að dómi kennara og læknis óhæft til hins lögboðna náms, sakir andlegs eða líkamlegs vanþroska, og skal þá ekki heimta af því aðra kunnáttu en nokkra þekking í lestri og skrift.

Alþingi, 1. maí 1926.

Ingibjörg H. Bjarnason, form.	Jónas Jónsson, fundaskrif. og frsm.	Jóh. Jóhannesson.

Ed. **467. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 40, 20. júní 1923, orðist svo:

Í öllum kaupstöðum landsins, og sömuleiðis í hverju því kauptúni, sem hefir 500 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemtanir, sem aðganga er seld að.

2. gr.

a-liður 2. flokks 2. gr. laganna orðist svo:

a. Dansleikar allir, hvort sem einstök fjelög eða dansskólar stofna til þeirra eða þeir eru haldnir fyrir allan almenning, ennfremur dansæfingar, er standa fram yfir kl. 11 að kvöldi. Haldi fjelag dansleik og sje aðganga ókeypis, er lögreglustjóra heimilt að ákveða skattinn.

3. gr.

Orðin »er njóta opinbers styrks« í b-lið 1. flokks falli burt.

Orðin »og sjónleikar, er ekki teljast til 1. flokks,« í d-lið 2. flokks falli burt.

4. gr.

Aftan við 3. gr. bætist nýr liður:

d. Dansleikar skóla, annara en dansskóla, og skólafjelaga, enda fari þeir fram í herbergjum hlutaðeigandi skóla og sjeu fyrir nemendur og kennara eina ásamt gestum þeirra.

5. gr.

Niðurlag 8. gr. laganna, frá orðunum »fyrirmæli snerta«, orðist svo: Kaupstaði og kauptún, sem hafa 500 íbúa eða fleiri.

6. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 40, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

Ed. **468. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um málshöfðun gegn Sigurði Þórðarsyni út af meiðandi ummælum um Alþingi, núverandi dómsmálaráðherra og hjeraðsdómarann í Reykjavik.

Frá Jónasi Jónssyni.

Í stað orðanna »Efri deild Alþingis« komi: Alþingi.

Nd. **469. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson og Tryggvi Þórhallsson.

Á eftir 51. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema sjerstakar ástæður banni, svo sem staðhættir. Sama er um ríkisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til Söfnunarsjóðs Íslands, nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum. Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44, 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

Ed. **470. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 457 [*Fjárlög*].

I. Frá *Jónasi Jónssyni* og *Jóhanni Jósefssyni*.
Við brtt. 457, XXXIII, við 16. gr. 36. Nýr liður.
Breytingartillöguna skal orða svo:
Styrkur til Ólafs Hvanndals, til þess að starfrækja myndamótasmiðju, í eitt skifti fyrir öll 2000

II. Frá *Jóhanni Jósefssyni*.
Við brtt. 457, XXXVI. Aftan við tillöguna bætist:
Lánið skal veitt til 15 ára, með jöfnum afborgunum á hverju ári.

Ed. **471. Nefndarálit**

um frv. til laga um gróðaskatt.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um þetta frv. Minni hlutinn

vill samþykkja það með einhverjum breytingum, en meiri hlutinn sjer ekki, að ástæða sje til þess nú að hækka tekju- og eignarskattinn á nokkrum gjaldendum í landinu, eins og í raun rjettri er farið fram á með frv. Það er vitanlegt, að þessi skattur er um 50% hærri hjer en t. d. í Danmörku, einmitt á þeim gjaldendum, sem frv. er ætlað að ná til. Eftir því útliti að dæma, sem nú er á afkomu atvinnuveganna, sýnist því síst vera ástæða til að ráðgera auknar beinar skattaálögur. Ef fjárhagur ríkissjóðs mætti við því, væri fremur ástæða til að lækka eitthvað slíka skatta. Sú stefna hefir einnig fremur komið fram hjer í gerðum þessa þings að ljetta skattabyrði almennings heldur en að hækka skatta.

Í greinargerð frv. talar flutningsmaður um stórauð, sem safnist hjer á landi og sem rjettlátt sje að skattleggja í því augnamiði að rækta landið.

Meiri hlutanum er ekki kunnugt um, að stórauður safnist hjer enn sem komið er, og því viðbúið, að sú yrði reyndin á, að sjóðurinn, sem ætlast er til að myndist samkvæmt frv., þó það yrði að lögum, yrði lítilfjörleg stoð fyrir ræktun landsins.

Þegar þess er nú gætt, að hinn almenni tekju- og eignarskattur, sem fyrir er, er of hár, samanborið við þann, sem er í nágrannalöndunum, og þó einkum við efnahag landsmanna, virðist ekki vera hyggilegt að lögleiða viðbótarskatt, nema ef stefnt er að því að koma í veg fyrir, að nokkurt atvinnufyrirtæki geti þrifist. Sjerstaklega er þessháttar lagasmíð vanhugsuð, þegar almenningi er vitanlegt, að öll hin stærri fyrirtæki í landinu berjast í bökkum efnalega.

Ástandið er nú þannig, að hugmyndin um auknar skattaálögur á atvinnufyrirtækin hefir sem stendur við engin rjett rök að styðjast, og engin von um, að neinar auknar tekjur leiði af viðbótarskattinum, þó þetta frv. verði að lögum. Lögfesting skattsins myndi því verða til þess eins að draga úr framtakssemi einstaklinganna og lama áhuga þeirra. Afleiðingar þess væru alt annað en heppilegar fyrir atvinnulíf þjóðarinnar.

Af framangreindum ástæðum leggur meiri hluti nefndarinnar það til, að frv. verði felt.

Alþingi, 29. apríl 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Gunnar Ólafsson.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Nd. **472. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skipströnd og vogrek.

Frá allsherjarnefnd.

Með þingsályktun 5. maí f. á. skoraði neðri deild Alþingis á ríkisstjórnina að endurskoða lögin um skipströnd og leggja fyrir næsta þing frumvarp um þetta efni.

Stjórnin brást vel við þessari málaleitun og lagði frumvarp það, sem hjer um ræðir, fyrir efri deild þingsins þegar í þingbyrjun.

Auk þess að í frumvarpinu felst gagngerð endurnýjun laga um skipströnd, þá hefir hæstv. stjórn tekið upp í það endurbætt fullkomin lagaákvæði um vogrek. Á þessu var hin mesta þörf og sjerstaklega hagkvæmt að sameina hvorttveggja í einum lögum.

Allsherjarnefnd efri deildar hafði mál þetta lengi til meðferðar og athugaði það ítarlega á mörgum fundum (sjá þskj. 191). Hún gerði nokkrar fremur smávægilegar breytingar á frumvarpinu, og voru þær allar samþyktar í þeirri hv. deild.

Þannig breytt liggur frv. nú fyrir til athugunar í nefndinni.

Hjer skal minst á aðalefni þess í fáum dráttum, jafnhliða því, sem nefndin hefir við það að athuga.

Fyrsti kafli frumv., 1. til 21. gr., að þeim báðum meðtöldum, er um skipströnd. Hann er allur í raun og veru samfeld skipulagsákvæði um *björgun;* að öðrum þræði björgun manna úr nauðum, hjálp við þá og heimsending, og að hinu leyti — og það að margfalt meira leyti — björgun skips og farms frá eyðileggingu og ráðstafanir, sem af því leiða.

Nefndin telur ákvæði frv. um björgun manna svo sjálfsögð, að um þau verði ekki deilt.

Eins og áður er sagt, eru aðalákvæði þessa kafla um björgun skips og farms eða góss, eins og það er orðað þar. Hjer er venjulega um mikil verðmæti að ræða, og fjárhagslega hlýtur það að skifta miklu fyrir þá, sem tjón biða, ef slík verðmæti glatast að miklu leyti eða öllu. Þess vegna ber nauðsyn til að gæta þess vandlega, að í löggjöfinni um þessi efni sje rjettur þeirra um ihlutun til björgunar á engan hátt fyrir borð borinn.

Það hafa verið bornar brigður á, að þessi rjettur væri nægilega trygður með ákvæðum frumvarpsins. Fyrst lauslega við 1. umræðu málsins í neðri deild, og síðan í viðtali og brjeflega við nefndina af hálfu nokkurra umboðsmanna vátryggingarfjelaga, sem búsettir eru hjer í Reykjavík.

Í tilefni af þessu og eftir vandlega ihugun málsins flytur nefndin dálitla breytingu á síðari hluta 1. gr. frv. Hann hljóður um það, hvernig og hverjum skuli tilkynna skipstrand. Með breytingunni vill nefndin láta tilkynna þetta eigendum og vátryggjendum, ef um þá er vitað og til þeirra næst, auk þeirra, sem nefndir eru í greininni.

Af sömu ástæðum leggur nefndin til, að breytt verði 2. grein. Greinin hljóðar um það, hverra skilyrða skuli gætt til þess að skip verði talið strandað. Nefndin litur svo á, að ekki þurfi það að hindra björgunarframkvæmdir, þótt úrskurður um, að skip sje strandað, sje ekki í lögunum talinn fullnaðarúrskurður.

7. gr. frumvarpsins kveður skýrt á um það, að rjettur aðili — þ. e. skipstjóri, eigandi eða vátryggjandi — getur hvenær sem er tekið björgun í sínar hendur, og falla þá hin opinberu afskifti af björguninni niður. Nefndin litur svo á, að með ákvæðum þessarar greinar sje eigendum og vátryggjend-

um skips og farms trygður sá rjettur til íhlutunar og yfirráða um björgun, sem þeir eftir atvikum geta krafist.

Eins og getið er um í athugasemdunum við frumvarpið, þá koma ákvæði 8. gr. í stað 7. gr. núgildandi strandlaga. Auk þess eiga þessi ákvæði að gilda í stað X. kapítula siglingalaganna 30. nóv. 1914, að því leyti, er hann gildir um skipströnd.

Nefndinni hefir verið bent á, að nokkur þörf væri að breyta fleiru í þessum kafla frumvarpsins en að framan er getið; sjerstaklega ákvæðum 20. greinar. Nefndin hefir þó ekki fallist á breytingar í þessu efni, nema lítilsháttar viðauka við fyrri málsgrein 9. gr.

Annar kafli frv., 22.—27. gr. að þeim báðum meðtöldum, er um vogrek. Ákvæðin í þessum kafla eru mjög nauðsynleg og, að svo miklu leyti sem við á, í fullu samræmi við kaflann um skipströnd. Nefndin hefir ekkert við hann að athuga.

Þriðji og síðasti kafli frv. er almenn ákvæði.

Tvær fyrstu greinar kaflans (28. og 29. gr. frv.) kveða sjerstaklega á um það, hversu með skal fara, þegar skip eða skipsflak hefir legið óhirt eða óselt í fjöru eða á strandstað um ákveðinn tíma. Þá er aftur ákveðinn viðbótartími, sem eiganda er gefinn kostur á að nema það brott af staðnum, ella að missa eignarrjettar síns á því.

Það kom til tals í nefndinni að gera tillögur um að stytta að mun fresti þá, er um ræðir í þessum greinum, svo og í 17. grein. Það varð þó að samkomulagi að fresta úrslitum um þetta til 3. umr.

Nefndin telur málið mjög þýðingarmikið og leggur eindregið til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Þriðji málsl. (En lögreglustjóri ... póstferð) orðist svo:
   Lögreglustjóri skýrir síðan dómsmálaráðherra, svo og eigendum og vátryggjendum skips og farms eða umboðsmönnum þeirra, ef vitað er hverjir eru, frá því, hvernig komið er, með firðskeyti, ef þess er kostur, en ella með næstu póstferð.
2. Við 2. gr. a. Á eftir orðunum í öðrum málsl. »skip talið strandað« komi:
   og rjett að fara með það.
   b. Niðurlag »Fela skal ... fullnaðarúrskurður« orðist svo:
   Hreppstjóri eða lögreglustjóri tilnefnir tvo valinkunna menn, er, að viðlögðum drengskap, meta þetta með honum. Afl atkvæða ræður úrslitum.
3. Við 9. gr. Aftan við fyrri málsgrein bætist: og skal þess jafnan gætt, að öll merki eða auðkenni á gossi skemmist sem minst.

Alþingi, 1. maí 1926.

Jón Kjartansson, form.	Pjetur Þórðarson, frsm.	Árni Jónsson, fundaskrifari.

Pjetur Ottesen. Jón Baldvinsson.

Nd. **473. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1927.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur:

1. gr.

Árið 1927 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	225000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	950000	
3.	Lestagjald af skipum	35000	
			1210000
4.	Aukatekjur	375000	
5.	Erfðafjárskattur	40000	
6.	Vitagjald	300000	
7.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	325000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	25000	
			1090000
	Flyt...	...	2300000

	kr.	kr.
Flutt...	... ...	2300000
11. Útflutningsgjald		1000000
12. Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	650000	
13. Tóbakstollur	775000	
14. Kaffi- og sykurtollur	1000000	
15. Annað aðflutningsgjald	150000	
16. Vörutollur	1375000	
17. Verðtollur	850000	
		4800000
18. Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykursgerð ...		20000
19. Pósttekjur	400000	
20. Símatekjur	1300000	
		1700000
21. Víneinkasala...		500000
Samtals...	... ...	10320000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		30000
2. Tekjur af kirkjum		100
3. Tekjur af silfurbergi		5000
Samtals...	... ...	35100

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909.	29000	
3. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	25000	
		54000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		6000
5. Vextir af viðlagasjóði		75000
6. Aðrir vextir		140000
Samtals...	... ...	325000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		2000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		102034
Samtals...	... ...	154034

II. KAFLI.

Gjöld:

6. gr.

Árið 1927 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán...	186831	
2. Dönsk lán, danskar kr. 232274 á 1/10	255501	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs, £ 8653 : 18 : 11 á 22/00	190386	
		632718
II. Afborganir:		
1. Innlend lán...	264589	
2. Dönsk lán, danskar kr. 545165 á 1/10	599682	
3. Enska lánið 1921, £ 1954 : 0 : 4 á 22/00	42988	
		907259
III. Framlag til Landsbankans, 14. greiðsla..		100000
Samtals...	... ...	1639977

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar...	195000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4800	
		199800
Samtals ..	... ...	199800

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	37500		
b. Til risnu	4000		
		41500	
2. Til utanferða ráðherra		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		77300	
4. Annar kostnaður		18000	
5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		27000	
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900		
b. Til pappírs og prentunar	9000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000		
		10900	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		3000	
II. Hagstofan.			183700
1. Laun hagstofustjóra		8700	
2. Laun aðstoðarmanns		5600	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		11000	
4. Prentun eyðublaða		2000	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		4000	
6. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		20000	
7. Til að gefa út manntalið 1703		1000	
III. Utanríkismál o. fl.			52300
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra	20000		
b. Húsaleiga	5000		
c. Kostnaður við embættið	20000		
d. Til skrifstofuhalds	17000		
		62000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála		12000	
3. Ríkisráðskostnaður		6000	
4. Kostnaður við sambandslaganefnd		6500	
			86500
Samtals			322500

11. gr.

Til dómgæslu og lögreglustjórnar o. fl. er veitt;

	kr.	kr.
A. Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1. Hæstirjettur:		
a. Laun	56450	
b. Annar kostnaður, alt að	2000	
		58450
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra ...		151700
3. Laun hreppstjóra		32000
4. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
a. Laun	27648	
b. Húsaleiga	3240	
c. Hiti, ljós og ræsting	2100	
d. Ýms gjöld, alt að	2400	
		35388
5. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 4 skrifara.	21760	
b. Laun 6 tollvarða...	26880	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	1800	
e. Innheimtukostnaður	7500	
f. Ýms gjöld, alt að...	11700	
Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		74140
6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		92000
7. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		500
8. Til landhelgisgæslu, gegn 135000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		250000
9. Framlag til landhelgissjóðs		20000
10. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
11. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		12000
Flyt...	... ...	738178

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	738178
12. Borgun til sjódómsmanna		1000
13. Borgun til setu- og varadómara		3000
Samtals A.	... ...	742178
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	25000	
b. Fyrir embættisskeyti	45000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		18000
3. Til embættiseftirlitsferða		5000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		30000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		12000
Samtals B.	... ...	135000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		297860
Þar af viðbót við lögmælt laun núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði 1700 kr. með verðstuðulsuppbót.		
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		7450
Flyt ...	... ...	307310

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	307310
8. Alt að 12000 kr. til Boga sýslumanns Brynjólfssonar, til embættisbústaðar, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda. Lánið veitist til 20 ára, gegn 6% vöxtum, og endurgreiðist með jöfnum greiðslum á hverju ári.
9. Alt að 60000 kr. til stækkunar og endurbóta á rafmagnsstöð Vestmannaeyjakaupstaðar, gegn ábyrgð bæjarfjelagsins. Lánið skal veitt til 15 ára, með 6% vöxtum og jöfnum afborgunum á hverju ári.

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.
II. Að greiða halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufjelaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1926, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sje framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

24. gr.

Stjórninni er heimilt að ábyrgjast:

1. Alt að 40000 kr. lán fyrir mjólkurfjelagið Mjöll, gegn endurábyrgð sýslufjelaganna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
2. 25000 kr. lán til tóvinnufjelags á Reyðarfirði, gegn endurtryggingum þeim er hún metur gildar.

25. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1927, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

26. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1926 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. **474. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Háttv. Nd. hefir gert nokkrar breytingar á frv. síðan það fór frá þessari háttv. deild, en flestar lítilsverðar, svo að litlu eða engu máli skiftir, þótt þær hafi komist inn í frumvarpið.

Eina breytingu hefir þó Nd. gert, sem meiri hluti þessarar háttv. deildar verður væntanlega að telja órjettláta og spilla mjög máli þessu, þar sem hún hefir alveg felt niður skyldu kvenna til að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn.

Meiri hluti nefndarinnar ræður þó háttv. deild til að samþykkja frv. óbreytt, en minni hlutinn vill samþykkja það með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn. Þeim, er setið hefir 6 ár samfleytt eða lengur í nefnd, er þó óskylt að taka við kjöri til hennar fyr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti.

Alþingi, 30. apríl 1926.

Jóh. Jóhannesson,	Eggert Pálsson,	Guðmundur Ólafsson,
form.	fundaskr.	frsm.

Nd. **475. Breytingartillögur**

við frv. til laga um sölu á síld o. fl.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Ef eigi færri en 20 þeirra manna, er á síðastliðnu ári ljetu salta síld til útflutnings eða gerðu skip út á síldveiðar, stofna fjelag o. s. frv.
2. Við 4. gr. Orðin »hvort sem hann er fjelagsmaður eða ekki« falli niður.
3. Við 5. gr. 2. málsgr. skal orða svo:
   Heimilt er fjelagsstjórninni að banna að salta eða krydda síld til útflutnings frá 15. mars til 25. júlí ár hvert, enda skal bannið auglýst með að minsta kosti mánaðar fyrirvara.

4. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Fjelagsstjórninni er heimilt að selja innanlands þá síld, er hún telur eigi svara kostnaði að flytja út.
5. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
   Nú þykir þörf á að reyna nýja meðferð síldar til útflutnings á nýja markaði, og getur þá fjelagsstjórnin látið framkvæma þetta á kostnað fjelagsins.
6. Við 13. gr. síðari málsgrein:
   a. fyrir »300« á fyrri staðnum komi: 200.
   b. fyrir »25« komi: 35.
   c. fyrir »300« á síðari staðnum komi: 200.
   Greinatalan breytist samkv. atkvgr.

Ed. **476. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um byggingar- og landnámssjóð.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir átt fundi um frv. þetta án þess að komast að nokkurri sameiginlegri niðurstöðu.

Meiri hluti hennar telur frv. eins og það er ekki til þess fallið að verða að lögum, og ber margt til þess:

Það fyrst, að nú sem stendur er ekkert fje fyrir hendi, er myndað gæti sjóðinn, og ekkert útlit fyrir, að fje fengist til þess, þótt það ráð yrði upp tekið að leggja enn á atvinnurekendur nýjan skatt, í líkingu við það, sem gert er ráð fyrir í öðru frv., sem nú liggur fyrir deildinni. En út í það verður ekki farið frekar hjer.

Hitt annað er það, að þótt sjóður yrði stofnaður eins og frv. gerir ráð fyrir, þá verður ekki betur sjeð en að ákvæði frv. um hlunnindi þau, er sjóðnum er ætlað að veita, gangi í öfuga átt við það, er til hagsbóta mundi horfa fyrir þá, er sjóðnum er ætlað að styrkja.

Frv. gerir að vísu ráð fyrir, að tekjum þessa sjóðs yrði varið til þess að ljetta undir með vaxtagreiðslunni hjá þeim, sem einhversstaðar gætu fengið sjer lán með 25 ára afborgun til húsabóta eða byggingar nýbýla.

En hvar slíkt lán ætti að fást, er ekki nefnt, enda er ekki við því að búast.

Eins og stendur fást nálega engin löng og ódýr lán, hvorki til húsabóta eða annars. Fje er ekki fyrir hendi, og lítil von um, að úr því rætist fyrst um sinn.

En þótt svo væri, að fje væri fyrir hendi, og þótt það tækist einhverntíma að mynda digran sjóð af svo nefndum »gróðaskatti«, þá er ekki annað

sýnna en að þeim, sem vaxtanna nytu, ef frv. þetta yrði að lögum, yrði fremur ógagn en gagn að því.

Skilyrðin, sem frv. setur, eru mörg þess eðlis, eins og áður er sagt, að sá, er undir þau gengst, verður tæplega frjáls maður athafna sinna eða fjárráða, rjett á litið. Búnaðarfjelag Íslands eða fulltrúar þess hafa, að áliti meiri hluta nefndarinnar, öll ráð þeirra í höndum sjer.

Það er ekki nóg, eftir 3. málsgr. 2. gr. frv., að bóndi hafi útvegað sjer lán til bygginga eða annars. Stjórn Búnaðarfjelags Íslands verður að segja til um það, hvort mannvirki bóndans hafi farið fram úr »sannvirði« eða ekki. Falli álit Búnaðarfjelagsins bónda í vil, á hann að fá vaxtahlunnindin, annars ekki.

Nú gæti oft orðið ágreiningur um það, hvernig ætti að finna þetta sannvirði. Ekki mundi það vera það, sem mannvirkið hefir kostað; á það bendir íhlutunarrjettur Búnaðarfjelags Íslands. Það er sennilegast, að fasteignamatið yrði látið gilda, enda bendir frv. í þá átt.

En þá kemur það til athugunar, að fasteignamatið mun oftast, að minsta kosti í sumum sveitum, vera alt að helmingi fyrir neðan sannvirði, eða það verð, sem eignirnar eru seldar og keyptar fyrir.

Það mætti því búast við, að oft yrði ágreiningur um það, hvað í raun og veru teldist sannvirði.

Enda þótt hjer hafi verið taldir nokkrir verulegir gallar á frv. þessu, virðast þeir þó lítilræði í samanburði við skilyrði þau, sem sett eru í 5. og síðustu málsgrein 2. gr. frv. Eftir þeim skilyrðum »liggur sú kvöð« á þeim, sem »hlunnindanna« nýtur, að stjórn Búnaðarfjelags Íslands verður að samþykkja bæði eigenda- og ábúendaskifti, hafi bóndi fengið þessi vaxtahlunnindi. Enginn má fara frá býli sínu nema með leyfi Búnaðarfjelags Íslands, og enginn má taka við býlinu nema með leyfi sama fjelags.

Hið sama gildir, ef býli er selt. Bóndinn verður fyrst að fá leyfi til að selja, og sá, er vill kaupa, getur ekki keypt, þótt hann hafi nægilegt fje, nema með leyfi Búnaðarfjelags Íslands.

Ekki eru seljandi og kaupandi látnir einir um söluverðið, nje heldur leigusali og leigutaki, ef um leigu er að ræða.

> »Aldrei má söluverð slíkra fasteigna, eða leiga, ef um ábúð er að ræða, verða hærri en sem svarar innlánsvöxtum Landsbankans af verði eignarinnar samkvæmt gildandi fasteignamati«

segir í frv.

Með öðrum orðum, vilji eigandi selja, þá getur hann ekki búist við að fá meira en sem svarar hálfvirði eignarinnar. Eða vilji hann leigja eignina út, þá má hann ekki fá hærri leigu en 4—4½% af verði hennar eftir gildandi fasteignamati. En það yrði eftir því 4—4½% af hálfu raunverulegu verði eignarinnar.

Komið gæti það og fyrir, að Landsbankinn greiddi síðar lægri innlánsvöxtu en nú, og mundi þá arðurinn af býlinu minka að sama skapi.

Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að flutningsmaður frv. hafi viljað hafa hag bænda fyrir augum, þá er hann samdi frv. þetta, og er það að vísu

góðra gjalda vert. En því miður virðist hann ekki hafa athugað það, að ákvæði frv. horfa beint og óbeint til hnignunar þeim, sem styrksins mundu njóta, eða þeim, sem tækju á móti vaxtahlunnindunum. Þeir virðast tæplega geta átt viðreisnar von vegna þeirra kvaða, sem þeir yrðu undir að gangast.

Vitanlega er stjórn Búnaðarfjelags Íslands ekki með þessu, sem hjer hefir sagt verið, mistrygð í neinu. En »sjálfs er höndin hollust«, segir máltækið, og á það engu síður hjer við en annarsstaðar.

Því skal síst neitað, að bændur þurfa löng lán og ódýr, þegar þeir á annað borð taka lán til húsa- eða jarðabóta. En um leið má benda á það, að yfirleitt þola fæstir bændur stórlán. Bú þeirra flest gefa eigi þann arð, er þarf til þess að borga rentur og afborganir af háum skuldaupphæðum.

Yrði nú sjóður stofnaður samkv. frv. þessu, þá mætti búast við því, að einhverjir, sem lán gætu fengið út á jörð eða býli, rjeðust í framkvæmdir nokkrar með vaxtahlunnindin fyrir augum. Ef um nýbýli væri að ræða, þá er það vitanlegt, að það gæfi ekki mikinn arð af sjer fyrstu árin, og vinna nýbyggjans færi óhjákvæmilega mest í það að rækta býlið og húsa. Oftast mætti gera ráð fyrir því, að nýbygginn væri fjelítill eða fjelaus, og yrði þá lítil von um, að hann gæti greitt afborgun af láni, er nokkru munaði, fyrstu árin, jafnvel þótt hann, með því að fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem frv. setur, fengi einhverja rentuívilnun.

Hið sama má í flestum tilfellum segja um fátækan bónda á áðurbygðu býli. Gjaldþolið vex ekki beint við það, þótt hann ráðist í húsabætur eða því líkt. Og báðum verður þeim það sameiginlegt, bóndanum og nýbyggjanum, að hvorugur þeirra verður fjárráða, gangist þeir undir skilyrði þau, sem frv. setur.

Sjóðurinn mundi eftir því aldrei geta komið að sönnu gagni, heldur þvert á móti.

Verður og enn á það að líta, að ekki mundi glæsilegt þykja að lána þeim manni fje, er með því að njóta vaxtahlunnindanna misti að mestu yfirráðarjett sinn — sölu- og leigurjett — á eignum sínum.

Það er eiginlega óhugsanlegt, að nokkur maður eða nokkur lánsstofnun fengist til að lána þeim, sem þannig væru bundnir og sem þar til ættu á hættu að fá aldrei eða mega aldrei fá hið raunverulega verð fyrir eign sína, ef sala eða leiga ætti sjer stað. Og ekki mundu slíkum mönnum auðfengnir ábyrgðarmenn fyrir lánum.

Meiri hluti nefndarinnar er þeirrar skoðunar, eins og allur almenningur, að löggjöfin megi síst af öllu setja að óþörfu stein í götu þeirra, sem einhverja atvinnu reka, og á það engu síður við um búskap en annað.

En verði þetta frv. að lögum, þá er ekki annað sýnna en að það mundi gera þá, er undir þau gengjust, um of háða yfirráðum annara og ósjálfráða eigna sinna, eins og hjer hefir verið bent á.

Meiri hluti nefndarinnar álítur það þar af leiðandi sjálfsagt, að frv. þetta verði ekki að lögum.

Ef um það væri að ræða að bæta húsakynni í sveitum, byggja nýbýli og rækta landið fram yfir það, sem nú gerist, og það telur meiri hluti nefnd-

arinnar mjög nauðsynlegt, þá virðist aðeins einn vegur til þess, en hann er sá, að ríkissjóður leggi árlega fram fje nokkurt til húsabóta á smábýlum og ræktunar, og til nýbýlabygginga þar sem henta þætti.

Vitanlega er ekki vandalaust að skipa þeim málum svo að vel sje og að fullu gagni komi, en þó ætti það ekki að vera ógerlegt, ef út í það væri lagt með nokkurri forsjá. Það mætti byrja með litlu og þreifa sig áfram, láta reynsluna kenna það, er ekki var hægt að sjá í upphafi.

Hugsi maður sjer, að ríkissjóður legði árlega fram einhverja tiltekna fjárhæð í þessu skyni, segjum 50 þús. krónur, til þess að nefna eitthvað, er varið skyldi til endurbóta á smábýlum og til nýbýlabygginga, þá er ekki ólíklegt, að það mundi brátt örva jarðræktina og, að öllum líkindum, hefta lítilsháttar fólksflutninga úr sveitunum.

Þær jarðir, sem nú þykja lítt byggilegar eða með öllu óbyggilegar, ættu frekar að byggjast og áhugi að aukast fyrir jarðrækt og búskap, vitanlega ekki ört, en smámsaman, eins og líka væri hollast.

Maður gæti hugsað sjer, að Búnaðarfjelag Íslands hefði forgöngu þessa máls undir yfirstjórn Alþingis og ríkisstjórnarinnar.

Búnaðarfjelagið ljeti gera teikningar, er landbúnaðarnefndir Alþingis og ríkisstjórnin samþyktu, og kostnaðaráætlanir um byggingar sveitabæja, með mismunandi gerð, þannig að úr nokkru væri að velja.

Stærð húsanna skyldi miðuð við það á hverju býli, hverju það framfleytti, en jafnan ætti að hafa það fyrir augum, að húsakynnin væru bygð úr haldgóðu efni, hlý og notaleg híbýli, sem gætu talist góð og varanleg eign.

Geri maður ráð fyrir, að 50 þús. krónur yrðu veittar árlega og að hverju smábýli eða nýbýli væru ætlaðar 3 til 4 þús. krónur til styrktar í áðurnefndu augnamiði, þá er ekki ólíklegt, að talsverðar umbætur sæjust eftir nokkur ár.

Þessi styrkur mætti ekki skoðast sem lán, hann ætti aldrei að endurgreiðast, og um rentur væri ekki að tala. Styrkurinn yrði sem innstæða, er ábúendur nytu mann fram af manni. Dánarbú eða fráfarandi skilaði þessari innstæðu af sjer til næsta ábúanda eða kaupanda, ef býli væri selt, og aldrei mætti ábúandi eða eigandi býlis selja þessa innstæðu eða veðsetja. Hún stæði jafnan trygð með fyrsta veðrjetti í eigninni og afhentist viðtakanda í húsum á býlinu, eftir virðingu úttektarmanna eða þeirra, sem til þess væru skipaðir. Með því ætti að vera girt fyrir það, að innstæðan glatist.

Ef til vill þætti þetta erfitt í vögum og sumum mundi finnast það galli að mega ekki veðsetja býlið með fyrsta veðrjetti. En það virðist ekki þurfa að standa fyrir, ef hyggilega er með farið.

Fyrst er nú það, að menn þyrftu minna lán, fengju þeir þarna ókeypis fje til afnota, og engu síður hitt, að afkoman er betur trygð en ella með þessum styrk.

Það væri því oftast miklu aðgengilegra að lána til viðbótar út á 2. veðrjett þeim, er líklegur væri til að bjargast vel áfram, en hinum, sem tæki alt að láni og tæplega ætti viðreisnar von, þótt hann í byrjun gæti veðsett

eignina með 1. veðrjetti, er að sjálfsögðu væri háð rýrnun og niðurniðslu sakir efnaskorts.

Styrkur í líkingu við það, sem hjer er stungið upp á, gæti í flestum tilfellum hjálpað þeim, er hans nytu, til þess að byrja og um leið til að bjargast áfram og verða sjálfstæðir menn.

Ef til vill eru styrkupphæðir þær, sem hjer hefir verið stungið upp á, of lágar. En það yrði Alþingis að ákveða þær, eins og annað í þessu máli, ef tiltækilegt þætti að leggja út á þessa braut eða því líka.

Ef frv. það um happdrætti, sem nú liggur fyrir þinginu, yrði að lögum, þá virðist ágóðanum af því, eða nokkrum hluta hans, ekki á annan hátt betur varið en til þess að framkvæma það, sem hjer hefir verið stungið upp á, og fjelli þá niður það framlag úr ríkissjóði, sem áður er nefnt.

Meiri hluti nefndarinnar sjer sjer ekki fært að koma fram með frv. í þessa átt eins og nú stendur, enda ætti best við, að ríkisstjórnin tæki þessa hugmynd fyrst til yfirvegunar og kæmi henni í framkvæmd, ef tiltækilegt þætti. Hann leggur því til, að málið verði afgreitt í þetta sinn með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin taki mál þetta til yfirvegunar, sjerstaklega með það fyrir augum að rannsaka, hvort tiltækilegt mundi að stofna til nýbýlabygginga og að ljetta undir með húsabótum og öðru á smábýlum, hvorttveggja í líkingu við það, sem hjer hefir verið stungið upp á, og í trausti þess, að ríkisstjórnin, eins fljótt og unt er, leggi niðurstöðu þá, er rannsóknin leiðir í ljós, fyrir Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Þeir Björn Kristjánsson og Jóhann Þ. Jósefsson skrifa undir nefndarálit þetta með þeim fyrirvara, að þeir hallist heldur að því, að einhver lág renta, t. d. 3%, yrði tekin af þeirri innstæðu, er ríkissjóður legði hverju býli.

Alþingi, 3. maí 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Gunnar Ólafsson, frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.

Ed. **477. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1924.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og borið það saman við landsreikninginn 1924, athugasemdir endurskoðenda og tillögur þeirra, ásamt breyting-

um þeim, sem samþyktar voru í Nd. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Ingvar Pálmason, frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrifari.

Gunnar Ólafsson. Jónas Jónsson.

Ed. **478. Nefndarálit**

um frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1924.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að háttvirt deild samþykki reikninginn eins og hann liggur fyrir.

Alþingi, 3. maí 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Ingvar Pálmason, frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrifari.

Gunnar Ólafsson. Jónas Jónsson.

Nd. **479. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þskj. 475. *[Sala á síld o. fl.]*.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

1. Við brtt. 1. Tillagan orðist svo:
   Ef eigi færri en 20 þeirra manna eða útgerðarfjelaga, er á yfirstandandi ári ætla að salta síld til útflutnings eða gera skip út á síldveiðar, enda leggi þeir fram gögn þar að lútandi, stofna fjelag o. s. frv.
2. Við brtt. 4. Tillagan orðist svo:
   Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Í reglugerð skal mæla svo fyrir, að stjórn fjelagsins sje heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn, hve mikla síld megi salta til útflutnings.

Nd. **480. Frumvarp**

til laga um Landsbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 171, með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Til gullforða telst:

a. Lögleg gjaldgeng gullmynt.
b. Ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi minst 2480 kr. fyrir hvert kílógramm af skíru gulli.
c. Innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er, í erlendum bönkum, sem bankaráðið telur fulltrygga og ráðherra samþykkir, að frádregnum samskonar skuldum bankans, þó eigi yfir 1/4 alls gullforðans.

Gullforði bankans samkvæmt a.-lið skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum (og útibúum hans, ef þeim ber að leysa inn seðla samkvæmt 7. gr.). Þó má til þess hluta gullforðans telja gull það, sem sannað er um, að sje á leið hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 300000 krónur í einu.

Á eftir 51. gr. er komin ný grein, 52. gr., svo hljóðandi:

Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema sjerstakar ástæður banni, svo sem staðhættir. Sama er um ríkisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til Söfnunarsjóðs Íslands, nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum. Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44, 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

52.—69. gr. í stjórnarfrv. eru orðnar 53.—70. gr.

62. gr. (áður 61. gr.) hljóðar svo:

Kosning í landsbankanefndina fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1926. Þegar eftir að lög þessi eru gengin í gildi, skal sá, sem flest atkvæði hefir fengið við kosninguna í landsbankanefndina, kveðja nefndina til fundar og sjá um kosningu 4 manna í bankaráðið. Jafnframt skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, formann bankaráðsins. Ráðherra sjer síðan um, að fram fari úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins. Ennfremur að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist til framkvæmda 1. janúar 1927. Fyrir störf þessi má greiða bankaráðsmönnum sjerstaka þóknun, sem þó fari eigi fram úr 6000 kr. alls.

64. gr. (áður 63. gr.) hljóðar svo:

Launaákvæði laga þessara ná ekki til núverandi bankastjóra. Meðan þeir gegna bankastjórastöðu við Landsbankann, halda þeir núverandi launum sínum, nema öðruvísi semjist. Uppsagnarákvæði 38. gr. koma eigi til framkvæmda fyr en jafnóðum sem sæti losnar í bankastjórninni. Aðalbankastjóra skal ráða þegar eitt sæti losnar í bankastjórninni.

Jafnskjótt sem núverandi bókari, aðalfjehirðir og fjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum laga þessara.

69. gr. (áður 68. gr.) hljóðar svo:

Landsbankinn endurkaupir af Íslandsbanka góða viðskiftavíxla gegn forvöxtum, sem sjeu 1% lægri en forvextir Íslandsbanka, þó aldrei lægri en 1% undir forvöxtum Landsbankans, fyrir alt að $^5/_6$ þeirrar upphæðar, sem Íslandsbanki hefir á hverjum tíma dregið inn af seðlaveltu sinni, miðað við 31. okt. 1922; en þá telst seðlavelta Íslandsbanka hafa verið 8 miljónir króna. Eftir að Íslandsbanki hefir dregið inn alla seðla sína minkar fjárhæð sú, sem Landsbankinn endurkaupir með þessum kjörum, um hálfa miljón króna á ári hverju, þar til hún hverfur alveg.

Ed. **481. Tillaga**

til þingsályktunar um aðstöðu málfærslumanna við undirrjett.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að:

a. Skýra frá, hve oft núverandi bæjarfógeti í Reykjavík hefir orðið að víkja sæti sem dómari, af því að sonur hans starfar sem málfærslumaður við rjettinn, og hve mikið landssjóður hefir orðið að greiða þessum settu dómurum.
b. Að leita álits málfærslumannafjelagsins í Reykjavík um þetta skipulag og leggja skýrslu um það fyrir næsta Alþingi.
c. Að leggja fyrir næsta Alþingi frv., þar sem sömu reglur gildi um aðstöðu málfærslumanna, sem eru vandamenn eða bundnir venslum við undirdómara, eins og nú gilda um málfærslu við hæstarjett gagnvart dómurum í þeim rjetti.

Greinargerð.

Það hefir vakið talsverða eftirtekt, og að því er virðist ekki óblandaða ánægju meðal lögmanna í bænum, að sonur bæjarfógetans í Reykjavík starfar sem málfærslumaður við rjettinn. Faðir hans, undirdómarinn, verður því að sjálfsögðu alloft að víkja sæti, og bakar þá fyrirkomulag þetta landinu ein-

hvern óþarfatilkostnað við tilfenginn dómara. Sömuleiðis getur verið álitamál, hvort heppilegt sje, að málfærslumenn návenslaðir dómara hafi með höndum skifti á dánarbúum eða nauðasamninga við undirrjettinn. Þar sem nú er komin fram krafa um að auka og þá væntanlega styrkja hæstarjett, til að auka rjettaröryggið í landinu, virðist sjálfsagt að vinna líka að skynsamlegum umbótum á vinnubrögðum við undirrjettinn. Þessi tillaga er hin fyrsta af nokkrum fleiri, er bornar kunna að verða fram á Alþingi að þessu sinni viðvíkjandi smábreytingum á skipulagi og vinnubrögðum við undirrjettinn.

Nd. 482. Nefndarálit

um till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið ásátt um tillöguna, og vill minni hlutinn hjer með gera stuttlega grein fyrir ástæðum sínum og tillögu.

Um alllangan tíma undanfarið hefir öll hin eðlilega fólksfjölgun þjóðarinnar leitað sjer verkefna í bæjunum og þorpunum, mestmegnis við þá atvinnu, sem skapast hefir við hina auknu sókn á fiskimiðin við strendur landsins. Og því frekari hefir aðsóknin að sjónum þó verið, að sveitir landsins eru smátt og smátt að tæmast af fólki og leggjast í auðn.

Þetta er það, sem við blasir um atvinnuhætti þjóðarinnar. Það má ef til vill segja, að enn þá hafi þessi misvöxtur höfuðatvinnugreina þjóðarinnar ekki komið verulega að sök. Hitt er þó auðsætt, að þessi straumur þjóðlífsins hefir ekki verið með öllu annmarkalaus, og því síður álitlegt að svo haldi fram.

Annarsvegar höfum við stórt og strjálbygt land, lítt ræktað í samanburði við það, sem vera mætti, og þannig með næg skilyrði til að veita hinni eðlilegu fólksfjölgun gnótt viðfangsefna og skilyrði til framfæris. Aukin bygð á landinu með tilsvarandi aukinni ræktun gerði landið verðmætara, atvinnuhætti þjóðarinnar eðlilegri og traustari og drægi úr ókostum og örðugleikum strjálbýlisins.

Eyðist það, sem af er tekið. Fiskimið, þó auðug sjeu, geta rýrnað og fiskmergðin gengið svo til þurðar, að veiðin borgi sig ekki, svo sem dæmi þekkjast til. Og þegar litið er til núverandi ástæðna, þá virðist svo, sem ekki megi stórmikið út af bera með fiskisæld eða markaðsskilyrði eða aðrar ástæður, svo sem kaupgjald, svo að fiskveiðarnar bíði við það varanlegan hnekki og verði að draga saman og skilji þá eftir bjargræðislaust nokkuð af því fólki, sem bygt hefir atvinnu sína á þeim. Og þá verður örðugt og seintækt að leita aftur bjargræðis af landinu óbygðu, óræktuðu og bústofnslausu fyrir nýja landnema.

Það mun mega segja, að Alþingi hafi sjeð og viðurkent þessar ástæður. Þannig beri að skilja viðleitni þess ýmiskonar ræktun landsins til eflingar, en hitt er þá jafnvíst, þegar litið er til reynslunnar, að betur má ef duga skal.

Það hlýtur þess vegna að vakna sú spurning í huga, hvort ekki geti hugsast, að landbúnaðarlöggjöf landsins eigi einhvern beinan eða óbeinan þátt í þessum ástæðum, eða hvort hafa mætti áhrif um þessar ástæður með breyttri eða nýrri löggjöf. Hin einstöku lög, er snerta búnaðarmál, eru sett á ýmsum tímum, ein og ein í senn, án þess að nokkurn tíma hafi verið tekið fyrir að athuga þau í heild sem lagakerfi, er taka eigi til allra búnaðarmála og með þeim ákveðna tilgangi að vinna að því marki, að landið aukist svo að gæðum og verðmætum, að það geti ekki einasta veitt framfæri þeim hluta fólksfjölgunarinnar, sem verður í sveitunum sjálfum, heldur jafnvel einnig allri fólksfjölguninni, ef út af kynni að bera með hinn aðalatvinnuveginn, sjávarútveginn, eða þegar þróunarmöguleikar hans hafa náð hámarki.

Við teljum vöxt þjóðlífsins tryggast og eðlilegast bygðan upp við landnám á þeim grundvelli, sem að framan er drepið á. Við teljum, að það muni í raun og veru ekki vera ágreiningsmál á meðal þorra manna. Við teljum, að Alþingi hafi viljað stefna að þessu með sumum ráðstöfunum sínum. Hins vegar er það bert af reynslunni, að þetta hefir ekki tekist. Við fullyrðum ekki, að vantökin að þessu takmarki eigi rót að rekja til löggjafarinnar beint eða óbeint, en við hikum ekki við að telja það mikið og merkilegt rannsóknaratriði, og að það sje þess vert að skipa milliþinganefnd til að athuga landbúnaðarlöggjöfina í heild sinni, og vísum til tillögunnar sjálfrar og framsögu málsins um það, hver sjeu hin helstu rannsóknaratriði, bæði að því er það snertir, sem hefir verið gert og látið ógert. Nefndin ætti að leita allrar líklegrar aðstoðar og upplýsinga um alt það, er þessu viðkemur, bæði hjer á landi og eins um það, er snertir reynslu og fyrirætlanir annara þjóða um byggingu og ræktun landa sinna. Við höfum að því leyti meira verkefni á þessu sviði en hver önnur gömul menningarþjóð, að land vort á óleyst miklu meiri gæði í skauti sínu, fyrst og fremst vegna strjálbýlisins, en hvert þeirra landa. Verkefnið er miklu stærra og yfirgripsmeira en svo, að stjórnin eða þingið, á þeim tíma sem það starfar, hafi aðstöðu til að rannsaka það til nokkurrar hlítar. Þess vegna leyfum við okkur að leggja það til eindregið, að tillagan verði samþykt.

Alþingi, 4. maí 1926.

Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Halldór Stefánsson, fundaskr.

Ed. **483. Lög**

um veiting ríkisborgararjettar.
(Afgreidd frá Ed. 4. maí).

Ríkisborgararjettur veitist eftirnefndum mönnum:

1. Claus Gerhard Nilsen, hafnarverkamanni í Reykjavík, fæddum í Noregi.
2. Júliusi Schopka, verslunarfulltrúa í Reykjavík, fæddum í Þýskalandi, enda sanni hann innan árs frá því að lög þessi öðlast gildi fyrir dómsmálaráðherra, að hann sje leystur frá því að vera þýskur ríkisborgari.
3. Laurits Parelius Kristiansen, verkstjóra í Krossanesi, fæddum í Noregi.

Nd. **484. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

Frá samgöngumálanefnd.

Háttv. efri deild hefir gert nokkrar breytingar á frv., síðan það fór frá þessari háttv. deild síðast. Nefndin getur eftir atvikum fallist á þessar breytingar, og ræður því háttv. deild til þess að samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi, 4. maí 1926.

Jón A. Jónsson, form.	Jón Kjartansson, frsm.	Kl. Jónsson, fundaskr.

Hákon J. Kristófersson. Sveinn Ólafsson.

Nd. **485. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 9. gr. Fyrir »a-lið« í síðustu málsgrein komi: a- og b-lið.
2. Við 30. gr. Greinina skal orða svo:

   Sparisjóðsdeildin skal, eftir því sem við verður komið án truflunar á atvinnulífi landsins, leitast við að koma að minsta kosti sem svarar 1/3 af innlánsfje með sparisjóðskjörum í trygg og auðseld verðbrjef, svo sem ríkisskuldabrjef, jarðræktarbrjef eða veðdeildarbrjef. Ef vafi þykir leika á, hvaða verðbrjef fullnægi ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr.
3. Við 52. gr.
   a. Fyrir orðin »nema sjerstakar ástæður banni, svo sem staðhættir« komi: nema öðruvísi sje ákveðið í stofnskrám eða skipulagsskrám.
   b. Aftan við fyrri málsgrein bætist: nema ríkisstjórnin geri aðra skipun á.

4. Við 62. gr. (áður 61. gr.). Fyrir tvo síðustu málsliðina (»Ennfremur« o. s. frv. til enda greinarinnar) komi: Bankaráðið sjer um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist að fullu í framkvæmd þegar eftir að úttekt er lokið, þó eigi síðar en 1. janúar 1928.

Nd. **486. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Ef líkur eru til, svo sem háttv. flutningsm. þessa frv. gerir ráð fyrir í greinargerð frumvarpsins, að frumvarpið um útsvör muni daga uppi í efri deild, er minni hluti allsherjarnefndar sammála háttv. flm. um það, að nauðsynlegt sje, að frv. þetta nái fram að ganga.

Alþingi, 4. maí 1926.

Pjetur Ottesen. Pjetur Þórðarson, frsm.

Ed. **487. Frumvarp**

til laga um fræðslu barna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 285, með þessum breytingum:

7. liður 2. gr. hljóðar svo:

Að hafa vanist á að athuga algengustu fyrirbrigði náttúrunnar, sem það hefir fyrir augum, svo að það geti lýst þeim; það skal vita um bygging og lífsstörf mannslíkamans og um helstu atriði, er að hollustuháttum lúta, þar á meðal um áhrif heilsuspillandi nautnameðala, t. d. vínanda og tóbaks; ennfremur skal það þekkja nokkrar helstu íslenskar plöntur og vita um lífnaðarhætti þektustu dýra.

11. gr. hljóðar svo:

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, er barn hafa til framfærslu, ákvæðum 5., 6. eða 7. gr. eða fyrirskipun, sem gerð er samkvæmt ákvæðum

10. gr., án gildra ástæðna, og varðar það dagsektum, 2—5 króna, eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð (bæjarsjóð).

20. gr. hljóðar svo:

Barni, sem er fullra 14 ára og hefir eigi fengið hina lögskipuðu kunnáttu, ber skólanefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 19. gr., og er því skylt að koma á næsta ári til prófs. Komi það eigi til prófs, fer samkvæmt síðasta lið 18. greinar. Nú kemur það í ljós við próf 10 ára barns eða eldra, að það reynist að dómi kennara og læknis óhæft til hins lögboðna náms, sakir andlegs eða líkamlegs vanþroska, og skal þá ekki heimta af því aðra kunnáttu en nokkra þekking í lestri og skrift.

Nd. **488. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919 (Yfirsetukvennalög).

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Mál þetta er komið frá háttv. Ed. og fjekk þar rækilega meðferð í fjárhagsnefnd og deildinni. Neðrideildarnefndin átti og tal um málið við landlækni og formann ljósmæðrafjelagsins. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt, en vísar um ástæður fyrir þessu til þess, sem segir í nefndaráliti Ed.-nefndarinnar á þskj. 213.

Alþingi, 4. maí 1926.

Magnús Jónsson, frsm. meiri hl. Ásgeir Ásgeirsson. Jakob Möller. Björn Líndal.

Nd. **489. Frumvarp**

til laga um skipströnd og vogrek.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 221, með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Hver, sem þess verður var, að hafskip sje í hættu statt við land eða strandað, eða að góss úr því reki á land, er skyldur að gera alt, sem í hans valdi stendur, til þess að bjarga mönnum og góssi, enda skal hann tafarlaust skýra hreppstjóra, eða lögreglustjóra, ef auðveldara er að ná til hans, frá at-

burðum með firðskeyti eða símtali, ef þess er kostur, en ella með skyndiboða. Hreppstjóri skal með sama hætti skýra lögreglustjóra frá skipreika. Lögreglustjóri skýrir síðan dómsmálaráðherra, svo og eigendum og vátryggjendum skips og farms eða umboðsmönnum þeirra, ef vitað er hverjir eru, frá því, hvernig komið er, með firðskeyti, ef þess er kostur, en ella með næstu póstferð. Dómsmálaráðuneytið skal svo, jafnskjótt sem unt er, tilkynna skipreikann fyrirsvarsmanni þess ríkis, sem skip er frá.

2. gr. hljóðar svo:

Hreppstjóri, eða lögreglustjóri, ef hann er fyrr á strandstað kominn, skal svo fljótt sem unt er fá úr því skorið, hvort skip skuli talið strandað. En þá er skip talið strandað og rjett að fara með það eftir lögum þessum, ef það er rekið upp eða fast orðið við land, enda verði því ekki bjargað á sjó út og gert haffært áður en hætta sje á því, að það farist að miklu leyti eða öllu. Hreppstjóri eða lögreglustjóri tilnefnir tvo valinkunna menn, er, að viðlögðum drengskap, meta þetta með honum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

9. gr. hljóðar svo:

Lögreglustjóri eða sá, er í stað hans stýrir björgun, skal sjá um það, að alt, sem gert verður til að bjarga mönnum, skipi eða góssi, verði unnið svo fljótt og vel sem kostur er. Skal fyrst og fremst, næst mannbjörg, bjarga skipsskjölum. Ef líklegt þykir, að skipi verði af grunni komið og að það verði gert haffært, þá skal kosta kapps um, að svo megi verða. Af góssi skal björgun á því, sem verðmætast er, ganga fyrir svo sem unt er, og skal þess jafnan gætt, að öll merki eða auðkenni á góssi skemmist sem minst.

Rjett er aðilja eða umboðsmanni hans að vera við björgun.

Nd. **490. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá Sigurjóni Jónssyni.

Við 69. gr. (áður 68. gr.).

Fyrir »hálfa miljón« í síðustu línu greinarinnar komi: ¼ miljón.

Nd. **491. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að semja frv. til laga um almennar sjúkratryggingar.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

Alþingi ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að skipa þriggja manna

nefnd til þess að semja frumvarp til laga um almennar sjúkratryggingar, og hafi nefndin, ef unt er, lokið starfi sínu fyrir miðjan febrúarmánuð 1927 og skilað tillögum sínum til atvinnumálaráðherra.

Nefndina skal skipa þannig: einn nefndarmanna eftir tillögum stjórnar Alþýðusambands Íslands, annan eftir tillögum stjórnar Búnaðarfjelags Íslands, en hinn þriðja tilnefnir ráðherrann, og er sá maður jafnframt formaður nefndarinnar.

Nefndarmenn fá hver um sig 200 kr. þóknun fyrir starfa sinn, er greiðist úr ríkissjóði að loknu starfi.

Greinargerð.

Fyrir tveim undanförnum þingum hafa frv. um almenna sjúkratryggíng legið, en eigi komist fram. Sjúkratryggingar eru mikið nauðsynjamál, og er hjer bent á leið til að undirbúa löggjöf um þetta, sem flutningsmaður væntir, að verði til þess að koma málinu í framkvæmd.

Nd. 492. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919 (Yfirsetukvennalög).

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta hefir í för með sjer allveruleg aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, og þar sem sýslusjóðir eiga að greiða helming launa og dýrtíðaruppbótar, verður sama upphæð lögð á sýslufjelögin, eða um 3000 kr. á hvert sýslufjelag.

Minni hlutinn vill alls ekki neita því, að yfirsetukonur kunna víða að vera illa eða of lágt launaðar. En hinsvegar er það víst, að í smáum umdæmum mundu þær eftir frv. verða prýðilega launaðar og t. a. m. víða miklu betur launaðar en hreppstjórar, svo að það mætti búast við, yrði frv. þetta að lögum, að þeir kæmu bráðlega og heimtuðu launahækkun.

En aðalástæðan til þess, að minni hlutinn getur ekki ráðið til að fallast á frv. er sú, að hann vill ekki, að sýslunefndunum alveg óspurðum, demba svo stórri upphæð á þær, þar sem það er fyrirsjáanlegt, að sumar þeirra gætu naumast risið undir þessari auknu byrði, því tekjustofnar sýslusjóðanna eru mjög takmarkaðir. Að öllu þessu athuguðu telur minni hluti nefndarinnar heppilegast, að málinu sje vísað til stjórnarinnar, svo að henni gefist kostur á að leita álits sýslunefndanna um málið, og búa það svo undir þingið, eftir því sem henni þykir henta.

Er það því vor

TILLAGA:

Að málinu sje vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 4. maí 1926.

Kl. Jónsson,	Jón A. Jónsson,	Halldór Stefánsson,
form.	fundaskr.	frsm.

Nd. **493. Nefndarálit**

um frv. til laga um skyldu útgerðarmanns til að tryggja fatnað og muni lögskráðs skipverja.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar hefir eigi viljað, að frv. komist fram. En minni hlutinn telur það nauðsynlegan þátt í tryggingarlöggjöfinni og leggur því til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 4. maí 1926.

Jón Baldvinsson.

Ed. **494. Breytingartillaga**

við frv. til laga um fræðslu barna.

Frá Ingibjörgu H. Bjarnason og Jónasi Jónssyni.

Við 16. gr. 1. málsgr. Í stað orðanna »hefir samþykt« komi: leggur til.

Ed. **495. Nefndarálit**

um frv. til laga um útsvör.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefndin hefir ekki getað fylgst öll að í máli þessu.

Við undirritaðir leyfum okkur að leggja það til við háttv. deild, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá háttv. Nd.

Meðnefndarmaður okkar, háttv. þm. A.-Húnv. (Guðm. Ó.) mun hinsvegar gera grein fyrir áliti sínu sjerstaklega og bera fram brtt. við frv.

Frv. þetta er borið fram af hæstv. stjórn, eftir áskorun síðasta Alþingis, og hefir verið til meðferðar í Nd. frá þingbyrjun þar til það kom hingað til deildarinnar fyrir skömmu og var þá vísað til allsherjarnefndar.

Það er nú að vísu engin furða, þótt málið væri lengi á leiðinni í háttv. Nd., þar eð það er mjög umfangsmikið og ákvæði þess snerta allan þorra landsmanna, þeirra, er til vits og ára eru komnir. Hinsvegar hefir allsherjarnefnd Nd., líkt og allsherjarnefnd þessarar deildar, verið ærnum störfum hlaðin. Þar við bættist, að frv. kom úr nefnd í Nd. um líkt leyti og fjárlagafrv., er var látið ganga fyrir þessu frv., og ennfremur að í deildinni kom fram, sem vænta mátti, mesti aragrúi af breytingartillögum, enda þótt fæstar þeirra næðu fram að ganga, sennilega af því, að háttv. þm. í Nd. hafa fundið, þegar til kastanna kom, að erfitt var að finna að óreyndu önnur betri eða hentari ákvæði en frv. hafði að geyma.

Það verður nú afdráttarlaust að viðurkenna það, að tími sá, sem allsherjarnefnd Ed. hefir haft til meðferðar frumvarpsins, hafi verið býsna naumur, ekki síst vegna þess, að allir þeir menn, sem í allsherjarnefndinni eru, sitja og í fjárveitinganefnd deildarinnar og hafa því haft fjárlagafrumvarpið, auk fleiri mála, til meðferðar samtímis þessu máli. Hins vegar er nú svo langt liðið á þingið, að málið verður að fara að koma úr nefnd, ef þess á að vera nokkur von, að það nái fram að ganga. En það teljum við næsta mikilsvert, að gæti orðið, vegna þeirra þýðingarmiklu umbóta, sem frv. gerir á útsvarsmálunum. Ef frumvarpið dagaði uppi í ár, yrði ekki að lögum, en núverandi ástand hjeldist óbreytt, þá hikum við ekki við að telja það illa farið. Því þótt einhverjir gallar kunni að reynast á frumvarpinu, þegar það kemur til framkvæmda sem lög — sem vitanlega er ómögulegt fyrir fram að neita að kunni að verða — þá er miklu auðveldara að bæta úr þeim, þegar reynslan er búin að leiða þá í ljós, heldur en á meðan hún er ekki fengin. Hinsvegar liggur það í augum uppi, að seint muni 42 menn verða samdóma um öll ákvæði slíks frumvarps sem þessa og að sitt muni jafnan sýnast hverjum um einstök ákvæði, eins og t. d. um það, hvort reikningsárið í sveitum á að vera almanaksárið eða fardagaárið.

Aðalkosti þessa frumvarps teljum við þá, *að* það safnar saman á einn stað öllum lagaákvæðum um útsvör fyrir alt landið, og *að* það samræmir þessi ákvæði.

Nú er þessi ákvæði að finna í sveitarstjórnarlögunum frá 1905 og hinum mörgu breytingum, sem á þeim eru orðnar, og í lögunum fyrir kaupstaðina 7, og hefir þeim öllum verið breytt síðan þau voru fyrst sett, og sumum mörgum sinnum, jafnvel ár eftir ár (Siglufjörður). — Nú eru og ákvæðin um útsvarsskyldu í sveitum og kaupstöðum næsta ólík og mismunandi í hinum ýmsu kaupstöðum. Verður það að teljast stappa nærri óhæfu, að ákvæðin um útsvarsskyldu skuli vera svo ólík á ýmsum stöðum í landinu. Þá er og eftir núgildandi löggjöf víða gengið alt of langt í því að leggja útsvör á menn utan heimilis þeirra. Á Siglufirði má utanbæjarmaður nú t. d. ekki salta eina síld-

artunnu eða bræða eina tunnu af lifur án þess að verða sjerstaklega útsvarsskyldur þar (sbr. lög nr. 58 1919, 19. gr.). Eftir frv. því, sem hjer liggur fyrir, er þessi starfsemi að vísu útsvarsskyld, en ekki sjerstaklega á þeim stað, sem hún er rekin. Og ekkert tillit mundi verða tekið til starfseminnar í heimasveitinni, ef hún næmi ekki meiru en hjer er gert ráð fyrir, eða ef af henni yrði enginn hagnaður. En væri um eitthvað verulegt að ræða, kæmi það vitanlega til greina, eins og líka rjett er.

Þessa kosti frv., sem nú hafa verið nefndir, teljum við svo þýðingarmikla, að við hikum ekki við að ráða háttv. deild til að samþykkja það óbreytt og munum greiða atkvæði gegn öllum breytingartillögum við það, aðallega af ótta við það, að breytingar á frv. mundu verða því valdandi, að það dagaði uppi og næði ekki fram að ganga að þessu sinni.

Alþingi, 5. maí 1926.

Jóh. Jóhannesson, form.	Eggert Pálsson, fundaskr. og frsm. meiri hl.

Nd. **496. Breytingartillögur**

við frv. til laga um sölu á síld o. fl.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Ef eigi færri en 20 þeirra manna, er á síðastliðnu ári ljetu salta eða krydda síld til útflutnings, eða gerðu skip út á síldveiðar, eða ætla að stunda slíka atvinnu á yfirstandandi ári og leggja fram gögn fyrir, stofna o. s. frv.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Fjelagsstjórninni er heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn, hve mikla síld megi salta til útflutnings. Einnig er fjelagsstjórninni heimilt að selja innanlands þá síld, er hún telur eigi tilvinnandi að flytja út.

1. og 4. brtt. á þskj. 475 eru jafnframt teknar aftur.

Nd. **497. Nefndarálit**

um frv. til laga um bygging og rekstur strandferðaskips.

Frá minni hluta samgöngumálanefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um meðferð frv. þessa. Meiri hlutinn vill fella frv. eða vísa því til stjórnarinnar. Við minnihlutamenn álítum aftur, að frv. ætti að samþykkja og afgreiða frá þinginu, ef tími leyfði.

Ástæður fyrir áliti okkar um þetta hirðum við ekki að telja hjer, með því að þær hafa áður verið raktar í meðferð málsins.

Okkur er ljóst, að málið getur tæpast fengið afgreiðslu á þessu þingi, þar sem komið er nærri þinglausnum og mörg önnur nýmæli bíða úrslita. Hins vegar er aðalefni frv., um bygging og rekstur strandferðaskips, sem og lántökuheimild vegna skipskaupanna, áður lögfest með lögum nr. 53 1913, þar sem ákveðið er að kaupa og reka fyrir ríkisreikning 2 strandferðaskip, ákvörðun, sem átti að komast í framkvæmd 1916, en sem aðeins er nú að hálfu leyti fullnægt. Frv. á þskj. 320 lýtur því einungis að fullnægingu þessarar eldri ákvörðunar, og endimarkar þó fremur en hún og tímabindur framkvæmd nefndra laga og útbúnað skipsins.

Eftir atvikum öllum og vegna óvissu um, að ástæður og tími leyfi að málið fái áformaða afgreiðslu á þessu þingi, leggjum við til, að það verði afgreitt með svo feldri rökstuddri

DAGSKRÁ:

Með því að dregist hefir að hálfu leyti um 10 ár framkvæmd laga nr. 53 frá 1913, um kaup og rekstur tveggja strandferðaskipa, og ætla verður, að stjórnin sjái sjer fært að koma fyrirmælum nefndra laga í fulla framkvæmd á þessu eða næsta ári, með hliðsjón af fyrirmælum frv. þessa um stærð og útbúnað nýs strandferðaskips, og með því ennfremur, að tími vinst tæpast til að afgreiða frv. þetta á annan veg, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. maí 1926.

Kl. Jónsson,	Sveinn Ólafsson,
fundaskr.	frsm.

Nd. **498. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um frv. Meiri hlutinn leggur til, að það nái fram að ganga óbreytt, og vísast til greinargerðar á þskj. 261.

Alþingi, 5. maí 1926.

Kl. Jónsson,	Jón A. Jónsson,	Björn Lindal.	Halldór Stefánsson.
form.	fundaskr., frsm.		

Nd. **499. Nefndarálit**

um frv. til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv.

Minni hlutinn (Á. Á. og H. Stef.) mælir með, að það gangi fram með litlum breytingum, en vjer, sem erum í meiri hluta, leggjum til, að það nái ekki fram að ganga.

Því hefir af sumum verið haldið fram, að frv. færi ekki fram á stýfing krónunnar, en niðurlagsorð 1. gr., »með því markmiði að festa endanlega verðgildi peninganna á þeim grundvelli«, taka af allan efa um það, að frv. stefnir beint að stýfingu krónunnar.

Meiri hluti vill ekki neita því, að gengi íslenskrar krónu hafi verið sett of hátt á síðastliðnu hausti. Þetta varð því tilfinnanlegra sjávarútveginum, sem samtímis, eða litlu síðar, varð óvenjumikið verðfall á síld og fiski í aðalneytslulöndunum, Spáni og einkum Ítalíu; hins vegar var gengishækkunin lítt tilfinnanleg landbúnaðinum, því gengi norskrar krónu hækkaði talsvert um það leyti, sem greiðsla fyrir saltkjötið fór fram.

Það er álit meiri hluta, að verðlagið innanlands sje enn þá ekki komið í samræmi við gengið nema að einu leyti, á innfluttri vöru, en það nálgist það smámsaman og muni á afliðandi sumri eða næsta hausti hafa náð fullu samræmi.

Verðlagið innanlands stjórnast aðallega af þessu tvennu:

a. Vinnulaunum í landinu.

b. Gengi peninganna.

Það er mikill misskilningur að halda, að því ráði eingöngu verðlagið í viðskiftalöndum okkar.

Að hjer er meiri dýrtíð en t. d. í Englandi, stafar af því, að hjer er hærra verkkaup að tiltölu við afrakstur vinnunnar, og verðlagið á innlendum vörum því hærra hjer en þar, og að í Englandi eru verðhærri peningar og aðkeyptar vörur þar af leiðandi ekki eins dýrar og hjer.

Nú er það viðurkent, að peningagengi hvers lands verður að vera í nokkurnveginn samræmi við verðlagið á nauðsynjum, til þess að heilbrigt sje og til þess að von sje um, að það haldist sveiflulítið.

Peningagengi, sem ekki er í samræmi við verðlagið, býður heim »spekulation«. Þó skal það játað, að minni hætta er á og betri aðstaða til að hamla á móti »spekulation« hjer en víðast annarsstaðar.

Með hækkandi gengi hljóta gengishækkanir að ganga á undan verðlækkun, en það er nauðsynlegt, að hverri gengishækkun fylgi kaupgjaldslækkun og þar af leiðandi lækkun innlendra vara; lækkun erlendu varanna fæst beint með gengishækkuninni.

Þess er að vænta, að allir sjái nauðsyn þess, að kaupgjaldið fari lækkandi samfara þverrandi dýrtíð. Verklýðsfjelögin hafa lýst fylgi sínu við hækk-

un krónunnar upp í gullgildi (100 gullaura krónu), og er því að vænta fullkomins stuðnings þeirra til þess að ná þessu marki.

Það er álit meiri hlutans, að minni hlutinn geri fullmikið úr þeim örðugleikum, sem fylgja því að koma krónunni í fyrra gullgildi.

Svo framarlega, sem atvinnurekendur og vinnusalar eru samtaka og verkamenn sjá nauðsyn og sanngirni kauplækkunar í samræmi við hækkandi gengi og þverrandi dýrtíð, þá er hækkun í gullgildi vel framkvæmanleg án tilfinnanlegrar röskunar á atvinnulífinu.

Ef hinsvegar verkamenn neita um sanngjarna kauplækkun og beita öllum styrk sínum til að standa á móti lækkun, þá má svo fara, að ekki verði hægt að framkvæma gengishækkun, jafnvel að færa verði núverandi gengi niður, og þá ef til vill stýfa krónuna á lægra gullgildi en nú stendur hún í.

Að öllum málavöxtum athuguðum telur meiri hluti fjárhagsnefndar sjálfsagt, að haldið sje því gengi, sem nú er, til næsta þings, og telur, að það verði yfirleitt öllum landsmönnum fyrir bestu, að það verði gert. Þetta verður þó að sjálfsögðu því skilyrði bundið, að verðlagið innanlands komist í samræmi við gengið, en það er álit meiri hlutans, að svo muni verða innan ekki alllangs tíma, svo framarlega, sem sanngjörn kauplækkun fæst.

Nefndarmenn eru ekki alveg sammála um, hvort eða að hve miklu leyti ríkisvaldið eigi að taka þátt í eða styðja gjaldeyrisverslun bankanna, en meiri hlutinn lítur svo á, að ef Alþingi samþykkir og leggur svo fyrir, að genginu skuli haldið föstu, eða því sem næst, til næsta þings, þá sje svo lítil hætta samfara gjaldeyrisversluninni, að ekki eigi að þurfa til ríkisábyrgðar eða ríkisstyrks að koma.

Landsbankastjórnin hefir líka lýst því endurtekið yfir við fjárhagsnefnd, að hún teldi engin, eða mjög lítil, vandkvæði á að halda genginu óbreyttu til næsta þings, ef Alþingi lýsti yfir þeim vilja sínum, að það yrði gert.

Reyndar segir minni hluti gengisnefndar í svari sínu til fjárhagsnefndar, að fyrir geti komið, að ríkissjóður þurfi að taka lán, eða ábyrgjast lán (fyrir bankana), ef halda eigi genginu sveiflulausu, »þegar bankarnir hafi notað lánstraust sitt«. Þar sem Landsbankinn mun enn þá ekki hafa þurft að nota lánstraust sitt erlendis til þess að fullnægja eftirspurninni eftir erlendum gjaldeyri, þá er ekki líklegt, að til þessa þurfi að taka fram til næsta þings. — Annars mun það hafa verið venjan, að ríkisstjórnin ábyrgðist þau lán, sem Landsbankinn hefir tekið erlendis, ef ríkisstjórnin hefir talið þeirra þörf, án þess að löggjafarvaldið hafi verið aðspurt í hverju tilfelli.

Nefndarmenn eru ekki sömu skoðunar um það, hvort fjölga eigi atkvæðisbærum meðlimum gengisnefndarinnar, og eru því óbundin atkvæði um tillögur þar að lútandi.

Að öllum málavöxtum athuguðum, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að deildin afgreiði frumvarpið með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Neðri deild Alþingis lítur svo á, að halda beri núverandi gengi ís-

lenskrar krónu föstu til næsta þings. Í fullu trausti þess, að þetta megi verða án verulegrar fjárhagslegrar áhættu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. maí 1926.

Kl. Jónsson, form. Jón A. Jónsson, fundaskr. og frsm. Björn Líndal.

Jakob Möller. Magnús Jónsson.

Ed. **500. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til virkjunar Dynjandisár og annara fallvatna í Arnarfirði o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir orðið ásátt um að leggja með frv., þar eð hún telur, að framkvæmdir þær, sem væntanlegir sjerleyfishafar hafa fyrirhugað, gætu orðið hin mestu þjóðþrifafyrirtæki, ef rjett er á haldið.

Um hinar einstöku greinar skal það sagt, að nefndin yfirleitt telur frest þann fullstuttan, sem sjerleyfishafa er ætlaður til að fullgera mannvirkin, og álítur, að þennan frest mætti lengja lítið eitt.

Ákvæði 9. gr. álíta nokkrir nefndarmenn að geti ef til vill orðið málinu til tafar, ef útlendir fjármálamenn litu svo á, að það stafaði af ótrú á málinu hjer heima fyrir. Það gæti því verið álitamál, hvort 9. gr. ætti að haldast áfram í frv. Þeir af nefndarmönnunum, sem svo líta á, munu því geyma sjer rjett til að koma fram með breytingartillögur við frv. við þriðju umræðu.

Alþingi, 5. maí 1926.

Björn Kristjánsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm. Gunnar Ólafsson.

Ingvar Pálmason, með fyrirvara. Jónas Jónsson, með fyrirvara.

Ed. **501. Lög**

um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí).

1. gr.

Skilgetið barn fær íslenskt ríkisfang jafnskjótt sem það fæðist, ef faðir þess er þá íslenskur ríkisborgari, og óskilgetið barn, ef móðir þess er það þá.

Nú er ókunnugt um ríkisfang barns, og skal það þá talið íslenskur ríkisborgari, þar til annað reynist sannara.

2. gr.

Nú hefir karlmaður eða ógift kona, sem fædd eru hjer á landi, en eiga þó ekki ríkisfang hjer, haft hjer samfleytt lögheimili til fullra 19 ára aldurs, og öðlast þau þá íslenskt ríkisfang, hvort sem þau eru fædd áður en lög þessi öðlast gildi eða eftir það, enda hafi aðili ekki síðasta árið lýst því skriflega fyrir lögreglustjóra, að hann hirði ekki að öðlast íslenskt ríkisfang, og þá jafnframt sannað ríkisborgararjett sinn í öðru landi með löggildu vottorði. Ekki stoðar þó slík yfirlýsing, ef faðir aðilja, ef hann er skilgetinn, og móðir hans, ef hann er óskilgetinn, hafa sjálf tilskilið sjer erlent ríkisfang með þessum hætti.

Ef maður fær íslenskt ríkisfang samkvæmt þessari grein, þá fylgja kona hans og skilgetin börn því ríkisfangi. Sama er um óskilgetin börn, ef móðir þeirra á hlut að máli.

3. gr.

Nú gengur íslenskur ríkisborgari að eiga konu, sem á erlent ríkisfang, og fær hún þá ríkisfang manns síns. Sama er um ósjálfráða og ógift börn, er þau hafa saman átt.

4. gr.

Veita má mönnum íslenskan ríkisborgararjett með lögum samkvæmt fyrirmælum stjórnarskrárinnar.

Nú fær maður ríkisfang samkvæmt undanfarandi málsgrein, og fylgja þá kona hans og ólögráða og ógift börn, er þau hafa saman átt, ríkisfangi hans, nema lögin láti öðruvísi um mælt. Óskilgetin börn, ógift og ólögráða, fylgja með sama hætti ríkisfangi móður sinnar.

5. gr.

Nú verður maður ríkisborgari í öðru landi, og missir hann þá íslensks ríkisfangs. Sá, er öðlast hefir íslenskt ríkisfang er hann fæddist, heldur því þó þar til hann flytst búferlum af landi hjeðan.

6. gr.

Íslenskur maður og íslensk kona ógift, sem fædd eru erlendis og aldrei hafa átt lögheimili á Íslandi, missa íslensks ríkisfangs, þá er þau eru fullra 22 ára að aldri. Þó má kveða svo á með konungsúrskurði, að aðili megi halda íslensku ríkisfangi.

Nú hefir maður dvalist hjer á landi til náms eða í einhverju öðru skyni, er af megi ráða það, að hann vilji íslenskur ríkisborgari vera, og skal þá líta svo á í þessu efni, sem hann hafi átt heima á Íslandi.

Ef maður missir íslensks ríkisfangs samkvæmt þessari grein, þá fer með sama hætti um konu hans og skilgetin börn. Sama er um óskilgetin börn, ef aðili er kvenmaður.

7. gr.

Konungur getur leyst þann, sem orðinn er erlendur ríkisborgari eða ætlar að verða það, undan þegnskyldu á Íslandi, enda sanni aðili, að hann verði innan ákveðins tíma erlendur ríkisborgari, ef hann er ekki þá þegar orðinn það.

8. gr.

Kona, sem gengið hefir að eiga erlendan ríkisborgara áður en lög þessi komu til framkvæmdar og hefir því mist íslensks ríkisfangs, skal aftur fá það, ef hún sendir ráðherra beiðni um það, enda hafi hún gerst íslenskur ríkisborgari þegar er hún fæddist og átt jafnan lögheimili á landi hjer síðan sá ráðahagur tókst. En missa skal hún íslenskan ríkisborgararjett jafnskjótt sem hún flytst búferlum af Íslandi.

Þeir einir, sem náð hafa 22 ára aldri að 3 árum liðnum frá því, er lög þessi ganga í gildi, missa ríkisfang samkvæmt 6. gr. laga þessara.

Að öðru leyti skal fara eftir lögum þessum; ef sú staðreynd, er veldur því, að maður fái íslenskan ríkisborgararjett eða missi hann, gerist eftir að þau ganga í gildi, nema þau láti öðruvísi um mælt.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 1.—8. gr. laga nr. 21, 6. okt. 1919, um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa.

Nd. **502. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 496. *[Sala á síld o. fl.]*.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Við 2. Fyrri málsliður tillögunnar orðist svo:

Fjelagsstjórninni er heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn, hve mikla síld megi krydda og salta til útflutnings.

Nd. **503. Frumvarp**

til laga um sölu á síld o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ef eigi færri en 20 þeirra manna, er á síðastliðnu ári ljetu salta eða krydda síld til útflutnings, eða gerðu skip út á síldveiðar, eða ætla að stunda

slíka atvinnu á yfirstandandi ári og leggja fram gögn fyrir, stofna fjelag í þeim tilgangi að sjá um hagkvæmari sölu síldar á erlendum markaði, þá er ráðherra heimilt að veita slíku fjelagi einkasölu á síld til útflutnings, enda samþykki ráðherra lög fjelagsins.

2. gr.

Þegar fullnægt er skilyrðum 1. gr., er öllum, sem salta eða krydda síld til útflutnings, skylt að láta fjelagið sjá um söluna, enda er þá og óheimilt að salta eða krydda síld til útflutnings í skipum í landhelgi.

3. gr.

Allir, sem afhenda fjelaginu síld til útflutnings, teljast fjelagsmenn fram yfir næsta aðalfund fjelagsins.

4. gr.

Öll síld, sem fjelagsstjórnin selur, skal seld fyrir sameiginlegan reikning, þannig að árlega fær hver eigandi síldar sama verð fyrir samskonar vöru að gæðum.

5. gr.

Að fengnum tillögum fjelagsstjórnarinnar, setur ráðherra með reglugerð eða reglugerðum nánari ákvæði um síldarsöluna, greiðslu andvirðis síldarinnar og alt annað, sem að framkvæmdum lýtur í þessu efni, eftir því sem þurfa þykir.

Heimilt er fjelagsstjórninni að banna að salta eða krydda síld til útflutnings frá 15. mars til 25. júlí ár hvert, enda skal bannið auglýst með að minsta kosti mánaðar fyrirvara.

6. gr.

Fjelagsstjórninni er heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn, hve mikla síld megi krydda og salta til útflutnings. Einnig er fjelagsstjórninni heimilt að selja innanlands þá síld, er hún telur eigi tilvinnandi að flytja út.

7. gr.

Allur kostnaður, sem er samfara síldarsölunni, greiðist af andvirði síldarinnar, og má setja nánari ákvæði um þetta í reglugerð.

8. gr.

Stjórn fjelagsins skal skylt að gera árlega tilraunir til þess að útvega nýjan markað fyrir síld, og skal í þessu skyni selja utan Norðurlanda alt að 5% af útfluttri síld á ári hverju, þótt fyrir lægra verð sje en fáanlegt er á venjulegum markaðsstöðum.

Nú þykir þörf á að reyna nýja meðferð síldar til útflutnings á nýja markaði, og getur þá fjelagsstjórnin látið framkvæma þetta á kostnað fjelagsins.

9. gr.

Heimili fjelagsins og varnarþing skal vera á Akureyri, og þar skal að minsta kosti einn maður úr stjórn fjelagsins vera búsettur.

10. gr.

Fjelagið er ekki útsvarsskylt, enda greiðir það síldareigendum árlega alt andvirði síldar, að frádregnum kostnaði.

11. gr.

Stjórn fjelagsins skipa 3 menn, og skifta þeir með sjer verkum og ráða sjer aðstoð eftir því, sem þeir telja nauðsynlegt.

12. gr.

Í fyrsta skifti skipar ráðherra stjórn fjelagsins. Hún skal skipuð til 4 ára, þannig að 1 fer frá eftir 2 ár, eftir hlutkesti, er bæjarfógetinn á Akureyri sjer um, og 1 eftir 3 ár með sama hætti. Fjelagið velur mann eða menn í stjórn í stað þeirra, er úr ganga, á þann hátt, sem lög fjelagsins mæla fyrir.

13. gr.

Ráðherra ákveður árlega þóknun til þeirra manna, er hann skipar, en aðalfundur fjelagsins þóknun þeirra, er fjelagið skipar.

14. gr.

Fjelagið skal árlega halda aðalfund í apríl eða maí og aukafundi þegar stjórnin ákveður. Á aðalfundi ár hvert skal leggja fram til úrskurðar endurskoðaða reikninga fyrir síðastliðið ár.

Á fundum fjelagsins hafa þeir einir atkvæðisrjett, sem eru fjelagsmenn. Enginn fjelagsmaður hefir þó atkvæðisrjett nema fjelagið hafi fyrir hans hönd selt minst 200 tunnur síldar af framleiðslu næsta árs á undan, og enginn getur átt fleiri atkvæði en 25. Annars fylgir eitt atkvæði hverjum 200 tunnum, en minni tölu er slept.

15. gr.

Meðan meiri hluti fjelagsstjórnarinnar er skipaður af ráðherra, velur í fyrsta skifti stofnfundur, en síðan aðalfundur, 2 endurskoðunarmenn reikninga fjelagsins, en eftir að meiri hluti stjórnarinnar er valinn af fjelaginu, tilnefnir ráðherra 2 endurskoðunarmenn til 2 ára í senn og ákveður þóknun þeirra.

16. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 1000—100000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **504. Breytingartillaga**

við frv. til laga um sölu á síld o. fl.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 12. gr. Aftan við greinina bætist:

Þriðja mann í stjórn fjelagsins skipar ráðherra eftir tillögum stjórnar verklýðssambands Norðurlands á Akureyri. Og er sá maður fer frá eftir hlutkesti, skal fjelagið velja mann í stjórnina eftir tillögum stjórnar verklýðssambandsins.

Nd. **505. Breytingartillögur**

við frv. til laga um sölu á síld o. fl.

Frá Jakob Möller og Bernharð Stefánssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna í upphafi greinarinnar »Ef eigi færri en 20« komi: Ef eigi færri en helmingur.
2. 3. gr. orðist svo:

   Allir, sem gera út skip á síldveiðar, eða fást við að salta eða krydda síld til útflutnings, eiga rjett til að verða fjelagsmenn.
3. Við 9. gr. Fyrir »Akureyri« komi: Siglufirði.
4. Við 12. gr. Fyrir »Akureyri« komi: Siglufirði.
5. Við 14. gr. Á eftir orðunum »næsta árs á undan«, í síðari málsgrein, komi: eða hann hafi veitt síld, sem svarar 200 tunnum saltaðrar síldar.

Nd. **506. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

1. Frá *Halldóri Stefánssyni* og *Tryggva Þórhallssyni.*
   1. Við 30. gr.

      Á milli fyrsta og annars málsliðs kemur inn nýr málsliður, svo hljóðandi:

      Skal að minsta kosti helmingur verðbrjefaeignarinnar vera í jarðræktarbrjefum, er keypt sjeu nafnverði. Skulu vextir af þeim vera eigi meira en $^1/_2$ % hærri en sparisjóðsvextir eru á hverjum tíma.
   2. Við 44. gr. i.

      Aftan við liðinn bætist:

      Þó á Ræktunarsjóður Íslands jafnan tilkall til að fá a. m. k. $^1/_6$ hluta innlánsfjár með sparisjóðskjörum, til umráða við þeim kjörum,

að vextir sjeu alt að $^1/_2$% hærri en sparisjóðsvextir eru á hverjum tíma.

II. Frá *Tryggva Þórhallssyni.*

Við 64. gr. (áður 63. gr.).

Í stað orðanna »Aðalbankastjóra ..... í bankastjórninni«, komi: Aðalbankastjóra skal ráða, þá er losnað hafa sæti núverandi bankastjóra.

Nd. **507. Tillaga**

til þingsályktunar um strandferðir Esju.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson, Halldór Stefánsson, Sveinn Ólafsson, Árni Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á atvinnumálaráðuneytið:

1. að láta Esju hefja strandferðir næsta ár eigi síðar en 1. febrúar,
2. og haga áætlun þannig, að ein eða tvær fyrstu ferðirnar verði farnar á milli Reykjavíkur og Austfjarða sunnan um land.

Greinargerð.

Eins og strandferðir eru ófullkomnar og ófullnægjandi hjá oss, þá er því ríkari ástæða til að nota það eina skip, sem vjer enn þá höfum til ferðanna, svo sem frekast er unt, og láta það ekki standa í naustum lengur árlega en þörf er á vegna eftirlits og aðgerðar. Á þessum ástæðum byggist fyrri hluti tillögunnar.

En eins og hagar ferðum millilandaskipa, er jafnframt sigla með ströndum fram, þá bæta þær siglingar að nokkru úr brýnustu þörf um samgöngur norður um land og norðan, en að engu leyti sunnan um land. Á þeim ástæðum byggist síðari hluti tillögunnar.

Nd. **508. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leggja járnbraut frá Reykjavík til Ölfusár.

Frá minni hluta samgöngumálanefndar.

Járnbrautarmálið svokallaða, eða ráðagerð um það að leggja járnbraut frá Reykjavík austur að Ölfusá, hefir nú verið á dagskrá þjóðarinnar full 30 ár, en miðað lítið áfram. Hafa verið til þess margar orsakir. Fyrst og

fremst hinn mikli kostnaður, sem járnbrautarlagningu er samfara, og því tvísýna, að járnbraut gæti nokkurntíma borgað sig. Þar næst óvissa um leiðina, er valin skyldi, og hafa í því efni verið nefndar ýmsar leiðir, eins og alkunnugt er, t. a. m. yfir Þingvelli, og loks undirbúningsleysi, eða að minsta kosti ekki fullkomin rannsókn á öllu, er að málinu lýtur, einkum nákvæmur útreikningur á kostnaði á þeirri leið, er endanlega yrði álitin heppilegust og því valin.

Á síðustu fjórum árum hefir verið kappsamlega unnið að undirbúningi þessa máls af norskum sjerfræðingi, og hefir hann lokið honum til fulls og álit hans og útreikningar birt almenningi og lagt fyrir Alþingi. Má því fullyrða, að mál þetta hefir nú fengið svo góðan undirbúning sem hægt er og hæfir þessu stórmáli. Þykir mega fullyrða, að fá mál, sem Alþingi hefir nú til meðferðar, hafi fengið jafngóðan undirbúning. Það er því tími kominn til fyrir Alþingi að taka ákveðna afstöðu til málsins. Hvort það þorir og treystist til að leggja út í þetta fyrirtæki, sem er svo afarþýðingarmikið, bæði í menningarlegu tilliti, að vjer loks, 100 árum eftir að járnbrautir hófust, fáum okkar fyrsta litla járnbrautarstúf, og þá ekki síst í framfaratilliti, því það er reynsla alstaðar annarsstaðar í heiminum, að járnbrautir, þetta ágæta samgöngutæki, sje lyftistöng undir öllum verulegum framförum svo að segja á öllum sviðum fyrir þau hjeruð, er járnbrautin liggur um, einkanlega þó að því er landbúnaðinn snertir.

Nú mun mega telja það viðurkent af öllum, að landbúnaðurinn hjer á landi þurfi eflingar og aðstoðar með, og þar sem það hins vegar er vitanlegt, að fyrir austan Hellisheiði, á Suðurlandsundirlendinu, eru stórar og frjósamar sveitir, sem geta framleitt margfalt ríkulegri afurðir en nú er, ef hægt væri að koma þeim fljótt frá sjer á markað í Reykjavík, sem fyrst í stað mundi gleypa megnið af afurðunum, eða þá þaðan beint til útlanda, þá virðist okkur minni hlutanum brýn nauðsyn vera til að koma þessu máli í framkvæmd svo fljótt sem auðið er.

Frumvarpið fer aðeins fram á heimild fyrir landsstjórnina til að leggja járnbrautina, og hún má ekki byrja á verkinu fyr en viss skilyrði eru fyrir hendi. Má treysta henni til að byrja ekki á því fyr en þau eru uppfylt, einkum framlagið úr ríkissjóði, sbr. 2. gr. c. 1.

Minni hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 5. maí 1926.

Kl. Jónsson, frsm. Jón Kjartansson.

Nd. **509. Fyrirspurn**

til landsstjórnarinnar um almenna atkvæðagreiðslu um útsölu áfengis.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Litur landsstjórnin svo á, að fært sje að breyta ákvæðum reglugerðar nr. 65, 18. júlí 1922, um sölu og veitingar vína, sem flytja má til landsins

samkvæmt tilskipun nr. 10, 31. mai 1922, á þá leið, að bæjar- og sveitarfjelögum utan Reykjavíkur sje heimilað að ákveða með almennri atkvæðagreiðslu, hvort þau vilji hafa útsölu áfengis eða ekki?

Ed. **510. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um fræðslu barna.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Við 24. gr. Aftan við fyrstu málsgrein bætist:

Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í skólanefnd.

Ed. **511. Frumvarp**

til laga um sölu á síld o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ef eigi færri en 20 þeirra manna, er á síðastliðnu ári ljetu salta eða krydda síld til útflutnings, eða gerðu skip út á síldveiðar, eða ætla að stunda slíka atvinnu á yfirstandandi ári og leggja fram gögn fyrir, stofna fjelag í þeim tilgangi að sjá um hagkvæmari sölu síldar á erlendum markaði, þá er ráðherra heimilt að veita slíku fjelagi einkasölu á síld til útflutnings, enda samþykki ráðherra lög fjelagsins.

2. gr.

Þegar fullnægt er skilyrðum 1. gr., er öllum, sem salta eða krydda síld til útflutnings, skylt að láta fjelagið sjá um söluna, enda er þá og óheimilt að salta eða krydda síld til útflutnings í skipum í landhelgi.

3. gr.

Allir, sem gera út skip á síldveiðar, eða fást við að salta eða krydda síld til útflutnings, eiga rjett til að verða fjelagsmenn.

4. gr.

Öll síld, sem fjelagsstjórnin selur, skal seld fyrir sameiginlegan reikning, þannig að árlega fær hver eigandi síldar sama verð fyrir samskonar vöru að gæðum.

5. gr.

Að fengnum tillögum fjelagsstjórnarinnar, setur ráðherra með reglugerð eða reglugerðum nánari ákvæði um síldarsöluna, greiðslu andvirðis síldarinnar og alt annað, sem að framkvæmdum lýtur í þessu efni, eftir því sem þurfa þykir.

Heimilt er fjelagsstjórninni að banna að salta eða krydda síld til útflutnings frá 15. mars til 25. júlí ár hvert, enda skal bannið auglýst með að minsta kosti mánaðar fyrirvara.

6. gr.

Fjelagsstjórninni er heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn, hve mikla síld megi krydda og salta til útflutnings. Einnig er fjelagsstjórninni heimilt að selja innanlands þá síld, er hún telur eigi tilvinnandi að flytja út.

7. gr.

Allur kostnaður, sem er samfara síldarsölunni, greiðist af andvirði síldarinnar, og má setja nánari ákvæði um þetta í reglugerð.

8. gr.

Stjórn fjelagsins skal skylt að gera árlega tilraunir til þess að útvega nýjan markað fyrir síld, og skal í þessu skyni selja utan Norðurlanda alt að 5% af útfluttri síld á ári hverju, þótt fyrir lægra verð sje en fáanlegt er á venjulegum markaðsstöðum.

Nú þykir þörf á að reyna nýja meðferð síldar til útflutnings á nýja markaði, og getur þá fjelagsstjórnin látið framkvæma þetta á kostnað fjelagsins.

9. gr.

Heimili fjelagsins og varnarþing skal vera á Akureyri, og þar skal að minsta kosti einn maður úr stjórn fjelagsins vera búsettur.

10. gr.

Fjelagið er ekki útsvarsskylt, enda greiðir það síldareigendum árlega alt andvirði síldar, að frádregnum kostnaði.

11. gr.

Stjórn fjelagsins skipa 3 menn, og skifta þeir með sjer verkum og ráða sjer aðstoð eftir því, sem þeir telja nauðsynlegt.

12. gr.

Í fyrsta skifti skipar ráðherra stjórn fjelagsins. Hún skal skipuð til 4 ára, þannig að 1 fer frá eftir 2 ár, eftir hlutkesti, er bæjarfógetinn á Akureyri sjer um, og 1 eftir 3 ár með sama hætti. Fjelagið velur mann eða menn í stjórn í stað þeirra, er úr ganga, á þann hátt, sem lög fjelagsins mæla fyrir.

13. gr.

Ráðherra ákveður árlega þóknun til þeirra manna, er hann skipar, en aðalfundur fjelagsins þóknun þeirra, er fjelagið skipar.

14. gr.

Fjelagið skal árlega halda aðalfund í apríl eða maí og aukafundi þegar stjórnin ákveður. Á aðalfundi ár hvert skal leggja fram til úrskurðar endurskoðaða reikninga fyrir síðastliðið ár.

Á fundum fjelagsins hafa þeir einir atkvæðisrjett, sem eru fjelagsmenn. Enginn fjelagsmaður hefir þó atkvæðisrjett nema fjelagið hafi fyrir hans hönd selt minst 200 tunnur síldar af framleiðslu næsta árs á undan, og enginn getur átt fleiri atkvæði en 25. Annars fylgir eitt atkvæði hverjum 200 tunnum, en minni tölu er slept.

15. gr.

Meðan meiri hluti fjelagsstjórnarinnar er skipaður af ráðherra, velur í fyrsta skifti stofnfundur, en síðan aðalfundur, 2 endurskoðunarmenn reikninga fjelagsins, en eftir að meiri hluti stjórnarinnar er valinn af fjelaginu, tilnefnir ráðherra 2 endurskoðunarmenn til 2 ára í senn og ákveður þóknun þeirra.

16. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 1000—100000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

dN. **512. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um skipströnd og vogrek.

Frá allsherjarnefnd.

Við 25. gr. fyrsta málslið. Fyrir »eftir að allur kostnaður er greiddur« komi: að frádregnum öllum áföllnum kostnaði, og ef um skip eða skipsflak er að ræða, að frádregnum áætluðum kostnaði við brottnám þess úr fjöru.

Nd. **513. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn veiðivatna o. fl.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson, Sveinn Ólafsson, Árni Jónsson og Tryggvi Þórhallsson.

Alþingi ályktar að heimila stjórninni að verja úr ríkissjóði á yfirstandandi ári alt að 3000 krónum upp í ferðakostnað dr. F. K. Reinsch frá Vínarborg, til framhaldsrannsókna á veiðiám og veiðivötnum, og ennfremur alt að 3000 kr., þó ekki yfir 1/3 kostnaðar, til að gera laxgengan Lagarfoss í Lagarfljóti, ef hægt verður að framkvæma verkið í sumar, með forsögn og undir eftirliti dr. Reinsch.

Greinargerð.

Hinn þýski vatnalíffræðingur dr. F. K. Reinsch hefir á ný boðið ókeypis aðstoð sína um vísindalega rannsókn á lífsskilyrðum nytjafiska í ám og vötnum, sem og tillögur sínar um það, er að framför veiðiskapar lýtur. Sömuleiðis hefir hann boðið forsögn sína og aðstoð við bygging laxastiga í Lagarfoss. Mentaskólakennari L. Guðmundsson hefir og boðið fylgd sína ókeypis eins og í fyrra. Broti af skýrslu um rannsóknirnar í fyrra hefir verið útbýtt á meðal þingmanna, og er þar að fá nánari upplýsingar um málið.

Það er ilt, vegna framfara veiðiskapar vors, að geta ekki notið þeirrar þekkingar, sem dr. Reinsch hefir yfir að ráða, og varla sæmandi að þurfa að synja því boði, sem boðið er af jafnmikilli velvild og vísindalegum áhuga af erlendum vísindamanni, fyrir það, að standi á þeim litlu fjárframlögum, sem tillaga þessi fer fram á að heimila.

Þannig eru þó ástæður, að svo horfir, að synja þurfi boði dr. Reinsch, vegna þess að stendur á framlagi fjár til ferðakostnaðar. Verður gerð nánari grein fyrir ástæðum, er snerta efni tillögunnar, við framsögu.

Nd. **514. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1927.

I. Frá *Jakob Möller.*
Við 9. gr. Nýr liður:
Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, utanfararstyrkur til heilsubótar 6000

II. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*
Við 15. gr. 19. o. Nýr liður:
Til Guðmundar Kristjánssonar, til söngnáms ... 2000

III. Frá *Jóni A. Jónssyni* og *Tryggva Þórhallssyni.*

Við 22. gr. 9. Aftan við greinina kemur ný málsgrein:

Af hallærisláni Grunnavíkurhrepps skal veita uppgjöf vaxta frá 1926—28, að báðum árum meðtöldum, og af hallærisláni Árneshrepps skal veita uppgjöf vaxta frá 1927—28, að báðum árum meðtöldum, og greiðslufrest afborgana af báðum lánunum fyrir sama tíma.

Ed. **515. Nefndarálit**

um frv. til laga um afnám laga nr. 21, 4. júní 1924, og breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914. *[Sauðfjárbaðanir].*

Frá landbúnaðarnefnd.

Það mun mega fullyrða, að lagaákvæði þau, er nema á úr gildi með frv. þessu, hafi reynst miður hagkvæm fyrir landbúnaðinn; úr flestum hjeruðum landsins hafa komið óskir um að breyta þeim.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 6. maí 1926.

Eggert Pálsson, form.	Ágúst Helgason, fundaskrif. og frsm.	Gunnar Ólafsson.

Ed. **516. Tillaga**

til þingsályktunar um að breyta launakjörum bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frv. um breytt launakjör bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík, þannig að laun þeirra verði framvegis fastákveðin, álíka há og laun dómara í hæstarjetti, en aukatekjur falli til landssjóðs, enda sje skrifstofukostnaður greiddur af almannafje.

Greinargerð.

Þessi tvö embætti eru nokkuð einstæð að því er launakjör snertir meðal embætta hjer á landi. Í sumum árum eru tekjur þessara starfsmanna

miklu hærri heldur en hliðstæðra starfsmanna landsins, en stundum virðast þær geta fallið niður fyrir sanngjarnt lágmark. Þannig virðast tekjur bæjarfógeta, eftir útsvarinu að dæma, í fyrra hafa verið lægri en sanngjarnt er um mann í hans stöðu.

Nd. **517. Tillaga**

til þingsályktunar um færslu póstafgreiðslustaðar í Þingeyjarsýslu.

Frá Ingólfi Bjarnarsyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að póstafgreiðslan verði flutt frá Grenjaðarstöðum í Suður-Þingeyjarsýslu að Einarsstöðum eða Breiðumýri, þegar Reykjadalsbrautin er komin upp að Máskoti, og sje póstleiðum og brjefhirðingastöðum breytt í samræmi við þetta.

Greinargerð.

Ályktun þessi er flutt samkvæmt samþykt á þingmálafundi á Breiðumýri í síðastliðnum janúar og endurteknum óskum frá hlutaðeigandi hreppum.

Nd. **518. Nefndarálit**

um frv. til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Frv. þetta er komið frá hv. Ed. og lagt fyrir hana af stjórninni. Hefir málið fengið þar fljóta afgreiðslu.

Mentamálanefnd hefir athugað frv., en ekki getað orðið einhuga um að leggja til, að málið gengi fram. Meiri hlutinn telur rjettmætt, að frv. nái samþykki þingsins, og byggist það á því, að jafnvel þó búast megi við því, að það baki ríkissjóði nokkurn aukinn kostnað að taka skóla þessa að sjer, þá sje það aðeins aukaatriði, en á hitt beri sjerstaklega að líta, að skólar þessir verði gerðir svo vel úr garði, sem kostur er á, svo að þeir nái fyllilega tilgangi sínum.

Það hljóta allir að viðurkenna, að sjermentun kvenna á fyllilega jafnan rjett á sjer og sjermentun karla. Og þar sem ríkið hefir nú tekið að sjer búnaðarskólana, er auðsætt, að hið sama á að ganga yfir kvennaskóla með sjermentun fyrir konur.

Þegar litið er á þýðing þessara skóla fyrir uppeldismál þjóðarinnar, þá verður því naumast neitað með rökum, að hún er meiri en nokkurra annara skóla í þessu landi. Vel mentuð húsfreyja og móðir, sem leggja á fyrsta grundvöllinn að uppeldi hvers borgara þessa lands, er það, sem þjóðin þarfnast mest.

Það á því að vera fyrsta og síðasta krafa, að ríkið annist það að gera þessa skóla að sjerstakri fyrirmynd, svo að óskeikult sje, að þeir leysi það hlutverk sem best af hendi, sem þeim er ætlað að vinna.

Í þeim þingönnum, sem nú eru, verður ekki frekar farið út í þetta mál í nefndaráliti, en meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 5. maí 1926.

Magnús Jónsson, form.	Sigurj. Jónsson.	Þórarinn Jónsson, frsm.

Nd. **519. Frumvarp**

til laga um fræðslu barna.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 285, með þessum breytingum:

7. liður 2. gr. hljóðar svo:

Að hafa vanist á að athuga algengustu fyrirbrigði náttúrunnar, sem það hefir fyrir augum, svo að það geti lýst þeim; það skal vita um bygging og lífsstörf mannslíkamans og um helstu atriði, er að hollustuháttum lúta, þar á meðal um áhrif heilsuspillandi nautnameðala, t. d. vínanda og tóbaks; ennfremur skal það þekkja nokkrar helstu íslenskar plöntur og vita um lífnaðarhætti þektustu dýra.

11. gr. hljóðar svo:

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, er barn hafa til framfærslu, ákvæðum 5., 6. eða 7. gr. eða fyrirskipun, sem gerð er samkvæmt ákvæðum 10. gr., án gildra ástæðna, og varðar það dagsektum, 2—5 króna, eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð (bæjarsjóð).

Fyrri málsgr. 16. gr. hljóðar svo:

Þegar barnaskólahús er reist frá stofni, stækkað eða endurbygt til skólahalds, skal bæjarstjórn sú eða hreppsnefnd, er hlut á að máli, annast um bygging eftir uppdrætti og lýsingu, er fræðslumálastjórnin leggur til, og afhenda síðan skólanefnd húsið til umsjónar og umráða.

20. gr. hljóðar svo:

Barni, sem er fullra 14 ára og hefir eigi fengið hina lögskipuðu kunnáttu, ber skólanefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 19. gr., og er því skylt að koma á næsta ári til prófs. Komi það eigi til prófs, fer samkvæmt síðasta lið 18. greinar. Nú kemur það í ljós við próf 10 ára barns eða eldra, að það reynist að dómi kennara og læknis óhæft til hins lögboðna náms, sakir andlegs eða líkamlegs vanþroska, og skal þá ekki heimta af því aðra kunnáttu en nokkra þekking í lestri og skrift.

Fyrsta málsgr. 24. gr. hljóðar svo:

Í skólanefnd eiga sæti 3 menn í hreppsfjelögum, en 5 í kaupstöðum. Skipar fræðslumálastjórnin formann nefndarinnar. Í kaupstöðum kýs bæjarstjórn 4 skólanefndarmenn, en í hreppsfjelögum skulu 2 skólanefndarmenn ásamt varamönnum kosnir af þeim skólahjeraðsmönnum, er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum, og fer sú kosning fram á sama hátt og þá kosið er til hreppsnefndar, og samtímis, þegar því verður við komið. Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í skólanefnd.

Nd. 520. Frumvarp

til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

(Eftir eina umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 67, með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn. Þeim, er setið hefir 6 ár samfleytt eða lengur í nefnd, er þó óskylt að taka við kjöri til hennar fyr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti.

4. gr. hljóðar svo:

Kjörstjórn úrskurðar um kjörgengi til bæjarstjórnar, borgarstjóra (bæjarstjóra) og hreppsnefnda. Skjóta má úrskurði kjörstjórnar til hreppsnefndar í hreppum og bæjarstjórnar í kaupstöðum. Hreppsnefnd og bæjarstjórn úrskurðar, hvort aðili hafi mist kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn eða víkja honum frá starfanum. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndaroddvita og úrskurði bæjarstjórnar til atvinnumálaráðherra.

Sýslunefnd úrskurðar þau atriði, sem í 1. málsgr. segir, ef sýslunefndarmaður á hlut að máli.

Ef manni er vikið úr sýslunefnd eða bæjarstjórn, þá getur hann borið málið undir atvinnumálaráðherra.

Úrskurði sýslunefndaroddvita og atvinnumálaráðherra eftir þessari grein má skjóta til dómstólanna.

5. gr. hljóðar svo:

Í kaupstöðum skal bæjarstjórn vera skipuð 6—15 bæjarfulltrúum, er kosnir sjeu til 6 ára í senn. Atvinnumálaráðherra ákveður töluna í hverjum kaupstað samkvæmt tillögum bæjarstjórnar. Helmingur bæjarfulltrúa fer frá á hverjum 3 ára fresti, ef tala þeirra er jöfn, en ef tala þeirra stendur á stöku, fer meiri hlutinn frá hið fyrra skiftið, en minni hlutinn hið síðara.

Nú fer maður úr bæjarstjórn áður en kjörtími hans er liðinn, og skal þá kjósa í stað hans fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

9. gr. hljóðar svo:

Hverju sinni er kjósa skal hreppsnefndarmenn, bæjarfulltrúa eða borgarstjóra (bæjarstjóra), skal kjósa kjörstjórn. Hreppsnefndaroddviti í hreppum og borgarstjóri (bæjarstjóri) í kaupstöðum er formaður kjörstjórnar. Og auk þess kýs hreppsnefnd og bæjarstjórn 2 menn úr sínum flokki í hana. Nú eru nefndarmenn 3, og eru þeir þá sjálfkjörnir. Er kjósa skal borgarstjóra (bæjarstjóra), kýs bæjarstjórn formann kjörstjórnar úr flokki bæjarfulltrúa.

Í hreppum skal geta kosningar í hreppsfundarboði. Ef leynileg kosning hefir verið ákveðin, skal hreppsnefnd auglýsa það viku fyrir kjörfund. Í kaupstöðum auglýsir kjörstjórn kjörfund, stað og stund með hæfilegum fyrirvara, í blöðum eða með þeim hætti, er almennar auglýsingar eru þar birtar á staðnum.

1. málsgr. 11. gr. hljóðar svo:

Skrá skal á lista nöfn þeirra fulltrúaefna, sem stungið er upp á. Lista skal afhenda oddvita kjörstjórnar eigi síðar en á hádegi 14 dögum á undan kosningu, og skal oddviti gefa vottorð um móttöku listans. Undir hverjum lista skulu vera skráð nöfn meðmælenda, sem ekki sjeu færri en 20, ásamt stöðu þeirra og heimili.

1. málsgr. 15. gr. hljóðar svo:

Kosningarathöfn hefur á því, að oddviti skýrir frá, hverjir sjeu í kjörstjórn, hve marga eigi að kjósa í bæjarstjórn og hverja lista hann hafi fengið samkv. 11. gr. Hann sýnir atkvæðakassann, svo að það sjáist, að hann sje tómur, og lokar honum síðan. Án leyfis kjörstjórnar mega ekki vera í kjörstofu með henni aðrir en fulltrúaefni, 2 umboðsmenn fyrir hvern lista, og kjósendur, er koma og fara.

3. málsgr. 17. gr. hljóðar svo:

Kjörseðill verður ógildur, ef sýnt þykir, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista, skrifað nafn sitt á seðilinn, sett á hann

strik, rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má, að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan.
3. notað annan seðil en kjörstjórn hefir afhent honum.

Upphaf 22. gr. hljóðar svo:

Nú hefir leynileg kosning verið ákveðin samkv. 21. gr., og skal kjörstjórn þá hafa til hæfilega marga kjörseðla, alla jafnstóra, með sama lit, gerða úr strikuðum pappír þannig:

1. málsgr. 25. gr. hljóðar svo:

Kjörseðill er ógildur, ef einhver merki hafa verið sett á hann, sem ætla má, að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum, eða ef annar seðill er notaður.

Nd. 521. Framhaldsnefndarálit

um frv. til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Enn á ný er mál þetta komið hingað frá háttv. Ed. Hefir háttv. Ed. gert á frv. breyting, sem meiri hluti allsherjarnefndar getur alls ekki fallist á. Háttv. Ed. hefir svift konur þeim *rjetti*, sem þær nú hafa að lögum, að mega skorast undan kosningu í málefnum sveita og kaupstaða. Leggur meiri hlutinn þess vegna til, að frv. verði samþykt með svo feldri

BREYTINGU:

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Skylt er hverjum karlmanni, sjálfum sjer ráðandi, yngri en sextugum og heilum og hraustum, að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn. Þeim, er setið hefir 6 ár samfleytt eða lengur í nefnd, er þó óskylt að taka við kjöri til hennar fyr en 6 ár eru liðin síðan hann átti þar síðast sæti.

Rjett er konum að skorast undan kosningu.

Alþingi, 6. mai 1926.

Jón Kjartansson,	Árni Jónsson,	Pjetur Ottesen.
form. og frsm.	fundaskr.	

Ed. **522. Breytingartillögur**

við frv. til laga um útsvör.

Frá Einari Árnasyni.

I. Við 8. gr. Á eftir b-lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Ef hann rekur atvinnu í fleiri sveitum en einni, ekki skemur en 8 vikur. Svo og ef rekin hefir verið verslun, hvalveiði, síldarkaup, síldarsala, síldarverkun, síldarbræðsla eða annar síldaratvinnurekstur, verksmiðjuiðnaður hverskonar sem hann er, enda þótt skemur sje rekið. Enntremur ef skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda, að minsta kosti samtals 4 vikur af gjaldárinu; ef um síldarafla er að ræða, má þó sá tími skemri vera.

II. Við 9. gr. 1. Töluliðurinn falli burt.

Ed. **523. Nefndarálit**

um frv. til laga um útsvör.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála háttv. meðnefndarmönnum mínum um þetta frumvarp.

Eins og tekið er fram í áliti háttv. meiri hluta, hefir frv. legið fyrir háttv. Nd. mestan hluta hins langa þingtíma og er vísað til allsherjarnefndar hjer 19. f. m., einmitt á þeim tíma, er mestar annir við fjárlögin hvíldu á nefndarmönnum, sem allir eru einnig í fjárveitinganefnd deildarinnar.

Jeg get að miklu leyti tekið undir það með háttv. meiri hluta, að málið sje nokkuð »umfangsmikið«, þó jeg vilji fremur telja það flókið og varhugavert, og að það sje því »að vísu engin furða, þótt málið væri lengi á leiðinni í háttv. Nd.«. Mjer þykir nú samt Nd. hafa haldið þessu frv. óþarflega lengi hjá sjer, eins og reyndar fleiri málum, og heldur finst mjer það reka sig hvað á annað hjá háttv. nefndarmönnum, að þykja tæpar 10 vikur hæfilegur eða síst of langur tími fyrir háttv. Nd. til athugunar þessa máls, en geta þó jafnframt lýst því yfir, að þeir hiki ekki við að ráða háttv. deild til að samþykkja það óbreytt og muni greiða atkvæði gegn öllum breytingartillögum við það. Þetta segir háttv. meiri hluti eftir að hafa skýrt rjettilega frá því, að nefndin hefir að heita má ekkert getað athugað þetta mikilsverða mál þær 2 vikur, er það hefir verið hjá henni, vegna þess, að þá var hún að starfa að fjárlögunum.

Jeg verð alvarlega að mótmæla þessari skoðun háttv. meiri hluta sem rangri og jafnvel hættulegri. Þykir mjer ekki ólíklegt, að svona skoðanir hafi

einkum orðið þess valdandi og stuðlað að því, að álit þjóðarinnar á löggjafarstarfsemi Alþingis virðist fara hnignandi, enda mun því tæpast verða móti mælt með rökum, að mjög mikið af tíma síðustu þinga hefir farið til að endurbæta nýleg eða ný lög.

Að sjálfsögðu hefi jeg ekki, fremur en háttv. meðnefndarmenn mínir, haft nema mjög lítinn tíma til að setja mig inn í málið, en samt dylst mjer ekki, að ýms ákvæði frumvarpsins eru mjög óhagkvæm og erfið í framkvæmd, t. d. reglurnar fyrir skiftingu útsvara í 12. gr., sem mega heita broslega flæktar og saman tvinnaðar án þess að rjettlæti náist með þeim.

Þá tel jeg engan vafa á því, að þau ákvæði frumvarpsins, að reikningsár sveita skuli vera almanaksárið, eru mjög til hins verra hvað hreppana snertir, þótt það muni eiga betur við í kaupstöðunum; því til sönnunar vil jeg benda á, að fólksflutningar milli hreppa eru nær eingöngu kringum fardagana, eða við lok reikningsárs þeirra nú. Einnig er hentugast viðvíkjandi ráðningu á þurfamönnum hreppa, að reikningsárið þar sje fardagaárið eins og nú er, en ekki almanaksárið.

Þessi fyrirhugaða breyting á reikningsárinu, ef að lögum verður, mun því hvað sveitirnar snertir verða mjög til að auka hina fyrirhafnarsömu skiftingu útsvara milli hreppa, sem oft mun verða deiluefni milli þeirra, og þau útsvör, sem þannig verða lögð á sama gjaldanda í tveimur eða fleiri stöðum, hafa að þessu ekki þótt reynast sanngjarnari en ef útsvarið er lagt á hann á einum stað, heldur hið gagnstæða.

Þá verð jeg að álíta það mjög óheppilegt, að fyrsti aðalgjalddagi á útsvörum í hreppum er settur 15. júlí, eða um mánuði síðar en mestar greiðslur þeirra eiga að fara fram, svo sem sýslusjóðsgjöld, vegagjöld, þurfamannaframfæri o. fl.

Í frumvarpinu virðist yfirleitt lítið eða ekkert tillit tekið til þess, hvað hentugast er fyrir sveitirnar, sem að líkum stafar annaðhvort af því, að höfund eða höfunda þess hefir skort kunnugleika þar, eða þá að sjónarhringur þeirra hefir ekki náð neitt að gagni út fyrir kaupstaðina.

Þótt mikið sje dásamað af ýmsum, hve hentugt muni að hafa ein lög um þetta efni fyrir alt landið, verð jeg að líta svo á, eftir að hafa nokkuð kynt mjer frumvarp þetta, að betur myndi reynast að hafa sjerstök lög hjer að lútandi fyrir hreppana og önnur fyrir kaupstaðina og kauptún, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig. Og ekki er jeg í neinum vafa um það, að mörgum bótum þurfi hið háa Alþingi að sletta á frumvarpið, ef háttv. deild samþykkir það nú óbreytt.

En þar sem jeg, eins og að framan er getið, hefi alls ekki fengið tíma til að athuga frumvarpið nægilega, og þar sem háttv. meiri hluti kveðst ætla sjer að greiða atkvæði gegn öllum breytingartillögum við það, og þá eins þeim, er að þeirra áliti kynnu að vera til bóta, verður þetta, einkum þó hið fyrtalda, til þess, að jeg ber ekki fram nema tiltölulega fáar breytingar við frumvarpið, en nái þessar tillögur mínar samþykki háttv. deildar, draga þær þó til góðra muna úr nokkrum af stærri annmörkum þess.

Legg jeg svo til, að háttv. deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 3. gr. Fyrir »sýslunefnd« komi: sýslumaður.
2. Við 4. gr. 1. a. Á eftir »verðmætar« komi: og.
   b. Orðin »og hversu ... ... afgangs skuldum« falli burt.
3. Við 9. gr. 1. b. Aftan við liðinn bætist: enda láti útgerðarmaður fullverka aflann á staðnum.
4. Við 12. gr. Greinin falli niður.
5. Við 16. gr. Síðari málsgrein falli burt.
6. Við 17. gr. Orðin »konur geta skorast undan kjöri« falli burt.
7. Við 21. gr. Fyrir »febrúar—maí ... . og bæjarstjórna« komi: frá 1. mars til 15. apríl.

Alþingi, 6. maí 1926.

Guðm. Ólafsson,
frsm. minni hl.

Nd. **524. Frumvarp**

til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Leita skal stöðvunar á verðgildi íslenskra peninga á þeim grundvelli, að gengi þeirra gagnvart erlendum peningum sje í samræmi við kaupmátt þeirra innanlands — með því markmiði að festa endanlega verðgildi peninganna á þeim grundvelli.

2. gr.

Skipa skal nefnd, sem hafi á hendi skráning á gengi íslenskra peninga og annist aðrar framkvæmdir samkvæmt lögum þessum. Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skipar fjármálaráðherra einn, og sje hann formaður nefndarinnar, tveir skulu tilnefndir af bönkunum, sinn af hvorum, einn af stjórn Fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda í Reykjavík, og einn af stjórn Sambands íslenskra samvinnufjelaga. Nefndin er bundin þagnarskyldu.

3. gr.

Gengisnefnd skal láta fara fram ítarlega rannsókn á því, hvert sje hið raunverulega verðgildi peninganna í viðskiftum innanlands. Skal nefndin því næst, innan hæfilegs tima, færa verð krónunnar til samræmis við niðurstöðu þeirrar rannsóknar, og skal genginu haldið þar föstu. Skal nefndin síðan birta skýrslu um rannsókn sína.

4. gr.

Lögreglustjóri lætur nefndinni í tje nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru jafnskjótt og skip það, er vöruna flytur, er lagt frá landi. Ennfremur getur nefndin, með samþykki fjármálaráðherra, krafist þess, að sjerhvert fjelag, stofnun eða einstaklingur, sem á erlendan gjaldeyri, þar með talin verðbrjef, þegar lög þessi öðlast gildi, eða eignast hann síðar, gefi nefndinni upplýsingar um, hve mikill hann sje og hvernig honum sje fyrir komið.

5. gr.

Kostnað við nefndarstörfin greiðir ríkissjóður að $^3/_5$, en Landsbanki Íslands og Íslandsbanki að $^1/_5$ hvor. Fjármálaráðuneytið úrskurðar þá reikninga.

6. gr.

Lög nr. 9, 27. maí 1925, um framlenging á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun og breyting á þeim lögum eru úr gildi numin.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **525. Frumvarp**

til laga um skipströnd og vogrek.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 221, með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Hver, sem þess verður var, að hafskip sje í hættu statt við land eða strandað, eða að góss úr því reki á land, er skyldur að gera alt, sem í hans valdi stendur, til þess að bjarga mönnum og góssi, enda skal hann tafarlaust skýra hreppstjóra, eða lögreglustjóra, ef auðveldara er að ná til hans, frá atburðum með firðskeyti eða símtali, ef þess er kostur, en ella með skyndiboða. Hreppstjóri skal með sama hætti skýra lögreglustjóra frá skipreika. Lögreglustjóri skýrir síðan dómsmálaráðherra, svo og eigendum og vátryggjendum skips og farms eða umboðsmönnum þeirra, ef vitað er hverjir eru, frá því, hvernig komið er, með firðskeyti, ef þess er kostur, en ella með næstu póstferð. Dómsmálaráðuneytið skal svo, jafnskjótt sem unt er, tilkynna skipreikann fyrirsvarsmanni þess ríkis, sem skip er frá.

2. gr. hljóðar svo:

Hreppstjóri, eða lögreglustjóri, ef hann er fyrr á strandstað kominn, skal svo fljótt sem unt er fá úr því skorið, hvort skip skuli talið strandað.

En þá er skip talið strandað og rjett að fara með það eftir lögum þessum, ef það er rekið upp eða fast orðið við land, enda verði því ekki bjargað á sjó út og gert haffært áður en hætta sje á því, að það farist að miklu leyti eða öllu. Hreppstjóri eða lögreglustjóri tilnefnir tvo valinkunna menn, er, að viðlögðum drengskap, meta þetta með honum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

9. gr. hljóðar svo:

Lögreglustjóri eða sá, er í stað hans stýrir björgun, skal sjá um það, að alt, sem gert verður til að bjarga mönnum, skipi eða góssi, verði unnið svo fljótt og vel sem kostur er. Skal fyrst og fremst, næst mannbjörg, bjarga skipsskjölum. Ef líklegt þykir, að skipi verði af grunni komið og að það verði gert haffært, þá skal kosta kapps um, að svo megi verða. Af góssi skal björgun á því, sem verðmætast er, ganga fyrir svo sem unt er, og skal þess jafnan gætt, að öll merki eða auðkenni á góssi skemmist sem minst.

Rjett er aðilja eða umboðsmanni hans að vera við björgun.

Fyrsta málsgr. 25. gr. hljóðar svo:

Nú sannar maður heimildir sínar að vogreki áður lögmæltur frestur sje á enda, og skal þá selja honum það í hendur eða andvirði þess. Annars kostar verður vogrek eða andvirði þess eign ríkissjóðs, ef það eða andvirði þess nemur 500 kr. eða meira, að frádregnum öllum áföllnum kostnaði, og ef um skip eða skipsflak er að ræða, að frádregnum áætluðum kostnaði við brottnám þess úr fjöru, en ella fjörueiganda.

Nd. **526. Lög**

um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí).

1. gr.

Í stað 3. málsgr. 5. gr. laga nr. 88, 14. nóv. 1917, kemur:

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðarakstur.

Bifreiðarstjóri, sem brýtur ákvæði 9. gr. 2. málsgr., er slys vill til, eða ekur bifreið ölvaður, skal, auk sekta eftir 14. gr., sviftur ökuskírteini um ákveðinn tíma, ekki skemur en 6 mánuði, eða ævilangt, ef brot er ítrekað, verulegt slys hlýst fyrir ölæði eða miklar sakir eru að öðru leyti.

Sviftíng ökuskírteinis skal gerð með dómi í máli því, sem höfðað er út af brotinu, og má ennfremur láta önnur brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, ef ítrekuð eru eða miklar sakir eru að öðru leyti, varða, auk sekta eftir 14. gr., sviftingu ökuskírteinis um ákveðinn tíma eða ævilangt. Ef lögreglustjóri telur nauðsyn til bera, er honum heimilt að

sviíta bifreiðarstjóra, sem hann telur hafa brotið ákvæði laganna eða áðurnefndra reglugerða, ökuskírteini til bráðabirgða, þar til dómur fellur. Sama er og ef lögreglustjóri álítur, að bifreiðarstjóri fullnægi ekki lengur skilyrðum þeim, er útheimtast til að fá ökuskírteini.

2. gr.

Í stað »12 kílómetrar« í 2. málsgr. 6. gr. laganna kemur: 18 kílómetrar, og í stað »35 km.« kemur: 40 km.

3. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Rjett er, í reglugerð, sem sett er samkvæmt lögum þessum, að ákveða lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir bifreiðarstjóra, með hæfilegri hliðsjón af hættu, sem stafað gæti af ofþreytu eða svefnleysi.

Greinatalan breytist eftir því.

4. gr.

Aftan við 13. gr. laganna kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

5. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Sjerhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfjelagi, sem viðurkent er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, 3000 kr. fyrir fyrstu bifreið og síðan 1000 kr. fyrir hverja, ef um fleiri bifreiðir er að ræða hjá sama eiganda. Skal með því vera tryggð greiðsla, að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð bar á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíhjóla bifreiðar og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt tryggðar fyrir 1500 kr.

Undanþegnar tryggingarskyldunni eru þær bifreiðir, sem eru íslensk ríkiseign eða ríkisstofnana eða bæjar- og sveitarfjelaga.

Bifreiðareigandi skal undanþeginn tryggingarskyldu þeirri, er um ræðir í 1. málsgrein, ef hann afhendir lögreglustjóra verðbrjef eða aðra trygging, er gild verður tekin, enda nemi hún sömu upphæð fyrir hverja bifreið og ákveðið er í 1. málsgrein.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um tryggingarskylduna og um viðurkenning á tryggingarfjelögum. Skulu þar ákveðnar sektir fyrir brot á reglugerðinni.

Iðgjöld, er tryggingarskyldur bifreiðareigandi skuldar viðurkendu tryggingarfjelagi, eru lögtakskræf.

Tryggingarfjelagi skal gerður kostur á að kynna sjer í rjettinum skaða-

bótakröfur á hendur þeim, er tryggt hefir bifreið í fjelaginu, og láta uppi álit sitt á þar en skaðabótamálið er útkljáð með sætt eða dómi.

Ákvæði þessarar greinar koma til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið auglýsir viðurkenning á tryggingarfjelagi eða fjelögum.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella texta þeirra og texta laga nr. 15, 18. maí 1920, inn í lög nr. 88, 14. nóv. 1917, og getur konungur þá gefið þau lög út, þannig breytt, sem lög um notkun bifreiða.

Ed. **527. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta var borið fram í háttv. neðri deild, og hefir nefndin ekki haft það nema stuttan tíma til íhugunar. Þó hefir það verið rætt á nokkrum fundum. Þrír nefndarmenn vilja lofa málinu að ganga fram, en 2 eru á móti, og munu þeir koma með sjerstakt álit.

Frv. þetta er aðeins heimildarlög fyrir stjórnina til að veita fjelagi, er stofnað kann að verða, heimild til að reka happdrætti hjer á landi, gegn allháum skatti í ríkissjóð.

Meiri hlutanum er kunnugt, að áreiðanlegir menn, bæði innlendir og útlendir, vilja taka að sjer rekstur slíks happdrættis og aðalframkvæmdarmaður hinna útlendu manna er hæstarjettarmálaflutningsmaður Frederik Winter í Kaupmannahöfn, sem mun hafa trygt fyrirtækinu nægt tryggingarfje, ef einkaleyfið yrði veitt því fjelagi, sem hann stendur fyrir. Barst hingað svo hljóðandi skeyti frá honum til herra Sturlu Jónssonar kaupmanns hjer í bænum, dags. 4. mars þ. á.: »Garantikapitalen i orden stop garanterne rede deponere samme med faa dages varsel«.

Nefndinni var það þegar ljóst, að eigi væri hugsanlegt að selja hjer á landi nema lítinn hluta af þeim seðlum, sem frv. heimilar að gefa út. Hinsvegar vissi nefndin, að í nágrannalöndunum, að minsta kosti í Danmörku og Svíþjóð, er bannað að selja útlenda happdrættismiða. Nefndin áleit sjer því skylt að fá vitneskju um, hvort til stæði að selja seðlana í þeim löndum, þar sem bannað er að selja útlenda happdrættismiða. Og ljet hún því síma nefndum málaflutningsmanni fyrirspurn um þetta, fyrir milligöngu herra Sturlu Jónssonar, og fjekk hann 2. þ. m. svo hljóðandi svar:

»Salget vil foregaa overensstemmende med andre statsanerkendte lotteriers teknik. Jævnfør dansk kongel. klasselotteri«.

Það virðist því auðsætt, að seðla þessa á ekki að selja sem forboðna vöru í neinu landi, heldur þar, sem salan er frjáls. Má í því sambandi benda á, að t. d. danska Kolonial-lotteriið hefir ekki leyfi til að selja nema lítinn hluta af happdrættismiðum sínum í Danmörku. Hinn hlutann selur það í öðrum löndum, þar sem salan er frjáls.

Meiri hlutanum finst, að ekki sje meira niðrandi fyrir Ísland en Danmörku að reka happdrætti á þennan hátt, og það því síður, sem landið nú kúgast undir drepandi sköttum, og að margt er fram undan ógert, sem gera þarf. Það er ómögulegt með vissu að giska á, hversu mikilla tekna ríkissjóðurinn mundi njóta árlega. Það fer eðlilega eftir því, hversu vel seðlarnir seljast. En samkvæmt frv. geta tekjur ríkissjóðs orðið minstar 100 þús. kr. á ári. En seljist seðlarnir allir, ættu tekjur ríkissjóðs að verða yfir 800 þús. kr. á ári.

Það er eðlilegt, að skiftar sjeu skoðanir manna um það, hvort stofna eigi yfir höfuð slíkt happdrætti hjer á landi. Menn óttast, að hjer myndist spilafíkn og eyðsla, umfram það, sem er nú, en örðugt mun reynast að fyrirbyggja eyðslusemi manna með lögum, enda sýnir reynslan, að lög, sem stefna í þessa átt, eru mjög vanhaldin, svo sem bannlögin o. fl. Og þó vjer höfum nú á þessu þingi bannað sölu á útlendum happdrættisseðlum, þá mundi það vera of mikil bjartsýni að ætla, að fyrir þá sölu væri girt með lögunum, því að slík verslun getur svo auðveldlega farið fram í lokuðum brjefum. Sparnaður á öllum sviðum getur tæplega skapast með lögum, heldur með auknum andlegum þjóðarþroska. Og vel má haga hlutaveltufyrirkomulaginu svo, að bláfátækir menn kaupi ekki happdrættisseðla, og má gera það með því að hafa seðlana alldýra, t. d. með því að selja aldrei minna en 1/4 seðil. En slíku fyrirkomulagi ræður ríkisstjórnin alveg samkvæmt frumvarpinu.

Með þessum ummælum leyfir meiri hlutinn sjer að leggja til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1926.

Björn Kristjánsson, form. og frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrif.

Gunnar Ólafsson.

Ed. **528. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ákveða einkasölu á tilbúnum áburði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Sjerstakar ástæður hafa valdið því, að frv. þetta er komið fram í þeirri mynd, sem það nú hefir. Telur nefndin, að ekki sje þörf á að skýra tildrög

að því nákvæmlega, þar sem málið hefir verið rækilega athugað og rætt í hv. neðri deild og full grein gerð fyrir ástæðum í nefndarál. hv. landbúnaðarnefndar þeirrar deildar, á þingskj. 365.

Þó nefndin sje ekki hlynt einkasölu yfirleitt, telur hún, að í þessu tilfelli geti það rjettlætst að taka til einkasöluheimildar, ef það gæti orðið til þess, að Búnaðarfjelag Íslands næði aftur einkasöluumboði því á Noregssaltpjetri, sem það hafði, en hefir fyrir einhver óheppileg atvik tapað, eins og sjá má af áðurnefndu nefndaráliti á þingskj. 365.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með svofeldri

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:

Heimild þessi fellur niður jafnskjótt sem Búnaðarfjelagi Íslands gefst kostur á að fá í sínar hendur einkaumboð hjer á landi fyrir sölu á Noregssaltpjetri, eða öðrum jafngóðum kalksaltpjetursáburði.

Alþingi, 6. maí 1926.

Eggert Pálsson, form. — Ágúst Helgason, fundaskr. og frsm.

Gunnar Ólafsson, með fyrirvara.

Nd. **529. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1927.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 15. gr. 19. e. (Karl O. Runólfsson).
   Fyrir »2000« kemur: 2500
2. Við 15. gr. 19. n. Nýr liður:
   Til Eggerts Stefánssonar, styrkur til hljómleikahalda erlendis til að kynna íslensk sönglög 2000
3. Við 17. gr. 3. Nýr liður:
   Til Sjúkrasamlags Reykjavíkur, til að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga í landinu og til að stofna ný sjúkrasamlög 1800

Ed. **530. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um byggingar- og landnámssjóð.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt um frv. þetta. Við undirritaðir leggjum til, að það verði samþykt óbreytt. Um ástæður fyrir þeirri tillögu okkar nægir að vísa til greinargerðar þeirrar, er fylgir frumvarpinu, og framsöguræðu flutningsmanns. Er óþarft að endurtaka í nefndaráliti þau rök, er þar eru færð.

Alþingi, 6. maí 1926.

Jónas Jónsson, frsm. Ingvar Pálmason.

Nd. **531. Nefndarálit**

um frv. til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Minni hlutinn getur ekki mælt með því, að hinir almennu kvennaskólar sjeu teknir út úr og látnir sæta öðrum kjörum en hin almenna unglingafræðsla í landinu. Þó sjerstakir unglingaskólar sjeu haldnir fyrir stúlkur einar, þá byggist það á þeim rökum, sem ekkert eiga skylt við, að skólar þessir eigi að njóta sjerstöðu í samanburði við aðra unglingaskóla. Kvennaskólar eru því aðeins hliðstæðir bændaskólum og öðrum sjerskólum, að þeir sjeu húsmæðraskólar. Það mundi því valda misrjetti, ef frumvarp þetta væri samþykt og ekki trygt um leið, að unglingaskólar í öðrum landshlutum, þó samskólar sjeu, nytu sömu kjara. Hinsvegar játar minni hlutinn, að skipun unglingafræðslunnar um land alt sje algerlega ófullnægjandi. Unglingafræðslan er sá þáttur fræðslumálanna, sem nú kallar fastast eftir aðgerðum löggjafarvaldsins. Minni hlutinn leyfir sjer því að koma fram með svofelda

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta þing frumvarp til laga um almenna unglingafræðslu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. maí 1926.

Bernh. Stefánsson, frsm. Ásgeir Ásgeirsson, fundaskrifari.

Ed. **532. Nefndarálit**

um frv. til laga um útrýming fjárkláða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Eftir að hafa athugað frv. þetta, hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje rjett á þessu þingi að lögskipa baðanir til útrýmingar fjárkláða.

Nefndinni er ekki kunnugt um það, að nokkur gögn liggi fyrir þinginu, sem geri það nauðsynlegt að samþykkja frv. á þessu þingi. Það hafa að minsta kosti ekki, svo vitanlegt sje, komið fram kvartanir frá bændum eða sauðfjáreigendum, og í sumum sýslum er talið, að enginn fjárkláði muni finnast.

Hins vegar mun því aftur á móti ekki verða neitað, að talsverður fjárkláði finnist í öðrum sýslum, án þess þó að mikil brögð sjeu að því. Sumir bændur eru þeirrar skoðunar, að mistök þau, sem orðið hafa á fyrirskipunum um notkun baðlyfja síðustu árin, muni frekar hafa orðið til þess að auka fjárkláðann. Þeir halda því fram, að þrifabaðanir á sauðfje geti mikið haldið fjárkláðanum í skefjum, jafnvel eytt honum, ef hin rjettu baðlyf eru notuð.

Nefndin leggur engan dóm á þetta, en sýnist þó, með það fyrir augum, rjett að fresta lagasetningu um útrýmingarböðun á fjárkláða, þar til leitað hefir verið umsagnar hreppsnefnda og sýslunefnda í landinu um þetta mál. Nefndin er því sammála um að leggja það til, að deildin afgreiði mál þetta með svo hljóðandi rökstuddri

DAGSKRÁ:

Með því að þau rök vantar, er nægi til þess, að þingið eigi nú þegar að lögskipa baðanir til útrýmingar fjárkláða, þá vill deildin fara þess á leit við ríkisstjórnina, að hún leiti umsagnar allra sýslunefnda í landinu áður en lengra er gengið í þessu máli, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. maí 1926.

Eggert Pálsson,	Ágúst Helgason,	Gunnar Ólafsson,
form.	fundaskr.	frsm.

Ed. **533. Lög**

um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [*Ritsíma- og talsímakerfi*].

(Afgreidd frá Ed. 7. maí).

1. gr.

Aftan við lagagreinina bætist:

Lína frá Hvammstanga um Stóra-Ós, Lækjamót, Breiðabólsstað, Ós og

Tjörn að Illugastöðum, með hliðarlínu að Víðidalstungu. Ennfremur lína frá Melstað að Núpdalstungu. Lína frá Hnausum, um Hnjúk og Eyjólfsstaði, að Ási í Vatnsdal. Lína frá Efra-Hvoli, um Hof og Kirkjubæ, að Geldingalæk. Lína frá Þórshöfn til Skála, og ennfremur lína til Gunnólfsvíkur. Lína frá Skógum að Skinnastöðum. Lína frá Ljósavatni fram Bárðardal. Lína um Fnjóskadal. Lína frá Hjaltastað að Kirkjubæ. Lína frá Stórakroppi, um Reykholt, Stóra-Ás í Hálsasveit, að Bjarnastöðum í Hvítársíðu. Lína frá Hesti fram Lundarreykjadal. Lína að Selnesi á Skaga. Lína frá Bíldudal að Selárdal. Lína frá Sandnesi að Drangsnesi. Lína frá Torfastöðum til Geysis. Lína frá Mosfelli að Laugarvatni í Laugardal.

2. gr.

Lög nr. 26, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919, eru úr gildi numin.

Ed. **534. Lög**

um viðauka við lög nr. 5, frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí).

1. gr.

Eftir 2. málsgrein 3. greinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefir hvorki verið að veiðum í landhelgi nje undirbúningur gerður í því skyni, og má þá lúka málinu með áminningu, er um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum, 400—1600 gullkrónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **535. Fjárlög**

fyrir árið 1927.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí).

Samhljóða þskj. 473.

Nd. **536. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

1. gr. orðist svo:

Á eftir orðunum »í milliríkjaerindum« í síðustu málsgrein 3. gr. laganna komi: svo og sjúkrahús, kirkjur.

Ed. **537. Breytingartillaga**

við frv. til laga um útsvör.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Við 6. gr. II. 2. Fyrir orðin »Annars kostar skal ... « til enda liðsins komi: Ef hreppsnefnd hefir grun um, að samvinnufjelag beiti undanbrögðum til að komast hjá rjettmætu útsvari, skal áætla þessi skifti og leggja útsvar á fjelagið samkvæmt þeirri áætlun.

Nd. **538. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 69. gr. Í stað orðanna »sem sjeu 1% lægri ... ... forvöxtum Landsbankans« í fyrri málslið komi: sem sjeu ekki minna en 1% lægri en forvextir Íslandsbanka, þó aldrei lægri en 1% undir forvöxtum Landsbankans til peningastofnana.

Ed. **539. Nefndarálit**

um frv. til laga um verðtoll á nokkrum vörum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndinni er ljóst, að með frv. þessu, ef það er samþykt óbreytt, er stefnt að því að gera verðtollinn varanlegan tekjustofn ríkisins. Hún er þessu

mótfallin, þar eð hún álítur verðtoll óheppilegan tekjustofn, aðallega vegna örðugleika við framkvæmd hans. Þessi tollur varð upprunalega til sem bráðabirgðaráðstöfun til að afla ríkissjóði nauðsynlegra tekna, og í fjárlögum þeim fyrir 1927, er þingið nú hefir afgreitt, er gert ráð fyrir allmiklum tekjum af verðtolli. Vegna þess sjer nefndin sjer ekki fært að neita um framlenging tollsins í bili, en vill binda samþykki sitt því skilyrði, að lögin gildi ekki enn nema stuttan, ákveðinn tíma.

Nefndinni virðist, að sjálfsagt sje að undanskilja viðboðstæki verðtolli, og með því stuðla að sínu leyti að því, að sem flestir geti notið þeirra þæginda, er viðboðinu fylgja.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. B. Á eftir orðunum »Vír úr járni og kopar« komi: Viðboðsáhöld.
2. Við 3. gr. Á eftir »1. janúar 1927« komi: og gilda til 1. mars 1928.

Einn nefndarmanna, Jónas Jónsson, áskilur sjer óbundið atkvæði.

Alþingi, 7. maí 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og frsm.	Jónas Jónsson, með fyrirvara.

Ingvar Pálmason. Gunnar Ólafsson.

Ed. **540. Nefndarálit**

um frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Frá allsherjarnefnd.

Það verður engan veginn sagt, að hið fyrirliggjandi frv. geri nokkrar stórfeldar breytingar á hinni gildandi löggjöf í þessu efni.

Að sumu leyti gætir í frv. nokkurrar tilslökunar á löggjöfinni um helgidagahald.

Þannig eru samkv. 4. gr. frv. almennar skemtanir, markaðir og aðrar athafnir, sem hávaði er að, gerðar frjálsar eftir kl. 3 síðdegis á hinum almennu helgidögum, í stað þess að samkvæmt gildandi löggjöf má enga markaði halda á neinum helgidegi og almennar skemtanir og hávaðasamar athafnir eigi fyr en eftir miðaftan.

Ennfremur er í frv. ekkert tímatakmark sett fyrir því, hve lengi opinberar skemtanir megi standa kvöldið fyrir almenna helgidaga, í stað þess að eftir gildandi lögum mega slíkar skemtanir eigi standa lengur en til miðnættis.

Loks er í frv. skírdagur ekki gerður rjetthærri en almennur sunnudagur, í stað þess að hann er eftir gildandi lögum jafnhelgur talinn sem föstudagurinn langi og hinir fyrri dagar stórhátíðanna.

En jafnframt því, að þessar tilslakanir eru gerðar, er líka samkvæmt síðari málslið fyrri málsgreinar 1. gr. frv. og fyrri málslið síðari málsgreinar sömu greinar hert allverulega ákvæðin viðvíkjandi helgihaldinu.

Þessa skerping á helgidagalöggjöfinni telur nefndin meira virði en þær tilslakanir, sem gerðar eru í frv., og það því fremur, sem vænta má, að hún sje gerð með samþykki meginþorra skipaútgerðarmanna. Og vegna þessa, sem og hins, að breytingar á frv. mundu eftir atvikum verða því að falli, leggur nefndin til, að háttv. deild samþykki frv. óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1926.

Jóh. Jóhannesson, form.	Guðm. Ólafsson.	Eggert Pálsson, fundaskr. og frsm.

Ed. **541. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um skipströnd og vogrek.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað hinar smávægilegu breytingar, sem háttv. Nd. hefir gert á frumvarpi þessu, og leyfir sjer að mæla með því við háttv. deild, að hún samþykki frv. eins og það liggur nú fyrir.

Alþingi, 8. maí 1926.

Jóh. Jóhannesson, form. og frsm.	Eggert Pálsson, fundaskr.	Guðm. Ólafsson.

Ed. **542. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á síld o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta var borið fram í háttv. Nd. og er alveg nýlega komið hingað til Ed. Tími hefir því ekki unnist til ítarlegrar rannsóknar.

Þeir háttv. þingmenn, sem flutt hafa frv. og staðið að því í háttv. Nd., hafa mikla þekking og reynslu á síldveiðum hjer á landi og á sölu síldar. Og telur nefndin nauðsynlegt, að þingið taki sem mest tillit til sjerþekkingarinnar og reynslunnar í hverju máli, þegar auðið er að ná til hennar. Þó sumir nefndarmenn sjeu mjög mótfallnir allri takmörkun á atvinnufrelsi manna, þá geta þó legið fyrir þær kringumstæður, að eigi sje annað hægt en að takmarka það að einhverju leyti, einkum þá er verjast þarf yfirgangi og leppmensku erlendra manna, sem leiða af sjer stórskaða fyrir atvinnuvegi vora.

En einmitt þær kringumstæður liggja hjer fyrir. Nefndin, sem litla sjerþekking hefir í þessu máli, vill því ekki setja stein í götu þessa frumvarps, sem reynslan ein getur skorið úr, hversu vel hefir tekist að semja. En þó einkaleyfistíminn sje ekki tiltekinn í frv., vill nefndin taka fram, að hún álítur, að einkaleyfið ætti ekki að veitast lengur en 5 ár til að byrja með.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Ingvar Pálmason.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og frsm.

Sþ. **543. Tillaga**

til þingsályktunar um þúsund ára hátíð Alþingis.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni og Jakob Möller.

Alþingi ályktar að kjósa 6 manna nefnd með hlutfallskosningu, sem geri tillögur um hátíðahöld 1930 í minningu um stofnun Alþingis og þær ráðstafanir, sem gera þarf í því tilefni hvað Þingvelli snertir.

Greinargerð.

Hin mikla alþingishátíð 1930 stendur nú fyrir dyrum, og þykir ekki rjett að fresta lengur undirbúningi hátíðahaldsins af hálfu Alþingis, enda eru tillögur um þau þegar farnar að berast frá einstökum mönnum. Það liggur í tillögunni, að nefndin skuli vera ólaunuð og að leita þurfi til Alþingis um allar þær ráðstafanir og framkvæmdir, sem kostnað hafa í för með sjer.

Nd. **544. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um kaup á snjódreka og bifreiðum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað till. þessa og meðal annars leitað álits vegamálastjóra um málið.

Vegamálastjóri var því meðmæltur, að till. næði samþykki deildarinnar, en gat þess, að enn þá væri ekki fengin nægileg reynsla fyrir gagnsemi þessara fartækja og að ekki yrði ráðist til framkvæmda nema fullar líkur væru fyrir, að þessi tæki kæmu að notum hjer á landi.

Að þessu athuguðu ræður samgöngumálanefnd háttv. deild til að samþykkja till. óbreytta.

Alþingi, 7. maí 1926.

Jón A. Jónsson, form., frsm. Kl. Jónsson, fundaskr.

Sveinn Ólafsson. Jón Kjartansson. Hákon J. Kristófersson.

Ed. **545. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til virkjunar Dynjandisár og annara fallvatna í Arnarfirði o. fl.

Frá Birni Kristjánssyni, Gunnari Ólafssyni og Jóhanni Þ. Jósefssyni.

1. Við 7. gr. Fyrir »7 ára« komi: 9 ára.
2. 9. gr. falli burt.

Sþ. **546. Þingsályktun**

um björgunar- og eftirlitsskipið »Þór«.

(Afgreidd frá Sþ. 8. maí).

Alþingi ályktar að samþykkja kaup ríkisstjórnarinnar á björgunar- og eftirlitsskipinu »Þór« fyrir alt að 80 þúsund krónur, með því skilyrði, að ríkið láti skipið framvegis, meðan það er vel til þess fært, halda uppi á kostnað ríkissjóðs samskonar björgunar- og eftirlitsstarfsemi við Vestmannaeyjar í $3^1/_2$—4

mánuði (vetrarvertíðina) árlega, sem það hefir haft á hendi undanfarin ár, enda leggi bæjarsjóður Vestmannaeyjakaupstaðar árlega fram 15 þúsund krónur til útgerðar skipsins.

Sþ. **547. Þingsályktun**

um fyrirhleðslu fyrir Þverá.

(Afgreidd frá Sþ. 8. maí).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja á þessu ári alt að 5000 krónum til að fyrirbyggja með bráðabirgðafyrirhleðslu framrensli Markarfljóts í Þverá. Kostnað við það má á sínum tíma telja með kostnaði við fyrirhleðslu samkvæmt lögum nr. 69, 14. nóv. 1917.

Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að láta rannsaka og gera áætlanir um fullkomna fyrirhleðslu til varnar skemdum af Markarfljóti og nálægum vatnsföllum, svo og um þau mannvirki, er nauðsynleg eru til varnar farartálma af þeim, og leggja þær, að fengnu áliti sýslunefndar Rangárvallasýslu, fyrir næsta Alþingi.

Ed. **548. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Með afnámi gengisviðaukans á vörutollinum var á þingi því, er nú situr, dálítið spor stigið í þá átt að ljetta skattabyrði almennings. Frv. það, er hjer liggur fyrir, er annað spor í sömu átt, og álítur meiri hlutinn sanngjarnt eftir atvikum, að það nái samþykki þingsins.

Alþingi, 8. maí 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrif. og frsm.	Gunnar Ólafsson.

Nd. **549. Breytingartillaga**

við frv. til laga um fræðslu barna.

Frá Pjetri Ottesen.

Við 24. gr.

Síðasti málsliður 1. málsgr. (»Skylt er . . . . í skólanefnd.«) falli niður.

Nd. **550. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefir ekki getað orðið á eitt sátt um þessa tillögu. Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að landbúnaðarlöggjöf sú, er við eigum nú við að búa, sje enginn hemill á þroska landbúnaðarins, enda nokkrir mikilsverðir þættir hennar nýir eða nýlegir, svo að af þeirri ástæðu ber ekki brýna nauðsyn til skjótra og gagngerðra aðgerða í því efni. Þá má og vænta mikilla breytinga á búnaðarháttum á næstu árum. Jarðræktarlögin og ræktunarsj. hafa skapað aukinn áhuga og bætta aðstöðu til margvíslegra framkvæmda. Með tilstyrk ríkissjóðs er nú unnið að stórfeldum jarðræktarframkvæmdum, sem geta gerbreytt búnaðarháttum bænda á þeim slóðum, er þeim er að fullu lokið. En sjerstaklega vill þó nefndin leggja áherslu á, að nú eru byrjaðar og standa fyrir dyrum mikilvægar tilraunir með framleiðsluvörur bænda, sem ekki verður lokið fyr en eftir fleiri ár, en þær tilraunir skera mjög úr um það, í hverja átt skuli veita því fje og þeirri orku, er landbúnaðurinn hefir yfir að ráða.

Meiri hluti nefndarinnar verður því að líta svo á, að það sje mjög óheppilegt að taka nú landbúnaðarlöggjöf vora í heild til gagngerðrar yfirvegunar, meðan ósjeð er, hvernig ræðst um það, er drepið hefir verið á. Meðan svo standa sakir telur meiri hluti æskilegast, að stjórnin taki einstaka þætti búnaðarlöggjafarinnar til íhugunar fyrst um sinn, eins og gert hefir verið undanfarin ár og gefist vel. Í því sambandi vill meiri hl. nefna lögin um byggingu, ábúð og úttekt jarða og lögin um bændaskólana, sem hún telur æskilegt, að væru tekin til athugunar fyrir næsta þing.

Meiri hlutinn treystir stjórninni til að leysa þetta vel af hendi, og það því fremur, sem hún mun að sjálfsögðu leita umsagnar og tillagna skólastjóra bændaskólanna, framkvæmdarstjóra Búnaðarfjelags Íslands og starfsmanna þess, svo sem þurfa þætti, fær meiri hlutinn ekki sjeð, að Alþingi eigi kost á hæfari mönnum til þessa, eða líklegri mönnum til þess að benda á nýjar leiðir til hagsbóta fyrir landbúnaðinn.

Loks má geta þess, að milliþinganefnd sú, er tillagan fjallar um, mundi að líkindum sitja í fleiri ár og kosta ríkissjóð mikið fje, jafnvel svo skifti tugum þúsunda, en því fje telur meiri hlutinn mundi betur varið til styrktar nýjungum í landbúnaði eða mikilsverðum jarðræktarframkvæmdum. Af framangreindum ástæðum leggur meiri hlutinn til, að tillagan verði afgreidd með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin taki búnaðarlöggjöf vora til rækilegrar

yfirvegunar á næstu árum og leggi tillögur sínar fyrir Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. maí 1926.

Hákon Kristófersson, form. Jón Sigurðsson, frsm. Árni Jónsson.

Ed. **551. Fjáraukalög**

fyrir árið 1924.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1924, eru veittar kr. 757256,56 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir:

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

A. Ráðuneytið o. fl.

Við	4.	Annar kostnaður	11460,92	
—	5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	7938,36	
—	6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	2615,69	

B Hagstofan.

Við	3.	Pappír, prentun o. fl.	3222,40	
—	5.	Húsaleiga, hiti, ljós o. fl.	852,23	
—	6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður...	2425,01	

C. Sendiherra o. fl.

Við	1. d.	Til skrifstofuhalds	5203,59	
—	3.	Ríkisráðskostnaður	2000,00	
—	4.	Kostnaður við sambandslaganefnd...	1972,54	
				37690,74

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæsla og lögreglustjórn.

Við	1	c. Hæstirjettur: Annar kostnaður	571,41	
—	4.	a. Laun	4560,00	
		Flyt	5131,41	37690,74

		kr.	kr.
	Flutt	5131,41	37690,74
Við 4. b.	Húsaleiga	150,00	
— — c.	Hiti, ljós og ræsting	100,00	
— — d.	Ýmisleg gjöld	1468.40	
— 5. a.	Laun fulltrúa o. fl.	3404,66	
— — b.	Laun 3. tollvarða	8804,00	
— — d.	Hiti og ljós	1336,36	
— — e.	Ýms gjöld	1245,99	
— 6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	19559,90	
— 7.	Til hegningarhússins í Reykjavík o. fl.	1984,59	
Við 8.	Annar sakamálakostnaður o. s. frv.	4665,66	
— 9.	Borgun til sjódómsmanna	434,00	
— 10.	Borgun til setu- og varadómara	1836,40	
	B. Ýmisleg gjöld.		
Við 1. b.	Til pappírs og prentunar	2872,14	
— 2. a.	Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	7894,24	
— 3.	Brunaábyrgðar- og sótaragjöld	18158,06	
— 6.	Til landhelgisgæslu	44142,78	
			123188,59
	4. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:		
Við 8.	Til geislalækningastofu ríkisins	5299,76	
— 10.	Holdsveikraspítalinn	5146,39	
— 11.	Geðveikrahælið á Kleppi	88,83	
— 12. b.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum	30087,25	
— 14. a.	Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla ...	10826,60	
			51448,83
	5. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:		
	A. Póstmál.		
Við 1. b.	Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	1033,34	
— 1. c.	Brjefhirðingamenn	2347,50	
— 3. a.	Skrifstofukostnaður í Reykjavík	428,13	
— — d.	Önnur gjöld	12204,29	
	B. Vegabætur.		
Við I.	3. Ferðakostnaður og fæðispeningar	104,32	
— —	4. Til aðstoðar og mælinga	519,37	
— —	5. Skrifstofukostnaður	623,59	
	Flyt	17260,45	212328,16

			kr.	kr.
		Flutt	17260,54	212328,16
Við	II. 3.	Hvammstangabraut	3825,80	
—	— 4.	Viðhald flutningabrauta	44693,83	
—	— 5.	Holtavegur	4375,87	
—	III. 1.	Norðurárdalsvegur	3466,48	
—	— 6.	Aðrar vegabætur og viðhald	14567,51	
—	IV.	Til viðhalds slitlagi á akvegum	3000,00	
		C. Samgöngur á sjó.		
	1.	Til strandferða	57657,65	
	2.	Til bátaferða o. s. frv.	3225,52	
		D. Hraðskeyta- og talsímasamband.		
Við	II.	Til viðauka símakerfa o. fl.	3873,04	
—	IV. 3.	Ritsímastöðin í Reykjavík	8752,85	
—	— 5.	Bæjarsíminn í Reykjavík	6636,19	
—	— 6.	Til aukningar sama síma	2662,06	
—	— 8.	Ritsímastöðin á Akureyri	5522,41	
—	— 9.	— á Seyðisfirði	634,14	
—	— 10.	— á Ísafirði	886,86	
—	— 11.	Símastöðin á Borðeyri	5367,94	
—	— 12.	— í Hafnarfirði	337,47	
—	— 13.	— í Vestmannaeyjum	2286,36	
—	— 14.	— á Siglufirði	1047,54	
—	— 15.	Til aukaritsímaþjónustu	1800,00	
—	— 19.	Til eftirlitsstöðva o. fl.	16484,79	
—	V.	Eyðublöð, prentunarkostnaður o. fl.	12227,72	
—	VI.	Viðbót og viðhald stöðvanna	25905,25	
—	VII.	Kostnaður við ferðalög	4585,30	
—	VIII.	Viðhald landssímanna	28109,14	
—	IX.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	615,95	
		E. Vitamál.		
Við	I. 3.	Til skrifstofuhalds	320,90	
—	III.	Rekstrarkostnaður vitanna	21844,49	
—	IV.	Sjómerki o. fl.	3051,71	
—	V.	Ymislegt	31097,24	
				336122,55
		6. gr.		
		Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:		
		B. Kenslumál:		
Við	I. b.	Til kennara í sögu, málfræði o. s. frv.	480,00	
—	— d. 3.	Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta ...	750,00	
		Flyt	1230,00	548450,71

			kr.	kr.
		Flutt	1230,00	548450,71
Við	I. h.	Hiti, ljós o. fl.	1184,13	
—	— i.	3. Ýms gjöld	5558,40	
		4. Til þess að kaupa gagnvermi (Diathermi-áhald). Endurveiting...	3489,07	
—	II.	Námsstyrkur ísl. stúdenta í erlendum háskólum	24151,00	
—	III. b.	2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	2238,89	
—	— —	3. Til skólahússins	751,92	
—	— —	4. Til tímakenslu og prófdómenda	9578,75	
—	— —	9. Ýmisleg gjöld	1056,09	
—	— —	12. Til verðlaunabóka	14,00	
—	IV. b.	4. Til eldiviðar og ljósa	6563,94	
—	— —	7. Til skólahússins	153,92	
—	— —	8. Yms gjöld	1232,14	
—	V. b.	1. Tímakensla	4550,00	
—	— —	6. Ýmisleg gjöld	229,24	
—	VI. b.	3. Ýmisleg gjöld	761,12	
—	VII. b.	1. Húsnæði m. m.	800,00	
—	— —	3. Ýmiss kostnaður	1555,54	
—	VIII. 1. c.	3. Til eldiviðar og ljósa	2053,07	
—	— —	4. Ýmisleg gjöld	220,57	
—	-- 2. c.	3. Til eldiviðar og ljósa	1766,86	
—	XI.	4. Húsaleiga, hiti, ljós o. fl.	300,00	
—	XIII.	4. Til prófdómara við barnapróf	2409,75	
—	XVII.	Til kenslu heyrnar- og málleysingja	13299,10	
				85147,50

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Til vísinda, bókmenta og lista.

Við	5. a.	Til eldiviðar, ljósa o. fl.	2117,60	
Við	5. b.	Til viðhalds og áhalda	1626,49	
—	38.	Til veðurathugana og veðurskeyta	309,56	
		Til að gera eirsteypu af minnismerki Einars Jónssonar um Hallgrím Pjetursson. Endurveiting...	1425,00	
				5478,65

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

Til verklegra fyrirtækja.

Við	13. e.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna		2598,46
			Flyt	641675,32

		kr.
9. gr.	Flutt	641675,32
Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:		
Óviss útgjöld og gengismismunur		115581,24
	Samtals kr.	757256,56

Ed. **552. Lög**

um samþykt á landsreikningnum 1924.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí).

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
I. Tekjur:		
1. Fasteignaskattur	215000.00	228482.24
2. Tekju- og eignarskattur	1000000.00	841086.61
3. Aukatekjur	300000.00	402723.29
4. Erfðafjárskattur	45000.00	40974.69
5. Vitagjald	170000.00	321759.55
6. Leyfisbrjefagjöld	10000.00	12608.29
7. Útflutningsgjald	700000.00	969766.39
8. Áfengistollur	350000.00	606540.10
9. Tóbakstollur	400000.00	526103.00
10. Kaffi- og sykurtollur	800000.00	1085877.19
11. Vörutollur	1250000.00	1572661.10
12. Annað aðflutningsgjald	80000.00	86290.81
13. Verðtollur	»	897684.70
14. Gjald af brjóstsykur- og konfektgerð	20000.00	26995.88
15. Stimpilgjald	300000.00	352875.82
16. Lestagjald	40000.00	34939.50
17. Pósttekjur	350000.00	424693.91
18. Símatekjur	1000000.00	1359877.26
19. Víneinkasala	450000.00	454955.41
20. Tóbakseinkasala	200000.00	350000.00
21. Steinolíueinkasala	50000.00	82922.00
22. Skólagjöld	3000.00	15460.00
23. Bifreiðaskattur	22000.00	23674.97
24. Tekjur af fasteignum ríkissjóðs o. fl.	45100.00	39258.57
25. Tekjur af bönkum, ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl.	340000.00	437730.25
26. Óvissar tekjur, ýmisl. greiðslur og endurgjöld ...	22300.00	470541.33
27. Tekjur samkv. sjerstökum lögum	»	1470.00
Samtals ...	8162400.00	11667952.86

	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.
II. Gjöld:		
1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	2043705,35	2306621.02
2. Borðfje Hans Hátignar konungsins	60000.00	60000.00
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	184800.00	201981.92
4. Til ráðuneytisins o. fl.:		
A. Ráðuneytið o. fl....	162780.00	172624.44
B. Hagstofan	41000.00	45302.51
C. Gjöld í Kaupmannahöfn	59500.00	62342.79
5. A. Dómgæsla og lögreglustjórn	392820.00	426085.09
B. Ýmisleg gjöld	165600.00	254014.18
6. Læknaskipun og heilbrigðismál	712740.00	1060077.98
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál...	381500.00	398755.98
B. Vegabætur	377140.00	339587.25
C. Samgöngur á sjó	200000.00	260883.17
D. Hraðskeyta- og talsímasamband	1031340.00	897755.08
E. Vitamál...	111820.00	167219.99
8. Til kirkju- og kenslumála:		
A. Andlega stjettin	273806.28	289297.09
B. Kenslumál	961200.00	1045101.28
9. Til vísinda, bókmenta og lista	242170.00	239650.57
10. Til verklegra fyrirtækja	651300.00	509618.80
11. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur... ...	4000.00	27101.45
12. Eftirlaun og styrktarfje	183452.45	181788.51
13. Óviss útgjöld	100000.00	215581.24
14. Eimskipafjelag Íslands	»	60000.00
15. Fjárgreiðslur samkv. lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum...	»	668392.86
16. Afborgun lausra skulda	»	758063.88
17. Aukin innstæða...	»	122990.77
18. Aukinn sjóður	»	896719.91
19. Sjóðmismunur	»	395.10
Samtals ...	8340674.08	11667952.86

Nd. **553. Lög**

um fræðslu barna.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí).

I.

Um fræðsluskyldu.

1. gr.

Fræðslu barna til fullnaðs 10 ára aldurs skulu heimilin annast sjálf og kosta, nema þar sem öðruvísi er ákveðið með skólareglugerð (sbr. 10. gr.). Skal hvert barn 10 ára að aldri geta lesið liðugt og skrifað nokkurn veginn, ef það er til þess hæft. Komist skólanefnd við próf eða á annan hátt að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi fræðslu í þessum greinum, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa húsbænda, ber henni að gera ráðstöfun til, að börnin fái nauðsynlega tilsögn á heimili sínu eða utan þess. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru aðstandendur barnsins skyldir að greiða, en greiða má hann fyrirfram úr sveitarsjóði. Kostnaðinn má taka lögtaki.

2. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á:

1. að geta lesið móðurmálið skýrt og áheyrilega og geta sagt munnlega frá því, er það les; það skal og geta gert skriflega grein fyrir efni, sem það þekkir vel, nokkurnveginn ritvillulaust og mállýtalaust; kunna skal það utanbókar nokkur íslensk kvæði, helst ættjarðarljóð og söngljóð, og geta skýrt rjett frá efni þeirra með sínum eigin orðum;
2. að geta skrifað liðugt læsilega og hreinlega rithönd;
3. að hafa lesið með leiðsögn og skýringu valda kafla úr bibliunni eða bibliusögur, sjerstaklega um líf og kenning Krists, og skal lögð áhersla á, að það hugfesti sjer einkum orð hans og hafi þau rjett eftir; kunna skal barnið utanbókar nokkra valda sálma;
4. að kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum (almennum brotum og tugabrotum) og geta notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, meðal annars til þess að reikna flatarmál og rúmmál einfaldra hluta; það skal og vera leikið í því að reikna með lágum tölum í huganum;
5. að vita nokkuð um merkustu menn þjóðarinnar að fornu og nýju og þau tímabil, er þeir lifðu á;
6. að vera leikið í að nota landabrjef, hafa athugað átthagana vandlega og fengið sem ljósasta þekking á náttúru Íslands og högum þjóðar vorrar; það skal og bera skyn á legu og atvinnuvegi helstu landa í Evrópu, vita hvernig álfur og höf liggja á hnettinum og hafa fengið nokkra fræðslu um eðlishætti jarðar og stöðu hennar í sólkerfi voru;

7. að hafa vanist á að athuga algengustu fyrirbrigði náttúrunnar, sem það hefir fyrir augum, svo að það geti lýst þeim; það skal vita um bygging og lífsstörf mannslíkamans og um helstu atriði, er að hollustuháttum lúta, þar á meðal um áhrif heilsuspillandi nautnameðala, t. d. vínanda og tóbaks; ennfremur skal það þekkja nokkrar helstu íslenskar plöntur og vita um lifnaðarhætti þektustu dýra;
8. að kunna nokkur einföld sönglög, einkum sálmalög og lög við íslensk ættjarðarljóð;
9. að geta gert einfaldar dráttmyndir.

3. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem önnur grein ræðir um, skulu þau börn, 10—14 ára að aldri, er sótt geta fasta heimangönguskóla, öðlast þá frekari fræðslu, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugerðum skólanna.

II.
Um skólahjeruð.

4. gr.

Hver kaupstaður og hver hreppur landsins er skólahjerað út af fyrir sig, nema önnur skipun sje á ger.

Tveir eða fleiri hreppar geta með samþykki fræðslumálastjórnar gengið saman í eitt skólahjerað, ef tillaga um það er samþykt, fyrst af hreppsnefndum þeim, er hlut eiga að máli, en þar næst í hverjum hreppi á fundi, er löglega hafa verið boðaðir til þeir hreppsbúar, er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum.

Skólanefnd hefir á hendi stjórn fræðslumála í skólahjeraði hverju undir umsjón fræðslumálastjórnar.

III.
Um skólahald.

5. gr.

Í kaupstöðum, kauptúnum, sjóþorpum og þjettbýlum sveitum, þar sem eru eða settir verða á stofn fastir heimangönguskólar og reglugerð þeirra og hollustuhættir eru samþykt af fræðslumálastjórninni, skulu öll börn, 10—14 ára að aldri, þau er skóla geta sótt að heiman, njóta þar kenslu hinn lögskipaða námstíma, nema skólanefnd veiti undanþágu.

Árlegur námstími skal vera að minsta kosti 24 kensluvikur. Þó getur fræðslumálastjórnin veitt leyfi til að stytta þennan námstíma um fjórar vikur, sje það gert til þess að nota skólann til kenslu barna 7—10 ára að aldri að minsta kosti 8 kensluvikur haust eða vor, samkvæmt reglugerð, er fræðslumálastjórnin samþykkir.

Nú geta ekki öll skólaskyld börn í hjeraðinu gengið að heiman til

skólans, og skal þá annaðhvort koma þeim í dvöl í nánd við skólann eða búa þeim heimavist í skólanum hinn lögskipaða námstíma. Heimilt er þó að ráða þessum börnum farkennara, sjeu þau 12 eða fleiri og þeim eigi sjeð fyrir nægri kenslu á annan hátt.

6. gr.

Í þeim skólahjeruðum, þar sem settir verða á stofn heimavistarskólar og reglugerð þeirra og hollustuhættir samþykt af fræðslumálastjórninni, skulu öll börn skólahjeraðsins, 10—14 ára að aldri, njóta þar kenslu að minsta kosti 12 vikur á ári, nema skólanefnd veiti undanþágu. Heimilt er þó að láta skólaskyldu þessa ná að eins til 12—14 ára barna, sje yngri börnum sjeð fyrir lögskipaðri fræðslu með farkenslu eða á annan hátt.

7. gr.

Í þeim skólahjeruðum, þar sem ekki eru fastir skólar, skal halda farskóla, er veiti hverju barni í skólahjeraðinu, 10—14 ára að aldri, fræðslu 12 vikur á ári að minsta kosti, nema skólanefnd veiti undanþágu. Þó er skólanefndum heimilt að leyfa 8 vikna kenslu á ári fyrir hvert barn í þeim skólahjeruðum, þar sem farkenslu er þrískift. Geti skólanefnd farskólalaust, með eftirlitskennara eða á annan hátt, sjeð öllum börnum skólahjeraðsins á aldrinum 10—14 ára fyrir fullnægjandi fræðslu, er henni það heimilt. Sýni prófin í einhverju skólahjeraði, sem þetta kenslulag hefir, að fræðslan sje ekki fullnægjandi, er fræðslumálastjórninni skylt að ákveða skólaskyldu í því hjeraði.

8. gr.

Skólaskyldualdur miðast við nýár.

9. gr.

Undanþágu frá skólaskyldu þeirri, er ræðir um í 5., 6. og 7. gr., skal skólanefnd veita, ef hún af árlegum prófum fær trygging fyrir því, að sú fræðsla, sem börnin fá utan skólans, verði jafngild þeirri, er skólinn mundi veita. Umsóknir um slíkar undanþágur skulu vera komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok hvers skólaárs.

10. gr.

Fræðslumálastjórnin getur veitt skólahjeruðum heimild til að skipa fyrir um skólaskyldu fyrir börn, sem eru yngri en 10 ára, þó ekki yngri en 7 ára fullra.

Sýni próf 8—10 ára barna í einhverju skólahjeraði, að minsta kosti tvisvar á þremur árum, að fjórði hluti þeirra eða meira hafi eigi fengið nægilega fræðslu, skal skólanefnd tilkynna fræðslumálastjórninni það, og getur hún þá ákveðið skólaskyldu fyrir börn á þessum aldri í skólahjeraðinu.

11. gr.

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, er barn hafa til framfærslu, ákvæðum 5., 6. eða 7. gr. eða fyrirskipun, sem gerð er samkvæmt ákvæðum

10. gr., án gildra ástæðna, og varðar það dagsektum, 2—5 króna, eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð (bæjarsjóð).

12. gr.

Geti framfærandi barns á lögskipuðum skólaaldri fyrir fátæktar sakir ekki staðist kostnað þann, er leiðir af lögboðinni skólasókn þess eða fræðslu, skal sá kostnaður greiðast úr sveitarsjóði (bæjarsjóði) sem önnur gjöld til skólahalds. Umsóknir um slíkar greiðslur skulu komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok hvers skólaárs.

13. gr.

Hin lögskipaða fræðsla 10—14 ára barna veitist ókeypis, og greiðist kostnaðurinn við hana úr sveitarsjóði (bæjarsjóði) að öðru en því, er ríkissjóður leggur til kennaralauna og skólahúsa. — Nú eru fleiri en einn hreppur í skólahjeraði, og greiðir þá hver þeirra kostnaðinn við skólahaldið að rjettri tiltölu við fjölda skólaskyldra barna í hreppnum.

Um kostnaðinn við fræðslu yngri barna en 10 ára fer samkv. 1. gr. (sbr. 12. gr.).

14. gr.

Til að reisa barnaskólahús utan kaupstaða greiðir ríkissjóður, af því fje, er til þess er veitt í fjárlögum ár hvert, alt að þriðjungi kostnaðar, sje það heimangönguskóli, en alt að helmingi kostnaðar, sje það aðallega heimavistarskóli, með því skilyrði, að fræðslumálastjórnin samþykki uppdrátt og lýsing af húsinu og legu þess, enda sje húsið með lóð þess eign hreppsins.

Nú er hætt að nota skólahús til skólahalds, og er þá fje það, er ríkissjóður hefir til þess lagt, afturkræft, þannig að ríkissjóður fái af rjettu andvirði hússins tiltölulega við tillag sitt.

15. gr.

Fræðslumálastjórnin setur reglur um gerð, legu og hollustuhætti skólahúsa.

16. gr.

Þegar barnaskólahús er reist frá stofni, stækkað eða endurbygt til skólahalds, skal bæjarstjórn sú eða hreppsnefnd, er hlut á að máli, annast um bygging eftir uppdrætti og lýsingu, er fræðslumálastjórnin leggur til, og afhenda síðan skólanefnd húsið til umsjónar og umráða.

Nú er skólahús ekki bygt samkvæmt uppdrætti og lýsingu, er fræðslumálastjórnin hefir samþykt, og getur þá skólanefnd neitað að taka við húsinu, uns það er komið í rjett lag.

17. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórninni að löggilda barnaskóla, sem stofnaður er og rekinn fyrir fje einstakra manna eða fjelaga, ef hann starfar samkvæmt reglugerð, er fræðslumálastjórnin samþykkir, enda lúti slíkir skólar sama eftirliti og aðrir barnaskólar.

Börn á skólaskyldualdri, er slíkan skóla sækja, þurfa ekki leyfi skólanefndar til, en forstöðumaður hans skal fyrir byrjun hvers skólaárs láta skólanefnd í tje skýrslu um það, hvaða börn muni sækja skólann á því ári.

Ekki eiga barnaskólar einstakra manna eða fjelaga heimting á styrk af almannafje.

IV.
Um próf.

18. gr.

Próf skal halda árlega um kunnáttu og þroska barna í hverju skólahjeraði, og heldur kennarinn (kennararnir) prófið. Nú hefir skólahjerað fengið undanþágu frá lögskipuðu skólahaldi, og skipar þá fræðslumálastjórnin prófanda. Skal hann hafa sömu laun og prófdómendur.

Við próf skal jafnan vera prófdómandi, skipaður af fræðslumálastjórninni. Utan kaupstaða fær hann 6 kr. í dagpeninga og dýrtíðaruppbót að auki. Í kaupstöðum borgast eftir samkomulagi. Kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.

Próf skal haldið að vorinu, og ákveður prófdómandi stað og tíma í samráði við skólanefnd. Til prófs skulu koma öll börn skólahjeraðsins 8—14 ára að aldri.

Nú kemur barn á þessum aldri ekki til prófs án gildra forfalla, og skal þá prófdómandi prófa barnið á heimili þess eða á öðrum stað, er hann til tekur, og greiðir sá, er barnið hefir til framfæris, prófkostnaðinn.

19. gr.

Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að sterkar líkur sjeu til, að það nái eigi lögskipaðri kunnáttu áður en það er 14 ára, ber skólanefnd að gera ráðstafanir til að lögð sje við það meiri rækt en áður, og má hún, ef nauðsyn ber til, kaupa því sjerstaka kenslu á kostnað þess, er barnið hefir til framfærslu, samkvæmt því, er segir í 1. gr.

20. gr.

Barni, sem er fullra 14 ára og hefir eigi fengið hina lögskipuðu kunnáttu, ber skólanefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 19. gr., og er því skylt að koma á næsta ári til prófs. Komi það eigi til prófs, fer samkvæmt síðasta lið 18. greinar. Nú kemur það í ljós við próf 10 ára barns eða eldra, að það reynist að dómi kennara og læknis óhæft til hins lögboðna náms, sakir andlegs eða líkamlegs vanþroska, og skal þá ekki heimta af því aðra kunnáttu en nokkra þekking í lestri og skrift.

21. gr.

Börn þau, er með fullnaðarprófi hafa lokið lögskipuðu námi, skulu fá vottorð um kunnáttu sína og þroska, undirritað af prófdómanda og prófanda.

22. gr.

Að loknu prófi skal prófdómandi senda skólanefnd skriflegt álit sitt um hag barnafræðslunnar í skólahjeraðinu, en hún sendi það fræðslumálastjórninni, með öðrum lögboðnum skýrslum.

23. gr.

Fræðslumálastjórnin setur reglur um tilhögun prófanna og um skýrslur þær og skírteini, er henni skal senda um prófin.

V.

Um skólanefndir.

24. gr.

Í skólanefnd eiga sæti 3 menn í hreppsfjelögum, en 5 í kaupstöðum. Skipar fræðslumálastjórnin formann nefndarinnar. Í kaupstöðum kýs bæjarstjórn 4 skólanefndarmenn, en í hreppsfjelögum skulu 2 skólanefndarmenn ásamt varamönnum kosnir af þeim skólahjeraðsmönnum, er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum, og fer sú kosning fram á sama hátt og þá kosið er til hreppsnefndar, og samtímis, þegar því verður við komið. Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í skólanefnd.

Nú er ekki kosið til hreppsnefndar (bæjarstjórnar) það ár, er fyrst er kosið í skólanefnd, og er þá rjett að kjósa skólanefndarmenn aðeins til þess tíma, er slík kosning fer fram.

Þegar tvö eða fleiri skólahjeruð ganga saman í eitt, eru skólanefndarmenn hins nýja skólahjeraðs skipaðir og kosnir sem áður segir, að öðru en því, að hvor hreppur kýs sinn mann og varamann; sjeu hrepparnir fleiri en tveir, ræður hlutkesti hverjir tveir hinna kjörnu taka sæti í nefndinni. Hlutkestinu stjórnar formaður skólanefndar.

25. gr.

Skólanefndarmenn fara með umboð sitt í 3 ár, og má fela þeim það á ný að þeim tíma liðnum, en ekki eru þeir skyldir að taka við því fyrri en jafnlangur tími er liðinn og þeir sátu í nefndinni. Deyi nefndarmaður eða fari úr nefndinni annara orsaka vegna áður en tími hans er útrunninn, skal sá, er kemur í hans stað, aðeins vera í nefndinni þann tíma af þrem árum, sem enn er eftir.

26. gr.

Enginn nefndarmanna hefir atkvæðisrjett um þau mál, er snerta hann sjálfan persónulega, og er rjett að hann víki af fundi meðan rætt er eða ályktun gerð um málefni, er varðar hann sjálfan.

27. gr.

Formaður kallar nefndina saman til funda svo oft, sem þörf krefur. Nefndin getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sje viðstaddur. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum. Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði formanns ráða. Ályktanir nefndarinnar skulu ritaðar í gerðabók.

28. gr.

Skólanefnd hefir umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum skólahjeraðs síns. Hún auglýsir kennarastöðu, ef láus er, og ræður með sjer, hverjum umsækjanda hún vill mæla með til stöðunnar. Hún hefir eftirlit með því, að kennari geri skyldu sína, sjer um árleg próf, sem fyrirskipuð eru í lögum þessum, hefir eftirlit með skólasókn skólaskyldra barna og annast um að þau geti fengið nauðsynlegar bækur og áhöld eftir því, sem fræðslumálastjórnin ákveður. Hún hefir umsjón með og umráð yfir skólahúsum og annast um, að herbergi þau, sem höfð eru til kenslu, sjeu svo, að heilsu barnanna sje ekki hætta búin. Hún sjer um útvegun nauðsynlegra kensluáhalda. Hún afhendir bæjarstjórn eða hreppsnefnd í tæka tíð áætlun um kostnað við barnafræðsluna ár hvert og ráðstafar því fje, sem kaupstaðurinn eða hreppurinn veitir til barnafræðslu. Hún semur reglugerð um tilhögun barnafræðslunnar í skólahjeraði sínu, eða gerir breytingar á eldri reglugerðum, eftir því, sem þörf krefur, og sendir fræðslumálastjórninni til samþyktar. Hún býr út skýrslur þær og skírteini, sem fræðslumálastjórnin heimtar, um hag barnafræðslunnar.

Verði ágreiningur milli skólanefndar og hreppsnefndar um fjárframlög til barnafræðslu, skal hann lagður undir úrskurð fræðslumálastjórnar.

29. gr.

Formaður skólanefndar hefir á hendi aðalframkvæmd þess, er segir í 28. gr., og sjer um, að öll störf, sem nefndin á að annast, sjeu samviskusamlega unnin. Formaður sjer um bókun á fundargerðum skólanefndar, skýrslur þær, er af henni eru heimtaðar, og annast brjefaviðskifti hennar. Formaður skólanefndar utan kaupstaða heldur reikning yfir tekjur og gjöld barnafræðslunnar í skólahjeraðinu ár hvert, og skal reikningurinn endurskoðaður af hreppsnefnd. Reikningar barnafræðslunnar skulu sendir fræðslumálastjórninni í afriti.

30. gr.

Fræðslumálastjórnin setur nánari ákvæði um skyldur og störf skólanefnda.

VI.

Ýmisleg ákvæði.

31. gr.

Um lækniseftirlit með heilbrigði kennara og skólabarna og hollustuháttum skólanna fer eftir því, sem yfirstjórn heilbrigðismála ákveður í samráði við fræðslumálastjórn.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru frá sama tíma úr gildi numin lög um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907, lög um breyting á þeim lögum frá 30. júlí 1909, og önnur ákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

Ed. **554. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að gera tillögur um verndun Þingvalla og undirbúning hátíðahaldanna 1930.

Frá Jónasi Jónssyni.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa með hlutfallskosningu 3 manna nefnd, er starfar endurgjaldslaust, til að gera tillögur um verndun Þingvalla og undirbúning hátíðahaldanna 1930. Ef kosin verður í neðri deild nefnd í sama tilgangi á þessu þingi, skulu nefndirnar starfa saman.

Nd. **555. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 12. gr. a. Fyrri málsgr. falli niður.
2. Við 12. gr. b. Orðið »þá« í 1. línu síðari málsgreinar falli niður.

Ed. **556. Frumvarp**

til laga um Landsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 171, með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Til gullforða telst:

a. Lögleg gjaldgeng gullmynt.
b. Ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi minst 2480 kr. fyrir hvert kílógramm af skíru gulli.
c. Innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er, í erlendum bönkum, sem bankaráðið telur fulltrygga og ráðherra samþykkir, að frádregnum samskonar skuldum bankans, þó eigi yfir 1/4 alls gullforðans.

Gullforði bankans samkvæmt a- og b-lið skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum (og útibúum hans, ef þeim ber að leysa inn seðla samkvæmt 7. gr.). Þó má til þess hluta gullforðans telja gull það, sem sannað er um, að sje á leið hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 300000 krónur í einu.

Á eftir 51. gr. er komin ný grein, 52. gr., svo hljóðandi:

Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema öðruvísi sje ákveðið í stofnskrám eða skipulagsskrám. Sama er um ríkisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til Söfnunarsjóðs Íslands, nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum. Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44, 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

52.—69. gr. í stjórnarfrv. eru orðnar 53.—70. gr.

62. gr. (áður 61. gr.) hljóðar svo:

Kosning í landsbankanefndina fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1926. Þegar eftir að lög þessi eru gengin í gildi, skal sá, sem flest atkvæði hefir fengið við kosninguna í landsbankanefndina, kveðja nefndina til fundar og sjá um kosningu 4 manna í bankaráðið. Jafnframt skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, formann bankaráðsins. Ráðherra sjer síðan um, að fram fari úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins. Bankaráðið sjer um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist að fullu í framkvæmd þegar eftir að úttekt er lokið, þó eigi síðar en 1. janúar 1928.

64. gr. (áður 63. gr.) hljóðar svo:

Launaákvæði laga þessara ná ekki til núverandi bankastjóra. Meðan þeir gegna bankastjórastöðu við Landsbankann, halda þeir núverandi launum sínum, nema öðruvísi semjist. Uppsagnarákvæði 38. gr. koma eigi til framkvæmda fyr en jafnóðum sem sæti losnar í bankastjórninni. Aðalbankastjóra skal ráða þegar eitt sæti losnar í bankastjórninni.

Jafnskjótt sem núverandi bókari, aðalfjehirðir og fjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum laga þessara.

69. gr. (áður 68. gr.) hljóðar svo:

Landsbankinn endurkaupir af Íslandsbanka góða viðskiftavíxla gegn forvöxtum, sem sjeu ekki minna en 1% lægri en forvextir Íslandsbanka, þó aldrei lægri en 1% undir forvöxtum Landsbankans til peningastofnana, fyrir alt að $^5/_8$ þeirrar upphæðar, sem Íslandsbanki hefir á hverjum tíma dregið inn af seðlaveltu sinni, miðað við 31. okt. 1922; en þá telst seðlavelta Íslandsbanka hafa verið 8 miljónir króna. Eftir að Íslandsbanki hefir dregið inn alla seðla sína minkar fjárhæð sú, sem Landsbankinn endurkaupir með þessum kjörum, um $^1/_4$ miljón króna á ári hverju, þar til hún hverfur alveg.

Ed. **557. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um útsvör.

Frá Guðmundi Ólafssyni.

1. Við 1. gr. 7. málsgr. Aftan við málsgreinina bætist: nema annað sje tekið fram.
2. Við 2. gr. Fyrir »Reikningsár sveita er almanaksárið« komi: Reikningsár hreppa er fardagaárið, en kaupstaða almanaksárið.
3. Við 6. gr. I. tölulið. Orðin »að minsta kosti 5 króna« falli niður.
4. Við 10. gr. Fyrir »$^1/_3$ hluta« í niðurlagi fyrri málsgreinar komi: helming.
5. Við 22. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, er orðist svo:
   Kærum, sem koma að liðnum kærufresti, verður ekki sint.
6. Við 26. gr. Greinin falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.
7. Við 27. gr. 1. málsgr. Fyrir »15. júlí« og »15. október« í upphafi greinararinnar komi: 15. apríl og 15. júní.
8. Við 32. gr. Greinin falli niður og greinatalan breytist eftir því.

Ed. **558. Breytingartillaga**

við frv. til laga um útsvör.

Frá Ingibjörgu H. Bjarnason.

Við 17. gr. Tvo síðustu málsliði fyrstu málsgr. (»Skylt er ... undan kjöri«) skal orða svo:

Skylt er hverjum manni sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára, heilum og hraustum, konum jafnt sem körlum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskylt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri fyr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni.

Nd. **559. Breytingartillögur**

við frv. til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 1. gr. 1. (þskj. 67).
   Fyrir »25 ára« komi: 22 ára.
   Til vara: 23 ára.
2. Við 5. gr. fyrri málsgr. (þskj. 520).
   a. Fyrir »6 ára« komi: 4 ára.
   b. Fyrir »3 ára« komi: 2 ára.

Ed. **560. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 539, við frv. til laga um verðtoll á nokkrum vörum.

Frá fjármálaráðherra.

Við 2. Fyrir »1. mars 1928« komi: 1. jan. 1929.

Nd. **561. Frumvarp**

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til virkjunar Dynjandisár og annara fallvatna í Arnarfirði o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita hlutafjelögunum Dansk-islandsk Anlægsselskab í Kaupmannahöfn og Islands Salt- & kemiske Fabrikker í Reykjavík sjerleyfi til:

1. Að virkja Dynjandisá, Sviná, Mjólkurárnar og Hofsá í Arnarfirði. Leyfið felur í sjer heimild til að gera vatnsmiðlunarvirki í ám þessum og lækjum eða vötnum, er þær eru í sambandi við eða heppilegt þykir að miðla vatni í vegna fyrirtækja þeirra, er í lögum þessum getur, þar á meðal hækka eða lækka vatnsbotn eða farveg, gera vatnsrásir ofan jarðar eða neðan eftir þörfum, þar á meðal brottrás handa vatni frá orkuveri, sbr. 2. tölul., og yfir höfuð að fara með vatnið eftir því, sem nauðsyn krefur

til að ná úr því orku þess, og svo sem samrýmast má landslögum. Gert er ráð fyrir, að virkjaðar verði alt að 40 þúsund hestorkum.

2. Að reisa orkuver í Arnarfirði, í því skyni að breyta vatnsorku þeirri, sem í 1. tölul. segir, í raforku, og starfrækja það eða þau.
3. Að leiða raforku frá orkuveri eða orkuverum þeim, er í 2. tölul. greinir, til Önundarfjarðar um þá staði og með þeim hætti, er best þykir henta, til afnota í iðjuveri eða iðjuverum þeim, er í 4. tölul. getur.
4. Að reisa iðjuver í Önundarfirði til málmbræðslu, leirbrenslu, saltpjetursvinslu eða til annarar iðju eða hagnýtingar efna úr námum þeim, er ofannefnd fjelög hafa nú heimild á tekið, eða kunna síðar að eignast, og vinna má með orku þeirri, er lög þessi greina.
5. Að gera vegi eða önnur samgöngutæki frá iðjuveri eða iðjuverum til sjávar og þangað, sem námur fjelaganna eru, svo og til að gera höfn, bryggjur eða skipalægi, eftir því sem nauðsyn krefur til starfrækslu iðjuvera eða náma.
6. Að taka lögnámi land og rjettindi yfir landi eða netlögum, svo og að leggja kvaðir á land eða netlög, að því leyti sem nauðsynlegt er til að koma fyrirtækjum þessum í framkvæmd, sem í 1.—5. tölul. segir, enda komi fult endurgjald fyrir.

2. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa varnarþing á Íslandi, enda hafi hann hjer búsettan umboðsmann, er birta megi stefnu og svari til saka fyrir dómi í málum á hendur leyfishafa, en að minsta kosti tveir fimtu hlutar stjórnarmanna skulu vera búsettir á Íslandi.

3. gr.

Ekki má framselja sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ráðherra komi til, enda fullnægi nýr leyfishafi skilyrðum 2. gr.

4. gr.

Sjerleyfistími má vera alt að 60 árum.

5. gr.

Sjerleyfishafi skal vera undanþeginn eignarskatti, tekjuskatti til ríkissjóðs, útsvari og hærra útflutningsgjaldi en nú er, eða öðrum samskonar gjöldum, er á kunna að verða lögð. Í stað þess skal hann gjalda af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum 3 krónur árlega af hverri nýttri hestorku fyrstu 3 árin, en síðan 5 krónur árlega af hverri nýttri hestorku. Gjald þetta skiftist þannig milli ríkissjóðs og sveitarsjóðs, að ríkissjóður hlýtur tvo þriðju hluta, en sveitarsjóður þriðjung. Ef fyrirtækið er útsvarsskylt í fleirum en einum hreppi, skiftist sveitarsjóðshlutinn milli þeirra í hlutfalli við fólksfjölda.

Sú raforka, sem seld er til almennings samkvæmt sjerleyfislögum, skal þó undanþegin þessu árgjaldi.

6. gr.

Um sölu á raforku til almennings fer eftir sjerleyfislögum, og skal þó verð árshestorkunnar ekki fara fram úr 50 krónum.

7. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa byrjað á mannvirkjum þeim, sem í 1. gr. segir, innan 4 ára frá dagsetningu sjerleyfis og hafa lokið þeim innan 9 ára frá sama tíma. Ráðherra getur framlengt fresti þessa um alt að 1 ári hvorn.

8. gr.

Rjettindi og skyldur sjerleyfishafa og skifti hans og ríkisstjórnar fara samkvæmt landslögum, þ. á. m. sjerleyfislögum, að svo miklu leyti, sem ekki er um mælt í lögum þessum. Nú skilur aðilja á um það, hvort atriði skuli sæta úrlausn eftir þessum lögum eða landslögum, og skal þá hæstirjettur einn dæma það mál. Sjerleyfisdómur samkvæmt sjerleyfislögum sker annars úr, ef ágreiningur verður um efndir á ákvæðum sjerleyfisins, með þeim hætti, sem í sjerleyfislögum greinir.

9. gr.

Nú er heimild sú, er felst í lögum þessum, ekki notuð innan ársloka 1928, og falla þá lögin úr gildi.

Nd. **562. Breytingartillögur**

við frv. til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga.

Frá Sveini Ólafssyni.

I. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Leita skal stöðvunar á verðgildi íslenskra peninga í því gengi, sem nú er skráð.

II. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Gengisnefnd skal láta fram fara ítarlega rannsókn á því, hvert sje hið raunverulega gildi peninganna í innlendum og erlendum viðskiftum. Skal rannsóknin vera tvíþætt og miðuð við 1. júní og 31. desember 1926. Skýrsla um rannsóknina skal lögð fyrir næsta þing.

Ed. **563. Þingsályktun**

um rýmkun landhelginnar.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera hinar ítrustu tilraunir til þess að fá samningum við Stóra-Bretland um landhelgi Íslands

breytt á þá leið, að hún sje færð út þann veg, að innan hennar verði allir firðir og flóar og helstu bátamið.

Stjórninni er heimilt að senda til Englands mann eða menn til þess að greiða götu þessa máls, og sjerstaklaga vekja athygli á þeirri alþjóðanauðsyn, sem á því er að stækka hið friðaða svæði, til þess að vernda framtíðarfiskveiðar í hafinu kringum Ísland.

Kostnað af sendiförinni skal greiða úr ríkissjóði.

Ed. **564. Lög**

um afnám laga nr. 21, 4. júní 1924, og breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914 *[Sauðfjárbaðanir]*.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

1. gr.

Lög nr. 21, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir, eru úr gildi numin.

2. gr.

3. og 4. gr. laga nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir, eru úr gildi numdar.

Ed. **565. Lög**

um skipströnd og vogrek.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

I. kafli.

Um skipströnd.

1. gr.

Hver, sem þess verður var, að hafskip sje í hættu statt við land eða strandað, eða að góss úr því reki á land, er skyldur að gera alt, sem í hans valdi stendur, til þess að bjarga mönnum og góssi, enda skal hann tafarlaust skýra hreppstjóra, eða lögreglustjóra, ef auðveldara er að ná til hans, frá atburðum með firðskeyti eða símtali, ef þess er kostur, en ella með skyndiboða. Hreppstjóri skal með sama hætti skýra lögreglustjóra frá skipreika. Lögreglustjóri skýrir síðan dómsmálaráðherra, svo og eigendum og vátryggjendum skips

og farms eða umboðsmönnum þeirra, ef vitað er hverjir eru, frá því, hvernig komið er, með firðskeyti, ef þess er kostur, en ella með næstu póstferð. Dómsmálaráðuneytið skal svo, jafnskjótt sem unt er, tilkynna skipreikann fyrirsvarsmanni þess ríkis, sem skip er frá.

2. gr.

Hreppstjóri, eða lögreglustjóri, ef hann er fyrr á strandstað kominn, skal svo fljótt sem unt er fá úr því skorið, hvort skip skuli talið strandað. En þá er skip talið strandað og rjett að fara með það eftir lögum þessum, ef það er rekið upp eða fast orðið við land, enda verði því ekki bjargað á sjó út og gert haffært áður en hætta sje á því, að það farist að miklu leyti eða öllu. Hreppstjóri eða lögreglustjóri tilnefnir tvo valinkunna menn, er, að viðlögðum drengskap, meta þetta með honum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

3. gr.

Hreppstjóri skal annast björgun og aðhlynning manna, varðveislu skips og björgun góss og varðveislu, þar til lögreglustjóri skipar fyrir um þau efni (sbr. þó 4. og 5. gr. og fyrstu málsgrein 7. gr.). En gæta skal hreppstjóri þess, að ekkert það verði gert, er tálma kunni síðar rannsókn nokkurra þeirra atriða, er strandið varða.

4. gr.

Nú neitar skipstjóri eða annar viðstaddur fyrirsvarsmaður skips því skriflega, að góssi verði bjargað eða að ráðstafanir til björgunar verði gerðar, þar til lögreglustjóri kemur, og hlutast hreppstjóri þá ekki um björgun góss eða skips.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur gera eyðublöð með spurningum á íslensku, dönsku, ensku, þýsku og frönsku um skip og skipstjóra, ferð þess, hvernig slysið vildi til, hvaða ráðstafana óskað sje af hálfu stjórnvalda um björgun og meðferð skipsmanna, og fá lögreglustjórum og hreppstjórum eyðublöð þessi. Skal hreppstjóri leggja eyðublað fyrir skipstjóra eða þann, sem í stað hans kemur, jafnskjótt sem því verður við komið, enda skal skipstjóri skrá svar sitt skýrt og greinilega við hverri spurningu. Nú verður brestur á þessu, og skal þá líta svo á, sem skipstjóri óski ekki aðstoðar íslenskra stjórnvalda.

Þegar er því verður við komið, skal hjeraðsdómari láta skipstjóra staðfesta áður nefnda skýrslu sína fyrir dómi, svo og halda sjóferðapróf með þeim hætti, er í sjódómslögum segir, og eftir því, sem við á. Sjóferðapróf og staðfesting skýrslu þarf þó ekki að fara fram, ef fyrirsvarsmaður þess ríkis, sem skip er frá, telur þess ekki þörf, nema manntjón hafi orðið eða slys á mönnum.

6. gr.

Lögreglustjóri skal, svo fljótt sem kostur er á og eftir þörfum, skipa fyrir um björgun og meðferð skipbrotsmanna. Ef hann fer ekki sjálfur á vettvang, þá felur hann hreppstjóra eða öðrum umboðsmanni sínum framkvæmdir.

7. gr.

Nú vill skipstjóri eða sá, er í hans stað kemur, eða umboðsmaður útgerðar eða vátryggjanda, annast sjálfur björgun á skipi eða góssi frá öndverðu, og er honum það þá rjett, en ekki er björgunarsamningur þó bindandi, nema samþykki lögreglustjóra eða viðkomandi ræðismanns komi til, enda sje sett, að áliti lögreglustjóra, full trygging af hálfu skips eða góss fyrir efndum samningsins.

Rjett er eiganda eða vátryggjanda strandaðs skips eða góss að taka í sínar hendur björgun og meðferð á skipi og góssi hve nær sem er, enda setji þeir fullnægjandi trygging fyrir greiðslu alls áfallins kostnaðar og þess kostnaðar, er síðar kann löglega að falla, þar með kostnaður við heimsending strandmanna. Um björgunarsamninga fer samkvæmt 1. málsgr.

Hvarvetna þess er aðili tekur björgun skips eða góss í sínar hendur, eru íslensk stjórnvöld við hana skilin.

8. gr.

Nú er ekki svo ástatt sem í 1. málsgr. 7. gr. segir, og má þá hreppstjóri eða lögreglustjóri ekki fresta björgun, þó að ósamið sje um bjarglaun. Kveður lögreglustjóri þá á um það, hversu þeim skuli greiða, er að björgun starfa. Bjarglaun skal annaðhvort miða við þann tíma, sem hver hefir unnið, enda komi þá til greina atvik öll, eða við verðmæti þess, sem bjargað er, enda sjeu þau þá að jafnaði þriðjungur verðs hins bjargaða, að frádregnum sölukostnaði.

9. gr.

Lögreglustjóri eða sá, er í stað hans stýrir björgun, skal sjá um það, að alt, sem gert verður til að bjarga mönnum, skipi eða góssi, verði unnið svo fljótt og vel sem kostur er. Skal fyrst og fremst, næst mannbjörg, bjarga skipsskjölum. Ef líklegt þykir, að skipi verði af grunni komið og að það verði gert haffært, þá skal kosta kapps um, að svo megi verða. Af góssi skal björgun á því, sem verðmætast er, ganga fyrir svo sem unt er, og skal þess jafnan gætt, að öll merki eða auðkenni á góssi skemmist sem minst.

Rjett er aðilja eða umboðsmanni hans að vera við björgun.

10. gr.

Skylt er öllum verkfærum alþýðumönnum sjálfum sjer ráðandi að vinna að björgun og varðveislu bjargaðra muna, er lögreglustjóri eða umboðsmaður hans kveður þá til þess. Með sama hætti er manni skylt að lána heimamenn sína, bát sinn, hesta eða áhöld til björgunar eða flutnings bjargaðra muna á geymslustað. Ennfremur er mönnum skylt að lána hús sín til geymslu bjargaðra muna, ef þeir mega án þeirra vera og þau spillast ekki verulega fyrir slíka notkun. Ef bjargað góss verður ekki geymt á fulltryggan hátt, þá skal setja um það vörð. Endurgjald fyrir lán hesta, skipa og áhalda, svo og kaup varðmanna, ákveður lögreglustjóri.

Ef strandmunir hverfa eða fara forgörðum af mannavöldum, skal hreppstjóri eða sá annar, er með umboð lögreglustjóra fer, skýra honum tafarlaust frá því, enda skal lögreglustjóri rannsaka málið jafnskjótt sem unt er.

11. gr.

Ef skipbrotsmenn geta ekki sjálfir útvegað sjer húsnæði, mat og aðrar nauðsynjar, þar á meðal aðhjúkrun á sjúkum mönnum, þá skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans hlutast til um það, að bætt verði úr nauðsyn þeirra við sanngjörnu endurgjaldi, sem lögreglustjóri ákveður. Með sama hætti skal sjá um greftrun dáinna skipverja, enda skal gera hana með fullri sparsemi, ef greiða skal af strandinu.

Skylt er að veita skipbrotsmönnum húsaskjól og aðhlynningu eftir megni og að því leyti sem ekki fer í bága við sóttvarnarráðstafanir.

Lögreglustjóri skal sjá um það, að skipbrotsmönnum verði veittur nauðsynlegur fararbeini þegar er þeir mega frá strandi hverfa.

Nú tekur umboðsmaður þess ríkis, er skip er frá, að sjer málefni þau, er í grein þessari segir, og eru þá íslensk stjórnvöld frá þeim tíma við þau skilin.

12. gr.

Hreppstjóri heldur dagbók um strand hvert. Þar skal hann skrá nafn skips og heimilisfang og útgerð, hvar, hvernig og hvenær slys hafi að borið, hvenær (dag og klukkustund) hann hafi orðið þess var, hver eða hverjir þar hafi fyrst að komið, hver hafi fært honum fregn um atburði, hvenær hann sjálfur hafi á vettvang komið og hvernig hafi þá verið þar umhorfs, hvar skip og góss var og hvernig það hafi þá verið farið, hvort skipstjóri og skipverjar hafi þar þá verið, hvernig þeir hafi bjargast og hvernig ástatt sje um þá, hvort nokkur hafi farist eða slasast, hverjir hafi komið þeim til hjálpar, hvort hann hafi látið meta, hvort skip skyldi talið strandað, hverjir hafi gert það og hver niðurstaðan hafi orðið; hvaða ráðstafanir hann hafi gert til björgunar og aðhlynningar manna og til björgunar og varðveislu góss, bæði áður en og eftir að hann fjekk fyrirskipanir lögreglustjóra, hverju bjargað hafi verið, enda sje gerð svo nákvæm skrá um það sem unt er. Þá skal í dagbók skrá, ef skipstjóri afsalar sjer afskiftum hreppstjóra af björgun, hvort hann hafi gefið skýrslu samkvæmt 5. gr., svo og hvað annað, er strandið varðar og hreppstjóri skal annast. Eftirrit úr dagbók sendir hreppstjóri lögreglustjóra ásamt öðrum strandskjölum.

Lögreglustjóri löggildir stranddagbók hreppstjóra. Hana skal og gegnumdraga og tölusetja. Ríkissjóður kostar hana.

Hverju sinni er bókun er lokið, ritar hreppstjóri nafn sitt undir hana, ásamt skipstjóra eða þeim, er í stað hans kemur, ef hægt er að gera honum bókunina skiljanlega, og 2 öðrum valinkunnum mönnum, eftir að bókun hefir verið lesin upp fyrir þeim. Túlk skal hafa, ef hans er kostur og þörf.

Lögreglustjóri skráir í lögreglubók eða sjerstaka strandbók það, er hann gerir og strand eða strandmenn varðar, að undantekinni skýrslu um strandupppboð.

13. gr.

Þeim, sem björgun stýrir eða annast gæslu á strandgóssi, er rjett að vísa burt öllum þeim mönnum, sem engan þátt taka þar í og eru að öðru leyti óviðriðnir strandið. Svo skal og vísa brott þeim bjargendum eða flutningsmönnum

strandgóss, er gera sig óhæfa til starfsins vegna óreglu, ótrúmensku eða óspekta. Taka má þá fasta, er ekki fara fúslega. Lögreglustjóri sker úr ágreiningi út af framkvæmdum við bjögun eða varðveislu strandgóss, og skal hann síðar bóka úrskurði þá, er hann hefir kveðið upp munnlega.

14. gr.

Lögreglustjóri skal sjá um, að matvæli þau eða drykkjarföng, sem skemst hafa við strand og ef til vill eru skaðvæn heilsu manna, verði rannsökuð af hjeraðslækni, eða, ef ekki næst til hans, af tveimur mönnum, sem vit hafi á því. Skulu þeir segja til um það, hvort nota megi vörurnar og hvernig, án þess að tjón hljótist af, og skal þá selja þær með því skilorði, er þeir setja. Nú reynast vörur svo spiltar, að hætta er talin af notkun þeirra, og skal þá ónýta þær, og hafi lögreglustjóri eða hreppstjóri umsjón með því.

15. gr.

Nú strandar skip, sem ekki hefir fengið heilbrigðisvottorð hjer á landi, eftir að það síðast fór frá útlendri höfn, eða síðast hafði mök við skip á hafi úti, og skal þá, að svo miklu leyti sem frekast er unt, fara með skipið og skipshöfnina eftir fyrirmælum gildandi sóttvarnarlaga.

16. gr.

Nú er tollvörum eða bannvörum bjargað, og skal þá lögreglustjóri eða hreppstjóri sjá um, að farið verði með þær lögum samkvæmt.

17. gr.

Strandað skip eða það úr því, sem bjargast hefir, svo og bjargað strandgóss, skal selja á opinberu uppboði, nema aðiljar samþykki annarskonar sölu. Þá skal selja, er hallkvæmast má telja, enda skal gæta þess, að draga ekki sölu á munum, er ekki þola geymslu eða falla mundu annars í verði fyrir geymslu, eða hún yrði svo dýr, að hún svaraði ekki kostnaði.

Lögreglustjóri skal, eða hreppstjóri í umboði hans, gera allar þær ráðstafanir, sem þörf er á vegna uppboðs. Uppboð skal birta þeim, er í grend búa, og ef mikið er til sölu, þá einnig í nágrannasveitum. Lögreglustjóri kveður á um uppboðsskilmála. Þar skal meðal annars vera svo mælt, að skip eða skipsleifar, sem ekki eru fluttar burt úr fjöru eða flæðarmáli innan 2 ára frá skipstrandi talið, verði eign ríkissjóðs eða fjörueiganda samkvæmt 29. gr. laga þessara. Gjaldfrestur má ekki skemmri vera en 14 dagar, en innheimtumaður uppboðsandvirðis ræður því, hverjum gjaldfrestur verður veittur. Rjett er að uppboðshaldari annist innheimtu, en eigi mega innheimtulaun fara fram úr 6 af hundraði, og hálfu minni skulu þau vera, ef greitt er við hamarshögg.

Lögreglustjóri leitar álits aðilja eða umboðsmanns hans um uppboð, ef þess er kostur án verulegs kostnaðar eða tafar, enda metur lögreglustjóri það.

18. gr.

Jafnskjótt sem sölu strandgóss er lokið og kostnaður af strandi allur, þar á meðal kostnaður af flutningi skipbrotsmanna til burtfararhafnar hjeðan af landi, er fenginn, semur lögreglustjóri reikning um strandið. Sendir hann dómsmálaráðuneytinu reikninginn tvíritaðan ásamt fylgiskjölum, þar á meðal dagbókareftirriti hreppstjóra, eftirriti úr lögreglubók eða strandbók og uppboðsbók, skipskjölum, sjóferðaprófi o. s. frv., til endurskoðunar og úrskurðar í öllum atriðum. Þegar dómsmálaráðuneytið hefir úrskurðað reikninginn, sendir það hann fyrirsvarsmanni viðkomandi ríkis, ef það hefir hjer umboðsmann sinn, en ella til annara rjettra aðilja.

Uppboðsandvirði strandgóss, sem afgangs kann að verða kostnaði öllum af strandinu, sendir lögreglustjóri dómsmálaráðuneytinu jafnskjótt sem honum hefir verið tilkynt, að reikningur væri úrskurðaður og gjaldfrestur liðinn. Dómsmálaráðuneytið sendir fjeð síðan fyrirsvarsmanni viðkomandi ríkis eða öðrum aðiljum.

19. gr.

Lögreglustjóri eða umboðsmaður hans eða hreppstjóri skulu fá 10 krónur í fæðispeninga dag hvern, er þeir þurfa að vera að heiman vegna strands, og að auki ferðakostnað eftir reikningi. Þá daga, er hreppstjóri heldur uppboð á strandgóssi, fær hann lögmælt sölulaun í stað fæðispeninga.

Fyrir sjóferðapróf skal gjalda hjeraðsdómara 12 krónur.

20. gr.

Skip og góss, annað en venjulegur farangur skipverja, er, þar til það er selt að tilhlutun lögreglustjóra, og síðan andvirði þess, að veði framar öllum öðrum höftum, er á því kynnu að hvíla, til tryggingar öllum þeim kostnaði, er af strandi leiðir og áfallinn er fyrir ráðstafanir stjórnvalda eða einstakra manna, er þeir hafa gert af nauðsyn áður en stjórnvöld komu til, svo sem björgunarlaunum, hýsingu, flutningi og heimsendingu skipverja, varðveislu góss, ferðakostnaði og dagpeningum, gjöldum fyrir rjettargerðir, eftirrit, sendiferðir, símskeyti o. s. frv.

Ef andvirði strandgóss hrekkur ekki fyrir öllum strandkostnaði, og fyrirsvarsmaður viðkomandi ríkis greiðir hann ekki þegar, þá má eftir ósk lögreglustjóra greiða úr ríkissjóði það, sem á vantar, gegn endurgjaldi frá rjettum aðiljum.

21. gr.

Nú strandar íslenskt skip hjer við land, og taka þá ákvæðin hjer að framan ekki til þess, nema fyrirmæli 1., 3., 6., 9., 10. og 11. gr. um björgun á mönnum og góssi og tilkynningar til hreppstjóra og lögreglustjóra og 14., 15. og 16. gr., svo og 20. gr., að því leyti sem ráðstafanir íslenskra stjórnvalda vegna strandsins hafa haft kostnað í för með sjer.

II. kafli.
Um vogrek.

22. gr.

Það er vogrek, er mannlaust skip rekur á land eða skipshluta eða aðra muni, sem svo eru merktir eða svo er annars farið um, að ætla má eignarrjetti undirorpna.

23. gr.

Ábúandi eða notandi lands skal vogrekum bjarga og veita þeim vörð. Ef enginn er ábúandi eða notandi, þá skal landeigandi bjarga vogrekum og geyma þeirra. Tilkynna skal hreppstjóra eða lögreglustjóra vogrek, enda skulu þeir hlutast til um björgun vogreks, ef þess gerist þörf, og varðveislu. Ef lögreglustjóri hefir ekki sjálfur skoðað vogrek, þá ber hreppstjóra að láta honum í tje, jafnskjótt sem verða má, glögga lýsing á því og áætlun um verðmæti þess.

24. gr.

Nú sannar maður ótvírætt heimild sína til vogreks, áður en það er auglýst, og má þá selja honum það í hendur. Annars kostar skal vogrek auglýsa með þeim hætti, er hjer skal sagt verða:

Ef ætla má eftir framkomnum upplýsingum, að vogrek nemi ekki yfir 200 kr., þá auglýsir lögreglustjóri það með þeim hætti, er hann telur best fallinn til þess að komast fyrir það, hver eigandi sje. Ef telja má vogrek meira virði, þá auglýsir lögreglustjóri það einu sinni í Lögbirtingablaði, enda sendir dómsmálaráðuneytið fyrirsvarsmönnum annara ríkja hjer á landi eintak af auglýsingunni. Í auglýsingu skal lýsa vogreki eftir föngum og skora á tilkallsmenn að gefa sig fram innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar og sanna lögreglustjóra heimildir sínar, því að annars kostar verði vogrek eða andvirði þess eign ríkissjóðs eða fjörueiganda. Áður en liðnir eru 6 mánuðir má engum tilkallsmanni selja vogrek í hendur, nema hann setji fulla trygging fyrir því, að hann skili vogreki aftur eða andvirði þess, ef annar skyldi koma áður frestur sje liðinn með ríkari gögn fyrir tilkalli sínu.

25. gr.

Nú sannar maður heimildir sínar að vogreki áður lögmæltur frestur sje á enda, og skal þá selja honum það í hendur eða andvirði þess. Annars kostar verður vogrek eða andvirði þess eign ríkissjóðs, ef það eða andvirði þess nemur 500 kr. eða meira, að frádregnum öllum áföllnum kostnaði, og ef um skip eða skipsflak er að ræða, að frádregnum áætluðum kostnaði við brottnám þess úr fjöru, en ella fjörueiganda.

Tilkallsmaður, er gefur sig fram áður en frestur er liðinn, getur borið kröfu sína undir dómstóla, ef lögreglustjóri vill ekki taka hana að öllu til greina. Ef fleiri en einn gera tilkall til vogreks, má engum þeirra selja í hendur fyr en úr því er skorið með fullnaðardómi, hver skuli fá vogrek eða andvirði þess.

Nú ber maður upp kröfu sína eftir að lögmæltur frestur er liðinn, og á

hann þess máls aldrei uppreist, nema hann sanni fyrir dómi, að ólöglega hafi með málið verið farið af hálfu stjórnvalda.

Mál samkvæmt 2. og 3. málsgr. skal höfða á hendur lögreglustjóra á varnarþingi hans, enda sje honum stefna birt áður en liðnir eru 6 mánuðir frá því, er hann synjaði kröfu stefnanda.

Nú þykir tvímælis orka um verðmæti vogreks, og skulu þá 2 dómkvaddir menn meta það.

26. gr.

Vogrek sjálft, meðan það er óselt, en andvirði þess, eftir að það hefir verið selt, er að veði til tryggingar öllum kostnaði af ráðstöfunum þeim, sem löglega eru gerðar til að bjarga því, varðveita það og auglýsa, og gengur veð það fyrir öllum höftum, er vera kynnu á vogreki, enda skal jafnan greiða allan þann kostnað áður en vogrek eða andvirði þess sje nokkrum til eignar fengið.

Lögreglustjóri úrskurðar þann kostnað, sem hjer segir, en bera má úrskurð hans undir dómsmálaráðuneytið áður en 3 mánuðir sjeu liðnir frá dagsetningu úrskurðar lögreglustjóra.

27. gr.

Nú er skip eða skipsflak, sem er vogrek, selt á opinberu uppboði, og skal þá setja í uppboðsskilmála slíkt ákvæði, sem í 17. gr. segir um brotthöfn skips af fjöru, og láta sama varða, ef af er brugðið.

III. kafli.
Almenn ákvæði.

28. gr.

Nú liggur skip eða skipsflak, þar á meðal vogrek, sem eigandi hefir leitt sig að, óhirt á fjöru 2 ár eða lengur frá því að eigandinn leiddi sig að því, ef svo hefir verið, og skal lögreglustjóri þá auglýsa, eftir beiðni þeirra, er eignast mundu skip eða skipsflak eftir 25. gr., ef það væri vogrek, í Lögbirtingablaði, að skip eða skipsflak verði fengið þeim í hendur til eignar samkvæmt þessari grein, nema skip eða skipsflak hafi verið tekið út áður en 9 mánuðir sjeu liðnir frá birtingu auglýsingar. Ef það hefir ekki verið gert innan þessa tíma, þá verður skip eða skipsflak eign ríkissjóðs eða fjörueiganda með þeim hætti, sem í 25. gr. segir.

29. gr.

Nú hefir skip eða skipsflak legið óselt á strandstað eitt ár, og getur lögreglustjóri þá látið selja það ásamt því, er því fylgir, á opinberu uppboði, ef óráðlegt þykir vegna hagsmuna almennings, að dómi dómsmálaráðherra, að láta það vera lengur óselt. Í uppboðsskilmálum skal kveða svo á, að skip eða skipsleifar, sem ekki verði flutt burt úr fjöru innan tveggja ára frá því, er strandið varð, skuli verða eign ríkissjóðs eða fjörueiganda samkvæmt 25. gr. Uppboð skal jafnan tilkynna þeim, er hafa sjerstaklega hagsmuna að gæta, ef heimilisfang þeirra er kunnugt, en annars kostar fyrirsvarsmanni þess ríkis, er skip var frá.

Uppboðsandvirði, að frádregnum kostnaði, skal svo greiða samkvæmt 2. málsgr. 18. gr.

Nú hefur aðili björgun eða tekur að vinna úr skipi áður en ár er liðið frá strandinu, og skal dómsmálaráðherra þá veita honum hæfilegan frest til að halda þeim athöfnum áfram, uns 2 ár eru liðin frá þeim atburði, eða alt að 3 árum, ef björgun er sjerstökum erfiðleikum bundin. Sömu fresti skal og veita uppboðskaupanda, sbr. 17. og 27. gr. og fyrri málsgr. þessarar greinar, ef eins er ástatt.

30. gr.

Atvinnumálaráðherra getur látið gera skip eða skipsflak óskaðvænt þegar eftir strand eða skipbrot, ef óhjákvæmileg nauðsyn þykir vegna hættu eða tálma, er af því stafi. Ef skip eða skipsflak verður annars til tálma eða hættu, þá skal vitamálastjórnin auðkenna staðinn, og jafnframt setja þeim, er skip eða skipsflak á, með auglýsingu í Lögbirtingablaði, hæfilegan frest til að hirða það. Að þeim fresti liðnum getur atvinnumálaráðherra látið gera skip eða skipsflak óskaðvænt. Ekki á sá, sem rjett á yfir skipi eða skipsflaki, kröfu til bóta, þó að eign hans sje spilt fyrir þær ráðstafanir, sem í þessari grein segir.

Til tryggingar kostnaði af ráðstöfunum samkvæmt þessari grein er skip eða skipsflak, svo og farmur, ef hætta stafar af honum eða verulegt óhagræði, og andvirði, ef sala hefir farið fram, að veði framar öllum öðrum höftum, er á þeim kynnu að hvíla. Má selja það, er bjargast kann, á opinberu uppboði til greiðslu kostnaðar, en það, er afgangs kynni að verða, skal greiða rjettum aðiljum samkvæmt 18. gr. 2. málsgr.

31. gr.

Fyrirmæli laga þessara hagga ekki reglum þeim um skipsflök á höfnum inni, sem settar eru eða settar kunna að verða í löggiltum reglugerðum kaupstaða eða kauptúna.

32. gr.

Um refsingar fyrir brot á lögum þessum fer sem hjer segir:

1. Ef einstakir menn brjóta það, sem þeim er boðið í 1., 10., 11. og 13. gr., eða hafa í frammi einræði eða mótþróa við björgun eða tefja hana viljandi, þá varðar það 10—1000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.
2. Ef lögreglustjóri, sjerstakur umboðsmaður hans eða hreppstjóri eða önnur stjórnvöld brjóta lög þessi, þá fer um refsingar fyrir það eftir almennum hegningarlögum.

33. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum gegn ákvæðum laga þessara skal farið sem með almenn lögreglumál, nema sakamálameðferð skuli beitt.

34. gr.

Lög þessi skal þýða á dönsku, ensku, þýsku og frönsku og sjerprenta, enda skal fá lögreglustjórum nægan forða af sjerprentunum og þýðingum til afnota handa hreppstjórum og öðrum, sem á þeim þurfa að halda.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

Frá sama tíma eru úr gildi numin þessi lagaboð:

Opið brjef 4. maí 1778, 1.—4. gr.

Opið brjef 2. apríl 1853.

Lög nr. 1, 14. jan. 1876.

Lög nr. 2, 2. febr. 1894, 6. gr.

Lög nr. 18, 2. nóv. 1914.

Lög nr. 56, 30. nóv. 1914, X. kap., að því leyti sem hann tekur til skipstranda, og loks öll önnur lagafyrirmæli, sem koma í bága við lög þessi.

Ed. **566. Breytingartillögur**

við frv. til laga um útsvör.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 8. gr. Á eftir b-lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
   Ef hann rekur atvinnu í fleiri sveitum en einni ekki skemur en 8 vikur. Svo og ef rekin hefir verið verslun, hvalveiði, fiskkaup, fiskafurðakaup, útvegur, síldarkaup, síldarsala, síldarverkun, síldarbræðsla eða annar atvinnurekstur, verksmiðjuiðnaður hverskonar sem hann er, enda þótt skemur sje rekið.
2. Við 9. gr. Liðirnir a. og c. falli niður.
3. Við 9. gr. 2. lið. Í stað »3000 kr.« komi: 1000 kr.
4. Við 9. gr. 3. lið. Í stað »5000 kr.« komi: 1200 kr.

Ed. **567. Frumvarp**

til laga um verðtoll á nokkrum vörum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum far-

angri ferðamanna. Alla reikninga um vörur, er um ræðir í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, svo og reikninga um fólksflutningabifreiðar, skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, og skulu allir slíkir reikningar stimplast með 10% af innkaupsverði þeirra vara, nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

A. Með 20% stimplast eftirtaldar vörur: Flugeldar og flugeldaefni. Gimsteinar og hverskonar skrautgripir. Glysvarningur og leikföng allskonar. Gullsmíðis- og silfursmíðisvörur. Jólatrjesskraut. Kaffibætisefni. Lakkskór. Loðskinn og fatnaður úr þeim. Plettvörur. Silki og silkivarningur. Silkihattar. Silkiskór og flosskór. Skrautfjaðrir. Sólhlífar. Veggmyndir.

B. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur þær, er nú skal greina: Asbestþráður, Áttavitar. Ávextir, nýir. Baðmullartvinni. Bambus. Bast. Bifreiða- og hjólhestadekk og slöngur. Blaðgull til gyllingar. Blautsápa. Boltar og rær. Botnvörpur. Botnvörpugarn. Brennisteinssýrur. Bronce. Burstar og sópar. Bæs. Dynamit. Dælur. Efni og áhöld til logsuðu og logskurðar. Efni til gasframleiðslu. Efni til bókbands. Eldavjela- og ofnhlutar. Flöskumiðar og tappar. Garn allskonar. Ger. Gerduft. Gibslistar. Gleraugu. Glóðarlampar. Gluggajárn. Grænmeti, nýtt. Gúmmíhælar og sólar. Hagldabrauð og tvíbökur. Hellulitur. Heygrímur. Heymælar. Hjólnafir. Hljóðfæri, nema grammófónar og grammófónplötur. Hnoð. Hunang. Hurðarhandföng. Húsgagnafjaðrir og keðjubotnar í rúm. Húsnúmer. Hvalur. Hvítmálmur. Karbolin. Kátsjúk (óunnið). Keðjulásar. Kensluáhöld. Kítti. Kolsýra. Kondensatorþráður. Kopar. Koparrör. Lamir. Lampaglös. Lampakveikir. Lásar. Látún. Leður og skinn (sútað). Leðurlíking. Ljósker. Lofthanar. Loftskeytatæki. Lyfjavörur. Lyklar og skrár. Læknistæki. Lökk. Málning. Meðalalýsi. Mottur til umbúða. Myndamót. Nauðsynjar við listmálningu. Nálar. Niðursoðin mjólk. Olíuhanar. Olíulampar. Ostahleypir. Pakkalitir. Pottar. Prentletur. Prentsverta. Prjónar. Prjónavjelar. Pönnur. Rafmagnstæki og mælar. Ratín. Reikningsspjöld. Reikningsvjelar. Ritvjelar. Fjölritar. Talningavjelar. Röntgentæki. Sáraumbúðir. Saumavjelar. Seglgarn. Síldarkrydd. Sink. Skipsbrauð. Skotfæri. Skólanauðsynjar. Skriðmælar. Skriftbækur. Skrúfur. Smíðatól. Smjörlíki. Sporvagnar. Stoppefni í húsgögn. Svínafeiti. Terpentína. Talsíma- og ritsímatæki. Trjelím. Trjeskór og klossar. Tvinni. Ullarkambar. Varahlutar til viðgerðar á vjelum og áhöldum, sem undanþegin eru verðtolli. Vatnshanar. Vaxdúkar. Vefjarskeiðar. Veggalmanök. Veggfóður. Viðhafnarlaus skófatnaður úr skinni og gúmmí. Víðboðstæki. Vír úr járni og kopar. Vitatæki og ljósmerkjatæki, og efni til þeirra. Vjelaeinangrunarefni. Vjelareimar. Vjelavaselín. Vjelaþjettingar. Vogir og lóð. Vörpukeðjur. Þurkefni. Þvottaefni.

Ennfremur er stjórninni heimilt að undanskilja þessum tolli þær efnisvörur, sem innlend iðnaðarfyrirtæki sanna fyrir henni, að þau noti til starfrækslu sinnar, svo og allar vjelar til iðnaðar og framleiðslu.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ákvæði 4. til 15. greinar laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um innheimtuna, um greiðslu stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem eru sendar til landsins í pósti, og annað, er snertir framkvæmd laganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1927 og gilda til 1. jan. 1929.

Ed. **568. Viðaukatillögur**

við brtt. á þskj. 566 [Útsvör].

Frá Einari Árnasyni.

1. Við 1. Aftan við liðinn bætist:
   Ennfremur ef skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda að minsta kosti samtals 4 vikur af gjaldárinu; ef um síldarafla er að ræða, má þó sá tími skemri vera.

2. Við 2. Fyrir »a og c« kemur: a., b. og c.

Ed. **569. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþykt. En minni hlutinn getur ekki fallist á að ganga inn á þá braut, að afla ríkissjóði tekna á þann hátt, er frv. gerir ráð fyrir.

Alþingi það, sem nú er að ljúka störfum að þessu sinni, hefir, sem öllum þingmönnum er kunnugt, samþykt lög, er banna hjer á landi alla verslun með hluti í útlendum happdráttum. Með þeim lögum hefir Alþingi kveðið upp þann dóm, að slík verslun sje þjóðinni óholl og nauðsyn beri til að koma í veg fyrir hana, að svo miklu leyti sem hægt er með lagaboði. Nágrannaþjóðirnar munu líka flestar einnig hafa sett hliðstæð lög. Íslenskt happdrætti getur því ekki boðið til sölu hluti sína nema með lagabroti; að því

mun Alþingi ekki vilja styðja. Auk þess mun Alþingi tæplega vilja styðja að aukinni spilafikn landsmanna, en frv. þetta, ef að lögum verður, hlýtur að hafa þær afleiðingar innanlands, að hún aukist mjög, og það sennilega mest hjá þeim hluta þjóðarinnar, sem óhollast er, unglingunum.

Til þess að þær tekjur náist fyrir ríkissjóð af happdrætti þessu, er flutningsmenn gera ráð fyrir að geti náðst, er það auðsætt, að afarmikið af hlutum verður að seljast utanlands. Er þá aðeins gerandi ráð fyrir, að slík sala fari fram í þeim löndum einum, sem það leyfa. En þá vaknar óhjákvæmilega sú spurning: Telur íslenska þjóðin sjer sæmandi að afla ríkinu tekna með því að reka í öðrum löndum verslun, sem er svo óholl, að sjálfsagt hefir þótt að banna útlendum fjelögum að reka hjer á landi? Þeirri spurningu svarar minni hlutinn hiklaust neitandi. Þar sem við álítum útlenda happdrættisverslun hjer á landi böl fyrir þjóðina, þá eigum við ekki að gera happdrættisverslun utanlands að tekjugrein fyrir ríkissjóðinn, ef við viljum vera sjálfum oss samkvæmir.

Minni hlutinn ræður því háttv. deild til að fella frv. þetta.

Alþingi, 10. maí 1926.

Ingvar Pálmason, frsm. Jónas Jónsson.

Nd. **570. Lög**

um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí).

I. kafli.

Um kosningarrjett og kjörgengi.

1. gr.

Rjett til að kjósa hreppsnefndarmenn, sýslunefndarmenn, bæjarfulltrúa, borgarstjóra (bæjarstjóra) og alla aðra starfsmenn í hreppum og kaupstöðum, er almenningur kýs, hafa allir, konur sem karlar, ef þeir:

1. Eru fullra 25 ára gamlir á kjördegi.
2. Eru fjár síns ráðandi.
3. Eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa jafnrjetti við þá.
4. Hafa átt lögheimili í kjördæmi (hreppi eða kaupstað) síðasta árið fyrir kjördag.
5. Hafa óflekkað mannorð, og
6. Standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

2. gr.

Sá er kjörgengur til starfa samkvæmt 1. gr., sem kosningarrjett hefir. Um borgarstjóra (bæjarstjóra) gildir ákvæði 1. gr. 4 tölul. þó ekki.

Ekki mega hjón nje menn skyldir að feðgatali eða niðja sitja samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn.

3. gr.

Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn. Þeim, er setið hefir 6 ár samfleytt eða lengur í nefnd, er þó óskylt að taka við kjöri til hennar fyr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti.

4. gr.

Kjörstjórn úrskurðar um kjörgengi til bæjarstjórnar, borgarstjóra (bæjarstjóra) og hreppsnefnda. Skjóta má úrskurði kjörstjórnar til hreppsnefndar í hreppum og bæjarstjórnar í kaupstöðum. Hreppsnefnd og bæjarstjórn úrskurðar, hvort aðili hafi mist kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn eða vikja honum frá starfanum. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndaroddvita og úrskurði bæjarstjórnar til atvinnumálaráðherra.

Sýslunefnd úrskurðar þau atriði, sem í 1. málsgr. segir, ef sýslunefndarmaður á hlut að máli.

Ef manni er vikið úr sýslunefnd eða bæjarstjórn, þá getur hann borið málið undir atvinnumálaráðherra.

Úrskurði sýslunefndaroddvita og atvinnumálaráðherra eftir þessari grein má skjóta til dómstólanna.

II. kafli.

Um kjörtíma, kjörskrár, kjörstjórnir o. fl.

5. gr.

Í kaupstöðum skal bæjarstjórn vera skipuð 6—15 bæjarfulltrúum, er kosnir sjeu til 6 ára í senn. Atvinnumálaráðherra ákveður töluna í hverjum kaupstað samkvæmt tillögum bæjarstjórnar. Helmingur bæjarfulltrúa fer frá á hverjum 3 ára fresti, ef tala þeirra er jöfn, en ef tala þeirra stendur á stöku, fer meiri hlutinn frá hið fyrra skiftið, en minni hlutinn hið síðara.

Nú fer maður úr bæjarstjórn áður en kjörtími hans er liðinn, og skal þá kjósa í stað hans fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

6. gr.

Í hreppi hverjum skal vera hreppsnefnd, skipuð 3—7 mönnum, svo sem verið hefir, og eru þeir kosnir til 6 ára í senn. Fjölga má hreppsnefndarmönnum úr 3 í 5 og 5 í 7, með samþykki sýslunefndar. Fara hreppsnefndarmenn frá á hverjum 3 ára fresti kjörtímabils, meiri hlutinn hið fyrra skiftið, en minni hlutinn hið síðara.

Fyrirmæli síðari málsgr. 5. gr. taka einnig til hreppsnefnda.

7. gr.

Kosningar bæjarfulltrúa og borgarstjóra (bæjarstjóra) fara fram í janúarmánuði, en hreppsnefndarmanna á vorhreppaskilaþingi.

Ef hreppi er skift, þá skal kjósa hreppsnefnd í hinum nýju hreppum jafnskjótt sem því verður við komið.

8. gr.

Hreppsnefnd í hreppum og bæjarstjórn í kaupstöðum skal árlega, í hreppum fyrir 15. apríl og í kaupstöðum fyrir 15. desember, semja eða láta semja skrá yfir alla kjósendur í kjördæminu, er á kjördegi hafa kosningarrjett. Skulu þar vera í stafrófsröð nöfn kjósenda með stöðu, heimili og aldri. Skráin skal liggja til sýnis almenningi á hentugum stað að minsta kosti 14 daga. Kærur vegna þess, að einhver sje vantalinn eða oftalinn á skrá, skulu vera komnar í hendur hreppsnefndar eða bæjarstjórnar eigi síðar en viku eftir að skráin lá frammi, og úrskurðar hún kærurnar innan 3 daga þar frá.

9. gr.

Hverju sinni er kjósa skal hreppsnefndarmenn, bæjarfulltrúa eða borgarstjóra (bæjarstjóra), skal kjósa kjörstjórn. Hreppsnefndaroddviti í hreppum og borgarstjóri (bæjarstjóri) í kaupstöðum er formaður kjörstjórnar. Og auk þess kýs hreppsnefnd og bæjarstjórn 2 menn úr sínum flokki í hana. Nú eru nefndarmenn 3, og eru þeir þá sjálfkjörnir. Er kjósa skal borgarstjóra (bæjarstjóra), kýs bæjarstjórn formann kjörstjórnar úr flokki bæjarfulltrúa.

Í hreppum skal geta kosningar í hreppsfundarboði. Ef leynileg kosning hefir verið ákveðin, skal hreppsnefnd auglýsa það viku fyrir kjörfund. Í kaupstöðum auglýsir kjörstjórn kjörfund, stað og stund, með hæfilegum fyrirvara, í blöðum eða með þeim hætti, er almennar auglýsingar eru þar birtar á staðnum.

III. kafli.

Um kosningarathöfn.

10. gr.

Bæjarfulltrúa skal kjósa leynilega hlutbundnum kosningum, með þeim hætti, sem segir í eftirfarandi greinum.

11. gr.

Skrá skal á lista nöfn þeirra fulltrúaefna, sem stungið er upp á. Lista skal afhenda oddvita kjörstjórnar eigi síðar en á hádegi 14 dögum á undan kosningu, og skal oddviti gefa vottorð um móttöku listans. Undir hverjum lista skulu vera skráð nöfn meðmælenda, sem ekki sjeu færri en 20, ásamt stöðu þeirra og heimili.

Gildur er listi, þótt á honum standi færri nöfn en kjósa á fulltrúa, en ógildur, ef fleiri eru. Fult nafn hvers fulltrúaefnis, ásamt stöðu og heimili,

skal á lista setja, svo að eigi verði um vilst. Nú er ókjörgengur maður á lista eða eigi þykir örugt, við hvern er átt, og skal þá strika það nafn af lista.

Úrskurð um útstrikun nafns af lista eða um ógilding lista skal skrá í kjörbók. Kjörstjórn er skylt að láta fulltrúaefni listans eða meðmælanda í tje eftirrit af úrskurði áður en kosning byrjar.

Kjörstjórn merkir þá lista, er hún tekur gilda, hvern með sínum bókstaf (A. B. C. o. s. frv.)

12. gr.

Ef fulltrúaefni eru eigi fleiri á listum, sem metnir eru gildir, en kjósa skal, þá lýsir kjörstjórn, að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag, þá menn kosna.

Nú eru fulltrúaefni samtals á gildum listum fleiri en kjósa skal, og lætur þá kjörstjórn tafarlaust gera kjörseðla og festir jafnframt upp auglýsingar um það, hvaða listar sjeu í kjöri, með tilgreindum listabókstaf og nöfnum fulltrúaefna.

Á kjörseðli skal öðrum megin prenta eða fjölrita þá lista, sem hafa verið teknir gildir, þannig að hver listi, með óbreyttri nafnaröð sinni, sje við annars hlið eftir stafrófsröð með glöggum langstrikum á milli, en þverstrik skulu vera milli nafna á lista hverjum. Fyrirsögn á kjörseðli skal vera: Kjörseðill við bæjarstjórnarkosning í N kaupstað, með dagsetningu og ártali. Eigi má annað á seðil letra en nú var mælt, nema nauðsyn sje á til aðgreiningar samnefndum mönnum.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum og þykkum pappír og brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig að eigi sjáist letrið á þeim. Skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er þeir hafa verið notaðir.

13. gr.

Bæjarstjórn sjer um, að atkvæðakassi og kjörklefi sje til taks. Kjörklefi skal vera áfastur herbergi, þar sem kosning fer fram, og þaðan aðeins skulu dyr vera kjörklefa. Tjald skal festa fyrir glugga á kjörklefa, svo að eigi megi inn um hann sjá eða stinga kjörseðli út í glugga, svo að hann sjáist að utan. Lesbjart skal vera í kjörklefa, og vera skal þar borð og nægilega margir almennir, svartir blýantar.

Atkvæðakassi skal vera lokaður með rifu á loki, er stinga skal kjörseðli niður um.

14. gr.

Frá upphafi kosningarathafnar skulu listar með bókstöfum sínum og greinilegum nöfnum fulltrúaefna vera almenningi til sýnis á kjörstað, þar sem mikið ber á þeim. Þar skal og festa upp leiðbeiningar handa kjósendum með aðalákvæðum laga þessara.

15. gr.

Kosningarathöfn hefur á því, að oddviti skýrir frá, hverjir sjeu í kjörstjórn, hve marga eigi að kjósa í bæjarstjórn, og hverja lista hann hafi fengið samkv. 11. gr. Hann sýnir atkvæðakassann, svo að það sjáist, að hann sje tómur, og lokar honum síðan. Án leyfis kjörstjórnar mega ekki vera í kjör-

stofu með henni aðrir en fulltrúaefni, 2 umboðsmenn fyrir hvern lista, og kjósendur, er koma og fara.

Heimilt er bæjarstjórn að skifta kjósendum í deildir, enda skipar hún þá undirkjörstjórn í hverja deild, og hefir hver þeirra sinn atkvæðakassa og kjörklefa.

Kjósendur koma fram og kjósa í þeirri röð, er þeim sjálfum líst, og eftir því, sem þeir komast að. Þá er kjörstjórn hefir kannast við mann og sannfært sig um, að hann hafi kosningarrjett, afhendir hún kjósanda kjörseðil. Fer kjósandi með hann inn í kjörklefa að borði því, er þar stendur, og gerir þar kross við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill atkvæði gefa. Ef hann vill breyta nafnaröð á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja, o. s. frv. Ef hann getur ekki felt sig við eitthvert nafn á lista þeim, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá eigi með við samtalning atkvæða. Krossinn við listabókstafinn, tölustafina við nöfnin og útstrikun nafns skal hann gera með blýanti, sem kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan brýtur kjósandi seðilinn saman í sömu brot, sem hann var í, er hann tók við honum, gengur svo inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum þannig samanbrotnum í atkvæðakassann, gegnum rifuna á lokinu, og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Að öðrum kosti er seðillinn ógildur, og má ekki láta hann í atkvæðakassann.

Annar meðkjörstjórinn skal hafa fyrir sjer eftirrit af kjörskrá og gera merki við nafn hvers kjósanda, jafnóðum og hann hefir neytt kosningarrjettar síns, en hinn meðkjörstjórinn skal rita nöfn þeirra, er atkvæði greiða, á sjerstaka skrá með áframhaldandi töluröð fyrir framan hvert nafn. Enginn getur neytt kosningarrjettar, nema hann sje sjálfur á kjörfundi og greiði atkvæði. Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn telur gilda ástæðu, sje ófær til að framkvæma kosninguna á fyrirskipaðan hátt, og skal þá maður úr kjörstjórn, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum. Þetta skal bóka í kjörbók og greina ástæður.

Ef kjörseðill rangmerkist eða skemmist eftir að kjósandi tók við honum, þá getur hann afhent kjörstjórninni skemda seðilinn og fengið í staðinn nýjan kjörseðil, ef seðlabirgðir eru ekki þrotnar, enda sje ekki ástæða til að ætla, að hann hafi ónýtt seðilinn af ásettu ráði.

16. gr.

Kosningarathöfn má eigi standa yfir skemur en 3 tíma, nema allir kjósendur, sem á kjörskrá eru, hafi neytt kosningarrjettar. Þegar sá tími er liðinn og engir kjósendur gefa sig fram, greiðir kjörstjórn sjálf atkvæði, og lýsir því þar næst yfir, að kosningarathöfn sje nú lokið, og má eigi eftir það taka við neinum atkvæðum.

Óskylt er kjósanda að skýra frá því fyrir dómi, í hvaða máli sem er,

hvaða lista hann hafi kosið, eða hvort hann hafi greitt atkvæði með eða móti einhverju fulltrúaefni.

Enginn úr kjörstjórn eða nokkur sá, sem samkvæmt 15. gr. er staddur í kjörstofunni, má gefa nokkrum kjósanda ráð meðan á atkvæðagreiðslu stendur, tilvísun eða áminning um það, hvaða lista hann skuli kjósa. Enginn má heldur skýra frá því, ef hann hefir orðið áskynja um það í kjörstofunni, hvort eða hvernig einhver hefir þar kosið.

Brot gegn þessum ákvæðum varða fangelsi, eigi minna en viku einföldu fangelsi, eða sektum, ef málsbætur eru, þó eigi undir 50 krónum.

17. gr.

Talning atkvæða fer fram í heyranda hljóði, þegar er kosningarathöfn er lokið. Oddviti kjörstjórnar opnar atkvæðakassann. Ef kjósendum er skift í kjördeildir, lætur kjörstjóri atkvæðaseðlana úr atkvæðakössum deildanna óskoðaða saman í hæfilega stórt, tómt ílát með loki yfir, og skulu seðlarnir hristir vel saman, áður en talning byrjar.

Því næst tekur oddviti upp einn og einn kjörseðil í einu og les upp listabókstaf þann, sem krossað er við á honum. Sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum fyrirsvarsmönnum listanna og leggur síðan sammerkta kjörseðla í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hvað margir seðlar fara í hvern bunka.

Kjörseðill verður ógildur, ef sýnt þykir, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista, skrifað nafn sitt á seðilinn, sett á hann strik, rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má, að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan,
3. notað annan seðil en kjörstjórn hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt eftir skrá þeirri, sem haldin var samkvæmt 15. gr. yfir þá, sem neyttu kosningarrjettar. Ef samtölunum ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla og atkvæðaskrána, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

18. gr.

Til þess að finna, hve mörg fulltrúaefni hafi náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því hve marga fulltrúa á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, og standi útkomutölur þessar í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar, jafnmargar og kjósa á fulltrúa, og fær hver listi jafnmarga fulltrúa kosna,

sem hann á af tölum þessum. Ef eigi standa svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess að finna, hver fulltrúaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks fulltrúaefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, ef hann hefir eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og ef hann hefir aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann, er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra fulltrúaefna, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá fyrirsvarsmönnum listans og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði. Þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje jafnt tölu fulltrúa þeirra, er kjósa skal, að frádreginni tölu þeirra fulltrúaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með fulltrúatölunni. Síðan skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Ef sami maður hefir fengið atkvæði á fleirum en einum lista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefir mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strikast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur, eru kosnir, svo margir af hverjum lista, sem honum ber samkvæmt því, sem áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

Ef jöfn verða atkvæði lista eða fulltrúaefna og úr þarf að skera, skal hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúaefna, sem jöfn atkvæði hafa, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, er dreginn er, segir þá til, hvern taka skal.

19. gr.

Þegar einungis á að velja einn fulltrúa, er hann kosinn listakosningu eftir framanskráðum reglum, að því leyti, sem við getur átt.

20. gr.

Hreppsnefndarmenn skal kjósa í heyranda hljóði. Hver, sem neyta vill kosningarrjettar, verður sjálfur að sækja kjörfund og skýra munnlega frá því, hvern hann kýs eða hverja. Kjörstjórn ritar atkvæðin jafnóðum í kjörbók. Þá er allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði og þau erú öll bókuð, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyr en að minsta kosti 2 klukkustundir eru liðnar frá því, er hún hófst. Formaður kjörstjórnar les þá upp öll greidd atkvæði, en meðkjörstjórar rita þau upp og telja saman. Þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rjett kjörnir hreppsnefndarmenn. Hlutkesti ræður, ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði.

21. gr.

Rjett er að hafa hreppsnefndarkosningar leynilegar, ef hreppsnefnd kveður svo á eða 1/5 kjósenda lýsir ósk sinni um það skriflega fyrir oddvita kjörstjórnar 2 vikum fyrir kjörfund.

Kjósandi hver kýs svo marga menn sem kjósa skal.

22. gr.

Nú hefir leynileg kosning verið ákveðin samkv. 21. gr., og skal kjörstjórn þá hafa til hæfilega marga kjörseðla, alla jafnstóra, með sama lit, gerða úr strikuðum pappír þannig:

Nr. á kjörskrá.

svo og lokaðan atkvæðakassa, með rifu á lokinu, og skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum.

Framan við nöfn manna á kjörskránni skulu standa tölurnar 1, 2, 3 o. s. frv., eftir því sem hver er í röðinni.

23. gr.

Við húsið, þar sem kosning fer fram, skal vera annað herbergi áfast, svo lagað, að eigi verði gengið í það nema úr kjörstofunni. Ef þess er eigi kostur, má tjalda fyrir eitt hornið á kjörstofunni, svo að eigi sjáist þangað.

Í kjörklefa skal vera borð, sem skrifa má við, og á því skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum, og ritblý til afnota handa kjósendum.

24. gr.

Þá er kosning hefst, vísar formaður kjörstjórnar einum kjósanda í senn inn í kjörklefann, eftir sömu röð og kjósendur standa á kjörskrá, og fær honum einn kjörseðil.

Kjósandinn fer síðan inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og athugar, hvaða tala stendur á kjörskránni fyrir framan nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa, er hann vill velja, og skrifar þær með ritblýi á kjörseðilinn, hverja tölu fyrir neðan aðra. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn einu sinni saman, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og

stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Að öðrum kosti er seðillinn ógildur, og má ekki láta hann í atkvæðakassann.

25. gr.

Kjörseðill er ógildur, ef einhver merki hafa verið sett á hann, sem ætla má, að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum, eða ef annar seðill er notaður.

Ef kjörseðill ónýtist hjá kjósanda, skal kjörstjórnin láta hann fá annan seðil.

Nú færir kjósandi ástæðu fyrir því, er kjörstjórn tekur gilda, að hann geti ekki vegna sjónleysis eða annarar líkamsbilunar kosið á fyrirskipaðan hátt, og skal þá maður úr kjörstjórn, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum.

26. gr.

Meðkjörstjórar skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar síns.

Þá er allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því er hún hófst.

27. gr.

Formaður kjörstjórnar skal þá opna atkvæðakassann, er hann hefir hrist hann rækilega. Tekur hann því næst upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp töluna eða tölurnar, sem á honum standa, og rjettir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir merkja jafnótt á blað atkvæðatöluna við nafn hvers, sem kosinn er.

Sá eða þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rjett kjörnir.

Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

28. gr.

Hreppsnefnd tilkynnir sýslumanni jafnan kosningarúrslit.

Fyrirmæli 2.—4. málsgr. 16. gr. gilda og um leynilegar kosningar utan kaupstaða.

29. gr.

Oddviti sýslunefndar ákveður hlutbundnar kosningar í hreppsnefnd, ef skrifleg krafa um það kemur frá að minsta kosti svo mörgum kjósendum, sem samkvæmt kjörskrá mundi þurfa til þess að koma með hlutfallskosningum einum manni í hreppsnefnd þar í hreppi. Kosningar fara þá með þeim hætti, sem segir í 10.—18. gr. laga þessara.

30. gr.

Lausa borgarstjórastöðu (bæjarstjórastöðu) skal auglýsa með að minsta kosti 6 vikna fyrirvara. Umsóknir ásamt meðmælum að minsta kosti 100 kjósenda í Reykjavík og 30 annarsstaðar skal senda til kjörstjórnar, enda auglýsir hún kosningu með hæfilegum fyrirvara. Við kosninguna skal fara

eftir gildandi kjörskrá við bæjarstjórnarkosningar. Kosning er leynileg. Skal kjörstjórn láta prenta nöfn frambjóðenda á kjörseðil, og verður sá kosinn, er flest gild atkvæði fær. Hlutkesti ræður, ef tveir frambjóðendur eða fleiri fá jöfn atkvæði. Að öðru leyti skal fara eftir fyrirmælum 11.—18. gr. laga þessara, svo sem við á.

31. gr.

Kosningar þær, er að framan segir, má kæra skriflega innan 14 daga fyrir bæjarstjórn í kaupstöðum og hreppsnefnd utan kaupstaða. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku í kaupstöðum og 14 daga í hreppum frá því að hún fjekk kæruna, og hreppsnefnd kveða upp úrskurð sinn innan 14 daga og bæjarstjórn innan viku þar frá. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til oddvita sýslunefndar innan 14 daga frá dagsetningu hans og úrskurðum bæjarstjórnar til atvinnumálaráðherra innan viku.

32. gr.

Kosningar í nefndir, er bæjarstjórn kýs, skulu jafnan vera leynilegar og hlutbundnar, ef fleiri skal kjósa en einn mann. Skal beita hlutfallskosningu sem hjer segir: Þeir bæjarfulltrúar, er komið hafa sjer saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda formanni bæjarstjórnar, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A., B., C. o. s. frv., eftir því, sem hann sjálfur ákveður eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skifti fyrir öll þann kjörtíma. Síðan les formaðurinn upp stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa bæjarfulltrúarnir þannig, að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A., B., C. o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru athentir formanni, og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifarar rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern lista, hve mörg á A., hve mörg á B. o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skift, fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3, o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð, hver niður undan annari, og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum, þannig að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næsthæsta hlutatölu, o. s. frv., þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hver listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosning í þeirri röð, sem þeir standa á listanum. Sje ekki stungið upp á fleiri nefndarmönnum en kjósa á, lýsir formaður þá rjett kjörna án atkvæðagreiðslu.

33. gr.

Í hreppi hverjum skal kjósa einn sýslunefndarmann á manntalsþingi til 6 ára, og einn varamann til sama tíma. Sýslumaður er oddviti kjörstjórnar, og skipa hana með honum 2 hreppsbúar, er sýslunefnd kýs.

Kosningu skal haga eins og segir í 20. gr., enda má leynilega kosningu hafa samkvæmt 21.—27. gr.

Kæra má kosning skriflega innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

34. gr.

Helmingur sýslunefndarmanna og varasýslunefndarmanna gengur úr sýslunefnd 3. hvert ár, ef tala hreppa í sýslu er jöfn, en ella meiri hluti og minni hluti á víxl 3. hvert ár.

35. gr.

Nú er hreppi skift, og gengur þá sýslunefndarmaður hans og varasýslunefndarmaður þegar úr sýslunefnd. Á næsta manntalsþingi á eftir skal kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann í hinum nýju hreppum, og fara þeir úr nefndinni, næst er skifti verða, eftir hlutkesti, annar ef jöfn er tala hinna nýju hreppa, en ella meiri hlutinn. Sá eða þeir, er þá verða eftir, fara næst, er skifti verða.

36. gr.

Kjósendur, sem ekki geta verið viðstaddir á kjördegi, mega neyta atkvæðisrjettar síns í skrifstofu bæjarfógeta í kaupstöðum og hjá hreppstjóra í sveitum, svo og á skipum, er úr hreppi eða kaupstað ganga, eftir sömu reglum sem gilda um kosningar til Alþingis, þegar eins stendur á.

IV. kafli.
Niðurlagsákvæði.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927. Þeir, sem kosnir hafa verið fyrir þann tíma, halda sætum sínum, þar til þeir skyldu víkja úr þeim eftir eldri lögum.

Frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, eru úr lögum numin:

Tilsk. 20. apr. 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 9. og 10. gr. og 11. gr. 2. málsgr., að því leyti sem þar segir um nefndarkosningar.

Lög nr. 22 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, 5.—10. gr., ásamt lögum nr. 65 14. nóv. 1917, um breyting á þeim lögum, 2.—5. gr.

Lög nr. 43 10. nóv. 1905 (sveitarstjórnarlög) 6.—23., 55.—59. 1. málsgr. og 61.—64. gr.

Lög nr. 75 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 4.—11. gr., að því leyti sem þær eru enn í gildi.

Lög nr. 49 30. júlí 1909, um breyting á lögum, er snerta kosningarrjett og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfjelaga.

Lög nr. 19 20. okt. 1913, um kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

Lög nr. 49 30. nóv. 1914, um breyting á tilsk. 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 1.—4. gr., að því leyti sem þær eru enn í gildi og varða kosningar.

Lög nr. 49 3. nóv. 1915, um viðauka við sveitarstjórnarlög frá 10. nóv. 1905.

Lög nr. 67 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 4.—11. gr.

Lög nr. 26 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 6.—13. gr.

Lög nr. 58 28. nóv. 1919, um breytingar á lögum nr. 30 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 4.—11. gr.

Lög nr. 61 s. d., um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 4.—9. gr.

Lög nr. 19 19. júní 1922, um breyting á tilsk. um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apr. 1872.

Lög nr. 30 4. júní 1924, um kosningar í bæjarmálefnum Reykjavíkur.

Lög nr. 33 27. júní 1925, um viðauka við lög nr. 22 frá 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

Svo og öll önnur fyrirmæli í lögum, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Ed. **571. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

Frá fjárhagsnefnd.

Nokkur hluti nefndarinnar vill samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi, 11. maí 1926.

Björn Kristjánsson, form. (með fyrirvara).	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og frsm.	Gunnar Ólafsson.

Ósamþykkir, að frv. gangi fram.

Ingvar Pálmason. Jónas Jónsson.

Nd. **572. Lög**

um breytingar á lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí).

1. gr.

Í stað síðustu málsgreinar 3. greinar laganna komi 2 málsgreinar, svo hljóðandi:

Kirkjur, skólahús, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti, sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í millirikjaerindum. Hið sama gildir um lóðir, er fylgja slíkum húsum.

Ef ágreiningur verður um gjaldskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **573. Tillaga**

til þingsályktunar um launauppbót símamanna.

Frá Jakob Möller.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að greiða símamönnum í þjónustu landssímans jafnháa launauppbót á árinu 1926 eins og þeim er ætluð í fjárlögum fyrir árið 1927.

Nd. **574. Frumvarp**

til laga um útsvör.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 371, með breytingunni á þskj. 558.

Nd. **575. Þingsályktun**

um kaup á snjódreka og bifreiðum.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði alt að 25 þúsund krónum til kaupa á snjódreka ásamt öflugri bifreið, og ennfremur alt að 10 þúsund krónum til kaupa á belta-bifreið, ef líkur eru til, að hún komi að verulegu gagni.

Ed. **576. Tillaga**

til þingsályktunar um, að sýslumenn og bæjarfógetar megi ekki eiga sæti á þingi.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frv. um, að sýslumenn og bæjarfógetar megi ekki eiga sæti á þingi.

Greinargerð.

Í sumum nágrannalöndunum hafa verið pólitísk æsingatímabil, þegar þess hefir þótt gæta, að einstöku dómarar láta flokksfylgi ráða meir en rjettlæti í dómum sínum. Má nærri geta, að þar sem slík spilling kemst í starf dómara, er það einhver hættulegasta sýking í þjóðlíkamanum og verður flestu öðru framar til að gera stjórnmálabaráttuna beiskju blandna. Komi það fyrir, að dómar sjeu dæmdir, sem almenningur trúir að sjeu gegnsýrðir af pólitísku hatri eða pólitískri spillingu, hverfur um leið sú tiltrú, sem hver dómstóll verður að njóta. Það, sem komið hefir fyrir erlendis, getur komið fyrir hjer. Með tillögu þessari er því gerð tilraun til að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í.

Nd. **577. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leggja járnbraut frá Reykjavík til Ölfusár.

Frá meiri hluta samgöngumálanefndar.

Eins og vænta mátti eftir meðferð þessa máls við 1. umr., gat samgöngumálanefnd eigi staðið saman um tillögur í því. Minni hluti leggur til samþykt frv. og framkvæmd eftir því. Vjer meirihlutamenn leggjum jafneindregið móti afgreiðslu málsins í núverandi mynd.

Um rökin fyrir stefnu vorri í málinu teljum vjer nægja að vísa til umræðna við 1. umr. frá hlið þeirra, sem mæltu móti frv.

Aðalástæða vor gegn frv. er sem fyr sú, að vjer teljum ríkissjóði ofvaxið að ráðast í járnbrautarlagninguna, nema með því móti einu að leggja niður allflestar opinberar framkvæmdir um nokkur ár, en slíka ráðstöfun teljum vjer óforsvaranlega. Öðru máli væri að gegna, ef stofnfje fengist á annan hátt en úr ríkissjóði, þótt hann þá styddi að framkvæmdum á einhvern veg eða veitti einhver hlunnindi til handa fjelagi eða stofnun, sem vildi taka að sjer bygginguna. En slíkt liggur ekki hjer fyrir, og skal því ekki út í það farið.

Út af framansögðu, sem og því, að komið er að þingslitum og engin von til afgreiðslu á málinu eftir ósk flm., leggjum vjer til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 11. maí 1926.

Jón A. Jónsson, form.	Sveinn Ólafsson, frsm.	Hákon J. Kristófersson.

Ed. **578. Frumvarp**

til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 7, 4. maí 1922 [Seðlaútgáfa].

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Fyrir »1923« í 1. gr. laganna kemur: 1927.

2. gr.

Gjald það, er Landsbankanum ber að greiða ríkissjóði samkvæmt 1. gr. laganna, skal frá ársbyrjun 1926 að telja lagt á sjerstakan reikning í Landsbankanum, og má verja því eftir ákvörðun ráðherra til þess að bæta Landsbankanum halla, er hann kann að verða fyrir frá sama tíma af gengisbreytingum íslenskrar krónu.

3. gr.

Ákvæði 2. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl., skulu breytast þannig, að því er snertir inndrátt seðla Íslandsbanka, að á árinu 1926 skal honum eigi vera skylt að draga neina seðla úr umferð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem sýnt þykir, að ekki muni á þessu þingi verða ráðið til lykta skipulagi á seðlaútgáfu til frambúðar, er nauðsynlegt að gera enn bráðabirgðaskipun um þetta efni til eins árs.

Fyrir ákvæðum frv. verður að öðru leyti gerð grein í framsögu.

Nd. **579. Þingsályktun**

um greiðslu á slysatryggingariðgjaldi skipverja, er taka hlut af afla eða hundraðsgjald.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á atvinnumálaráðuneytið að sjá svo um, að iðgjald skipverja þeirra, er vinna fyrir hlut af afla eða hundraðsgjaldi, verði nú og eftirleiðis greitt af óskiftum afla skipa og báta.

Nd. **580. Tillaga**

til þingsályktunar um að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um rjett erlendra manna til þess að leita sjer atvinnu á Íslandi.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson, Ásgeir Ásgeirsson og Magnús Torfason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa fyrir næsta þing löggjöf um rjett erlendra manna til þess að leita sjer atvinnu á Íslandi.

Greinargerð.

Talið er, að ekki sjeu í lögum nein ákvæði, er heimili stjórnarvöldum að takmarka rjett erlendra manna til þess að leita sjer atvinnu hjer á landi. En það verður að teljast nauðsynlegt að setja löggjöf um þetta efni.

Ed. **581. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn veiðivatna.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að heimila stjórninni að verja úr ríkissjóði á yfirstandandi ári alt að 3000 krónum upp í ferðakostnað dr. F. K. Reinsch frá Vínarborg, til framhaldsrannsókna á veiðiám og veiðivötnum.

Nd. **582. Þingsályktun**

um strandferðir Esju.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á atvinnumálaráðuneytið:

1. að láta Esju hefja strandferðir næsta ár eigi síðar en 1. febrúar,
2. og haga áætlun þannig, að ein eða tvær fyrstu ferðirnar verði farnar á milli Reykjavíkur og Austfjarða sunnan um land.

Nd. **583. Nefndarálit**

um frv. til laga um bygging og rekstur strandferðaskips.

Frá meiri hluta samgöngumálanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar getur ekki lagt til, að frv. þetta nái samþykki háttv. deildar.

Sumir nefndarmenn eru þeirrar skoðunar, að strandferðir sjeu nú sæmilegar á þeim stöðum, sem slík skip geta siglt til, eftir að búið er að heimila leigu á skipi um 4 mánaða annamestu tíma fyrir strandferðir og ákveða að byggja nýtt milliferðaskip, sem kemur að miklum notum við flutning fólks og vöru hafna milli.

Þá er það sýnilegt, að mörg hjeruð leggja meira kapp á að bæta innanhjeraðssamgöngur og telja þess meiri þörf en auka strandferðir með byggingu nýs skips.

Það virðist og fullvíst, að fólksflutningar milli Norðurlands og Reykjavíkur muni, þá er bílvegur er kominn frá Borgarnesi norður í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur, sem verður eftir örfá ár, fara fram á landi, þar sem það verður bæði ódýrara og ekki eins tímafrekt, og þá stórum þægilegra öllum þorra manna.

Þá vill meiri hlutinn benda á þá leið, sem farin var með lögum nr. 53, 10. nóv. 1913, að heimila ríkisstjórninni að kaupa hluti í Eimskipafjelagi Íslands fyrir alt að 400 þús. kr., gegn því, að fjelagið taki að sjer strandferðirnar. Meiri hlutinn telur, að rjett sje, að þessi leið sje athuguð nú á ný, því fremur, sem það er álit flestra, sem til þessa rekstrar þekkja, að Eimskipafjel. Íslands geti rekið góðar og hagkvæmar strandferðir fyrir mun minna fje en ríkissjóður þarf að kosta til sömu ferða.

Að öllu þessu athuguðu ráðum vjer háttv. deild til að afgreiða frv. með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Deildin álítur rjettast:

a. að bíða eftir reynslu þeirri, sem fæst með leiguskipi því, sem stjórninni er nú heimilað að starfrækja,
b. að þeirri reynslu fenginni að fela stjórninni að leitast fyrir hjá Eimskipafjel. Íslands, með hvaða kjörum fjelagið vildi taka að sjer að halda uppi strandferðum líkum þeim, sem hjer voru þá er tvö smáskip voru höfð til ferðanna,

og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. maí 1926.

Jón A. Jónsson, form. og frsm. Jón Kjartansson. Hákon J. Kristófersson.

Nd. **584. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til virkjunar Dynjandisár og annara fallvatna í Arnarfirði o. fl.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 7. gr. Fyrir »9« komi: 7.
2. Við 8. gr. Á eftir henni komi ný gr., sem verður 9. gr., þannig:

Um leið og sjerleyfi er út gefið skal leyfishafi afhenda ríkisstjórninni 50000 kr. til tryggingar því, að efndir verði á virkjun og sjerleyfisskilyrðum. Fellur fjeð til ríkissjóðs með öllum vöxtum, ef virkjun er eigi lokið á umsömdum tíma eða aðrar vanefndir verða á sjerleyfisskilyrðum, en ella endurgreiðist það með vaxtaviðauka, er skilyrðum 7. gr. er fullnægt.

Ed. **585. Lög**

um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí).

1. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar er bönnuð öll sú vinna, úti og inni, er hefir hávaða í för með sjer eða fer fram á þeim stað eða með þeim hætti, að hún raskar friði helgidagsins. Á höfnum, þar sem skip liggja eigi við

bryggjur eða bólverk, er þó heimilt að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar, þó eigi á föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna, og eigi heldur á kirkjustöðum frá kl. 11 árdegis til kl. 3 síðdegis, þegar messað er á staðnum, nema brýna nauðsyn beri til.

Á öruggum höfnum, þar sem skip liggja við bryggjur eða bólverk, er bannað að ferma eða afferma skip, þar með talin fiskiskip og vjelbátar, á föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna, svo og á öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar frá kl. 11 árdegis til kl. 3 síðdegis. Þó mega strandferðaskip, sem aðallega flytja póst og farþega, fá afgreiðslu. Það skal og yfir höfuð vera heimilt að vinna þau verk, sem eigi má fresta eða miða til þess að bjarga eða hjálpa öðrum, sem í hættu eru staddir eða eiga hana yfir höfði sjer.

2. gr.

Kaup og sala má eigi fara fram á helgidögum þjóðkirkjunnar í sölubúðum kaupmanna, kaupfjelaga nje annara sölumanna, og skulu búðir þeirra vera lokaðar. Undanþegnar þessu banni eru:

1. Lyfjabúðir að því er lyfjasölu snertir.
2. Bifreiðastöðvar til fólksflutninga.
3. Brauð- og mjólkurbúðir að því er snertir sölu á brauði og mjólk.
4. Fiskbúðir.
5. Blaðaafgreiðslur.

Á götum, torgum og opnum svæðum í kaupstöðum og kauptúnum er einnig öll sala bönnuð á helgidögum þjóðkirkjunnar. Undanþegin þessu banni er þó sala á fiski, blöðum, bókum, aðgöngumiðum að íþróttamótum, happdrættismiðum og þess háttar til kl. 11 árd. og eftir kl. 3 síðdegis.

3. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar má ekki á neinum almennum veitingastað halda veislur eða aðra hávaðasama fundi fyr en eftir miðaftan.

4. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar má hvorki halda almennar skemtanir nje heldur mega markaðir eða aðrar þær athafnir, sem hávaði er að, eiga sjer stað fyrir kl. 3 síðdegis, nema lögreglustjóri leyfi.

5. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar má eigi, nema brýna nauðsyn beri til, halda sveitar- eða bæjarstjórnarfund, þing, gegna fógetastörfum eða skjalaskrifarastörfum, halda skiftafundi, uppboðsþing eða gegna öðrum dómsstörfum. Ekki skal heldur stefna eða boða neinn fyrir dóm eða yfirvald á helgidögum, nema brýna nauðsyn beri til, og þess sje þá beinlínis krafist af valdsmanni þeim, er stefna lætur, og skal þó eigi stefna lesin meðan á messu stendur.

6. gr.

Almenna fundi má eigi halda um veraldleg efni á helgidögum þjóð-

kirkjunnar fyr en um nónbil. Þá og þar, er guðsþjónusta fer fram eftir nón, er þó því aðeins heimilt að halda almenna fundi samtímis, að þess sje gætt, að fundurinn sje eigi haldinn svo nálægt kirkju eða bænhúsi, að guðsþjónustan verði trufluð af því.

7. gr.

Bönn þau, er talin eru í undanfarandi greinum, ná yfir allan daginn föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna. Þau gilda einnig eftir kl. 6 á aðfangadagskvöld jóla.

Kvöldið fyrir aðra stórhátíðisdaga eru allar almennar skemtanir bannaðar eftir miðaftan.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 5—1000 kr., er renna í sveitarsjóð; auk þess má með dómi svifta mann rjetti til að hafa veitingahús eða annan almennan veitingastað, hafi hann þrisvar sinnum sætt sektum fyrir brot gegn lögum þessum. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Nú virðist lögreglustjóra, að brot á móti lögum þessum sje sprottið af afsakanlegum misskilningi, og skal hann þá aðeins gefa þeim áminning, er brotið hefir, og, ef þörf er á, gefa út almenna auglýsing mönnum til leiðbeiningar og viðvörunar.

10. gr.

Lög nr. 19, 6. nóv. 1897, um heimild til að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar, og lög nr. 47, 20. des. 1901, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, svo og önnur lagaákvæði um sunnu- og helgidagahald, er koma í bága við lög þessi, eru feld úr gildi.

Ed. **586. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 7, 4. maí 1922 [Seðlaútgáfa].

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

Við 3. gr. Í stað orðanna »skal honum eigi . . . . . umferð« komi: skal honum eigi vera skylt að draga inn nema $^1/_2$ miljón króna af seðlum þeim, sem eru í umferð.

Nd. **587. Lög**

um útsvör.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí).

I. KAFLI.
Almenn ákvæði.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Atvinnusveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem gjaldþegn hefir rekið eða stundað atvinnu án þess að eiga þar lögheimili.

Dvalarsveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem aðili hefir orðið útsvarsskyldur vegna dvalar án þess að hann eigi þar lögheimili.

Gjaldár: Það ár, er niðurjöfnun útsvars fer fram.

Heimilissveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem gjaldþegn á lögheimili.

Niðurjöfnunarnefnd: Niðurjöfnunarnefnd í kaupstöðum og hreppsnefnd í sveitum, nema sjerstaklega sje öðruvísi um mælt.

Sveit: Bæði hrepp og kaupstað.

Sveitarstjórn: Bæði hreppsnefnd og bæjarstjórn.

Útsvarsár: Árið næsta á undan niðurjöfnun.

2. gr.

Reikningsár sveita er almanaksárið.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skulu bæjarstjórnir gera áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðar næsta reikningsár. Ræða skal áætlun á tveim fundum með að minsta kosti viku millibili. Við síðari umræðu skal athuga áætlun lið fyrir lið, og greiða skal atkvæði bæði um hverja grein fyrir sig og áætlun í heild sinni. Áætlun skal liggja til sýnis almenningi 2 vikur í desembermánuði á hentugum stað, er bæjarstjórn tiltekur.

Í hreppum skal hreppsnefnd semja áætlun fyrir yfirstandandi ár áður en niðurjöfnun útsvara hefst.

Áætlun samkvæmt 1. og 2. málsgr. skal síðan vera regla um upphæð gjalda í sveitinni og fjárstjórn hennar á reikningsárinu.

3. gr.

Að því leyti, sem aðrar tekjur sveitar hrökkva ekki til að greiða gjöldin, skal jafna niður á gjaldþegna hennar því, er á vantar, að viðbættum 5% —10%, og heitir gjald það *útsvar*. Það má ekki nokkru sinni nema meiru en meðaltali útsvara í sveitinni 3 síðustu árin, að viðbættum fimtungi, nema sýslunefnd veiti hreppsnefndum til þess samþykki sitt, en atvinnumálaráðherra bæjarstjórnum.

Nú þykir sveitarstjórn sýnt á gjaldárinu, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda, og getur þá sveitarstjórn, að fengnu samþykki áðurnefndra stjórnarvalda, ákveðið framhaldsniðurjöfnun til greiðslu þess, er á vantar, þannig að því verði bætt við útsvar hvers einstaks gjaldanda eftir ákveðnu hundraðshlutfalli.

II. KAFLI.

Um útsvarsskyldu.

4. gr.

Útsvar skal leggja á eftir efnum og ástæðum. Skal þá til greina taka:

1. Eignir aðilja, hverjar þær eru og hversu verðmætar, hversu miklar skuldir hvíla á aðilja og hversu miklar eignir hann á afgangs skuldum. Ef eigi er lagt sjerstakt útsvar á konu manns, þá skal með sama hætti athuga eignir hennar og skuldir, þegar lagt er á hann.
2. Tekjur aðilja, þær er hann hafði síðastliðið ár, og að því leyti sem útlenda gjaldþegna varðar (6. gr. B, 1—2) og þá, er í 25. gr. 2. og 3. tölul. segir, tekjur þær, er þeir hafa haft á gjaldárinu. Þá skal athuga, í hverju tekjurnar voru fólgnar, hversu mikil fyrirhöfn, kostnaður og áhætta var samfara öflun þeirra.
3. Ástæður aðilja að öðru leyti, svo sem fjölskyldu hans, heilsufar hans og þeirra, sem á vegum hans eru, höpp eða óhöpp, sem hann hefir orðið fyrir, svo sem slys, dauðsföll, fjárskaða af sjó, veðri eða vötnum, sjerstakan uppeldiskostnað eða menningarkostnað barna hans, er nauðsynlegan má telja eða venjulegan, tap á ábyrgðum og sjerhvað annað, er telja má máli skifta um gjaldþol hans og með sanngirni má til greina taka til hækkunar útsvari hans eða lækkunar.

5. gr.

Et gjaldþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur eða veitir ekki að öðru leyti þá fræðslu um hagi sína, er niðurjöfnunarnefnd krefur hann, þá skal hún áætla honum ríflegar eignir og tekjur, svo að áreiðanlegt megi telja, að hann vinni ekki á því að halda upplýsingum fyrir nefndinni.

6. gr.

Útsvarsskyldir eru:

A. Aðiljar heimilisfastir á Íslandi:

I. Allir einstaklingar, karlmenn sem konur, ungir sem gamlir, í hverri stöðu sem þeir eru, svo framarlega sem þeir verða taldir færir um að greiða að minsta kosti 5 króna útsvar. Enginn verður útsvarsskyldur eftir þessum lið (I.), nema hann hafi á útsvarsárinu haft hjer á landi heimilisfang að minsta kosti 3 mánuði.

Undanþegnir eru útsvari:

a. Fyrirsvarsmenn annara ríkja hingað sendir og þjónustufólk þeirra, sem er annara ríkja þegnar.

b. Sendimenn íslenska ríkisins, sem erlendis dveljast meira en 9 mánuði á útsvarsárinu, enda þótt þeir teljist að lögum heimilisfastir á Íslandi.
c. Konur, sem giftar eru þegar niðurjöfnun fer fram. Þó má leggja útsvar á gifta konu:
   1. Ef hún hefir sjereign eða hjúskapareign, er gefa arð svo að um muni.
   2. Ef hún hefir atvinnu.
   3. Ef hún hefir slitið samvistir við bónda sinn.

II. Fjelög. Þar til teljast:
1. Fjelög með ótakmarkaðri ábyrgð og fjelög með takmarkaðri ábyrgð, svo sem hlutafjelög og gagnkvæm ábyrgðarfjelög. Þegar útsvar hefir verið lagt á fjelag, má ekki leggja útsvar á fjelagsmann þess vegna eignar hans í fjelaginu og tekna.
2. Samvinnufjelög. Þau greiða útsvör af arði sakir skifta við utanfjelagsmenn með sama hætti sem kaupmenn á staðnum, enda láti fjelag niðurjöfnunarnefnd í tje glögga skýrslu um skifti sín við utanfjelagsmenn og ágóða af þeim. Annarskostar skal nefndin áætla þessi skifti og leggja útsvar á fjelag samkvæmt þeirri áætlun.

Undanþegin útsvari eru:
a. Fjelög, sem leyst eru undan útsvarsskyldu með lögum.
b. Fjelög, sem enga atvinnu reka, svo sem fjelög til eflingar listum og vísindum, skemtifjelög, líknarfjelög, stjórnmálafjelög, trúbragðafjelög o. s. frv.
c. Fjelög, sem að vísu reka atvinnu, en verja öllum ágóða af starfsemi sinni beinlínis til almenningsheilla samkvæmt samþyktum sínum.

III. Sjóðir og stofnanir.

Undanþegnir eru þó útsvarskyldu:
a. Ríkissjóður og aðrir sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, svo sem ræktunarsjóður, söfnunarsjóður, Thorkilliisjóður, o. s. frv. Um útsvör annara ríkisstofnana fer eftir lögum nr. 47, 4. júní 1924.
b. Sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka.
c. Sjóðir og stofnanir, sem verja tekjum sínum samkvæmt skipulagsskrá sinni beinlínis til almenningsheilla, þar með taldar bústofnslánadeildir.
d. Landsbanki Íslands og útibú hans.
e. Sparisjóðir.

IV. Bú, er skiftameðferð sæta og tekjur hafa.

B. Aðiljar heimilisfastir erlendis:

1. Þeir, er verið hafa á gjaldárinu sjómenn á skipi, skrásettu hjer á landi eða gerðu út hjeðan 3 mánuði á gjaldárinu eða lengur, eða hafa stundað hjer atvinnu eða dvalist hjer ekki skemri tíma.
2. Þeir, er reka hjer atvinnu í landi eða landhelgi á gjaldárinu, svo sem verslun, sjávarútveg, fiskverkun, eða hafa hjer laxveiði til atvinnu eða laxár á leigu, afnot af jörð, eiga hjer eignir, er arð gefa, o. s. frv.
3. Erlend tryggingarfjelög.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að undanþiggja útsvari björgunarstarfsemi á sjó, er einstaklingar eða fjelög reka.

7. gr.

Nú hefir aðili dvalist hjer svo lengi, að hann verður útsvarsskyldur (6. gr. A. I niðurl. og B. 1), og skal þá leggja á hann útsvar hlutfallslega eftir dvalartíma hans. Ef aðili stundar hjer atvinnu (6. gr. B. 1) eða rekur hjer atvinnu eða á hjer eignir (6. gr. B. 2), þá skal einungis leggja á þá atvinnu, er hann hafði hjer á landi á gjaldárinu, og eignir hans hjer og tekjur af þeim.

Útsvör erlendra tryggingarfjelaga skal miða við skattskyldar tekjur þeirra hjer á landi á útsvarsárinu og iðgjöld þessa árs af tryggingum, er þeir hafa tekist á hendur fyrir milligöngu umboðsmanna sinna hjer.

III. KAFLI.

Hvar leggja skal á gjaldþegn hvern og hvaða sveit fær útsvar hans.

8. gr.

Þar skal leggja útsvar á gjaldþegn, sem hann hafði heimilisfang vitanlega eða samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun. Nú á aðili hvergi heimilisfang, og skal þá leggja á hann þar, sem hann dvelst, þegar niðurjöfnun fer fram. Nú er heimilislaus maður skráður á skip, sem hjer á heimili eða hjeðan er gert út, og skal þá leggja útsvar á hann í heimilissveit skipseiganda, ef hann gerir skip út, en ella í heimilissveit útgerðarmanns, ef innlendur er, en annars í útgerðarstað skips hjer á landi.

Leggja skal samkvæmt 1. málsgr. á allar eignir manns og tekjur á útsvarsárinu, hvar sem þeirra er aflað; þó má leggja á gjaldþegn á fleiri stöðum en einum:

a. Ef hann hefir heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.
b. Ef hann hefir leiguliðaafnot af landi, þótt ekki fylgi ábúð, þar með talin laxveiði, ábúð á jörð eða jarðarhluta, lóðarafnot, ef þau gefa arð, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.
c. Ef hann er erlendis búsettur og rekur atvinnu hjer á landi á einum stað eða fleirum, eða stundar hjer atvinnu eða dvelst hjer á gjaldárinu. Á hverjum stað má þó aðeins leggja á þær eignir, sem þar eru, og þær tekjur, sem þaðan eru fengnar, eða í hlutfalli við dvöl þar.
d. Ef maður hefir lögheimili á fleirum stöðum en einum. Aðili á þó heimting á því, að hann verði feldur af útsvarsskrá á öðrum staðnum jafnskjótt sem hann sannar, að á hann hafi verið lagt á hinum, enda hafi hann eigi krafist þess, að hann yrði þar einnig feldur af skrá.
e. Þar skal leggja á erlend tryggingarfjelög, sem aðalumboðsmaður þeirra hjer á landi er heimilisfastur.

9. gr.

Þar í sveit skal útsvar gjalda, sem það var á lagt, enda á hún alt útsvarið. Þó skal skifta útsvari milli sveita:

1. a. Ef aðili rekur atvinnu í fleirum sveitum en einni, enda taki fyrirmæli 8. gr., a—c-liðir, eigi til, og sje atvinnan ekki skemur rekin en 8 vikur.
   b. Ef skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda að minsta kosti samtals 4 vikur af gjaldárinu.
   c. Ef rekin hefir verið utan heimilissveitar verslun, selveiði, hvalveiði, síldarkaup, síldarsala, síldarverkun eða síldarbræðsla, verksmiðjuiðnaður hverskonar sem hann er, enda þótt skemur sje rekið en 4 vikur.
2. Ef maður stundar atvinnu utan heimilissveitar sinnar að minsta kosti samtals 3 mánuði á gjaldárinu í sömu sveit og hefir fengið kaup, að minsta kosti 3000 kr., þar með talið fæði og önnur hlunnindi, er hann kann að hafa haft, reiknuð eins og skattanefnd í þeirri sveit telur þau til tekjuskatts.
3. Ef maður er lögskráður á skip utan heimilissveitar að minsta kosti 3 mánuði af gjaldárinu samfleytt í sömu sveit og hefir fengið kaup, að minsta kosti 5000 kr., þar í talin hlunnindi þau, er getur um í 2. tölulið, reiknuð eins og þar segir.
4. Ef gjaldþegn flyst búferlum milli sveita eða á samtímis lögheimili í tveimur sveitum á gjaldárinu, en þó fær engin sveit hluta af útsvari, nema aðili hafi að minsta kosti átt þar heima 3 mánuði á gjaldárinu.
5. Ef erlend tryggingarfjelög hafa umboðsmenn á fleirum en einum stað hjer á landi, og skal þá skifta útsvari í hlutfalli við iðgjöld þess árs af tryggingum á hverjum stað.

10. gr.

Nú skal skifta útsvari eftir 9. gr. 1. tölul., og skal það þá gera með hliðsjón til eigna aðilja í atvinnusveit hans og hversu mikill hluti tekna hans sje þaðan fenginn. Ef svo er ástatt, sem í 9. gr. 2. og 3. tölul. getur, þá skal skifta útsvari með hliðsjón af því, hversu mikill hluti af tekjum gjaldþegns stafar frá atvinnu hans í atvinnusveit. Þó skal heimilissveit aðilja aldrei fá minna en $^1/_3$ hluta af útsvari hans.

Þegar svo er farið, sem í 9. gr. 4. tölul. segir, skal skifta útsvari í hlutfalli við þann tíma, er aðili hefir átt heima eða dvalist í hvorri eða hverri sveit.

11. gr.

Öllum þeim, er í 8. gr. a. og b. og 9. gr. segir, er skylt að senda sveitarstjórn í atvinnusveit eða dvalarsveit skýrslu um atvinnu sína þar og dvöl, eignir sínar þar og tekjur, atvinnutíma og dvalartíma o. s. frv., eftir því sem við á, þeim, er í 8. gr. getur, fyrir febrúarlok, en hinum áður en þeir hverfa aftur úr atvinnusveitinni.

Öllum þeim, er hafa í þjónustu sinni utansveitarmenn, er skylt að senda sveitarstjórn sinni fyrir hver áramót skrá yfir þá með þeim upplýsingum, er í 1. málsgr. getur. Atvinnumálaráðherra getur lagt dagsektir við, ef á brestur.

Atvinnumálaráðherra setur reglur um eyðublöð undir skýrslur þessar og annað, er að þessum atriðum lýtur, enda er honum heimilt að setja reglur um dagsektir, ef brestur verður á skýrslum.

12. gr.

Ef útsvör verða talin hlutfallslega hærri, svo að nemi 10% eða meira, í heimilissveit gjaldþegns en atvinnusveit, og útsvörum á að skifta milli þeirra, skal draga frá þeim hluta útsvara, er gjalda skal atvinnusveit, þá upphæð, sem ætla má, að aðili mundi minna hafa goldið, ef hann hefði átt heima í atvinnusveit, enda skal heimilissveit hans endurgjalda honum þá upphæð. Með samsvarandi hætti skal bæta við þann hluta, er greiða skal atvinnusveit, ef útsvör þar verða talin hlutfallslega hærri, svo að 10% eða meira nemi, en í heimilissveit, enda greiði aðili þá heimilissveit það, er á vantar. Sömu meðferð skal hafa, ef gjaldþegn flytst búferlum milli sveita eða á lögheimili víðar en í einni sveit, þó svo, að ef útsvör eru hærri í þeirri sveit, sem í er flutt, getur niðurjöfnunarnefnd þar jafnað útsvarsaukanum á gjaldþegn með aukaniðurjöfnun.

Finna skal, hvort útsvör verði talin hlutfallslega hærri eða lægri í einni sveit en annari, með því að leggja saman í hvorri sveit eða hverri hlutfallið milli skuldlausra eigna gjaldþegna sveitarinnar eftir síðasta skattframtali og útsvara þar, hlutfallið milli skattskyldra tekna þeirra og útsvara og hlutfallið milli gjaldendatölu sveitarinnar og útsvara og deila síðan með 3. Skera þær tölur, er þá koma fram, úr því, í hvorri sveit eða hverri sje hlutfallslega hærra eða hæst útsvar.

Atvinnumálaráðuneytið getur sett reglur til leiðbeiningar um þetta atriði, og er heimilt, ef það kemur í ljós, að fyrstnefnda hlutfallsins gætir of mikið, að draga úr gildi þess, með því að deila eignum samkvæmt skattframtali með tölu, er telst hæfileg, þó ekki hærri en 10.

13. gr.

Útsvar, sem ekki nemur meiru en 20 krónum, fellur altaf óskift til heimilissveitar gjaldþegns.

Ef upphæð sú, er greiða skyldi af einstöku útsvari, nemur ekki 5 krónum, þá fellur útsvar það óskift til heimilissveitar gjaldþegns.

14. gr.

Sveitarstjórn gerir um hver áramót skrár yfir þá gjaldþegna, er hún hyggur sig eiga að fá hluta af útsvörum þeirra frá annari sveit, ásamt upplýsingum um atvinnu hvers, kaup, tekjur og eignir þar í sveit, vinnutíma og dvalartíma o. s. frv. Sendir sveitarstjórn síðan skrárnar til viðkomandi sveitarstjórna. Sveitarstjórnir senda hver sína skrá að lokinni aðalniðurjöfnun til viðkomandi yfirskattanefndar með athugasemdum sínum, og skiftir hún síðan útsvörum innan tveggja mánaða, nema skifti verði að dragast lengur vegna nýrra upplýsinga.

Skjóta má þessum málum til atvinnumálaráðuneytisins, þar til landsyfirskattanefnd kynni að verða sett á stofn.

15. gr.

Sveit, þar sem á aðilja er lagt, greiðir atvinnusveit þann hluta af útsvörum, er henni ber, 2 mánuðum eftir að skifti á útsvörum hafa farið fram samkvæmt 14. gr. 1. málsgr., nema sannað sje með árangurslausu lögtaki eða með öðrum hætti, er atvinnumálaráðherra metur, ef ágreiningur verður, að útsvar sje ófáanlegt. Ef útsvar heimtist síðar, skal það af því gjalda, er eftir stóð.

IV. KAFLI.

Um niðurjöfnun útsvara.

16. gr.

Utan kaupstaða jafnar hreppsnefnd niður útsvörum.

Heimilt er sýslunefnd að ákveða þóknun fyrir niðurjöfnunarstörf í hreppum, þó ekki yfir 5 kr. á dag til hvers nefndarmanns. Þóknun þessi greiðist úr hreppssjóði.

17. gr.

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Formaður niðurjöfnunarnefndar í Reykjavík er skattstjóri, en í öðrum kaupstöðum formaður skattanefndar. Auk þess eiga sæti í nefndinni 4 menn, kosnir hlutbundnum kosningum af bæjarstjórn í nóvembermánuði ár hvert til eins árs í senn. Með sama hætti skal kjósa 4 til vara, er taki sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórna. Skylt er hverjum manni sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára, heilum og hraustum, konum jafnt sem körlum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskylt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri fyr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni.

Áður en niðurjöfnunarmaður tekur fyrsta skifti til starfa í nefndinni, vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og samviskusemi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

18. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skal eiga aðgang að framtölum manna til tekjuskatts og eignarskatts. Einnig er henni rjett að krefja aðilja skýrslna um sjerhvað það, er hún telur skifta máli um útsvar hans.

Alla þá, er veita öðrum atvinnu, svo og banka og sparisjóði, getur nefndin krafið skýrslna um kaup vinnuþiggjenda og innieign í sparisjóði eða banka. Stjórnarvöldum er skylt að veita nefndunum upplýsingar eftir þörfum og eftir föngum. Nú er skýrslu samkvæmt þessari málsgrein haldið fyrir nefndinni, og skal þá atvinnumálaráðherra, ef nefndin krefst þess, leggja fyrir aðilja, að viðlögðum dagsektum, að svara skýrslunni, ef ráðuneytið telur hann geta það og vera það skylt. Þessi atriði verða ekki borin undir dómstóla.

Niðurjöfnunarnefndarmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfa sins um efnahag gjaldþegna.

19. gr.

Nefndin gerir skrá yfir alla þá, er hún leggur útsvör á, í stafrófsröð eða eftir boðleið, og útsvarshæð fyrir aftan hvert nafn, enda skal nefndin undirrita skrána, þá er henni er lokið.

20. gr.

Niðurjöfnunarnefnd er ályktunarfær, ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Skylt er öllum nefndarmönnum að greiða atkvæði, nema mál varði sjálfa þá, maka þeirra, frændur þeirra að feðgatali eða niðja eða systkin og jafnnána að mægðum. Afl atkvæða ræður úrslitum. Nú eru atkvæði jöfn, og skal þá sá hlutinn ráða, sem formaður fylgir.

Hjón mega aldrei sitja saman í niðurjöfnunarnefnd nje foreldrar og börn.

21. gr.

Aðalniðurjöfnun útsvara fer fram á tímabilinu febrúar—maí, að báðum mánuðum meðtöldum, eftir nánari ákvörðun sýslunefnda og bæjarstjórna. Þó getur atvinnumálaráðuneytið heimilað hreppsnefnd, eftir beiðni hennar, að láta aðalniðurjöfnun útsvara fram fara síðar á árinu, ef ríkar ástæður mæla með því. Útsvarsskrá skal liggja frammi á þingstað hrepps eða öðrum hentugum stað í hreppnum, en í kaupstöðum í skrifstofu bæjargjaldkera eða öðrum hentugum stað, 4 vikur í hreppum og 2 vikur í kaupstöðum, enda skal auglýsa framlagning skrár í blöðum á staðnum eða með öðrum hætti.

22. gr.

Rjett er manni að finna að útsvari sínu eða að því, ef honum hefir verið slept af skrá, eða að útsvör annara manna sjeu of lág, samanborið við hans, eða að öðrum mönnum hafi verið slept af skrá. Kærur skulu brjeflegar vera, stílaðar til niðurjöfnunarnefndar og komnar í hendur formanni hennar áður liðinn er sá tími, er niðurjöfnunarskrá á að liggja frammi. Skal nefndin úrskurða kærur svo fljótt, sem unt er, og ekki síðar en 14 dögum eftir kærufrest. Nefnd er heimilt að breyta útsvörum bæði til hækkunar og lækkunar, enda hafi aðilja verið send tilkynning um það, að annar gjaldandi hafi borið sig saman við hann, eða að nefndin hafi í hyggju að hækka útsvar hans, enda þótt enginn gjaldenda hafi borið sig saman við hann. Ennfremur er heimilt að hækka útsvar kæranda, enda þótt hann hafi kært það til lækkunar, enda hafi honum verið sú fyrirætlun tilkynt og honum gefinn kostur á að gæta rjettar síns.

Nefndin skal jafnan, svo fljótt sem þess er kostur, senda aðilja tilkynning, ef hún tekur mann á skrá samkvæmt kæru eða breytir útsvari manns eða kæru hans er ekki sint.

Ef útsvari manns er breytt samkvæmt þessari grein, er honum

heimilt að kæra það fyrir yfirskattanefnd, enda þótt hann hafi ekki kært til hreppsnefndar eða niðurjöfnunarnefndar.

23. gr.

Nú vill maður ekki una úrskurði niðurjöfnunarnefndar, og er honum þá rjett að bera málið til úrskurðar fyrir viðkomandi yfirskattanefnd, enda sje kæra komin í hendur formanns yfirskattanefndar áður liðnar sjeu 4 vikur frá dagsetningu úrskurðar í hreppum og 2 vikur í kaupstöðum. Yfirskattanefnd úrskurðar kærur á næstu tveim vikum, frá lokum kærufrests talið, nema draga verði úrskurð af því að afla þurfi frekari upplýsinga. Niðurjöfnunarnefnd lætur yfirskattanefnd í tje útsvarsskrá eða eftirrit af henni. Fyrirmæli 18. og 22. gr. taka og til yfirskattanefndar, enda er hreppsnefnd og niðurjöfnunarnefnd skylt að veita yfirskattanefnd upplýsingar um útsvarsálagning sína eftir föngum.

Yfirskattanefnd fær þóknun fyrir störf sín samkvæmt þessum lögum, og skal reikna hana eftir lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þóknun greiðist úr sýslusjóði eða bæjarsjóði.

Ef ágreiningur verður um þóknun yfirskattanefndar, þá sker atvinnumálaráðherra úr.

24. gr.

Sá, er ekki vill hlíta úrskurði yfirskattanefndar, getur næstu 2 almanaksmánuði eftir dagsetning úrskurðar hennar skotið honum til atvinnumálaráðuneytisins, þar til sett kynni að verða á stofn landsyfirskattanefnd. Ráðuneytið skal venjulega hafa kveðið upp úrskurð sinn 2 mánuðum eptir lok kærufrests. Það hefir sama rjett til að krefjast upplýsinga sem yfirskattanefnd, en það breytir ekki útsvörum annara gjaldþegna en þeirra, sem yfirskattanefnd hefir kveðið upp úrskurð um útsvör þeirra.

Úrskurður ráðuneytisins er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

25. gr.

Aukaniðurjöfnun fer fram í lok júní, september og desember ár hvert. Sveitarstjórn getur vikið frá þessum ákvæðum eftir þörfum. Þá skal leggja útsvör á þá:

1. Er teknir skyldu hafa verið á aðalskrá, en hefir verið slept.
2. Er útsvarsskyldir hafa orðið síðan aðalniðurjöfnun fór fram og leggja skal á í þeim hreppi eða kaupstað.
3. Er flutst hafa búferlum á gjaldárinu, en eigi var lagt á þá útsvar í fyrri heimilissveit þeirra.

Skrá skal gera með sama hætti sem aðalskrá. Um framlagning hennar, kærur og úrskurði fer með sama hætti sem fyr segir um aðalniðurjöfnun.

26. gr.

Kærum, sem koma eftir kærufrest, verður ekki sint. Ekki má yfirskattanefnd eða atvinnumálaráðuneyti heldur breyta útsvari, nema svo reynist, að það hafi verið að minsta kosti 10% of hátt eða of lágt.

V. KAFLI.

Um gjalddaga útsvara, ábyrgð á þeim, innheimtu o. fl.

27. gr.

Gjalddagar útsvara eftir aðalniðurjöfnun skulu vera tveir. Í hreppum skal greiða annan helming útsvara 15. júlí, en hinn helminginn 15. október. Í kaupstöðum skal greiða annan helming útsvara fyrsta virkan dag næsta mánaðar eftir lok niðurjöfnunar, en hinn helminginn 1. september. Eigi getur gjaldandi vegna kæru eða áfrýjunar losast undan að greiða útsvarið á ákveðnum gjalddaga, en verði það fært niður, skal mismunurinn endurgreiddur honum. Nú er heimilað að jafna síðar niður en 15. júlí, sbr. 21. gr., og ákveður þá hreppsnefnd gjalddaga.

Eindagi útsvara eftir aukaniðurjöfnun fer eftir ákvörðun niðurjöfnunarnefndar, en má þó ekki síðar vera en 1. október, ef útsvar var lagt á fyrir þann dag, en ella ekki síðar en 31. desember.

Eindagi á öllu útsvari erlendis búsettra gjaldþegna (6. gr. B, 1—3) skal ávalt vera sá dagur, er útsvarsálagningu á þá er hverju sinni lokið.

28. gr.

Hjón ábyrgjast ekki hvort annars útsvar. Þó ábyrgist bóndi útsvar konu sinnar, er á hana var lagt áður en þau gengu að eigast. Ennfremur getur niðurjöfnunarnefnd kveðið svo á, að hjón skuli ábyrgjast annað fyrir bæði og bæði fyrir annað hvort annars útsvar, ef reynt hefir verið lögtak fyrir síðasta útsvari hjá því þeirra, er það var á lagt, án þess að það hafi að fullu verið goldið, enda búi hjón saman þegar niðurjöfnun fer fram.

29. gr.

Umboðsmaður erlends tryggingarfjelags ber ábyrgð á útsvari þess, eins og það væri sjálfs hans útsvar.

Atvinnuveitandi þeirra, er í 6. gr. B. 1. getur, ábyrgist sem sjálfs sín skuld útsvar slíkra manna, án tillits til þess, hvernig kaupgjaldi er varið, og er atvinnuveitanda heimilt að halda eftir alt að 10% af því kaupi, er hann geldur, enda sje honum tilkynt álagningin svo fljótt sem unt er.

Eignir erlendis búsetts atvinnurekanda, þær, er hann á hjer á landi, skulu vera að lögveði til tryggingar útsvari, sem lagt er á hann hjer á landi, næst á eftir sköttum, er á þeim kunna að hvíla til ríkissjóðs Íslands, enda má kyrsetja þær til tryggingar útsvarsgreiðslum, án þess að beiðandi þurfi að setja trygging, og halda kyrsetningarmáli til laga fyrir gestarjetti á kyrsetningarvarnarþingi.

30. gr.

Ef útsvar er ekki greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldþegn greiða hreppssjóði eða bæjarsjóði dráttarvöxtu af því, sem ógreitt er, $^1/_2$% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

31. gr.

Útsvör og dráttarvöxtu má taka lögtaki.

VI. KAFLI.

Ákvæði til bráðabirgða. Niðurlagsákvæði.

32. gr.

Tímabilið frá fardögum 1926 til ársloka 1927 telst eitt reikningsár.

Utan kaupstaða gerir hreppsnefnd áætlun samkvæmt 2. gr. fyrir reikningsárið frá fardögum 1926 til ársloka 1927 í októbermánuði 1926, enda er henni þá rjett að jafna niður, með gjalddaga 31. desember næsta á eftir, þeim hluta af ákveðinni útsvarsupphæð, er hún telur þurfa til greiðslu hreppsgjalda, þar til útsvör, sem jafnað verður niður með aðalniðurjöfnun 1927, taka að gjaldast.

Ef útsvör áætlunar þeirrar, sem gerð er í október 1926, þurfa að vera hærri en samtala útsvara hreppsins þrjú síðustu reikningsárin, að fimtungi viðbættum og deilt með 2, þá þarf samþykki sýslunefndar.

33. gr.

Í kaupstöðum, þar sem aðalniðurjöfnun útsvara skal lúka fyrir nóvembermánaðarlok eftir gildandi lögum, má jafna niður fyrir næsta nýár $^{1}/_{3}$ af upphæð útsvara kaupstaðarins, svo sem þau hafa verið ákveðin í áætlun hans fyrir 1927, enda sje gjalddagi 31. desember 1926.

34. gr.

Um kærur yfir útsvörum, sem lögð hafa verið á árið 1926, fer eftir eldri lögum.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927. Frá sama tíma eru úr gildi numin þessi lagafyrirmæli:

Tilsk. 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 18. gr. 2. og 3. málsgr., 19. gr. 1. málsl., 21. gr., 23. gr. 2.—5. málsgr. og 24. gr.

Lög nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, 18. gr., 21. gr., það sem enn er af henni í gildi, 22. og 23. gr.

Lög nr. 43, 10. nóv. 1905 (sveitarstjórnarlög) 35. gr., 37. gr. 2. málsgr. og 38.—44. gr.

Lög nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 19. og 21.—24. gr.

Lög nr. 48, 10. nóv. 1913, um breyting og viðauka við lög 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 2. og 3. gr.

Lög nr. 49, 30. nóv. 1914, um breyting á tilsk. 20. apr. 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 6. og 9. gr.

Lög nr. 65, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 22. 8. okt. 1883,

um bæjarstjórn á Akureyri, og lögum nr. 43, 11. júlí 1911, um breyting á þeim lögum, 10.—12. gr.

Lög nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 18. gr. 1. og 2. málsgr., 19.—22. gr. og 23. gr., að því leyti sem hún varðar útsvör.

Lög nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 20. gr. 1.—2. málsgr., 21.—24. gr. og 25. gr., að því leyti sem hún varðar útsvör.

Lög nr. 58, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 18.—24. gr.

Lög nr. 61, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 15. og 17.—21. gr.

Lög nr. 47, 27. júní 1921, um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Lög nr. 49, 27. júní 1921, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði, 2. gr.

Lög nr. 65, 27. júní 1921, um breyting á lögum nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Lög nr. 25, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Lög nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905, 1. gr.

Lög nr. 26, 4. júní 1924, um viðauka við lög nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Lög nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, 1. og 12. gr., að því leyti sem þær varða útsvör, og 7.—11. gr.

Lög nr. 46, 4. júní 1924, um útsvarsálagning erlendra vátryggingarfjelaga.

Svo og öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við lög þessi.

Nd. **588. Lög**

um verðtoll á nokkrum vörum.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí).

1. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Alla reikninga um vörur, er um ræðir í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, svo og reikninga um fólksflutningabifreiðar, skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, og skulu

allir slíkir reikningar stimplast með 10% af innkaupsverði þeirra vara, nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

A. Með 20% stimplast eftirtaldar vörur: Flugeldar og flugeldaefni. Gimsteinar og hverskonar skrautgripir. Glysvarningur og leikföng allskonar. Gullsmíðis- og silfursmíðisvörur. Jólatrjesskraut. Kaffibætisefni. Lakkskór. Loðskinn og fatnaður úr þeim. Plettvörur. Silki og silkivarningur. Silkihattar. Silkiskór og flosskór. Skrautfjaðrir. Sólhlífar. Veggmyndir.

B. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur þær, er nú skal greina: Asbestþráður, Áttavitar. Ávextir, nýir. Baðmullartvinni. Bambus. Bast. Bifreiða- og hjólhestadekk og slöngur. Blaðgull til gyllingar. Blautsápa. Boltar og rær. Botnvörpur. Botnvörpugarn. Brennisteinssýrur. Bronce. Burstar og sópar. Bæs. Dynamit. Dælur. Efni og áhöld til logsuðu og logskurðar. Efni til gasframleiðslu. Efni til bókbands. Eldavjela- og ofnhlutar. Flöskumiðar og tappar. Garn allskonar. Ger. Gerduft. Gibslistar. Gleraugu. Glóðarlampar. Gluggajárn. Grænmeti, nýtt. Gúmmíhælar og sólar. Hagldabrauð og tvíbökur. Hellulitur. Heygrímur. Heymælar. Hjólnafir. Hljóðfæri, nema grammófónar og grammófónplötur. Hnoð. Hunang. Hurðarhandföng. Húsgagnafjaðrir og keðjubotnar í rúm. Húsnúmer. Hvalur. Hvítmálmur. Karbolin. Kátsjúk (óunnið). Keðjulásar. Kensluáhöld. Kítti. Kolsýra. Kondensatorþráður. Kopar. Koparrör. Lamir. Lampaglös. Lampakveikir. Lásar. Látún. Leður og skinn (sútað). Leðurlíking. Ljósker. Lofthanar. Loftskeytatæki. Lyfjavörur. Lyklar og skrár. Læknistæki. Lökk. Málning. Meðalalýsi. Mottur til umbúða. Myndamót. Nauðsynjar við listmálningu. Nálar. Niðursoðin mjólk. Olíuhanar. Olíulampar. Ostahleypir. Pakkalitir. Pottar. Prentletur. Prentsverta. Prjónar. Prjónavjelar. Pönnur. Rafmagnstæki og mælar. Ratin. Reikningsspjöld. Reikningsvjelar. Ritvjelar. Fjölritar. Talningavjelar. Röntgentæki. Sáraumbúðir. Saumavjelar. Seglgarn. Síldarkrydd. Sink. Skipsbrauð. Skotfæri. Skólanauðsynjar. Skriðmælar. Skrifbækur. Skrúfur. Smíðatól. Smjörlíki. Sporvagnar. Stoppefni í húsgögn. Svínafeiti. Terpentína. Talsíma- og ritsímatæki. Trjelím. Trjeskór og klossar. Tvinni. Ullarkambar. Varahlutar til viðgerðar á vjelum og áhöldum, sem undanþegin eru verðtolli. Vatnshanar. Vaxdúkar. Vefjarskeiðar. Veggalmanök. Veggfóður. Viðhafnarlaus skófatnaður úr skinni og gúmmí. Viðboðstæki. Vír úr járni og kopar. Vitatæki og ljósmerkjatæki, og efni til þeirra. Vjelaeinangrunarefni. Vjelareimar. Vjelavaselin. Vjelaþjettingar. Vogir og lóð. Vörpukeðjur. Þurkefni. Þvottaefni.

Ennfremur er stjórninni heimilt að undanskilja þessum tolli þær efnivörur, sem innlend iðnaðarfyrirtæki sanna fyrir henni, að þau noti til starfrækslu sinnar, svo og allar vjelar til iðnaðar og framleiðslu.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ákvæði 4. til 15. greinar laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga. Ráð-

herra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um innheimtuna, um greiðslu stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem eru sendar til landsins í pósti, og annað, er snertir framkvæmd laganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1927 og gilda til 1. jan. 1929.

Nd. **589. Lög**

um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til virkjunar Dynjandisár og annara fallvatna í Arnarfirði o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita hlutafjelögunum Dansk-islandsk Anlægsselskab í Kaupmannahöfn og Islands Salt- & kemiske Fabrikker í Reykjavík sjerleyfi til:

1. Að virkja Dynjandisá, Sviná, Mjólkurárnar og Hofsá í Arnarfirði. Leyfið felur í sjer heimild til að gera vatnsmiðlunarvirki í ám þessum og lækjum eða vötnum, er þær eru í sambandi við eða heppilegt þykir að miðla vatni í vegna fyrirtækja þeirra, er í lögum þessum getur, þar á meðal hækka eða lækka vatnsbotn eða farveg, gera vatnsrásir ofan jarðar eða neðan eftir þörfum, þar á meðal brottrás handa vatni frá orkuveri, sbr. 2. tölul., og yfir höfuð að fara með vatnið eftir því, sem nauðsyn krefur til að ná úr því orku þess, og svo sem samrýmast má landslögum. Gert er ráð fyrir, að virkjaðar verði alt að 40 þúsund hestorkum.
2. Að reisa orkuver í Arnarfirði, í því skyni að breyta vatnsorku þeirri, sem í 1. tölul. segir, í raforku, og starfrækja það eða þau.
3. Að leiða raforku frá orkuveri eða orkuverum þeim, er í 2. tölul. greinir, til Önundarfjarðar um þá staði og með þeim hætti, er best þykir henta, til afnota í iðjuveri eða iðjuverum þeim, er í 4. tölul. getur.
4. Að reisa iðjuver í Önundarfirði til málmbræðslu, leirbrenslu, saltpjetursvinslu eða til annarar iðju eða hagnýtingar efna úr námum þeim, er ofannefnd fjelög hafa nú heimild á tekið, eða kunna síðar að eignast, og vinna má með orku þeirri, er lög þessi greina.
5. Að gera vegi eða önnur samgöngutæki frá iðjuveri eða iðjuverum til sjávar og þangað, sem námur fjelaganna eru, svo og til að gera höfn, bryggjur eða skipalægi, eftir því sem nauðsyn krefur til starfrækslu iðjuvera eða náma.
6. Að taka lögnámi land og rjettindi yfir landi eða netlögum, svo og að leggja kvaðir á land eða netlög, að því leyti sem nauðsynlegt er til að

koma fyrirtækjum þessum í framkvæmd, sem í 1.—5. tölul. segir, enda komi fult endurgjald fyrir.

2. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa varnarþing á Íslandi, enda hafi hann hjer búsettan umboðsmann, er birta megi stefnu og svari til saka fyrir dómi í málum á hendur leyfishafa, en að minsta kosti tveir fimtu hlutar stjórnarmanna skulu vera búsettir á Íslandi.

3. gr.

Ekki má framselja sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ráðherra komi til, enda fullnægi nýr leyfishafi skilyrðum 2. gr.

4. gr.

Sjerleyfistími má vera alt að 60 árum.

5. gr.

Sjerleyfishafi skal vera undanþeginn eignarskatti, tekjuskatti til ríkissjóðs, útsvari og hærra útflutningsgjaldi en nú er, eða öðrum samskonar gjöldum, er á kunna að verða lögð. Í stað þess skal hann gjalda af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum 3 krónur árlega af hverri nýttri hestorku fyrstu 3 árin, en síðan 5 krónur árlega af hverri nýttri hestorku. Gjald þetta skiftist þannig milli ríkissjóðs og sveitarsjóðs, að ríkissjóður hlýtur tvo þriðju hluta, en sveitarsjóður þriðjung. Ef fyrirtækið er útsvarsskylt í fleirum en einum hreppi, skiftist sveitarsjóðshlutinn milli þeirra í hlutfalli við fólksfjölda.

Sú raforka, sem seld er til almennings samkvæmt sjerleyfislögum, skal þó undanþegin þessu árgjaldi.

6. gr.

Um sölu á raforku til almennings fer eftir sjerleyfislögum, og skal þó verð árshestorkunnar ekki fara fram úr 50 krónum.

7. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa byrjað á mannvirkjum þeim, sem í 1. gr. segir, innan 4 ára frá dagsetningu sjerleyfis og hafa lokið þeim innan 9 ára frá sama tíma. Ráðherra getur framlengt fresti þessa um alt að 1 ári hvorn.

8. gr.

Rjettindi og skyldur sjerleyfishafa og skifti hans og ríkisstjórnar fara samkvæmt landslögum, þ. á. m. sjerleyfislögum, að svo miklu leyti, sem ekki er um mælt í lögum þessum. Nú skilur aðilja á um það, hvort atriði skuli sæta úrlausn eftir þessum lögum eða landslögum, og skal þá hæstirjettur einn dæma það mál. Sjerleyfisdómur samkvæmt sjerleyfislögum sker annars úr, ef ágreiningur verður um efndir á ákvæðum sjerleyfisins, með þeim hætti, sem í sjerleyfislögum greinir.

9. gr.

Nú er heimild sú, er felst í lögum þessum, ekki notuð innan ársloka 1928, og falla þá lögin úr gildi.

Nd. **590. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 7, 4. maí 1922 [*Seðlaútgáfa*].

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir »1927« komi: 1928.
2. Við 3. gr. Greinin skal falla niður. Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Nd. **591. Nefndarálit**

um frv. til laga um friðun Þingvalla.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta kom ekki fram fyr en æðimikið var liðið á þingtímann. Nefndin hefir engu að síður athugað frv. rækilega og meðal annars farið til Þingvalla, til þess að athuga með eigin augum svæði það, sem lagt er til að friðað verði. Auk þess hefir nefndin átt ítarlegt tal um frv. við Þingvallanefndarmennina Geir G. Zoëga vegamálastjóra og Guðjón Samúelsson húsameistara, og staðarhaldarann á Þingvöllum, sjera Guðmund Einarsson.

Nefndin getur fallist á till. Þingvallanefndar samkv. 1. gr. frv., að öðru leyti en því, að hún vill þó undanskilja Hestagjá og spildu vestan Öxarár fyrir sunnan línu, sem dregin er úr austurmynni Hestagjár að Öxará sunnanvert við Rangæingabúð.

Þá vill nefndin og undanskilja svonefndar Leirur, sem er graslendi og slægjuland, og verði friðunarsvæðið girt samkv. till. Þingvallanefndar, leggur nefndin áherslu á, að girðingum verði hagað þannig, að eigi sje girt fyrir Leirurnar að austanverðu, svo að altaf sje þeim megin frjáls aðgangur að þeim. Meiri hluti nefndarinnar vill láta það koma skýrt fram, að hann er algerlega mótfallinn því, að framleiðslumöguleikar og afnotarjettur Þingvallajarðanna sje skertur fram yfir það, sem hjer er gert ráð fyrir.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir samkomulagi við ábúandann á Þingvöllum um afsal afnotarjettar yfir þessu greinda svæði, eða eignarnámi, ef samkomulag fæst ekki. Eftir samtali, sem nefndin átti við staðarhaldarann á Þingvöllum, telur hún víst, að samkomulag fáist við hann, gegn einhverri smávægilegri þóknun. Vill nefndin skjóta því til hæstvirtrar stjórnar, að hún vinni að þessu til næsta

þings, og í fullu trausti þess að samkomulag náist, sjer nefndin ekki ástæðu til að mæla með frv. að þessu sinni.

Jón Baldvinsson og Pjetur Þórðarson hafa nokkra sjerstöðu í málinu.

Alþingi, 14. maí 1926.

Jón Kjartansson, form. Árni Jónsson, fundaskrif. og frsm.

Pjetur Þórðarson. Jón Baldvinsson. Pjetur Ottesen.

Nd. **592. Þingsályktun**

um launauppbót símamanna.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að greiða símamönnum í þjónustu landssímans jafnháa launauppbót á árinu 1926 eins og þeim er ætluð í fjárlögum fyrir árið 1927.

Nd. **593. Þingsályktun**

um að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um rjett erlendra manna til þess að leita sjer atvinnu á Íslandi.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa fyrir næsta þing löggjöf um rjett erlendra manna til þess að leita sjer atvinnu á Íslandi.

Nd. **594. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 7, 4. maí 1922 [*Seðlaútgáfa*].

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Fyrir »skal hann greiða gjald, sem er 2% undir forvöxtum hans« í annari málsgr. 1. gr. laganna kemur: skal hann greiða 2%.

Sþ. **595. Tillaga**

til þingsályktunar um að skora á ríkisstjórnina að fjölga mönnum í hinni dansk-íslensku ráðgjafarnefnd.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að breyta tilskipun nr. 10, 28. maí 1919, um tilhögun og starfsemi hinnar dansk-íslensku ráðgjafarnefndar, í þá átt, að af Íslands hálfu verði skipaðir 4 menn í nefndina, einn maður úr hverjum hinna fjögurra flokka þingsins.

Greinargerð.

Flutningsmanni er kunnugt um, að ríkisstjórn og Ríkisþing í Danmörku æskir þess, að ráðgjafarnefndin verði skipuð fjórum mönnum frá hvoru landi um sig. Og þar sem þetta kemur heim við flokkaskipun hjer á landi, þannig, að hver flokkanna getur haft sinn fulltrúa í nefndinni, þykir rjett að bera fram ályktun um það á Alþingi.

Ed. **596. Lög**

um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

1. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að veita fjelagi, er stofnað kann að verða í því skyni og hefir heimili og varnarþing í Reykjavík, einkaleyfi til stofnunar íslensks happdrættis (lotteri) með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a) Happdrætti hvers árs skiftist í tvo flokka, sem eru hvor öðrum óháðir, og eru jafnmargir drættir í hvorum. Hlutatalan má ekki vera meiri en 15000 í hvorum flokki. Í hvorum flokki mega ekki vera fleiri en 5 drættir.

b) Iðgjald til hvors flokks fyrir heilan hlut skal vera 200 íslenskar krónur, og eru 10% af því skattur til ríkisins. Þegar seldir eru yfir 5000 seðlar, upp að 10000, greiðast af þeim seðlum 5% að auki af því, sem eftir er, en vinningar skulu þó vera hinir sömu (70%).

Þegar selst hafa 10000 seðlar, upp í 15000, skal aukagjaldið af síðustu 5000 seðlunum vera 10% (vinningar 70% eins og áður). Hlutina má selja bæði í heilu lagi og sundurskifta. Þó má ekki skifta í smærri hluta en áttundir.

c) Í hvorum flokki happdrættisins eiga vinningarnir að nema 70% af iðgjöldunum samantöldum fyrir alla hlutana í flokknum, að frádregnum 10% skatti til ríkisins.

Fjárhæð vinninganna skal skifta niður eftir áætlun, sem er samþykt af ráðuneytinu, og skal þar einnig ákveðin hlutatalan, hvenær dregið skuli og reglur um auglýsing um úrslit dráttanna, hvenær vinningarnir verði greiddir af hendi og um missi vinninga, sem ekki er vitjað í tæka tíð.

Vinningarnir eru greiddir af hendi affallalaust í íslenskum krónum.

Vinningar, sem ekki er krafist borgunar á í tæka tíð, renna til ríkisins.

d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík, og skal happdrættinu stjórnað þaðan, undir eftirliti nefndar, er ráðuneytið skipar til þess. Skulu í henni sitja 5 menn, og skal að minsta kosti 1 nefndarmanna vera lögfræðingur, sem gengur er í æðri dómstóla. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, hvort sem er meðan drátturr fer fram eða eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með happdrættinu. Kostnaðinn af þessu ber happdrættið.

e) Einkaleyfið til að reka happdrættið má veita um alt að því 15 ár, frá 1. okt. 1926 að telja.

Einkaleyfishafarnir geta notað leyfið sjálfir og, að fengnu samþykki ráðuneytisins, selt það á leigu eða fengið það í hendur hlutafjelagi, en þeir hafa fyrirgert rjetti sínum, ef happdrættið er ekki tekið til starfa 1. mars 1927, og ef þeir gegna ekki skyldu sinni með greiðslu gjalda þeirra, er þeir eiga að inna af hendi til ríkissjóðs samkvæmt leyfisbrjefinu, eða ef reglugerð sú, sem samþykt er fyrir happdrættið, er brotin af þeirra hálfu. Skal ráðuneytinu þá heimilt að selja einkaleyfið öðrum í hendur.

f) Gjald það, sem einkaleyfishafar greiða í ríkissjóð samkvæmt b-lið, skal aldrei nema minna en kr. 50000,00 á missiri.

g) Til tryggingar fyrir fullnægingu skuldbindinga þeirra, sem á einkaleyfishöfum liggja, skal, áður en happdrættið megi taka til starfa, mynda tryggingarsjóð, er hafi að geyma örugg verðbrjef, sem nemi helmingnum af samantaldri fjárhæð vinninganna í hvorum flokki. Tryggingarsjóðurinn skal geymdur í Landsbanka Íslands.

Skerðist tryggingarsjóðurinn fyrir sakir áfallandi fjártjóns, eru leyfishafarnir skyldir, áður en næsti drátturr fer fram, að fylla upp í skarðið, svo að sjóðurinn nemi áskildri fjárhæð, eða setja bankatrygging fyrir því, sem á vantar, er ráðuneytið tekur gilda.

Ráðuneytið hefir eftirlit með og ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs, að trygging sú, sem hjer ræðir um, sje til. Þá skulu leyfishafar og, áður en happdrættið tekur til starfa, setja ríkissjóði trygging, sem ráðuneytið tekur gilda, fyrir því, að þeir greiði ríkissjóði skilvíslega áskilið gjald samkvæmt f-lið greinar þessarar, en ekki þarf trygging sú að fara fram úr lágmarki missirisgjalds.

h) Ráðuneytið setur nánari ákvæði um fyrirkomulag happdrættisins.

2. gr.

Meðan einkaleyfi það til happdrættis, sem veitt er samkvæmt lögum þessum, er í gildi, má ekki setja á stofn neitt peningahappdrætti fyrir Ísland nje leggja þar á það stimpilgjald.

Um sama tímabil skal það og, að viðlögðum 200 til 2000 kr. sektum til ríkissjóðs, vera bannað að versla með eða selja á Íslandi hluti fyrir happdrætti utanríkis eða hafa þar á hendi nokkur störf þar að lútandi.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **597. Lög**

um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

1. gr.

Við 1. gr. 1. Orðin »kornvörum«, steinolíu« falli burt. Aftan við »krít« bætist: sóda.

Við 1. gr. 2. Aftan við »tunnuhlutum« bætist: nema síldartunnum og kjöttunnum og tilsniðnu efni í þær. Á eftir »bifvjelum (mótorum), heilum og í hlutum« komi: rafmagnsvökum, vatnshreyfivjelum.

Við 1. gr. 4. a. Liðurinn orðist þannig:

Af salti 1 kr. af hverri smálest.

Við 1. gr. 4. b. Liðurinn orðist þannig:

Af kolum 1 kr. af hverri smálest.

Aftan við bætist nýr stafliður, c:

Af steinolíu 15 aura af hverjum 50 kg.

Málsgreinin »Kolatoll . . . . . eru í gildi« fellur niður.

Aftan við orðin »endursendar umbúðir« í niðurlagi 1. málsl. næstsíðustu málsgr. 1. gr. bætist: síldartunnur og kjöttunnur og tilsniðið efni í þær, þar á meðal gjarðaefni, ennfremur kornvörur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa fengið staðfesting, skal fella texta þeirra og laga nr. 32, 27. júní 1925, inn í meginmál laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, raða upptalningunum í 1. gr. 1. og 1. gr. 2. eftir stafrófsröð og gefa þau út svo breytt.

Ed. **598. Lög**

um sölu á síld o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

1. gr.

Ef eigi færri en 20 þeirra manna, er á síðastliðnu ári ljetu salta eða krydda síld til útflutnings, eða gerðu skip út á síldveiðar, eða ætla að stunda slíka atvinnu á yfirstandandi ári og leggja fram gögn fyrir, stofna fjelag í þeim tilgangi að sjá um hagkvæmari sölu síldar á erlendum markaði, þá er ráðherra heimilt að veita slíku fjelagi einkasölu á síld til útflutnings, enda samþykki ráðherra lög fjelagsins.

2. gr.

Þegar fullnægt er skilyrðum 1. gr., er öllum, sem salta eða krydda síld til útflutnings, skylt að láta fjelagið sjá um söluna, enda er þá og óheimilt að salta eða krydda síld til útflutnings í skipum í landhelgi.

3. gr.

Allir, sem gera út skip á síldveiðar, eða fást við að salta eða krydda síld til útflutnings, eiga rjett til að verða fjelagsmenn.

4. gr.

Öll síld, sem fjelagsstjórnin selur, skal seld fyrir sameiginlegan reikning, þannig að árlega fær hver eigandi síldar sama verð fyrir samskonar vöru að gæðum.

5. gr.

Að fengnum tillögum fjelagsstjórnarinnar, setur ráðherra með reglugerð eða reglugerðum nánari ákvæði um síldarsöluna, greiðslu andvirðis síldarinnar og alt annað, sem að framkvæmdum lýtur í þessu efni, eftir því sem þurfa þykir.

Heimilt er fjelagsstjórninni að banna að salta eða krydda síld til útflutnings frá 15. mars til 25. júlí ár hvert, enda skal bannið auglýst með að minsta kosti mánaðar fyrirvara.

6. gr.

Fjelagsstjórninni er heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn, hve mikla síld megi krydda og salta til útflutnings. Einnig er fjelagsstjórninni heimilt að selja innanlands þá síld, er hún telur eigi tilvinnandi að flytja út.

7. gr.

Allur kostnaður, sem er samfara síldarsölunni, greiðist af andvirði síldarinnar, og má setja nánari ákvæði um þetta í reglugerð.

8. gr.

Stjórn fjelagsins skal skylt að gera árlega tilraunir til þess að útvega nýjan markað fyrir síld, og skal í þessu skyni selja utan Norðurlanda alt að 5% af útfluttri síld á ári hverju, þótt fyrir lægra verð sje en fáanlegt er á venjulegum markaðsstöðum.

Nú þykir þörf á að reyna nýja meðferð síldar til útflutnings á nýja markaði, og getur þá fjelagsstjórnin látið framkvæma þetta á kostnað fjelagsins.

9. gr.

Heimili fjelagsins og varnarþing skal vera á Akureyri, og þar skal að minsta kosti einn maður úr stjórn fjelagsins vera búsettur.

10. gr.

Fjelagið er ekki útsvarsskylt, enda greiðir það síldareigendum árlega alt andvirði síldar, að frádregnum kostnaði.

11. gr.

Stjórn fjelagsins skipa 3 menn, og skifta þeir með sjer verkum og ráða sjer aðstoð eftir því, sem þeir telja nauðsynlegt.

12. gr.

Í fyrsta skifti skipar ráðherra stjórn fjelagsins. Hún skal skipuð til 4 ára, þannig að 1 fer frá eftir 2 ár, eftir hlutkesti, er bæjarfógetinn á Akureyri sjer um, og 1 eftir 3 ár með sama hætti. Fjelagið velur mann eða menn í stjórn í stað þeirra, er úr ganga, á þann hátt, sem lög fjelagsins mæla fyrir.

13. gr.

Ráðherra ákveður árlega þóknun til þeirra manna, er hann skipar, en aðalfundur fjelagsins þóknun þeirra, er fjelagið skipar.

14. gr.

Fjelagið skal árlega halda aðalfund í apríl eða maí og aukafundi þegar stjórnin ákveður. Á aðalfundi ár hvert skal leggja fram til úrskurðar endurskoðaða reikninga fyrir síðastliðið ár.

Á fundum fjelagsins hafa þeir einir atkvæðisrjett, sem eru fjelagsmenn. Enginn fjelagsmaður hefir þó atkvæðisrjett nema fjelagið hafi fyrir hans hönd selt minst 200 tunnur síldar af framleiðslu næsta árs á undan, og enginn getur átt fleiri atkvæði en 25. Annars fylgir eitt atkvæði hverjum 200 tunnum, en minni tölu er slept.

15. gr.

Meðan meiri hluti fjelagsstjórnarinnar er skipaður af ráðherra, velur í fyrsta skifti stofnfundur, en síðan aðalfundur, 2 endurskoðunarmenn reikninga fjelagsins, en eftir að meiri hluti stjórnarinnar er valinn af fjelaginu, til-

nefnir ráðherra 2 endurskoðunarmenn til 2 ára í senn og ákveður þóknun þeirra.

16. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 1000—100000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **599. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

1. gr.

Ráðuneytinu er heimilað að veita hlutafjelagi, sem stofnað kann að verða í því skyni, hlunnindi handa banka, er fjelagið stofnar í Reykjavík, þau er hjer segir:

a. Ef viðurkenning fyrir innláni glatast, getur bankinn kallað handhafa hennar með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar í blaði því, er flytur stjórnvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fyrirvara að gefa sig fram við bankann, og ef enginn hefir gefið sig fram áður en tjeður frestur er liðinn, þá má bankinn greiða upphæðina þeim, sem viðurkenninguna hefir fengið frá bankanum, án þess nokkur annar, sem viðurkenningin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur bankanum.
b. Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanskilið kyrrsetningu og löghaldi.
c. Bankinn hefir sem handveðshafi rjett til þess að selja sjálfur veðið við opinbert uppboð, en að öðru leyti samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum um veð, 4. nóv. 1887, 1. gr.
d. Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs eða annara stofnana. Í þess stað skal bankinn gjalda í ríkissjóð hluta af hreinum ársarði sínum, sem ákveðst þannig:

Frá ársarðinum dragist fyrst hæfileg fjárhæð til afskriftar af væntanlegu bankahúsi og innanstokksmunum, þar næst beint áfallið tap bankans, enda samþykki eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum afskriftirnar, og síðast 10% af ársarðinum til varasjóðs og 5% af hlutafjárupphæðinni til hluthafaarðs.

Af því, sem fram yfir er, greiðist ríkissjóði:
5% af fyrstu 100 þús. kr.
10% af næstu 100 þús. kr.
25% af afganginum.

Hlunnindin samkvæmt lögum þessum haldast þann tíma, sem nú er eftir af hlunnindatíma Íslandsbanka samkvæmt lögum nr. 11, 7. júní 1902, og auglýsingu nr. 48, 25. nóv. 1903. Að þeim tíma liðnum nýtur bankinn bestu kjara, sem veitt kunna að verða einkabanka.

e. Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem útgefast af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar, hlutabrjef bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

2. gr.

Hlunnindi þau, sem ræðir um í 1. gr., ná einnig til útibúa þeirra, sem bankinn kann að setja á stofn.

3. gr.

Hlunnindi þau, sem í 1. gr., sbr. 2. gr., segir, eru þessum skilyrðum bundin:

a. Hlutafje bankans má eigi vera minna en 2 miljónir og eigi meira en 6 miljónir króna, og skulu að minsta kosti 55% hlutafjárins boðin út innanlands í þrjá mánuði eftir að lögin öðlast gildi. Meiri hluti bankastjórnar (bankaráðs) sje Íslendingar, búsettir á Íslandi.
b. Bankinn skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík.
c. Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo af þrem endurskoðendum bankans.
d. Bankinn skal jafnan hafa í auðseldum innlendum verðbrjefum, er ráðherra tekur gild, sem svarar minst 10% af innlánsfje því, er hann hefir hverju sinni, til tryggingar því.
e. Reikninga bankans skal birta opinberlega á þann hátt, sem leyfisbrjef segir til.
f. Bankinn má ekki lána fje gegn tryggingu í hlutabrjefum sjálfs sín.
g. Bankinn skal taka til starfa fyrir árslok 1927.
h. Ráðuneytið getur sett bankanum frekari skilyrði í leyfisbrjefinu, ef þörf þykir, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **600. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um þúsund ára hátíð Alþingis.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Fyrir »6 manna .... sem gerið komi: 4 menn með hlutfallskosningu til viðbótar núverandi Þingvallanefnd, og geri nefndin svo skipuð.

Nd. **601. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 7, 4. maí 1922 [*Seðlaútgáfa*].

I. Frá *Tryggva Þórhallssyni.*
Við 2. gr. Orðin í niðurlaginu »og má verja því« — og til enda greinarinnar — falli burt.

II. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 3. gr. Fyrir »skylt að draga neina seðla úr umferð« komi: skylt að draga inn nema ½ miljón króna.

Nd. **602. Lög**

um breytingar á og viðauka við lög nr. 7, 4. maí 1922 *[Seðlaútgáfa].*

(Afgreidd frá Nd. 14. maí).

1. gr.

Fyrir »1923« í 1. gr. laganna kemur: 1927.

2. gr.

Gjald það, er Landsbankanum ber að greiða ríkissjóði samkvæmt 1. gr. laganna, skal frá ársbyrjun 1926 að telja lagt á sjerstakan reikning í Landsbankanum, og má verja því eftir ákvörðun ráðherra til þess að bæta Landsbankanum halla, er hann kann að verða fyrir frá sama tíma af gengisbreytingum íslenskrar krónu.

3. gr.

Ákvæði 2. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl., skulu breytast þannig, að því er snertir inndrátt seðla Íslandsbanka, að á árinu 1926 skal honum eigi vera skylt að draga neina seðla úr umferð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **603. Þingsályktun**

um rannsókn veiðivatna.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

Alþingi ályktar að heimila stjórninni að verja úr ríkissjóði á yfirstandandi ári alt að 3000 krónum upp í ferðakostnað dr. F. K. Reinsch frá Vínarborg, til framhaldsrannsókna á veiðiám og veiðivötnum.

Þskj. 604. Nefndaskipun 1926.

1.

Fastanefndir.

(16. gr. laga nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis).

A.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Björn Kristjánsson, formaður.
Jónas Jónsson.
Jóhann Jósefsson, fundaskrifari.
Gunnar Ólafsson.
Ingvar Pálmason.

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um aldurstryggingu (32*, n. 201).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
2. Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út ný bankavaxtabrjef (20, n. 97 og 378 (framhaldsnál.)).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919 [Yfirsetukvennalög] (54, n. 213).
   Frsm.: Gunnar Ólafsson.
4. Till. til þál. um heimild til tilfærslu á veðrjetti ríkissjóðs í togurum h/f Kára (89, n. 176 (meiri hl.) og 203 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
   Frsm. minni hl.: Ingvar Pálmason.
5. Frv. til laga um gróðaskatt (101, n. 397 (minni hl.) og 471 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
6. Frv. til laga um afnám gengisviðauka á vörutolli (151, n. 224).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.

---

*) Tölurnar innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n.) hlutu. Sama er um þau mál, er nefndirnar flytja.

7. Frv. til laga um byggingar- og landnámssjóð (102, n. 476 (meiri hl.) og 530 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Gunnar Ólafsson.
   Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
8. Frv. til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland (383, n. 527 (meiri hl.) og 569 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Björn Kristjánsson.
   Frsm. minni hl.: Ingvar Pálmason.
9. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1924 (384, n. 477).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
10. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1924 (4, n. 478).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
11. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík (407, n. 571).
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
   Frsm. minni hl.: Ingvar Pálmason.
12. Frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til virkjunar Dynjandisár og annara fallvatna í Arnarfirði o. fl. (440, n. 500).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
13. Frv. til laga um verðtoll á nokkrum vörum (450, n. 539).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
